

**Fornleifaskráning í Árneshreppi II:  
Fornleifar frá Kolbeinsvík til Kjörvogs og frá  
Seljanesi til Skjaldarbjarnarvíkur**



Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson



Fornleifastofnun Íslands  
FS260-02053  
Reykjavík  
2005

*Forsíðumynd er af túninu í Drangavík. Ljósmyndari: Uggi Ævarsson*

© *Fornleifastofnun Íslands*  
*Bárugötu 3*  
*101 Reykjavík*

*Sími: 551 1033*  
*Fax: 551 1047*

*Netfang: fsi@instarch.is*

## Efnisyfirlit

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>3</b>
<b>I. INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>II. UM FORNLEIFASKRÁNINGU OG LÖGGJÖF</b> .....	<b>5</b>
<b>III. BYGGÐASAGA</b> .....	<b>7</b>
<b>IV. FORNLEIFASKRÁ</b> .....	<b>16</b>
ST-001 Kolbeinsvík .....	17
ST-002 Byrgisvík .....	30
ST-003 Veiðileysa .....	41
ST-004 Kambur .....	59
ST-005 Kjós.....	91
ST-006 Reykjarfjörður .....	103
ST-007 Naustvík .....	112
ST-008 Kjörsvogur .....	124
ST-023 Seljanes.....	133
ST-024 Ófeigsfjörður .....	141
ST-025 Drangavík .....	163
ST-026 Drangar .....	175
ST-027 Skjaldabjarnarvík.....	195
<b>V. FORNLEIFAR OG BYGGÐ</b> .....	<b>210</b>
<i>Bæjarhólar og bæjarstæði</i> .....	210
<i>Kirkjur og legstaðir</i> .....	212
<i>Útihús og túngarðar</i> .....	213
<i>Stekkir og kvíar</i> .....	214
<i>Beitarhús og sel</i> .....	216
<i>Mótekja</i> .....	218
<i>Leiðir</i> .....	218
<b>VI. NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>221</b>
<i>Tölfræði og hættumat</i> .....	221
<i>Verndun og kynning minja</i> .....	224
<b>FORNLEIFAKORT</b> .....	<b>227</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>246</b>

## I. Inngangur

Sumarið 2003 fór fram síðari hluti fornleifaskráningar í Árneshreppi á Ströndum og er þar með lokið skráningu í öllum hreppnum. Skráðar voru fornleifar á tveimur svæðum, annars vegar nyrst í hreppnum, frá Skjaldabjarnarvík suður til Seljaness og hins vegar syðst, þ.e. frá Kolbeinsvík norður að Kjörvogi. Alls voru skráðar 630 fornleifar á vettvangi. Fyrri hluti fornleifaskráningar hafði áður leitt í ljós 462 minjastaði<sup>1</sup> og þar með eru fornleifar í hreppnum orðnar 1092 talsins.

Skýrsla þessi er byggð upp eins og aðrar skýrslur um fornleifaskráningu. Fyrst er í stuttu máli sagt frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (II. kafli) og þá kemur kafli um byggðasögu svæðisins (III. kafli). Í kjölfar hans fylgir ítarleg skrá yfir fornleifar (IV. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á *Jarðatali Johnsens* frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttun sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Aftast í skýrslunni eru fornleifakort sem sýna dreifingu minjastaða. Í V. kafla er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Að lokum eru svo settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á öllu svæðinu (VI. kafli).

Ragnar Edvardsson gerði heimildakönnun fyrir Árneshrepp.<sup>2</sup> Sumarið 2003 unnu Birna Lárusdóttir og Uggi Ævarsson við skráningu nyrst í hreppnum en Birna ásamt Guðrúnu Öldu Gísladóttur í suðurhlutanum. Birna Lárusdóttir hafði yfirumsjón með vettvangsvinnu og ritaði skýrslu þessa en verkið allt var unnið undir stjórn Adolfs Friðrikssonar fornleifafræðings. Skrásetjarar vilja koma á framfæri kærum þökkum til heimildarmanna sinna fyrir dygga aðstoð og hlýjar móttökur. Sérstakar þakkir fá Pétur Guðmundsson í Ófeigsfirði, Þórður Magnússon frá Veidileysu og fjölskyldurnar á Dröngum fyrir ómetanlega hjálp og veitt húsaskjól.

---

<sup>1</sup> Birna Lárusdóttir, Oddgeir Hansson og Uggi Ævarsson. 2003. *Fornleifaskráning í Árneshreppi I: Fornleifar frá Gjögri til Ingólfsjarðar*. FS221-02052. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

<sup>2</sup> Ragnar Edvardsson: *Fornminjar í Árneshreppi á Ströndum* [Svæðisskráning]. FS174-02051. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.



## II. Um fornleifaskráningu og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar. Nú eru rúmlega 60 þúsund minjastaðir í gagnagrunni Fornleifastofnunar og er talið að það séu um 30% allra minjastaða í landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrir en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk þeirra. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur fyrir vettvangsathuganir.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001) eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er álagablettir eða staðir þar sem torf var rist. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

### III. Byggðasaga

Í skýrslu sem fjallaði um svæðisskráningu í hreppnum var stiklað á stóru um sögu byggðar í hreppnum og fjallað stuttlega um byggð á hverri jörð.<sup>3</sup> Hér verður farin nokkuð önnur leið og reynt að setja þær stopulu heimildir sem til eru í samhengi og fjalla um byggð í hreppnum í heild sinni með aðaláherslu á upphafið. Aðallega verður fjallað um höfuðból en umræða um hjábýli frá seinni öldum er í kafla um býli, bls. 210.

Samkvæmt Landnámabók voru sjö landnám á svæði því sem nú heyrir undir Árneshrepp. Hella-Björn, síðar nefndur Skjalda-Björn, nam land frá Straumnesi að Dranga og bjó í Skjalda-Bjarnarvík. Þorvaldur Ásvaldsson nam Dranga og Drangavík allt til Enginess og bjó á Dröngum. Eins og kunnugt er segir Landnáma að Eiríkur rauði hafi verið sonur hans. Synir Herröðs hvítaskýs námu þrjá samliggjandi firði sem eftir þeim voru nefndir: Eyvindur Eyvindarfjörð, Ófeigur Ófeigsfjörð og Ingólfur Ingólfsfjörð. Flest eru þetta fremur lítil landnám samanborið við landnám Eiríks snöru, en það náði allt frá Ingólfsfirði til Veiðileysu. Syðsti hluti hreppsins tilheyrði landnámi Önundar tréfóts; það náði yfir Kolbeinsvík, Byrgisvík og Kaldbak en sjálfur bjó hann á síðastnefnda staðnum.

Án efa hafa landkostir vegið þungt við val á bæjarstæði í ónumdu landi. Í Árneshreppi virðast fiskveiðar hafa skipt miklu máli frá öndverðu og því helgast landgæði ekki eingöngu af möguleikum til búskapar, þ.e. undirlendi, slægjum og beitolandi, heldur einnig nálægð við fiskimið. Þetta er áberandi ef dýrleiki jarða er skoðaður í samhengi við staðsetningu þeirra. Hæst metnu jarðirnar eru ekki endilega þær sem hafa mest undirlendi og mesta möguleika til ræktunar, þ.e. í fjarðarbotnum, heldur fremur þær sem eru yst á skögum og þannig næst gjöfulegum fiskimiðum. Líklega hefur þetta verið helsti kostur Trékyllisvíkur, því þar fara saman að skemmra var að róa þaðan á miðin en úr botni djúpra fjarða eins og Ingólfs- og Reykjarfjarðar og töluvert undirlendi. Reyndar má geta þess að mið kunna að hafa breyst frá því sem var við landnám, sbr. orð Grettis sögu um fiskgengd í Reykjarfirði: „...því at þá váru firðirnir fullir af fiskum.“<sup>4</sup> Í Trékyllisvík voru sjö bæir, allir fremur hátt metnir: Norðurfjörður (8 hdr.) og Melar (24 hdr.) utanvert við víkina, Árnes (18 hdr.), Bær

<sup>3</sup> Sjá: Ragnar Edvardsson. 2002. *Fornminjar í Árneshreppi á Ströndum* [Svæðisskráning]. FS174-02051. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

<sup>4</sup> ÍF VII, 26

(20 hdr.) og Finnbogastaðir (16 hdr.) í hnappi fyrir botni vikurinnar og Stóra- og Litla-Ávík austar (alls 12 hdr.). Þá er Krossnes á skaganum sem markar vikina að norðanverðu. Auk landkosta og fiskimiða hafa samgöngur verið hægari í Trékyllisvík en víða annarsstaðar í hreppnum, lágkent og skammt á milli bæja sem hafa þannig átt meiri möguleika á að mynda sterka einingu. Auk þess er tiltölulega skammur fjallvegur um Naustvíkurskörð yfir í Reykjarfjörð þar sem var stórbýli og sömuleiðis norður í Ingólfsfjörð um Meladal. Rétt er að fjalla sérstaklega um jarðir í Trékyllisvík, enda var þar miðstöð hreppsins og er enn. Eins og áður segir nam Eiríkur snara þar land fyrstur manna en annað er ekki sagt um bú hans en að það hafi verið í Trékyllisvík. Má leiða að því líkur að það hafi verið annaðhvort í Bæ eða í Árnesi.

Staðsetning kirkna og bænhúsa gefur oft vísbendingar um elstu byggð, enda er talið að flest guðshús hafi verið komin til sögunnar fljótlega eftir árið 1000. Í Trékyllisvík flækir þetta málin frekar en hitt. Kirkja hefur verið í Árnesi frá ómunatíð og er hennar fyrst getið í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200<sup>5</sup>, því næst í samtímaheimild, Þórðar sögu kakala frá miðri 13. öld<sup>6</sup>, síðan í máldögum frá fyrri hluta 14. aldar<sup>7</sup> og oft eftir það. Munnmæli greina frá annarri kirkju steinsnar frá Árnesi handan Árnesár, í Bæ en hennar virðist hvergi getið í rituðum heimildum. Þar sést sporöskjumyndað gerði, rúmlega 20 x 20 m stórt sem snýr nokkur vegin austur-vestur hér um bil í miðju þess. Ekki er vitað til að mannabein hafi fundist í þessum meinta kirkjugarði og raunar er það aðeins ein munnmælasögn sem styrkir þá kenningu að um kirkjugarð sé að ræða, auk rústanna sem þó eru ekki hafnar yfir allan vafa. Sögnin er á þá leið að Finnbogi rammi hafi gert sér bæ á Finnbogastöðum, skotið ör af boga á bæjarhlaðinu og síðan byggt sér kirkju þar sem hún kom niður, við Bæ. Síðar á þessi kirkja að hafa verið færð í Árnes því að þar sást oft ljós að kvöldlagi og þótti bending frá almættinu um að færa kirkjuna. Munnmæli þessi eru harla þjóðsagnakennd, ekki síst þar sem Finnbogastaðir hafa líkast til byggst einna síðast af bæjunum í Trékyllisvík ef marka má landamerki, heiti bæjarins og dýrleika jarðarinnar (16 hdr.).

Í Finnboga sögu ramma segir nánar frá aðdraganda kirkjubyggingar í Trékyllisvík. Finnbogi rammi var skv. sögunni einna fyrstur Íslendinga til að taka

---

<sup>5</sup> DI XII, 15

<sup>6</sup> *Sturlunga II*, 65

<sup>7</sup> DI II, 617-618.

kristna trú og var öflugur boðberi hennar. Hann bjó að Borg í Víðidal en fluttist síðan í Trékyllisvík og reisti sér þar bæ að Finnbogastöðum. Það segir sig sjálf að hann hefur ekki verið frumbyggji við víkina, þar hefur væntanlega þegar verið kominn fjöldi bæja. Finnbogi gerðist formaður, var vinsæll og höfðingi mikill enda „...vildu svá allir sitja ok standa sem hann vildi...“<sup>8</sup> og lét hann gera kirkju á bæ sínum. Hugsanlega er eitthvað hæft í þessari frásögn, þ.e. að aðkomumaður hafi komið í Trékyllisvík eftir að víkin var fullbyggð og reynt að afla sér valda og vinsælda með því að reisa kirkju. Hins vegar ber staðsetningu meintra kirkjutófta ekki saman við söguna og því skiljanlegt að munnmælasögur hafi komist á kreik, þess efnis að Finnbogi hafi reist kirkjuna í örskotsfjarlægð frá bæ sínum, semsagt í Bæ, enda er hvergi annarsstaðar greint frá kirkju á Finnbogastöðum í heimildum. Hina munnmælasöguna, um færslu kirkjunnar yfir í Árnes, má einfaldlega túlka sem tilraun fólks til að útskýra hvers vegna kirkjur virðast hafa verið reistar svo skammt hvor frá annarri skömmu millibili því það er óvenjulegt. Með einföldum fornleifauppgrefti mætti auðvitað komast að því hvort rústirnar á Bæ eru raunverulega af kirkju en þangað til verður að geta í eyðurnar. Sé eitthvað hæft í sögnunum og hafi kirkjurnar verið tvær mætti túlka það sem vísbendingu um valdabaráttu milli tveggja höfðingja eða hópa, enda hefur líklega strax í upphafi verið ljóst að í Trékyllisvík væru mestir möguleikar á að hafa miðstöð á svæðinu vegna áður nefndra landkosta og nándar við fiskimið. Finnboga saga ramma styður auðvitað þessa hugmynd þótt ekki sé hægt að taka hana bókstaflega. Af dýrleika Finnbogastaða að dæma (16 hdr.) hefur bærinn byggst síðar en Bær (20 hdr.) og úr landi hans. Til þess benda einnig bæði landamerki og nafnið, enda almennt álitid að bæir sem heita -staðir hafi byggst síðar en bæir sem heita einföldum nöfnum eins og Bær eða náttúrunöfnum eins og Árnes. Það er ljóst að eftir byggingu Finnbogastaða þrengdi mjög að búendum á Bæ, enda heyrði nú engin strandlengja undir landareignina. Þar með hefur Bær að líkindum misst allan rekarétt og líklega einnig dúntekju, hafi hún verið einhver. Þetta gæti hafa orðið kirkjunni á Bæ að falli – bærinn hefur hreinlega ekki átt möguleika gegn Árnesi eftir byggingu Finnbogastaða. Þá er auðvitað ósvarað spurningunni um hvort byggð á Finnbogastöðum hefur verið komið á með samþykki Bæjarbóndans eða gegn vilja hans. Hafi vilji til skiptingarinnar verið fyrir hendi mætti e.t.v. geta þess til að menn hafi ætlað að gera tilraun með nokkurs konar sérhæfingu í búskap á hvorum bænum

---

<sup>8</sup> ÍF XIV, 324

fyrir sig, stunda einkum veiðar á Finnbogastöðum en hafa skepnur á Bæ. Ekkert bendir til að Bær eða Finnbogastaðir hafi nokkur tíma átt hlut í Árnesey, sem áður nefndist Trékyllisey. Þó hefði það ekki verið óeðlilegt miðað við legu eyjarinnar, en hún er fyrir landi Finnbogastaða. Það eitt og sér bendir til yfirburða Árness, enda mikil hlunnindi af veiðum, eggja- og dúntekju í eyggi auk þess sem hún var nýtt til beitar og heyskapar.

Hinn möguleikinn er að kirkjan hafi upphaflega verið á Bæ en síðar flust yfir í Árnes, ef til vill af sömu sökum og áður var getið: Bær hafi ekki haft bolmagn til að vera kirkjustaður eftir byggingu Finnbogastaða. Skýringin virðist ólíklegri, enda hlyti staðurinn að hafa verið mjög veikur fyrir að tapa svo mikilvægum hlut í landi sínu. Erfitt er að geta frekar í eyðurnar en þó má geta þess að rústirnar í Bæ virðast ekki mjög fornlegar og alls ekki nægilega til að hægt sé að bendla þær við fyrstu aldir eftir kristni. Ekki er útilokað að byggt hafi verið á þeim í seinni tíð, t.d. útihús.

Mela er fyrst getið í máldaga Helgafellskirkju 1274<sup>9</sup> en jörðin var metin á 24 hdr. Dýrari gerast ekki jarðir í hreppnum og verður þetta að teljast nær örugg vísbending um að bærinn hafi byggst snemma, enda landkostir þar með ágætum. Norðurfjörður var aðeins metinn á 8 hdr. og hefur líklega byggst nokkuð seinna en jarðirnar beggja vegna við hann. Fjarðarins er getið í tengslum við rekarétt Skálholtsstaðar 1327<sup>10</sup> og virðist líklegt að þá hafi verið kominn þar bær. Það sætir nokkurri furðu að landýrar jarðir eins og Munaðarnes og Krossnes skuli metnar á 24 hdr. hvor, líkt og Ófeigsfjörður sem hlýtur að hafa talist einhver allra kostamesta bújörð í hreppnum. Ein helsta skýringin sem þar kemur til greina er staðsetningin: Fengsæl fiskimið skammt undan landi. Undirstrikar þetta að mikilvægi fiskveiða í Árneshreppi hlýtur að hafa verið mikið strax um eða fljótlega eftir landnám – má ætla að þær hafi talist jafnmikilvægar og búskapurinn eða jafnvel haft enn meira vægi. Þegar grafið var fyrir nýju íbúðarhúsi á Krossnesi síðla á 20. öld var komið niður á nokkrar beinagrindur og kistuleifar sem sneru austur-vestur. Bendir þetta eindregið til að þar hafi verið kominn bær snemma. Fell er yst á skaganum milli Munaðarnes og Krossness. Jörðin var aðeins metin á 8 hdr., og má því ætla að bærinn hafi byggst síðar en nesin tvö. Þó hefur jörðin snemma skipst í tvennt því í máldaga Reykholtskirkju frá 1224 er talað um Fell innra og ytra.<sup>11</sup> Innra Fell var komið í eyði

---

<sup>9</sup> DI II, 116

<sup>10</sup> DI II, 622

<sup>11</sup> DI I, 476

þegar jarðabók Árna og Páls var rituð 1706 og ástæðan sögð illt vatnsból og landkreppa.<sup>12</sup>

Sagnir um landnám í fjörðunum þremur norðan Trékyllisvíkur: Ingólfsfirði, Ófeigsfirði og Eyvindarfirði, vekja upp grunsemdir um að landnemar þar hafi tilheyrt sömu fylkingu og jafnvel sömu fjölskyldu, jafnvel þótt þeir hafi ekki endilega verið bræður eins og Landnámabók greinir frá. Líklegt virðist að firðirnir hafi verið numdir síðar en t.d. Trékyllisvík, a.m.k. ef marka má landgæði. Ófeigsfjörður ber höfuð og herðar yfir jarðirnar þrjá, enda geysilandmikil jörð og metin á 24 hdr. Örnefnið Bænhóll bendir til að þar hafi verið bænhús en þess er samt ekki getið í neinum þekktum ritheimildum og ekki vitað um neina beinafundi þar. Jörðin Ingólfsfjörður var metinn á 12 hdr., miðlungsjörð á mælikvarða Árneshrepps en ásamt Eyri og Seljanesi, sem voru 8 hdr. hvor hefur fjörðurinn verið 28 hdr. og þar með ein hæst metna jörð í hreppnum. Ekki er ljóst hvenær Seljanes varð sjálfstæð jörð. Nafnið eitt og sér bendir til að þar hafi verið haft í seli fyrst um sinn og þá líkast til frá Ingólfsfirði. Eyri hefur líkast til byggst snemma en 1274 átti kirkjan í Tungu í Steingrímsfirði Eyrarland í Ingólfsfirði með öllum viðreka og hálfan hvalreka.<sup>13</sup> Eflega landamerka milli jarðanna þriggja eru skoðuð, þ.e. Ófeigsfjarðar og Seljaness annars vegar og Seljaness og Ingólfsfjarðar hins vegar sýnist borðleggjandi að Seljanes hafi upphaflega heyrt undir Ingólfsfjörð. Þannig hefur jafnræði ríkt með jörðunum tveimur þótt Ófeigsfjörður hafi óneitanlega verið landmeiri. Öðru gildir um Eyvindarfjörð sem er grunnur og landrými nær ekkert, nema á Engjanesi norðan megin í firðinum. Ekki er með öllu óhugsandi að þar hafi verið landnámsjörð og sjást mikil merki rústa, greinilega misgamalla, auk fornlegra garðlaga beggja vegna nessins. Engjaness er getið í Þórðar sögu kakala, en þar kom söguhetjan sjálf við á leið sinni til Furufjarðar.<sup>14</sup> Ekki er hægt að lesa út úr textanum hvort þar hafi þá verið komin byggð. Sunnan til í Eyvindarfirði er undirlendi lítið og engar sagnir um fasta byggð en þó sjást þar rústir á tveimur stöðum, fornlegar. Hugsanlega hefur þar verið árstíðabundin byggð tengd veiðum. Skjaldabjarnarvík var meðal lægst metnu jarða í hreppnum, 6 hdr. Eins og áður segir er hún talin meðal landnámsjarða. Skjaldar-Björn átti einnig bú á Bjarnarnesi skv. Landnámu. Minnst er á Skjaldabjarnarvík í

---

<sup>12</sup> JÁM VII, 333

<sup>13</sup> DI II, 119

<sup>14</sup> *Sturlunga* II, 65

Prestssögu Guðmundar góða 1180<sup>15</sup> og aftur í Íslendinga sögu 1230<sup>16</sup> en í hvorugu tilvikinu kemur fram hvort þá var búið þar. Þórhallur Vilmundarson hefur sett fram kenningu um heiti vÍkurinnar og telur nafn hennar dregið af löguninni en hún er boga- eða skjaldarmynduð. Svipað telur hann eiga við um Skjaldarvík í Eyjafirði og raunar fleiri vÍkur sem heita líkum nöfnum á Norðurlöndum.<sup>17</sup>

Ávíkur er fyrst getið í Þorgils sögu og Hafliða snemma á 12. öld. Þar bjó Hneitir nokkur, þingmaður Hafliða Mátssonar og annaðist hann reka hans.<sup>18</sup> Ávík hefur upphaflega verið metin á 12 hdr. en líklega snemma skipst í tvo bæi, enda er 1327 talað um að Skálholtsstaður eigi „hálf Ávíkurland hið eystra“.<sup>19</sup> Virðist fullkomlega eðlilegt að hafa tvo bæi við Ávík, sinn hvorumegin við ána. Búskapur hefur verið talsverður á bænum og er Ávíkurdalur gott dæmi um nánast gjörnýtingu lands þar sem haft var í seli, engjar slegnar og tekinn mór. Sjást merki um umsvif manna á dalnum nánast við hvert fótmál.

Í Reykjanesi er örnefnið Bænhúshóll skammt frá gamla bæjahólum. Er það eina vísbendingin um að þar hafi verið bænhús og sjást harla lítil ummerki því til staðfestingar. Reykjanes var metið á 12 hdr. líkt og Ávík og gæti hafa byggst á svipuðum tíma. Hafi bænhús verið á jörðinni er það hið eina í hreppnum sunnan Trékyllisvíkur – og verður að teljast heldur undarleg staðsetning. Fátt verður sannað um bænhúsið nema með fornleifauppgrefti. Bent skal á þá staðreynd að af þeim sex bænhúsum sem líkur benda til að hafi verið á skráningarsvæðinu hafa fjögur verið í Trékyllisvík eða þar í námunda. Má vera að það endurspegli velmegun við víkina umfram aðra staði.

Akurvíkur er getið í máldaga Tungukirkju í Steingrímsfirði 1317 en þá átti kirkjan þar fjörunytjar og að auki í Rifskerjum.<sup>20</sup> Ekki er ljóst af textanum hvort þar var bær eða útgerð en fornleifauppgroftur hefur sýnt svo ekki verður um villst að þar hafa verið verbúðir. Mannvistarlög í þeim benda til tveggja notkunarkeiða, lauk hinu fyrra á 13. öld en því síðara á þeirri fimmtánda. Stór rúst er ofar í vÍkinni, við enda flugbrautar á Gjögri, en hún er ókönnuð með öllu. Gjögur var geysilega lágt metin jörð, ekki nema 4 hdr. Hún er landlítill og að miklu leyti grýtt en þó eru þokkalegar engjar við Gjögursvatn. Býsna stór bæjarhóll er á Gjögri og voru mannvistarlög í

<sup>15</sup> *Sturlunga* I, 127

<sup>16</sup> Sama rit, 341

<sup>17</sup> *Grímnir* 1, 128-129

<sup>18</sup> *Sturlunga* I, 12

<sup>19</sup> DI II, 622

<sup>20</sup> DI II, 408



honum rannsökuð árið 1990 með því að grafa upp úr gamalli súrheysgryfju sem valinn hafði verið staður í hólnum. Þetta var mjög takmarkaður fornleifauppgröftur en þó gefa niðurstöðurnar hugmynd um búsetu á staðnum. Í hólnum fundust bæði brot af beinkambi og klébergi, hvort tveggja gripir sem gætu hugsanlega verið allt frá 10. öld. Þar fannst einnig mikið magn þorskbeina, jafnvel í neðstu lögum. Hlutfall húsdýrabeina, s.s. kinda/geita og nautgripa óx eftir því sem ofar dró í mannvistalögnum.<sup>21</sup> Þótt uppgröfturinn sé takmarkaður mætti túlka þessar niðurstöður á þann veg að í upphafi byggðar hafi fiskveiðar verið mikilvægastar fyrir afkomu íbúanna en þegar á leið hafi búfjárrækt farið að skipta meira máli. Þrátt fyrir þetta vekur lágt mat Gjögurs grunsemdir. Ef litið er á landamerki virðist einsýnt að bæði Kjörvogur (8 hdr.) og Gjögur (4 hdr.) hafi byggst úr landi Reykjarfjarðar, sem metinn var á 16 hdr. Reykjarfjörður var stórbýli en þó var sá hængur á að langt er úr fjarðarbotni, þar sem er búsaeldarlegast, og út á miðin. Því er ekki ólíklegt að það hafi verið hagkvæmt fyrir Reykfirðinga að hafa útstöð á Gjögri eða Kjörvogi og það gæti líka útskýrt samsetningu bæjarhóls á Gjögri. Í sóknarlýsingu Árnassóknar 1852 segir einmitt um jörðina að hún sé landgæðalítill en þaðan sé hægt að ná í sjóarafla.<sup>22</sup> Felist í þessu sannleikskorn hefur ekki verið skepnubúskapur á Gjögri fyrr en jörðin varð sjálfstæð. Engin ástæða er þó til að ætla annað en fiskveiðar hafi ávallt verið þar í aðalhlutverki eins og síðar varð, er hákarlaútgerð óx og vísir að þorpi myndaðist á Gjögri. Gjögurs er getið í Grettis sögu. Þar bjó Einar nokkur, landseti Kaldbeklinga. Hann „skyldi geyma reka þeira þeim megin fjarða.“<sup>23</sup> Í umfjöllun hér á eftir er rætt nánar um meint eigendaskipti á Reykjarfirði sem greint er frá í Grettis sögu. Í sjálfu sér er skiljanlegt að menn skuli hafa viljað hafa smábýli þar sem reka var von, þó ekki væri nema til að vakta hann, enda mikil verðmæti í húfi.

Naustvík var lítið og rýrt kot, 4 hdr. að dýrleika. Víkurinnar er fyrst getið í máldaga Árneshreppur, Northwest Iceland: A Preliminary Report of Results of the 1990 Field Season of the Icelandic Paleoeconomy Project [Áfangaskýrsla].<sup>24</sup> Þá átti Árnes viðrif í Naustvíkum en alls ekki ljóst hvort þar var kominn bær. Í sjálfu sér er athyglisvert að eldsneyti hafi verið sótt með þessum hætti í Naustvíkur, enda kappnógur rekaviður í Trékyllisvík og mótekja í Árneshreppur. Mikið er af sætra-örnefnum skammt norðan við Naustvík, t.d. Sætrafjall, Sætraleif og Sætranæs og hafa þau í seinni tíð verið tengd við svonefnt Sætratún sem

<sup>21</sup> Sjá: McGovern, Thomas & Thomas Amorosi. 1992. *Archaeological Investigations in Arneshreppur, Northwest Iceland: A Preliminary Report of Results of the 1990 Field Season of the Icelandic Paleoeconomy Project* [Áfangaskýrsla].

<sup>22</sup> SS II, 227

<sup>23</sup> ÍF VII, 29

<sup>24</sup> DI II, 617

nú tilheyrir Kjörvogi. Er sagt að þar hafi verið kofi sem hafi horfið við vegagerð. Sætra-nöfn eru jafnan tengd við selstöður, enda merkir *sæter* sel á norsku. Mætti varpa fram þeirri hugmynd hvort selstaða hafi verið í Naustvík áður en þar varð föst búseta, þá annaðhvort frá Reykjarfirði eða jafnvel bæjum í Trékyllisvík, enda er tiltölulega hægur vegur á milli um Naustvíkurskörð, beint upp af Naustvík. Fátt er vitað með vissu um upphaf byggðar í Reykjarfirði. Samkvæmt Grettis sögu gaf Eiríkur snara, landnámsmaður, Önundi tréfæti Reykjanes, Reykjarfjörð og Veidileysu. Önundur bjó sjálfur í Kaldbak „...en er fé hans tók at vaxa, átti hann annat bú í Reykjarfirði.“<sup>25</sup> Þessi gjöf átti reyndar eftir að draga dilk á eftir sér því Flosi, sonur Eiríks snöru, viðurkenndi ekki eignarhald Kaldbeklinga á jörðunum að föður sínum látnum. Leiddi það til manndrápstilrauna og svo bardaga vegna hvalreka við Rifsker, en þau eru beint austur af Gjögri. Í þeirri rimmu stóðu Bjarnarfirðingar með Kaldbeklingum. Nokkrir misstu höfuð, aðrir fót og fór svo að málið var lagt til alþingis. Það varð úr að synir Önundar tréfóts létu Reykjarfjörð af hendi en fengu að eiga Kamb. Hugsanlegt er að þessi frásögn geymi gömul minni um deilur milli höfðingja í Trékyllisvík annarsvegar og Kaldbaksvík/Bjarnarfirði syðri hins vegar.

Kjós er fyrir botni Reykjarfjarðar. Jörðin var aðeins 8 hdr. að dýrleika og verður að teljast líklegt að bærinn hafi byggst nokkru síðar en Reykjarfjörður, enda Kjósar ekki getið í fornbréfum fyrr en 1460.<sup>26</sup> Kams er fyrst getið í máldaga 1224<sup>27</sup> en bærinn kemur einnig fyrir í Grettis sögu eins og áður er getið. Jörðin var metin á 24 hdr. og þótti meðal bestu bújarða í hreppnum. Verður að teljast líklegt að hún hafi byggst snemma og líklega á undan Veidileysu sem aðeins var metin á 8 hdr., fremur rýr jörð með mun minna undirlendi en flestar aðrar jarðir í fjarðabotnum.

Byrgisvík og Kolbeinsvík voru syðstu bæir hreppsins og tilheyrðu landnámi Önundar tréfóts. Þrátt fyrir þokkalegan reka og fjörubeit voru þetta mestu rýrðarkot, Byrgisvík metin á 8 hdr. en Kolbeinsvík á 4 hdr. Undirlendi er lítið á ströndinni, sýnu minna þó í Kolbeinsvík, brimasamt og sviptivindar tíðir svo að oft fuku hús og hey á báðum bæjum. Lending í Kolbeinsvík var slæm en bóndi þar naut, a.m.k. í seinni tíð, góðvildar Kaldbeklinga og fékk að róa frá Skreflum í Kaldbakslandi. Þrátt fyrir þessa annmarka er beggja jarðanna getið snemma, þ.e. í Landnámabók.

Margt er á huldu um þróun byggðar í Árneshreppi á fyrstu öldum eftir

---

<sup>25</sup> ÍF VII, 23

<sup>26</sup> DI V, 216

<sup>27</sup> DI I, 476

landnám. Þó er ljóst að víða hafa verið hjábýli og er nánar fjallað um þau í kafla V. Mörg þeirra voru komin í eyði þegar jarðabók Árna og Páls var rituð 1706 og er ástæðan oft sögð skriðuföll og snjóflóð. Vissulega er líklegt að það eigi við á ýmsum stöðum þar sem undirlendi er sáralítið og snarbratt frá fjallstoppum niður undir sjávarmál. Hins vegar ber að taka skýringar jarðabókar á eyðingu bæja með fyrirvara. Í mörgum héruðum á Íslandi greinir hún frá því að bæir hafi eyðst vegna svartadauða sem geisaði við upphaf 15. aldar. Sótt þessi náði aldrei á Vestfirði eins og kunnugt er og því er ekki útilokað að snjóflóðahugmyndin sé e.k. alþýðuskýring á eyðingu byggða á svæðinu. Líkast til hefur byggð á svæðinu verið sveiflukennnd og haldist í hendur við fiskgengd og árferði.

#### IV. Fornleifaskrá

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (EY, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Fyrir hverja jörð er gerð stutt úttekt þar sem byrjað er á að gefa yfirlit um matsverð jarðarinnar, skiptingu hennar og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer. Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af

The diagram illustrates the structure of a land record entry. It shows a sample entry for 'Gömlugömluhús' with various parts highlighted and explained by arrows and labels:

- Sýslutákn:** BO-104-025
- númer jarðar eins og í Jarðatali Johnsens 1847:** BO-104-025
- númer fornleifar á tiltekinni jöð:** Gömlugömluhús
- sérheiti:** Gömlugömluhús
- tegund fornleifar:** tóft
- hlutverk fornleifar:** beitarhús
- hnattstaða í gráðum og mínútum (WGS84 vörpun):** 64°29.404N 21°57.216E
- Uppdráttur:** Gróinir veggir svartir, grjótleibtur skástrikaður
- heimild sem vítað er í, nánari færsla í heimildaskrá:** Heimildir: Ö-Höfn, 6-7
- hætta sem stöðjar að fornleif, t.d. v/ framkvæmda eða númerafla:** Hattumat: engin hætta

The main text of the entry reads: "Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsarústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001. Vestan undir lithu og lágu klapparholti með hundapúfu efst. Í kring eru hálfgróinir melar og mýrarsund til skiptis, sundurgráfin af smálækjum. Þessar rústir eru ekki jafn ellilegar og hefði mátt vænta af lýsingu og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstæðum, aflöngum húsum sem snúa austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alls 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en útveggirnir. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið hrundir inn. Sér samt víða í grjóti í þeim. Hvorki vottar fyrir gördum né hlöðu eða heygardi.

#### Dæmi um hvernig skráning á dæmigerðum minjastað lítur út

einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarinnar í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað

er við að áætlað frávík frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu séu til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða staðsetningu hans á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávíki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

## Fornleifaskrá


### ST-001 Kolbeinsvík

4 hdr. 1847 og 1706. "Önundur tréfótr, son Ófeigs burlufótar, Ívarssonar beytils, Önundur var í móti Haraldi konungi í Hafrsfirði ok lét þar fót sinn. Eptir þat fór hann til Íslands ok nam land frá Kleifum til Ófæru, Kaldbaksvík, Kolbeinsvík, Byrgisvík, ok bjó á Kaldbak til elli." ÍF I, 198 "Önundur kvezk þat þiggja mundu ok nam síðan land frá Ófæru ok þær þrjár víkr, Byrgisvík ok Kolbeinsvík ok Kaldbaksvík allt til Kaldbakskleifar. Síðan gaf Eiríkr honum Veidileysu alla ok Reykjarfjörð ok Reykjanes allt út þeim megin; en um rekann var ekki skilit, því at þeir vǫru svá nógir þá, at hverr hafði þat, er vildi. Önundur gerði bú í Kaldbak ok hafði mannmart; en er fé hans tók at vaxa, átti hann annat bú í Reykjarfirði. Kolbeinn bjó í Kolbeinsvík, ok sat Önundur um kyrrt nökkura vetur." ÍF VII, 23 Kolbeinsvík fór í eyði 1943.

1917: Túni 1,6 ha., 1/2 slétt. "Kolbeinsvík var rýrðarkot og aðþrengt." HJ, 11 "Þetta kot Kolbeinsvík er mjög gæðasnautt nema þar var mikill reki og hægur...." Ingi Guðmonsson, 101

ST-001:001 Kolbeinsvík bæjarhóll bústaður

65°54.492N 21°17.172V



"Bærinn í Kolbeinsvík stendur á hól, frá bænum að grjótgardinum [004] sem er um sextíu fadma vegalengd er slétt flöt, efst á þessari flöt voru fjárhúsin [002], túninu hallaði til sjávar og í miðju túni mótaði fyrir garði [028] og var þessi flöt kölluð efri flöt en flötin fyrir neðan garðbrotið var kölluð neðri flöt [...]," segir í grein eftir Inga Guðmonsson frá Kolbeinsvík. Bærinn stóð vestast í miðju túninu, undir svonefndu Kolbeinsvíkurhrauni sem er grýtt og brött hæð. Hann er aðeins um 5 m austan við hana en um 30 m vestan við veg sem liggur í gegnum túnið. Smápýfður túnbleðill. Sunnan og suðvestan við bæinn eru grundir, sléttar af náttúrunnar hendi.


Þegar Guðmon Guðnason flutti að Kolbeinsvík 1906 var svona ástatt fyrir bæjarhúsum eins og frá greinir í grein í Strandapóstinum: "Húsnæðið var mjög úr sér gengið, gömul torfbaðstofa er hélt ekki vatni og vindi en síðar var byggð allgöð baðstofa." Ingi Guðmonsson lýsir bænum í ornefnaskrá: "Bæjarskipan í Kolbeinsvík var þannig: Baðstofan var loftbaðstofa, sneri frá suðri til norðurs, torfgafl í sylluhæð í suður, timbur að

ofan, pappalagður með svörtum tjörupappa, sex rúðu gluggi á gafl. Hlið sneri fram til sjávar, dyr í miðju, sem var inngangur, sex rúðu gluggar sinn hvorumegin. Þilveggurinn var klæddur með tjörupappa. Kvistur var ofan syllu í sperruhæð. Á honum var sex rúðu gluggi. Rúður í öllum gluggum voru fremur smáar. Skarsúð var á sperrum, torfbak, norðurgafli var úr torfi; það var veggur, er skildi að baðstofu og bæjardyr. Veggurinn náði að sylluþrún, timbur klætt í sperruhæð, sex rúðu gluggi í miðju. Gaflinn var pappaklæddur. Gluggar voru hvítmálaðir. Efri veggur baðstofu var hlaðinn. (Það skal tekið fram, að allir torfveggir voru hlaðnir úr steinum, torf á milli steinlaga og tyrfdír í gegn með torfi til að binda þá saman.) Efri veggurinn, sem sneri að Hrauninu, var jafnframt veggur að hlöðu, sem lá í legu við bæinn, þá myndaðist horn við syðrigaflinn, því hlöðuveggurinn var ekki út af eins langur. Hlaðan var kölluð Fjóshlaða. Hún geymdi aðallega hey handa fjósinu. Bæjardyrnar voru sér hús með risi, þil sneri fram að sjónum. Var það úr timbri með hurð til inngöngu og litlum glugga annars vegar við hurðina. Um þessar dyr var gengið í verri veðrum. Moldargólf var í bæjardyrum. Gangur var úr dyrunum inn í baðstofuna niðri, en herbergjaskipan niðri á baðstofu var, eins og áður var sagt, gengið inn í miðja baðstofu, beinn gangur að stiga upp á loft á miðju lofti, nefnt loftgat, hleri yfir á hjörum. Þá var þil hægra megin þvert yfir, aðskildi eldhús. Þar var eldavélin. Eldhúsið var þiljað innan, með föstu borði með gluggaveggnum og skáp í horni, í borðhorninu og gaflinum; fastur kassi var milli borðsins og eldavélar (eldiviðarstían). Einn bekkur laus var í eldhúsi, ein stór kosta, koffort og smákoffort. Á loftinu uppi voru rúm, tvö rúm við suðurgafli hvort mót öðru, borð á milli. Þriðja rúm var undir kvistglugga. Þiljað var af nyrzta herbergið, rúmlengd. Var eitt rúmstæði undir efri súð. Fjórdá rúmstæðið var bakk við hlerann við efri vegg. Hlerinn lagðist upp að rúmstokknum. Það skal tekið fram, baðstofan var portbyggð, alin frá lofti upp að sperrusyllu. Niðri var einnig þil vinstra megin við innganginn, afþiljaður endi, hurða á miðju. Var sá endi aldrei innanþiljaður en hafður til geymslu og sagaður víður í eldinn. (Rekaviður var eingöngu notaður til eldunar, mór var svo lélegur, enginn eldiviður.) Eins og fyrr er sagt, lágu göng úr bæjardyrum, var þá fyrst komið í eldhúsið og þaðan í ganginn, svo stíginn upp á loftið. Úr bæjardyrnum voru göng í hlöðu. Göng voru úr bæjardyrum í torfeldhús. Þar voru þrjú hlóðarstæði aðskilin með stórum steinum (hlóðarsteinum). Úr eldhúsi voru göng í fjósið, torffjós; tveir básar voru og einnig stía fyrir kálf, trébásar, hellulagður flór. Á fjósi voru útidyr fyrir gripi að ganga um. Frá bæjardyrum var sambyggður torf- og grjótteggur út að fjósi að framan, sem sneri að sjó, eða hlaði, sem var þilmegin við bæinn. Að ofan var slétt að risi á fjósi vegna hóls, er var fyrir ofan bæinn. Voru það rústir af elzta bæjarstæðinu í Kolbeinsvík, en bærinn var færður aðeins innar og neðar." Ekki er að sjá annað en bærinn í Kolbeinsvík hafi ávallt staðið á sama stað. Miklar rústir sjást þar, á hól. Hann er lægstur að framanverðu, astantil, en býsna hár að norðan, allt að rúmlega 1,5 m. Síðasta íbúðarhúsið, sem búið var í til 1943, hefur líklega verið að mestu leyti úr timbri og járni en hlaðið hefur verið meðfram því á allar hliðar nema að austan, enda hefur það verið framhliðin. Hleðslan sést enn vel og myndar hól sem er um 13 x 10 m stórt frá norðri til suðurs.

Veggir eru nokkuð stæðilegir en grónir að mestu, allt að 1 m háir. Innan veggja eru miklar timbur- og grjótleifar. Lítil tóft er áföst hleðslunni nyrst, hún er um 4 x 6 m stór frá austri til vesturs og snúa dyr í austur. Um 2 m norðan við hana vottar óljóst fyrir hleðslu sem liggur um 8 m til vesturs en krækir svo til norðurs, að brún bæjarhóls. Í vesturbrún bæjarhóls, um 7 m vestur af bæjartóftinni er greinileg, hringlaga dæld, um 2 m í þvermál og 1 m djúp, hugsanlega brunngleifar eða leifar af súrheysgryfju. Mörk bæjarhóls eru ógreinileg, enda ber lítið á honum eins og áður sagði. Hann er þó a m k. 30 x 25 m stór frá norðri til suðurs. Víðast hvar er hann aðeins um 0,5 m hár. Mikill þúfnakragi er um 5 m norðan við hólinn en ekkert lag á honum og þúfurnar fremur sundurslitnar. Hugsanlega er þar öskuhaugur eða leifar af byggingu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ingi Guðmonsson, 99 og 101; Ö-Kolbeinsvík, 8; Túnakort 1917



Túnakort Kolbeinsvíkur 1917

**ST-001:002** Ærhús tóft fjárhús

65°54.457N 21°17.189V

"Bærinn í Kolbeinsvík stendur á hól, frá bænum að grjótgarðinum [004] sem er um sextíu faðma vegalengd er slétt flöt, efst á þessari flöt voru fjárhúsin, túninu hallaði til sjávar og í miðju túni mótaði fyrir garði [028] og var þessi flöt kölluð efri flöt en flötin fyrir neðan garðbrotið var kölluð neðri flöt..." segir í grein eftir Inga Guðmonsson frá Kolbeinsvík. Í örnefnalýsingu segir um fjárhúsin: "Efst við garðinn [004] og Hraunbrúnina stóðu fjárhúsin, byggð úr torfi og grjóti. Ærhúsið svokallaða var ætlað fullorðnu fé, voru það tveir garðar með jötu á milli. Rúmuðust tuttugu kindur á jötu hvorumegin. Grindur voru í húsunum. Þá kom tóftin. Við suðurendann var borið í hana hey, og var heyið gefið á garðinn gegnum hlið á garðanum í jötuna. Þá kom lambhúsið, tók það fjórtán lömb, var jatan þar með veggnum að ofan. Í því voru trégrindur. (Kindur lágu á grindum, undir þeim grindum var kjallari; svo var mokað undan er kjallarinn var orðinn fullur. Með þessu fyrirkomulagi voru kindur aldrei óhreinar)." Fjárhúsið sést á túnakorti frá 1917, um 30 m suðvestur af bæjarrústum 001. Þar er tóftin, fast austan undir Kolbeinsvíkurhrauni og innan við 10 m suður af meintum gæsakofa 003.



Smábýft tún.

Tóftin er vel hlaðin og stæðileg, veggir lítið sem ekkert farnir að hrynja. Hún er þrískipt og að auki sjást við hana hlaðin rétt og líkast til heystæði. Tóftin kemur að flestu leyti heim og saman við lýsinguna í örnefnaskránni hér að ofan. Alls er hún rúmír 30 m á lengd frá norðri til suðurs en breiddin er víðast hvar um 6 m. Nyrsta hólfíð er væntanlega af lambhúsunum, þau eru alls um 6 x 6 m stór. Dyr hafa líklega verið syðst á austurhlið en alveg er hrunið fyrir þær. Garði er í miðju húsinu og hefur líklega verið bætt við eftir að lýsingin var gerð en skv. henni voru lambhúsin með jötu við vegg. Fast sunnan við lambhús er svo Ærhúsið, alveg aðskilið með vegg. Það snýr líkt og lambhúsið, norður-suður. Dyr eru nyrst á austurvegg og garði í húsinu frá suðurvegg og norður fyrir mitt hús. Alls er Ærhúsið 6,5 m

breitt og 8 m langt. Veggir eru stæðilegir og allt að 1,6 m á hæð. Sunnan við Ærhús er tóft sem er um 6 x 6 m stór, einföld og garðalaus með dyr í suður. Líklega er það heygarður. Áföst honum að sunnan er dálítill upphækkun, líklega hlaðin en algróin, um 5 x 5 m stór og við hana að sunnan og því allra syðsti hluti tóftalengjunnar er enn eitt hólf, fremur óljóst, um 8 m langt og 5-6 m breitt, opið í suður. Ekki er ljóst hvort það er einnig heygarður. Sambyggð áðurnefndri upphækkun, milli hennar og Hraunsins er einföld og ferköntuð rétt, 8 x 9 m stór. Rekið hefur verið inn í hana austast á suðurhlið. Réttarveggirnir eru hrundir en ógrónir að mestu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ingi Guðmonsson, 99; Ö-Kolbeinsvík, 10; Túnakort 1917

**ST-001:003** tóft útihús 65°54.475N 21°17.196V

Tóft er fast upp við Kolbeinsvíkurhraun, 13-14 m SSV af suðvesturhorni bæjarhóls 001.

Túnjaðar, stórgrýti er kringum tóftina og hefur sýnilega fallið úr hrauninu.

Tóftin er mjög lítil, 3,5 x 4,5 m frá norðri til suðurs. Dyr sjást ekki á henni en austurveggur er mjög úr lagi genginn. Frá suðvesturhorni gengur óljós hleðsla um 3 m til suðurs og sveigir svo til austurs rúman metra til viðbótar, í átt að stórum steini sem þar er. Hugsanlega hefur þetta verið sambyggt hólf. Líklega er tóftin af litlu útihúsi, e.t.v. gæsa- eða hænsnakofa. Líklega er grjót í veggjum tóftarinnar en þeir eru nú að mestu grónir.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-001:004** garðlag varnargarður 65°54.447N 21°17.178V

"Þegar komið er norður fyrir Spenann taka við sléttar grundir sem ná heim að túngarði sem hlaðinn er úr grjóti. Það er gömul sögn, að skriða hafi fallið úr fjallinu á túnið og stöðvast þar, en bóndinn sem þá bjó í Kolbeinsvík hafi tekið stærsta grjótið og hlaðið garðinn sem enn stendur," segir í grein eftir Inga Guðmonsson frá Kolbeinsvík. Haukur Jóhannesson segir í bók sinni, Stundir á Ströndum um garðinn: "Hann var hlaðinn í upphafi aldarinnar sem skriðuvarnargarður og sést vel að skriður hafa fyllt upp að



honum sunnanmegin. Hann hefur því skilað hlutverki sínu vel." Garður þessi er hlaðinn með suðurhlið Kolbeinsvíkurtúns. Sléttar grundir eru utan eða sunnan garðsins en innan hans smáþýft tún. Vesturendi garðsins er um 20 m suður af tóft 002. Þaðan liggur hann alls 70 m í beinni línu til austurs en heildarlengd garðsins er þó 80-90 m, enda eru tveir smáhlykkir á honum. Garðurinn er aðeins upphlaðinn að innanverðu og virðist líklegt að hann hafi verið hlaðinn meðfram jaðri skriðu sem þegar var fallin - til þess benda einnig hlykkirnir. Garðurinn nær um 1 m hæð. Austast endar garðurinn skyndilega, hefur verið skemmdur af þjóðveginum sem liggur gegnum túnið. Hvorki sést tangur né tetur af honum neðan vegarins, þar er skammt niður á mel og gæti þar hafa verið umrót, jafnvel efnistaka.

**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla

**Heimildir:** Ingi Guðmonsson, 99; HJ, 11



*Hluti garðs 004, horft í vestur*

**ST-001:005** garðlag

65°54.562N 21°17.345V

180 m norðvestur af bæjarhól 001 er grjóthlaðinn garður.

Hann liggur frá grýttri hæð, Kolbeinsvíkurhrauni, um mýrlendi þar sem hæðinni sleppir.



*Garðlag 005, horft í norðvestur*

Garðurinn hefst við neðsta hluta hraunsins og liggur til austurs eða norðausturs að stórum steini sem þar er. Dálítið bil er vestan við steininn og hugsanlegt að þar hafi legið stígur í gegn. Fyrir neðan steininn liggur rás, lík litlum, þurrum lækjarfarvegi áfram til norðausturs, í framhaldi af garðinum. Lækurinn virðist hafa verið grafinn út og uppmoksturinn settur upp á syðri bakkann. Hann gæti hafa þjónað sem aðhald einnig. Grjótgardurinn er allt að 4-5 umför af hleðslum, 1,1 m hár og rúmlega 10 m langur en skurðinn má rekja allt að 100 m til ANA, að þjóðvegi. Ekki er ljóst hvort mannvirkin hafa verið hluti af túngarði.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-001:006** *Hæri Mógrafir* náma mógrafir

65°54.836N 21°17.717V

"Hlíðin neðan Strýtu nefnist Hlíð. Neðan við rætur Hlíðar er Fremra Dalholt, Neðra Dalholt. Milli þeirra eru smáskriður. Þar er mýri við ána, er heitir Dalhotsmýri. Er hún álagablettur, er ekki má slá [sjá 010]. Neðan við Dalholtsmýrina eru mýrarflóar, sem kallast Hærrimýrar. Ná þær að svokölluðum Hæri Mógrofum, sem ber niður af Neðra Dalholti. Svo koma Neðrimýrar, ná þær ofan undir veg og heim að ánni. Þar nær ánni eru Heimri Mógrafir [007]," segir í örnefnalýsingu. Hæri Mógrafir eru uppundir neðra Dalholti, norðan við mynni Kolbeinsvíkurdals, rúma 750 m NV af bæjarhól 001.

Mýri í halla mót norðaustri. Hæri Mógrafir sjást ekki jafnvel og Heimri Mógrafir. Þó eru víða smáslakkar í mýrinni, vafalaust eftir mógrafir. Einnig eru reglulegir stallar suðvestan við Dalholt sem einnig gætu verið leifar mógrafa. Í grein Inga Guðmonssonar um Kolbeinsvík segir að mór á jörðinni hafi verið mjög lélegur og eingöngu rekaviður hafður til eldsneytis þegar hann man til, þ.e. í upphafi

20. aldar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Kolbeinsvík, 4-5

**ST-001:007** *Heimri Mógafir* náma mógafir

65°54.698N 21°17.493V

"Hlíðin neðan Strýtu nefnist Hlíð. Neðan við rætur Hlíðar er Fremra Dalholt, Neðra Dalholt. Milli þeirra eru smáskriður. Þar er mýri við ána, er heitir Dalholtsmýri. Er hún álagablettur, er ekki má slá [010]. Neðan við Dalholtsmýrina eru mýrarflóar, sem kallast Hærrimýrar. Ná þær að svokölluðum Hærrí Mógröfum [006], sem ber niður af Neðra Dalholti. Svo koma Neðrimýrar, ná þær ofan undir veg og heim að ánni. Þar nær ánni eru Heimri Mógafir," segir í örnefnalýsingu. Heimri Mógafir sjást vel, þær eru um 100 m vestan við þjóðveg og 50-60 m norður af Kolbeinsvíkurá.

Mýri í halla mót norðaustri.

Greinilegt mógafasvæði, a.m.k. 100 x 70 m stórt. Grafirnar eru uppgrónar að mestu og vex stór í botni en hvergi situr vatn. Þær eru ekki mjög reglulegar. Skammt er niður á mel og því hafa tæpast verið margar stungur af mó í gröfunum. Í grein Inga Guðmonssonar um Kolbeinsvík segir að mór á jörðinni hafi verið mjög lélegur og eingöngu rekaviður hafður til eldsneytis þegar hann man til, þ.e. í upphafi 20. aldar.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö- Kolbeinsvík, 4-5; Ingi Guðmonsson, 99

**ST-001:008** *Heimristekkur* tóft stekkur

65°54.787N 21°17.329V



*Leifar Heimristekkjá 008, horft í norðaustur*



"Á þessum mýrarflákum er lélegt gras, firningsgrasræmur. Lækur rennur niður um miðmýrarnar og heitir hann Stekkjarlækur. Heimristekkur heita tóftarbrot, sem eru við stóran stein nálægt læknum. Undir þeim

steini varð maður úti, Tómas víðförli, að sagt er," segir í örnefnalýsingu. Umræddur steinn er fast neðan við þjóðveg, 560 m NNV af bæ 001. Gróið land umhverfis nokkra staka kletta. Stekkurinn hefur sýnilega verið skemmdur mikið við vegagerð. Eftir stendur eitt greinilegt hólf sem hefur verið hlaðið milli klettanna. Hólfíð er um 4 x 4 m stórt, hlaðið að sunnan og austan og líklega einnig að vestan. Að norðanverðu skýla klettur. Hleðslurnar ná allt að 1,2 m hæð og eru algrónar með mikilli grósku, þó er líklega grjótt í þeim. Hugsanlegt er að nokkrum klettanna hafi verið rutt til við vegagerð.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kolbeinsvík, 5

**ST-001:009** *Fornistekkur* tóft stekkur

65°54.939N 21°17.493V

"Undir Hlíðinni neðst eru tóftarbrot, er heita Fornistekkur," segir í örnefnalýsingu. Fornistekkur er 2-300 m ofan (vestan) þjóðvegur, 860 m norður af bæ 001. Hann er í grýttum hvammi, vel afmörkuðum. Mýri er sunnan og suðaustan við hann en norðaustan við eru litlir kletthólar að þjóðvegi. Stekkurinn er tvískiptur, hlaðinn austan undir bakka, alls 11 x 7 m stór frá norðri til suðurs. Hann er ekki sérlega fornlegur að sjá. Gróska er töluverð og veggir lítið signir en grónir.



*Fornistekkur 009, horft í suðaustur*



Syðra hólfíð er heldur minna en það nyrðra eða um 5 x 6 m stórt. Op er á suðausturhorni þess og einnig er op á þvervegg, yfir í nyrðra hólfíð sem er um 6 x 7 m stórt. Op er á því norðvestast.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kolbeinsvík, 5

**ST-001:010** *Dalholtsmýri* álagablettur

65°54.775N 21°18.034V

"Hlíðin neðan Strýtu nefnist Hlíð. Neðan við rætur Hlíðar er Fremra Dalholt, svo Neðra Dalholt. Milli þeirra eru smáskriður. Þar er mýri við ána, er heitir Dalholtsmýri. Er hún álagablettur, er ekki má slá," segir í örnefnalýsingu. Ingi Guðmonsson hefur þetta um mýrina að segja: "[...] fram í miðjum dal er mýrafláki sem kallaður er Dalsmýri, á henni hvíla þau álög að hver sem slær hana til nýtingar þá annaðhvort tapast heyið í veður eða ef fénaði er gefið heyið þá drepst hann af því að éta það." Dalholtsmýri eða Dalsmýri er á Kolbeinsvíkurdal, líklega

norðan við Kolbeinsvíkurá.

Þar eru víða mýrablettir og ekki ljóst hver nákvæmlega var Dalholtsmýri..

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kolbeinsvík, 4; Ingi Guðmonsson, 99

**ST-001:011** *Skipaklettsvík* heimild um lendingu

65°54.530N 21°16.920V

"Frá ánni (Kolbeinsvíkurá) nefnist víkin Skipaklettsvík. Dregur hún nafn sitt af kletti, Skipakletti, sem er niður af bænum í Kolbeinsvík og áður getur. Þar hefur verið landing og bátar settir upp með honum, því skjól er þar fyrir veðrum," segir í örnefnalýsingu. Mikið ber á Skipakletti beint niður af bæ 001, ofan við fjöruna. Lendingin hefur áreiðanlega verið vestan við klettinn.

Þarabunkar eru í fjörunni sem er mjög grýtt. Tóftir 021 eru ofan landingarinnar, við klettinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kolbeinsvík, 6

**ST-001:012** *Nestóftir* hleðsla hjallur


65°54.491N 21°16.716V



*Hleðslur á Nestanga 012, horft í suður*

"Þá kemur Nesvík. Nestangi heitir klettabelti er gengur í sjó fram utan við víkina, sjóbarið og gróðurlaust. Gengur sjór iðulega yfir nesið. Þar er Nesboði sem er umflotinn (sund við land). Upp á nesinu er skarð, Nesskarð, í klettabeltið, sem nefnist Nesklettur. Í Nesklettum eru tóftarbot, sem nefndust Nestóftir", segir í örnefnalýsingu. Nesklettur eru rúma 300 m austur af bæ 001. Engar eiginlegar tóftir sjást í þeim utan sjóbúð 013. Þó eru hleðsluleifar þar sem klettana ber hæst, um 25 m SSV af tóft 013. Hæð með lágum klettum. Vel gróið er á milli þeirra.

Lág varða er á hæsta klettinum, um 1 m há. Hún er ferköntuð í grunninn og gæti hafa verið innsiglingarvarða. Hún er hlaðin syðst á ílangri grjóthrógu sem gæti verið eldri hleðsla, að mestu úr stórgrýti. Hún nær um 6-7 m norður fyrir vörðuna. Samsíða hrúgunni, um 2 m austar, er önnur lík hrúga sem einnig gætu verið leifar hleðslu. Þá sjást greinilegar, hálfgrónar veggjaleifar um 6 m vestur af vörðunni. Það eru tvær samsíða grjóthleðslur sem liggja N-S, hvor um sig 3-4 m löng og 5 m eru á milli þeirra. Hleðsluleifarnar virðast ekki líklegar til að vera af eiginlegum húsum,





líklegra er að hjallar eða herslugarðar hafi verið á klettunum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Kolbeinsvík, 6


**ST-001:013** tóft sjóbúð

65°54.504N 21°16.704V

"Upp af lendingunni í nesinu var innrekstrarkró. Var þar stíað, er fært var frá. Síðar var því breytt í sjávarhús. Svo var kallað hús, er saltaður var fiskur í og geymd sjóföng," segir í örnefnalýsingu. Tóftin er upp af krika sem er sunnan við nestána, um 350 m austur af bæ 001.

Tóftin er fremst eða austast í skarði milli kletta, það er gróið í botni.

Tóftin er tvískipt og hlaðin þvert fyrir norðurenda skarðsins og norður fyrir klettinnsem markar skarðið að vestanverðu. Alls er hún um 10 x 5 m stór og eru hólfin



hér um bil jafnstór, líkast til bæði grjóthlaðin.

Hið vestara er þó mun meira gróið og hefur líklega verið notað skemur. E.t.v. tilheyrir það eldra byggingarstigi, þ.e. stekknunum. Ekki sést op á því. Austurhólfið er grjóthlaðið og alveg ógróið, dyr eru á því vestast á norðurhlið. Í skarðinu, um 5 m sunnan við þetta hól sjást grjótdreifar sem gætu verið leifar af hleðslu þvert yfir skarðið. Er líklegt að það hafi verið notað sem aðhald þegar stíað var á staðnum, enda kjörið til þess frá náttúrunnar hendi. Klettaveggirnir eru allt að 2 m háir.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Kolbeinsvík, 7



*Sjóbúð/stekkur 013, horft í norður*

**ST-001:014** heimild um lendingu 65°54.514N 21°16.705V

"Þá kemur Nesvík. Nestangi heitir klettabelti er gengur í sjó fram utan við víkina, sjóbarið og gróðurlaust. Gengur sjór iðulega yfir nesið. Þar er Nesboði sem er umflotinn (sund við land). Upp á nesinu er skarð, Nesskarð, í klettabeltið, sem nefnist Nesklettur. Í Nesklettum eru tóftarbrott, sem nefndust Nestóftir [012]. Upp með Nesklettunum var landingarstaður upp með Nesflúru...Upp af lendingunni í nesinu var innrekstrarkró [013]," segir í örnefnalýsingu. Í grein sinni um Kolbeinsvík segir Ingi Guðmonsson: "Í nestánni ruddi faðir minn vör og setti bát sinn þar er hann réri að heiman." Lendingin hefur verið beint niður af tóft 013.

Þar er mjög stórgrýtt fjara. Flúra norður af henni er að líkindum Nesflúra.

Ekki sjást lengur merki um rudda vör.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Kolbeinsvík, 7; Ingi Guðmonsson, 99

**ST-001:015** Strákaskarð þjóðsaga legstaður

65°54.358N 21°16.792V

"Prestavík byrjar með skarði í klettabeltið, er nefnist Strákaskarð. Höfðu strákar tveir barist þar til ólífis og átt að vera heygðir þar," segir í örnefnalýsingu. Strákaskarð er austan til á Nesi, rétt við þar sem það mætir landi að sunnan, 380 m SA af bæ 001.

Skarðið er allt að 50-60 m breitt. Mýri er upp af því en klettur fram af skarðinu, við sjóinn.

Ekkert sést sem minnir á dys í skarðinu. Reyndar er grjóthruða á klettunum sunnan við það sem e.t.v. hefur verið notaður til að fylla upp í sprungu í klettunum sem gæti verið hættuleg skepnum.


**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Kolbeinsvík, 7

**ST-001:016** Birgisvöllur tóft beitarhús

65°54.539N 21°17.078V

"Birgisvöllur er upp af Skipaklettsvík frá fjöru og upp að honum er dálítið undirlendi um 30 faðmar, þar hafa verið beitarhús," segir í grein Inga Guðmonssonar um Kolbeinsvík. Greinileg tóft er í Skipaklettsvík, 100 m ANA af bæ 001. Grasi gróið undirlendi er við víkina upp af sjávarkampni en þá



Tóft 016 á Birgisvelli, horft í austur

tekur við hár bakki upp að þjóðvegi. Fast norðan við tóftina rennur lítill lækur gegnum bakkann til sjávar.

Tóftin er samansigin en gróskumikil, 12 x 5 m stór og snýr skáhallt á fjöruborðið frá austri til vesturs. Hún er einföld og algróin, dyr snúa í austur, að fjörunni þar sem eru miklir þarabunkar. Rekaviður er þar mikill og hefur borist yfir tóftina. Veggjahæð er mest um 0,7 m en hvorki mótar fyrir jötum né garða. Í áðurnefndri grein segir: "Í norðan sjógangi reif upp þara á skerjum og grynningum út frá landi og mynduðust stórar þarahrannir sem sjórinn braut á alldrjúgan spöl frá landi, þegar brimið gekk niður hrúguðust þessi ósköp upp í háa þarabakka á fjörunum, þetta var mjög gott fóður fyrir féð með útibreitinni og sparaði mikið hey."

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ingi Guðmonsson, 100-101

**ST-001:017** gerði kálgarður

65°54.490N 21°16.872V

Tvær tóftir eru 50-60 m austan við tóftir 021, 220 m ASA af bæ 001. Grösugur sjávarbakki.





Nyrðri tóft 017, horft í norður

Nyrðri tóftin er 7 x 4 m stór frá norðri til suðurs. Hún er lík upphlöðnum, sporöskjulaga stalli, allt að rúmur metri á hæð en þó er grunn dæld í miðju og virðist sem tóftin sé tvískipt. Hún er algróin og hvergi sjást dyr. Vegarstöði liggur frá þjóðvegi að tóftinni en klofnar í tvennt fast suðvestan við hana: Liggur annar slóðinn til austurs meðfram suðurenda tóftarinnar en hinn til norðvesturs. Um 10 m suðvestan við tóftina, sunnan

við áðurnefndan slóða, er önnur tóft eða gerði, ekki ólíklegt að það sé gamall kálgarður. Gerðið snýr norður-suður og er rúmlega 10 m langt, 5 m breitt fyrst en breiðara syðst, allt að 7 m. Það er hlaðið utan í bakka, líklega úr torfi að mestu, og hallar dálítið mót norðaustri. Hleðslur meðfram því eru á þrjár hliðar en op er til suðurs.

**Hættumat:** engin hætta




**ST-001:018** tóft 65°54.709N 21°17.345V

Tóft er á þurru holti fast austan við Heimri Mógrafir 007, 10-15 m vestan við þjóðveg og 420 m norður af bæ 001. Þurrt holt. Tóftin er einföld, 5 x 5 m stór og nærri því að vera ferhyrnd. Veggirnir eru breiðir en mjög signir, varla meira en 0,4 m háir og algróinir. Dyr sjást ekki. Inni í tóftinni norðvestast er reglulegur, ferkantaður niðurgöftur

og líkast því sem stungið hafi verið innan úr tóftinni á svæði sem er um 1,5 x 0,5 m stórt. Sárið er alveg gróið. Suðurmörk tóftarinnar eru frekar óljós, þar rennur hún saman við þýfi. Mögulegt er að tóftin hafi skemmst við vegagerð, enda hefur efni úr holtinu austanverðu verið ýtt upp í vegginn og munar innan við 2 m að austurveggur tóftarinnar hafi lent í umrótinu. Tóftin gæti verið af mógeymslu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-001:019** tóft útihús 65°54.529N 21°17.194V



Tóft er við túnjaðar um 30 m vestan við þjóðveg og um 60 m norður af bæjarhól 001. Staðsetning tóftarinnar passar ágætlega við lýsingu á Heimri Kvíum, sjá 032. Túnjaðar en utan hans er mýrlendi ráðandi.

Tóftin er einföld, 5 x 6 m stór og snýr NV-SA, dyr eru syðst á vesturvegg. Leifar tréstauro, e.t.v. stoða, liggja inni í tóftinni. Veggirnir eru veglegir, allt að 0,8 m háir en algrónir. Áföst tóftinni að vestan er önnur tóft eða gerði sem er allt að 10 m langt og 4,5 m breitt. Lítið op er á suðausturhorni þess Veggir virðast veigalitlir, líklega torfhláðnir, og mun minni um sig á en á áður nefndu tóftinni. Hugsanlega eru þetta leifar kálgarðs.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-001:020** tóft rétt



65°54.304N 21°16.883V

Tóft er innst í hvamminum sunnan bæjar, undir svonefndum Spena, 30-40 m vestan þjóðvegur en rúma 400 m suðaustur af bæ 001.

Grösugar, harðlendar grundir eru í hvamminum sem markast af Spena að sunnan en Kolbeinsvíkurhrauni að norðan. Tóftin er alls 12 x 5 m stór og snýr SA-NV. Hún skiptist í tvennt með þvervegg heldur austar en fyrir miðju. Op hefur verið suðaustast en einnig virðist norðvesturgafi



Réttartóft 020, horft í norður



vanta. Veggir eru aðeins um 0,4 m háir en algrónir. 30-40 m suðaustar, fast undir Spenanum vottar óljóst fyrir leifum grjóthleðslu sem sést á um 5 m löngum kafla meðfram Spenarótum, hér um bil frá vestri til austurs.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-001:021** tóftir naust

65°54.516N 21°16.926V

"Kringum Skipaklett eru naust, því þar hafa verið geymdir bátar," segir í örnefnalýsingu. Skipaklettur er áberandi klettur tæpa 200 m austur af bæ 001. Suðaustan undir klettinum eru



Naust við Skipaklett, horft í suðvestur





greinilegar tvær nauststóftir og tvær aðrar tóftir að auki. Grösugur bakki í halla mót norðri. Fram af honum eru klettur út í sjó. Nauststóftirnar tvær eru sambyggðar. Sú vestari er um 10 m suðaustan við Skipaklett. Hún er 9 m löng frá norðri til suðurs og um 3 m breið, opin í norður. Allir veggir eru upphlaðnir og allt að 1 m háir, algrónir. Innst í tóftinni liggur rekaviður þversum, líklega hvolftré. Sambyggt að suðaustan og samsíða er annað naust, 11-12 m langt og 2,5 m breitt að innanmáli, allt að 1,4 m djúpt, einnig algróið. Um 5 m beint sunnan við það er óljós tóft, líkt og stungið hafi verið upp ferhyrnt svæði, um 10 x 5 m stórt frá austri til vesturs og hlaðið með því, a m.k. að hluta að sunnan- og vestanverðu. Hleðslur virðast úr torfi eingöngu, um 0,5 m háar. Þetta gætu verið leifar kálgarðs. Um 7 m austan við hann, undir Skipakletti, vottar fyrir algróinni hleðslu á tvær hliðar sem myndar hólf á móti klettaveggnum að austan, um 5 x 5 m stórt, opið til norðurs. Hleðslur eru veglegar, allt að 1,2 m háar og a.m.k. 1 m á þykkt. Lækjarsytra kemur upp inni í tóftinni og rennur til sjávar og því erfitt að sjá til hvers mannvirkid hefur verið notað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kolbeinsvík, 11

**ST-001:022** tóft brunnur


65°54.508N 21°17.180V

"Frá bænum eru um tuttugu og fimm faðmar að Bæjarlæknum. Var þar brunnhús. Þar var tekið

neysluvatn," segir í örnefnalýsingu. Leifar brunnhússins eru 10-15 m NNV af bæjarhól 001.

Þar rennur bæjarlækurinn, tær og ágætlega vatnsmikill.

Húsið hefur verið byggt yfir lækinn og sést tóftin glögg, 4 x 5 m stór frá norðri til suðurs. Hún er einföld og mótar fyrir opi á suðurhlið, að bænum. Grjót sést ekki í veggjum sem ná um 0,6 m hæð.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kolbeinsvík, 11

**ST-001:023** vegur leið

65°54.287N 21°17.265V



Upphlaðinn vegur 023, horft í suður

Upphlaðinn vegur er í hlíð upp af hvammi sem er vestan bæjar, milli Spena og Kolbeinsvíkurhrauns. Í riti sínu, Stundir á Ströndum, segir Haukur Jóhannesson: "Áður en akvegur var lagður um þessar slóðir á sjöunda áratug 20. aldar var farið um söðulinn ofan við Spenann og sést gatan enn vel."

Skriðurunnin og grýtt hlíð, hálfgróin og mjög brött víðast hvar.

Vegurinn hefur verið ruddur um hlíðina og sumstaðar verið hlaðinn upp kantur meðfram honum, 1-2 umför. Ekki gafst tími til að rekja veginn en líklega hefur hann legið yfir Spena og áfram suður í Kaldbaksvík. Skriður hafa fallið yfir hann hér og þar og valdið skemmdum.

**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla

**Heimildir:** HJ, 12


**ST-001:024** Ytri Kvíar tóftir kvíar

65°54.559N 21°17.205V

"Fyrir utan lækinn voru Heimri Kvíar [032]; fyrir utan þær er Hundsholtið. Á því geltu hundarnir og spangólðu. Undir því sunnan megin eru Ytri Kvíar; fyrir neðan var Náthagi [029]. Garður var hlaðinn allt í kring og náði fram á Bakkabrún. Gegnum hann í syðri enda rann lækurinn ofan í Skipaklettsvíkina neðan Bakka," segir í örnefnalýsingu. Tóft sem kemur heim og saman við lýsinguna er fast vestan við þjóðveginn, 120 m norður af bæ 001.

Þar er grösug kvos undir holti en ofar er mýrlent.

Tóftin er 8 x 5 m stór og snýr hér um bil ANA-VSV.



Hún er tvískipt og er vestara hólfíð tæpur þriðjungur af heildarlengd tóftarinnar, opið í suður. Eystra hólfíð er opið í austur en ekki er op á milli hólfanna. Veggir eru algrónir og allt að 1 m háir. Mikil gróska er í tóftinni en ekki sér í grjóti. 5-6 m norðvestar, uppi á holtinu, eru mjög óljósar leifar af mjög svipaðri tóft, 8 x 5,5 m stórri sem snýr austur-vestur. Veggir eru aðeins 0,1-0,2 m háir, algrónir, og líklegt að tóftin sé eldri.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö- Kolbeinsvík, 11

**ST-001:025** tóft hesthús

65°54.546N 21°17.154V

"Innan veggja náttgarðsins [029] var byggt lambahús; var það kallað Náththagahúsið [026]. Einnig var byggt hús ofan Skipakletta á Nesgrundarhorninu, var það hesthús," segir í örnefnalýsingu. Hesthústóftin sést enn vel, hún er fast neðan eða austan við Þjóðveg, 100 m norður af bæ 001.

Túnjaðar en Bakkarnir eru fast austan við - bratti niður að fjöru. Um 10 m norðan við húsið rennur lækur gegnum Bakkana til sjávar. Tóftin er einföld, um 6 x 6 m stór og op í suðaustur. Timburleifar sjást innan veggja sem ná allt að 1 m hæð og töluvert grjót er þar einnig. Þjóðvegurinn er innan við 1 m frá suðvesturvegg tóftarinnar.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö- Kolbeinsvík, 11

**ST-001:026** Náththagahús tóft lambhús

65°54.488N 21°17.074V

"Innan veggja náttgarðsins [029] var byggt lambahús; var það kallað Náththagahúsið," segir í örnefnalýsingu. Leifar Náththagahúss eru 75 m austur af bæ 001, fast neðan eða austan við Þjóðveginn. Þar er þýft tún í órækt.

Lögun tóftarinnar er óljós og líklega hefur henni verið raskað við vegagerð, enda minna en 1 m að vegkantinum. Hún er alls um 16 m löng og allt að 8 m breið, snýr NNV-SSA. Suðurendinn er mjög ólögulegur, líkur þúst en greinilegt hólf í norðurenda, um 7 x 4 m stórt að innanmáli frá N-S, algróið. Tota virðist ganga frá tóftinni til austurs fáeina metra og þar sjást leifar af hólfu, um 4 x 4 m stóru. Veggir eru signir, um 0,5 m háir. Teikning af tóftinni er á næstu síðu, hjá Náthaga 030.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö- Kolbeinsvík, 11

**ST-001:027** tóft 65°54.732N 21°17.516V

Tóft er skammt norðan við Heimri Mógrafir 007, í brekku um miðja vegu upp að mynni Kolbeinsvíkurdals. Þurr holt í mýri. Tóftin er 6 x 4 m stór og snýr NV-SA, líkust upphlöðnum stali enda eru eiginlegir veggir ekki sjáanlegir. Hæð tóftarinnar er um 0,3 m. Líkast til er þetta heystæði eða stæði undan móhrauð.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-001:028** heimild

"Bærinn í Kolbeinsvík [001] stendur á hól, frá bænum að grjóttgarðinum [004] sem er um sextíu fadma vegalengd er slétt flöt, efst á þessari flöt voru fjárhúsin, túninu hallaði til sjávar og í miðju túni mótaði fyrir garði og var þessi flöt kölluð efri flöt en flötin fyrir neðan garðbrotið var



Náthagi 029, horft í suðaustur

kölluð neðri flöt [...]" segir í grein eftir Inga Guðmonsson frá Kolbeinsvík. Ekki er ljóst hvar garðbrotið var. Hafi það verið í miðju túni hefur það líkast til verið ofan eða vestan Þjóðvegar, milli hans og bæjarhóls 001. Smáþýft tún í órækt.

Engin merki sjást um garð á svæðinu, nema grjóttgarð 004.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ingi Guðmonsson, 99

**ST-001:029** Náthaginn garðlag náthagi

65°54.551N

21°17.145V





"Fyrir utan lækinn voru Heimri Kvíar [032]; fyrir utan þær er Hundsholtið. Á því geltu hundarnir og spangóluðu. Undir því sunnan megin eru Ytri Kvíar [024]; fyrir neðan var Náthagi. Garður var hlaðinn allt í kring og náði fram á Bakkabrún. Gegnum hann í syðri enda rann lækurinn ofan í Skipaklettsvíkina neðan Bakka," segir í örnefnalýsingu. Hluti garðsins sem hlaðinn var um Náthaga stendur enn. Hann er fast austan Þjóðvegur, liggur samsíða honum á milli lambhúss 026 og hesthúss 025. Húsin tvö voru innan náthagans. Smáþýft tún í órækt.

Garðurinn hefst tæpum 10 m austan við lambhústóftina. Þaðan liggur hann um 25 m til NNA en er þá rofinn á 5 m kafla - ekki er útilokað að þar hafi verið hlið. Þá heldur hann áfram í dálitlum sveig um 60 m til norðurs en þar rennur lækur í gegn niður Bakkana. Á öllu þessu svæði er garðurinn frekar útflattur, aðeins um 0,3 m hár og 0,8 m breiður, virðist grjótleaus. Bútur af honum (um 30 m langur) sést einnig norðan lækjarins og er hann þar heillegastur, allt að 0,5 m hár og lítið siginn. Garðurinn endar rúmum 10 m sunnan við hesthústóft 025. Alls er hann um 110 m langur. Ekki er ljóst hve stór Náthaginn hefur verið, enda vesturhliðin horfin. E.t.v. hefur garðbrot 028 sem nú er horfið tengst honum.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö- Kolbeinsvík, 11

**ST-001:030** *Kerling/Dvergur* þjóðsaga tröll

"Í Kolbeinsvíkurfjalli átti til forna að hafa átt heima tröllkona ásamt tveimur sonum sínum. Henni var illa til bóndans í Kolbeinsvík og vildi hann feigan og er hún sá sér færi, kom hún sér fyrir á klettastalli í fjallinu ásamt sonum sínum. Spymir hún þessari stóru hraunöldu úr fjallinu og hyggst færa allt í kaf, bæinn með öllu saman. En það bar svo til, að Guðmundur góði var staddur í Kolbeinsvík, einmitt er þetta skeði. Er hann heyrir skriðufallið, fer hann út og breiðir faðminn móti hrauninu. Stöðvaðist það þá, eins og það er í dag, en tröllkonan og synir urðu að steinum... Þar eru þrír klettur á stelli upp af Kolbeinsvíkurbænum, einn stærstur, Kerling og tveir minni norðan við hana, Dvergur," segir í örnefnalýsingu. Klettarnir eru uppi á fjalli nánast beint upp af Kolbeinsvíkurbænum. Fjallið var ekki klifið á vettvangi. Upplýsingaskilti er við Kolbeinsvíkurtún og þar er þjóðsagan skráð. Þeirri útgáfu ber þó ekki saman við þá sem er í örnefnalýsingu, enda segir þar að Speni hafi orðið til við þessar hamfarir - en hann er töluvert sunnan bæjar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Kolbeinsvík, 2

**ST-001:031** *haugur Kolbeins* þjóðsaga legstaður

Í Frásögum um fornaldarleifar segir: "Ellefte Haugur, er í Kolbeinsvíkurdal, eigandur Kolbeine, sem bið í Kolbeinsvík, og bærinn tekur nafn af, manna verk eru auðsiánnleg á hönnum, í skapnade er hann ávalur, mosa vaxenn, með stórum steinum að ofann, enn að nedann rennur lækur beggia vegna, og Vatnstíorn fyrir ofann." Í Stundum á Ströndum segir: "Fram á Kolbeinsvíkurdal á að vera fornmannahaugur og þar átti Kolbeinn sem víkin er kennd við að vera grafinn. Ekki vita menn nú hvar haugur þessi er." Engar frekari upplýsingar fengust um hauginn og ekki var gerð leit að honum á vettvangi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** FF, 436; HJ, 11

**ST-001:032** *Heimri kvíar* heimild um kvíar

"Fyrir utan lækinn voru Heimri Kvíar; fyrir utan þær er Hundsholtið. Á því geltu hundarnir og spangóluðu. Undir því sunnan megin eru Ytri Kvíar [026]," segir í örnefnalýsingu. Ekki er ljóst hvar Heimri Kvíar hafa verið. Staðsetning tóftar 019 virðist koma heim og saman við lýsinguna en hún líkist ekki aðhaldi heldur frekar útihúsi með sambyggðum kálgarði. Hugsanlega hefur hún verið reist á rústum Heimri Kvía en einnig gætu þær hafa horfið í tún. Því er nákvæm staðsetning ekki kunn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Kolbeinsvík, 11

## ST-002 Byrgisvík

8 hdr. 1847 og 1706. "Önundur tréfoðr, son Ófeigs burlufótar, Ívarssonar beytils, Önundur var í móti Haraldi konungi í Hafrsfirði ok lét þar fót sinn. Eptir þat fór hann til Íslands ok nam land frá Kleifum til Ófæru, Kaldbaksvík, Kolbeinsvík, Byrgisvík, ok bjó á Kaldbak til elli." ÍF I, 198 Í máldaga Reykjaholtskirkju frá árinu 1224 segir m.a.: "Þessa reka a kirkiaí reka holli. Vndir felli ytra þriðvngur hvalreka ok halfr viðreki ok land halft. Vndir iðra felli þriðvngur hvalreka ok likt i agoða. Sem vndir ytra felli. Þriðvngur hvarrtveggja i agoða. A mvnaðar nesi fiordvngur hvalreka. Að kambfi fiordvngur i hvalreka. I byrgisvík fiordvngur i hvalreka." DI I, 476. Byrgisvík fór í eyði 1945. Tún 2.5 ha 1917, allt þýft.

### ST-002:001 Byrgisvík bæjarhóll bústaður



Bæjarhóll í Byrgisvík 001, horft í norðaustur

Fremur bratt er niður af hólnum til suðurs og vesturs en aflíðandi í norður. Tún Byrgisvíkur er deigt, þýft og sinuvafið. Bæjarhóllinn í Byrgisvík er um 2 metra hár og u.þ.b. 30 x 25 metra stór. Efst á honum eru rústir síðasta bæjarins u.þ.b. 18 x 12 metrar að stærð, burstabæjar, sem sneri burstum til norðausturs. Hleðslur standa grónar og eru farnar að liðast í sundur og þakið er löngu fallið ofan í tóftina. Veggjagrjótt sést víða auk rafta og stoða úr rekaviði. Tóftin skiptist í 4 greinileg hólf, 2 samhliða og 2 vestast á hólnum. Fyrir framan (norðan) samhliða húsinn tvö eru veggjabrot. Greinilegt er að miklar mannvistarleifar leynast í bæjarhólnum og kringum hann sjást þúfnahlaup og garðlög.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Byrgisvík, 3; Túnakort 1917

### ST-002:002 tóft brunnur

Á túnakorti frá árinu 1917 er sýnt útihús sambyggt bæjarhúsum, suðaustan þeirra. Bæjarlækurinn rennur austan við hólinn u.þ.b. 2 metra austan við bæjarhúsin. Þar við lækinn og yfir hann að hluta er tóft, væntanlega af brunnhúsi. Bæjarhóllinn er mun grænni en sinuþýfið í túninu í kring og með austanverðum hólnum rennur bæjarlækurinn til norðurs. Tóftin er hlaupin í þúfur og fremur ógreinileg. Þó sést vel að lækurinn hefur verið byrgður (undir þaki) á um 3 metra kafla - á honum er jarðbrú og djúpar holur niður í hann þar sem þúfnahlaupið er hvað mest. Tóftin gengur u.þ.b. 5 metra áfram til austurs handan lækjarins en mörk hennar eru mjög ógreinileg að norðanverðu. Greinilegt op er á austurgafli en líklega hefur einnig verið op á vesturgafli gegnt bænum. Alls nær þúfnahlaupið sem virðist tilheyra tóftinni yfir um 7 x 5 metra svæði. Mesta hæð er 0,4 metrar. Teikning af tóftinni er með bæjarhól 001

**Hættumat:** engin hætt


**Heimildir:** Ö-Byrgisvík, 4; Túnakort 1917

### ST-002:003 tóft útihús

Á túnakorti frá 1917 er sýnt útihús í norðurjaðri túns (neðst í túninu). Þar sem útihúsið stóð, u.þ.b. 110

65°56.363N 21°19.327V

"Í beinni línu upp frá Hreggnesi stóðu bæjarhúsin á dálitlum hól, en þau eru öll komin í tóft. Upp frá Bæjarhólnum er dálftill engjablettur, sem heitir Breið," segir í örnefnaskrá. Byrgisvíkurbærinn var tæpa 3,9 km norðvestur af Kolbeinsvík og um 300 m norðan eða neðan Þjóðvegjar. Bæjarhóllinn rís hátt í norðvestanverðu túninu. Hann er mun grænni en sinuþýfið í túninu í kring og með austanverðum hólnum rennur bæjarlækurinn til norðurs.



65°56.365N 21°19.311V


65°56.425N 21°19.309V

metra norðaustur af bæjarhól 001, er rústabunga. Rústin er í Húsaparti. Túnið er allt hlaupið í þúfur og sinuvafið.

Rústin í túninu er u.þ.b. 7 x 5 metra stór og 0,5 metra há. Veggir eru runnir í sundur og ekki sést grjót. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og ekkert op er greinanlegt. Túngarðurinn 035 liggur neðan (norðan) rústarinnar.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917



**ST-002:004** tóft útihús 65°56.307N 21°19.195V

Á túnakorti frá 1917 er sýnt útihús í syðst í túninu (efst í túninu). Það er 160 metra suðaustur af bæjarhól. U.þ.b. 150 metra suðaustur af bæjarhól er rúst í túninu og virðist koma heim og saman við kortið.



Túnið er allt hlaupið í þúfur og sinuvafið.

Tóftin er ferningslaga 5 x 5 metrar og 0,3 metra há. Ekki sést grjót í hleðslum. Tóftin tengist túngarðinum 035 með veggstúfi sem þó er ekki alveg fast við (0,5 metra frá).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-002:005** tóft útihús 65°56.326N 21°19.303V

Á túnakorti frá 1917 er sýnt útihús beint suðsuðvestur af bæjarhól 001 (ofan við). Húsið stóð við Bæjarlæk í túnjaðri. Þar í túninu, u.þ.b. 70 metra suður af bæjarhól er tóft. Túnið er allt hlaupið í þúfur og sinuvafið. Bæjarlækur rennur við tóftina að austanverðu. Tóftin er 6 x 5 metrar að stærð og hleðsluhæð er 0,4 metrar. Hún liggur í norðaustur - suðvestur, ekkert grjót sést í hleðslum. Op snýr í norðnorðaustur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917



**ST-002:006** gata traðir

65°56.379N 21°19.331V

Um 10 metra norðan bæjarhóls eru garðlög sem hverfa í þýfið í túninu norður af hólnum. E.t.v. er þetta hluti traða heim að bænum. Túnið er allt hlaupið í þúfur og sinuvafið. Bæjarlækur rennur við austanverðan bæjarhólinn. Garðlögin eru tvö og samsíða. Þau eru 11 metra löng og liggja norður - suður og er hvort um sig u.þ.b. 0,5 metra breitt en milli þeirra eru tveir metrar. Garðlögin eru mjög sigin, 0,1-0,2 metrar á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Byrgisvík, 3

**ST-002:007** heimild um rétt

65°56.422N 21°19.074V

"Þá förum við heim að Bæjarhól [001]. Niður með bæjarhólnum rann Bæjarlækurinn og alla leið til sjávar og fram af bökkum í miðjum Húsaparti [003 og 032 standa í Húsaparti], sem tekur við fyrir innan Hreggnes, en fyrir innan Húsapart er nes, sem heitir Snoppa. Þar var innrekstrarbyrgi og féð rekið þar inn til rúningar, og stíað var þar," segir í örnefnaskrá. Snoppa er gróinn klettatangi milli tveggja víkna. Hún er niður undan túninu, norðvestast). Í víkinni fyrir innan Snoppu hefur sjórinn brotið land en aflíðandi halli er niður í hana. Hins vegar er bratt niður í víkina milli Snoppu og Hreggnesa. Engar fornleifar sáust við vettvangsathugun, réttin hefur e.t.v. farið í sjóinn.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Byrgisvík, 4

**ST-002:008** Veita örnefni áveita

65°56.396N 21°19.102V


"Fyrir ofan Snoppu var engjabreiða, sem nefnd var Veita, en næst fyrir innan Snoppu var tangi, sem hét Skothústangi [009], en fyrir innan hann var breið vík, sem hét Dagmálavík, og var það góð rekavík," segir í örnefnaskrá. Veita þessi hefur verið við austurjaðar túns, um 200 m austur af bæjarhól 001. Jafnvel er mögulegt að hluti hennar hafi verið innan túngarðs.

Mikið mýrarflæmi, illa afmarkað og rennur saman við túnið sem einnig er deiglent.

Engin merki sjást um áveitu í Veitu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Byrgisvík, 4



Túnakort Byrgisvíkur 1917

**ST-002:009** *Skothústangi* heimild um skotbyrgi 65°56.366N 21°18.973V  
 "Fyrir ofan Snoppu var engjabreiða, sem nefnd var Veita [008], en næst fyrir innan Snoppu var tangi, sem hét Skothústangi, en fyrir innan hann var breið vík, sem hét Dagmálavík, og var það góð rekavík," segir í örnefnaskrá. Skothústangi er norðan Dagmálavíkur, tæpa 300 m norðaustur af bæ 001. Klettatangi sem gengur um 100 m út í sjó. Hann er lægstur fremst og ógróinn þar, með klettum og klöppum en gróinn nær landi.

Engar leifar skothúss sjást á tanganum. Líklegasta staðinn fyrir skotbyrgi má telja einhvern stærstu klettanna nyrst og vestast á nesinu, upp við land. Ekki er útilokað að brim hafi skolað því burt eða að húsið hafi verið byggt úr rekaviði.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Byrgisvík, 4

**ST-002:010 Þórðarlækur** þjóðsaga

65°55.838N 21°17.973V

"Dálítinn spöl fyrir innan Sandhóla er lækur sem heitir Þórðarlækur. Dregur hann nafn af manni sem fótbrotnaði þar með því nafni. Nokkru síðar var Guðmundur góði á ferð, og vígði hann þennan læk í leiðinni, og hefur aldrei neitt komið fyrir þar síðan," segir í örnefnaskrá. Þórðarlækur er u.þ.b. 1,4 km suðaustur frá bæjarhól Byrgisvíkur. Hann rennur í gegnum ræsi á þjóðveginum og til sjávar.

Þórðarlækur sprettur fram undan Byrgisvíkurfjalli og rennur sína leið til sjávar eftir skriðunum. Þjóðvegurinn liggur yfir hann efst við fjallsrætur.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Byrgisvík 4-5

**ST-002:011 Naustavík** tóft naust

65°56.278N 21°20.191V

Naustavík er um 670 metra VSV frá bæjarhóli Byrgisvíkur 001: "Frá Kleif eru skriður, sem heita

Byrgisvíkurskriður, að Skriðuhrygg. Þar tekur við klettabelti við sóinn, sem kallað er Snös. Þar tekur við bás, sem heitir Merarbás. Þaðan eru klettabelti með sjónum alla leið heim á Naustavík en með standklettum, sem standa fram í sjó og básar á milli," segir í örnefnaskrá. Innst (vestast) í Naustavík er tóft.

Tóftin er á grónum, sléttum sjávarbakka sem nær upp að bökkum ofan við. Undan bökkunum seytlar vatn og er mýri í brekkurótum en þurrara er nær dregur sjávarkambinum.

Fjöruborð er u.þ.b. 9 metrum norðan tóftarinnar, bakkarnir u.þ.b. 20 metrum sunnan. Vegslóði er niður í víkina Tóftin skiptist í tvö hólf, e.t.v. sjóbúð og naust, enda bendir staðsetningin til slíkra mannvirkja. Tóftin er alls 9 x 5 metra stór að utanmáli og snýr í austur-vestur. Innra hólfíð (vestara) er 5 x 2 metrar að innanmáli með op vestast á norðurvegg. Tveir steinar liggja í botni þess vestarlega. Austan við er 4 x 2 metra stórt hólf. Norðurgafli eystra hólfins er alveg opinn (þ.e.a.s. niður að sjó) en smáop er á suðurgafli. Tveir steinar eru í miðri tóftinni, og í suðausturhorni. Hleðsluhæð er 0,4 metrar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Byrgisvík, 1



Tóftir nausta 011, horft í suður



**ST-002:012 Naustavíurlending** heimild um lendingu

65°56.299N 21°26.158V

U.þ.b. 640 metra VSV frá bæjarhóli Byrgisvíkur 001, er lending í Naustavík. Í örnefnaskrá segir: "Þá byrjum við aftur við Naustavíkursnös. Þar fyrir heiman er Naustavík [sjá 011]. Það er löng vík. Næst er Naustavíurlending, og var það líflending. Það var ekki verið á sjó, ef ekki var hægt að lenda þar. Þar voru beitarhús [013] að vetrum. Síðan tekur við tangi, og fremst á honum er klettur, sem bara var kallaður Klettur. Þar næst tók við Lendingin [014] sem alltaf var notuð í sémilegu veðri." Naustavíurlending er um 400 metra suðvestur frá Lendingunni 014.

Hrein fjara með láborðum hnullungum en steinar og smásker í víkinni. Upp af fjörunni er grasi gróíð undirlendi upp að háum sjávarbökkum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Byrgisvík, 2

**ST-002:013** tóft beitarhús

65°56.300N 21°20.124V

U.þ.b. 600 metra VSV frá bæjarhól Byrgisvíkur 001 eru beitarhús í Naustavík. Í örnefnaskrá segir: "Þá byrjum við aftur við Naustavíkursnös. Þar fyrir heiman er Naustavík [sjá 011 og 012]. Það er löng



Beitarhúsatóft 013, horft í norður


Tóftirnar eru tvær og ná yfir 30 x 15 metra svæði og er mesta hleðsluhæð er 1 metri. Beitarhúsin eru um 17 x 5 metrar að utanmáli og snúa norðvestur - suðaustur. Aftan við þau er sambyggður heygardur og hefur verið innangengt úr fjárhúsunum. Í beitarhúsunum eru tveir 6 metra langir garðar með 5 metra langri jötu í milli. Eitt op er á húsunum á, suðvestast á norðvesturgafli, móti sjó. Grjót er í hleðslum og stendur tóftin vel. Suðvestan við beitarhúsin er löng tóft sem snýr eins og beitarhúsin, nær frá brekkurótum og niður á mótis við norðvestustu vegg beitarhússins. Hún er orðin mjög sigin, sérstaklega norðvestast en skýrari er nær dregur bakkabrekkunni. Tóftin samanstendur af löngu hólfi fremst u.þ.b. 15 x 5 m að innanmáli, hringlaga tóft aftan við (1,5 metrar í þvermál, innanmál) og ferningslaga hólfi aftast (1,5 x 1,5 metrar að innanmáli). Aftan við mitt stærsta hólfið gengur steinaröð þvert yfir tóftina miðja. Steinarnir eru talsvert sokknir í sinu og gras. Garðlag gengur frá vesturhorni beitarhúsanna í sveig, fyrst til suðvesturs fyrir framan op signari tóftarinnar og svo í suður og hverfur þar. Líklega er signari tóftin gömul fjárhús með heygardi aftan við.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Byrgisvík, 2

vík. Næst er Naustavíkurlending [012], og var það líflending. Það var ekki verið á sjó, ef ekki var hægt að lenda þar. Þar voru beitarhús að vetrum," segir í örnefnaskrá. U.þ.b. 65 metrum utan (norðaustan) við tóftir 011í Naustavík er beitarhúsatóft og sigin tóft fast suðvestan við, líklega einnig gamalt fjárhús.

Tóftirnar eru á grónu, sléttu undirlendi ofan fjörunnar. Undirlendið nær að háum bökkum sem rísa sunnan til. Fjöruborð er u.þ.b. 9 metrum norðan tóftarinnar, bakkarnir u.þ.b. 6 metrum suðaustan við endagafli beitarhússins. Í brekkunni er klettasnös beint ofan við og klettatangi fram í víkina utan við. Vegslóði er niður í víkina innst.



**ST-002:014** *Lendingin* heimild um lendingu

65°56.402N 21°19.701V

"Þá byrjum við aftur við Naustavíkursnös. Þar fyrir heiman er Naustavík. Það er löng vík. Næst er Naustavíkurlending, og var það líflending. Það var ekki verið á sjó, ef ekki var hægt að lenda þar. Þar voru beitarhús að vetrum. Síðan tekur við tangi, og fremst á honum er klettur, sem bara var kallaður Klettur. Þar næst tók við Lendingin, sem alltaf var notuð í sémilegu veðri. Þar eru háir bakkar, en fyrir miðri Lendingunni er standklettur, sem heitir Standur, og er hann uppi undir bökkunum. Lendingin sjálf er frekar mjó læna, en heiman til í henni miðri er flúra, flöt að ofan. Hún er svona 150 metra löng og fer í kaf á flæðum og er kölluð Langhryggja, en við hliðina á henni er önnur flúð, sem nær jafnlangt fram og kletturinn áður nefndi, og ef eitthvað er í sjóinn, þá brýtur saman milli þessara tanga og lokar Lendingunni," segir í örnefnaskrá. Lendingin er u.þ.b. 290 metra vestnorðvestur af bæjarhól Byrgisvíkur 001 í beinni loftlínu og 370 metra norðaustur (út með fjöru) frá beitarhúsunum í Naustavík 011. Stórgrýtt fjara með láborðum stórum steinhnullungum og klettatanga beggja megin.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Byrgisvík, 2



**ST-002:015** tóft heystæði

65°56.161N 21°20.983V

U.þ.b. 1,3 km VSV frá bæjarhóli Byrgisvíkur 001 er sporöskjulaga tóft í mýrinni milli Skárfár og Byrgisvíkurskriðna. Tóftin er u.þ.b. 25 metrum fyrir suðaustan heystæði 018 og 15 metra austan heystæðis 017. Mógrafir 016 eru tæplega 40 metra norðaustan við tóftina.

Mýrin er lítið þýfð en fremur blaut. Hallar mót norðri. Þjóðvegurinn um Strandir liggur í fjallsrótum u.þ.b. 50 metrum ofar. Tóftin er 6 x 4 metrar að utanmáli en dældin í henni miðri er 3 x 1,5 m. Talsvert þúfnahlaup er í kringum tóftina en hún er hæst að neðanverðu þar sem hefur verið hlaðið undir hana til að hafa hana slétta. Þar



er hún 0,3 metra há. Tóftin er uppbyggð í mýrinni og mun grænni en bleik mýrin í kring. Mógrafir eru sunnan tóftarinnar og gæti tóftin verið móstæði eða heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:016** náma mógrafir

65°56.169N 21°20.938V

Í mýrunum milli Skárfár og að Byrgisvíkurskriðum eru tvær mógrafir. Heystæði 015, 017 og 018 liggja frá norðvestri til suðausturs fyrir vestan og suðvestan mógrafinnar.

Mýrin er lítið þýfð en fremur blaut. Hallar mót norðri. Þjóðvegurinn um Strandir liggur í fjallsrótum um 50 metrum ofar. Mógrafirnar eru mjög nærri hvor annarri aðeins mjó jarðbrú í milli. Sú nyrðri er stærri, vel afmörkuð og næstum sporöskjulaga. Sú syðri er kantaðri. Svæðið sem mógrafirnar eru á er u.þ.b. 50 x 50 metrar en mesta dýpt grafanna er 1 metri.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:017** tóft heystæði

65°56.163N 21°21.003V

Í mýrunum milli Skárfár og að Byrgisvíkurskriðum er tóft. Hún er u.þ.b. 20 metrum vestur af heystæði 015 og smálækur rennur á milli þeirra, og u.þ.b. 15 metrum ofan (sunnan) heystæðis 018. Mógrafir 016 eru um 50 metrum norðaustan tóftarinnar.

Mýrin er lítið þýfð en fremur blaut. Hallar mót norðri. Þjóðvegurinn um Strandir liggur í fjallsrótum um 70 metrum ofar. Tóftin er mun grænni en bleik mýrin í kring, hringlaga og mikil þúfnamyndum í henni og við hana. Hún er 6 x 5 metra stór og hleðsluhæð 0,3 metrar. Við tóftina efst er talsverðar þúfur og hleðslur óglöggar og signar. Tóftin er uppbyggð í mýrinni og mun grænni en bleik mýrin í kring. Tóftin er að öllum líkindum heystæði eða móstæði.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:018** tóft heystæði 65°56.172N 21°21.005V

Í mýrunum milli Skárfár og að Byrgisvíkurskriðum er tóft. Hún er u.þ.b. 25 metrum norðvestur af heystæði 015 og u.þ.b. 15 metrum neðan (norðan) heystæðis 017. Mógrafir 016 eru um 50 metrum norðaustan tóftarinnar.

Mýrin er lítið þýfð en fremur blaut. Hallar mót norðri. Þjóðvegurinn um Strandir liggur í fjallsrótum um 90 metrum ofar.

Tóftin tvískipt og dropalaga að kalla, mjókkar til norðausturs. Hún er 8 x 5 metra stór og 0,3 metra há og liggur norðaustur - suðvestur. Sigin hleðsla virðist vera í norðausturhluta tóftarinnar og er hún dýpri í þeim enda (0,3 m en um 0,1-0,2 djúp í suðvesturhlutanum). Tóftin er umkringd sporöskjulaga grasi grónum þúfnakra. Tóftin er uppbyggð í mýrinni og mun grænni en bleik mýrin í kring.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:019** náma mógrafir

65°56.195N 21°21.202V

"Landamerki milli Veiðileysu og Byrgisvíkur eru við Veiðileysuklauf í miðjan Kleifabás. Fjallið fyrir ofan Veiðileysukleif heitir Burstafell. Frá Kleif eru skriður, sem heita Byrgisvíkurskriður að Skriðuhrygg...Skarfadalur heitir dalur, sem Skarfá rennur eftir...Að norðan til við Skarfadalsá [nafn á Skarfá í dalnum] er engjabreiða frá fjallsrótum og til sjávar, og alla leið að Hryggjabarði er engjabreiða, sem nefnd var bara Engjar," segir í örnefnaskrá. Innst (nyrst) í Engjunum eru mógröf. Gröfin er um 1,450 km frá bæjarhóli Byrgisvíkur 001 og u.þ.b. 210 metra norðvestur af mógröfum 016. Víða má sjá merki um mótak þarna á Engjunum. Þessi mógröf er við klettabelti, Hryggjabarð, innst (suðvestast) í Engjunum.

Mýrin er fremur slétt og hallar mót norðri. Lækjarsytrur seitla víða í mýrinni. Þjóðvegurinn liggur u.þ.b. 30 metra ofan mógrafarinnar.

Mógröfin nær yfir 50 x 30 metra svæði og dýpt hennar aðeins 0,2 metrar. Mýrin er mun grýttari en utar í mýrinni eins og t.d. í kringum mógrafir 016.


**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar


**Heimildir:** Ö-Byrgisvík, 1-2

**ST-002:020** tóft

65°56.222N 21°20.926V

Suður af Háakletti í utanverðum Djúpabás er tóft. Hún er neðst í Engjum, u.þ.b. 1,2 km VSV frá bæjarhóli Byrgisvíkur 001, 110 metrum NNA af heystæði 018 og u.þ.b. 100 metrum norður af mógröfum 016. Mýrin er mjög blaut en þurr er fremst á bakkanum, framan við tóftina. Tóftin stendur því neðst í mýri rétt ofan sjávarbakka. Lækur rennur nokkrum metrum vestan tóftarinnar.





Tóftin er ferhyrningslaga, 5 x 4 metrar, og snýr norðaustur-suðvestur. Op er suðaustarlega á suðvesturvegg (mót fjalli). Veggir eru eingöngu úr torfi en signir, 0,3 metra háir en allt að 1 metra breiðir og eftir þeim miðjum eru för, líkust götum eftir sauðfé. Í tóftinni stendur vatn sem hefur safnast í hana úr mýrinni.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:021** þúst  
Suður af Háakletti í  
utanverðum  
Djúpabás er óljós

tóft. Hún er 10 metra suðaustur af tóft 020. Sunnan til er mjög blaut mýri en þurr er á sjávarbakknum, norðan við tóftina. Tóftin er neðst í mýri rétt ofan sjávarbakka. Lækur rennur vestan tóftarinnar. Tóftin er á þurri smágrund, iðagræn upp úr í bleikri mýrinni í kring. Hún er hringlaga eða sporöskjulaga 6 x 4 metrar og 0,2 metra há. Óljósar hleðslur sjást að suðaustanverðu og dæld í vestanverðri tóftinni. Tóftin er alveg þurr og í henni allt annar gróður en í mýrinni í kring. Lagið líkist heystæðum 015, 017 og 018.


**Hættumat:** hætta

65°56.218N 21°20.918V



Tóft 021, horft í norður

**ST-002:022** þúst



Suður af Háakletti í utanverðum Djúpabás er þúst. Hún er 15 metra í austsuðaustur af tóft 021 og 110 metra norðaustur af heystæðistöft 018.

Mjög blaut mýri er sunnan þústarinnar en þurr er framan við hana á sjávarbakknum að norðanverðu. Tóftin er því neðst í mýri rétt ofan sjávarbakka. Klettasnos gengur í sjó fram u.þ.b. 5 metrum austan við þústina. Þústin er mun grænni en mýrin í kring, 3 x 2 metra stór og 0,3 metra há. Allt annar gróður er í þústinni og hún virðist uppbyggð. Þústin er nokkuð regluleg á austurhlið og í henni miðri er dæld.

**Hættumat:** engin hætta

65°56.213N 21°20.900V

**ST-002:023** *Norðari-Torfholtsmýrar* náma rista

65°56.222N 21°20.555V

"Að heiman til við Skarfá voru engjar, sem heita Norðari-Torfholtsmýrar. Þar fyrir heiman voru klettur, sem heita Torfholt, en þar fyrir heiman og alla leið heim að bæ var kallað Torfholtsmýrar," segir í ornefnaskrá. Austan Skarfár eru merki um mótak eða ristu. Mýri er frá Skarfá heim allt norðaustur að Byrgisvík. Frá ánni er tæpur 1 km að bæjarhól 001. Mýrin er sléttlend og nær frá fjallsrótum og niður á sjávarbakka, hallar mót norðri. Víða sjást merki um ristu eða mótak á þessu svæði sem áætla má um 700 x 300 metra stórt og það liggur nánast austur - vestur. Dýpt grafanna er u.þ.b. 0,1 metri.

**Hættumat:** engin hætta



Beitarhúsatóft 024, horft í norður

**ST-002:024** tóft beitarhús


65°56.340N 21°19.923V

U.þ.b. 170 metrum norðaustan beitarhús 013 eru önnur beitarhús. Þau eru standa vel, en fast norðan þeirra er sigin tóft, að líkindum einnig fjárhús. Tóftirnar eru rétt innan við Klettinn. Tóftirnar eru alveg í brekkurótum og eru klettur efst í bökkunum. Mýri er vestan tóftanna og rennur lækur eftir henni. Fjaran er u.þ.b. 14 metrum norðan tóftanna. Tóftasvæðið er 16 x 10 metrar að utanmáli og hæstu hleðslur 0,6 metrar. Mikil gróska eru í kringum tóftirnar sem nú verða kallaðar A og B til aðgreiningar. Beitarhúsatóft A er sunnar, alveg í brekkurótum.



Hún er alls 7 x 7 metra stór og samanstendur af fjárhúsi og heygardi. Heygarðurinn er tæplega 2 x 3 metra stór og sambyggður fjárhúsinu við austurlanghlið þess og er innangenngt úr honum í beitarhúsið. Fjárhúsið er 3 x 5 metrar og snýr norður -suður. Í því eru tveir garðar og 4 m löng jata í milli. Eitt op er á fjárhúsinu, til vesturs, og er það norðarlega á vesturlanghlið. Grjót er í hleðslum en það sést aðallega að innanverðu. 4 metrum norðan við beitarhúsin er sigin tóft B. Sú snýr þvert á beitarhúsatóft A, eða austur - vestur. Tóft B er mjög sigin en bæði byggð úr torfi og grjóti en grjótið er runnið úr hleðslum. Að innanmáli er hún u.þ.b. 4 x 2 m stór og virðast að hluta til niðurgrafin. Austan hennar mótar fyrir tveimur ferningslaga dældum, hvor um sig u.þ.b. 1 x 1 metra stórar að innanmáli. Op tóftar B er vestarlega á norðurveggi og snýr í norður (mót sjó).

**Hættumat:** engin hætta



**ST-002:025** tóft sjóbúð

65°56.390N 21°19.781V

Um 350 m vestur frá bæjarhóli Byrgisvíkur 001, beint upp af Klettinum, sem er vestan Lendingarinnar 014 er tóft á sjávarbakka. Tóftin er í brekku, norðan undir bröttum bakka með klettum í brúninni og hrynur sífellt úr klettunum ofan í tóftina sem er orðin hálf full af grjóti, sérstaklega að austanverðu. Fjaran er u.þ.b. 3 metrum norðan tóftarinnar. Sjávarbakkinn er mjór, þurr grasimi.




*Sjóbúðartóft 025, horft í norðvestur*

Tóftin er 10 x 5 metrar, og snýr austur - vestur. Hún skiptist í fjögur hólf, þrjú eru samsíða en eitt er aftan (sunnan) raðarinnar. Ysta (austasta) hólf er u.þ.b. 4 x 1,2 metrar að innanmáli. Það er fullt af grjóti sem hefur hrunið úr bakkanum ofan við og suðurveggur farin að gefa sig. Op þessa hólf er vestarlega á norðurlangvegg og snýr í norður, mót sjó.

Fyrir næsta húsi hefur að


líkindum verið timburpil því norðurgabl er opin mót sjó. Svoltíð grjót liggur í botni hennar innst (syðst). Þetta hólf er u.þ.b. 2 x 1,2 metrar að innanmáli. Við vesturhlið þessa hólf er óskýrt garðlag eða veggstúfur, 0,5 metra breitt, sem gengur í boga út frá vesturvegg til norðurs u.þ.b. 3 metra langt. Það er fullt af grjóti og opið til norðurs, mót sjó. Aftan við hólf sem hefur að líkindum haft timburpil, er hólf alveg í brekkukverkinni. Op þess hólf snýr í vestur en brekkan gegnir hlutverki suðurveggis en hlaðið er innan með. Tóftin er byggð úr torfi og grjóti og sést hleðslugrjót bæði í veggjum að innan og utanverðu. Veggirnir eru þó mjög farnir að gefa sig vegna grjóthruns og sig fyrir brekkunni. Hleðsluhæð er mest 0,6 metrar. E.t.v. standa þessar tóftir í samhengi við Lendinguna 014 sem er u.þ.b. 50 metra norðaustar og eru leifar sjóbúðar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna skriðufalla



**ST-002:026** tóft útihús

65°56.431N 21°19.556V



Ofan sjávarbakka, ofan Fúlúvíkur u.þ.b. 215 metra norðvestur frá bæjarhóli Byrgisvíkur og um 120 metra norðaustur frá Lendingunni 014 er tóft. Mikið þýfi og gras, en þurrt. Sjávarbakkinn er u.þ.b. 4 metrum neðan norðurlangveggjar tóftarinnar. Ofan við tóftina (sunnan og suðaustan hennar) er deigt og þýft Byrgisvíkurtúnið. Tóftin er áberandi græn í sinum þótt hún sé sigin, aðeins 0,3 metrar á hæð. Hún er 14 x 6 metrar að utanmáli og liggur austur - vestur. Hún skiptist í tvö hólf, hið ytra (eystra) er mun stærra 3 x 7 að innanmáli með óreglulega steinaröð í vesturenda sem líklega hefur verið skipting í tóftinni.

Einnig er að sjá sem veggstúfur gangi inn í tóftina á þessum stað. Þremur metrum vestan við þetta stóra hólf, en þó sambyggt að virðist, er hólf. Það er u.þ.b. 2 x 2 metrar að innanmáli en norðvesturhluti er horfinn. Ekki er ólíklegt að þetta hafi verið fjárhús með heygarði aftan við. Ekkert grjót er sjáanlegt í sjálfum veggjunum né op á tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta


**ST-002:027** tóft útihús

65°56.347N 21°19.246V

U.þ.b. 70 metra suðaustur af bæjarhól 001 og tæplega 60 metra norðaustur af útihúsi 005 sem er við Bæjarlækinn syðst í túni, er útihústóft. Túnið



Útihústóft 027, horft í vestur



er allt hlaupið í þúfur, sinuvafið og víða blautt. Tóftin er nýleg og stæðileg. Hún er 10 x 5 metrar að utanmáli og liggur suðaustur - norðvestur. Mesta hæð hleðslna er enn um 1 metri og grjót sést í hleðslum. Tvö op eru á tóftinni, á norðausturlangvegg og suðausturgafli. Stoð úr rekaviði er við miðjan

norðvesturvegg. Þakrefti var úr rekaviði og er það fallið í tóftina. Mikið þúfnahlaup er um tóftina miðja, líklega þakhrun.


**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:028** tóft fjárhús

65°56.394N 21°19.160V

U.þ.b. 130 metra norðaustur af bæjarhóli Byrgisvíkur 001 og 130 metra suðaustur af útihúsatóft 003 sem er nyrst í túnjaðri við túngarð 035, er tóft. Tóft þessi er syðsti hluti tóftaraðar (sjá tóftir 029, 030 og 031), sem gengur frá norðaustri til suðvesturs. Tóftaröðin er rétt ofan sjávarbakka, nesið Snoppa er u.þ.b. 80 metra norðvestur af tóftinni.

Byrgisvíkurtúnið er vestur og suðvestur af tóftunum. Túnið er allt hlaupið í þúfur, sinuvafið og víða blautt. Á bökkunum þar sem tóftin er, er hinsvegar þurrt. Tóftin er áberandi og stæðileg, 10 x 8 metrar og liggur í norðaustur - suðvestur og hleðsluhæð er 0,7 metrar. Grjót er í hleðslum og sést það vel að innanverðu. Í tóftinni eru tveir 6 metra garðar og 5 metra jata í milli þeirra. Frá vesturhorni tóftarinnar liggur 9 m langt garðlag í sveig til suðausturs og norður fyrir tóftina. E.t.v. aðrekstargarður eða heygarður.



**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:029** tóft útihús

65°56.401N 21°19.151V

U.þ.b. 150 metra austnorðaustur af bæjarhóli Byrgisvíkur 001 og um 130 metra suðaustur af útihúsatóft 003 sem er nyrst í túnjaðri við túngarð 035, er tóft. Tóft þessi er um 2 metra frá norðurgafli fjárhústóftar 028. Tóftin er í tóftaröð, sem gengur frá norðaustri til suðvesturs ofan sjávarbakkanna neðan Byrgisvíkurtúns (sjá 028, 030 og 031). Nesið Snoppa sem er áberandi í landslaginu við sjóinn neðan Byrgisvíkurbæjar, er u.þ.b. 70 metra norðvestur af tóftinni.

Byrgisvíkurtúnið er vestur og suðvestur af tóftunum. Túnið er allt hlaupið í þúfur, sinuvafið og víða blautt. Á bökkunum þar sem tóftin er, er hinsvegar þurrt. Tóftin er 10 x 6 metrar og liggur í norðaustur - suðvestur. Hleðsluhæð er mest 0,5 metrar en grjót sést ekki í veggjum. Tóftin er tvískipt, sunnar er 1,5 metra djúp gryfja sem er rúmlega 2 x 2 metrar að stærð, e.t.v. súrheysgryfja eða heygryfja. Nyrðra hólflið er u.þ.b. 4 x 3 metra stórt og er op á því til suðausturs. Frá suðurhorni tóftarinnar gengur garðlag u.þ.b. 3 metra í suður, e.t.v. aðrekstargarður. Samhengið virðist vera á milli garðlagsins við fjárhústóft 028 og beinast þau hvort að öðru en tengjast ekki að séð verði, en þúfnahlaup og sina er þarna talsvert mikið.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:030** tóft fjárhús

65°56.407N 21°19.128V

U.þ.b. 170 metra norðaustur af bæjarhóli Byrgisvíkur 001 og 140 metra austsuðaustur af útihústóft 003 sem er nyrst í túnjaðri við túngarð 035, er tóft. Tóft þessi er 10 metra norður frá tóft 029. Mikið þúfnahlaup er milli tóftanna. Útihúsatóftin er hluti tóftaraðar, sem gengur frá norðaustri til suðvesturs. Tóftirnar eru rétt ofan sjávarbakka, nesið Snoppa er u.þ.b. 55 metra norðvestur af tóftinni.

Byrgisvíkurtúnið er vestur og suðvestur af tóftunum. Túnið er allt hlaupið í þúfur, sinuvafið og víða blautt. Á bökkunum þar sem tóftaröðin er, er hinsvegar þurrt.

Tóftin er 7 x 7 metrar að stærð og er hleðsluhæð 0,8 metrar. Grjót sést í hleðslum og op er norðaustarlega á suðausturvegg. Tóftin er að líkindum fjárhústóft, í henni er 3 metra jata og garðar til beggja hliða.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:031** tóft útihús

65°56.407N 21°19.135V

U.þ.b. 170 metra norðaustur af bæjarhóli Byrgisvíkur og 135 metra suðaustur af útihúsatóft 003 sem er nyrst í túnjaðri við túngarð, er tóft. Tóft þessi er 2 metra norðvestan við tóft 030. Útihúsatóftin stendur aðeins norðan og norðvestan tófta 028, 029 og 030. Nesið Snoppa er u.þ.b. 55 metra norðvestur af tóftinni.

Byrgisvíkurtúnið er vestur og suðvestur af tóftunum. Túnið er allt hlaupið í þúfur, sinuvafið og víða blautt. Á bökkunum þar sem tóftaröðin er, er hinsvegar þurrt.

Tóftin er 7 x 6 metrar að stærð og 0,5 metra há. Grjót sést ekki í hleðslum. Op er á miðjum suðvesturvegg og í miðju tóftarinnar er þúfnamyndun, líklega þakhrun.


**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:032** tóft útihús


65°56.412N 21°19.389V

U.þ.b. 100 metra norðvestur af bæjarhól 001 og 65 metra suðvestur af útihúsatóft 003, sem er nyrst í túnjaðri við túngarð 035, er löng tóft. Tóftin er rétt utan túngarðs, í Húsaparti. Bakkarnir neðan túns Byrgisvíkur eru þýfðir, sinuvafðir og deigir. Tóftin er 24 x 6 metrar að stærð, skiptist í 5 hólf. Húsamastæðan liggur vestur - austur. Tóftin er talsvert sigin, 0,3 - 0,4 metrar á hæð. Vestasta hólfíð er 4 x 3 metrar að stærð, ekki greinanlegt op á því. Talsvert þúfnahlaup er kringum hólfíð. 2 metrum austan þess, en sambyggt, er 4 x 2 metra hólf, ekki sést op. Þá tekur við tvískipt tóft með op austarlega á suðurvegg. Næst er einfalt 3 x 2 metra hólf en ekki er á því greinanlegt op. Austast á húsamastæðunni er gerði með op vestarlega á norðurvegg. Frá austurvegg gerðisins liggur 4 metra langt garðlag til austurs.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:033** gerði

65°56.350N 21°19.316V



U.þ.b. 25 metra suðsuðaustur af bæjarhól 001 er gerði í túninu, við Bæjarlæk. Bakkarnir neðan túns Byrgisvíkur eru þýfðir, sinuvafðir og deigir.

Gerðið er 6 x 5 metrar og eru hleðslur mjög signar, aðeins 0,2 metrar. Engir steinar sjást í hleðslum. Suðvesturhorn er óskýrt, jafnvel horfið í Bæjarlækinn. Ekkert op er sjáanlegt.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**ST-002:034** náma rista 54°56.381N 21°19.135V

U.þ.b. 150 metra norðaustur af bæjarhól 001 og 130 metra suðaustur af útihúsatóft 003, sem er nyrst í túnjaðri við túngarð 035, er tóftaröð sem gengur frá suðvestri til norðausturs (sjá 028, 029, 030 og 031). U.þ.b. 30 metrum suðaustan syðstu tófarinnar (028) hefur verið rist torf. Svæðið eru svo að segja beint upp af Snoppu. Byrgisvíkurtúnið er vestur og suðvestur af tóftunum. Túnið er allt hlaupið í þúfur, sinuvafið og víða blautt. Á bökkunum þar sem tóftaröðin er, er hinsvegar þurrt en mýrarfláki sunnan og suðaustan við. Ristusvæðið er 15 x 10 metrar og u.þ.b. 0,1 - 0,2 metrar að dýpt.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:035** garðlag túngarður

65°56.325N 21°19.104V

Túngarður er um Byrgisvíkurtún að hluta.

Túnið er smápýft og mýrlent, í halla mót norðaustri.

Garðurinn sést rúma 200 m suðaustur af bæjarhól 001.



Bæjarstæðið í Byrgisvík, horft í norður. Rauða örin bendir á túngarðinn


Hann er torfhláðinn og næstum alveg sokkinn í mýrina, því býsna torfundinn á köflum og ekki nema 10 sm hár. Dæld eða pæla sést með honum utanverðum þar sem efni hefur verið tekið til hleðslunnar. Garðurinn liggur til vesturs og hækkar smám saman og verður greinilegri, nær allt að 0,7 m hæð. Hann er ekki þráðbeinn og hefur sýnilega gengið til á köflum. Eftir 85 m liggur hann upp á lágt holt. Þar sést óglöggur garður liggja til norðurs frá honum, inn í túnið svo að segja í stefnu á bæjarhól 001. Hann er aðeins um 10 m langur en greinilega grjóthlaðinn að hluta. Þunnur jarðvegur er á holtinu og þar sjást aðeins grjóthlaðnar undirstöður túngarðsins á um 20 m löngum kafla. Þar sem holtinu sleppir tekur við skurður í framhaldi af garðinum til norðvesturs, 40-50 m langur. Garðhleðslan birtist á ný í mýri um 40 m vestan við

bæjarhól 001, liggur þar beint í norður. Tæpum 50 m frá upptökunum garðsins á þessum slóðum er lítil tóft sambyggð garðinum utanverðum, hún er einföld, mjög sigin og algróin, 5 x 7 m stór frá norðri til suðurs. Ekki sést op á henni. Áfram heldur garðurinn og rúma 100 m norður af tóftinni sveigir hann í austur en er þá mjög útflattur og aðeins ytri brún hans sjáanleg. Eftir tæpa 100 m til viðbótar til norðurs rennur bæjarlækurinn í gegnum hann en 60 m austan við lækinn hverfur hann í mýrina þannig að ekki sést tenging við upphafspunktinn sem fyrst var getið. Túnið í Byrgisvík sker sig illa úr mýrinni umhverfis en garðurinn gefur góða hugmynd um legu þess og stærð. Af honum að dæma hefur ræktað tún verið um 270 x 200 m stórt frá norðvestri til suðausturs. Alls er sjálfur garðurinn um 450 m langur.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-002:036** tóft kvíar

65°56.269N 21°19.312V



Tóft er sunnan Byrgisvíkurtúns, tæpa 100 m suðvestur af túngarði 035 og um 200 m suður af bæjarhól 001. Hún er í fremur mýrlendi brekku með þunnum jarðvegi sem hallar mót norðri. Tóftin er löng og mjó, snýr norður-suður með op mót norðri og er alls 11 x 4,5 m stór. Mesta veggjahæð er um 0,5 m og sér í grjót í veggjum sem þó eru að mestu leyti grónir. Tóftin gæti verið af kvíum, þær voru oft hafðar skammt utan túns, gjarnan langar og hlutfallslega mjóar tóftir.

**Hættumat:** engin hætta


**ST-002:037** tóft útihús

65°56.452N 21°19.366V

Tóft er tæpa 50 m utan túngarðs 035, 70 m norðvestur af bæjarhól 001.

Smápýft, deigt graslendi. Tóftin er af þremur sambyggðum útihúsum, alls 16 x 9 m löng frá vestri til austurs og eru öll hólfín einföld. Vestasta hólfíð er 5 x 4 m stórt og dyr á því til norðurs. Hin tvö hólfín eru næstum jafnstór, bæði um 6 x 8 m frá norðri til suðurs. Engar dyr eru á miðhólfínu en austasta hólfíð snýr með dyr í norðurátt. Miðhólfíð er dýpra en hin tvö og gæti hafa verið hlaða, í því liggur töluvert timbur og járnabrák. Tóftarveggirnir eru algrónir en mjög líklega er grjót í þeim, allt að 1,2 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta



10 m

**ST-002:038** þúst

65°56.361N 21°19.451V

Tvær mosavaxnar þústir eru um 80 m vestur af bæjarhól 001 en um 180 m suður af tóft 037.

Þýft graslendi. Nyrðri þústin er um 9 x 6 m stór frá austri til vestur en lögun hennar mjög óljós og einstakar hleðslur sjást ekki, hæð um 0,3 m. Um 5 m ofar og sunnar er annar mosabingur, líkast til mannvirkjaleifar, sporöskjulaga og 6-7 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta



### ST-003 Veiðileysa

8 hdr. 1847 og 1706. 1805 var eyðihjáleigan Fragatún [sic] talin hér með. "Eiríkr snara hét maðr, er land nam frá Ingólfsfirði til Veiðilausu ok bjó í Trékyllisvík. (ÍF I, 198 "Síðan gaf Eiríkr [snara er bjó í Árnosi] honum Veiðileysu alla ok Reykjarfjörð ok Reykjanes allt út þeim megin; en um rekann var ekki skilit, því at þeir váru svá nógir þá, at hverr hafði þat, er vildi." (ÍF VII, 23) Ábúð lauk í Veiðileysu 1961.

Tún 3.5 ha. 1917. 1/3 slétt.

#### ST-003:001 Veiðileysa bæjarhóll bústaður

65°55.904N 21°27.405V


"Ofan við Veituna [010] milli Bæjarlæks og Húsarlæks er Rani. Ofan við hann er hóll, sem nefndur er

Gamli bær, en á honum eru rústir," segir í örnefnalýsingu. Geysimikill bæjarhóll er í Veiðileysu, norðarlega í túni, um 200 m austur af núverandi íbúðarhúsum sem notuð eru til sumardvalar. Hann er á sléttri grund tæpa 100 m vestur frá sjávarkamp. Búskapi lauk í Veiðileysu árið 1961 en ekki er vitað hvenær bærinn var fluttur af bæjarhólnum. Slétt og grösug grund. Lækur rennur fast norðan við hólinn. Upp af hólnum er allhár bakki þar sem núverandi íbúðarhús standa, líklega er það gamall sjávarbakki.

Hóllinn er mjög stæðilegur og virðist myndaður úr uppsöfnuðum byggingarefnum að meira eða minna leyti. Hann er stakur á grund og engar náttúrulegar hæðir að sjá þar í kring. Hann er alls 35 x 35 m stór og allt að 3 m hár, algróinn og iðagrænn. Allar hliðar hans eru mjög skarpar. Á hólnum eru þrjár eða fjórar rústir. Sú nyrsta, (A), er líklega af útihúsi, byggð utan í hólinn. Á túnakorti frá 1917 er sýnt útihús á þessum stað og er tóftin líkast til af því. Tóftin er 6 x 8 m stór frá austri til vesturs, einföld og mjög stæðileg og ná veggir allt að 1,2 m hæð austast. Dyr hafa líklega snúið í norður, þó er einnig rof á suðvesturhorni. Ekki sér í grjóti í veggjum. Neðan við tóftina étur bæjarlækurinn úr hólnum og er komið rof í hann. Þar sjást greinilegar mannvistarleifar, kol og brennd bein. Á háhólnum 3-4 m sunnan við tóft (A) vottar greinilega fyrir veggjum annarrar tóftar, (B), sem er um 6 x 6 m stór. Hún er mjög sigin og ógreinileg, algróin, en op eða rof eru syðst á bæði austur- og vesturvegg. 5 m vestan við hana vottar fyrir öðru hólfi, 8 x 7 m stóru frá austri til vesturs og hefur það greinilega verið opið í suður. Um 6 m vestur af því, utan í vesturhlíð hólmsins er síðan stæðilegt gerði, (C), greinilega kálgarður. Hann er 8 x 12 m stór frá norðri til suðurs og sjást grjóthleðslur víða í veggjum sem eru allt að 1 m



Bæjarhóll 001 í Veiðileysu, horft í suður



háir. Kálgarðinum hallar mjög mót vestri. Hann var í notkun þegar Þórður Magnússon, f. 1935, man eftir. Um 6 m norður af honum er stök hleðsla, (D), við norðvesturjaðar bæjarhóls, um 5 m löng frá austri til vesturs. Ekki er ljóst hvenær bæjarstæðið var flutt upp á bakkann ofan við. Þar sem nyrðra íbúðarhúsið er nú var áður tvílyft timburhús sem er horfið fyrir meira en 50 árum síðan. Má af því og ummerkjum ráða að flutningurinn hafi átt sér stað fyrir eða um aldamótin 1900. Varla hefur verið hentugt að byggja timburhús á bæjarhólnum, enda er hann tiltölulega lítill og kúptur. Bakkarnir ofan við eru hinsvegar sléttir og harðlendir, betri undirstaða.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ó-Veiðileysa, 4; Túnakort 1917

#### ST-003:002 garðlag túngarður

65°55.830N 21°27.204V

Grjóthlaðinn túngarður liggur norðan Bæjarár, sunnan við túnið, á Hesthústúni 048.



*Garður 002 um Hesthústún., horft í norður*

frá túngarðinum til suðurs, í átt að ánni.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-003:003** tóft brunnur

65°55.880N 21°27.636V

Brunnhústóft er um 50 m norðvestur af nyrðra íbúðarhúsinu á Veiðileysu og um 180 m vestur af bæjarhól 001.



Tóftin er yfir bæjarlæknum sem rennur um grösugt tún.

Brunnhústóftin er alls um 5 x 9 m stór frá norðri til suðurs en norðurendi er heldur mjórri en sá syðri. Dyr hafa verið á suðurenda. Bæjarlækurinn rennur úr vestri undir norðurhluta tóftar. Hleðslur eru heillegar, einkum í suðurgafli, allt að 1,3 m háar en grónar að mestu, þó grillir í grjóthleðslur í veggjum innanverðum. Nyrðri hluti austurveggjar er mjög lágur, e.t.v. hefur þar verið gluggi eða timbur að hluta. Um 10 m suðaustan við

brunnhústóftina sér fyrir grunni undan hjalli sem var byggður um 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ST-003:004** *Nátthagi* gerði nátthagi

65°56.153N 21°27.433V

"Bakkarnir halda áfram ofan við Krókinn. Inn og upp af honum var Nátthagi," segir í örnefnalýsingu.

Leifar Nátthaga sjást enn, rúma 500 m norður af bæjarhól 001.

Fremur mýrlend en grösug brekka sem hallar mót austri eða suðaustri.

Nátthaginn er fremur ógreinilegur þegar að honum er komið en sést betur úr fjarska. Hann er einfalt gerði, allt að 30-40 m langur og 15-20 m breiður. Hann snýr austur-vestur, niður brekkuna og hefur líklega verið rekið inn að austan. Samkvæmt Þórði Magnússyni, sem ólst upp á Veiðileysu, var hann grafinn niður og svo hlaðið upp á bakkana þar sem þurfa þótti. Vafalaust hafa þær hleðslur verið úr torfi eingöngu, a m k. sést hvergi grjót. Í Nátthaga voru kvíær hafðar um nætur og þar var slegið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 3



*Tóft í Húsatúni 005, horft í norðaustur*


**ST-003:005** *Húsatún* tóft+garðlag fjárhús 65°55.843N 21°27.356V

"Frá Húsalæk að túngirðingu er Eyri. Upp af henni heitir Húsatún. Þar voru fjárhúsin áður en nú hefur verið sléttað úr þeim," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1917 eru sýnd þrjú útihús í einum hnapp sunnarlega í vesturjaðri Veiðileysutúns - í Húsatúni. Þar sem nyrsta útihúsið er í þyrpingunni er mikill hóll í túninu. Hóllinn er sunnan Húsalækjar.

Hóllinn rís hátt í Veiðileysutúninu, mun grænni en sinan kring. Ofanvið (vestur) eru

fyrst mýrar svo holt ofar, norðan og norðvestur af eru mýrar og Húsalækur rennur norðan hólins. Austan hólins er gamla Veiðileysutúnið þýft og hlaupið í sinu.

Hóllinn er um 30 x 14 metra stór og liggur í norðaustur - suðvestur. Á austurenda hólins eru óljósar dældir og signir hryggir. Þar er hóllinn fremur flatur að ofan en bratt niður af honum, sérstaklega norður af honum niður að Húsalæk, sem er að brjóta af hólnum. Víða sést grjót í sverði hólins. Á vesturhluta hólins er kálgarður. Veggir hans eru langstæðilegastir rústa á hólnum. Garðurinn er u.þ.b. 9 x 6 metrar og snýr norðaustur - suðvestur og hallar mót suðvestri. Norður úr hólnum gengur 4 metra langt garðlag ofan í mýrina og að gömlum lækjarfarvegi þar í mýrinni. Garðlag þetta virðist standa í samhengi við garðlag 037 sem er norðan Húsalækjar.



**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ó-Veiðileysa, 4; Túnakort 1917

**ST-003:006** Húsatún þúst útihús

65°55.837N 21°27.314V

"Frá Húsalæk að túngirðingu er Eyri. Upp af henni heitir Húsatún. Þar voru fjárhúsin [sjá 005] áður en nú hefur verið sléttað úr þeim," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1917 eru sýnd þrjú útihús í hnapp sunnarlega í vesturjaðri Veiðileysutúns - í Húsatúni. Austasta útihúsið var minnst þeirra þriggja. Það stóð rúmlega 25 metrum austan við fjárhús 005.

Sunnan við Húsalæk er hóll sem rís hátt í túninu. Á honum eru rústir og kálgarður 005. Vestan við eru fyrst mýrar svo holt ofar, norðan og norðvestur af eru mýrar og Húsalækur rennur norðan hólins. Austan hólins er gamla Veiðileysutúnið nú þýft og hlaupið í sinu.

Ekki sáust óyggjandi rústir við vettvangsathugun en mikið þúfnahlaup er þar í túninu - grænna en sinuþýfið í kring. Umfang þúfnanna er 6 x 7 metrar. Húsið gæti hafa verið rífið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ó-Veiðileysa, 4; Túnakort 1917

**ST-003:007** tóft+garðlag útihús

65°55.829N 21°27.355V

"Frá Húsalæk að túngirðingu er Eyri. Upp af henni heitir Húsatún. Þar voru fjárhúsin [sjá 005] áður en nú hefur verið sléttað úr þeim," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1917 eru sýnd þrjú útihús í hnapp við sunnarlega í vesturjaðri Veiðileysutúns - í Húsatúni. U.þ.b. 25 metra suður af tóftum á rústahól 005 er hæð eða rústabunga í túninu og á henni signar tóftir og garðlag sem henni tengjast. Bungan er grasi vaxin og mun grænni en sinan í kring. Austan hennar er tún niður að sjó en mýri og holt vestantil. Að sunnanverðu er blautt mýrardrag.


Tóftin er 7,5 x 5 metra stór og snýr í austur - vestur. Tóftin skiptist í tvö hólf og er S-laga. Opið á vestara hólfinu snýr til norðurs en opið á því eystra snýr til suðurs. Norðan tóftarinnar og samfast henni er gerði u.þ.b. 5 x 5 metra stórt. Ekki er sjáanlegt op á því. Austurgafli tóftarinnar tengist garðlagi (og gegnir garðlagið hlutverki austurgafli) sem fyrst sést tæplega 10 metra austan rústahóls 005 og er alls 45 metra langt. Frá rústahól 005 liggur garðlagið 30 metra í suður og tengist þar tóftinni (að líkindum annaðhvort túngarður eða aðrekestargarður). Sunnan tóftarinnar liggur garðlagið 15 metra beint í suðaustur og hverfur þá. Við mitt garðlagið suðaustanvert er gerði og gegnir garðlagið hlutverki norðvesturlanghliðar. Gerðið er 8 x 2 metra stórt en ekkert op er sjáanlegt á því. Teikning af rústum þessum fylgir fornleif 005 hér að ofan.



Tóft og garðlag 007,horft í suðaustur

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Veiðileysa, 4; Túnakort 1917



Túnakort Veidileysu 1917

**ST-003:008** náma mógrafir

65°55.836N 21°28.960V

"Upp af Bólinu [012], framan við gamla hestaveginum [009], eru svonefnd Holt upp að Mjóadalsbrún. Ofan við hana er Neðri-Mjóidalur. Í endanum á honum á Bæjarlækur upptök sín. Lág melholt eru ofan við dalinn, síðan Efri-Mjóidalur. Í báðum dölunum voru slægjur og mótækja," segir í örnefnalýsingu. Dalirnir eru austan þjóðvegjar, rúman 1 km vestur af bæ 001.

Brattar hlíðar eru niður að fjarðarbotni en í þeim mýrlendir stallar.

Mógrafir sjást í dalverpi sem líkast til er Neðri-Mjóidalur. Bæjarlækur rennur um hann. Grafirnar eru



fast sunnan við lækinn og eru um 30 m langar og 10-15 m breiðar, reglulega skornar og sjálfsagt ekki gamlar.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:**Ö-Veiðileysa, 5

**ST-003:009** *Vegaskarð* vegur leið

65°55.790N 21°27.887V

"Að ofanverðu liggur Efra Móholt að Huldu. Hulda er smáhvammur, sem sést inn frá bænum, og ekki líklegt að skepnur leyndust þar. Fram og upp af Efra-Móholti er nafnlaust svæði, að mestu gróið, smáhvammur og holt, upp að Veiðileysuhálsi. Hann liggur milli Illviðrishnúks og Vegaskarðs, sem var alfaraleið áður fyrir," segir í örnefnalýsingu. Reiðvegur var lagður upp hlíðina frá Veiðileysu, í átt að Vegaskarði. Ekki er ljóst hvenær ráðist var í vegagerðina en líklega hefur það verið á fyrri hluta 20. aldar. Á sömu slóðum var áður alfaraleið milli Kúvíkna og Veiðileysu eins og um getur í Sýslu- og sóknalýsingu: "Þegar Trékyllisheiði er ekki fær á vetrum vegna snjóá og ófærða, liggur annar vegur suður með sjó, suður úr sókninni, og er þá farið frá verzlunarstaðnum ofan í Veiðileysufjarðarbotn, og austur með sama firði og svo til suðurs fyrir austan Birgísvíkur- og Kolbeinsvíkurfjall með bæjum."

Neðst, nálægt fjarðarbotni eru holt með mýrarsundum en síðan taka við hrjóstrugar fjallshlíðar.

Vegurinn lá í hlykkjum til norðvesturs eða norðurs upp fjallið. Aðeins var skoðaður neðsti hluti hans á vettvangi. Hann sést rúma 400 m vestur af bæ 001. Þar liggur hann á norðurbakka lækjar og stefnir í norðvestur, upp hlíðina. Brú hefur verið hlaðin yfir lækinn allra syðst, um 3 m breið og 2 m löng. Annars er vegurinn hvergi upphlaðinn heldur einungis ruddur slóði, um 2 m breiður og sést á a.m.k. 100 m löngum kafla neðst í hlíðinni en virðist fjara út þegar ofar dregur.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:**Ö-Veiðileysa, 3-4; SS II, 233

**ST-003:010** *Veita* örnefni áveita

65°55.915N 21°27.357V

"Í túni eru eftirfarandi örnefni: Veita heitir ofan við Mölina og nær að Húsálæk, sem er smálækur. Hann rennur í litla tjörn ofan við Mölina út í Bæjará," segir í örnefnalýsingu. Veita er 20-30 m beint austur af bæjarhól 001. Aflöng dæld í túni. Hún liggur norður-suður og er allt að 20-30 m breið og votlend. Sjávarkampurinn markar hana að austanverðu.

Engin merki sjást um áveitu.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:**Ö-Veiðileysa, 4

**ST-003:011** tóft útihús

65°55.924N 21°27.505V

Lítill tóft er syðst og austast á hól sem er norðan Bæjarlækjar og um 80 m norðvestur af bæjarhól 001.

Hóllinn er innan túns, hann er á bakka sem markar gamla túnstæðið að austan. Tóftin er iðagræn en lág og óregluleg, um 4 x 4 m stór. Frá henni hallar til suðurs og austurs. Dyr sjást ekki. Um 15 m norðvestan við tóftina eru grænar þúfur en ekkert tóftalag á þeim. Þær eru fast austan við götu 051 sem liggur norðaustur túnið út gegnum túngarð 040.


**Hættumat:** engin hætt

**ST-003:012** *Bólbarð* tóftir kvíar 65°55.937N 21°27.595V

"Ofan við Veituna [010] heitir Eiríksvöllur...Ofan við Eiríksvöll er Bólbarð. Það nær upp að túngirðingu og Mýrum, sem halda áfram innan við Bæjarlæk," segir í örnefnalýsingu. Tóft er á Bólbarði, allra nyrst í túni, um 5 m innan við túngarð 040, rúma 150 m norðvestur af bæ 001. Gróin hæð í túni. Tóftin er einföld, snýr frá NV-SA og er 5 x 6 m stór. Hún er alveg opin í suðaustur. Veggir eru fremur lágir, 0,4 m og ekki miklir um sig, ekki sér í grjót í þeim. Um 5 m norðaustan við tóftina eru fleiri tóftir en þær eru sambyggðar túngarði 040 og því lýst með honum. 2-3 m suðaustan við tóftina er sigin þúst sem gætu verið leifar annars mannvirkis, hún er sporöskjulaga, um 5 m í þvermál og sést dæld í miðju hennar.

**Hættumat:** engin hætt


**Heimildir:**Ö-Veiðileysa, 4



**ST-003:013** tóft rétt

65°55.767N 21°26.579V

Tóft er við ána Kráku, um 100 m suðaustan við Krákutún 020 og tæpa 700 m SA af bæ 001. Tóftin er af rétt skv. Þórði Magnússyni sem ólst upp í Veiðileysu.




Réttin er í góðu, náttúrulegu aðhaldi, þröngum hvammi sem markast af Kráku að vestan en háum mel að austan og sunnan. Útveggir réttarinnar eru grjóthlaðnir en hún var að miklum hluta úr timbri sem nú hefur verið fjarlægð. Alls er hún rúmlega 25 x 25 m stór og skiptist í tvö meginhólf. Það vestara er rúmlega 15 x 8 m stórt frá norðri til suðurs, opið í norður. Fast austan við opið er lítil kró, um 4 x 4 m stór, byggð við norðurvegg hólfsins. Eystra hólfid er alls um 20 m langt og 15 m breitt frá norðri til suðurs, opið í norður. Innst í því, í suðvesturhorni, er lítil kró, rúmlega 4 x 4 m stór en ekki sjást op á henni.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-003:014** þúst hjallur 65°55.977N 21°27.421V



*Þúst undan hjalli 014, horft í austur*



Leifar af útihúsi, líklega hjalli, eru fast norðan við tún, 135 m norður af bæjarhól 001. Gömul girðing skilur skikann frá túninu. Hann er fremur mýrlendur

en þó þurr blettur undir hleðsluleifunum. Hár bakki, gamall og uppgróinn sjávarkambur, er um 15 vestur af þústinni. Ekki er um eiginlega tóft með veggjarhleðslum að ræða heldur fjóra gróna hnúða sem mynda ferhyrning, um 7 x 4 m

stóran. Er einn hnúður á hverju horni. Líkast til eru þetta undirstöður undan hjalli sem hefur að mestu verið úr timbri.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-003:015** náma mógrafir

65°55.677N 21°27.841V

"Milli Húsálæks og Bæjarar er Húsholt. Á því er hvorki hús né tóftir. Á því standa tveir stórir steinar Dvergasteinar. Trú var á, að ekki mætti hrófla við neinu á holtinu [sjá]. Vegurinn heim að Veiðileysu liggur yfir það. Holtið nær fram að Þverlæk, sem rennur í Bæjará. Framan við það eru mógrafir," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru vestur af Dvergasteinum [sjá] sem eru áberandi á holti ofan bæjar. Mýrin er blaut og þýfð og er undir fjallsbrekkum innst í firðinum.

Mógrafasvæðið er stórt u.þ.b. 50 x 30 metrar, mesta dýpt 0,5 metrar. Um mitt mógrafasvæðið er eins og skilið hafi verið eftir mjór rimi eða brú yfir svæðið, bakka í milli. Jarðbrúin liggur frá norðvestri til suðausturs yfir mýrina.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 5

**ST-003:016** þjóðsaga fjársjóður


65°55.031N 21°28.031V

"Upp af mógröfunum [015] ofan við Húsholtið er Grafarmýri [þ.e. 015]. Lækur rennur gegnum hana og fellur niður í djúpa holu. Þar á að vera grafin gullkista," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru vestur af Dvergasteinum [sjá] sem eru áberandi á holti ofan bæjar. Rúmlega 160 metrum suðvestur af mógröfunum er mikið af lækjum og nokkrir sem hafa grafið sig niður.

Innst í firðinum er mikið af mýrum og lækjum. Ofan og til hliðanna (sunnan, vestan og norðan) eru grýtt holt og hjallar upp af.

Margir lækir eru þarna eins og áður getur - og ekki víst hver geymir gullkistuna.

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 5



**ST-003:017** tóft hænsnakofi

65°55.900N 21°27.616V

Tóft, sem Þórður Magnússon segir af hænsnakofa, er um 100 m beint norður af nyrðra íbúðarhúsinu á Veiðileysu, á norðurbakka bæjarlækjar og 160 m vestur af bæjarhól 001.

Þurr grasbakki en mýrarblettur er skammt norðan við.

Tóftin er 7 x 4,5 m stór frá norðvestri til suðausturs. Op snýr í suðurátt, að læknum. Hún er tvískipt og er innra eða nyrðra hólfíð bæði minna og þrengra. Ekki sést op á því. Veggir eru allt að 0,8 m háir og gægist grjót víða upp úr þeim.


**Hættumat:** engin hætta

**ST-003:018** renna

65°55.893N 21°27.607V

Hlaðin renna er fast sunnan við bæjalæk, 30 m austur af brunnhúsi 003.

Gróinn lækjarbakki. Rennan liggur þversum út í lækinn, frá suðri til norðurs. Hún er 7 m löng og 1-1,5 m breið, allt að 0,8 m djúp. Hleðslugrjót sést vel í innanverðri vesturhlið. Nú liggur frárennslisrör frá öðru íbúðarhúsinu ofan í rennunni en hæpið er þó



ad hún hafi verið hlaðin þess vegna.

Engin hleðsla sést í framhaldi

norðan lækjar. Hlutverk er óljóst en þó bendir gerð og lega rennunnar til að hún hafi verið hlaðin til að veita vatni eða vera frárennsli frá íbúðarhúsinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Hlaðin renna 018, horft í vestur

**ST-003:019** heimild um leið

65°54.366N 21°29.998V

"Upp af Efri-Fosshjalla er fjall, sem nefnist Strýta. Það er örmjó strýta að sjá frá norðri, en hins vegar má ganga fram á hana ofan frá. Skörð sitt hvoru megin við Strýtu nefnast Strýtuskarð. Skarðið milli Strýtu og Nóntinda var fjallvegur yfir í Goðdal, en hitt skarðið, sem einnig var notað til að fara yfir í Bjarnarfjörð, liggur niður Hallárdal. Það er milli Strýtu og Miðdegisfjalls, sem var eyktarmark frá Veidíleysu," segir í örnefnalýsingu. Goðdalur gengur upp af Bjarnarfjarðarbotni innst, til norðurs en Hallárdalur [031] liggur niður í Bjarnarfjörð skammt austan við Laugarhól. Leiðin í Goðdal hefur legið um Vestara-Strýtuskarð, yfir austanverða Trékyllisheiði og líklega niður Hestakleifargil í Goðdal. Uppgefið hnit hér að ofan er tekið af korti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Veidíleysa, 6-7

**ST-003:020** Krácutún tóftir+garðlag bústaður

65°55.794N 21°26.728V


"Krácutún er grasi vaxin grund, sem liggur utan við Kráku. Þar eru greinilegar tóftir. Þarna átti að hafa búið gömul kona, sem hét Kráka, með tveim sonum sínum. Synirnir áttu að hafa farist í lendingu og hún lagt á, að ekki veiddist í firðinum á vissu árabili en jafnframt, að engin færast þar í lendingu. Guðbrandur hefur heyrt þá sögu, að niðursetningur, stúlka, hafi verið á bænum og synirnir hafi skorið úr læri hennar, þegar þá vantaði beitu, áður en þeir fóru í róðurinn," segir í örnefnalýsingu. Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Þar hefur í landinu verið að fornöldu býli kallað Krácutun. Þar sjást tóftir og girðingar. Nær eða hvernig það hafi í eyði lagst vita menn ekki. Kann ómögulegt að byggjast." Krácutúns er getið í Sýslu- og sóknalýsingum 1852, á þeim tíma var þar stekkur frá Veidíleysu, líklega tóft sem nefnd er (C) hér að neðan. Krácutún er fast austan árinna Kráku, rúma 500 m suðaustur af bæ 001.



Rúst (C) á Krácutúni, horft í norðaustur

Gróin grund við sjóinn.

Á Krákutúni eru nokkrar tóftir og garðlög, á svæði sem er alls um 70 x 70 m stórt. Mannvistarleifarnar eru greinilega misgamlar. Að vestanverðu markast svæðið af garðlagi sem er sigið og algróið, um 0,6



m hátt. Það liggur um 20 m til norðurs en endar þar við tóft (A) sem er sambyggð norðurendanum. Hún er einföld, næstum ferköntuð, um 6 x 5 m stór frá austri til vesturs. Dyr sjást ekki á henni, veggir eru algrónir og signir. Um 20 m norður af henni er grjótgardur hlaðinn til austurs á sjávarbakkanum. Hann liggur alls um 50 m til austurs og sveigir dálftið til suðurs í bláendann. Gardurinn er hlaðinn úr fjörugrjóti, er hruninn en ógróinn og gæti verið yngri en aðrar mannvirkjaleifar á Krákutúni. Um 35 m austur af tóft (A) er greinileg þúst, (B). Hún er 5 x 5 m stór, iðagræn en ekkert húsalag á henni og engir heilir veggir sjást. Stærsta rústin, (C), er austast á svæðinu, 30-40 m austur af (B). Hún er á áberandi rústahól sem er allt að rúmur 1 m á hæð. Alls er hóllinn tæplega 30 x 20 m stór frá austri til vesturs og mikil gróska í honum. Tóftin á honum virðist ekki mjög gömul,

gæti verið af stekk eða beitarhúsum. Hún er 17 x 8 m stór frá norðri til suðurs og skiptist í þrjú hólf. Syðri hlutinn er stórt, einfalt hólf, 6 x 10 m stórt frá norðri til suðurs, opið í suður. Norður af því breikkar rústin og þar sjást tvö greinileg hólf, hið eystra opið í norðaustur en hitt í norðvestur. Ekki er að sjá að innangengt hafi verið á milli hólfra. Fast vestan við rústina, á hólnum er stök, V- laga hleðsla, opin að rústinni, í austur, um 5 x 5 m stór og norðan við hana er áberandi dæld, líklega niðurgroftur, rúmlega 5 x 5 m stór. Allar hleðslur á hólnum eru algrónar. Tæpum 15 m sunnan við rústahólinn er fornlegt garðlag, líklega eldra en garðurinn sem fyrsta var lýst. Það er alveg sigið, rúmlega 2 m breitt, mosagróið og hægt að rekja það 30-40 m í suðvestur. Ekki er ljóst hvort grjót er í garðinum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 7-8; JÁM VII, 350; SS II, 232



*Hænsnakofatóft 021, horft í norður*

#### ST-003:021 tóft hænsnakofi

Tóft er tæpa 5 m norður af brunnhúsi 003 og um 35 m VSV af hænsnakofa 017. Þessi tóft er skv. Þórði Magnússyni einnig af hænsnakofa og voru þeir báðir í notkun þegar hann man til (fæddur 1935).

Gróin tunga sem myndast milli bæjalækjar og annars, ónefnis lækjar sem rennur norðan við hann.

Tóftin er tvískipt, alls 8 x 5 m stór frá norðri til suðurs. Hún er mun reisulegri en hænsnakofatóft 017 og hefur sennilega verið notuð lengur. Nyrðra hólfíð er minna en það syðra, um þriðjungur af



heildarlengd tóftarinnar. Dyr snúa í suður, einnig mótar fyrir dyrum milli hólfra, á þvervegg. Þá er rof í austurvegg á innra hólfinu og hugsanlegt að það séu dyrleifar. Veggir ná allt að 1,2 m hæð og eru algrónir, þó er líklega grjót í þeim.

**Hættumat:** engin hætta

#### ST-003:022 þjóðsaga legstaður

65°55.780N 21°26.475V

"Frá Kráku er ónefnid fjara út að Bug, sem er smávík á svonefndum Mel. Hann nær frá Krákutúni út að Hryggjum, sem eru skriður niður í sjó. Innst á Melnum var dys, þar sem sagt var, að synir Kráku ættu að vera dysjaðir," segir í örnefnalýsingu. Melur þessi er um 150 m ASA af Krákutúni 020.

Stór melur sem nær allt frá fjallsrótum út að sjó. Á honum er slysavarnarskýli og þjóðvegurinn liggur um hann sunnanverðan.



Ekkert sem líkist dys sést nú á melnum.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 8

**ST-003:023** *Lending* heimild um lendingu

65°55.852N 21°26.383V

"Frá Kráku er ónefnd fjara út að Bug, sem er smávík á svonefndum Mel. Hann nær frá Krácutúni [020] út að Hryggjum, sem eru skriður niður í sjó. Innst á Melnum var dys [022], þar sem sagt var, að synir Kráku ættu að ver dysjaðir. Yst í bugnum var Lending. Ekki var vitað til að neinn hafi farist þar. Ofan og utan við hana er Hjallagrund [024]," segir í örnefnaskrá.

Þurr grund er upp af víkinni og þar ofar bakki og sandmelur sem þjóðvegurinn liggur um.

Lendingin er milli tveggja tófta (merktar 024 D og 024 A) og spil er beint upp af Lendingunni, u.þ.b. 15 metra (í suður). Lendingin sjálf er hrein af steinum og flúrum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 8

**ST-003:024** *Hjallagrund* tóft hjallur


65°55.847N 21°26.354V

"Frá Kráku er ónefnd fjara út að Bug, sem er smávík á svonefndum Mel. Hann nær frá Krácutúni [020] út að Hryggjum, sem eru skriður niður í sjó. Innst á Melnum var dys [022], þar sem sagt var, að synir Kráku ættu að ver dysjaðir. Yst í bugnum var Lending [023]. Ekki var vitað til að neinn hafi farist þar. Ofan og utan við hana er Hjallagrund," segir í örnefnaskrá. Á grundinni er hjallur enn uppistandandi auk nokkurra tófta, líklega sjóbúða sem raða sér kringum Lendinguna [023].

Þurr grund er upp af víkinni og þar ofar bakki og sandmelur sem þjóðvegurinn liggur um.

Auk hjallsins eru tóftirnar 4 talsins. Þær eru allar hlaðnar úr torfi og ávölu fjörugrjóti og standa vel, mesta vegghæð er 1 metri. Reftið er rekaviður sem nú er fallið inn í tóftirnar. Í eftirfarandi lýsingu eru tóftirnar kallaðar A, B, C og D, til aðgreiningar. Byrjað er á tóft (A) sem er vestan við Lendinguna og svo áfram suður og austur fyrir, en tóftirnar raða sér í kringum Lendinguna. Tóft (A) er 6 x 4 metrar, og sést aðallega grjót í hleðslum að innanverðu. Tóftin liggur í austur - vestur og er op á u.þ.b. miðjum norðurlangvegg og snýr það niður að sjó. Tóftin stendur mjög framarlega á sjávarbakkanum. Tóft (B) er 5 x 4 metrar og snýr í austur - vestur. Vesturgafli og þar gæti hafa verið timburpil. Einnig er horfið úr norðaustur horni tóftarinnar. Tóft (C) er ferköntuð 2 x 2 metrar og í hana miðja er dæld, 0,4 metra djúp. Tóft (D) er tvískipt. Hún er alls 9 x 5 metrar og snýr í austur - vestur. Eystri tóftin er

stendur vel, er 2 x 3 metrar að innanmáli og er 3 metra op á norðurlangvegg. Vestara hólflið er mun signar, það er opið til suðurs og hallar botn þess mót suðri. Vestara hólflið er u.þ.b. 3 x 1,5 að innanmáli og er suðurgafli alveg opinn (op snýr mót hlíðinni). Beint niður undan tóft (D) að norðaustan er fjaran og er bratt niður í hana af bakkanum. Þar í bakkanum sjást hleðslur. Lendingin sjálf er hrein af steinum og flúrum. Lendingin 023 er milli tófta (A sem er vestan hennar) og (D sem er austan hennar) en spil er beint upp af Lendingunni, u.þ.b. 15 metra sunnan hennar. Hjallur er enn uppistandandi á Hjallagrund u.þ.b. 10 metra suðaustur af spilinu. Milli hornstoða hjallsins eru 5 metrar á langveg en 2 metrar á skammhlið. Millistoð er á miðri langhlið. Að öllum líkindum standa tóftirnar í sambandi við útgerð fremur en fjárbúskap, til þess bendir



hjallurinn og spilið.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 8

**ST-003:025** *Dalgrund* tóft beitarhús

65°55.963N 21°24.034V

"Síðan koma ónefndir tangar og vikur út að Bessabás. Hann er innanvert við svonefnda Dalgrund, sem beitarhús voru á. Hún nær út að Seljaá eða Seljadalsá. Niður af grundinni eru Seljadalsklettur eða Dalklettur. Við þá var góð lending [027]," segir í örnefnaskrá. Um 2,5 km austur frá fjárhúsrústum 005 í Veiðileysutúni eru beitarhúsatóftir á gróinni grund ofan við fjöruna.



Beitarhúsatóft 025, horft í norðaustur

hefur verið innangengt milli hlöðu og fjárhúss úr jötunni. Hlöðutóftin er u.þ.b. 4 x 3 metrar að innanmáli. Eitt op er á beitarhúsunum, það er vestast á norðurgafli. Sambyggt fjárhúsinu við austurlanglið er gerði. Það er með op í norður. Það gæti hafa verið aðhald fyrir skepnur eða heygardur. Gerðið er u.þ.b. 5 x 6 metra stórt að innanmáli.


**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 8-9

Tóftin er rétt ofan fjörunnar á lítilli gróinni grund. Vegaslóði niður í fjöruna liggur við hana sunnanverða. Ströndin er klettótt niður undan tóftunum. Þurr grund en Seljaá eða Seljadalsá rennur í sjóinn nokkrum metrum austan eða norðaustan við hana.

Beitarhúsin eru 15 x 13 metrar að utanmáli og liggja í norður - suður. Í þeim er 7 metra löng jata og beggja vegna við eru 9 metra langir garðar.

Aftan fjárhússins er sambyggt hlöðutóft og



**ST-003:026** *Seljadalur* örnefni sel

65°55.509N 21°23.990V

"Síðan koma ónefndir tangar og víkur út að Bessabás. Hann er innanvert við svonefnda Dalgrund, sem beitarhús [025] voru á. Hún nær út að Seljaá eða Seljadalsá...Innan við Seljaá liggja Dalmýrar, blautar mýrar, fram eftir Seljadal, sem áin rennur eftir. Ekki eru sagnir um sel í dalnum," segir í örnefnaskrá. Mynni dalsins er um 2,8 km í vestur frá Veiðileysubæ, sunnanmegin í Veiðileysufirði og snýr mynni dalsins í norðvestur gegnt Kambinum en svo nefnist fjallið handan fjarðarins.

Dalurinn er skeifulaga og myndar klettabelti botn hans. Seljaá eða Seljadalsá rennur eftir dalnum austan megin miðju. Gróður er meiri vestanmegin í dalnum og þar er megin undirlendið.

Dalurinn er vel gróinn og mýrlendur. Aflíðandi brekkur eru niður að ánni að vestanverðu. Þar hafa fallið skriður og grjót og sumar náð að fara talsvert neðarlega. Margir lækir renna niður vestanmegin. Austanmegin eru grjótholt og melar. Með ánni eru grónar eyrar. Seljadalur er grösugur og fallegur dalur. Engar rústir fundust við vettvangsathugun og enginn þeirra heimildamanna sem rætt var við kannast við þær.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 8-9

**ST-003:027** *Dalklettur* heimild um lendingu

65°55.983N 21°24.191V

"Hann [Bessabás] er innanvert við svonefnda Dalgrund, sem beitarhús voru á [025]. Hún nær út að Seljaá eða Seljadalsá [sjá 026]. Niður af grundinni eru Seljadalsklettur eða Dalklettur. Við þá var góð lending," segir í örnefnaskrá.

Klettatangar, sandfjörur og smávíkur eru á þessu svæði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 9

**ST-003:028** *Neðri-Svartihjalli* þjóðsaga huldufólksbústaður

65°55.317N 21°23.863V

"Innan við Seljaá liggja Dalmýrar, blautar mýrar, fram eftir Seljadal 026, sem áin rennur eftir...Fram við Dalmýrar eru Breiður, slægjuland og framan við þær Þröskuldar, holt og smáhjallar þvert yfir dalinn. Neðri-Svartihjalli er upp af Þröskuldum, stór hjalli. Þar á að búa huldufólk," segir í örnefnaskrá. Huldufólksbústaðurinn er í Svartahjalla sem er innst í Seljadal ofan hamrabeltis sem kallast Þröskuldar. Nafn sitt dregur hjallinn af því hann er blautur af vatni sem seytlar niður hann og undan honum og því dökkleitur eða næri svartur. Grænn djágróður er á stöllum Svartahjalla og neðanundir honum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 9

**ST-003:029 Stekkjarvík** heimild um stekk

65°56.474N 21°26.050V

"Merkisteinn er lágur klettur, sem stendur uppi undir sjávarbökkunum. Innan við hann er tangi, sem nefnist Fornungstangi...Innan við Fornungstanga er Stekkjarvík. Í henni var Stekkur og fært þar frá, svo að bræðurnir [Guðbrandur og Annes Þorlákssynir, heimildamenn örnefnaskrár] muna eftir. Einnig voru þar beitarhús. Ofan við víkina eru Stekkjarbakkar og ofan við þá Stekkjarbörð," segir í örnefnaskrá. Stekkjarvík er norðan Veiðileysufjarðar, 1,5 km norðaustur frá rústum 005 í Veiðileysutúni.

Blautt, slétt graslendi neðan Bakkanna, á sjávarbakka.

Stekkurinn fannst ekki við vettvangsathugun - aðeins beitarhús 047. Þórður Magnússon heimildamaður, sem er fæddur í Veiðileysi 1935, heyrði að fært hefði verið frá í stekk í Stekkjarvík fram yfir 1930.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 1-2

**ST-003:030** tóft beitarhús

65°56.357N 21°26.615V


"Næstu vikur innan við Stekkjarvík eru Ytri-og Innri-Hvissuvík. Niður í þær falla Ytri- og Innri Hvissulækur niður af bergstöllum í Bökkunum. Sagt var "að fara út í Ytri- eða Innri- Hvissur", og var þá átt við vikurnar," segir í örnefnaskrá. Hvissuvíkur eru ekki eiginlegar vikur nema að nafni til og því erfitt að greina þær. Í annarri hvorri Hvissuvíkinni eru tóftir beitarhúsa. Tóftirnar eru mjög áberandi og stæðileg á sjávarbakkanum í hvammi neðan Bakkanna. Lækur rennur rétt vestan beitarhúsanna. Tóftirnar eru um 480 metrum inn af (vestur) beitarhúsatóft í Stekkjarvík 047.

Beitarhúsatóftin er á grónu undirlendi. Flötin sem hún eru á er þýfð og hallar niður að sjó, mót suðri. Ofan við er brekka upp Bakkana.

Tóftin samanstendur af þremur hólfulum, tveimur samsíða og því þriðja norðan til. Umfang beitarhúsanna er 17 x 10 metrar frá norðri til suðurs, mesta hleðsluhæð er 1,2 metrar. Eystra hólfið er fjárhús, um það mitt er 9 metra löng jata og sitt hvoru megin hennar eru 9 metra langir garðar. Op snúa í suður og hefur að líkindum verið tréþil á suðurvegg. Vestara hólfið virðist vera einhverskonar aðhald, eða gerði u.þ.b. 9 x 3 metrar. Á því eru þrjú op, tvö á vesturlanghlið en aðalopið snýr í suðaustur við fjárhúsvegginn. Norðan fjárhússins er heygardur 3 x 3 metrar að stærð. Grjót sést víða í hleðslum, einkum að innanverðu. Þakrefti og stoðir úr rekaviði eru að mestu fallið í tóftina.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 1-2

**ST-003:031** heimild um leið


65°54.089N 21°28.409V

"Upp af Efri-Fosshjalla er fjall, sem nefnist Strýta. Það er örmjó strýta að sjá frá norðri, en hins vegar má ganga fram á hana ofan frá. Skörð sitt hvoru megin við Strýtu nefnast Strýtuskarð. Skarðið milli Strýtu og Nóntinda var fjallvegur yfir í Goðdal, en hitt skarðið, sem einnig var notað til að fara yfir í Bjarnarfjörð, liggur niður Hallárdal. Það er milli Strýtu og Miðdegisfjalls, sem var eyktarmark frá Veiðileysi," segir í örnefnalýsingu. Goðdalur (sjá leið 019) gengur upp af Bjarnarfjarðarbotni innst, til norðurs en Hallárdalur liggur niður í Bjarnarfjörð skammt austan við Laugarhól. Leiðin í Bjarnarfjörð um Hallárdal hefur legið um Eystra-Strýtuskarð. Uppgefið hnit var tekið af korti.

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 6-7

**ST-003:032** tóft

65°56.203N 21°27.081V



Um 450 m suðvestur frá beitarhúsatóft 030, og 100 metra norðaustan (utan) við Stóraklett er tóft í litlu undirlendi upp af smávík eða bugðu.

Hún er rétt ofan sjávar í brekku sem hallar mót suðri. Ofan við er brattur bakki með klettum efst. Þar ofan að renna lækir rétt við ytri langhlið tóftarinnar.

Tóftin er ferhyrningslaga 10 x 6 m að stærð og snýr suðaustur - norðvestur. Suðausturgafli, sá er snýr að sjónum er alveg opinn. Grjót er í hleðslum, mest í norðvesturgafli, mesta hleðsluhæð er 0,5 metrar. Tóftin líkist fremur einhverskonar aðhaldi en sjóbúð eða nausti.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-003:033** tóft fjós

65°55.824N 21°27.240V


Fjóstóft er á Eyrinni sem er í Veiðileysutúni, norðan Bæjarár. Fjóstóftin er austan við hesthústóft 048 og rétt norðan við túngarðinn 002 sem liggur niður að sjó norðan við ána. Steinsteypar leifar Árbakkahússins er 30 metra suðvestur frá tóftinni.

Hesthústún er gróið og þýft og þurrt utan mýrar sem er norðan til í því.

Tvær samstæðar tóftir en ekki sambyggðar, um 1 m er á milli þeirra. Stærri tóftin sem er af fjósi er vestar. Hún er 8 x 5 metrar að stærð, liggur austur og vestur og snýr op í norður. Neðri tóftin er óskýrari, virðist einskonar gerði. Hún er 5 x 4 metrar stór með op sunnarlega á vesturvegg. Steinahrúga

liggur í tóftinni. Ekki sést grjót í veggjum tóftanna. Fjósið tilheyrði Árbakka.

**Hættumat:** engin hættu

**ST-003:034** Efra-Móholt náma mógrafir

65°55.908N 21°27.797V

"Ofan við túnið eru Mýrar, sem ná fram að Neðra-Móholti. Upp af því er Efra-Móholt. Kringum holtin eru mógrafir, en mórinn var þurkaður á holtunum. Milli Ennanna og Efra-Móholts er svonefndur Hvammur," segir í örnefnalýsingu. Greinilegar mógrafir eru utan í Neðra-Móholti austanverðu, tæpa 300 m vestur af bæ 001.


Mýri. Mjög reglulegar og greinilegar grafir sjást á svæði sem er um 20 x 50 m stórt frá norðvestri til suðausturs. Grafadýpt er allt að 0,6 m. Lækur rennur frá gröfunum til austurs. Eldri mógrafir gætu verið í slökkum norðaustan og suðvestan við holtið.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 3

**ST-003:035** Varða varða samgöngubót

65°56.103N 21°28.334V



Varða 035, horft í suðaustur

"Beint upp af Efra-Móholti er Vörðuholt. Á því er Varða. Oft var sagt "að fara upp að Vörðu", segir í örnefnalýsingu. Varða þessi var einnig nefnd Kaupstaðarvarða. Farið var hjá henni á leið yfir á Kúvíkur. Varðan er hátt uppi á brún, tæpa 800 m norðvestur af bæjarhól 001 í beina loftrínu.

Hrjóstrug brún.

Varðan er þokkalega hlaðin, 1,3 m há og um 1,5 í þvermál að grunnfleti. Skófir vaxa á grjóthleðslum sem eru nokkuð úr lagi gengnar en þó ekkert farnar að hrynja.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 3


**ST-003:036** þúst

65°55.851N 21°27.408V

Rétt við Húsálæk í Veiðileysutúni, um 14 m inn af garðlagi 037, er þúst. Hún er neðan Húsálækjarbakka.

Þústin er á grónum lækjarbakka sunnan undir barði í litlum hvammi. Þústin er reglulega ferhyrningslaga og snýr í norður - suður. Hún er um 5 x 2,5 m stór og 0,2 metrar á hæð, ekki sést grjót í henni. Hún sker sig iðagræn úr sinunni í kring. Ógreinleg dæld er í þústina í miðjunni og austan við þústina er smáhalli.

**Hættumat:** engin hættu

**ST-003:037** tóft+garðlag kálgarður

65°55.858N 21°27.400V

Núverandi íveruhús í Veiðileysu standa ofan Brekkubarðs og Húsálækjarbakka á sléttum mel. Neðan bakkanna, norðan Húsálækjar er tóft og garðlag, fast við vegslóða sem liggur frá bæjarhúsunum niður í Veiðileysutúnið. Tóft þessi og garðlag er um 60 metra austur af neðri fjárhústóftum 041.

Tóftin og garðlagið er á grasi grónum sléttum bala sem hallar niður að Húsálæk til suðurs og vesturs.

Tóftin og garðlagið eru L - laga. Í horninu er tóftin 3 x 4 metrar, og snýr í vestur - austur. Garðlög ganga annarsvegar 5 metra suðurs eins og austurveggur tóftarinnar, og endar við Húsálæk. Þessi garðstúfur gæti verið í sambengi við garðlag sem liggur norður af rústahól 005 því Bæði garðlögin hafa sömu stefnu. Hinsvegar 6 metra til vesturs eins og norðurlangveggur tóftarinnar liggur. Suðurveggur




tóftarinnar er nær alveg sokkinn og ekkert grjót sést í hleðslum. Þórður Magnússon heimildamaður man eftir kálgarði þarna eftir 1940.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ST-003:038** þúst 65°55.868N 21°27.335V


Rétt suðaustur af neðri fjárhústóftunum 041, sem eru ofan Brekkubarðs og sunnan Húsálækjar er iðagrænt þúfnahlaup í sinunni. Það er norðan Veitunnar 003 og ofan Tjarnarinnar í Veiðileysutúni á Rana. Þústin er sem grænt þúfnahlaup sem sker sig úr sinunni.



Þústin er á þurrum, grónum mel í gamla túninu og er á rana sem gengur austur - vestur. Þústin er 8 x 6 metrar og liggur í norðvestur - suðaustur. Hún er mest um 0,5 metra há, fremur slétt að ofan en hallar mót austri. Stallur er niður af þústinni til suðvesturs. Ekki sést grjót í henni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 4



**ST-003:039** tóft hjallur


65°55.961N 21°27.363V

Tóft er um 100 m norðaustur af bæjahól 001.

Grastorfa utan í annars ógrónum sjávarkampum vestanverðum.

Fremur ræfilsleg og óregluleg tóft, 4 x 5 m stór frá norðri til suðurs. Dyr sjást ekki. Samkvæmt Þórði Magnússyni var þetta hjallur, að mestu úr timbri. Einnig voru settir þarna upp smábátar.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-003:040** garðlag túngarður

65°55.974N 21°27.382V

Garðlag er með norðurhlið Veiðileysutúns. Fyrst sér móta fyrir því 130 m norður af bæ 001.

Þar er mýri en vestan við hana gróin hæð.

Austast er garðurinn rýr og siginn, þar sem hann liggur um mýrina á 20-30 m kafla. Þaðan fer hann upp á þurrlenda brekku og liggur á suðurbarmi lækjar. Rof er í garðinn í brekkunni þar sem gömul gata 051 liggur í gegnum hann. Hann er allt að 1 m hár, algróinn og virðist torfhláðinn að mestu. Hann deyr út skammt norðan við Bólbarð 013 og er alls 130-140 m langur.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-003:041** tóft fjárhús


65°55.860N 21°27.478V

"Veita heitir ofan við Mölina út í Bæjará og nær að Húsálæk sem er smálækur. Hann rennur í litla tjörn ofan við Mölina út í Bæjará. Ofan við Veituna heitir Eiríksvöllur. Hann nær að Bæjarlæk neðst...Ofan við Veituna milli Bæjarlæks og Húsálæks er Rani. Ofan við hann er hóll, sem nefndur er Gamli bær [001], en á honum eru rústir. Síðan er sléttlendi og ofan við það Brekkubarð. Upp á því er sléttlendi sem liggur að íbúðarhúsinu. Á því voru fjárhúsin," segir í örnefnaskrá. Tvær fjárhúsústir eru á sléttlendum ofan Brekkubarðs. Hér er sagt frá þeirri neðri. Hún er um 50 metrum norðaustan efri fjárhúsústanna 042. Rústirnar eru á þurrum, grónum mel ofan gamla Veiðileysutúnsins. Húsálækur rennur í geil sunnan við, sunnan vegaslóða sem er sunnan rústanna.



*Fjárhústóft 041, horft í norður*

Rústirnar eru 26 x 16 metrar að stærð og snúa í austur - vestur. Mesta hleðsluhæð er 1,5 metrar. Grjót er í hleðslum, í innanverðum útveggjum sem og í jötum. Op snúa í suður og þar hafa verið tréþil (burstir). Í suðvesturhorni er steyptrúrhefsgryfja og steinsteyptrúð er í einni jötunni, en alls virðast jöturnar vera 4 talsins. Norðan fjárhúsagarðanna var hlaða u.þ.b. 12 x 5 metra stór að



innanmáli, og í norðausturhorni hlöðunnar var hesthús. Einu merkin um það er um 6 metra langur veggstúfur og rof, líklega op, austarlega á norðurvegg hlöðunnar. Gríðarlega veggþykkt er í vesturvegg fjárhúsanna, rúmlega 7 metrar. Þar vestanundir fjárhúsinu eru leifar tveggja hólfá tóftar, allt orðið mjög sigið og óskýrt. Op beggja hólfanna snúa í vestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 4

**ST-003:042** tóft fjárhús

65°55.844N 21°27.541V

"Ofan við Veituna [003] milli Bæjarlæks og Húsálæks er Rani. Ofan við hann er hóll, sem nefndur er Gamli bær, en á honum eru rústir. Síðan er sléttlendi og ofan við það Brekkubarð. Upp á því er sléttlendi sem liggur að íbúðarhúsinu. Á því voru fjárhúsin," segir í örnefnaskrá. Tvær fjárhúsrústir eru á sléttlandinu ofan barðsins. Hér er sagt frá þeirri efri. Hún er u.þ.b. 50 metrum suðvestan neðri fjárhúsrústa 041. Rústirnar eru á þurum, grónum mel ofan gamla Veiðileysutúnsins. Húsálækur rennur í geil sunnan við, sunnan vegaslóða sem er sunnan rústanna.

Tóftin er um 30 x 15 metrar og snýr í austur - vestur. Op snúa í suður og þar hafa verið tréþil á húsunum. Útveggir eru miklir um sig (u.þ.b. 2,5 m þykkir að meðaltali) og sést grjót víða í hleðslum. Grjótblönduð steinsteypa er í hluta suðausturveggs en allir aðrir veggir hlaðnir. Steinsteyp tóftarbað er fellt í eina jötuna en alls eru þær 4 eða 5, en sú austasta er óskýr. Sambyggð hlaða er norðan fjárhúsgarðanna, hún er óregluleg í laginu og stór steinn í vesturhluta hennar. Tvö hólf eru í norðausturhluta hlöðunnar, hið vestara er um 3 x 2 metra stórt að innanmáli, með op til suðurs inn í hlöðuna.



Hið eystra er við byggð við austurhlið fjárhúsanna og virðist op þess vera í vestur inn í hlöðuna. Það hólf er um 5 x 2 metrar að innanmáli.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 4

**ST-003:043** tóftir

65°55.825N 21°27.295V

Um 150 metra austsuðaustur af neðri fjárhúsrústinum 041 er stór hóll í svokölluðu Húsatúni í Veiðileysu. Á hólnum eru rústir. Hóllinn er áberandi í sinuvöfðu Veiðileysutúninu, iðagrænn. Holt er á barðinu ofan túnsins (vestur) og hólsins en mýri norðvestan undan. Sjávarbakkar eru neðan (austan) við. Tóftin er alls 25 x 13 metra löng og snýr í austur - vestur. Hóllinn sem tóftin er á er 25 x 20 stór og rúmlega metri á hæð. Fremur bratt niður af honum til suðurs og suðausturs en aflíðandi til annarra átta. Sjálfur er hóllinn fremur flatur að ofan. Mesta hleðsluhæð veggja er 0,5 metrar en hvergi sést grjót í hleðslum. Tóftin skiptist í 3 hólf og garðlag og verður hólfunum gefnir bókstafir til aðgreiningar og lýst frá vestri til austurs. Vestast er garðlagsstúfur gengur 5 metra til vesturs frá vestustu tóft (A), og hverfur þar. Hólf (A) er tvískipt, alls 6 x 10 metra stórt. Það liggur í norður - suður og er nyrðra hólfíð minna (6 x 2 metrar að innanmáli) en hið syðra sem er 5 x 4 metra stórt að innanmáli. Veggir syðra hólfins eru mun mjórrir en annarra veggja í tóftinni og gæti verið gerði (e.t.v. matjurtagarður enda snýr það á móti suðri). Op er á milli hólfanna. Austur af hólf (A) er hólf (B). Hólf (B) er 3 x 2 metra stórt að innanmáli og ekkert op greinanlegt. Hólf (C) er austur af hólf (B). Það er um 5 x 3 metrar að innanmáli, og ekkert op greinanlegt. Hóllinn virðist vera rústahóll fremur en náttúrulegur hóll, og er mjög mikil gróska



í honum..

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 4

**ST-003:044** tóft fjós

65°55.859N 21°27.551V


Um 55 metra vestur af neðri fjárhúsrústinum 041 og 30 metrum norðvestur af efri fjárhúsrústinum 042 er uppistandandi hjallur og fjóstóft þar við, sambyggt.

Á þýfðum, þurum mel fast við íbúðarhús. Hjallurinn og fjósið standa saman, er hjallurinn við norðurenda fjóssins. Hjallurinn er 4 x 5 metra stór en fjósið er 4 x 4 metrar að innanmáli. Grunnur

hjallsins er steinsteypur sem og austurveggur fjóssins. Vesturveggur fjóssins er hins vegar úr torfi og nær torfveggurinn þeir meðfram allri vesturhlíð hjallsins. Op fjóssins er við suðausturhorn. Hjallurinn er enn uppistandandi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 4




7.418V

**ST-003:045** tóft fjárhús

Í Króki, þar sem Bæjarlækurinn rennur í sjóinn við malarkambinn er tóft, nokkrum metrum ofan fjöru. Fjargata, sem liggur út að Kambi er meðfram

suðaustanverðri tóftinni. Tóftin er um 5 metrum utan (austan) við topplaga stein sem er áberandi í landslaginu. Tóftin er um 290 metra norður frá fjárhústóft 005.



Tóftin er í brekku sem hallar mót suðri eða suðaustri. Bæjarlækur rennur neðan tóftarinnar (u.þ.b. 5 metra frá suðausturhlíð) og handan hans er fjaran og sjórinn. Ofan tóftarinnar eru bakkar með klettum og þar ofan frá kemur lækur sem rennur fyrir norðvestan og norðaustan tóftina og í Bæjarlæk.

Tóftin samanstendur af tveimur sambyggðum hólfulum sem snúa opum til suðausturs og þar hafa verið tréþil. Tóftin er 10 x 10 metrar og hæst er hún um 0,6 metrar. Grjót sést ekki í hleðslum en veggir innra hólsins (suðvestara) standa vel en ysti veggur (norðaustasti) er siginn. Stallur er í innri tóftinni sem gæti verið jata og líklegt er að tóftin sé af fjárhúsum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 3

**ST-003:046** tóft

65°55.997N 21°27.472V

Í Króki, þar sem bæjarlækurinn rennur í sjóinn við malarkambinn er tóft, nokkrum metrum ofan fjöru. Tóftin er 5 metrum suðvestan við fjárhús sem eru við götu (fjargötu) sem liggur út að Kambi. Framan tóftarinnar er topplaga seinn sem hallar mót norðri. Tóftin er 290 metra norðan við fjárhústóft 005.

Tóftin er í brekku sem hallar mót suðri eða suðaustri. Bæjarlækur sunnan tóftarinnar og handan lækjarins er fjaran og sjórinn. Ofan tóftarinnar eru bakkar með klettum og lækjum.

Tóftin er um 5 x 5 metrar að utarmáli. Op snýr í suður en í því stendur steinninn en veggir tóftarinnar ná ekki alveg að honum, en líklegt verður að telja að steinninn hafi eitt sinn verið hluti veggjar. Ytri (eystri) veggur er þykkur, um 1,5 metrar en hinn vestari og nyrsti eru ekki eins skýrir. Það ræðst af því að grafið hefur verið í brekkuna og myndar hún ásamt ógreinilegum hleðslum vestur- og norðurvegg. Að innanverðu er mesta vegg hæð 0,4 metrar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 3


**ST-003:047** tóft beitarhús

65°56.474N 21°26.050V

"Merkisteinn er lágur klettur, sem stendur uppi undir sjávarbökkunum. Innan við hann er tangi, sem nefnist Fornungstangi...Innan við Fornungstanga er Stekkjarvík. Í henni var Stekkur [029] og fært þar frá, svo að bræðurnir [Guðbrandur og Annes Þorlákssynir, heimildamenn örnefnaskrár] muna eftir. Einnig voru þar beitarhús. Ofan við víkina eru Stekkjarbakkar og ofan við þá Stekkjarbörð," segir í örnefnaskrá. Beitarhús eru rétt innan við Merkistein. Tóftirnar eru ofan Fornungstanga yst í Stekkjarvík, um 480 metrum utan við (norðaustur) af beitarhúsatóft [030] í Hvissuvíkum.

Tóftirnar eru í deigu en sléttu graslendi neðan Bakkanna, á sjávarbakka.

Beitarhúsatóftin er alls 14 x 7 metrar og snýr eins og fjörðurinn í austur - vestur. Tóftin skiptist í fjárhús og hlöðu austan við. Þakreftið var úr rekaviði og er það hrúnið ofan í tóftina. Grjót sést í hleðslum, aðallega að innanverðu og er mesta hæð hleðslna um 1 metri. Vesturgafli er opinn og þar hefur að líkindum verið tréþil. Í tóftinni er 7 metra jata og garðar beggja vegna við. Heygarður aftan fjárhúsgarðanna er 4 x 2 metrar að innanmáli. Veggjabykkt er 1-2 metrar en austurgafli er mjög þykkur, rúmlega 3 metrar mest.



**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 1-2

**ST-003:048** tóft hesthús

65°55.793N 21°27.290V

"Við hliðina á Eyrinni áleiðis að Bæjará, en túngirðingin liggur að árbakkanum, heitir Hrutatunga. Nær ánni er Hesthústún. Þar var hesthús," segir í örnefnaskrá. Hesthústóft er á Hesthústúni, norðan Bæjarár, mjög áberandi. Tóftin er 190 metra suðaustan neðri fjárhústóftar 041. Eyrin er gróin og þýfð og þurr utan mýrar sem er norðantil í henni. Tóftin er 11 x 8 metrar að stærð og snýr í austur - vestur. Mesta hleðsluhæð er 0,5 metrar. Tóftin skiptist í 5 mismunandi stór hólf, 4 í megintóft en 1 norðurunda. Vestasta hólfíð er 2 x 1 metri að innanmáli, næsta er 2 x 4 metrar, þá hið stærsta sem er 4 x 5 metrar. Hið austasta er 4 x 1 metri á stærð og nyrsta hólfíð er um 1 x 1 metri. Engar dyr eru greinanlegar á neinu hólfanna. Það sést í grjóti í hleðslum en tóftin er mjög

gróin. Þakrefti og stoðir eru fallnar í tóftina. Hesthúsið tilheyrði Árbakka.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Veiðileysa, 5**ST-003:049** tóft


65°55.722N 21°27.639V



*Hundakofi 049, horft í norðvestur*

"Milli Húsalæks og Bæjarár Húsholt. Á því eru hvorki hús né tóftir. Á því standa tveir stórir steinar, Dvergasteinar. Trú var á að ekki mætti hrófla við neinu á holtinu. Vegurinn heim að Veiðileysu liggur yfir það," segir í örnefnaskrá. Við syðri Dvergasteininn er hleðsla úr grjóti, hundakofi.


Holtið er grýtt en víða gróið og vaxið lyngi. Hundakofinn er eingöngu hlaðinn úr grjóti, móbergshell um. Rústin er 2 x 2 metrar og mesta hleðsluhæð nær 1 metra.



Dvergasteinn gegnir hlutverki austurveggjar og standa norður- og vesturhlið enn. Suðurhlið er hrunin. Hundarnir voru lokaðir inni í kofanum meðan verið var að hreinsa þá.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Veiðileysa, 5**ST-003:050** tóft útihús

65°55.839N 21°27.860V



Tóft er rúma 100 m sunnan mógrafa við Móholt 034, 370 m vestur af bæjarhól 001. Þurr holt í mýrlendri, aflíðandi brekku mót austri.

Tóftin er einföld, 7 x 4 m stór og snýr NA-SV. Veggir eru mosavaxnir, um 0,3 m háir og ekki sést grjót í þeim. Dyr gætu hafa verið á norðausturhorni. Jarðfastur klettur er fast norðaustan við klettana. Slakki er norðan og norðaustan við holtið, þar gætu hafa verið mógrafir. Tóftin gæti hafa verið í tengslum við þær, mókofi eða stæði fyrir móhrauka.

**Hættumat:** engin hætta**ST-003:051** gata leið

65°55.933N 21°27.519V

Gata liggur til norðausturs gegnum Veiðileysutún og svo slóði í framhaldi af henni áfram til norðurs og norðausturs. Tún í órækt. Hún sést norðan bæjarlækjar, stefnir þar í norðaustur skammt vestan við tóft 011 og áfram gegnum skarð á túngarði 040. Hún er greinileg, annaðhvort mjög troðin eða jafnvel grafin niður í túnið. Þegar komið er út fyrir túngarð verður hún ógreinilegri, þó sjást víða slóðar á undirlendinu með Veiðileysufirði norðanverðum, allt að bænum Kambi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**ST-003:052** gryfja kolagröf 65°55.965N 21°23.782V

Kolagröf er tæpa 200 m austur af beitarhúsum á Dalgrund 025.

Grösugt nes með klettum fremst, mikill reki er í víkinni austan við nesið.


Hringlaga, gróin hvílt, tæplega 2 m í þvermál og umhverfis hana er torfkragi, væntanlega uppkast. Alls er því gröfin um 3 x 3 m stór. Hún er fremur óregluleg. 35 m vestan við kolagröfina er gróskublettur, um 12 x 5 m stór frá austri til vesturs, hugsanlega tóftarleifar.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-003:053** tóft

65°55.983N 21°23.283V



Tóft er á litlu nesi um 570 m austur af beitarhúsum á Dalgrund 025, fram af austurhluta Seljadals 026 og norðan þjóðvegur. Lítið, gróið nes með litlum mýrarblettum. Klettur er fremst á því, við sjóinn.

Tóftin er á nesinu miðju. Hún snýr ASA-VSV og er einföld, um 10 x 4 m stór. Grjót sést innan veggja en þeir ná ekki nema um 0,2 m hæð. Op gæti hafa verið á eystri skammhlið. Tóftin minnir nokkuð á naust en snýr þó þvert á fjöruna og þar að auki eru 6-8 m fram á sjávarkampinn og mikið stórgryti þar, tæplega góð landing. Töluverður reki er í víkinni austan við tóftina.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-003:054** tóft heystæði

65°55.669N 21°27.955V

Í Grafarmýri, norðaustan þess staðar þar sem gullkistan á að vera fólgin 016 og suðvestan mógrafanna 015. eru þrjár tóftir í röð frá norðaustri til suðvesturs. Norðaustasta (ysta) tóftin (A) er 90 metra vestur frá Dvergasteinum. Tóft (B) er 15 metra suðvestur frá tóft (A). Tóft (C) sú suðvestasta er 25 metra SSV frá tóft (B). Mýrin er þýfð og blaut. Lækur rennur norðarlega í henni. Ofan Grafarmýrar eru hjallar alveg upp að þjóðvegnum yfir Veidileysuháls. Tóftirnar eru líklega allar heystæði eða leifar af hleðslum undir móhrauka. Ysta (norðaustasta) tóft (A), er fremur sporöskjulaga, 11 x 4 metrar að stærð og liggur í austur - vestur. Hleðsluhæð hennar er 0,4 metrar og veggþykkt tóftarinnar nær 1 metra en norðausturveggur er 2 metrar. Tóft (B) er fremur ferköntuð, 9 x 4 metrar, hleðsluhæð 0,4 metrar. Hún snýr austur - vestur. Tóft (C) er nær ferköntuð, 7 x 4 metrar að stærð og snýr norður - suður en er öðruvísi en hinar tvær að því leyti að í hana er engin dæld og eins og stungið niður í mýrina við hliðar hennar. Mógrafirnar 015 upp af Húsholti (holtið þar sem Dvergasteinar standa sjá 049) eru fast sunnan við hana. Hleðsluhæð tóftar (C) er um 0,4 metrar.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-003:055** tóft

65°55.833N 21°27.597V

Vegurinn heim að Veidileysu liggur yfir Húsholt (sjá 049). Við heimreiðina, þar sem hún greinist annarsvegur heim að bæ og hins vegar í slóða niður á Veidileysutún, er tóft.

Hún er á grónum bakka Húsalækjar. Lækurinn rennur sunnan tóftarinnar. Vegur liggur við/á vesturhluta hennar.

Tóftin er alls 8 x 4 metrar, er 0,2 metra há og snýr í austur - vestur. Tóftin samanstendur af

tveimur hólfum, það ytra (eystra) er nær því ferningslaga 5 x 4 metra stórt. Ekkert op sést á því. Það vestara er skemmt því vesturhluti þess hefur horfið undir heimreiðina sem liggur til norðurs heim að bæ.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ST-003:056** heimild um leið

65°55.887N 21°24.540V

Þegar farið var frá Veidileysu til syðstu bæja í Árneshreppi var farið með ströndinni. Það var afar torfær leið eins og frá greinir í Sýslu- og sóknalýsingum: "Þegar Trékylisheiði er ekki fær á vetrum



Tóft 055, horft í norður

vegna snjóa og ófærða, liggur annar vegur suður með sjó, suður úr sókninni, og er þá farið frá verzlunarstaðnum ofan í Veiðileysufjarðarbotn, og austur með sama firði og svo til suðurs fyrir austan Birgisvíkur- og Kolbeinsvíkurfjall með bæjum. Þessi vegur er illur yfirferðar, og margar torfærur á hönum, mest klettar og klungur." Ennfremur segir: Með Veiðileysufirði sunnanverðum milli Veiðileysu og Birgisvíkur er svo vondur vegur, þó farið sé með sjó, að ekki er fært að fara hann á sumrum nema með vana hesta. Á þeim vegi eru nærri ófær klettaklif og hættuleg mjög." Ekki sést móta fyrir gömlu götum en má ætla að þær hafi annaðhvort verið þar sem þjóðvegurinn er nú eða alveg niðri í fjöru. Uppgefið hnit var fengið af korti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**SS II, 233-234

## ST-004 Kambur

24 hdr. 1847 og 1706. 1805 eru eyðihjáleigurnar Ketilstaðir, Halldórstaðir og Hrauntún taldar hér með. Halldórsstaðir byggðust að nýju, líklega 1845 en fóru í eyði 1933. [1224] Máldagi Reykjarholtskirkju [iv]. Þessa reka a kirkiaí reka hollti. Vndir felli ytra þriðivngur hvalreka ok halfr viðreki ok land halft. Vndir iðra felli þriðivngur hvalreka ok likt i agoða. Sem vndir ytra felli. Þriðivngur hvarttveggja i agoða. A mvnaðar nesi fiorðvngur hvalreka. Að kamb i fiorðvngur i hvalreka. I byrgisvik fiorðvngur i hvalreka. (DI I, 476) "Þetta var gört; var þá svá skipt til, at þeir Þorgrímr létu Reykjarfjörð ok allt út þeim megin, en þeir skyldu eiga Kamb [...]. ÍF VII, 32 Jörðin Kúvíkur er talinn með Kambi. Kambur hefur verið í eyði síðan 1954.

Tún 2.9 ha. 1917. 1/4 slétt.

### ST-004:001 Kambur bæjarhóll bústaður

65°57.224N 21°22.673V


Túnstaði Kambs er suðaustan undir austurenda Kambs, á löngu nesi sem gengur fram milli

Veiðileysufjarðar og Reykjarfjarðar. Rústir síðasta bæjarins eru ofarlega í miðju túni og sjást glögg, enda veglegur bæjarhóll og gróska mikil. Kambur fór í eyði 1954. Þýft tún í órækt. Bæjarlækur rennur með hólnum sunnanverðum. Bæjarhóllinn er stór og mikill og virðist óspilltur að mestu. Hann er um 70 x 55 m stór og sker sigmjög úr sléttlendu túni, allt að 1,5 m hár. Á honum sjást töluverðar rústir. Austast á hólnum eru leifar síðasta íbúðarhússins, kjallari með steinsteypum veggjum. Uppi á honum eru miklar timburleifar og steypubrot í kring. Kjallarinn er alls 8 x 6 m stór frá norðri til suðurs, niðurgrafinn um hér um bil 1,5 m. Við suðurhlíð hans liggur mikið af steypuleifum, líklega suðurgafli hússins sem



Bæjarhóll á Kambi 001, horft í austur

hefur fallið út. Fast norðan við grunninn að niðurgrafið hólf með hálfhrundum steypuveggjum, 7 x 3,5 m stórt að innanmáli og um 1 m djúpt, vafalaust húsgrunnur. Um 3 m vestur af því vottar fyrir tóft sem er 8 x 5 m stór frá austri til vesturs, með op í vestur. Innri hluti hennar er greinilegur en ytra byrði veggja rennur saman við hólinn. Beint sunnan við það vottar greinilega fyrir tóft eða þúst, 4 x 6 m frá austri til vesturs. Þar sunnan við sér fyrir 2 m breiðri og 13 m langri algróinni hleðslu sem liggur til vesturs. Hún hækkar eftir því sem austar dregur. Fyrir vestan hana eru upprórnar ójöfnur, eins og hrúgöld, líklega veggjaleifar. Fast austan undir þeim er greinileg en algróin tóft, 5 x 3 m stór og snýr A-V, op er austast á norðurvegg. Um 4 m sunnar er önnur svipuð tóft, um 5 x 4 m stór, en snýr þvert á hina og er opin í norðurátt. Lækurinn rennur fast sunnan við hana og gæti þetta sem best hafa verið



brunnhús. 15 m norðaustur af steypa kjallaranum sem fyrst var rætt um er hringlaga tóftarbrot í geil í hóljaðrinum, 4 m í þvermál. Hleðslur þess eru grónar og hæð um 0,2 m. Um 5 m vestur af því er niðurgröftur í hólinn, e.t.v. súrheystóft, 5-6 m í þvermál, 1,5 m djúp. Þá hefur mannvistarleifum á hólnum verið lýst en þó er ekki allt upptalið. Sunnan bæjarlækjar, sem rennur sunnan við hólinn, er annar hóll sem virðist áfastur bæjarhóll, liggur eins og tota út frá honum þrátt fyrir lækinn. Hann er alls 12 x 20 m stór frá norðri til suðurs en mjókkar í suðurátt. Þetta gæti verið gamall öskuhaugur að hluta, hefur mjög skarpar brúnir og er allt að 2 m hár. Á honum sjást leifar veggja tófta, sú nyrðri er um 4 x 3 m stór, fremur óljós og hefur ekki greinilegar dyr. Hún er algróin. Sú syðri er 9 x 6 m stór N-S en mjókkar til suðurs, líklega vegna lögunar hólsins. Hleðslur hennar eru greinilegar en ekki miklar um sig, engin hleðsla er á norðurhlíð. Tóftinni hallar lítilllega mót

suðri og gæti hún sem best verið af kálgarði.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-004:002 Sel tóft sel**

65°57.761N 21°25.182V

"Lækurinn fellur út í Viðavík. Nokkur reki er í vikinni en aðallega í landi Halldórsstaða. Næsta vík heitir Innri Selvík. Hún dregur nafn af Seli, sem tóftir voru af á Selvíkurhöfða, milli Innri og Ytri Selvíkur. Selið er um hálf tíma gang frá bæ. Inn og upp af selinu er Selflói. Hann teygir sig inn að mýrum sem ná inn að landamerkjum," segir í örnefnaskrá. Selrústin er um 1,2 km ANA frá bæjarhóli Halldórsstaða 079. Fjargata, sem liggur út með sjó allt frá Kúvíkum er meðfram rústinum sunnanverðri.




Sel 002, horft í norðvestur

Rústin er á grónum, flatlendum, en fremur deigum rima milli Selvíkurhöfða að norðan og klettahjalla að sunnan. Með klettahjallanum að vestan og norðan rennur lækur. Hann rennur sunnan rústarinnar og niður með henni austanverðri og til sjávar. Austan selrústarinnar er blaut mýri og neðan hennar ákveðinn halli til sjávar (norðurs).

Selrústin sjálf er, u.þ.b. 30 x 10 metra stór og er á rústahól sem er rúmlega 30 x 20 metrar stór. Hóllinn og rústin snúa austur - vestur og rísa iðagræn upp úr sinunni í

móanum kring. Í tóftinni sjást 7 hólf, misgreinileg og verður hólfunum nú lýst frá vestri til austurs og gefnir bókstafir A-G til aðgreiningar: (A): Vestast er gerði, það er 3 x 4 metrar að innanmáli og vantar suðurvegg, svo það er alveg opið til suðurs, mót fjalli. (B): Næst-vestasta hólfíð er um 5 x 3 metrar að innanmáli, snýr austur - vestur með op austarlega á suðurvegg. Botn hólfins er mun þykkari upp við suður - og norðurvegg, þar sem veggir hafa fallið inn í tóftina en örmjó dýpri renna er eftir hólfinu miðju þar sem veggirnir hafa ekki náð saman. (C): Milli (B) og (C) eru gríðarþykkur veggur (2 metra breiddur) og austan hans lítið L - laga hólf með op til suðurs. Hugsanlega hefur hólf (C) verið stærra og teygt sig lengra til vesturs en veggir hrunið saman og átt þátt í að mynda hinn gríðarþykka vegg milli (B) og (C). (D): Hólf þetta er um miðja seltóftina. Það er sigið og ógreinilegt en skiptir tóftinni nær því í tvennt. Það er opið til norðurs en er, að kalla má, um 3 x 1 metri og snýr norður - suður. (E): Næst- austasta hólfíð er skýrt, 5 x 3 metrar að innanmáli, með op austarlega á norðurvegg. Lítil þúfnamyndun eða jarðvegsþykknun er í botni hólfins eins og veggir hafi ekki fallið inn í tóftina líkt og í tóft (B). (F): Austast er gerði, 5 x 5 metrar að innanmáli. Rof eða op er vestarlega á suður- og norðurvegg og grunnur skurður, að líkindum uppborður lækjarfarvegur þar á milli. Hugsanlega hefur lækur sem rennur u.þ.b. 4 metra austan við hólfíð runnið í gegnum garðveggina og myndað þessi rof í þá, eða jafnvel að læknum hafi einhverntíma verið veitt þarna í gegn.

(G): Sunnan við hólf (B) er hús eða gerði, 4 x 2 metrar og snýr norður - suður. Op er í suður. Af framansögðu má sjá að svo virðist sem gerði séu við báða gafla selrústarinnar, en það gætu verið heystæði eða aðhald fyrir skepnur. Sunnan undir rústinum eru óljós garðlög og þúfnahlaup sem engin mynd er á. Veggir rústarinnar eru misþykkir, allt frá u.þ.b. 1 metra upp í rúmlega 2 metra. Hæð hólsins er u.þ.b. 1 metri og hæð hæstu veggja er u.þ.b. 0,4 metrar, hvergi sést grjót í hleðslum. Rústahóllinn sem hefur myndast við Selið er svo mikill og hár að ætla má að hann geymi miklar mannvistarleifar undir sverði - og ekki ólíklegt að þarna hafi jafnvel verið heilsársbyggð á einhverjum tímamarki. Um Selið virðist hafa verið vörslugarður, og eru leifar hans sjáanlegar norðvestan og suðvestan rústarinnar. Garðlagið norðvestan rústarinnar er u.þ.b. 17 metra frá, og því tengist iðagræn þúst u.þ.b. 5 x 3 metra stór. Bæði er þústin og garðlagið afar sigið og ógreinilegt en það virðist ganga niður í bás við sjóinn austan við Selhöfða (básinn er svo að segja beint niður undan vestasta hluta Selsins). Óyggjandi vörslugarður er hinsvegar suðvestur frá Selinu og ber hann númerið 052 hér í





skránni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kambur, 1-2

**ST-004:003** *Móholt* náma mógrafir

65°57.605N 21°25.685V

"Inn og upp af selinu [002] er Selflói. Hann teygir sig inn að mýrum sem ná inn að landamerkjum. Í þeim var tekinn mór og þurrkaður á Móholti. Kallað var að fara "norður í Mó" og átti það við hvort tveggja mýrina og holtið," segir í örnefnaskrá. U.þ.b. 500 metra inn (vestur) af Selinu 002, upp af Viðavík, eru miklar mógrafir. Mýrarnar eru milli kletthjallanna og liggja hjallarnir og mýrarnar eins og fjörðurinn í austur - vestur. Mikið af lækjum renna þarna um drögin.

Aðal mógrafasvæðið er upp af Viðavík. Það er mjög stórt a m k. 100 x 100 metrar. Dýpt grafanna er mjög mismunandi en nær allt að 1 metra.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kambur, 1-2

**ST-004:004** *Byrgisvík* tóft naust

65°57.789N 21°24.297V

"Næst er Byrgisvík. Þar var beitarhús [006], enn fremur lending. Hjallnes [036] er utan við Byrgisvík og síðan Sandvík. Í henni er finn ægissandur," segir í örnefnaskrá. Í vikinni er naust ofan varar sem þar er í fjörinni, um 670 metra austur frá Selinu 002. Fjargata sem liggur út með sjó allt frá Kúvíkum liggur rétt neðan við naustið. Fjaran í vikinni einkennist af lábörðum hnullungum, klettaflúðum og skerjum útifyrir. Sjávarkampurinn er grasi gróinn, undirlendið lítið eins og algengt er í þessum smávíkum. Ofan við vikinna rísa grasi grónir bakkar, brattir, og efst í þeim kletthjallar. Naust er á bakkanum utarlega (austarlega) í vikinni, ofan við vör sem virðist rudd. Naustið er 8 x 3 metrar að utanmáli en 6 x 1 að innanmáli, hæð hleðslna að innanverðu er um 0,5 metrar. Tóftin hallar með sjávarbakkanum til norðvesturs, niður að sjónum, og þangað snýr op tóftarinnar. Grjót sést í hleðslum, bæði að innan og utanverðu.




**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kambur, 2

**ST-004:005** tóft fjárhús

65°57.743N 21°24.951V

Suður af Byrgisvík (sjá númer 004) og um 180 metra suðaustur af Selinu 002 eru nokkrar tóftir, þ.á. m. fjárhústóft. Tóftin er á sléttri grund, deigri og grasmikilli. Sunnar eru kletthjallar og norðar eru brattir sjávarbakkar.



Tóftin er 9 x 6 metrar að utanmáli og snýr austur - vestur. Veggir eru hæstir 0,8 metrar, grjót í hleðslum, bæði á utan- og innanverðum veggjum. Gardarnir eru tveir, 5 metra langir og rúmlega 4 metra löng jata í milli þeirra. Tvö op eru á vesturgafli, framan við hvorn gardann. Aftan við gardanna (vestan þeirra) er áföst hlaða, 2 x 3 metrar að innanmáli. Veggirnir eru að blása upp og í þá komin stór skörð. E.t.v. tilheyrðu þessar fjárhústóftir nýbýli Jakobs Magnússonar sbr.

örnefnaskrá Kambs: "Utanvert við Selið byggði Jakob Magnússon sér bæ snemma á 4. tug aldarinnar og bjó þar einn til tvo vetur." Fleiri tóftir eru í kringum fjárhústóftina (sjá 047, 048 og 049) en hvergi líklegur staður fyrir bæinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kambur, 2

**ST-004:006** tóft beitarhús

65°57.803N 21°24.476V

"Næst er Byrgisvík. Þar var beitarhús, enn fremur lending [sjá 004]," segir í örnefnaskrá. Í Byrgisvík eru beitarhús. Það er um 210 metra VNV frá lendingunni 004. Beitarhúsið er innst í vikinni (vestast) en lendingin er yst (austast). Fjargata sem liggur út með sjónum, liggur þarna alveg við tóftina.

Fjaran í vikinni einkennist af lábörðum hnullungum, klettaflúðum og skerjum útifyrir. Sjávarkamburinn er grasi gróinn og undirlendi lítið. Ofan vikurinnar rísa grasi grónir bakkar og efst í þeim eru kletthjallar. Beitarhúsatóftin er alls 14 x 8 metrar að stærð og skiptist í fjárhús og hlöðu. Tóftin snýr í suðaustur - norðvestur. Eftir tóftinni miðri er 5 metra löng jata og garðar sitt hvoru megin. Op er suðvestarlega á suðausturvegg. Samfast við húsið að aftanverðu er U-laga heygarður, u.þ.b. 4 x 2 metrar að innanmáli. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og er nær allt hleðslugrjótið hellur. Tóftin stendur vel, veggjabykkt er að jafnaði um 1 metri en nær 2 metrum framarlega á suðvestur-


langvegg. Mesta hæð hleðslna er um 0,8 metrar. Suðausturveggur er alveg fremst á sjávarbakkannum. Framanvið beitarhúsin er önnur tóft, bátslaga nr. 046.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kambur, 2




Beitarhúsatóft 006, horft í austur



**ST-004:007** Stekkjarnes tóft stekkur

65°57.831N 21°23.454V

"Klettastandur milli Sandvíkur og næstu víkur, Stekkjarvíkur, heitir Standur...Stekkjarnes er nesið utan við Stekkjarvík. Það er allbreitt og vel gróið. Í því er Stekkjarbás [sjá 030], smávík," segir í örnefnaskrá. Vestan undir Standi sem er austast í Sandvík, er tóft. Tóftin er á sléttri grund í gróinni brekku sem hallar niður að sjó til norðvesturs. Tóftin vestan undir háum klettavegg.



Tóftin er alls u.þ.b. 8 x 6 metrar að stærð og skiptist í tvö hólf. Klettaveggurinn myndar suðausturvegg aðhaldsins og út frá klettaveggnum ganga tvær vegghleðslur úr torfi og grjóti til norðvesturs. Sú suðvestari er að mestu hruninn en hin norðaustari stendur ágætlega, í henni sjást 4-5 umför af grjóti. Næst klettinum er stærra hólfíð, það er L-laga. Ópið á því er við suðvesturvegg, snýr til norðvesturs. Minna hólfíð er þríhyrningslaga og er í norðausturhluta stekkjarnes. Það er

hólfað frá stærra hólfinu með með grjóthlöðnum vegg. Op minna hólfins snýr í vestur. Mesta hleðsluhæð veggja er 0,6 metrar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kambur, 2

**ST-004:008** Lending heimild um lendingu

65°57.241N 21°22.461V

"Út af Sandodda er boði, Naggur, og Skerin, sem eru tvö. Þá tekur við Lending. Norðan við hana er kúptur boði, Brúnkolla," segir í örnefnaskrá. Lendingin er rúma 160 m beint austur af bæ 001. Gróinn sjávarkampur en niður af honum fjara.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kambur, 3

**ST-004:009** Nátthagi gerði nátthagi

65°57.186N 21°22.500V

"Hundavogsklettur eru suðvestan við Lendinguna. Hundavogur er á milli þeirra. Innan við Hundavogsklettana er nafnlaus klettur. Ofan við hann en undir bökkunum er Nátthagi, smá girðing og rétt upp við klettinn. Fært var frá í tvö sumur, eftir að Alfred [Sæmundsson f. 1915, kom að Kambi 1931] kom að Kambi og Nátthaginn þá notaður og síðar til innrekstrar," segir í örnefnaskrá. Nátthaginn er austan undir háu hamrabelti hátt í 100 m sunnan við Lendingu 008, 150 m ASA af bæ 001. Gróinn, hömrum girtur bolli. Nátthaginn er stórgott aðhald frá náttúrunnar hendi. Klettur markar hann að austan og vestan en hlaðið hefur verið á norður- og vesturhlið sem og hluta austurhliðar. Hleðslurnar



eru úr grjóti, standa víða ágætlega og eru alveg ógróñar. Alls er náthaginn um 25 x 35 m stór frá austri til vesturs og hefur verið rekið inn í hann vestast á suðurhlið. Inni í náthaganum er hlaðin rétt, vestan undir kletti. Hún er alls um 13 m löng og 5 m breið, snýr austur-vestur. Rekið hefur verið inn í hana að norðanverðu og innarlega sjást leifar af þvervegg sem hefur skipt henni í tvennt. Hann er ógróinn en annars eru hleðslur vel gróñar, einkum að utanverðu, en sýnilega að mestu úr grjóti.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ó-Kambur, 3



Náthagi 009, horft í suðaustur. Tóftin er undir klettinum

**ST-004:010** Stekkur tóft stekkur  
65°57.464N 21°22.502V

"Upp af Snasabás eru Skjól [...] Smátóft, sem nefnist Stekkur, var bæjarmegin við Skjólin," segir í




Stekkur 010, horft í austur

örnefnaskrá. Stekkurinn er austan undir gríðarstórum björgum við austurenda svonefnds Nautahjalla, 460 m norður af bæ 001. Gott aðhald frá náttúrunnar hendi. Þökkalega grösugt er kringum björgin en norðar og austar örfoka melur með stórgryti. Tóftin er gröskumikil, innst í krika milli bjarga. Þar hefur verið hlaðin kró, 5 x 4 m stór með gróñar hleðslur, allt að 0,7 m háar. Þó vottar fyrir grjóti á nokkrum stöðum. Króin er hlaðin á þrjár hliðar en klettur markar hana að vestanverðu.

Ekki er ljóst

hvar op hefur verið, þó líklega nyrst og vestast, upp við klett. Um 3 m norðaustan við tóftina vottar fyrir bogadregnu garðlagi en mjög þúfuhlaupnu sem lokar klettaskorunni til hálfis að austanverðu, alls um 6 x 5 m frá austri til vesturs. Alls hefur stekkurinn verið um 16 x 8 m stór frá austri til vesturs. Fast sunnan við stekkin vottar fyrir mjög fornlegu garðlagi 072.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ó-Kambur, 4



**ST-004:011** Sjávangata heimild um leið

65°57.232N 21°22.550V

"Í túninu ofan við götu [012] beint norður af bænum heitir Svíri, hallalítið þýft land. Neðan við götuna og inn að Sjávangötu, sem lá niður að Lendingu [008], heitir Kringla. Innan við Sjávangötu inn að Bæjarlæk heitir Svunta," segir í örnefnaskrá. Sjávangata hefur legið heiman frá bæ 001 og austur að Lendingu 008 sem er 160-170 m frá bæ.

Grösugt og þýft tún í órækt.

Ekki mótast lengur fyrir götunni.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ó-Kambur, 4

**ST-004:012** gata leið

65°57.178N 21°22.690V

"Í túninu ofan við götu beint norður af bænum heitir Svíri, hallalítið þýft land," segir í örnefnaskrá. Umrædd gata er væntanlega sú sem hefur legið gegnum suðurhlið túngarðs 019, þvert yfir túnið austan við bæjahól 001 og áfram til norðurs. Gróið tún. Enn mótast vel fyrir götu gegnum Kambstún, enda notuð af kindum og göngufólki.

**Hættumat:** engin hætta



Heimildir: Ö-Kambur, 4



Tóft 013, horft í suður

40 x 15 m stórar frá norðvestri til suðausturs. Þær eru um 0,5 m djúpar og blautar í syðri enda. Rúmum 50 m suðaustar er djúpur hvammur sem nær allt fram á sjávarbakka, virðist líklegt að mór hafi einnig verið tekinn þar þótt ummerkin séu ekki jafn skýr. Alls er svæðið um 150 x 100 m stórt.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:015** *Húsabakkar*

65°57.023N 21°22.953V

"Húsabakkar heita bakkarnir meðfram sjónum frá Rekaparti og inn að lítilli nafnlausri vík, sem lækur fellur í utan við Laugarvík. Hús voru ekki á bökkunum en tóftir yst á þeim" segir í örnefnaskrá. Húsabakkar eru 400-500 m suðvestur af bæ 001. Sléttir, grösugir og víða nokkuð mýrlendir bakkar. Gengið var um bakkana en engin tóft fannst. Í örnefnalýsingu eru tóftir sagðar yst á bökkunum sem þýðir austast á þeim, þ.e. næst bæ. Eina tóftin á því svæði er 013, sem er líkast til heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ö-Kambur, 4-5

**ST-004:016** *Stapi* þjóðsaga huldufólksbústaður

65°57.004N 21°23.098V

"Upp af Staðarbökkum eru Mýrar og upp af Laugarvíkinni klettur, sem heita Stapi. Þar var huldufólksbyggð," segir í örnefnaskrá. Stapi er rúma 500 suðvestur af bæ 001. Töluvert klettabelti en mýrar niður af því. Liggur beinast við að fara neðan eða austan klettana þegar haldið er inn fjörðinn frá Kambi.

**Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ö-Kambur, 5



Beitarhúsatóft 017, horft í vestur

001. Gróin grund undir háum bökkum en ofan sjávarkamps. Sáralítið undirlendi er á þessum slóðum, lítið breiðara en sem svarar lengd tóftarinnar. Ofar er Hraun, skriðurunnin fjallshlíð. Tóftin er af

**ST-004:013** tóft heystæði

Leifar af tóft eru á Bökkunum miðjum, um 50 m suðvestan við túngarð 019, rúma 200 m suðvestur af bæjarhól 001. Hálfgróinn melur. Tóftin er sigin og lögun hennar óljós. Hún er um 10 x 6 m stór frá norðaustri til suðvesturs. Hún sker sig rækilega úr melnum, enda gróska í henni. Tóftin gæti verið af heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ö-Kambur, 4

**ST-004:014** náma mógrafir

Greinilegar mógrafir eru 40 m norður af tóft 066, skammt austan við Hraun.

Mýri en grýtt og hálfgróin holt í henni við fjallið. Grafirnar eru samfelldar og reglulegar,

40 x 15 m stórar frá norðvestri til suðausturs. Þær eru um 0,5 m djúpar og blautar í syðri enda. Rúmum 50 m suðaustar er djúpur hvammur sem nær allt fram á sjávarbakka, virðist líklegt að mór hafi einnig verið tekinn þar þótt ummerkin séu ekki jafn skýr. Alls er svæðið um 150 x 100 m stórt.

**Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ö-Kambur, 4

"Upp af Staðarbökkum eru Mýrar og upp af Laugarvíkinni klettur, sem heita Stapi. Þar var huldufólksbyggð," segir í örnefnaskrá. Stapi er rúma 500 suðvestur af bæ 001. Töluvert klettabelti en mýrar niður af því. Liggur beinast við að fara neðan eða austan klettana þegar haldið er inn fjörðinn frá Kambi.

**Hættumat:** engin hætta


Heimildir: Ö-Kambur, 4-5

**ST-004:017** tóft beitarhús

"Ströndin neðan við Stórahraun frá Stöð og inn að Illukleif, sem síðar getur, heitir Trogaströnd. Það er nokkuð löng landræma, um 1-2 km á lengd og 30-50 m breidd, slétt og gróin. Fyrir ofan hana eru bakkar. Yst á Trogaströnd voru beitarhús," segir í örnefnaskrá. Tóftir beitarhúsanna eru austast á Trogaströnd, 1,4 km suðvestur af bæjarhól

001. Gróin grund undir háum bökkum en ofan sjávarkamps. Sáralítið undirlendi er á þessum slóðum, lítið breiðara en sem svarar lengd tóftarinnar. Ofar er Hraun, skriðurunnin fjallshlíð. Tóftin er af

001. Gróin grund undir háum bökkum en ofan sjávarkamps. Sáralítið undirlendi er á þessum slóðum, lítið breiðara en sem svarar lengd tóftarinnar. Ofar er Hraun, skriðurunnin fjallshlíð. Tóftin er af



garðahúsum, 15 x 5,5 m stórum. Húsin snúa SSA-NNV, dyr eru á syðri gafl og vísa þær niður í fjöruna, þar sem miklir þarabunkar eru. Mikið timbur er í tóftinni, leifar stoða og grindar. Veggir ná allt að 1,3 m hæð og eru mestmegnis úr grjóti, grónir að utanverðu. Norðurlanghlið er illa farin og að mestu fallin inn í tóftina. Um 7 m austur af norðurenda tóftarinnar er regluleg dæld, um 1 m í þvermál, hugsanlega kolagröf.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kambur, 6

**ST-004:018** *Nátthagi* tóft nátthagi

65°57.288N 21°30.112V

"Þá kemur vík sem nefnist einu nafni Nátthagi. Þar var afgirtur nátthagi, en hann var ekki notaður, svo Ína [Jensen] muni til," segir í örnefnaskrá. Vík sem kemur heim og saman við lýsinguna er 380 m vestur af Stekk 056. Grösugt undirlendi er upp af víkinni, hún er klettum girt yst eða austast. Undir klettunum er hlaðin skeifulaga rétt, 6 x 9 m stór og opin í vestur. Suðurhliðin er grjóthlaðin en að norðan er fyllt upp í tvö skörð milli kletta. Hleðslur standa bærilega, allt að 0,8 m háar og í þeim 4-5 umför grjóts. Réttin virðist tæplega nógu stór til að geta kallast nátthagi, hins vegar er víkin í sjálfu sér ágætt aðhald. Ekki fundust neinar aðrar hleðsluleifar á svæðinu sem gætu verið af nátthaga.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kúvíkur, 3

**ST-004:019** garðlag túngarður

65°57.123N 21°22.662V

Veglegur garður er umhverfis tún á Kambi að sunnan og vestan. Túnið á Kambi er þýft og í órækt. Það snýr mót suðaustri. Nokkrar tóftir eru sambyggðar garðinum. Hér er farin sú leið að gefa þeim tóftum, sem sjást á túnakorti frá 1917 sérnúmer en öðrum tóftum, sem ekki sjást á kortinu, er einfaldlega lýst með honum. Lýsingin hefst við suðausturjaðar túns. Þar hefst garðurinn frammi á þverhníptum hömrum um 190 m suðaustur af bæjarhól 001. Þar er hann grjóthlaðinn og liggur til vesturs. Hleðslur eru alveg hrundar en ógrónar, 0,3 m háar. Þessi hluti garðsins er um 40 m langur en hann endar 2 m austan við útihústöft 045. Þá tekur við algróinn garður, í framhaldi af tóftinni, líklega torfhlaðinn. Hann er mjög stæðilegur, allt að 2 m breiður í grunninn og 1,6 m hár. Hann liggur um 60 m til austurs en þar er op á honum og göturoðningur liggur í gegn, heim að bæ. Handan götunnar heldur garðurinn áfram um 30 m til vesturs en þar er gerði sambyggt honum innanverðu, hugsanlega kvíar. Tóftin er mjög regluleg, einföld, 15 m löng og 6 m breið, hugsanlega op á norðvesturhorni. Hleðslur eru a m k. 1 m háar en algrónar líkt og garðurinn. Þar sem tóftinni sleppir heldur garðurinn áfram um 25 m til viðbótar en sveigir þá í norðvestur og svo í norður. 25 m norður af suðvesturhorni garðsins er útihústöft 042 hlaðin upp við hann að innan. 20 m norðan við hana rennur bæjarlækurinn gegnum garðinn. Skammt norðan við lækinn tekur garðurinn næstum 90° beygju í vestrútt, að fjallsrótum. Alls má rekja garðinn um 140 m í þá áttina og er hann ýmist hlaðinn úr torfi eða grjóti, eftir því hvort hann liggur yfir mýrarbletti eða grýtt holt. Um 35 m norðan við beygjuna er garðhleðsla, líklega tengd túngarði utanverðum. Það eru tveir garðar sem mynda 90° horn og er hvor hlið um sig 10-15 m löng. Hugsanlega eru þetta leifar af gerði, jafnvel kálgarði. Ekki sjást víðar garðhleðslur með túninu. Alls er garðurinn 360-370 m langur.



*Túngarður 019, horft í suður*

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:020** náma mógrafir


65°57.062N 21°29.509V

"Talsverð lægð í landið innan við Mel og Sjónarhól [sjá skotbyrgi 068] heitir Djúpulág. Innan við hana eru holt. Í Djúpulág var tekinn mór. Þar var góður mór, allt upp í 14 stungur. Mór var tekinn alla tíð, meðan Ína [Jensen] var á Kúvíkum [allt til 1946]. Innan við holtin, sem áður eru nefnd, er mýrlendi, sem heyað var," segir í örnefnaskrá. Mógrafir sjást um miðbik vestanverðrar Djúpulágar, um 500 m suðvestur af Kúvíkum 086. Aflöng, áberandi lægð, mörkuð með klettaholtum á allar hliðar nema að norðan. Hún er um 100 m breið og allt að 300-400 m löng. Mógrafirnar eru á svæði sem er allt að 50 x 50 m stórt. Þær eru ekki mjög reglulegar en samfelldar, allt að 1 m djúpar. Skurðir hafa verið grafnir í láginni og þar er hafin skógrækt.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar  
**Heimildir:** Ö-Kúvíkur, 3

**ST-004:021** tóft útihús

65°57.199N 21°22.504V



Beint austur frá bæjarstæði Kambs 001 og um 80 metra suðvestur frá tóft 022, er tóft. Tóftin er einum metra ofan brekkubrúnar sem liggur niður í sjó. Tóftin er á gróinni klöpp neðst í Kambstúni.

Tóftin er 6 x 4 metrar og snýr norðaustur - suðvestur. Hún er 0,5 metrar hæst og hleðslur úr torfi. Grjót, frá náttúrunnar hendi, er innan í tóftinni, við norðvesturvegg. Tóftin er alveg opin til suðvesturs og þar gæti hafa verið timburþil auk þess sem smáop virðist vera á norðausturgafli. Lágur stallur er ofan í tóftina suðvestast og niður af henni í norðaustur. Lítil iðagræn þúst er framan við suðvesturgafli um 1 x 0,5 metra stór.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:022** tóft útihús

65°57.244N 21°22.478V




Útihústóft 022, horft í suðaustur

Fyrir austan Kamb 001, u.þ.b. 80 metra NNA frá tóft 021 og rúmlega 10 metra suður frá þúst 024, er ferhyrnd tóft. Tóftin er á grónum bakka, 2 metrum ofan brekkubrúnar sem liggur niður í sjó.

Tóftin er 3 x 4 metrar og snýr norðaustur - suðvestur. Hleðsluhæð er mest 0,7 metrar. Grjót sést í hleðslum að innanverðu, hellugrjót. Stoðirnar eru enn í tóftinni, ein í hverju horni, fyrir miðjum gafli sitt hvoru megin auk

dyrastóðar. Líklega hefur vesturhornstoð einnig gegnt hlutverki dyrastóðar. Op



er suðvestarlega á norðvesturvegg. Fram undan norðvesturvegg, þó ekki fyrir framan dyrnar, er græn þúst e.t.v. útmokstur úr húsinu.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:023** gata leið

65°57.196N 21°28.808V

"Neðan við Grundirnar, næst Búðaránni, er fjara. Hún nær út að svonefndum Reit, holti, sem hafði verið sléttáð, svo að unnt væri að breiða þar fisk. Milli Grunda og Reits lá reiðgatan og áfram inn fjöruna," segir í örnefnaskrá. Aðeins vottar fyrir götu á sjávarkampinum, vestan við Reit, norðan við norðurhlíð túngarðs á Kúvíkum (sjá 086N) allra vestast. Harðlendur, gróinn sjávarbakki en neðan við hann er grýtt fjara. Gatan líkist einföldum kindatroðningi, liggur til vesturs með ströndinni. Vað hlýtur að hafa verið neðst á Búðará þótt hvergi sé það nafngreint.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Kúvíkur, 5

**ST-004:024** þúst hjallur

65 57.252N 21 22.479V

Austan við bæjarhól Kambs 001, rúmlega 10 metra norðan við tóft 022 og 100 metra NNA við tóft 021, er fjórar þústir, að líkindum undan hjallstöðum. Þústirnar eru á grónum bakka, 6 metrum ofan brekkubrúnar sem liggur niður í sjó. Þústirnar eru 0,5 metra háar og um 2 metrar í þvermál hver um sig. Ummál, kringum þústirnar, er um 6 x 4 metrar. Um eina þústina (þá nyrstu) eru grjóthleðslur.

**Hættumat:** engin hætta




**ST-004:025** tóft

65 57.542N 21 22.261V

"Nú er komið út á yzta hluta nessins, sem heitir Snasir. Yztur allra víkna er Snasabás. Landið sveigir þá til suðurs og suðvesturs. Gróðurlausir bakkar og urð fyrir neðan eru frá Snasabás að Sandodda, sem er lítils háttar sandfjara. Út af Sandodda er boði, Naggur, og Sker(in) sem eru tvö," segir í örnefnaskrá.



Fremst á Sandodda er tóft, grjóthlaðin,



Tóft 025 á Sandodda, horft í suðaustur

600-700 m norðvestur af bæ .

Sandoddi er blásinn niður í sand, eins og nafnið gefur til kynna, en í tóftinni og í kringum hana hefur mosi náð að festa rætur. Tóftin er fornleg að sjá. Hún er 5 x 3 metrar að stærð og þó hleðslur séu allar runnar í sundur eru þær ógrónar, hleðsluhæð er 0,2 metrar. Tóftin snýr suðaustur - norðvestur. Op hennar vísar í norðvestur, fram á snarbratta sjávarhamra. Í miðri tóftinni eru fimm steinar saman í hnapp. Þeir minna við fyrst sýn nokkuð á hlóðir en ekkert lag er á hleðslunni og ekki að sjá að steinarnir séu eldbrunnir. Kl. á teikningunni að ofan stendur fyrir jarðfasta kletta.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Kambur, 3

**ST-004:026** garðlag vörslugarður

65°57.583N 21°22.483V

"Nú er komið út á yzta hluta nessins, sem heitir Snasir. Yztur allra víkna er Snasabás. Landið sveigir þá til suðurs og suðvesturs. Gróðurlausir bakkar og urð fyrir neðan eru frá Snasabás að Sandodda, sem er lítils háttar sandfjara," segir í örnefnaskrá. Rétt norðvestan við Sandodda og suðaustan Snasabáss er mikill vörslugarður milli fjalls og fjöru - eða fremur á milli urðarinnar í fjallsrótum og þverhnípra klettanna við sjóinn. Garðurinn er u.þ.b. 180 metra norðvestan við tóft 025.

Hlíðin er grýtt og brött, vaxin mosa og lyngi. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti, 50 metra langur og liggur í norðaustur - suðvestur. Mesta hæð hans nær einum metra. Suðvestast, við fjallsrætur, var hlið og þar í gegn liggur gatan milli Kúvíkna og Kambs, og stendur hliðstaurinn enn. Inn á milli hleðslanna eru stór björg, allt að 2 metra há, og er hlaðið beggja vegna við þau. Garðlagið



Vörslugarður 026, horft í norðaustur



Vegur 027, horft í suðaustur

er orðið mosagróið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Kambur, 3

**ST-004:027** vegur samgöngubót

"Nú er komið út á yzta hluta nessins, sem heitir Snasir. Yztur allra víkna er Snasabás. Landið sveigir þá til suðurs og suðvesturs. Gróðurlausir bakkar og urð fyrir neðan eru frá Snasabás að Sandodda, sem er lítils háttar sandfjara," segir í örnefnaskrá. Suður af Snösum vegurinn sem liggur út með sjó frá Kúvíkum uppbyggður. Upphlaðinn vegurinn sést vel u.þ.b. 280 metra ASA frá Hofi 028. Urðin upp af Snösum er brött, mosavaxin og ill yfirferðar, utan vegar. Uppbyggði vegarkaflinn er 45 metra langur í suðaustur - norðvestur. Hleðsluhæð er mest 0,7 metrar (mælt niður



undan götunni) og er hleðslugrjótið er tekið úr urðinni. Breidd götunnar nær mest 1 metra.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Kambur, 3

**ST-004:028** *Hof* örnefni

65°57.679N 21°23.031V

"Upp af Heilsubót [029] og Gathamarsvík eru Lognmýrar. Á mýrunum er dálítill klettur, sem hefur verið kallaður Hof, en það mun ekki vera gamalt nafn," segir í örnefnaskrá. Hof er rúmlega 400 metra suðaustur af tóftunum í Stekkjarbás 030. Hof er strýtumyndað bjarg með gróinn koll. Hann er mjög afgerandi í umhverfinu þar sem hann er ofan Lognmýrar í fjallsrótum Kambarsins. Lækur rennur vestan undir honum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Kambur, 2-3

**ST-004:029** *Heilsubót* lind

65°57.793N 21°23.249V

"Næst er Byrgisvík...Hjallnes [036] er utan við Byrgisvík [004] og síðan Sandvík. Í henni er finn ægissandur. Klettastandur er milli Sandvíkur og næstu víkur, Stekkjarvíkur [sjá 030], og heitir Standur...Stekkjarnes [sjá 030] er nesið utan við Stekkjarvík. Það er allbreitt og vel gróið. Í því er Stekkjarbás [sjá 030]...Utarlega á Stekkjarnesinu er lækur, sem kemur upp neðan götu rennur um 100 faðma ofanjarðar. Sagt er að hann sé vígður af Guðmundi góða. Hann nefnist Heilsubót. Víkin sem hann rennur út í, heitir einnig Heilsubót. Klettadrangi skagar fram úr bökkunum nokkru utan við lækinn," segir í örnefnaskrá. Lækurinn er u.þ.b. 140 metra ASA frá tóftunum í Stekkjarbás 030.

Stekkjarnesið er gróið og á því mýrardrög. Undirlendi er lítið sunnan nessesins og ströndin mjög klettótt á þessum slóðum. Heilsubót seytlar gegnum mýrina og fellur til sjávar, niður klettana, við stórt kantað bjarg á brúninni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Kambur, 2-3

**ST-004:030** *Stekkjarbás* tóft+garðlag náthagi

65°57.830N 21°23.415V

"Næst er Byrgisvík. Þar var beitarhús [006], enn fremur lending [004]. Hjallnes [036] er utan við Byrgisvík og síðan Sandvík. Í henni er finn ægissandur. Klettastandur er milli Sandvíkur og næstu víkur, Stekkjarvíkur, og heitir Standur [sjá tóftir undir Standi nr. 007]...Stekkjarnes er nesið utan við Stekkjarvík. Það er allbreitt og vel gróið. Í því er Stekkjarbás smávík. Í honum eru gamlar tóftir, um 15 mín. gang frá bæ," segir í örnefnaskrá. Niður við sjó í Stekkjarbás eru tóft og sigið garðlag er á brekkubrúninni og afmarkar það básinn. Óvíst er hvort Stekkjarörnefnin eigi við stekkjartóftina undir Standi, sjá 007, eða tóftina og garðlagið, sem hér er skráð.

Afar lítið undirlendi er á þessu svæði. Fast ofan fjörunnar er brött gróin brekka upp af básnum en beggja vegna hennar klettur. Brekkan myndar einskonar trekk ofan í básinn, sem mjókkar niður að sjó.



*Stekkjarbás 030, horft í norður*

Sunnan brekku er fremur sléttur grasi gróinn en mjór rimi en ofar eru skriðurunnar hlíðar Reykjafjarðarkambis. Í brekkurótum niðri í básnum er mýri og undan brekkunni sprettur fram lækur sem rennur í sjó svo til í miðjum básnum. Mýrin er um miðjan básinn en þurrt er í honum til beggja hliða. Stekkjarbás myndar náttúrulegt aðhald á þrjár hliðar, klettur að vestan og austan en sjórinn að norðan. Garðlagið er 75 metra langt og liggur frá klettabrún vestast í Stekkjarbás í sveig með brekkubrún ofan bássins. Rof er á garðinum austast svo hann nær ekki alveg að klettunum austan til. Þar sem rofið er, getur hafa verið op á garðinum, mót suðri. Austan megin hefur verið hlaðið í glufur í klettunum en þær eru að mestu hrundar. Garðurinn er

mjög siginn, 0,3 metra háur og 0,4 metra breiður og ekki sést grjót í hleðslum. U.þ.b. 30 metrar eru frá brekkubrún, vörslugarðinum, niður að tóftinni sem eru vestast í básnum undir brattri brekku. Tóftin er tvískipt, 9 x 10 metrar alls að utanmáli. Tóftin snýr norður - suður og eru bæði hólfín alveg opin til norðurs. Eystra hólfíð er skýrara en hið vestara. Allar hleðslur eru signar, mest 0,4 metra háar og aðeins sést grjót í miðjuvegg og suðurgafli vestara hólfínsins. Vestara hólfíð er að mestu náttúrulegur bolli í brekkukverkinni, 7 x 2,5 metrar að innanmáli. Eystra hólfíð er 7,5 x 3 metrar að innanmáli,

breiðast nyrst. Tóftin og garðlagið eru að líkindum nátthagi. Algengt virðist að nátthagar í Árneshreppi hafi verið hlaðnir á þennan hátt, fyrir nes eða vikur og náttúruleg takmörk nýtt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Kambur, 2


**ST-004:031** gerði kálgarður  
65°57.180N 21°28.945V

Tvær tóftir eru á holti sem er fast vestan við Búðará, niður við sjó, en hún rennur meðfram rústasvæðinu í Kúvíkum (086) að vestanverðu.

Þurr holt, mosavaxið, og klappir gægjast upp úr því á stöku stað.

Syðri tóftin er líkast til af kálgarði, einfalt gerði í örlitlum halla mót suðri. Alls er hún 10 x 10 m stór, ferköntuð og lítið op á suðausturhorni. Grjót sést í hleðslum en þó virðist suðurveggur eingöngu úr torfi. Mýrlendur blettur er utan við hann. Hin tóftin er 15 m norðar, 5 x 5 m stór, einföld og ferköntuð, gæti einnig verið af litlum kálgarði. Norður- og austurhliðar eru upphlaðnar en hinir útveggirnir myndaðir af niðurgreftri. Báðar tóftirnar standa vel og ná allt að 0,8 m hæð.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-004:032** gerði kálgarður  
65°57.810N 21°24.046V

Í miðri Sandvík, um 50 metrum ANA við beitarhús 033, er kálgarður.

Örlítið undirlendi er upp af víkinni og er það fremur blautt undir bakkanum sem rís upp af víkinni.

Um kálgarðinn, sem er 10 x 17 metrar að stærð, er lág torfhleðsla (0,3 metra há) og ofan á henni girðingarstaurar. Gerðið snýr suðaustur - norðvestur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Kambur, 2


**ST-004:033** tóftir+garðlag beitarhús  
"Næst er Byrgisvík. Þar var beitarhús [006], enn fremur lending [004]. Hjallnes [036] er utan við Byrgisvík og síðan Sandvík. Í henni er finn ægissandur," segir í örnefnaskrá. Innst (vestast) í Sandvík eru beitarhús og fornleg tóft, hlið við hlið. Tóftirnar eru um 820 metra austur frá Selinu 002. Fjargata sem liggur með sjó út allan fjörð liggur milli tóftanna. Örlítið undirlendi er upp af víkinni og innst í henni er mýri. Lækur rennur úr ristusvæðinu í smátjörn sem er rétt við. Tóftirnar eru tvær, samfastar alls 27 x 26 metrar að utammáli. Tóftirnar snúa austur - vestur.

Sú nyrðri stendur mun betur. Hún er 26 x 16 metrar. Í henni sjást tveir garðar og jata í miðjunni og innangengt er í heygarð vestan við. Garðarnir eru um 12

65°57.817N 21°24.104V



Beitarhúsatóftir 033, horft í norðvestur



metrar að lengd og jatan um 9 metrar. Austurgafli er ógreinilegur, e.t.v. hefur þar verið tréþil. Heygarðurinn er 6 x 4 metrar að innanmáli. Grjót er í hleðslum og mesta hleðsluhæð er 0,6 metrar. Stoðir hússins eru enn í tóftinni og þakrefti er fallið í tóftina. Syðri tóftin er sigin. Hæstu veggir ná 0,4 metra hæð. Tóftin er 23 x 12 metrar að stærð og veggjabykkt mikil, suðurlangveggur nær allt að 4 metrum. Ekki sést grjót í hleðslum. Syðri tóftin er tvískipt og af lagi hennar að dæma er hún líklega gömul fjárhús- eða beitarhúsatóft með heygðari aftan við. Stuttur veggstúfur um 5-6 metra langur og u.þ.b. 0,4 metra hár er 5 metra norður af beitarhúsinu. Garðlagið snýr eins og tóftirnar í austur - vestur. Fjargata sem liggur milli Kúvíkna og Kambs, liggur ofan á langveggnum sem skilur á milli tóftanna.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Kambur, 2

**ST-004:034** náma rista 65°57.128N 21°24.123V

"Næst er Byrgisvík. Þar var beitarhús [006], enn fremur lending [004]. Hjallnes [036] er utan við Byrgisvík og síðan Sandvík. Í henni er fínn ægissandur," segir í örnefnaskrá. Vestast í Sandvík sjást merki um torfristu. Ristustaðurinn er 20 metrum norðvestur af beitarhúsarústum 033.

Örlítið undirlendi er upp af víkinni og innst í henni er mýri. Lækur rennur úr ristusvæðinu í smátjörn sem þarna er vestast í víkinni.

Gröfin er reglulega 12 x 7 metrar og mesta dýpt er 0,2 metrar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kambur, 2

**ST-004:035** tóft 65°57.842N 21°24.149V

"Næst er Byrgisvík. Þar var beitarhús [006], enn fremur lending [004]. Hjallnes [036] er utan við Byrgisvík og síðan Sandvík. Í henni er fínn ægissandur," segir í örnefnaskrá.

Á Hjallnesi er smátóft u.þ.b. 15 metra suðaustur frá grjóthlaðna hjallinum 036. Nesið er grýtt en gróið er á milli kletta og klappa. Bratt er í sjó fram af nesinu en sunnar taka við brekkuhjallar upp að fjallsrótum Reykjavjarðarkambsins sem rís ofar. Tóftin er óreglulega löguð 3 x 3 metrar og virðist skiptast í þrjú hólf. Veggir hennar eru orðnir mjög signir, aðeins 0,2 metrar en grjót sést í hleðslum. Suðvestasta hólfíð er 1 x 1 metri að innanmáli og snýr op þess í suðaustur. Það hólf er aðskilið frá hinum tveimur. Innangengt er milli hinna hólfanna tveggja, það minna er 1 x 0,5

metri að innanmáli og það stærra 2 x 1 metri að innanmáli, op þessara hólfna snýr í norðaustur.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kambur, 2

**ST-004:036** Hjallnes tóft hjallur

65°57.850N 21°24.165V

"Næst er Byrgisvík. Þar var beitarhús [006], enn fremur lending [004]. Hjallnes er utan við Byrgisvík og síðan Sandvík. Í henni er fínn ægissandur," segir í örnefnaskrá. Á Hjallnesi, u.þ.b. 80 metrum norðvestur frá beitarhúsatóft 033 og 320 metrum ANA við beitarhúsatóft 006, eru leifar af grjóthlaðinni tóft, líklega hjalli. Nesið er grýtt en gróið er á milli kletta og klappa. Bratt er í sjó fram af nesinu en sunnar taka við brekkuhjallar upp að fjallsrótum Reykjavjarðarkambsins sem rís ofar. Hjallurinn virðist vera hringlaga, 4 metrar í þvermál, en allar hleðslur eru aflagaðar og runnar í sundur nema smástúfur mót suðaustri. Þar er hleðsluhæð 0,4 metrar, en allar hleðslurnar eru úr grjóti eingöngu. Smáklettastallar styður við hleðslur að sunnan og suðaustan op virðist hafa snúið til austurs.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kambur, 2

**ST-004:037** Dys dys

65°57.152N 21°28.313V

"Utan við túnið [á Kúvíkum 086] voru íbúðarhús foreldra Ínu [Jensen], verslunarhús og fiskverkunarskúrar og bryggja. Þarna utan við lágu götur upp á hjallana, Kerlingakleif [059], sem lá í suðaustur og Bröttugata [060] sem lá í norðaustur. Neðst við hana var svokölluð Dys, gömul. Alltaf var hent steini í hana, þegar farið var þar um," segir í örnefnaskrá. Ennfremur segir: "...sögn um það, að þarna hafi verið dysjaður maður, sem dáíð hafi á skipi." Dysin er gróin, stórgrýtt urð í grónu lægðardragi undir klettahjalla ofan Kúvíkna. Dysin er um 15 x 10 metra stór og snýr suðvestur - norðaustur. Engar hleðslur sjást, né ummerki um smásteina sem og hent hefur verið í dysina, eins og kemur fram í örnefnaskrá. Staðurinn virðist eingöngu vera náttúrumyndun.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kúvíkur, 6

**ST-004:038** gata leið

65°56.717N 21°29.885V

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir frá leið yfir Trékyllisheiði: "Yfir Trékyllisheiði, að norðanverðu, liggja tveir alfaravegir. Annar liggur upp frá verzlunarstaðnum, vestan til við Háafell suður yfir heiðina, og mun sá fjallvegur vera fullkomnar 3 mílur. Þegar suður af heiðinni dregur, kemur maður

ofan að Bólstað í Selárdal, og stendur Bólstaður rétt undir heiðinni að sunnanverðu. Annar vegurinn liggur í suður, upp frá Kjós upp á heiðina [sjá St-005:043], og koma vegir þessir saman við Goðdalaá, hér um bil á miðri heiðinni. Hinn fyrrnefnda veg fara allir, sem ferðast til verzlunarstaðarins." Ennfremur segir: "Á Trékylisheiði eru alls staðar vörður nálægt veginum, og yfir höfuð er vegurinn yfir hana sæmilega greiðfær yfirferðar, og nokkurnveginn ruddur, eftir því sem að föng eru á, og engar sérlegar torfærur eru á honum. Ekki er sæluhús á heiðinni og hvergi nýtanlegur áfangastaður."

Nyrsti hluti leiðarinnar að Kúvíkum hefur legið um hálfgróid land, mosabembur og klappir.

Aðeins mótur fyrir götu ofan eða sunnan við þjóðveginn 300-400 m norðvestan við staðinn þar sem hann liggur yfir Búðará. Er það óljós gata sem stefnir í suðvestur, í átt til heiðarinnar. Hnitið er fengið af korti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**SS II, 232-233

**ST-004:039** *Torfdalur* náma mógrafir

65°56.934N 21°29.036V

"Mógrafir voru í Torfdal, og þar var líka tekið reiðingstorf," segir í örnefnaskrá. Torfdalur er um 250 m suður af túngarði sem umlykur Kúvíkurtún. Það er mýri með stórum mógröfum, upp af Grund sem er utan Búðarár, rétt utan eða austan vegslóða sem liggur niður að Kúvíkum. Liggur mýrin í lægð milli klettabeltis og holts og þar neðan við er mýri. Lækur rennur utan (austan) við mýrina, við klettabeltið. Mógrafasvæðið er í grasi gróinni lægð sem liggur austur - vestur.

Mór hefur verið tekinn í mýrinni á stóru svæði um 80 x 30 metra stóru. Grófin er samfelld en óregluleg. Mesta dýpt grafanna er um 0,7 metrar.


**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:**Ö-Kúvíkur, 6

**ST-004:040** *Hraunstún* tóftir býli

65°56.718N 21°24.919V

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Annað býli meina menn þar hafi verið, kallað Hraunstun. Þar sjást tóftir og girðingar. Eru þar brúkaðar slægjur heiman frá jörðunni. Nær það hafa í eyði lagst eða með hvert slag vita menn ekki. Kann ómögulegt að byggjast so heimajörðin byggist undir eins." Í örnefnalýsingu segir: "Ofan við Ytri Hraunshrygg vottar




Tóft (A) á Hraunstúni 040, horft í suður

fyrir tóftum. Þar heitir Hraunstún (et)."  
Hraunstún er sunnan undir hraunjaðrinum. Hraunið er þó ekki eiginlegt hraun heldur stórgrýtt og svakalegt skriðuhlaup. Þetta er 2 km suðvestur af Kambsbænum 001 en 2,4 km norðaustur af Veidíleysu 003:001.

Mishæðóttur hvammur í fremur brattri hlíð undir fjallinu Kambi. Efri hluti hvammsins er fremur þurr en víða sundurgrafinn af lækjum. Neðst í hvamminum er mýri.

Í hvamminum sjást fjórar rústir. Þær eru á svæði sem er um 180 x 95 m stórt. Stærsta tóftin, (A), er vestast og efst í hvamminum. Það gæti verið bæjartóft. Veggjaskil eru óglögg og tóftin líkust þúfnabing. Hún er alls um 20 x 20 m stór og veggir mest um 0,4 m háir. Lækur rennur fast við suðurjaðar hennar og þar er mikill djámosi. Nyrsti hlutinn er skýrastur. Þar sést býsna lögulegt hólf, alls 6 x 8 m stórt

frá austri til vesturs. Við austurenda þess vottar fyrir öðru hólfi, óljósu, um 4 m í þvermál. Sunnan við stóra hólfið er óljós dæld, 4 x 6 m stór frá austri til vesturs, hugsanleg með op í vestur. Mögulegt virðist að op hafi verið milli hólfa tveggja. Beint neðan eða austan við (A) er mikið þýfi í halla á svæði sem er upp undir 20 m í þvermál en þar sjást alls engin hólfi eða veggir. Við suðurhlíð tóftarinnar rennur lækur eins og áður segir, niður hvamminn til austurs. Óljóst garðlag liggur frá rústinni miðri til suðurs, yfir lækinn, alls um 5 m langt. Hvergi sér í grjóti í hleðslum og líklegt að torf hafi verið aðalbyggingarefnið. Tóft (B) er í krika undir hárrí hæð um 40 m ANA af (A). Hún snýr með op í suðvestur, er skeifulaga og alls um 5 x 8 m stór frá austri til vesturs. Líklega hafa þetta verið kvíar eða lítil rétt. Tóft (C) er neðarlega á vestanverðu svæðinu, á tungu milli tveggja lækja tæpa 70 m suðvestur af (A). Hún er ógreinileg og lík þúfnakraga, ekkert húsalag á henni. Hún er um 12 x 5 m stór frá austri til vesturs. Tóft (D) er 60-70 m suðaustur af (A), líklega útihústóft. Hún er 5 x 8 m stór og snýr A-V, dyr snúa í vestur. Vesturhlutinn er fremur óljós og gæti tilheyrð eldra byggingarstigi. Veggir eru algrónir og gróskulitlir, 0,5 m háir. Ein tóft til viðbótar, (E), er um 35 suðvestur af tóft C. Hún lítur út fyrir að vera yngri en allar hinar tóftirnar og gæti verið byggð á eldri leifum, alls 10 x 6 m






stór frá austri til vesturs og minnir nokkuð á stekk.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:**JÁM VII, 349


**ST-004:041** tóft

65°57.158N 21°22.684V

Leifar af hlöðnu gerði með tveimur, áföstum tóftum eru í Kambstúni, rúnum 30 m sunnan við ærhús 043. Þýft tún í órækt. Gerðið er óljóst, hlaðið á tvær hliðar, að norðan og vestan, en skörp brún markar það að sunnanverðu. Engin hleðsla er hins vegar á austurhlið og því er gerðið opið í þá áttina. Stærð gerðisins er alls um 17 x 10 m frá norðri til suðurs. Garðhleðslur eru 0,5-0,6 m háar og sér í grjót í þeim innanverðum á tveimur stöðum. Einföld tóft er sambyggð utanverðu gerðinu að norðan. Hún er mjög sigin og þústarleg, 9 x 6 m stór frá norðri til suðurs. Ekki sjást dyr á henni, enda mjög sigin og sér hvergi í grjót. Við norðausturenda þústarinnar er lítil tóft, 3 x 5 m stór frá austri til vesturs, virðist dyralaus. Ekki er vitað um hlutverk mannvirkjanna en þó má geta þess til að gerðið hafi verið kálgarður.



**Hættumat:** engin hætta



**ST-004:042** tóft útihús

65°57.205N 21°22.781V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús í Kambstúni, um 60 m suðvestur af bæjarhól 001. Þar er tóft.

Þýft tún í órækt. Tóftin er sambyggð innanverðum túngarði 019, skammt norðan við suðvesturhorn hans. Túngarðurinn þjónar sem vesturgafli tóftar. Hún er einföld, 6 x 5 m stór frá austri til vesturs, dyr snúa í austur. Óljós hleðsla, gróin, gengur í framhaldi af suðurlangvegg um 4 m til austurs. Iðagrænt er í kring um tóftina og má vera að eldri byggingarleifar séu undir henni. Veggir eru nokkuð reisulegir en algrónir, 1,1 m háir þar sem mest er. Líkast til er grjót í þeim. Rúma 5 m norður af tóftinni er regluleg dokk, kringlótt, um 1 m í þvermál og 0,4 m djúp, gætu verið leifar af brunni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1917


**ST-004:043** Ærhúsflöt tóft fjárhús

65°57.189N 21°22.636V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m suðvestur af bæjarhól 001. Þar er tóft og kemur hún heim og saman við frásögn örnefnalýsingar af ærhúsi: "Ef haldið er upp með læknum [Bæjarlæk], er nokkru innan við hann lítill sléttur blettur, Lambhúsflöt [044], og nokkru ofar Ærhúsflöt. Við þessar flatir voru lambhús og ærhús." Tóft sést á Ærhúsflöt. Þýft tún í órækt.



Ærhús 043 nær, lambhús 044 fjær. Horft í suður



Stæðileg tóft af garðahúsi með hlöðu. Það snýr frá norðri til suðurs og er alls um 20 x 7 m stórt. Dyr eru nyrst á austurlanghlið. Syðst hefur verið hlaða og er opið milli hennar og hússins. Hlöðumegin er tóftin 7 m breið en annarsstaðar er breiddin 6 m. Töluvert spýtnabrak liggur í tóftinni. Veggir eru grjóthlaðnir og vandaðir en torf er ofan á grjóthleðslum, veggjahæð allt að 1,2 m. Rof er í innanverðum vesturvegg hlöðunnar, líklega eftir kindur. Nyrst í garðanum er steipt fjárbað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1917; Ö-Kambur, 4

**ST-004:044** Lambhúsflöt tóft lambhús

65°57.184N 21°22.577V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m suðaustur af Ærhúsi 043. Þar er tóft og kemur hún heim og saman við frásögn örnefnalýsingar af Lambhúsi: "Ef haldið er upp með læknum [Bæjarlæk],



# G



er nokkru innan við hann lítill sléttur blettur, Lambhúsflöt, og nokkru ofar Ærhúsflöt [043]. Við þessar flatir voru lambhús og ærhús."

Þýft tún í órækt.

Tóftin er í túnjaðri, túngarður 019 liggur að henni úr suðri en endar 2-3 m suðvestan við hana. Hún er alls 6 x 9 m stór frá norðri til suðurs, miklu meira samfallin en ærhústóftin 043 og algróin. Dyr hafa líklega verið nyrst á austurvegg, þar er smálægð í vegginn. Tóftin er einföld og ekki sjást merki um hlöðu eða garða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1917; Ö-Kambur, 4


**ST-004:045** tóft útihús

65°57.137N 21°22.707V

Samkvæmt túnakorti Kambs frá 1917 var útihús rúma 150 m suður af bæjarhól 001. Þar er tóft. Túnjaðar. Tóftin er hlaðin utan í túngarð 019 innanverðan. Túnið er þýft en utan þess er gróður rýr og jarðvegur þunnur. Ferköntuð, einföld tóft, 5 x 5 m stór. Dyr eru nyrst á austurhlíð. Veggir eru algrónir og stæðilegir, allt að 0,7 m háir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1917



**ST-004:046** tóft

65°57.802N 21°24.563V



Tóft 046, horft í austur

U.þ.b. 2-3 m suðaustan við beitarhús 006 er bátslaga tóft. Fjaran í víkinni einkennist af lábörðum hnullungum, klettaflúðum og skerjum útifyrir. Sjávarkampurinn er grasi gróinn, undirlendið lítið eins og algengt er í þessum smávikum. Ofan við víkina rísa grasi grónir bakkar, brattir og efst í þeim kletthjallar. Tóftin er framundan dyrum beitarhússins 006. Henni er best lýst sem bátslaga dæld sem snýr norðvestur - suðaustur, eins og beitarhúsin. Tóftin er u.þ.b. 10 x 6 metra stór og torfhláðin. Hleðslurnar eru skýrastar suðaustast og er mesta hæð veggja um 0,4 metrar (að innanverðu). Ekki sést grjót í hleðslum en tveir stórir steinar eru í veggnum. Ekki er sést öruggt op á tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Kambur, 2


**ST-004:047** tóft heystæði

65°57.762N 21°24.954V

U.þ.b. 30 metra norðan við fjárhús 005, er tóft.

Sléttar grundir, deigar og grasmiklar. Ofan sjávarbakka en neðan kletthjalla ofar í hlíðinni. Mýri er í kringum tóftina. Tóftin er líkust upphlöðnum hringlaga palli, 6 metrar í þvermál. Að sunnanverðu eru hún u.þ.b. 0,4 metra há en 0,1-0,2 metrar að norðanverðu. Það sést móta fyrir smákraga/hleðslu þar sem hún er hæst, á austurhluta hringsins. Grjót sést í hleðslum en tóftin er mosavaxin að ofan. Tóftin gæti verið af heystæði.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-004:048** náma rista

65°57.735N 21°24.957V

Um 170 metrum austan við Selið 002 og u.þ.b. 10 metrum suðvestan við fjárhústóft 005, er torfristustaður. Sléttar grundir, deigar og grasmiklar. Ofan sjávarbakka en neðan kletthjalla ofar í hlíðinni. Ristusvæðið er 10 x 6 metrar og 0,2 metra djúpt.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:049** tóft

65°57.754N 21°24.951V

Um 170 metrum austan við Selið 002 og 20 metrum norðan við fjárhús 005 er tóft.

Sléttar grundir, deigar og grasmiklar. Ofan sjávarbakka en neðan kletthajalla sem er ofar í hlíðinni. Mýri er neðan tóftarinnar. Tóftin er 2 x 2 metrar, ferningslaga en með rúnuðum hornum. Hún er hæst 0,5 metrar og í hana miðja er smádæld. Tóftin gæti verið móstæði.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:050** tóft+garðlag

65°57.711N 21°25.498V

Suðvestur af Innri Selvík eru grænar þústir sunnan sjávarbakka og norðan kletthajalla sem eru í fjallshlíðinni. Þústirnar eru um 260 metra VSV við Selið 002.

Þústirnar eru á þýfðri en deigri grund sem hallar örlítið mót suðri. Lækur rennur í gegnum svæðið.

Ein greinileg tóft er á svæðinu. Sú er lítil, 2 x 2 metra stór með op í vestur, veggghæð u.þ.b. 0,4 metrar. 6 metrum norðan tóftarinnar virðist vera 3 metra garðlagsstubbur og 10 metrum austan við tóftina rennur lækur til sjávar. Rétt austan lækjarins og um 16 metrum norðaustur af tóftinni er 8 x 4 metra þúst sem liggur norður - suður.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:051** tóft

65°57.664N 21°25.843V

Í Viðavík, um 550 metra VSV frá Selinu 002 og um 700 metra ANA frá Halldórsstöðum 079, er tóft. Tóftin er norðan undir strýtumynduðum kletti sem er nokkrum



metrum ofan fjöru í vikinni. Lækur, sem rennur u.þ.b. eftir miðri vikinni, er á merkjum milli Kambs ST-004 og Halldórsstaða 079. Tóftin og kletturinn er austan við lækinn.

Örlítið undirlendi er í vikinni, en ofan eru

grónir háir bakkar við upp á hjallana fyrir sunnantil. Skot er inn í klettinn að norðvestanverðu og ganga hleðslurnar í hálfhring á móti skotinu. Hleðslurnar eru orðnar grónar en bæði hefur verið hlaðið úr torfi og grjóti. Gróskuna í tóftinni má m.a. rekja til þess að kindur nota klettinn sem skjól. Hleðsluhæð er 0,4 metrar en tóftin er um 2 x 2 metrar. Op virðist vera á tóftinni til norðvesturs þótt erfitt sé að vera viss. Þetta gæti verið skotbyrgi eða aðhald - en annað aðhald 058 er um 10 metrum suðvestan við þessa tóft sem hér er skráð.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft 051, horft í norðaustur*

**ST-004:052** garðlag vörslugarður

65°57.709N 21°25.222V

Ofan Selsins 002 eru tveir kletthajallar. Annar er beint suður af rústinni, hinn er suðvestan við hana og rennur lækur á milli hjallanna. Ofan á vestari kletthajallanum og niður með honum að vestanverðu er garðlag, sem líklega hefur verið vörslugarður og tilheyrir Selinu.

Þurr er uppi á hjallanum og utan við garðinn en mýrardrag milli garðlags og kletts. Neðar er deigt þýfi. Garðlagið er um 35 metra langt og orðið mjög sigið, rétt um 0,2 metrar þar sem það er hæst. Það sést best uppi á hjallanum en verður óglöggara eftir því sem neðar (norðar) dregur og hverfur svo í þúfnahlaupið og sinuna. Uppi á hjallanum er garðlagið 12 metrar og liggur í austur - vestur, síðan snarbeygir það til norðausturs niður með hjallanum. Frá horninu á garðinum uppi á hjallanum eru 100 metrar norðaustur að Selinu 002 en við garðsenda nyrst eru um 80 metrar að Selinu í norðaustur.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:053** náma mógrafir

65°57.158N 21°28.165V

Suðaustan Kúvíkna er mógrafasvæði. Grafirnar eru u.þ.b. 110 metra austur frá Dysinni 037, sem er austast í Kúvíkna undirlendinu þar sem göturnar 059 og 060, liggja upp frá Kúvíkum.

Grafirnar eru í blautu mýrardragi upp af kletthajöllum í fjallshlíðinni. Drögin og hjallarnir liggja norðaustur - suðvestur. Mógrafasvæðið er alls um 15 x 50 metrar og mesta dýpt grafa er 0,4 metrar.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:054** náma mógrafir

65°57.189N 21°28.089V

Suðaustan Kúvíkna er mógrafasvæði. Grafirnar eru u.þ.b. 180 metra norðaustur frá Dysinni 037, sem er yst í Kúvíkna undirlendinu þar sem göturnar 059 og 060, liggja upp frá Kúvíkum. Grafirnar eru í blautu mýrardragi upp af kletthajalla. Drögin og hjallarnir liggja norðraustur - suðvestur. Mógrafasvæðið er 10 x 30 metrar að stærð og mesta dýpt grafa 0,2 metrar.

**Hættumat:** engin hætta**ST-004:055** *Ketilsstaðir* heimild um býli

Í jarðabók frá 1805 er eyðihjáleigan Ketilsstaðir talin með Kambi. Hennar er hvergi getið í yngri heimildum og því ekkert vitað um staðsetningu.


**Heimildir:**JJ, 211**ST-004:056** *Stekkjjarvík* tóft stekkur

65°57.244N 21°29.628V

"Þá [næst utan eða austan við Látur] kemur vík sem nefnist einu nafni Nátthagi [009]. Þar var afgirtur nátthagi, en hann var ekki notaður, svo að Ína [Jensen muni til. Næst er Stekkjjarvík. Þar var stekkur, sem lömb voru geymd í að nóttunni. Ærnar voru mjólkaðar þarna á morgnanna. Þessi siður mun hafa verið fram um 1920, en fráfarur voru ekki," segir í örnefnalýsingu Kúvíkna. Stekkur þessi er 500-600 m vestur af Kúvíkum 086, vestan Stekkjjarvíkur, sunnan við klett sem er upp af víkinni suðvestanverðri.

Bogadregin vík með dálitlu undirlendi upp af, klettanes marka hana að austan og vestan.

Tóftin er um 11 x 4,5 m stór frá norðvestri til suðausturs, og er á suðausturenda. Hún er tvískipt: Kró er innst, um 4 m í þvermál en fram af henni stærra hólf. Ekki sést op á krónni. Veggir eru illa farnir, hafa verið hlaðnir úr stóreflis grjóti en eru nú mikið hrundir og grónir. Klettaveggur þjónar hlutverki norðausturlangveggjar. Fast austan við stekkin eru leifar af nýföllum beitarhúsum sem hafa verið úr timbri og steypu. Miklar timburleifar eru hjá beitarhúsarústinni. Í henni sjást



leifar af steypum garða, stærð alls 10 x 6 m frá norðri til suðurs.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Kúvíkur, 3**ST-004:057** náma mógrafir

65°57.454N 21°57.387V

Beint suður af Halldórsstaðavogi, og hjöllunum sem þar ganga í stöllum upp fjallshlíðina, er mýrardrag. Það gæti verið svokölluð Halldórsstaðamýri sem um er getið í örnefnalýsingu. Þar í mýrardraginu er mógröf. Hún er u.þ.b. 210 metrum ASA af bæjarhól Halldórsstaða 079 og um 140 metrum suðaustur af húsgrunninum 075 í Halldórsstaðavogi.

Mýrardrag er á milli hjallanna og liggja drögin eins og fjörðurinn vestur - austur. Bæjarlækur Halldórsstaða, sem fellur í Halldórsstaðavog, rennur í gegnum mýrina hjá mógröfinni.

Mógrafasvæðið er ekki mjög stórt, 20 x 20 metrar og mesta dýpt 0,3 metrar.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Kúvíkur, 3**ST-004:058** tóft rétt

65°57.664N 21°25.853V




Tóft 058, horft í suðaustur

Í Viðavík, utan lækjar sem þar rennur til sjávar, eru aðhald hlaðið úr grjóti. Það er u.þ.b. 10 metrum VSV við tóft 051. Hleðslurnar eru framundan kletthajalla ofan sjávarbakkans. Þær standa í þurri, grýttri, grasi-og mosagróinni brekku sem snýr mót norðaustri.

Talsvert ofan sjávar.

Aðhaldið er 5 x 3 metrar að stærð og hlaðið úr grjóti en hleðslur eru fallnar.

Mesta hæð þeirra



er 0,2 metrar. Klettaveggur gegnir hlutverki suðvesturveggjar og út frá honum ganga hleðslur tvær til norðausturs og snýr op einnig í þá átt. Botn aðhaldsins er stöllóttur, næst klettunum er botninn mun hærri en suðvestar. Hleðslan er fornleg að sjá, mosi gróinn yfir steina og veggir alveg runnir í sundur og ógreinilegir suðaustast.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kúvíkur, 7-8

**ST-004:059** Kerlingarkleif gata leið 65°57.157N 21°28.272V

"Þarna utan við [fiskverkunarhús og hjalla] lágu götur upp í hjallana, Kerlingarkleif, sem lá í suðaustur...", segir í örnefnaskrá. Gatan liggur upp frá Kúvíkum, yst (austast) upp á hjallana í austsuðaustur. Lækur fellur rétt utan (austan) við klettasnös sem skagar fram á götuna í klifinu.

Klettahjallar eru ofan Kúvíkna með grónum brekkum niður af, suðurundan.

Fjargata liggur upp klifið og er talsvert brött. Uppi á hjöllumun sameinast hún Bröttugötu 060. Saman liggja þær sína leið út fjörð og alla leið út að bænum Kambi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kúvíkur, 6

**ST-004:060** Bröttugata gata leið 65°57.163N 21°28.279V

"Þarna utan við [fiskverkunarhús og hjalla] lágu götur upp í hjallana, Kerlingarkleif [059], sem lá í suðaustur og Bröttugata, sem lá í norðaustur. Nedst við hana var svokölluð Dys [037]... Utan við Bröttugötu neðan við hjallana, var flöt, nokkuð grýtt en gróin á milli" segir í örnefnaskrá. Gatan liggur í sneiðing upp frá fjöruborði utan Kúvíkna, yst (austast) og upp á hjallana nokkru utar.

Klettahjallar eru ofan Kúvíkna með grónum brekkum niður af, suðurundan.

Bröttugata er fjargata, ekki eins brött og leiðin um Kerlingarklif.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kúvíkur, 6

**ST-004:061** tóft

65°57.378N 21°27.450V



*Tóft 061, horft í norður*

U.þ.b. 780 metra ANA við Dys 037, sem er skammt austan við Kúvíkur, er tóft. Tóftin er fast við fjárgötuna sem liggur milli Kúvíkna og Kambs. Hún er syðst á nesi og eru Hólmar suður og suðaustur af neginu. Nesið sem hólmarir eru við er grasi gróið. Mýrar eru ofan nesses en ströndin er fremur klettótt og ganga þeir í sjó fram. Austan nesses er Hólmavogur, fullur af smáhólmum en vestan við nesið er klettabás.

Tóftin er ferhyrningslaga 9 x 5 metrar að stærð og snýr norður - suður. Op er syðst á austurvegg, auk þess sem rof er í vesturlangvegg. Ekki sést grjóti í veggjum en veggjabykkt nær mest 1 metra og mesta hæð er 0,6 metrar. Fjargatan fyrrnefnda

liggur við suðvesturhorn tóftarinnar og þar við er talsvert grjótdreif sem ekki kann skýringar á.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:062** garðlag 65°57.398N 21°27.469V

U.þ.b. 780 metra ANA við Dys 037 og 40 metra norðan við tóft 061, er mikið grjóthlaðið garðlag þvert yfir nes. Nesið er grasi gróið. Mýrar eru ofan þess en ströndin er fremur klettótt og ganga þeir í sjó fram. Austan nesses er Hólmavogur, fullur af smáhólmum en vestan við nesið er klettabás. Við báða enda garðsins er sjór þ.e.a.s. austan og vestan við. Framan garðsins (sunnan) og fram á nestá er þurr og grasi gróinn rími. Það á einnig við svæðið ofan garðsins. Garðurinn er gríðarmikið mannvirki og er hlaðinn úr grjóti eingöngu - þvert yfir tangann. Hann liggur í austur - vestur og er rúmlega 20 metra langur, 1 metra breiður og er hleðsluhæð 1 metri að meðaltali en nær 1,75 metrum þar sem hann liggur yfir laut austast á neginu. Endar garðsins ná að klettum sem mynda kraga um nesið. U.þ.b. 10 metrar eru frá garðlaginu norður á nestána en ekkert op er á garðinum.

**Hættumat:** engin hætta



ST-004:063 tóft

65°57.391N 21°27.468V



Tóft 063, horft í norðaustur

U.þ.b. 780 metra ANA við Dys 037 og 40 metra norðvestan við tóft 061, er tóft.

Nesið er grasi gróið. Mýrar eru ofan þess en ströndin er fremur klettótt og ganga þeir í sjó fram. Austan nesses er Hólmavogur, fullur af smáhólmum en vestan við nesið er klettabás. Við syðsta hluta nesses er smádrag en norðar klappahólar og smáhæðir.


Tóftin skiptist í tvö hólf sem eru byggð hvort af annars enda. Heildarstærð er 15 x 6 metrar og snýr tóftin norður - suður. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 metrar. Syðra hólfíð er reglulega ferhyrningslaga með grjóti í hleðslum auk þess sem steinaröð er yfir suðurhluta þess. Stærð hólfins er 7 x 3 metrar að innanmáli. Op er syðst á

austurvegg. Þá er gengt er inn í minna hólfíð gegnum op norðurgafli. Það hólf er u.þ.b. 5 x 5 metra stórt og er það að hluta til náttúrulegur bolli með smákletta að austan og vestan, austurveggur er eingöngu myndaður af kletti en vesturhlið er meira hlaðin. Talsvert af þúfnahlaupum er norðurundan minni tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

ST-004:064 tóft

65°57.015N 21°28.923V



Tóft er fast vestan við vegarslóða sem liggur heim að Kúvíkum, tæpa 200 m suðvestur af rústasvæðinu í Kúvíkum 086.


Mosagróin, þurrlend hæð. Frá henni hallar til vesturs. Austan vegarins eru mógrafir 039, dálítið ofar eða sunnar.

Tóftin er mjög stæðileg, 6 x 5 m stór frá norðaustri til suðvesturs, einföld. Mikið grjóti er í neðri hluta veggja en torf þar ofan á. Norðaustur- og suðvesturveggur ná allt að 1,6 m hæð en hugsanlegt er að timburþil hafi verið á hinum hliðunum. Dyr sjást ekki.


**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

ST-004:065 tóft rétt

65°57.613N 21°26.202V



Rétt 065, horft í suðaustur



Rétt ofan fjöru um 420 metra norðaustur af Halldórstaða bæjarhól 079 og 90 metra norðaustur af réttinni niðri við sjóinn 069 austan við Halldórsstaðavog, er grjóthlaðin tóft. Það er norðvestanundir klettum á þurru bala. Lækur rennur rúmlega 1 metra vestur frá aðhaldinu.

Tóftin er 4 x 2 metra stór og snýr austur - vestur. Hleðslur eru allar úr grjóti og hæstar eru þær 0,7 metrar. E.t.v. aðhald, eða byrgi.

**Hættumat:** engin hætta

ST-004:066 tóft heystæði

Tóft er 340 m norðaustur af beitarhúsatóft á Trogaströnd 017. Þurrt, lítið holt um 30 m norðvestur af háum sjávarbakka. Ofar er mýrlendur hvammur upp við fjall.

Tóftin er einföld, um 4 x 2 m stór frá norðaustri til suðvesturs. Veggir eru litlir um sig, 0,2 m háir og algrónir

en gróska er engin í tóftinni. Dyr sjást ekki og líklega er þetta gamalt heystæði af staðsetningu og útliti

að dæma.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:067** vegur leið

65°56.610N 21°25.403V

Leifar af ruddum vegi sjást um 400 m suðvestur af Hraunstúni 040. Vegurinn hefur verið ruddur utan í brún í bökkum ofan við strandlínuna. Hann er 2-3 m breiður og hægt er að rekja hann á a.m.k. 100 m kafla í átt að Hraunstúnstóftum. Hann er ruddur en lítið sem ekkert upphlaðinn, þó hefur sumstaðar verið hlaðið meðfram eystri brúninni. Þá verður hann óglöggur en sést aftur beint neðan eða austan við Hraunstún, er þar upphlaðinn yfir mýri á tæplega 30 m löngum kafla, 2-3 m breiður. Vegurinn hefur væntanlega legið frá Veiðileysu að Kambi. Ekki er vitað hvenær hann var gerður og ekki heldur ljóst hvort hann hefur verið kerrufær - verður að teljast hæpið, a.m.k. yfir Hraunið sem er skriðurunninn hlíð. Þar sést vegurinn aðeins sem kindaslóði.



Leifar vegarins 067, horft í norður

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:068** heimild um skotbyrgi

65°57.165N 21°29.183V

"Beint upp af Sandvík er Sjónarhóll, stór, nokkuð grýttur hóll. Neðst í honum var skotbyrgi hlaðið úr torfi," segir í örnefnalýsingu. Sjónarhóll er auðfundinn, tæpum 200 m vestan við Búðará sem rennur meðfram rústasvæðinu á Kúvíkum að vestanverðu. Kletthóll eða borg. Fram af honum er hálfgróid stórgrýti og klappir uns land tekur að lækka að Sandvík. Skotbyrgi fannst ekki þrátt fyrir töluverða leit, verður að teljast líklegt að það sé orðið mjög samansigið og ógreinilegt ef ekki horfið.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Kúvíkur, 3

**ST-004:069** tóft rétt

65°57.591N 21°26.310V

U.þ.b. 330 metra norðaustan við bæjarhól Halldórsstaða 079 og austan við Halldórsstaðavog er grjóthlaðin tóft. Hún er vestan undir kletthajalla við sjóinn. Kletthajallar ganga upp frá sjónum en undir þeim er vel gróid og þurrt. Ofar rísa hlíðarnar í hjöllum og enn ofar Reykjafjarðarkamburinn.

Tóftin er 7 x 3 metra stór, hlaðið úr grjóti og ná hleðslurnar mest 0,6 metra hæð. Klettaveggurinn er í hlutverki suðaustursveggs en hlaðið er glufur. Aðhaldið liggur suðvestur - norðaustur og er það alveg opið til suðvesturs. Botn er fremur sléttur nema norðaustast þar sem er gróinn bratti ofan af klettunum.



Rétt 069, horft í norður

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:070** tóft útihús

65°57.248N 21°22.729V

Tóft er í Kambstúni um 20 m vestan við vesturbrún bæjarhóls 001. Jaðar túns en mýri er vestan við, með pollum. Tóftin er gróin og sigin en gróska í henni. Hún er nánast hring- eða sporöskjumynduð og 5 m í þvermál. Veggir eru mest um 0,4 m háir en dyr sjást ekki. Þetta gæti verið súrheystóft.



10 m



**Hættumat:** engin hætta

**T-004:071** tóft

Um 80 metra ANA við bæjarhól Halldórsstaða 079, við læk sem rennur í Halldórsstaðavog, eru tóftarbrot beggja vegna lækjarins. Örlitið undirlendi er upp af voginum og er sjávarbakkinn gróinn harðbali. Bakkar lækjarins eru grasi grónir. Tóftin samanstendur af 4 þústum - eins og undan stöplum - og garðlagi. Tvær þústir eru beggja vegna lækjarins. Sé mælt frá hverju horni var ummál tóftarinnar 2 x 1 metri og hleðsluhæð 0,5 metrar. Líklegt er að þarna hafi verið brunnhús eða smábrú yfir lækinn.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:072** garðlag vörslugarður



*Garðlag 072, horft í norðaustur. Aðeins örlar á hleðslunni fyrir miðri mynd*


lendinguna 008, 135 m austur af bæjarhól 001. Gróinn bakki ofan við sjávarkamp, fremur mýrlendur. Ekki sést eiginleg tóft, aðeins litlar þústir sem væntanlega eru leifar af hleðslum kringum stoðir sem hafa haldið uppi ráum í hjallinum. Hver og ein líkist hundapúfu. Þúfnaraðirnar eru tvær og eru þær samsíða frá norðri til suðurs. Í hvorri röð eru fimm þúfur, um 2 m á milli þeirra langsum en 3-4 m þversum. Alls er lengjan um 4 m breið en rúmlega 20 m löng. Lækur rennur fast sunnan við þústina. Milli lækjarins og syðstu tóftarinnar þúfnanna er brún sem virðist náttúruleg, liggur A-V en þegar vel er að gáð vottar fyrir hleðslu utan í henni að sunnanverðu á a.m k. 5-6 m löngum kafla.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:074** tóftir naust



*Naust 074, horft í austur*



65°57.442N 21°22.481V

Fast sunnan við Stekk 010, vottar fyrir mjög fornlegu garðlagi. Það sést fyrst um 40 m sunnan stekkjans.


Garðurinn liggur um gróið holt.

Garðurinn er mjög óljós og siginn, allt að 2 m breiður og mest um 0,3 m hár, mosagróinn en grjótt gægist upp hér og þar. Upptök hans eru við stóran stein en þaðan stefnir hann í norðaustur. Má rekja hann í 40 m í þá áttina en þá sveigir hann í hánorður. Hann verður sífellt ógreinilegri eftir því sem norðar dregur og hverfur loks alveg eftir 35 m. Garðurinn gæti verið hluti af nánthaga eða vörslugarði umhverfis stekkin.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:073** þúst hjallur

Nokkrar litlar þústir, líklega ummerki eftir þurrkhjalla, eru frammi á bakka ofan við



Miklar rústaleifar sjást beint ofan við Lendingu 008, 160 m austur af bæ 001.

Tóftirnar eru neðst á grónum sjávarbakka, fast ofan við sjávarkamp.

Þrjú samhliða hólfr sjást, tvö þau syðri sennilega af naustum en það nyrsta hugsanlega af sjóbúð. Það syðsta er að mestu niðurgrafið, 0,2 m djúpt, um 7 m langt frá austri til vesturs, um 2 m breitt að innanmáli, bátslaga og snýr opi niður á sjávarkampinn. Greinilegt er að grjóti hefur verið hlaðið með brúnum þess. Fast norðan við það er dæld sem að öllum líkindum er niðurgrafin og manngerð, um 8 m löng og 4 m breið að innanmáli, snýr eins og fyrrgreinda tóftin og er opin til austurs. Hún er einnig bátslaga. Milli dældanna, fast vestan við þær er gamalt spil. Fast norðan við þær er þriðja tóftin, um 5 x 4 m að utanmáli, að mestu upphlaðin og gæti verið af sjóbúð, opnast í austur. Grjót sést í innanverðum hleðslum sem ná allt að 1 m hæð. Suðurveggur tóftarinnar sem og norðurhluti miðtóftarinnar virðast rofnir næst sjávarbakkanum af völdum sjávar.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**ST-004:075** bæjarstæði býli

65°57.496N 21°26.545V

Um 90 metra ANA við bæjarhól Halldórsstaða 079, er húsgrunnur. Hann er u.þ.b. 10 metrum norðaustan tóftar 071 og fjárgatan sem liggur milli Kúvíkna og Kambs er við suðurhlið grunnsins.

Órlitið undirlendi er upp af voginum og er sjávarbakkinn gróinn harðbali. U.þ.b. 5 metrar eru frá norðurhlið grunnsins niður í fjöruna.

Grunnurinn er af húsi sem hefur verið hlaðið a.m.k. að hluta til úr torfi en ekki sést grjót í hleðslunum. Hleðsluhæð nær mest 1 metra í suðurvegg. Grunnurinn er 6 x 10 metrar að utanmáli og í austurhluta hússins hafði verið steinsteypur skorsteinn sem nú liggur brotinn í tvennt í tóftinni. Að líkindum er þarna leifar síðasta Halldórsstaðabæjarins.

**Hættumat:** engin hætta



*Húsgrunnur 075, horft í austur*

**ST-004:076** tóft

65°57.490N 21°26.566V

"Utan við Hólmafog er stórt holt, Hvalbeinsholt...Hjallar eru þarna upp af og nafnlaus vogur utan við. Utan við hann voru Halldórsstaðir, lítið kot. Ofan við lítið tún var Halldórsstaðamýri og ofan við hana Halldórsstaðahvammur, sem var aðalgraslendi þarna og lá upp hálsinn. Utan við tún og mýri var Halldórsstaðavogur. Þarna utan og ofan við eru Hlöðuskörð," segir í örnefnaskrá. Innst í Halldórsstaðavogi er tóft, rétt innan við bæjarlækinn. Hún er 9 metrum suðaustur af naustinu 077, sem er vestast í voginum. Órlitið undirlendi er upp af voginum og er sjávarbakkinn gróinn harðbali en mýri er við tóftina að vestan. Tóftin er 3 x 4 metrar að utanmáli og snýr norðaustur - suðvestur. Hleðsluhæð er mest 0,5 metrar og veggjaþykkt 1 metri að meðaltali en nær 2 metrum í suðvesturgaffli. Tóftin er alveg opin til norðausturs. Talsvert þúfnahlaup er framundan tóftaropi og stutt torfhleðsla við norðausturgافل að austanverðu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kúvíkur, 7

**ST-004:077** Halldórsstaðavogur tóft naust

65°57.496N 21°26.577V


Um 60 metra ANA við bæjarhól Halldórsstaða 079, er tóft. Hún er vestast í Halldórsstaðavogi, rétt vestan við bæjarlækinn. Órlitið undirlendi er upp af voginum og er sjávarbakkinn gróinn harðbali. U.þ.b. 5 metrar eru frá norðurenda tóftar niður í fjöruna. Tóftin er tvískipt og snýr nálega í norður - suður. Vestara hólfið er hið stærra. Það er 8,5 x 2,5 að utanmáli. Veggir að utanverðu eru vel skýrir nema suðaustan til. Minna hólfið er austantil. Það er um 2 x 2 metra stórt. Op beggja tóftanna snúa í norður. Hleðslur eru signar, ná mest 0,2 metra hæð, ekkert grjót sést í hleðslum. Lag tóftarinnar bendir eindregið til nausts og e.t.v. hefur smátóftin utan við verið sjóbúð samföst. Góð landing virðist í voginum norðan naustsins

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:078** tóft rétt

65°57.471N 21°26.654V

Um 15 metra suður af bæjarhól Halldórsstaða 079 eru hleðslur umhverfis náttúrulegan bolla sem er í brekkurótum undir kletthajalla sem rís ofan bæjarhólsins. Tóftin er fast ofan garðsenda sem er



suðvestan bæjarhóls (sjá lýsingu bæjarhóls Halldórsstaða 079).

Bollinn er ofan mýrar og þýfis í túninu. Bleyta er í botninum syðst en þurr nyrst. Mýrin er er allt um kring nema sunnan við því þar rís klettahjallinn.

Tóftin er 2,5 x 2 metrar að utanmáli og snýr norður - suður. Hún er u.þ.b. 0,5 metra djúp syðst. Hleðslurnar eru signar og óskýrar ekki meira en 0,2 metra háar í mesta lagi. Brekkan gegnir hlutverki veggja að nokkru leyti en hleðslur eru í vestur- og austurvegg. Opið snýr í norður. Niður af vesturhlið bollans gengur garðlag u.þ.b. 3 metra til norðurs. 2 metrum norður frá enda garðlagsins og í sömu stefnu er garðlag sem er suðvestan bæjarhóls 079 (sjá lýsingu þar).

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:079** *Halldórsstaðir* bæjarhóll bústaður

65°57.485N 21°26.656V

Í Jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1710 segir um Halldórsstaði:



*Halldórsstaðir 079, horft í norðaustur*


[Kambslandi] sjást í einum stað líkindi til tófta og túngarðs, er þar kallað Halldórsstaðer. Nær það hafi í eyði lagst veit enginn af að segja. Kann ómögulegt að byggjast fyrir slægnaleyfi og skaða heimajarðarinnar." Í örnefnalýsingu Kúvíkna segir: "...Halldórsstaðir, lítið kot. Ofan við lítið tún var Halldórsstaðamýri og ofan við hana Halldórsstaðahvammur, sem var aðalgraslendi þarna og lá upp hálsinn. Utan við tún og mýri var Halldórsstaðavogur. Þarna utan og ofan við eru Hlöðuskörð." Í Sýslu- og sóknalýsingu Vestfjarða segir: "Þá kemur Bærinn við Reykjarfjörð sunnanverðan, rétt hjá verzlunarstaðnum [Kúvíkum]. Jörðin er 8 Hdr. að dýrleika og heitir hún halldórsstaðir,

en bærinn stendur nú ekki þar, sem hann áður stóð, því áður var hann austanvert við verzlunarstaðinn, og sjást þar rústir eftir af honum. En þennan bæ lét Jón sálugi Salómönsen byggja 1845, og fékk þá

jörð þessa byggða hjá umboðsmanni konungs, n áður hafði hún lengi legið undir Kamb. Nú er þar sérstakt býli, og er landgæða jörð sæmileg og nægilegur heyskapur, þó er þar lítið tún, nema blettir sem faktor Jón sál. Salómönsen ræktaði út og hlóð garð í kringum." Halldórsstaðir fóru í eyði 1933. Bæjarhóllinn er ofarlega í grónu túninu, u.þ.b. 110 metra SSA af meintri fjárhústöft 081. U.þ.b. 15 metra suður af hólnum er klettahjalli, og niður með þeim hjalla að austan rennur bæjarlækurinn í Halldórsstaðavog.

Mýri er norðan hóls og vestan en þúfnahlaup er niður að sjó að austan. Sunnan/ofan bæjarhóls rís lágur klettahjalli.

Mörk bæjarhólsins eru óskýr til suðausturs og austurs en stærð hans er u.þ.b. 28 x 20 metrar og snýr hann norður - suður. Hóllinn er rúmlega 1 metri á hæð, grasi vafinn og í honum miklir hryggir og dældir. Syðst í hólnum eru þrjú samsíða hólf sem snúa opum til suðurs eða SSA, mót fjalli. Aftan samsíða hólfanna eru tvær ferningslaga dældir u.þ.b. 2 x 2 metrar að innanmáli hvor um sig og samsíða þeim vestast í hólnum ílöng dæld, 1,5 x 4 metrar að innanmáli og snýr austur - vestur. Norðan dældarinnar skýr tóft, 8 x 5 metrar að innanmáli og snýr austur - vestur. Nyrst á hólnum er sléttur torfhlaðinn stallur sem rís upp úr mýrinni neðan hólsins.



Óglöggt garðlag er á brún hans, skýrast vestast, e.t.v. leifar kálgarðs sem hefur verið u.þ.b. 14 x 6 metrar að innanmáli. Grjót sést í hleðslum. U.þ.b. 8 metra suðvestan hólins er garðlag a m.k. 20 metra langt. Það virðist tengjast hólnum út frá suðvestasta tóftarvegg og ganga (óglöggt vegna þýfisins) frá hólnum í sveig, fyrst til suðurs, svo vesturs og þá norðurs. Mýri er vestan undir hólnum og er garðlagið í henni. Þetta garðlag virðist geta hafa tengst garðlagi við tóft 078 í brekkurótum undir klettahjallanum sunnan bæjar en úr henni gengur garðlag til norðurs.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Kúvíkurl, 7; JÁM VII, 384-385; SS II, 228

**ST-004:080** garðlag túngarður 65°57.528N 21°26.682V

Túngarður gengur í gegnum tún Halldórsstaða 079, svo til þvert yfir nesið neðan bæjarhólins, en ofan fjárhústóftar 081. Það nær frá nafnlausum vogi 130 metra norðvestan við bæjarhólinn að Halldórsstaðavogi 90 metra norðaustan bæjarhólins.

Garðurinn liggur yfir mýri sem er um miðbik túnsins.

Garðurinn er u.þ.b. 130 metra langur. Vestast liggur hann fyrst 30 metra til SSA, svo 100 metra nær því beint í austur að fjöruborði á nesinu utanverðu (þ.e.a.s. í Halldórsstaðavog). Garðurinn nær mest 1 metra breidd en er orðinn siginn, u.þ.b. 0,3 metra há. Op er á honum vestarlega.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Kúvíkurl, 7

**ST-004:081** tóft fjárhús 65°57.544N 21°26.695V

Um 40 metra SSV af kolagröf 082 og um 110 metrum NNV bæjarhól Halldórsstaða 079, er stór tóft.

Túnið er gróð, hlaupið í sinu og þúfur auk þess að vera mýrlent.

Tóftin er alls 12 x 12 metrar að stærð. Hún er orðin nokkuð sigin, mesta hæð er 0,4 metrar. Veggjabreidd er um 1 metri að meðaltali en nær mest 1,5 metra. Grjót sést í hleðslum. Tóftin skiptist í 4 hólf, 3 eru samsíða frá norðaustri til norðvesturs, öll með op til suðausturs. Aftan norðaustustu hólfanna tveggja er stærsta hólfíð, alveg opið til norðausturs. Lag tóftarinnar bendir til fjárhúss með hlöðu aftan við.

**Hættumat:** engin hætt

**ST-004:082** gryfja kolagröf 65°57.572N 21°26.697V

Nyrst í túni Halldórsstaða, u.þ.b. 160 metra NNV frá bæjarhólnum 079, er hola, líklega kolagröf. Holan er fast ofan sjávarkletta á höfða sem er neðst í Halldórsstaðatúni.

Gröfin er á þurum melkollu en mýri er sunnan undir.

Kolagröfin er hringlaga, 2 metrar í þvermál (utanmál). Um hana er gróinn kragi u.þ.b. 0,2 metrar á hæð og 0,3 metrar á breidd. Dýpt grafarinnar er um 0,5 metrar. Í botni hennar eru steinar og einn steinn sést í hlið grafarinnar en að öðru leyti er gröfin grasi gróin. Rof er í kragann til suðvesturs.

**Hættumat:** engin hætt

**ST-004:083** garðlag vörslugarður 65°57.451N 21°27.075V

Um 180 metra ANA við tóft 085 og 320 metra VSV við bæjarhól Halldórsstaða 079, er garðlag. Það nær frá klettabelti niður í fjöru. Garðlagið er beint norðan vestasta hluta Hlöðuskarða.

Garðurinn liggur þvert í gegnum mýrarsvæði sem er neðan klettanna. Við garðinn utanverðan (austan hans) rennur lækur. Garðurinn liggur í sveig í norður - suður og lokar af nes sem er austan garðsins. Hann er 60 metra langur, 0,5 metra breiður að meðaltali og 0,4 metrar á hæð. Fjargata sem liggur með sjónum rýfur garðinn norðanverðan en op/rof er á honum sunnarlega. Efst eða syðst út frá klettunum er garðurinn hlaðinn úr grjóti á rúmlega 10 metra kafla. Í klettavegginn hefur verið hlaðið í glufur þar sem til þurfti á u.þ.b. 10 metra kafla í austurátt. Þær hleðslur eru að mestu hrundar. Að öðru leyti er garðlagið eingöngu úr torfi sem hefur verið stungið upp við garðlagið utanvert og þar í seytlar vatn - samsíða garðinum.

**Hættumat:** engin hætt

**ST-004:084** hleðsla 65°57.487N 21°27.301V

Í smáhólma eða skeri sem er norður af rétt 085 og u.þ.b. 250 metrum norðaustan við tóft 061, er hleðsla. Skerið umflotið sjó og fjarar ekki út í það.

Tóftin virðist vera slétt að ofanverðu og þar er hún gróin. Í hliðum hennar eru 3-4 umför af grjóti. Hún er u.þ.b. 2 x 2 metrar og e.t.v. 1 metra há. E.t.v. gamalt innsiglingarmerki.

**ST-004:085** tóft rétt 65°57.408N 21°27.294V

U.þ.b. 500 metra SSV frá bæjarhóli Halldórsstaða 079 og 130 metra norðaustur frá tóft 061 er tóft.



Fjárgata, sem liggur milli Kúvíkna og Kambs 001 er á sjávarbökkum fast við norðurvegg tóftarinnar. Tóftin stendur neðan undir klettabelti ofan fjörunnar. Frá klettarótum og niður í fjöru er grasi gróin, þurr brekka. Tóftin er alls 12 x 9 metrar að stærð með op á miðjum vesturvegg. Klettaveggur myndar austur- og suðausturvegg en hlaðið hefur verið upp í glufur en þær hleðslur eru að mestu hrundar. Norðurveggur er hlaðinn út frá klettaveggnum og er u.þ.b. 4 metrum sunnan fjörunnar. Veggurinn tekur U-beygju þar sem hann beygir til suðurs en svo aftur til norðurs, inn í réttina og myndast þar smákró í norðvesturhorni aðhaldsins. Hleðslurnar eru úr grjóti eingöngu og standa ágætlega þótt þær séu farnar að renna í sundur. Mesta hleðsluhæð er 0,7 metrar. Tóftin virðist vera aðhald fyrir skepnur.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-004:086** Kúvíkur tóftir+garðlag verslunarstaður 65°57.161N 21°28.585V

Kúvíkur eru sunnan til í Reykjarfirði, heldur austar en gegnt Naustvík, tæpa 5 km austur af Kjós. Á Kúvíkum var verslunarstaður frá því einokun komst á 1602 en ekki er vitað hvort verslað var þar fyrir þann tíma. Eftir að einokun var aflétt tók kaupmaður sér fasta búsetu á staðnum og hafði þar einnig búskap.


Minnst er á Kúvíkur í Sýslu- og sóknarlýsingum Vestfjarða 1852: "Kauptúnið er Kúvíkur eða Reykjarfjarðarverzlunarstaður, og er þar einungis eitt kaupmannssetur, og þó ekki fjölmennt, því nú búa þar ekki nema verzlunarstjórinn (faktorinn) með konu og börnum, og hefur hann engan vinnumann, og í bænum, sem áður er getið um, rétt við kaupstaðinn, býr ekkja faktors Jóns Salómonsens með nokkrum hjúum sínum. Í kaupstaðnum eru 4 timburhús, 2 torfhús lítil, nefnilega fjós og heyhlaða, og eitt steinhús með timburþaki, lítið, og er í því húsi brædd hákallslifur. Engin hús önnur liggja undir kaupstaðinn. Hvergi eru hér hróf handa þilskipum." Í örnefnalýsingu fyrir Kúvíkur er lýsing á túninu: "Austan eða utan við Búðará tekur túnið við. Innsti hluti þess nefndist Grundir. Við Búðarána var lítil flöt, þar sem þvottur og ull voru þvegin á sumrin. Hlóðir voru þar [sjá nr. 087]. Hylur var í ánni á móts við flötina. Skolað var í honum. Neðan við Grundirnar, bæst Búðaránni, er fjara. Hún nær út að svonefndum Reit, holti, sem hafði verið sléttað, svo að unnt væri að breiða þar fisk. Milli Grunda og Reits lá reiðgatan og áfram inn fjöruna. Utan við Reit er Gíslahúshóll [sjá L]. Neðan við hann eru Gíslahúsklettur, sem ná niður í fjöru. Gíslahúsflaga hét flaga þarna fram af í sjó. Hún sást ekki nema á stórstraumsfjöru og gat verið varasöm skipum. Nöfnin munu vera dregin af veru Gísla Gíslasonar, manns Vatnsenda-Rósu, þarna. Áframhald af Gíslahúshól er Bræðslupartur eða Bræðslugarður [sjá K]. Þar voru gamlir pottar [sjá J], og hafði sjáanlega verið brædd þar hákarllifur. Þarna voru fjárhús [sjá I]. Þá eru smáklettur og síðan Smiðjupartur eða Smiðjugarður. Þar var smiðja [sjá H]. Upp af Bræðsluparti og Smiðjuparti var nefnt Innratún, en áður mun hafa heitið þar Bæjarpartur og þar mun gamli bærinn hafa staðið. Ekki sáust rústir eftir hann. Á Innratúni var steinn, sem á var letrað (höggvið): "Mikið gull er undir mér." Við þessum steini var aldrei hreyft. Letrið var orðið mjög mosagróið árið 1973, en þá var Ína þarna seinast á ferð [sjá Þ]. Bæjarlækur skiptir túninu. Utan við hann var byggð, íbúðarhús og verzlunarhús. Þetta svæði var kallað Á hlaðinu [sjá T-Z]. Túnið neðan, utan og ofan við það svæði nefndist Ytratún."



Kúvíkur, yfirlitsmynd. Í forgrunni sjást beðasléttur (I), hægra megin við þær rústir (A-C). Sumarbústaður á Grundum í fjarska, horft í norðvestur.

Túnstæði í Kúvíkum er í grösugum hvammi sem hallar niður að fjörunni, mót norðri. Að austan og suðaustan markast hvammurinn af fremur háu klettabelti en að vestanverðu rennur á í jafri hvammsins, Búðará. Á Kúvíkum eru fjölmargar rústir á svæði sem er um 430 x 230 m stórt frá austri til vesturs. Flestar virðast þær frá síðasta skeiði búsetu á staðnum og sjást á túnakorti sem gert var árið 1917. Líklegt er að einhver timburhúsanna sem getið var um í Sýslu- og sóknarlýsingum 1852 hafi enn verið uppistandandi allt framundir miðja 20. öld. Ekki er hins vegar vitað hvar steinhúsið stóð né heldur hvort fjós og hlaða sem þar

er getið eru sama og hér er nefnt (B). Hér á eftir fær hver tóft einkennisbókstaf og verður þeim lýst hverri fyrir sig. Fyrst ber að nefna rústir af aðalverslunarhúsunum (A) sem eru nyrst á svæðinu miðju, fast austan við lítinn læk sem rennur um það frá suðri til norðurs. Ljósmyndir frá Kúvíkum eru í bók



Kúvíkur. Rústasvæðið var teiknað upp af loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Hjálmars Bárðarsonar um Vestfirði, bls. 418-419. Á þeirri eldri, sem tekin var einhverntíma á bilinu 1905-1910 sést að verslunarhúsin eru enn uppistandandi. Sú yngri var tekin sumarið 1939 og þá eru húsin horfin. Þau voru úr timbri að mestu, væntanlega rekavið, ein hæð og ris. Undir þeim hefur verið grjóthlaðinn kjallari. Önnur þekkt ljósmynd af sama húsi prýðir bakhlið kápu á bók Hauks Jóhannessonar, Stundir á Ströndum. Hún er tekin til suðurs og sést þar norðurgabl hússins sem sneri niður að sjó, beint fram að bryggjunni. Þessi hluti hússins hefur verið fyrir neðan bakkann og því staðið lægra en sjálft húsið, væntanlega þjónað hlutverki skemmu eða einhvers konar geymslu. Út frá henni til vesturs sést lágreistari skúrbygging. Tóftin skiptist í meginatriðum í fjóra hluta eða hólf, alls um 33 m löng og mest 15 m breið nyrst. Nyrst eru tvö samhliða hólf, undan skemmuni og skúrbyggingunni sem sjást á síðastnefndu myndinni. Hvort um sig er rúmir 7 m á breidd að utanmáli. Austara hólfíð er um 10 m langt frá norðri til suðurs en hið vestara sýnu styttra. Bæði opnast í norðurátt, enda hafa þar verið timburpíl. Mikið grjóthrun er innan veggja og hleðslur ógrónar að mestu, allt að 2 m háar, eingöngu úr grjóti. Upp af austara hólfinu, uppi á bakkannum sjást leifar kjallara, tveggja niðurgrafinna hólfanna sem liggja norður-suður. Hvort um sig er rúmir 5 m á breidd, það nyrðra 10 m langt en hitt sýnu styttra. Leifar af grjóthlöðnum vegg skilja hólfín af. Fast suðvestan við hann, við bygginguna utanverða er hringlaga gryfja, hálf full af timbri og grjóti, 3-4 m í þvermál. Hugsanlega hefur þar verið brunnur. Önnur lík gryfja en mun stæðilegri er 3-4 m vestan við millivegginn, fast utan tóftarinnar. Hún er nálægt 3 m í þvermál, upphlaðin að innan og allt að 1,3 m djúp en algróin í botni. Leifar af e k. rás liggja frá gryfjunni til vesturs, fram af bakka sem þar er og út í bæjarlækinn. Gryfjan líkist brunni en staðsetningin verður þó að teljast heldur ólíkleg, brunnur hefði sjálfsagt verið hafður lægra og nær læknum. Hugsanlega hefur þetta verið súrheysgryfja. Þá er komið að tóft (B) sem er 18-20 m sunnar en (A). Hún er af fjósi en yfir því var loft þar sem var búíð, a m k. um tíma. Tóftin er einföld, alls um 10 x 8 m stór frá austri til vesturs. Hún er tvískipt, vestar er nærri ferningslaga hólf sem er um 8 x 8 m stórt með op á norðvesturhorni. Annað hólf er sambyggt tóftinni að austan en það er lítið, rúmir 2 x 2 m og opið í norður. Þar mun hafa verið hænsnakofi. Tóft (C), sem er leifar af íbúðarhúsi Jakobs Thorarensens, er rúmunum 15 m austan við (B). Húsið sést vel á ljósmyndum, bæði frá 1905-10 og 1939. Það var aflangt timburhús, líklega á einni hæð en með rislofti, sem sneri norður-suður. Á yngri myndinni grillir í annað timburhús sem hefur staðið fast vestan við það en þar sést nú engin tóft heldur einungis timburleifar. Leifar af grunni fyrrnefnda hússins eru greinilegar. Tóftin er rúmlega 20 m löng frá norðri til suðurs, 7-8 m breið og skiptist í þrennt. Nyrsta hólfíð er minnst, um 2 x 3 m að innanmáli en hin tvö hér um bil jafnstór, hvort um sig allt að 6 x 6 m að innanmáli. Innangengt hefur verið milli allra hólfanna og dyr sjást á miðjum austurlangvegg. Töluvert grjóthrun er innan veggja. Hólfín eru öll niðurgrafin en veggir hafa verið upphlaðnir að innanverðu með grjóti. Þessi þrjú hús (A, B OG C) hafa verið miðdepill eða kjarni svæðisins, ef svo má að orði



Öskuhaugur (D), horft í suðaustur

komast. Aðalbryggjan var fram af verslunarhúsinu (A) en hennar sjást nú engin merki, utan stórgrýtis sem gæti hafa verið í undirstöðum. Hins vegar er töluvert af glerbrotum og brotum úr leirflátum í sjónum skammt utan flæðarmáls, slípuð af sjógangi. Líklega hefur sorpi verið kastað fram af bryggjunni. Sorphaugur (D) er annars á lækjarbakka 10-15 m suðvestur af rúst verslunarhússins (A) og hefur aska og sorp líklega verið borin út úr því bakdyramegin. Öskuhaugurinn er alls um 11 x 5 m stór frá norðri til suðurs en nærri öll vesturhlíð hans rofin, líklega vegna ágangs kinda sem leita þar skjóls.

Fornleifasjóður styrkti lítinn uppgröft í hauginn sumarið 2004. Kom í ljós að hann er allt að 2 m djúpur og samanstendur að mestu af móösku, viðarkolum og úrgangi af ýmsu tagi. Fjöldi gripa fannst við uppgröftinn en enginn þeirra reyndist mikið eldri en frá því um miðja 19. öld.

Frammi á sjávarbakka, um 70 m austur af verslunarhúsum (A) er tóft, líkast til af fjárhúsum, hér nefnd (E). Tóftin er greinileg, 6 x 12 m stór og snýr norður-suður með dyr í norðurátt, að sjónum. Einnig vottar fyrir dyraopi á miðjum austurlangvegg. Veggir eru býsna stæðilegir, líklega allt að 1 m háir og sjást grjóthleðslur í innanverðum austurlangvegg. Ekki er garði í húsinu sem sést vel á báðum ljósmyndunum í riti Hjalmaris Bárðarsonar, frá 1905-10 og 1939, vel uppistandandi. Á eldri myndinni

grillir í timburgafl að sunnanverðu og sést að torfþak hefur verið á öllu húsinu, suðurendinn þó sýnu lágreistari og má vera að þar hafi verið hlaða. Af yngri ljósmyndinni 1939 má sjá að þaki hússins hefur verið breytt og virðist það járn- eða timburklætt nema suðurendinn lági sem enn er torfþakinn. Vestan við húsið rennur lítill lækur en fast vestan við hann, um 20 m NV við tóft (E) er garðlag, (F). Það liggur samsíða sjávarbakkanum frá austri til vesturs og er alls um 20 m langt, að mestu gróid en sér þó í grjóthleðslur, hæð um 0,4 m. Nú skal haldið vestur fyrir lækinn sem rennur með verslunarhúsi (A) að vestan. Þar, beint vestur af verslunarhúsinu er tvískipt tóft (G), af nausti eða bátaskýli, samtals 14 x 11 m frá austri til vesturs. Hólfin tvö eru sambyggð, hið austara um 6 x 6 m að utanmáli en það vestara lengra og mjórra, um 8 x 5 m norður-suður. Bæði opnast þau í norður, fram að sjónum. Veggirnir eru að miklu leyti grónir en þó sést í grjót hér og þar. Í austara hólfinu vottar fyrir hleðslu sem minnir á garða en hún er óljós. Beint suður af vesturenda tóftarinnar er stök tóft, (H), sem var smiðja skv. Skúla Alexanderssyni og mun þá ofangreindur Smiðjupartur kenndur við hana. Tóftin er einföld, 6 x 6 m stór og opin í norður. Veggir eru grjóthlaðnir og stæðilegir, hátt í 1 m að hæð. Innan veggja er mikið timbur, leifar af grind. Smiðjan sést á bæði á ljósmynd frá 1905-10 og 1939 og hefur enn verið undir þaki á þeirri síðarnefndu, snoturt en lágreist hús með timburgafl. Á yngri myndinni hafa bátar verið settir upp beint fyrir neðan hana. Skv. örnefnalýsingu var Bæjarpartur ofan við Smiðjupart og þar á gamli bærinn að hafa staðið, líklega sá sem sagður var rétt við kaupstaðinn 1852, en þá bjó þar ekkja Jóns Salómonsens. Alls engin rústamerki sjást á þessu svæði en þar er grösugt og þýft. Um 50 m

norðvestur af smiðjutóftinni (H) er ungleg tóft af fjárhúsi með grjóthlöðnum veggjum sem enn standa að miklu leyti, hér nefnd (I). Hún er alls 6,5 x 14 m stór frá norðri til suðurs og mjókkar heldur í suður. Dyr eru sunnarlega á austurvegg og garði er eftir húsinu endilöngu en þó um 2 m breitt bil frá garðahöfði að norðurgafli innanverðum. Veggirnir eru vel hlaðnir úr grjóti, gaflarnir veglegastir og allt að 1,7 m háir. Torfbunkar eru ofan á þeim báðum. Um 12 m austur af fjárhústóftinni er lítill tóft, (J), einhvers konar mannvirki tengt bræðslu. Tóftin er um 6 x 6 m stór en lágreist og í henni nyrst og austast er ryðgaður bræðslupottur úr járn. Virðist sem hleðslan í kring, sem er úr grjóti en algróin, sé einhverskonar umgjörð um pottinn fremur en að þar hafi staðið hús undir þaki. Þá skal vikið að garðlagi, líklega svonefndum Bræðslugarði (K) sem örnefnalýsingin getur um. Hann á upptök sín rúmum 20 m sunnan við fjárhústóft (I). Þar, undir austurenda hans, vottar fyrir dálitlum niðurgrefti á svæði sem er um 5 x 3 m A-V. Gætu þetta verið tóftaleifar. Garðurinn er algróinn, 2-3 m breiður og 0,5 m hár. Hann liggur fyrst 30 m til vesturs en þar er um 5 m breitt skarð í hann og rennur lækur í gegn. Þaðan má rekja garðinn um 20 m til viðbótar, þar sem hann endar fast við tóft (L) sem vafalítið er af Gíslahúsi, ef marka má örnefnalýsingu. Þar sjást annars vegar lítill hústóft, um 5 x 5 m stór, opin í suður, líklega grjóthlaðin en að



*Fjárhústóft (I), horft í norður*



*Bræðslupottur í (J), horft í norðvestur*

mestu gróin og hins vegar lágreistari tóft eða gerði vestan við hana, um 8 x 8 m stórt, fremur óljóst og algróid. Á því er op austast á norðurhlið, upp við hústóftina. Fast vestan við gerðið er greinileg dæld sem liggur A-V, 5 x 8 m stór. Á eldri ljósmyndinni grillir óljóst í hús sem virðist koma heim og saman við þessa dæld. Það er í bakgrunni myndarinnar og ómögulegt að lýsa því nánar að öðru leyti en því að það virðist vera með torfþaki. Rúma 20 m NNA af tóft (L) eru klettur, væntanlega Gíslahúsklettur. Í þeim sjást á tveimur stöðum óverulegir, grjóthlaðnir stöplar sem gætu verið undan fiskhjöllum. Um 40 m suður af Gíslahústóftum (L) er fjárhústóft (M), 11 x 7 m stór frá norðri til suður, opin í norðurátt. Hún er grjóthlaðin en að mestu gróin. Garði er í miðju en gengur ekki alveg fram að dyrum. Aftan við tóftina er óveruleg grjóthleðsla sem myndar ferhyrning, litlu breiðari en húsið og um 6 m langur. Frá

suðvesturhorni hans gengur um 5 m löng hleðsla til suðurs. Hús þetta er allgreinilegt á yngri ljósmyndinni sem tekin var 1939 og stendur þar undir þaki. Framhlutinn, þ.e. sjálft fjárhúsið, hefur verið með grjóthlöðnum veggjum en timburgaflí og líklega járnþaki. Afturhlutinn, sem hefur áreiðanlega verið hlaða, hefur hins vegar verið úr timbri og má því gera ráð fyrir að hleðslan sem þar sést nú séu einungis undirstöður timburveggja. Vestur af þessari tóft, milli hennar og sumarbústaðar sem hefur verið byggður vestast á svæðinu, á svonefndum Grundum, eru mjög greinilegar beðasléttur, sex eða sjö beð á svæði sem er um 40 x 20 m stórt frá norðri til suðurs en nánar verður vikið að beðasléttum á svæðinu í lok lýsingar. Trjárækt er hafin í litlum mæli á svæðinu. Utan við grundir er svonefndur Reitur, fiskreitir, en ekki er áberandi að hann hafi verið sléttaður, þar er grösugt og dálítið þýft.

Þá er komið túngarði (N) sem umlykur túnið að sunnan og vestan en einnig að hluta að norðanverðu. Nyrsti hluti hans hefst um miðja vegu milli Gíslahúss (L) og fjárhústóftar (M). Þar er



*Vesturhlið túngarðs (N), horft í norðvestur.  
Sumarbústaður á Grundum í baksýn*

garðurinn grjóthlaðinn, liggur til norðvesturs að stórum steini fáeina metra en beygir svo beint í vestur, norður fyrir sumarbústaðinn sem áður var nefndur. Þar, í NV-horni túnsins er rof á garðinum. Þar sem því sleppir hefur hann sveigt um 90° til suðurs og má rekja hann þannig um 70 m, að vegarslóða sem rýfur hann á um 5 m kafla. Áfram liggur garðurinn til suðurs og svo eilítið í SSA u.þ.b. 100 m, fer þar upp á hæð og á henni er tóft, sambyggð túngarðinum innanverðum, hér nefnd (O). Tóftin er greinilega af fjárhúsi, tvískipt og alls um 15 x 7 m stór frá suðvestri til norðausturs. Hún er líkast til grjóthlaðin að mestu, veggir nú grónir en standa allt að 0,7 m. Syðra hólflið er lengra og breiðara, um 7

x 10 m stórt. Dyr eru á langvegg þess og snúa í norðvestur. Garði er í húsinu en endar garðahöfuðið um 2 m frá suðvesturgafli, en það er túngarðurinn. Lítið hólf er í norðurhluta tóftarinnar, tæplega 5 x 5 m stórt og opið í norðaustur. Frá suðurhorni tóftarinnar heldur túngarðurinn áfram og stefnir smám saman meira í suðaustur. Hann er rofinn eftir rúma 60 m en þar rennur lækur í gegnum hann. Handan lækjarins er frekar mýrlent og þar er garðurinn eingöngu torfhlaðinn á 30-40 m kafla en þá kemur skörp brún í landið og uppi á henni tekur grjót við á ný sem aðalbyggingarefni. Um 10 m ofan við brúnina er um 4 m breitt op, það mun hafa verið aðal hliðið á túngarðinum og fjölfarnasta leiðin heim að bæ. Nú hefur stór steinn verið settur í opið, væntanlega til að hindra að ferðamenn aki bílum sínum í gegn. Leifar af hliðstaur og lokubúnaði úr rekaviði sjást, ef vel er að gáð, skammt innan við hliðið að vestanverðu. Garðurinn liggur um 10 m áfram í austurátt frá hliðinu en þá er komið að tóft sem er byggð upp við hann innanverðan, hér nefnd (P). Tóftin er tvískipt, alls 10 x 6 m frá austri til vesturs og sýnist ekki innangengt milli hólfanna, sem eru ámóta stór. Op er á þeim báðum, annars vegar á norðvesturhorni tóftar og hins vegar norðarlega á austurhlið. Veggir eru grjóthlaðnir en grónir að mestu, standa enn vel eða allt að 0,7 m. Líklegt er að tóftin sé af hesthúsi, enda hentugt að hafa það svo nálægt hliðinu. Frá tóftinni liggur garðurinn 100 m áfram til austurs, að klettavegg sem síðan markar svæðið áfram til norðausturs. 30 m vestur af garðendanum liggur reyndar garðspotti niður túnið, til norðurs, frá garðinum, alls tæpa 40 m og gæti hafa átt að afmarka beðasléttur sem eru í krika vestan við hann og verður lýst síðar. Garðurinn er allsstaðar grjóthlaðinn ef undan er skilinn áður nefndur, torfhlaðinn spotti. Hann er víðast hvar hruninn en nær þó allt að 0,5 m hæð. Frá hliðinu á garðinum liggur stígur til norðurs, heim að kjarna staðarins, þ.e. verslunarhúsatóft (A) og tóftum (B) og (C). Fyrsta spölinn er stígurinn fremur ógreinilegur en liggur þá yfir dálítinn læk. Handan lækjarins birtast svo traðir (Q), alveg greinilegur og líkast til niðurgrafinn stígur. Hlaðið hefur verið með honum að austanverðu en hleðslan er nú hrunin. Alls eru traðirnar um 40 m langar, liggja þá yfir lækjarsprænu sem rennur úr austri, en birtast á ný handan við hana og þar eru greinilega hleðslur beggja vegna traðanna á um 15 m löngum kafla. Þar enda traðirnar, um 10 m suðvestan við fjóstóft (B). Tvær tóftir eru sín hvoru megin við suðurenda traðanna. Sú vestari, (R), er tæpum 10 m vestan við traðarendann. Hún einföld og lágreist, 5 x 5 m stór og opin í austur, veggir líklega torfhlaðnir. Hún er í smáhalla mót vestri og ber svipmót kálgarðs. Austari tóftin, (S), er 4 x 8 m stór frá austri til vesturs, hefur mun veglegri vegg, sennilega úr grjóti þótt nú séu þeir grónir, og litlar dyr nyrst á vesturvegg. Tóftin gæti vel verið af útihúsi. Frá austurenda hennar gengur áberandi skurður um 35 m til austurs, vafalítið tengdur jarðabótum en miklar beðasléttur eru norðan við hann. Þær markast af tröðunum að vestan,



tóftaþyrpingu (A, B og C) að norðan og klettabelti að austan. Þá hefur flestum minjum í Kúvíkurtúni verið lýst og öllum þeim sem merktar eru inn á túnakort staðarins frá 1917.

Eftir er að gera grein fyrir svæði því sem nefndist "Á hlaðinu", en það telst hiklaust innan sömu rústaþyrpingar. "Á hlaðinu" er austast á svæðinu, norðan undir klettabelti því sem markar heimatúnið að mestu að austanverðu og beint austur af fjárhústóft (E). Þar er mest áberandi grunnur undan íbúðarhúsi Carls Jensen sem flutt var af grunni sínum og stendur nú í Kaldbaksvík. Grunnurinn, hér nefndur (T), er steinsteypur að mestu, 12 x 17 m stór frá austri til vesturs. Norðan til í honum miðjum vottar fyrir leifum af grjóthlóðnum kjallara sem hefur verið lífúll, varla nema 4 x 4 m. Bæði austan og vestan megin í honum sjást leifar af múrsteinahleðslum. Tröppur liggja enn upp að dyrum á miðri norðurhlið. Austan við íbúðarhúsið mun hafa verið lítil verslun skv. Skúla Alexanderssyni en hennar sjást nú lítil eða engin merki. Rúma 10 m norðvestur af húsgrunninum er steypur stöpull, úr mjög grjótblandaðri steypu, allt að 3 m hár. Á



*Hluti af „Á hlaðinu“. Garðlag (V) í forgrunni, þá hænsnakofatóft (U) og neðan við hana grunnur (T), þar sem áður stóð hús Jakobs Thorarensen. Vinstra megin er stöpull undan vindrafstöð. Horft í norður.*

honum er nú minningarskjöldur um Carl Jensen kaupmann. Upphaflega mun stöpullinn hafa verið reistur fyrir vindrafstöð, líkast til eftir 1939 því hann sést ekki á ljósmynd sem tekin var það ár. 12 m beint suður af húsgrunninum (T) miðjum er lítil tóft (U), af hænsnakofa. Hún er einföld, 4 x 4 m stór, grjóthlaðin og snýr með op í norðurátt. Meðfram þessari tóft liggur grjóthlaðið garðlag (V), bæði að vestan og sunnan og afmarkar þannig svæði á tvo vegu sem er um 20 m á hvorn veg. Það sveigir síðan beint í suðurátt, að klettunum, og myndar þannig næstum því S. Þetta garðlag má segja að aðgreini svæðin tvö að mestu, þ.e. Kúvíkurtún og "Á hlaðinu". Rúma 20 m austur af húsgrunninum (T) eru leifar af fjárhúsi, (X), sem sagt er að nokkrir Færeyingar, sem voru strandaglópar á Kúvíkum veturlangt, hafi reist gegn því að fá húsaskjól. Húsið hefur alls verið 5 x 11 m langt frá austri til vesturs. Veggirnir eru að mestu hrundir eða á barmi hruns en hafa verið steyptir úr mjög grófri steypu, blandaðri fjörugrjóti. Sama má segja um garðana sem eru tveir og mætast næstum því skammt vestan við miðju. Í enda þess eystri er fjárbað en ekki er ljóst í hvaða átt dyr hafa snúið. Óhætt er að segja að rústin sker sig talsvert frá öðrum fjárhúsrústum á svæðinu, aðallega hvað varðar áttahorf og byggingarefni. Austan hennar rennur smálækur til sjávar en handan við hann er tóft (Y). Hún er 12 x 6 m stór frá austri til vesturs, dyraop vestarlega á norðurhlið. Veggir eru vafalaust úr grjóti að mestu og rúmlega 0,5 m háir. Frá norðvesturhorni gengur gróin hleðsla um 10 m til vesturs og sunnan hennar, í krikanum milli tófar og hleðslu vottar fyrir leifum af steypu hólfi eða grunni, líklega um 5 x 10 m stóru frá austri til vesturs. Hólf er sambyggt tóftinni að austan, 3 x 3 m stórt og opið í norður. Á yngri

ljósmyndinni (tekin 1939) í bók Hjálmars Bárðarsonar sést að þá hefur staðið hús á þessum stað, sýnist að mestu úr timbri. Vinstra megin við það sést einnig hús sem hlýtur að hafa verið fjárhús (X). Fram eða norður af síðastnefndu tóftinni (Y) er að lokum grjótdreif (Z) sem, ef vel er að gáð, myndar 2-3 hólf á svæði sem er um 10 x 10 m stórt, á sjávarbakkanum. Þar var sláturhús og sjást nokkrir skúrar á ljósmyndinni frá 1939, að mestu úr timbri. Fram af þeim var lítil bryggja en hennar sjást nú engin merki. Að lokum má hér geta um stein þann sem getið er í örnefnalýsingu og höggvið er á "Mikið gull er undir mér" (B). Hann er um 40 m vestur af rúst (A), í Bæjarparti. Þar er töluvert af stórum steinum en sá sem áletrunin er á er líklega mest áberandi þeirra, tæpur metri á hæð og flatur að ofan. Áletrunin er orðin mjög máð en með herkjum má greina stöku bókstafi, t.d. er U, væntanlega



*Óljós áletrun (B)*

fyrsti stafur í "undir", alveg skýr. Hver stafur um sig hefur verið nálægt 5 cm á lengd en ekki er hægt að lesa úr áletruninni, til þess er hún of máð. Allt virðist hafa verið hoggið í steininn með hástöfum.

Að lokum skal síðan gerð grein fyrir beðasléttum í Kúvíkurtúni. Þær eru merktar með rómverskum tölustöfum á meðfylgjandi teikningu. **I** er stærsta svæðið, austan við traðir (Q) og sunnan við húsrúst (C). Þar sjást mjög reglulegar sléttur, 12-13 talsins, og liggja þær langsum norður-suður í nokkrum halla mót norðri. Hver slétta um sig er varla nema 2 m breið og grunnar rásir sjást á milli beða. Skurður hefur verið grafinn þvert á sléttunum efst eða syðst og reglulegur farvegur er einnig neðan við sléttunum, hefur runnið úr honum út í bæjalækinn. Þetta gætu verið leifar af handgröfnum skurði. Þótt ekki hafi fengist upplýsingar um það á vettvangi virðist ekki óhugsandi að þarna hafi kartöflur verið ræktaðar. Svæði **II** er 10-15 m vestar, vestan við Bæjarlækinn. Það greinist í tvennt: Annars vegar eru 6-7 sléttur við bæjarlækinn, í aflíðandi halla mót austri. Hver um sig er 3-4 m breið og 10-15 m löng frá austri til vesturs. Hins vegar eru 5 sléttur til viðbótar vestan við þessar, aðskildar frá þeim með reglulegum, uppgrönum farvegi sem hlýtur að teljast líklegt að séu leifar handgröfnum skurði. Þær eru heldur breiðari hver um sig og ógreinilegri en þær fyrrnefndu, gætu verið eldri. **III** er beðasléttusvæði á Grundum, austan við sumarbústaðinn sem þar stendur. Þar eru fjórar samhliða 20-30 m langar beðasléttur frá norðri til suðurs og að auki tvær styttri fast austan við þær. Eins og áður segir er trjárækt hafin í svolitlum mæli á Grundunum og búið að stinga niður trjám hér og þar í beðin, einkum syðst. Að lokum eru 2-3 beðasléttur, **IV**, syðst í Kúvíkurtúni, fast austan og norðan við tóft (P), á svæði sem er um 20 m langt N-S og 7-8 m breitt.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort 1917; SS II, Ö-Kúvíkur 4-5; HB, 418-419

**ST-004:087** heimild um þvottalaug

65°57.180N 21°28.945V

"Austan eða utan við Búðará tekur túnið við. Innsti hluti þess nefnist Grundir. Við Búðarána var lítil flöt, þar sem þvottur og ull voru þvegin á sumrin. Hlóðir voru þar. Hylur var í ánni móts við flötina," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning þvottastaðarins er ekki þekkt en þó virðist líklegasti staðurinn vera vestan túngarðs á Kúvíkum og hér um bil beint vestur af sumarbústað sem nú er á Grundum, þar er undirlendi mest við ána og hylur í henni. Hvergi sjást þó merki um hlóðir.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Kúvíkur, 4



## ST-005 Kjós

8 hdr. 1847 og 1706. Kjós hefur verið í eyði síðan 1946. Upplýsingar um túnstærð hafa ekki fylgt túnakorti 1917.

**ST-005:001** *Kjós* tóft bústaður  
"Bærinn stóð á Bæjarhól. Nyrðri hluti hans endaði í þverhníptum kletti, sem kallaður var Snös eða Snoppa [...] Stóruþúfur [011] voru gamalt bæjarstæði. Sagt er, að bærinn hafi brunnið og síðan verið fluttur á hærri stað, sennilega vegna fannþyngsla. Sögn er um, að bóndi á bænum hafi heitið Bárður, þegar bærinn brann. Maður með því nafni bjó þar 1703," segir í örnefnalýsingu. Bærinn stóð upp af miðri Kjósarvík sem gengur inn af Reykjarfirði suðaustanverðum. Kjós hefur verið í eyði síðan 1946.

Víkin markast af Kjósarhöfða að austan en Stekkjarnesi að norðvestan. Þjóðvegurinn liggur í sveig skammt fyrir neðan eða austan bæjarstæðið. Bærinn stóð uppi á hól sem virðist náttúrulegur, uppgróinn klettaraní.

Rústir síðasta Kjósarbæjarins eru enn mjög greinilegar á svæði sem er alls rúmlega 25 x 20 m stórt frá austri til vesturs. Bæjarhóllinn sem svo var nefndur er að mestu leyti náttúrulegur, sáralítill hólmyndun er undir rústunum umfram kletthóllinn. Nyrst og austast mótur fyrir hússtæði með leifum af steiptum skorsteini, það markast af þykkum, hlöðnum vegg að vestan og miklum torf- og grjótrana að sunnan sem greinilega eru veggjaleifar. Vestan við hússtæðið er hlaðið, ferkantað gerði, greinilega kálgarður, 10 x 11 m stór, girtur á alla vegu með torf- og grjótgarði en húsveggurinn markar hann að austanverðu. Kálgarðurinn er lítið sem ekkert farinn að hrynja. Sunnan við hússtæðið og um 7 m suðaustur af SA-kálgarðshorni eru leifar af steiptum grunnni, um 6 x 4 m stór frá norðri til suðurs, hugsanlega þró. Austan við hana er síðan uppgróid hólfr sem líklega hefur verið innangengt í úr húsínu, um 5 m breitt og 8-9 m langt frá norðri til suðurs, alveg opið í suður. Það gæti hafa verið fjós eða hlaða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 1-2; Túnakort 1917

**ST-005:002** öskuhaugur 65°56.506N 21°34.951V

"Bærinn stóð á Bæjarhól. Nyrðri hluti hans endaði í þverhníptum kletti, sem kallaður var Snös eða Snoppa. Ösku og rusli var hent fram af Snoppunni," segir í örnefnalýsingu. Snoppa gengur til austurs um 5-6 m austur af bæjarrústum 001. Neðan við hana er grasþýfi að þjóðvegi. Enginn hól eða haugur sést undir Snoppunni, aðeins grösugt stórþýfi. Þó er illa afmarkaður þúfnahóll heldur austar en beint fram af Snoppu, um 5 m í þvermál en gæti verið náttúrulegur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 1

**ST-005:003** *Lending* heimild um lendingu

65°56.527N 21°34.929V

"Sjávargata [049] liggur rétt austan við Snoppuna, niður að Lendingu," segir í örnefnalýsingu. Lendingin hefur verið fyrir botni Kjósarvíkur, beint niður eða norðaustur af bæ 001. Lendingin hefur markast af dálitlu sandrifi að norðan en nokkrum klettum að sunnan. Engin mannvirki sjást ofan við lendinguna, enda hefur vegurinn verið lagður þar í flæðarmálinu.


**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 1

65°56.493N 21°34.968V



*Bæjartóft 001, horft í austur*



**ST-005:004** *Fjósflöt* örnefni fjós 65°56.466N 21°34.898V  
 "Kringla var ofurlítil sléttur blettur ofan við Stóruþúfur [011]. Fjósflöt var rétt ofan við Kringlu," segir í örnefnalýsingu. Af lýsingu að dæma er Fjósflöt ofan eða sunnan við vegarslóða sem liggur heim að bæ 001, hátt í 100 m suðaustan við bæjarrústirnar. Íðagræn og nokkuð þýfð flöt. Stór steinn er í norðurjaðri hennar. Engar rústir sjást á flötinni sem er allt að 40 x 40 m stór. Mjög skörp brún er á henni að austanverðu og þar fyrir neðan rennur bæjarlækurinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 1

**ST-005:005** *Húsatún* tóft fjárhús 65°56.423N 21°35.221V


Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús nyrst og austast í Húsatúni. "Milli heimatúns og Húsatúns, sem náði að Kjósará, var mjó ræma af óræktuðu landi, hluti af allstórra dældóttri hæð, sem nefndist Leiti. Ekki sást frá bænum á Húsatúnið," segir í örnefnalýsingu. Nú er tóft á staðnum, 40-50 m norður af tóft 006 og 230 m suðvestur af bæ 001.

Grösugt tún í órækt.

Tóftin er geysilöng, 28 m frá norðri til suðurs og allt að 8 m breið. Veggir standa vel, eru allt að 1,2 m háir en mikil gróska í þeim, greinilega er grjót uppistaðan. Syðst er lítið hólfið, um 4 x 4 m að innanmáli, dyralaust, sennilega heygarður. Þá koma fjárhús, alls 15 x 5 m að innanmáli. Dyr hafa verið á miðjum vesturlangvegg en frá báðum skammhliðum ganga garðar inn að miðju húsi en milli garðahöfðanna eru 4-5 m. Norðan fjárhúsanna er gróin bunga og í henni vottar fyrir tveimur hólfum. Næst fjárhúsunum er 3 x 5 m stórt hólfið sem snýr austur-vestur og norðaustan við það annað hólfið ógreinilegra sem er rúmlega 2 x 2 m stórt. Hugsanlega hafa í þeim enda verið sambyggð útihús.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Kjós, 1



**ST-005:006** *Húsatún* tóft útihús 65°56.400N 21°35.241V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús syðst í Húsatúni, um 40 m suður af fjárhústóft 005. "Milli heimatúns og Húsatúns, sem náði að Kjósará, var mjó ræma af óræktuðu landi, hluti af allstórra dældóttri hæð, sem nefndist Leiti. Ekki sást frá bænum á Húsatúnið," segir í örnefnalýsingu.

Húsatún er í slakka vestanundir Leiti, við Kjósará. Kafagras er á túninu.

Tóftin er óljós, á kafi í grasi og veggir úr lagi gengnir. Hún snýr norður-suður og er 6 x 4 m stór. Að auki er ógreinilegt hólfið sunnan við tóftina, um 8 x 5 m stórt N-S. Op er á því í suðvestur. Veggir eru algrónir og hvergi sér í grjót.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Kjós, 1



**ST-005:007** *Veita* örnefni áveita 65°56.501N 21°34.861V

"Austan við Stóruþúfur var mýrlundur blettur. Veita," segir í örnefnalýsingu. Veita er fast austan undir Stóruþúfum 011, um 80 m austur af bæ 001. Mýrlundur blettur, um 20 m í þvermál. Sunnan við hann liggur gamall vegarslóði heim að bæjarrústunum. Engin merki sjást um áveitu og líklegt að bletturinn heiti svo vegna mýrlendisins.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Kjós, 2

**ST-005:008** tóft kvíar 65°56.510N 21°35.024V

Tóft er 50-60 m norðaustur af bæjarrústum 001, fast ofan eða vestan við þjóðveg. Hún er vestan undir háum kletti, á grasbletti.

Undir klettinum er niðurgrafið hólfið sem hefur verið hlaðið upp að innanverðu. Núverandi hæð er um 0,3 m. Hólfið snýr hér um bil austur-vestur, er um 2 m breitt og 6 m langt að innanmáli, styðst að mestu við klettinn að sunnanverðu. Sunnan undir sama kletti er óljós dæld sem gæti verið manngerð, um 3 m í þvermál. Tóftin gæti verið af litlu aðhaldi, t.d. kvíum, til þess bendir staðsetningin.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar



**ST-005:009** heimild um skotbyrgi

65°56.487N 21°34.787V


"Gilholt er holt utan við Bæjargilið. Þar var skothús. Þá taka við melar meðfram sjónum, kallaðir Grund," segir í örnefnalýsingu. Bæjarlækur rennur í Bæjargili austan við Kjósartún. Gilholt er þar fyrir utan, um 150 m austur af bæ 001.

Af lýsingunni að dæma má helst ætla að átt sé við lægsta hluta hæðarinnar sem þarna er, næst læknum og sjónum. Ofar eða sunnar er grýttur hóll með stórum steini á.

Engin merki sjást um skothús. Jarðvegi hefur greinilega verið rutt til á holtinu, sennilega í tengslum við vegagerð eða línulögn. Þá er ekki útilokað að skothúsið hafi verið úr timbri og sé horfið með öllu.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ö-Kjós, 2**ST-005:010** garðlag túngarður

65°56.481N 21°35.139V



Hlaðinn garður er á sjávarbakka norðan Húsatúns, fast austan við ós Kjósarár en norðan Þjóðvegjar.


Gróin flöt. Grjóthleðsla liggur í sveig meðfram háum sjávarbakka frá austri til vesturs, sést á alls um 35 m löngum kafla. Hún er alveg hrunin en ógróin, líklega hluti af túngarði um Húsatún sem skemmst hefur við vegagerð. Um 10 m frá austurenda garðsins er lítið grjótbyrgi samhlaðið honum innanverðum, tæplega 2 x 2 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar**ST-005:011** Stóruþúfur bæjarstæði býli

65°56.501N 21°34.917V

"Kringla var ofurlítill sléttur blettur ofan við Stóruþúfur [...] Stóruþúfur voru gamalt bæjarstæði. Sagt er, að bærinn hafi brunnið og síðan verið fluttur á hærri stað, sennilega vegna fannþyngsla. Sögn er um, að bóndi á bænum hafi heitið Bárður, þegar bærinn brann. Maður með því nafni bjó þar 1703," segir í örnefnalýsingu. Stóruþúfur eru fast austan undir Snoppu sem bæjarrústir 001 eru á, vestan við mýrarblettinn Veitu 007.

Graslendi. Ávalur og siginn, grösugur hóll, ekki stórpýfður en lítur út fyrir að vera rústahóll. Hann er kúptur og reglulegur, stendur lægra en bæjarrústirnar 001, um 30 m í þvermál. Engar rústir sjást á hólnum og hvergi sér í grjót. Austast í honum, þar sem halla tekur til austurs, er í honum regluleg



Túnakort Kjósar 1917

dæld, kannski eftir smákofa eða súrheysgryfju, um 4 x 5 m stór frá austri til vesturs. Dæld er meðfram hólnum að sunnan, síðan tekur við graslendi meðfram Bæjargili.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Kjós, 1-2

**ST-005:012** *Miðmorgunspúfa* þjóðsaga legstaður 65°56.752N 21°34.003V

"Nyrest á höfðanum (Kjósarhöfða) er grasi gróinn hóll, Miðmorgunspúfa. Þar er sagt, að maður sé heygður og auðséð, að grafið hefur verið í þúfunu," segir í örnefnalýsingu. Miðmorgunspúfa er náttúrulegur hóll sem trónir fremst eða nyrest á hæð tæpa 900 m norðaustur af bæ 001. Hún er áberandi frá bæ séð og hefur hentað vel sem eyktarmark. Gróinn hóll. Aðeins vottar fyrir niðurgrefti í hólinn rúman 1 m sunnan við hábungu hans og bendir hann til þess að menn hafi ætlað að kanna sannleiksgildi sögunnar. Ekkert bendir til annars en að hólinn sé náttúrulegur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Kjós, 2-3

**ST-005:013** *Höfðaflói* náma mógrafir 65°56.471N 21°34.328V

"Höfðaflói er fyrir ofan Kjósarhöfða frá Bæjargili og niður til Þrengsla. Þessi flói er mjög blautur og gott mótak og nokkrar slægjur í honum," segir í örnefnalýsingu. Flóinn er tæpa 500 m austur af bæ 001. Blaut míri sem nær nánast frá fjallsrótum og að Kjósarhöfða, sem er grýtt hæð.

Norðvestarlega í flóanum vottar fyrir blautum dokkum, ekki mjög reglulegum en áberandi beinn kantur er með þeim að vestanverðu, upp við lágt en grýtt holt. Svæðið er um 50 x 30 m stórt. Hugsanlega eru mógrafir víðar austur í flóanum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Kjós, 3


**ST-005:014** *Stekkur* gerði stekkur 65°56.745N 21°34.414V

"Utan við hana [Grund] var Kjósarnes, í daglegu tali Nes. Það var slétt, og hafði verið ræktaður þar túnblettur. Þar var stekkstæði. Stekkurinn var notaður fram um 1922-23," segir í örnefnalýsingu. Nesið er fasat neðan við þjóðveg og er ysti oddi þess rúma 600 m norðaustur af bæ 001.

Flatt og grösugt nes. Land hækkar sunnan þess, sunnan við veginn, þar er holt með klettum framan í.



*Stekkur 014, horft í norður*




Á nesinu er stórt, grjóthlaðið gerði og gróin tóft við austurenda þess, á nesoddanum.

Gerðið er 22 m langt frá norðri til suðurs, 15

m breitt nyrest og um 20 m breitt syðst. Op er á suðurhlið, annað á austurhlið og einnig er op eða rof á sjávarbakkanum norðvestast. Fjárrett úr timbri var byggð upp inni í gerðinu en fjarlægð fyrir nokkrum árum og ný byggð vestan Kjósarár, á Eyrunum. Gróin tóft, líklega af stekki, er fast norðan við austurenda gerðisins, 7 x 5 m stór frá norðri til suðurs og op snýr í suður. Óljóst vottar fyrir öðru hólfi vestan hennar en líklega hefur sjór brotið af því.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ó-Kjós, 2



**ST-005:015** *Beitarhúsagrund* tóft beitarhús 65°57.011N 21°31.984V

"Beitarhús voru rétt innan við Hvammsgil. Þar var dálftil grund, sem gerð var að túni. Hún var kölluð Beitarhúsagrund," segir í örnefnalýsingu. Tóft beitarhúsanna er tæpa 2,5 km norðaustur af bæ 001, austan Djúpuvíkur en vestan Kleifarár.

Sjávarbakki undir brattri brekku, grýttri en hálfgróinni mosa og lyngi. Frá tóftinni

eru um 5 m að sjávarkampinum. Lækur rennur um 20 m austan við húsin. Tóftin er af garðahúsum með hlöðu aftan við, snýr norður-suður og er hlaðan sunnan til en dyr í norður. Tóftarveggirnir standa vel, hlaðnir úr hellum. Hlaðan gengur alveg upp að brekkunni ofan við. Veggir eru um 1 m þykkir og hæð og hæð víðast hvar um 1 m. Þak hefur verið úr rekaviði og sjást leifar af því innan veggja. Vesturlangveggur hefur raskast fremst, hugsanlega vegna ágangs sjávar.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Kjós, 4



Beitarhúsatóft 015, horft í suður

**ST-005:016** garðlag túngarður

Leifar túngarðs sjást með Húsatúni (þar sem útihústóftir 005, 042, 052 eru) sunnanverðu, allra austast. Kjósará rennur með túninu að norðanverðu. Þjóðvegur markar það að austan en vegarslóði að sunnan - sunnar en túngarðurinn. Garðurinn er fremur ógreinilegur, á hrygg austan túns. Hann sést fast vestan þjóðvegur og má rekja hann tæpa 40 m til vesturs en þar hverfur hann undir vegarslóða. Hann er algróinn, 30-40 sm hár, líklega torfhláðinn, a.m.k. sést ekki í grjót í hleðslum.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ST-005:017** *Kaupmannsvað* heimild um vað

65°56.987N 21°30.715V

"Neðsta vað á Kleifar á hét Kaupmannsvað eða Neðstavað. Það þótti ekki öruggt, því að hellur voru í botni," segir í örnefnalýsingu. Staðsetning Kaupmannsvaðs er ekki mjög nákvæm en líklegt virðist að það hafi verið um 90 m neðan eða norðan við Strákavað 018. Nokkuð bratt er að ánni að vestanverðu jafnframt er hún breið og virðist vel væð. Engir klettur eru að austan en lágur klappir liggja upp frá meintu vaði skáhallt upp brekkuna, líkt og sneiðingur. Stór steinn er í ánni, austar en fyrir miðju. Neðan við þennan stað verður áin straumhörð og rennur í djúpu gljúfri; þar er ekki fært yfir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 5

**ST-005:018** *Strákavað* heimild um vað

65°56.942N 21°30.696V

"Neðsta vað á Kleifar á hét Kaupmannsvað eða Neðstavað [017]. Það þótti ekki öruggt, því að hellur voru í botni. Strákavað var aðeins ofar, það þótti hættulegt, því þar rann áin í þröngum stökk, svo að stökkva varð yfir, aðeins fært gangandi mönnum," segir í örnefnalýsingu. Kleifar á er austast í Kjósarlandi, á merkjum Kjósar og Kúvíkna. Vaðið er á henni, 20-30 m neðan (norðan) við þjóðveg. Áin rennur þar í 2-3 kvíslum en stórir klettur eru í henni miðri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 5

**ST-005:019** *Efstavað* heimild um vað

65°56.878N 21°30.734V

"Litlu ofar [en Strákavað 018] var Efstavað, einnig nefnt Slæpingjavað eða Hestavað.," segir í örnefnalýsingu. Kleifar á er á merkjum Kjósar og Kúvíkna. Vaðið var 10-20 m ofan eða suðvestan þjóðvegur. Fremur straumharðar flúðir eru ofan og neðan við vaðið en áin breiðir úr sér á vaðinu. Landi hefur töluvert verið raskað vegna vegagerðar á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 5

**ST-005:020** heimild um lendingu

65°56.528N 21°34.967V

"Gömul lending var rétt vestan við Rifið. Hún var lögð niður vegna grynninga," segir í örnefnalýsingu. Lending þessi hefur verið 20-30 m vestan við aðallendinguna, sjá 003. Sandfjara er vestan rifsins en grynningar framundan henni. Þess má geta að leifar af mannvirki, e.t.v. nausti, eru skammt ofan lendingarinnar, sjá 035.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 5

**ST-005:021** heimild um kvíar

65°56.437N 21°35.102V

"Húsatúnsbrekka var vestan í Leitinu. Þar voru kvíar stundum hafðar neðan við brekkuna," segir í



örnefnalýsingu. Kvíarnar hafa verið hafðar tæpa 100 m austan við fjárhústóft 005 eða þar um bil. Leitið sjálft er lítt gróið en þökkalegur túnskiki undir því. Ein tóft sést á svæðinu, sjá 041, en engin kvíatóft, enda virðist af orðalaginu líklegt að það hafi verið færivíar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 5

**ST-005:022** *Klömp* frásögn huldufólksbústaður 65°56.385N 21°35.242V

"Í jaðrinum á Húsatúni voru klettur kallaðir Klömp. Þar var talið að huldufólk hefðist við," segir í örnefnalýsingu. Klettastapinn er í suðurjaðri Húsatúns, ofan ÁTT við vegarlóða sem þar liggur, tæpa 30 m suður af tóft 006. Um 2 m hár, stakur klettur, lítill um sig.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 5

**ST-005:023** *Svarðarholt* náma mógrafir 65°56.140N 21°35.399V

"Svarðarholt (nafnið svörður var afar sjaldan notað fyrir mó nema í örnefnum) er holt austan við Kjósará, norðan við Miðdegisgil, þar sem það rennur í ána. Þar fyrir ofan er mjótt mýrarsund. Þar er gott mótak," segir í örnefnalýsingu. Mógrafir eru austantil í Kjósardal, 730 m suðvestur af bæ 001.

Mjótt og langt mýrarsund, vel afmarkað af klettabeltum. Syðst í sundinu eru greinilegar mógrafir, 8 x 3 m stórar frá norðri til suðurs. Vatn situr í þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 6-7

**ST-005:024** *Matarholt* heimild um áfangastað 65°56.134N 21°35.977V

"Matarholt er holt framarlega á Eyrinum, sléttlendi og slægjur í kring. Undir því var stundum matast, þegar fólk var á engjum," segir í örnefnalýsingu. Innst í Kjósardal, vestan við Kjósará eru tvö lítil en áberandi holt, rúman kílómetra suðvestur af bæ 001. Um 100 m eru á milli þeirra. Syðra holtið er fast við hlíðarrætur en hitt er stakt á Eyrinum. Líklega er síðarnefnda holtið Matarholt. Flatlendar eyrar eru kringum holtin og víða mýrlent.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 8

**ST-005:025** *Svarðarflói* náma mógrafir 65°56.419N 21°36.091V

"Svarðarflói var allstór blautur flói, sem náði norður að Kvíaklettaflóa suður að Móholti, sem er allstórt holt Kjósar megin við Fosslæginn. Hann var alltaf sleginn. Vestarlega í flóanum, norðan við Móholt, var gott mótak," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru norðantil í miðjum Kjósardal, tæpa 900 m VSV af bæ 001. Mýrlendi innan um holt. Greinilegar mógrafir eru bæði austan og vestan við áberandi holt í mýrinni. Norðaustan við það eru unglegar grafir, um 15 x 6 m stórar frá norðri til suðurs, mjókka í suður. Suður og suðaustur af þeim eru slakkar, líklega eldri og uppgrónar mógrafir. Vestan holtsins eru stórar mógrafir, 28 x 35 m stórar, unglegar og vel afmörkuð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 8


**ST-005:026** tóft 65°56.246N 21°36.036V



Tóft 026, horft í suðaustur

Tóft er tæpa 100 m norður af Matarholti 024. Þýfður og grösugur lækjarbakkur. Um 30 m vestar, handan lækjarins, er klettabelti.

Tóftin er alveg fremst á lækjarbakknum. Hún er tvískipt og vel gróin þótt líklega megi finna grjót í hleðslum, rúmlega 0,5 m há, alls 5 x 8 m stór frá austri til vesturs. Vestara hólfíð er sporöskjulaga, um 6 x 5 m og snúa dyr í norður. Rof er á suðurvegg þar sem lækurinn hefur brotið af tóftinni. Eystra hólfíð er ógreinilegra og veggir lægri, um 0,3 m, alls um 5 x 3 m



stórt en mjókkar til norðurs. Lækurinn hefur einnig brotið af suðurenda þess.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**ST-005:027** *Kvíaklettur* örnefni kvíar

65°56.691N 21°35.876V

"Ofan við reiðgötuna [047], þar sem sandurinn endar, eru klettaborgir með stöndum, syllum og útskotum. Þær nefnast Kvíaklettur. Þar átti að búa huldufólk. Nokkru sunnar eru rústir [029], en engar sagnir eru við þær tengdar. Dálítið sléttlendi er í kring en enginn túngróður. Mjög ólíklegt er vegna fjarlægðar (um 10 mín gangur) og Kjósarár, sem er allmikil á vorin, að þarna hafi verið kvíar frá Kjósarbænum, þar sem hann stendur nú. Sennilegra er, að þarna hafi í fyrndinni um nokkurt skeið verið lítið grasbýli," segir í örnefnalýsingu. Kvíaklettur eru fast norðan við þjóðveg þar sem hann liggur upp úr Kjósarvík, 780 m norðvestur af bæ 001. Mikið og áberandi klettabelti. Engar tóftaleifar sjást við klettana en austan undir þeim miðjum er mjög skjólgóð og grasgefin kvos þar sem kjörið hefði verið að hafa kvíar. Kvíaklettur hafa kveikt lífseigar sagnir um býli norðan við Kjósará. Það er rétt að töluverðar tóftir eru skammt frá þeim - sjá 029 - en hins vegar er örnefnið eitt og sér hæpið sem rök fyrir að það hafi verið býli. Kvíaklettur gætu vísað á "innilokað, umlukt svæði", þ.e. náttúrulegar kvíar, slíkt er ekki óalgengt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 8; Íslensk orðsifjabók, 526

**ST-005:028** *Kindavað* heimild um vað

65°56.456N 21°35.293V

"Kindavað var á Kjósará spólkorn fyrir ofan veginn, þar sem áin breiddi úr sér. Þar var hún oft riðin, ef mikið var í henni," segir í örnefnalýsingu. Vaðið hefur líklega verið skammt ofan (vestan) við brúna á þjóðveginum, 250 m vestur af bæ 001. Þar var breidd á ánni en nú hefur miklu verið bylt á árbökkunum, líklega vegna efnistöku eða vegagerðar.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 7

**ST-005:029** tóftir


65°56.590N 21°35.918V

"Ofan við reiðgötuna [047], þar sem sandurinn endar, eru klettaborgir með stöndum, syllum og útskotum. Þær nefnast Kvíaklettur [027]. Þar átti að búa huldufólk. Nokkru sunnar eru rústir, en engar sagnir eru við þær tengdar. Dálítið sléttlendi er í kring en enginn túngróður," segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar eru upp af suðvesturenda Kjósarvíkur, um 20 m sunnan þjóðvegur og 750 m VNV af bæ 001. Graslend kvos. Vestan við er lágt holt meðfram henni í boga en austan við er land enn lægra, þar situr vatn og er leitt undir veginn í ræsi.

Þrjár tóftir sjást í kvosinni og verða hér merktar með bókstöfum til einföldunar. (A) er næst veginum. Hún er næstum nákvæmlega hringlaga, 8 x 8 m stór og opin í norður. Frá



*Tóftir 029, horft í suðaustur*



opinu austanverðu liggur hleðsla þvert yfir tóftina en þó ekki alveg að suðurvegg - þar munar um 1,5 m. Hún breiðkar innst og er næstum T-laga, minnir á garða. Austurveggur tóftarinnar hefur fallið inn og er mikið stórþýfi inni í tóftinni milli hans og þverhleðslu. Veggjarleifar, líklega eldri byggingarleifar, gægjast undan tóftinni að sunnan og suðvestan og má segja að rústin standi á dálitlum rústahól. Veggir hennar eru algrónir, mest um 0,7 m háir og ekki sést í grjóti þeim. Um 10 m vestur af tóftinni er nokkuð regluleg kvos sem liggur N-S og er um 9 x 4 m stór, gæti verið náttúruleg. Tóft (B) er um 15 m suðaustar en (A), einnig nánast hringlaga, um 9 x 9 m stór. Op gæti hafa verið í austur. Tóftin sýnist einföld en er ekki

nærri því jafn stæðileg og tóft (A), einungis um 0,3 m há. Undan henni að sunnanverðu er mjög óljóst hól, sennilega eldra en tóftin, um 5 x 5 m stórt. (C) er um 20 m vestur af (B) og 12-15 m suðvestur af (A). Hún er einföld en óregluleg að lögun, um 8 x 5,5 m stór frá norðri til suðurs. Dyr hafa líklega verið austast á norðurhlíð, veggjahæð er um 0,3 m og hleðslur algrónar. 30-40 m austan við tóftirnar rennur lítill lækur, neðan við lágt holt sem rústirnar eru á. Austast á vallendisrana sem gengur út frá holtinu, í átt að læknum, 25 m austan við tóft (A) er iðagræn bunga sem ekkert rústalag er á en minnir á uppgróinn öskuhaug, 3-4 m í þvermál. Enginn túngarður sést kringum rústirnar en þó er glögg brún utan í holtinu vestan við þær og má vera að hún hafi verið upphlaðin.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 8-9

**ST-005:030** heimild um mógrafir

65°56.204N 21°36.012V

"Skammt frá holtinu [Matarholti 024] er allgott mótak," segir í örnefnalýsingu. Holtið er um 1 km suðvestur af bæ 001. Flatar eyrar eru umhverfis það, víða mýrlendar. Engar mógrafir eru sjáanlegar nálægt holtinu. Næstum er hægt að útiloka að þær hafi verið sunnan eða vestan við það, þar er örskammt að fjallsrótum og næstum allstaðar þurrilent. Nokkrir smálækir, niðurgrafnir, renna um eyrarar norðan við holtið og er einna helst að giska á að mór hafi verið tekinn í bökkum þeirra og því engin ummerki að sjá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 8

**ST-005:031** *Lambhagi* heimild um huldufólksbústað

65°56.860N 21°35.611V

"Lambhagi er graslendi með klettaborgum við sjóinn norðar en Kvíaklettar [027]. Þar er mjög skýlt. Víkin sunnan við nefnist Lambhagavík. Ær voru oft hafðar þarna um sauðburðinn. Í Lambhagaklettum átti að vera huldufólk," segir í örnefnalýsingu. Klettarnir eru úti á nesi sem skagar fram norðan við Kvíakletta og eru hluti af sama klettabelti. Klettaborg, gróin að ofanverðu en nánast þverhnipt niður í sjó.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 9

**ST-005:032** tóft beitarhús

65°56.674N 21°34.470V



*Beitarhúsatóft 032, horft í norður*


Beitarhúsatóft er vestast á Nesi, 70-80 m suðvestur af Stekk 014.

Flatt og gróið nes.

Tóftin er af einföldum garðahúsum með hlöðu. Útveggir og garði eru grjóthlaðnir en hlaðan hefur verið steipt. Alls er tóftin 15 x 8 m frá norðri til suðurs, hlaðan þó lítið eitt breiðari en húsin, ekki niðurgrafin heldur er botn hennar 20-30 sm hærri en gólf húsanna, sem líklega hafa haft grindur í botni.

Þjóðvegurinn hefur verið lagður nánast á suðurbarmi hlöðunnar.

Húsin hafa snúið gaffli



mót norðri, niður að fjörinni og hefur fé vafalaust verið beitt í hana. Veggir tóftarinnar eru stæðilegir, ekkert farnir að hrynja, allt að 1,3 m háir. Af ástandi tóftarinnar að dæma er tóftin ung og skammt síðan húsin voru rifin.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-005:033** *Kindavað* heimild um vað

65°56.400N 21°34.854V

"Bæjargil er lækur, sem rennur ofan af fjöllum. Venjulegt vað á því var við sjóinn [sjá 034]. Nokkru hærra, rétt fyrir ofan túnið, var annað vað, Kindavað," segir í örnefnalýsingu. Lækurinn rennur í slakka austan við tún. Hann er vatnslítill og þarf tæpast að fara yfir hann á sérstöku vaði. Líklega hefur Kindavað verið þar sem lækurinn tekur nánast 90° beygju frá austri til norðurs um 180 m suðaustur af bæ 001. Þar er breidd á honum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjós, 2

**ST-005:034** heimild um vað

65°56.505N 21°34.809V

"Bæjargil er lækur, sem rennur ofan af fjöllum. Venjulegt vað á því var við sjóinn," segir í örnefnalýsingu. Vaðið hefur verið um 120 m ANA af bæ 001. Þar liggur þjóðvegurinn nú í flæðarmálinu á uppfyllingu. Lækurinn rennur í ræsi undir hann. Vaðið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 2

**ST-005:035** tóft naust




Tóft 035, horft í suðvestur

65°56.518N 21°34.963V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 40-50 m beint norður af bæ 001.

Þar liggur þjóðvegurinn nú á fjörukampinum. Neðan við hann er fjara en ofan við grasþýfi allt að klettinum Snoppu. Bátslaga dæld sést á staðnum, líklega leifar af nausti. Hún er 2 m breið og 7 m löng frá norðri til suðurs að innanmáli en norðurendinn hverfur undir veginn. Mikið þýfi er sunnan við tóftina, hugsanlega veggjaleifar og sömuleiðis austan og vestan við



dældina. Að því meðtöldu er tóftin alls um 14 x 8 m stór. Tóftin er nánast beint upp af gamalli lendingu sem var vestan við Rif [sjá 020], aflögð vegna grynninga.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-005:036** tóft útihús 65°56.464N 21°34.979V

Tóft er í Kjósartúni, 20-30 m suður af bæjarrústum 001.

Tún sem hallar mót austri, það er í austurhlíð Leitis.

Tóftin er af nokkrum sambyggðum útihúsum, alls 30 m löng frá norðri til suðurs og á bilinu 6-8 m á breidd. Í suðurhluta hennar sjást þrjú greinileg hólf, tvö þau syðstu greinilegust. Það allra syðsta er um 6 x 6 m stórt, opið í austur. Veggir þess eru fremur veigalitlir, gæti hafa verið heygardur. Norðan við hann er greinilegt hólf, útihústóft, 7 m löng og 6 m breið, snýr með op í austur. Grjóthleðslur sjást innan í henni og eru veggir veglegir, allt að rúmur 1 m á hæð. Innanmálið er um 3 x 2 m. Norðan við hana er mikið uppgróið hólf, einnig opið í austur, 3 x 7 m að innanmáli frá austri til vesturs. Gróíð er yfir grjóthleðslur. Nyrðri helmingur tóftarinnar er siginn og ógreinilegur, gróskumikil þúst. Þó sjást tvö hólf þar til viðbótar, það syðra snýr líkt og öll þau sem áður var lýst, austur-vestur með op í austur, um 6 x 2 m að innanmáli en norðan við það og allra nyrst er mjög grunnt (0,3 m) hólf sem snýr norður-suður, um 6 x 4 m stórt að innanmáli og sjást ekki dyr á því, hugsanlega heygardur.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-005:037** Sel heimild um sel

65°57.039N 21°31.863V

"Rústir af Seli voru utan við Hvammsgil. Hluti af þeim var úr grjóti og nefndur Byrgi. Með sjónum, utan við Selið, tekur við forvaðahlíð, brött og stórgrýtt, en ágætt beitoland. Nær hún alla leið út að Kleifar, sem er landamerki milli Kjósar og Kúvíkna," segir í örnefnalýsingu. Hvammsgil er skammt utan eða austan við Beitarhúsagrund 015, um 2,6 km ANA af bæ 001. Á stóru svæði austan og vestan við Hvammsgil eru snarbrattar hlíðar næstum niður í sjó en einungis mjó undirlendisræma ofan við fjörukampinn, mest um 20 m breið. Engar greinilegar tóftir eru sjáanlegar utan við Hvammsgil, nema naust 038. Þó er iðagrænt lítið nes 50 m austan við Hvammsgil. Þar sjást engar tóftir en nesið sker sig úr sökum grænku. Svæðið er alls rúmlega 30 x 30 m stórt. Upp í það norðanvert gengur dálítil dæld



frá sjó til suðurs, um 10 m löng og 5 m breið, líklega náttúruleg. Mjög hæpið er að selrústir leynist ofar í hliðinni, enda er hún snarbrött og nánast enginn gróður þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Kjós, 4

**ST-005:038** tóft naust

65°57.057N 21°31.705V


Greinileg tóft er í sunnanverðum Reykjarfirði, um 230 m austur af Beitarhúsagrund 015.

Tóftin er við sjó, á mjórri undirlendisræmu en snarbrattar hliðar eru upp af henni.

Tóftin er greinilega af nausti, byggð upp við iðagrænan og kúptan hól sem eru klettur í. Hún er austan við hólinn, einföld og aflöng, alls um 6 m löng en 1 m breið að innanmáli. Hlaðið er með austur- og suðurhlið en hólinn skýlir að vestanverðu.



Tóft 038, horft í norður



Hleðslan, sem er algróin og sigin, er um 1,5 m breið en 0,4 m há.

Leifar af timbri, líklega hvolftrjám, liggja þversum á tveimur stöðum inni í tóftinni. Lending virðist ágæt framan við tóftina, markast af lítilli klettasnös að vestanverðu.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-005:039** garðlag túngarður

65°56.459N 21°34.968V

Leifar túngarðs sjást með sunnanverðu Kjósartúni, rúma 50 m suður af bæ 001.

Þýft tún í órækt. Garðurinn er siginn og mosagróinn, fremur ógreinilegur. Hann er 1-2 m breiður og um 0,3 m hár. Hann á upptök sín við útihúsarústir 036 og liggur þaðan í sveig til austurs, að Bæjargili. Alls er hann um 60 m langur. Um 20 m frá austurendanum hefur símastaur verið settur niður í garðinn.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks


**ST-005:040** Ból heimild um kvíar

"Austan við Stóruþúfur 011 var múrlundur blettur, Veita. Ból stóð í túnjaðrinum. Þar voru kvíar," segir í örnefnalýsingu. Ekki er hægt að sjá af lýsingunni hvar í túnjaðrinum Ból. Þó bendir samhengi textans til að það hafi verið austan bæjar 001. Engar tóftir sjást þar sem tengja mætti við Ból.

**Heimildir:** Ó-Kjós, 1

**ST-005:041** tóft útihús

65°56.415N 21°35.132V



Tóft er vestan undir Leiti, austan við Húsatún, 190 m suðvestur af bæ 001.

Hún er á grösugum mel niðrundan brekku og hallar landinu niður að Húsatúni og Kjósará. Tóftin er stæðileg og ekki gömul að sjá, líkast til af útihúsi, 8 x 5 m stór frá norðaustri til suðvesturs. Dyr eru á norðausturhlið. Þverveggur liggur yfir tóftina innanlega og eru dyr á honum yfir í innra hólf sem er um 5 x 3 m stórt. Smátóft er á áföst vesturlangvegg syðst, um 3 x 2 m stór, hugsanlega heytóft.


**Hættumat:** engin hætta

**ST-005:042** tóft útihús

65°56.409N 21°35.208V

Tóft er í austurjaðri Húsatúns, tæpa 30 m SA af tóft 005.

Grasi vaxinn hvammur. Neðan túnsins rennur Kjósará en ofan við er brekka, vesturhlið Leitis. Vegarslóði frá þjóðvegi inn Kjósardal liggur um túnið 4-5 m austan við tóftina. Tóftin er einföld, 8 x 4 m stór, býsna stæðileg. Hún snýr hér um bil norður-suður með op nyrst á austurlanghlið. Grjót sést ekki í hleðslum sem ná mest um 0,5 m hæð. Mikil þýfi er innan veggja. Fast austan við tóftina er ákaflega slétt og vel afmarkað svæði, um 8 x 8 m stórt, líklega húsgrunnur.





**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ST-005:043** heimild um leið

"Fyrir ofan [Neðri Brúnir] eru klettabelti, sem nefnast Hærri Brúnir. Þær ná næstum frá Hvammsgili nokkuð vestur fyrir Bæjargil. Eftir þeim lá gamall reiðvegur, notaður þegar farið var yfir Trékyllisheiði, niður að Kúvíkum," segir í örnefnalýsingu. Væntanlega hefur leiðin þá legið frá innanverðum Steingrímsfirði. Hærri Brúnir eru áberandi stallur utan í fjallinu suður og austur af bæ. Í örnefnalýsingu segir ennfremur frá Hestakleif, innst í Kjósardal: "Menn, sem ætluðu yfir Trékyllisheiði úr Reykjarfirði, stytta sér stundum leið með því að fara upp kleifina." Önnur leið lá um heiðina vestan við Háafell og beinustu leið niður að Kúvíkum (sjá St-004:038). Í Sýslu- og sóknalýsingum 1852 segir: "Á Trékyllisheiði eru alls staðar vörður nálægt veginum, og yfir höfuð er vegurinn yfir hana sæmilega greiðfær yfirferðar, og nokkurnveginn ruddur, eftir því sem að föng eru á, og engar sérlegar torfætur eru á honum. Ekki er sæluhús á heiðinni og hvergi nýtanlegur áfangastaður." Klettur eru í Brúnunum að framanverðu. Þær fara heldur lækkandi í austurátt og fjara nánast út í Bæjargili. Ekki var farið upp á Brúnir. Hugsanlega hefur aðaluppgangan verið í Bæjargili eða skammt utan þess.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Kjós, 3, 8; SS, 232-233

**ST-005:044** Borg heimild um tröll

65°56.710N 21°37.469V

"Borg er allhátt klettabelti, hálfsporöskjulagað, nær slétt að ofan. Hún er nokkuð hátt í fjallshlíðinni (á korti herforingjaráðs 293 m). Sú sögn er til, að þar hafi átt að búa einhvers konar vættur, sambland af huldukonu og tröllkonu, meinlaus en góðviljuð. Nafn hennar var Kristbjörg," segir í örnefnalýsingu. Borg er upp eða suðaustur af Stekkjarhöfða, á merkjum Kjósar og Reykjarfjarðar. Uppgefið hnit var fengið af korti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Kjós, 10

**ST-005:045** varða

65°56.410N 21°40.263V

"Búrfell er hátt fjall fyrir miðjum botni Reykjarfjarðar, nokkuð langt með lægð í miðju. Efst á því er varða, sem sagt er að Björn Gunnlaugsson hafi hlaðið," segir í örnefnalýsingu. Ekki var farið að vörðunni sumarið 2003 og ekki vitað til að hún hafi gegnt sérstökum tilgangi. Hún mun vera rúma 4 km suðvestur af Kjósarbænum, þar trónir Búrfell 697 m hátt. Uppgefið hnit var fengið af korti.

**Heimildir:**Ö-Kjós, 11

**ST-005:046** tóft skotbyrgi

65°56.731N 21°33.948V

"Rétt áður en sést til Djúpavíkur, undir Höfðanum, var dálítill bunga, sem vegurinn lá yfir og kölluð var Hvarf. Fyrir neðan það, Kjósarmegin við lækinn var skothús," segir í örnefnalýsingu. Tóft, sem líklega er af skothúsinu, er um 50 m suðaustur af Miðmorgunspúfu 012. Hún er á stórgrýttum mel sem samanstendur að mestu úr flötum hellum. Veggir skothússins eru hlaðnir úr hellum af melnum, fyrirtaks hleðsluefni og standa vel, allt að 0,5 m háar. Tóftin er lítil og einföld, tæpur 1 m á breidd og 2 m löng hér um bil frá norðri til suðurs. Sennilega hefur verið reft yfir veggina með timbri þegar menn lágu þar fyrir ref.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Kjós, 2

**ST-005:047** Votagata heimild um leið

65°56.703N 21°35.955V

Í örnefnalýsingu segir: "Votagata er í reiðveginum upp af Lambhagavík. Í henni lá alltaf vatn." Ennfremur segir um sömu götu: "Ofan við reiðgötuna, þar sem sandurinn endar, eru klettaborgir með stöndum, syllum og útskotum. Þær nefnast Kvíaklettur [027]." Reiðvegurinn hefur legið norður með botni Reykjarfjarðar, líklega á svipuðum slóðum og þjóðvegurinn er nú, a.m.k. sjást ekki greinileg merki um eldri reiðgötur. Þessi leið hefur legið að Reykjarfjarðarbænum og svo væntanlega áfram til austurs, að Naustvík. Hnitið er fengið af korti.

**Heimildir:**Ö-Kjós, 8, 9

**ST-005:048** náma mógrafir

65°56.710N 21°33.954V

Miklar mógrafir eru uppi á Kjósarhöfða, skammt vestan við byggðina í Djúpavík, tæpa 100 m suðaustur af Miðmorgunspúfu 012. Mýrlend kvos við fjallsrætur, upp af melnum á Kjósarhöfða. Samfeltt mógrafasvæði, a.m.k. 30 x 40 m stórt. Grafirnar eru unglagar að sjá, reglulega skornar og allt að rúmur metri á dýpt.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-005:049** *Sjávargata* heimild um leið 65°56.517N 21°34.932V  
"Sjávargata liggur rétt austan við Snoppuna, niður að Lendingu [003]," segir í örnefnalýsingu. Farið hefur verið frá bæ fáeina metra til austurs en síðan verið sveigt í norður austan við Snoppu. Grasþýfi. Ekki mótár lengur fyrir götunni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Kjós, 1

**ST-005:050** heimild um refagildru 65°56.625N 21°33.236V  
"Rétt fyrir utan Djúpavíkurá er stórgrýtisurð sem fallið hefur úr fjallinu. Hún nefnist Urð. Þar var gömul refagildra úr steinum, en hún eyðilagðist í snjóflóði," segir í örnefnalýsingu. Gildran hefur verið skammt suðaustan við brúna yfir Djúpavíkurá. Stórgrýtt, snarbrött urð utan í fjallshlíð. Ekki sjást leifar af gildrunni.

**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla

**Heimildir:**Ö-Kjós, 3

**ST-005:051** *Lestamannamýri* heimild um áningarstaður  
"Lestamannamýri er vestan við Bæjargilið, við endann á Kjósarhjalla eða Hjalla. Hún dregur nafn af því, að lestamenn áðu þar hestum sínum í kaupstaðarferðum til Kúvíkna," segir í örnefnalýsingu. Mýrin er um 800 m suðaustur af bæ 001. Grösug mýri. Væntanlega hefur verið að þegar menn komu þessa leið yfir Trékylisheiði, sjá 043.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Kjós, 6

**ST-005:052** heimild um útihús 65°56.449N 21°35.127V  
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús nyrst í Húsatúni, 50-60 m norður af tóft 005. Þar liggur þjóðvegurinn nú. Engar leifar sjást af húsinu en Skúli Alexandersson man eftir útihúsi sem fór undir þjóðveginn.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:**Túnakort 1917

## ST-006 Reykjarfjörður

16 hdr. 1847 og 1706. "Síðan gaf Eiríkr [snara er bjó í Árnasi] honum Veiðileysu alla ok Reykjarfjörð ok Reykjanes allt út þeim megin; en um rekann var ekki skilit, því at þeir váru svá nógir þá, at hvert hafði þat, er vildi. [...] Öundur gerði bú í Kaldbak ok hafði mannmart; en er fé hans tók at vaxa, átti hann annat bú í Reykjarfirði." (ÍF VII, 23) Reykjarfjörður fór í eyði árið 1997.

Tún 2.6 ha. 1917. 2/3 slétt.

**ST-006:001** *Reykjarfjörður* bæjarstæði bústaður

65°57.578N 21°36.506V

"Reykjarfjarðarbærinn stendur á fjörुकampinum við nyrðra fjarðarhornið og fellur Reykjarfjarðará til sjávar við bæinn. Búskap lauk þar árið 1997," segir í Stundum á Ströndum. Nú stendur sumarhús nyrst



*Bæjarstæði í Reykjarfirði 001. Eldra íbúðarhúsið er hægra megin*

í Reykjarfjarðartúni. Sunnan við það er gamalt íbúðarhús, úr sér gengið. Það er á gamla bæjarstæðinu sem sýnt er á túnakorti frá 1917 og hefur sennilega verið byggt þá þegar. Húsið stendur um 15 m upp frá sjávarkampinum. Harðlent tún er fremst á bakkanum. Norðan við túnið rennur Reykjarfjarðará til sjávar.

Gamla húsið er nánast að hruni komið. Það er tvílyft bárujárnshús, mjög ryðgað. Grunnur kjallari er undir því, líklega hlaðinn. Um 10 m norðan við það standa steinsteypfir veggir útihúss, líklega fjóss. Í norðurhluta útihússins hefur verið hlaða og er hún niðurgráfin um allt að 1 m. Nánast engin upphleðsla byggingarefna er undir húsunum og því hæpið að tala um bæjarhól.

Þó stendur bærinn á mjög lágru bingu sem er lítið eitt stærri en hann sjálfur, um 20 x 20 m. Sjávarbakkinn framan við húsið er sumstaðar dálítið rofinn en þar sjást sáralítill merki um mannvist, þó stöku viðarkol. Ekkert á yfirborði bendir til að Reykjarfjarðarbærinn hafi staðið lengi á þessum stað og rétt að geta þess að flestir bæjarhólar í Árneshreppi eru mjög veglegir. Vestan við gamla íbúðarhúsið eru grónir og gróskumiklir hólar sem kallast Hólar. Hugsanlegt er að bærinn hafi áður staðið 20-30 m vestar, undir eða jafnvel á Hólunum. Syðsti og austasti hluti Hólanna gæti verið upphlaðinn að einhverju leyti, þar hefur útihús 007 staðið. Engar þekktar ritheimildir greina frá því að bæjarstæðið hafi verið flutt. Á túnakorti frá 1917 sést að tveir litlir kálgarðar hafa verið sunnanvert við bæinn. Þeir eru alveg horfnir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**HJ, 23; Túnakort 1917

**ST-006:002** heimild um útihús

65°57.552N 21°36.529V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 30 sunnan við bæ 001.

Þar er nú stórt, steinsteypf fjárhús með hlöðu aftan við.

Engin merki sjást um eldra hús.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1917

**ST-006:003** tóft fjárhús

65°57.532N 21°36.567V


Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús rúma 80 m suður af bæ 001.

Tún í óráekt á sléttum og harðlendum bakka.

Þar er fjárhústóft, líklega ekki gömul því að timbur og járn er innan veggja. Tóftin snýr austur-vestur og hafa dyr verið í austur, þar eru leifar af timbri, líklega úr gaffli. Tveir garðar sjást, nú algrónir. Alls er tóftin um 12 x 10 m stór. Norðurlangveggur er grjóthlaðinn en að mestu gróinn, allt að 0,6 m há. Sama gildir um norðurhluta vesturgafls en syðri hluti hans sem og suðurveggur virðast hafa verið úr timbri, þar sjást í það minnsta engar hleðslur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1917



Túnakort Reykjarfjarðar 1917

**ST-006:004** heimild um útihús

65°57.549N 21°36.518V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru allstór útihús í túni fast sunnan við útihús 002. Þar eru nú steinsteyppt fjárhús með hlöðu.

Engin merki sjást um eldri hús.


**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-006:005** tóft útihús 65°57.529N 21°36.514V

Óljósar tóftarleifar sjást í túni um 10 m suðaustur af fjárhústóft 003. Tún í órækt á sléttum og harðlendum bakka. Tóftin er aðeins um 5 m upp frá sjávarbakkanum, alls 16 x 8 m stór frá norðri til suðurs. Óljóst vottar fyrir veggjum í háu grasi og mynda þeir hólf sem er a m k. 4 x 5 m stórt frá norðri til suðurs. Sunnan við hólfíð er dæld, um 8 x 5 m stór frá norðri til suðurs. Bunga er í miðju hennar. Að síðustu er mjög óljós dæld við norðurenda litla hólfins, um 4 x 8 m stór frá austri til vesturs, hugsanlega tóftaleifar. Veggir ná mest um 30 sm hæð.


**Hættumat:** hætta, vegna rofs



**ST-006:006** gerði kálgarður 65°57.489N 21°36.519V

Leifar af tóft eða gerði eru fremst á sjávarbakka rúma 160 m suður af bæ 001.

Á svipuðum stað er sýndur kálgarður á túnakorti frá 1917. Tóftin er á harðlendum, grónum bakka. Fast sunnan við hana rennur lækur til sjávar, líklega Myllulækur 008. Aðeins vesturhluti tóftarinnar sést en sjór hefur brotið af þeim eystri. Eftir standa vesturlangveggur og norðurskammhlið að hluta. Alls er tóftin 10 x 5 m stór og snýr norður-suður. Veggir virðast torfhláðnir, eru signir og ná varla 0,4 m hæð. Jarðvegur er afar sandborinn á sjávarbakkanum, kálgarðar voru gjarnan hafðir á slíkum stöðum. Girt hefur verið meðfram sjávarbakkanum og liggur girðingin yfir tóftina.



Tóft 006, horft í norður

Aðeins vesturhluti tóftarinnar sést en sjór hefur brotið af þeim eystri. Eftir standa vesturlangveggur og norðurskammhlið að hluta. Alls er tóftin 10 x 5 m stór og snýr norður-suður. Veggir virðast torfhláðnir, eru signir og ná varla 0,4 m hæð. Jarðvegur er afar sandborinn á sjávarbakkanum, kálgarðar voru gjarnan hafðir á slíkum stöðum. Girt hefur verið meðfram sjávarbakkanum og liggur girðingin yfir tóftina.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-006:007** tóft útihús

65°57.543N 21°36.607V


Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 60-70 m vestur af tóft 004.

Myndarlegur, grösugur hóll í túni, austan Búhóls 011.

Hóllinn er greinilega náttúrulegur að hluta en þó virðast syðsti og austasti hluti hans hugsanlega upphlaðin byggingarefni að einhverju leyti, sbr. tilgátu um flutning bæjarstæðis í 001. Á totu sem gengur til suðurs frá hólnum vottar greinilega fyrir tóft, um 5 x 8 m stórri sem snýr frá norðri til suðurs. Hún er mjög grösug og gróskumikil en veggirnir signir. Dyr virðast hafa verið í suður, fram af hólbrúninni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917



**ST-006:008** Myllulækur heimild um myllu

65°57.528N 21°36.631V

"Nokkuð sunnarlega í túninu rennur lækur úr Óveiðisá, sem síðar verður sagt frá. Lækurinn heitir Myllulækur. Hann var notaður til að snúa kornmyllu. Hún stóð fram undir 1920, en var ekki notuð svo lengi," segir í örnefnalýsingu. Lækurinn rennur til austurs fast sunnan við Búhól 011 en sveigir síðan töluvert til suðurs áður en hann rennur til sjávar.

Lítill lækur í mýrlendu dragi. Myllulækur hefur nú verið grafinn út að mestu og rennur því í þráðbeinni en fremur grunnri rás. Engin mannvirki sjást við lækinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Reykjarfjörður, 3



**ST-006:009** heimild um útihús

65°57.482N 21°36.610V


Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m suður af útihúsi 007 en um 80 m vestur af kálgarðstóft 006. Þar er iðagrænn túnblettur á mel. Engin merki sjást um útihús og ekki virðist sem tún hafi verið á melnum. Er einna helst að giska á að húsið hafi verið úr timbri, e.t.v. hjallur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-006:010** Ból þúst kvíar

65°57.504N 21°36.672V



"Þúfnastykki með gömlum kvíum nokkru sunnar en Búhóll [011] nefndist Ból," segir í örnefnalýsingu. Ból er þýft stykki austan þjóðveggar og um 100 m sunnan við Búhól.

Þýft stykki og töluvert stórgrýti er vestast í því. Engar greinilegar tóftir sjást á Bóli. Austast í því er gróin tunga sem teygir sig til austurs milli tveggja djúpra og votlendra slakka sem gætu verið gamlar mógrafir eða för eftir torfristu. Norðaustast á tungunni vottar fyrir sokkinni en ógróinni hleðslu. Hún sýnist tvöföld og vísar norður-suður, sést á um 0,5 m spotta. 4 m sunnar sést stakur steinn, líklega úr sömu hleðslu. Um 6 m vestar er nokkuð reglulegur þúfnabingur, um 6 x 6 m stór sem gæti verið leifar af tóft.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 3

**ST-006:011** Búhóll heimild um huldufólksbústað

65°57.555N 21°36.672V

"Þar norðan við taka við allháir hólar, sem kallast Hólar. Efst á þeim er Búhóll. Það var bannblettur, mátti ekki slá hann eða nytja, en börnum var frjálst að leika sér þar. Í hólnum átti að búa huldufólk. Þúfnastykki með gömlum kvíum [010] nokkru sunnar en Búhóll nefndist Ból," segir í örnefnalýsingu. Búhóll er um 130 m suðvestur af bæjarstæði 001. Mjög áberandi hóll með hundapúfu efst, hæsti punktur svonefndra Hóla. Rof er vestan við þúfuna og sést þar að hóllinn er malarhryggur. Annars er hann vel gróinn.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 2

**ST-006:012** tóft útihús

65°57.560N 21°36.664V



Tóft 012, horft í norðaustur. Reykjarfjarðarbærinn í baksýn



Tóft er fast norðaustan við Búhól 011. Mjög grösugur hóll, undir honum er aflíðandi brekka mót norðaustri. Tóftin er mjög greinileg, einföld og 4 x 5 m stór, snýr NV-SA. Dyr virðast hafa


verið á norðvesturskammhlið. Veggir eru algrónir en lítið farnir að síga, hæð um 0,5 m. Hvergi sér í grjóti.

**Hættumat**

: engin hætta

**ST-006:013** tóft naust 65°57.622N 21°36.475V

Norðaustasti hluti Reykjarfjarðartúns nefnist Oddi. Hann er sunnan við ósa Reykjarfjarðarar en norðan við heimkeyrsluna. Nyrst á Odda standa skemma og hjallur úr timbri en þar fast sunnan við vottar fyrir tóftum. Harðlundur völlum, áin rennur vestan hans. Sandfjara er að austan, við sjóinn. Gamalt spil er syðst á Odda og bendir til að lent hafi verið við hann. Austan við það er grunn dæld, allt að 10 x 3 m stór frá austri til vesturs og hafa bátar væntanlega verið dregnir þangað upp. Beint norðan við spilið er greinileg tóft eða jafnvel grunnur undan húsi, 4 x 6 m stór frá austri til vesturs,



algróin. Frá suðausturhorni hans gengur um 1 m breið og 6 m löng rás til norðausturs, hugsanlega náttúrumyndun. Norðan grunnsins eru þúfur á afmörkuðu svæði sem er rúmlega 10 x 10 m stórt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ST-006:014** heimild um vað

65°57.627N 21°36.491V


"Vað er á ánni beint út af túninu," segir í örnefnalýsingu. Vaðið hefur væntanlega verið beint norður af bæjarstæði 001, á Reykjarfjarðará. Þar er breidd á ánni og bíslóði fer þar út í. Áin þrengist aftur neðar, nær ósnum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 12

**ST-006:015** vegur samgöngubót

65°57.354N 21°36.519V



Vegur og brú 015, horft í norður

Rúma 400 m suður af bæ 001 rennur lítill

lækur til sjávar. Á sjávarkampinum hefur verið gerð brú fyrir hann úr rekavið. Upphlaðinn vegur liggur að brúnni úr suðri og greinilega hefur verið hlaðið undir hana að norðanverðu. Harðlendur, gróinn sjávarkampur en gróf mól er í fjörunni fyrir neðan. Það er aðallega vesturbrún vegarins sem hefur verið hlaðin upp, væntanlega til að ná yfirborðinu láréttu. Alls má rekja hleðsluna á um 12 m kafla og eru víðast hvar 1-2 umför af grjóti. Hún er gróin að mestu. Brúin hjarir enn, sex rekaviðardrumbar hafa verið lagðir yfir lækinn og flöt borð þversum ofan á þá. Timbrið er orðið fúíð. Brúin er um 4 m breið og 6 m löng.



**Hættumat:** engin hætta

**ST-006:016** tóft stekkur

65°57.344N 21°36.562V

Tóft, sem líklega er af stekki, er um 5 m neðan eða austan við þjóðveg en 430 m suður af bæ 001. Tóftin er á þurru, harðlendu grasholti. Norðan við það er mýrlent drag þar sem lækur rennur. Ekkert náttúrulegt aðhald er á holtinu. Tóftin er tvískipt, 10 x 5 m stór, snýr hér um bil norður-suður en er ekki þráðbein heldur íbjúg. Minna hólfið er norðar, um 4 x 3 m stórt. Það rís hærra en syðra hólfið sem er um 6 x 5 m, opið í suður. Op er einnig milli hólfanna. Veggir eru algrónir, þó grillir í grjót á einum stað. Vestan við norðanverða tóftina vottar mjög óljóst fyrir hólfi sem gægist undan henni, um 5 x 6 m stórt. Líklega eru það leifar af eldra mannvirki.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar



**ST-006:017** tóft

65°57.287N 21°36.552V

Tóft er um 100 m suður af tóft 016 en vestan þjóðvegjar.

Tóftin er á háum og þurrum bakka ofan vegarins en vestar eru mýrar. Jarðfastur steinn er fast sunnan við tóftina. Lítil en stæðileg tóft, sýnist niðurgrafin um 0,3-0,4 m. Hún er 3 x 2 m stór frá NV til SA, op snýr í norðvestur. Veggir eru algrónir og gróskumiklir, ekki sér í grjót í þeim. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi, þó er hugsanlegt að mór hafi verið geymdur í henni en mógrafir voru ofar, við Óveiðisá (sjá 027).


**Hættumat:** engin hætta

**ST-006:018** *Nátthagi* gerði nátthagi "Stekkjarnes er norðan við Miðhólsvík. Upp af því er Stekkjarhöfði, allhár hóll, að mestu grasi gróinn. Undir honum er gamall Nátthagi, talsvert slétt svæði. Hlaðið er umhverfis hann með grjótgardi. Í syðri enda hans var Stekkur, sérstök kró sem fé var rekið í. Stekkurinn er á að giska 1,5 km frá bæ," segir í örnefnalýsingu. Nátthagi og Stekkur

65°57.138N 21°35.744V



Suðausturhorn Nátthaga 018, horft í norðaustur



eru 1 km suður af bæ 001, fast austan við þjóðveginn.

Stór og grasgefin

kvos sem markast af klettum að sunnanverðu, gott aðhald frá náttúrunnar hendi. Stórgrýtisfjara er fram af kvosinni. Hlaðið var um Nátthaga á fjóra vegu svo úr varð reglulegt gerði, um 95 x 50 m stórt frá norðri til suðurs. Op er á því að norðanverðu og liggur bíslóði þar í gegn. Hleðslan er víða mjög heilleg og að heita má óhrunin. Best stendur syðsti hluti austurhliðar, allt að 1,3 m háar, 7-8 umför grjóts. Víðast hvar er girt ofan á hleðslum og ljóst að nátthaginn hefur verið notaður langt fram eftir 20. öld. Í suðausturhorni hans er tóft sem er greinilega eldri, væntanlega stekkurinn. Hann er tvískiptur, 10 x 5 m stór frá NA-SV. Hann er í horni og er bogadreginn, ekki sést op á milli hólfa. Hleðslur, sem hafa verið úr grjóti, eru alveg hrundar en þó hefur greinilega verið rekið inn að norðaustanverðu því þar er op.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 2

**ST-006:019** tóft rétt

65°57.089N 21°35.588V

Stök rétt er 40-50 m suðaustan við Nátthaga 018.

Réttin er hlaðin í mjög góðu aðhaldi, lítilli en gróinni kvos sem er klettum girt að sunnan, vestan og norðvestan. Stórgrýtt fjara markar kvosina að austanverðu.




Grjóthlaðin rétt 019, horft í suðaustur

Réttin er einföld og styðst við klettavaggi að miklu leyti. Hlaðið er úr köntuðu, grófu stórgrýti, hleðslur eru geysivandaðar og lítið farnar að hrynja, allt að 1,4-1,5 m háar.

Hólfið er 10 m langt frá norðri til suðurs, 8 m breitt nyrst en þrengist í um 5 m syðst. Op er austast á norðurhlið.

Grjóti hefur verið raðað



beggja vegna við það til austurs og norðurs, væntanlega til að auðvelda innrekstur.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-006:020 Stekkjarbali þúst stekkur**

65°57.680N 21°36.502V


"Meðfram ánni að norðanverðu eru dálítlar sandgrundir, sem kallast Refsflöt eða Rafnsflöt. Ekkert er vitað um nafngift. Ofan við þessa flöt er dálítil tjörn og upp af henni er nokkuð hár malarhrýggur, sem heitir Stekkjarbali. Hann virðist vera áframhald af Jörundarhóli í túni í Reykjarfirði. Ekki er vitað um Stekk þarna," segir í örnefnalýsingu. Balinn er upp af ströndinni í norðvestur-fjarðarhorninu, tæpa 200 m norður af bæ 001. Gróin, aflöng en lág hæð, líklega uppgróið malarrif eða sjávarkambur.

Engin tóft er greinileg en þó sjást nokkrar stórar, mosagrónar þúfur. Ef vel er að gáð mynda þær sporöskjulaga hólf, allt að 12 x 6 m stórt frá norðri til suðurs. Ekki er hægt að slá því föstu að um tóft sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 7**ST-006:021 tóft rétt**

65°57.739N 21°35.500V

Tóft er um 340 m austan við Stekk 022, fast norðan við þjóðveg. Tóftin er í gróinni kvos en brattar hlíðar uppfrá henni til norðurs. Tóftin er syðst í kvosinni, frammi á lágum bakka ofan vegarins. Tekið hefur verið úr bakkanum þegar vegurinn var gerður. Réttin er einföld, 6 x 7 m stór frá norðri til suðurs. Op er norðarlega á austurhlíð. Hún er ferköntuð og hlaðin úr stóru grjóti. Hleðslur eru allt að 0,5 m háar, 3-4 umför grjóts, víða hrundar en alveg ógrónar. Samkvæmt Þóru Kristínu Guðmundsdóttur frá Naustvík var tóftin notuð sem rúningsrétt.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar**ST-006:022 Stekkur tóftir stekkur**


65°57.732N 21°35.949V

Innan til við Hryggina er smánes sem heitir Litlanes og þar innan við eru gamlar tóftir, sem kallaðar voru Stekkur," segir í örnefnalýsingu. Stekkur er rúma 500 m norðaustur af bæ 001, fast ofan eða norðan við þjóðveg. Gróinn slakki undir brattri hlíð Reykjarfjarðarfjalls.

Tvær tóftir sjást á Stekk. Sú suðaustari er fast ofan við þjóðveginn. Hún er tvískipt, alls 10 x 6 m stór frá norðri til suðurs. Op er á syðra hólfinu, sem er stærra, suðvestast en ekki sést op á millivegg eða á nyrðra hólfi. Veggir eru stæðilegir, grjóthlaðnir en grónir



Stekkur 022, horft t í suður. Í baksýn sést



að

utanverðu, allt að tæpur 1 m á hæð. 13 m norðvestar er önnur tóft sem snýr austur-vestur, 8 x 5 m stór og einnig tvískipt. Vestara hólfið er heldur stærra en það eystra, opið í vestur og einnig í austur, yfir í eystra hólfið. Á því er einnig op í suðurátt. Veggir eru greinilegir, líkast til grjóthlaðnir en grónir, heldur minni um sig en á fyrrnefndu tóftinni. Fast vestan við tóftina mótast fyrir slakka sem snýr norður-suður, hann er upphlaðinn að innanverðu austast og opinn í suður, alls um 4 x 6 m stór.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 7**ST-006:023 Grafapartur náma mógrafir**

65°57.779N 21°36.748V

"Dvergasteinapartur nær frá Krók (nyrðri) að Silungalæk, sem rennur nokkru fyrir framan Nautahjallann. Í þessum parti voru nokkrar slægjur og einnig mótak. Hluti af partinum nefndist stundum Grafapartur," segir í örnefnalýsingu. Miklar mógrafir eru í partinum, nyrst í Mjóadal. Þær eru t.d. greinilegar 400 m norðvestur af bæ 001.

Mýrar með litlum, þurrum holtum inn á milli.



Stórt svæði í dalbotninum er nánast sundurgrafið, það er a m k. 300 x 300 m stórt. Sumar mógrafirnar eru allt að 1 m djúpar en þær eru misjafnlega uppgrónar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 9

**ST-006:024** *Þrengsli* heimild um leið

65°57.890N 21°37.492V

"Þar sem Reykjarfjarðará rennur milli Fremra-Fremstaengis og Náttmálahæða, myndast skorningur, sem kallast Þrengsli. Þar lá hestavegur milli Reykjarfjarðar og Ófeigsfjarðar," segir í örnefnalýsingu. Farið hefur verið inn Reykjarfjarðardal og upp úr honum nyrst. Nyrsti og innsti hluti dalsins nefnist Mjóidalur, væntanlega hefur verið farið um hann með hlíf Reykjarfjarðarfjalls þar sem land er þurrt.

Dalurinn er víðast hvar votlendur í botni.

Götur eru ekki greinilegar á þessari leið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 10

**ST-006:025** *Selbali* tóft sel

65°57.868N 21°37.209V


"Selbali er ekki stór partur, smáhæð, sem liggur frá Reykjarfjarðará upp að hlíðinni. Hann nær frá



*Tóft á Selbala 025, horft í vestur*

Selgili að læk, sem rennur neðst niður í Votahvamm. Hann þótti frekar lélegar slægjur, en er þó allur gróinn. Selbali liggur að hluta ofan við Breiðapart.... Á Selbalanum eru gömul tóftarbrot, um það bil 1 km frá bæ," segir í örnefnalýsingu. Balinn er hér um bil fyrir miðjum Reykjarfjarðardal norðanverðum, um 800 m VNV af bæ 001.

Lág hæð og vel afmörkuð, fremur harðlend og gróin en gróður er fremur rýr. Líklega er balinn eldgamall skriðtaumur úr



fjallinu. Tóft er allra syðst á balanum miðjum. Hún er mosavaxin þúst og rís lágt, ber því ekki mikið á henni. Hún er sporöskjulaga, 11 x 8 m stór frá norðri til suðurs. Útveggir eru ógreinilegir en syðst mótár fyrir hólfi, um 7 x 5 m stóru frá austri til vesturs. Dyr snúa í austur. Hólfið er niðurgrafið og bleyta í botni þess. Grjót sést hvergi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 9

**ST-006:026** heimild um

65°57.823N 21°37.140V

"Ekki eru glögg skil frá náttúrunnar hendi milli þeirra (Breiðaparts og Selbala), þar voru t.d. stungnir upp hnausar til merkja," segir í örnefnalýsingu. Breiðipartur er sunnan og austan við Selbala 025.

Þar er mýrlendi sem og víðar í dalbotninum. Engin ummerki sjást um gamla skurði eða garðhleðslur, enda hefur tæpast verið um mikil mannvirki að ræða. Margir, aðskildir slægjupartar voru á svæðinu og tilheyrðu ýmsum, því hefur verið þörf á að skilja þá sundur með smáhleðslum. Nú eru víða vélgrafnir skurðir í dalnum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 9

**ST-006:027** náma mógrafir

65°57.308N 21°36.929V

"Rétt neðan við Óveiðisá var allmikið mótak. Nokkru neðan við mógrafirnar er mýrarsund, sem gengur upp í holtin í átt að Borg," segir í örnefnalýsingu. Grafirnar eru í brekkurótum fast austan við Óveiðisá og um 600 m suðvestur af bæ 001. Mýrlendi. Fremur grunnar mógrafir sjást á svæði sem er um 50 x 70 m stórt. Þær eru um 0,5 m djúpar í dálitlum halla mót norðri. Aðeins suðurbakki þeirra er greinilegur en þær fjara út til norðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 11



**ST-006:028** *Hólavað* heimild um vað

65°57.626N 21°36.713V

"Vað er á ánni beint út af túninu [sjá 014]. Ofan við túnið er líka vað. Það heitir Hólavað," segir í örnefnalýsingu. Vaðið hefur verið á Reykjafjarðará skammt vestan við svonefnda Hóla sem eru vestantil í túninu. Þetta er um 180 m norðvestur af bæ 001, fast vestan þjóðvegjar. Áin er fremur grunn, grýtt í botni, sýnist hið ágætasta vað.

**Hættumat:** engin hætt**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 11**ST-006:029** garðlag vörslugarður

65°57.757N 21°35.232V

"Innan við Hrafnabjargagrundir er dálítið nes með nokkru grónu undirlendi. Það heitir Vallanes. Þar upp af er Vallanesgil, lækur í niðurgröfnum farvegi, sem nær upp á fjallsbrún. Ofan við Vallnesið að innanverðu gengur grýtt en nokkuð gróin kinn, sem heitir Vallaneskinn. Innst á Vallarnesinu er gamall grjótagarður, sem notaður var til að halda stórgripum," segir í örnefnalýsingu. Stórgrýtt skriða er ofan þjóðvegjar 1 km norðaustur af bæ 001 og við vesturjaðar hennar er garðurinn.



*Garðhleðsla 029, horft í norður*

Skriðan hefur í sjálfu sér verið ágætt aðhald, enda stórgrýtt og erfið yfirferðar, alveg ógróin. Garðurinn hefur verið hlaðinn utan í skriðuna og hann er ekki óslitinn heldur hefur verið hlaðið upp í

gloppur og skörð hér og þar. Hann stendur býsna vel, allt að 5 umför af hleðslum, 0,7 m hár, alveg ógróinn. Hann er einfaldur og hleðslan því fremur veigalítill. Hann sést fyrst um 15 m norðan þjóðvegjar og er upphlaðinn þar á um 5 m kafla, að stórum klettum. Handan við þá er aftur hleðsla á 6-7 kafla og um 20 m ofar í hlíðinni sést enn hleðsla á stuttum kafla. Alls er svæðið 60-70 m langt.

**Hættumat:** hætt, vegna skriðufalla**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 6-7**ST-006:030** *Grýlsteinn* þjóðsaga tröll

65°57.387N 21°36.503V

"Sunnarlega á Reykjafjarðarsandi er nokkuð stór steinn í fjörunni, fjarar upp í stórstraumsfjöru. Hann heitir Grýlsteinn. Þar var börnum sagt að Grýla byggi," segir í örnefnalýsingu. Steinn sem kemur heim og saman við lýsinguna er 350 m suður af bæ 001.

Hann er um 10 m norðan við fjöruborð og sést ágætlega á fjöru.

Steinninn er ekki stór, innan við 1 m hár, lábarinn.

**Hættumat:** engin hætt**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 2**ST-006:031** *Gamli Stekkur* heimild um stekk

Í örnefnalýsingu segir: "Stekkurinn [í Nátthaga, sjá 018] er á að giska 1,5 km frá bæ. Rétt fyrir norðan eru gamlar rústir, sem heita Gamlistekkur. Þær eru í suðurenda sléttlendis sem kallast Stekkjargrund." Engar tóftir sjást norðan við Nátthaga og ekki ljóst hvar Gamlistekkur hefur verið. Hugsanlega hefur hann lent undir þjóðvegi en þó er ekki útlokað að Gamlistekkur sé sama tóft og hér er skráð nr. 016. Hæpið er þó að segja að sú tóft sé "í suðurenda sléttlendis".

**Hættumat:** engin hætt**Heimildir:** Ö-Reykjarfjörður, 2

## ST-007 Naustvík

4 hdr. 1847 og 1706. Ábúð í Naustvík lauk 1967.  
Tún 1.8 ha. 1917. Allt þýft.

### ST-007:001 Naustvík bæjarhóll bústaður

65°58.502N 21°30.437V

"Flötin ofan við bæinn og hóllinn, sem bærinn stendur á, má segja, að sé eina undirlendið í Naustvík," segir í örnefnaskrá. Steinsteypt íbúðarhús var reist á vesturhluta gamla bæjarhólsins árið 1926 og stendur það þar enn. Bæjarhóllinn er á



*Bæjarhóll í Naustvík, horft í suðvestur*

mjóum rima, bakka, sunnan túnflatar og bæjarlækjar. Sunnan bæjarhóls er brött brekka niður í fjöru. Hóllinn er vaxinn gróskumiklu grasi og í hann hefur verið plantað trjám. Gamli bærinn var rifinn eftir 1916, en þá hóf síðasti ábúandinn, Guðmundur Árnason, í Naustvík búskap, og bjó hann þar til 1966. Bæjarhóllinn er um 25 x 14 metrar að stærð og um 1 metra hár og snýr norðvestur - suðaustur. Hóllinn er mikið raskaður og á honum eru leifar nokkurra yngri rústa frá búskapartíð Guðmundar: Gróinn grunnur hesthúss, sem var torfhláðið að hluta. Hesthúsið stóð á suðausturenda hólsins og virðist hafa verið um 4 x 3 m stórt, ekki niðurgrafið. Hjallur var á austurhluta hólsins,

u.þ.b. 5 x 3 metra stór. Af honum eru sýnilegar veggjaleifar torfhláðnar, en í þær og í grunninn hefur verið plantað trjám. Á norðvesturhluta hólsins er steinsteypta íbúðarhúsið. Gamli bærinn stóð á u.þ.b. miðjum hólnum, milli steinsteypta íbúðarhússins og hesthússins en sunnan við hjallinn. Þar hefur ekki verið byggt en þó plantað trjám. Í hólnum sést víða veggjagrjót og er hann talsvert raskaður en svo virðist sem rótið risti ekki djúpt og því líklegt að óskemmdar fornleifar sé að finna undir sverði. Sumarið 2004 var grafið fyrir drenlögn umhverfis íbúðarhúsið og er hugsanlegt að fornleifar hafi raskast við þá framkvæmd.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 6; Túnakort frá 1917

### ST-007:002 Kvíaskarð heimild um leið

65°58.391N 21°29.203V

"Sætrafjall nefnist fjallið ofan við Sætrakleif [sjá ST-008:012], sem er hár og brattur klettur niður við sjó, landamerki Naustvíkur og Kjörvogs. Yfir hana var illfært með hesta nema á einum stað. Á öðrum stað ofar var fært fyrir gangandi menn og kindur. Þar heitir Kvíaskarð," segir í örnefnaskrá. Þjóðvegurinn liggur nú um Sætrakleifina og Kvíaskarð, og er landslagið gjörbreytt frá því sem áður var vegna vegagerðarinnar. Snarbratt er niður að sjó neðan kleifarinnar, þar skiptast á skriður og grónar brekkur niður í stórgrýtta fjöruna, eina auðfæra leiðin yfir kleifina er eftir þjóðveginum.

Farið var yfir Sætrakleif á þremur stöðum: Um "Tröppur", sú leið lá við þjóðvegin og er nú horfin vegna vegagerðar. Þá var "Klifin" upp undir skútum, sú staðsetning er ekki alveg vís en þar var hægt að fara með hesta eins og vísað er til í örnefnalýsingu hér að ofan. Sauða- eða Kvíaskarð er rétt ofan þjóðvegur og þar var fært fyrir gangandi menn og kindur, eins og greinir frá í örnefnaskrá. Auk þessa er leið í skriðunum milli kleifar og sjávar, hún liggur rétt ofan Tröllkarls, steindranga í flæðarmálinu. Sú var ekki skepnufær nema kindum. Allar þessar fjórar leiðir liggja saman austan Sætrakleifar í átt til Kjörvogs. Þess má geta að gamla leiðin nefndist að hluta Brattagata, en það var mun vestar, í landi Reykjarfjarðar. Brattagata var skammt innan eða vestan svonefnds Vallaness, þar lá vegurinn um bratta á kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 1; Ö-Reykjarfjörður, 7

### ST-007:003 Grænaflöt þjóðsaga huldufólksbústaður

65°58.690N 21°29.490V

"Laut liggur upp frá fjöru upp með kleifinni. Hún nefnist Berjalaut. Í henni var mikið af berjum. Ofan við hana er Grænaflöt. Hún er sérlega græn, líkust túni. Þar átti huldufólk að búa, og flötin var álagablettur. Faðir Ingibjargar sló hana aldrei, en Guðrún sagði svo frá að það hefði einu sinni verið gert í hennar tíð og brunnu þá heyin. Á þessari flöt voru allar skepnur sérlega spakar. Þar var fært frá. Flötin liggur upp undir Sætrahillu, sem síðar getur," segir í örnefnaskrá. Flötin er um 900 metra austur

af Kirkjukletti 007, sem er við Þjóðveginn og þar við klettinn hefst einnig stíkuð gönguleið yfir Naustvíkurskörð. Um Grænuflöt liggur einnig djúp kindagata upp í Katlana 037.

Slétt, örllítið deig flöt undir þverhníptu klettabelti Sætrahillu og Sætrafjalls. Efst, undir fjallinu er grjóthrun en að öðru leyti er flötin hrein og steinalaus.

Engar óyggjandi fornleifar sjást á flötinni þó í henni séu gróskumiklir blettir og smáþústir. Engin merki eru um stekk. Það hlýtur að teljast merkilegt að svo stór og slétt flöt hafi ekki verið nýtt til sláttu en hugsanlega hefur hætta á grjóthruni úr Sætrahillu og Sætrafjalli valdið því Grænuflöt varð álagablettur.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Naustvík, 2

**ST-007:004** *Flöskubakstóftir* tóft+garðlag

65°58.484N 21°29.947V

"Innan við Naustvíkurgil eru Ytri-Naustvíkur, sem ná inn að Höfða. Nafnið á bæði við víkurnar sjálfar og landið upp af þeim. Smágrund, græn og grösug, er innan við gilið, kölluð Grund. Þar voru smátóftir, sem nefndust Flöskubakstóftir, kenndar við mann, sem bjó þar og hafði viðurnefnið flöskubak," segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru um 370 metra austan við Naustvíkurbæ 001.

Grundin er deiglend efst en þurrari næst sjó.



Hún er grösug og fremur slétt. Utan (austan) við tóftirnar rennur lækur en Háubakkar rísa innan við grundina og afmarka svæðið þeim

megin. Sætrakleifin afmarkar vikina að austan. Fornleifarnar samanstanda af tóft, þúst og garðlagi. Tóftin er tvískipt en 5 x 6 að heildarstærð. Eystra hólfið stendur betur og þar sést grjót í hleðslum. Það er um 5 x 3 metra stórt og á því sést ekkert op, hleðsluhæð er hæst um 0,8 metrar. Vestara hólfið er um 2 x 5 metra stórt, mun signara með op til norðausturs og suðvesturs, sem gerir það að hólfið er ekki samfast því eystra. Rétt austan við tóftina, u.þ.b. 1 metra frá þeim er iðagræn þúst 5 x 7 metra stór. Á toppi hennar er 2 x 1 metra upphækkun sem þó er vart hægt að kalla annað en þúst. Suðaustur frá tóftunum, u.þ.b. 2 metra frá þeim, liggur garður í átt til sjávar en hverfur á sjávarbakkanum. Garðurinn er 26 metra langur og gengur í mjúkri bugðu til norðvesturs en beygir svo til suðurs en garðendinn á sjávarbakkanum stefnir í suðvestur. Garðurinn er torfhláðinn, ekki sést grjót í hleðslum. Hann er siginn en vel greinilegur, 0,3 - 0,4 metra hár og u.þ.b. 0,8 metra breiður.



*Flöskubakstóftir 004, horft í suður*

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 3

**ST-007:005** *Stekkur* tóft stekkur

65°58.372N 21°30.193V


"Innan við Djúpuvík er smávík, síðan nes með hrygg á, sem nær nokkuð upp eftir og heitir Kolluhryggur. Hann er ekki brattur nema fremst. Smávík er innan við hann. Í hann var Stekkur, sem notaður var við fráfærur, rúning og annan innrekstur. Grundin, sem hann stóð á, heitir Stekkjargrund," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er í fjörunni framan við klettahrygginn Kolluhrygg. Stekkurinn er um 250 metra suðvestur af Flöskubakstóftum 004 og rúmlega 300 metra suðaustur frá Naustvíkurbæ 001. Grýtt fjara og gróinn bakki ofan við. Klettur og grjót ganga niður



*Stekkarleifar 005, horft í norður*



að sjó fram af Kolluhrygg, að stekknunum.



Stekkurinn er hlaðinn úr grjóti, um 4 x 4 metrar að stærð og er hæstur þar sem hefur verið hlaðið ofan á stóra fjörusteina, um 1 metri. Hann hefur smám saman verið að hverfa í sjóinn skv. Þóru Kristínu Guðmundsdóttur frá Naustvík. Austur og vesturveggur sjást enn og hruninn suðurveggur en hann er næstur sjó. Norðurveggur, sem er á bakkabrúninni er einnig hruninn. Stórir fjörusteinar hafa verið notaðir í veggina og hefur verið hlaðið ofan á þá og í glufur. Mörk stekkjarsins eru óljós því hleðslan er mjög úr lagi gengin og fallin í fjörugrjótið. Botn stekksins er nú mjög grýttur. Þóra segir að þegar faðir hennar, Guðmundur Árnason hætti búskap 1966, hafi verið löngu hætt að nota stekkin. Þó var dyttað að stekknunum í búskapartíð Guðmundar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 3

**ST-007:006** *Ból* tóft kvíar

65°58.472N 21°30.363V

"Fyrir neðan Lægrihöfða er Ból, smáhæð í áframhaldi af honum. Þar voru kvíar, kindur og kýr mjólkaðar og hestar geymdir," segir í örnefnaskrá. Tóftin er um 3 metra vestan við heimreið að Naustvík, í brattri Bólbrekkunni sem snýr mót suðvestri. Tóftin er um 80 metra suðaustan við bæinn 001. Bólið er þurrt og gróið og Bólbrekkann brött niður að Naustvíkurbæ.

Kvíarnar eru um 6 x 4 metra stórar og 0,8 metra háar og snúa í norðvestur - suðaustur. Norðvesturgafi er alveg opin. Hleðslurnar standa best á um 1,5 metra kafla í norðausturvegg en þar sjást 3 umfór grjóts. Kvíarnar eru hlaðnar úr torfi og grjóti. Stór steinn er í suðurvegg en sá veggur er orðinn mjög siginn.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 3-4

**ST-007:007** *Kirkjuklettur* þjóðsaga huldufólksbústaður

65°58.659N 21°30.047V



*Kirkjuklettur 007, horft í suðvestur*

"Útan við lænumar er nokkuð stór klettur, sem nefnist Kirkjuklettur. Hann átti að vera álfakirkja. Neðan við hann er smáflöt, Kirkjublettur. Þarna mætast tvö gil, sem mynda Naustvíkurgilið og tveir vegir, annar fjárvegur upp við Tjarnarmelinn upp í fjallið, hinn norður Naustvíkurskörð. Svo nefnist landið, sem vegur liggur eftir norður í Trékyllisvík," segir í örnefnaskrá. Stikuð gönguleið yfir Naustvíkurskörð yfir í Trékyllisvík liggur upp frá Kirkjukletti sem stendur við þjóðveginn. Kirkjuklettur er u.þ.b. 410 metra norðaustur frá bæ 001.

Drangurinn gengur í austur - vestur. Undir honum að norðan og sunnan rennur vatnsmikill lækur niður Naustvíkurgilið. Þjóðvegurinn er sunnan undir klettinum og hefur vegagerð stórskemmt þessa fallegu náttúrumyndun. Kirkjuklettur stendur vel undir nafni sínu. Hann er gríðarhár og þverhníptur að framan, sunnan, en hægt að ganga upp á hann ofanfrá.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 4

**ST-007:008** *Tjarnarmelur* heimild um leið

"Útan við lænumar er nokkuð stór klettur, sem nefnist Kirkjuklettur [007]. Hann átti að vera álfakirkja. Neðan við hann er smáflöt, Kirkjublettur. Þarna mætast tvö gil, sem mynda Naustvíkurgilið og tveir vegir, annar fjárvegur upp við Tjarnarmelinn upp í fjallið, hinn norður Naustvíkurskörð. Svo nefnist landið, sem vegur liggur eftir norður í Trékyllisvík. Á Naustvíkurskörðum var mikið heijað frá Naustvík. Þar var líka tekinn mór. Það tók á annan klukkutíma að fara með hesta niður Naustvíkurskörð," segir í örnefnaskrá. Stikuð gönguleið yfir Naustvíkurskörð yfir í Trékyllisvík liggur upp frá Kirkjukletti sem er við þjóðveginn. Fjargötur liggja upp Tjarnarmel sem er holtarani milli tveggja hryggja. Gatan liggur á fremur gróðursnaudu grýttu melholti upp í fjallið, austan við Tjarnarnar sem eru seftjarnir og mýrardrög en lækur er norðvestan megin í Naustvíkurgili. Gatan sést fyrst ofan þjóðvegur en liggur að mógröfum ofar í fjallinu. Hún er

um 0,2-0,3 metra breið eins og u.þ.b. 800 metra löng.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Naustvík, 4

**ST-007:009** tóft heystæði

65°58.923N 21°30.763V

"Á Naustvíkurskörðum var mikið heyjað frá Naustvík. Þar var líka tekinn mór," segir í örnefnaskrá. Í mýri u.þ.b. 280 metra suðsuðvestan Kaupmannsvörðu og u.þ.b. 810 metra norður frá Naustvíkurbæ 001 er sporöskjulaga tóft sem annaðhvort er heystæði eða móstæði. Tóftin er í mýri og umhverfis mýrina eru mosavaxin holt sem halla mót suðri. Tóftin er sporöskjulaga, stendur upp úr mýrinni í kring og er mun grænni og gróskumeiri. Þó er tóftin deig og vaxin sama gróðri og mýrin; mosa og stór. Tóftin er um 7 x 7 metrar en hólfíð eða bollinn í henni miðri er sporöskjulaga. Hæð tóftarinnar er um 0,5 metrar.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Naustvík, 4

**ST-007:010** náma mógrafir

65°58.894N 21°30.891V

"Á Naustvíkurskörðum var mikið heyjað frá Naustvík. Þar var líka tekinn mór," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru allt í kringum meint heystæði/móstæði 015 og 019, um 800 metra norðvestur frá Naustvík 001. Austan við mógrafamýrina er stíkuð gönguleið yfir Naustvíkurskörð. Mógrafirnar er á fremur sléttu mýrarsvæði milli mýrardraga sem teygja sig upp til fjallanna ofan við (norðaustan) og blásinna holta neðan við (suðvestan). Mógrafasvæðið er fremur óreglulegt í laginu og tekur yfir svæði sem er um 40 metrar í þvermál. Dýpt grafanna er mest um 60 sm. Víða á svæðinu eru reglulegar, ferhyrningslaga grafir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Naustvík, 4

**ST-007:011** Kaupstaðarvarða varða samgöngubót

65°59.072N 21°30.729V

"Á háskörðunum er varða, sem nefnist Kaupstaðarvarða. Hún ber nafn af því, að frá henni sást yfir til verslunarstaðarins í Kúvíkum. Þarna hvíldu menn sig í kaupstaðarferðum. Sá siður hélst, að þar væri áningarstaður," segir í örnefnaskrá. Varðan er 1080 metra NNV frá Naustvíkurbæ 001. Varðan sést fljótlega eftir að komið er á gönguleiðina upp Naustvíkurskörð og er varðan við leiðina.



*Kaupstaðarvarða 011, horft í suður*

Varðan er á blásnu holti í skörðunum og mýrardrög í kring. Holtið er fremur bratt suður af vörðunni en að ofan (norðan) er aflíðandi halli. Kaupstaðavarða stendur vel en henni hefur verið haldið við í seinni tíð af Naustvíkurfólkinu að sögn Þóru Krístínar, heimildamanns. Varðan er grjóthlaðin, rúmlega metri á hæð og ummál hennar 2 x 1,5 metri.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Naustvík, 4

**ST-007:012** Húshóll tóft fjárhús

65°58.504N 21°30.495V

"Túnið í Naustvík nær að Naustvíkurhöfða. Yst í því eru tvær grundir. Smáklettabelti, sem heitir Snoppa liggur upp og skiptir þeim. Ofan við grundirnar er Bólbrekka neðan við Bólið [006]. Flöt er ofan við bæinn, önnur neðan við. Síðan kemur hóll, sem nefnist Húshóll. Á honum voru fjárhúsín. Bæjarlækur rennur innan við Húshól," segir í örnefnaskrá. Um 40 metra norðvestur af bæjarstæði Naustvíkur 001 eru fjárhúsústírnar, á Húshól.



Vestan Naustvíkurbæjar er Húshóll, vaxinn gróskumiklu grasi. Af hólnum er snarbratt niður í bæjarlækinn sem rennur vestan og norðan hans. Neðan hólans (sunnan hans) er brött brekka niður að sjó. Þegar Guðmundur Árnason kom að



Naustvík 1916 voru fjárhús á Húshól. Þau voru notuð þar til þök þeirra hrundu en þá byggði Guðmundur ný hús á rústum hinna eldri (óvíst hvaða ár það var). Fjárhús Guðmundar voru rifin eftir að búskapur lagðist af, eftir árið 1966. Rústin er vel greinanleg og standa hleðslurnar úr torfi og grjóti vel, hæsti veggur er rúmlega metri á hæð. Ummál húsatóftanna ásamt hlöðutóftar aftan við er alls um 19 x 12 metrar. Utanmál hlöðunnar er 19 x 6 metrar en norðaustur langveggur hefur verið gríðarþykkur, 3 metrar. Innangengt var úr húsunum í hlöðuna. Fjárhúsin samanstóðu af 6 gördum sem hafa verið 6-8 metrar að lengd og þremur jötum. Í innstu jötnunni (suðvestasta hús) er steinsteypt jata með baði og steinsteypt súrheysgryfja 2 x 2 metrar í norðurhorni. Gríðarstór steinn er u.þ.b. í miðri hlöðunni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 4

**ST-007:013** *Litli-Nátthagi* heimild um nátthaga 65°58.547N 21°30.587V

Í Naustvíkurtúni: "Bæjarlækur rennur innan við Húshól [012]. Balar nefnist sléttlendi innan við hann. Þeir skiptast í þrennt af smálækjum. Síðan var votamýri, blaut mýri innan túngirðingar. Upp af Bölnum er Hvammur, sem var mjög þúfóttur. Innan við Hvamminn eru Litli-Nátthagi og Stóri-Nátthagi ofar. Lækur skilur þá í sundur," segir í örnefnaskrá. Lækur, sem kemur ofan úr fjalli sker túnið, u.þ.b. 140 metra norðvestur frá bæ 001. Ekki er víst hvoru megin lækjar Litli-Nátthagi eða Stóri-Nátthagi er en Litli-Nátthagi er hér skráður utan (austan) lækjarins.

Í túni sem hefur verið sléttað en allt hlaupið í þúfur.

Ekkert sést til garðlaga við Litla- né Stóra-Nátthaga, fyrir utan túngarðinn 026 sem liggur milli lækja rétt neðan þjóðveggarins. Þóra Kristín Guðmundsdóttir frá Naustvík þekkir örnefnið "Nátthagi" og átti það við svæðið sunnan og suðaustan túngarðsins 026.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 5

**ST-007:014** *Stóri-Nátthagi* heimild um nátthaga 65°58.542N 21°30.620V

Í Naustvíkurtúni: "Bæjarlækur rennur innan við Húshól [012]. Balar nefnist sléttlendi innan við hann. Þeir skiptast í þrennt af smálækjum. Síðan var votamýri, blaut mýri innan túngirðingar. Upp af Bölnum er Hvammur, sem var mjög þúfóttur. Innan við Hvamminn eru Litli-Nátthagi og Stóri-Nátthagi ofar. Lækur skilur þá í sundur," segir í örnefnaskrá. Lækur, sem kemur ofan úr fjalli sker túnið, u.þ.b. 140 metra norðvestur frá bæ 001. Ekki er víst hvoru megin lækjar Stóri-Nátthagi eða Litli-Nátthagi er en Stóri-Nátthagi er hér skráður innan (vestan) lækjar.

Í túni sem hefur verið sléttað en allt hlaupið í þúfur. Ekkert sést til garðlaga við Litla- né Stóra-Nátthaga, fyrir utan túngarðinn 026 sem liggur milli lækja rétt neðan þjóðveggarins. Þóra Kristín Guðmundsdóttir frá Naustvík þekkir örnefnið "Nátthagi" og átti það við svæðið sunnan og suðaustan túngarðsins 026.


**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 5

**ST-007:015** tóft heystæði 65°58.890N 21°30.884V

"Á Naustvíkurskórðum var mikið heyjað frá Naustvík. Þar var líka tekinn mór," segir í örnefnaskrá. Tóftir heystæða eða móstæða eru við mógrafamýri 010 sem er vestan við stikaða gönguleið yfir Naustvíkurskórð. Tóftin sem hér er skráð er u.þ.b. 800 metra norðvestur frá bæ 001 og 300 metra suðvestur frá Kaupstaðavörðu 011.

Tóftin er á mýrarsvæði sem hallar mót suðri en er sjálf á þurrum stalli. Gróðurinn á stallinum er gróskumeiri en í mýrinni í kring en þó sama gróðurflóra, mosi, gras og stór. Mógrafir 010 eru neðan tóftarinnar og innan (vestan) við hana. Tóftin er ferningslaga 6 x 6 metrar en suðausturveggur er alveg opin. Veggjaþykkt er um 2 metrar og í tóftinni er þúfnahlaup þvert yfir hana á tveimur stöðum og dæld í milli. Tóftin er orðin sigin en sést vel, hleðsluhæð er um 0,5 metrar. Í henni vex sami gróður og í mýrinni í kring, mosi, gras og stór, en gróðurinn er þó ræktarmeiri og grænni í tóftinni. Líklega er tóftin móstæði eða heystæði en þarna í Skórðunum var bæði slegið og tekinn mór.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 4

**ST-007:016** *Stekkur* tóft stekkur 65°58.437N 21°30.884V

"Innan við Sneiðingsholt er grösug mjó læna, sem liggur alveg upp að Krubbóttaholti og niður að


Stekkjarnesi. Á Stekkjarnesi var Stekkur. Naustvíkurmegin við nesið er lækur, Stekkjarlækur," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er rétt innan (vestan) við Stekkjarlæk í Naustvík, um 360 metra suðvestur frá Naustvíkurbæ 001, á sjávarbakkanum.

Stekkurinn er undir brattri grasi gróinni brekku sem snýr mót suðaustri. Klettar eru efst í brekkunni. Stekkurinn stendur fremst á grónum sjávarbakkanum en suðaustan við er grýtt fjara.

Stekkurinn er úr torfi og grjóti og snýr í norðaustur - suðvestur, op er u.þ.b. á miðjum suðausturvegg, móti sjó. Stekkurinn er 6 x 5 metra stór og stendur vel. Í honum sjást mest 5 umför af grjóti



Stekkartóft 016, horft í suður



í hleðslum og er mesta veggghæð 1 metri. Hann er mjórri í suðvesturenda (tæplega 2 metrar á móti tæplega 3 metrum í norðausturenda. Ekki sjást merki um hólfaskiptingu en veggstúfur, framhald af suðvesturvegg, liggur niður af bakkanum svo þar gæti vel hafa verið annað hólf sem sjórinn er búinn að brjóta af. Í fjörugrjótinu suðaustur af stekknunum, eru steinar sem hugsanlega hefur verið stekkjurveggur. Stekkurinn gæti jafnvel hafa verið færður ofar á bakkann undan sjónum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 6

**ST-007:017** Lending heimild um lendingu

65°58.487N 21°30.556V

"Beint fyrir neðan bæinn var lending. Við hana eru gömul naust [030]," segir í örnefnaskrá. Fjaran er um 90 metra sunnan og suðvestan við bæinn 001.

Í Naustvík er fjaran þakin mjúkum lábörðum steinum. Hún er u.þ.b. 10 metra breið og ofan við hana eru grasi gróinir sjávarbakkar. Fjaran hefur hentað vel til lendingar því hún er hrein af skerjum, aðdjúp og í vari milli Naustvíkurhöfða að utanverðu (austan) og Stekkjarhöfða [sjá Stekk 016] að innan (vestan).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 6

**ST-007:018** tóft sjóbúð

65°58.496N 21°30.558V

"Beint fyrir neðan bæinn var lending [017]. Við hana eru gömul naust," segir í örnefnaskrá. Tóft, e.t.v. sjóbúð fremur en naust, er um 90 metra VSV frá Naustvíkurbænum 001 (niður af bæ) og upp af Lendingunni vestanverðri.

Tóftin er á þurrum grónum sjávarbakka.

Tóftin er 5 x 5 metrar að utanmáli. Hleðslur standa vel, hæstar eru þær um 1 metri. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sjást 3-4 umför af grjóti í veggjum. Tóftin er alveg opin til suðvesturs, niður að sjó og Lendingunni. Spil er u.þ.b. 6 metrum austan tóftarinnar.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 6

**ST-007:019** tóft heystæði 65°58.900N 21°30.892V

"Á Naustvíkurskórðum var mikið heyjað frá Naustvík. Þar var líka tekinn mór," segir í örnefnaskrá. Tóft er U.Þ.B. 800 metra norðvestur frá Naustvíkurbæ 001 og 350 metra suðvestur frá Kaupstaðavörðu 011. Tóftin gæti verið heystæði eða móstæði.

Tóftin er á mýrarsvæði sem hallar mót suðri en er sjálf á þurrum stalli. Gróðurinn á stallinum er gróskumeiri en í mýrinni í kring en þó sama gróðurflóra, mosi, gras og stór. Mógrafir eru neðan tóftarinnar og innan (vestan) við hana. Tóftin er sporöskjulaga og snýr í norðvestur - suðaustur. Til að tóftin hafið staðið slétt, var hún hlaðin



meira upp úr brekkunni að suðvestanverðu. Tóftin er 5 x 4 metrar að stærð og hleðsluhæð 0,5 metrar. Í tóftinni er einfaldur sporöskjulaga bolli, tæplega 3 x 2 metra stór.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Naustvík, 4

**ST-007:020** tóftir

65°58.137N 21°32.493V

Stekkjarnes er næsta nes fyrir innan Naustvík. Í örnefnaskrá segir: "Fyrir innan Stekkjarnesið er lítil vík, síðan lítið nes, Litlanes. Innan við það er stór vík, Kambsvík, þá Kambsnes...síðan kemur nafnlaus



*Tóftir 020, horft í suður*

vík, en nesið innan við hana er allstórt. Það heitir Kattarnes. Smágil, Kattarnesgil, er utan við nesið.. nesið er með klettabeltum sem liggja beggja megin fram í sjó. Að lögun minnir það mjög á kattarhrygg, en við vegalagningu hefur það skemmst. Síðan kemur stór vík, Selvík. Það er eina víkin með sandi. Úti í víkinni eru smáflögur. Þar er oft mikið af sel...Innan við Selvík er lítið gil, Selvíkurgil. Það rennur í djúpt sund, sem kallað er Selvíkursund. Við það er stór höfði, Selvíkurhöfði. Fyrir innan hann er lítil grund, Selvíkurgrund. Innan við hana er Skarðagilið."

Á Selvíkurgrund er tóft. Hún er u.þ.b.1,7 km VSV við Naustvíkur bæ 001. Tóftin



er á þurri grund ofan sjávarbakka. Ofan grundarinnar er gróið klettaholt. Tóftin er tvískipt, alls 11 x 4 metrar og snýr í norðvestur - suðaustur, eins og fjörulínan. Suðaustara hólfið stendur vel. Það er ferhyrnt 4 x 3 metrar að utanmáli og er veggahæð mest 0,4 metrar. Ekki er sjáanlegt op á því. Norðvestara hólfið er sigið og ekki eins skýrt. Það er 6 x 4 metra stórt og er norðvesturveggur greinilegastur, 0,2 metra hár. Suðvesturveggur er nær alveg útflattur og suðaustast á þeim vegg, upp við ytra hólfið, virðist vera op. Það sama má segja um norðausturvegg og suðvesturvegg, hann er nær alveg útflattur. Suðaustan við miðju hólfsins er hrúga af steinum sem myndar ferning, u.þ.b. 1 x 1 metra stóran. Grjót sést í veggjum beggja hólfa.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Naustvík, 6-7

**ST-007:021** heimild um stekk

65°58.553N 21°30.471V

Á túnakorti frá árinu 1917 er merktur "stekkur". Hann var 100 metra norður frá bæjarstæði 001 og 60 metra norður frá matjurtagarði 024. Stekkurinn var ofan bæjar líklegast á smábala í brekkunni.

Holtið þar er gróið með nokkrum steinum á kollinum. Að ofan er brekkan aflíðandi en brött niðurundan, niður á Naustvíkurtún. Brekkan hallar mót suðri. Þar sem stekkurinn var skv. túnakortinu er ekki að sjá óbyggjandi fornleifjar. Á balanum er graskragi sem er gróskumeiri en gróðurinn í kring, kraginn er 7 x 4 metrar. Ekkert veggjagrjót eða þvímúlikt er sjáanlegt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-007:022** heimild um útihús

65°58.537N 21°30.389V

Á túnakorti frá árinu 1917 er sýnt útihús. Það var um 100 metra norðvestur frá bæjarstæði 001 og 80 metra suðvestur frá stekknunum 021. Útihúsið stóð í túnjaðri norðvestan bæjarlækjar.

Naustvíkurtún er gróið og þýft norðvestan við bæinn 001. Mýri er neðan við túnkragan.

Ekki sést rústa til útihússins, nema ef vera skyldi mikið iðagrænt þúfnahlaup í túnjaðrinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-007:023** heimild um útihús

65°58.525N 21°30.529V

Á túnakorti frá árinu 1917 er sýnt útihús. Það var um 20 metra suðaustur af útihúsi 022 skv. túnakortinu, um 80 metra norðvestur frá bæjarstæði 001 og 80 metra suðvestur frá stekknunum 021.

Útihúsið var í túnjaðri norðvestan bæjarlækjar.



Naustvíkurtún er gróid og þýft norðvestan við bæinn 001. Mýri er neðan við túnkragan.


Ekki sést rústa til útihússins nú nema ef vera skyldi mikið iðagrænt þúfnahlaup í túnjaðrinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-007:024** gerði kálgarður

65°58.530N 21°30.416V



Á túnakorti frá árinu 1917 er sýndur matjurtagarður. Hann var í brekkunni u.þ.b. 50 metra norðaustur frá bæ 001. Garðurinn er í gróinni deiglendri í brekku sem hallar mót suðri.

Gerðið er 4 x 10 metrar og snýr austur - vestur. Veggirnir hlaupnir í þúfur, mesta hæð er 0,4 metrar. Suðurveggur er horfinn að hluta, í honum eru tvö rof, annað vestarlega á veggnum og hitt austarlega. Hugsanlega hefur op garðsins verið á öðrum hvorum endanum. Garðurinn var fallin úr notkun um

1940.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917



ST-007:025 tóft útihús



Tóft 025, horft í norður

Austan við tóftina liggur um 2 metra breitt mýrardrag með lækjarsytru í, niður í bæjarlæk. Talsverð bratt og hátt er af austurvegg niður í dragið. Á bakkanum handan mýrardragsins er þúst u.þ.b. 2 x 2 metra stór. Hún sker sig úr umhverfinu, iðagræn, og gæti verið rústabunga.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort 1917

65°58.521N 21°30.468V

Á túnakorti frá árinu 1917 er sýnt útihús. Það hefur staðið 40 metra norðvestur af bæ 001 og þar í túninu er tóft, norðan við bæjarlækinn, alveg á bakkanum.

Tóftin er í grasigrónu og þýfðu Naustvíkurtúninu. Norðan við tóftina er mýri sem liggur að veggjum hennar. Bæjarlækurinn rennur rétt sunnan tóftarinnar en talsvert bratt er niður í lækinn.

Tóftir er ferhyrnd, 7 x 6 metrar að stærð og snýr austur - vestur. Í henni allri er mikil þúfnamyndun en þó virðist sem op hafi verið nyrst á vesturvegg.



ST-007:026 garðlag túngarður

65°58.567N 21°30.611V

Við norðurmörk túnsins í Naustvík er túngarður. Hann er greinilegur milli tveggja lækja sem þar renna í gegnum túnið. Garðurinn er rétt neðan þjóðveggar og svæðið neðan garðsins er kallað Náthagi (sjá 013 og 014). Garðlagið er u.þ.b. 150 metra norðvestur frá bæ.

Túngarðurinn er í brekku sem snýr mót suðri í þýfðu og grónu landslagi. Í brekkunni eru einnig mýrardrög. Garðurinn virðist vera eingöngu torfhláðinn, ekkert grjót sést í hleðslum. Hann liggur vestur - austur en hverfur í þýfi austan við eystri lækinn sem sker túnið. Af túngarðinum sjást vel u.þ.b. 50 metrar og er hann um 0,6 metra hár.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

ST-007:027 tóft brunnur

65°58.509N 21°30.443V

Á túnakorti frá árinu 1917 er sýnt útihús u.þ.b. 10 metrum vestan bæjarstæðisins gamla 001. Á þeim stað er tóft sem er hlaðinn yfir bæjarlækinn, brunnhústóft. Tóftin er u.þ.b. 2 metrum austan við austurhorn steinsteypta hússins í Naustvík.




Brunnur 027, horft í norður

Bæjarhóllinn og næsta umhverfi hans er grasi vaxið og þurrlegt. Vestan við hólinn kemur bæjarlækurinn ofan úr fjalli. Hann kemur á hólinn u.þ.b. miðjan og rennur svo meðfram bæjarhól og Húshól 012 til norðurs en beygir svo niður með Húshól til norðvesturs og vesturs - sína leið til sjávar.

Brunnhústóftin er 5 x 4 metrar að stærð og snýr norðaustur - suðvestur.

Langhliðar

tóftarinnar liggja þvert yfir lækinn til norðausturs - suðvesturs, svo gaflarnir eru hvor sinn megin við lækinn. Veggirnir eru úr torfi og grjóti og standa ágætlega, mest 0,8 metra háir og veggþykkt er um 0,5 til 1 metri. Gengið hefur verið inn um suðvesturhlið hússins - sem að líkindum hefur





verið með timburpili - og niður í húsið. Lækurinn rennur gegnum ræsi í langveggjum tóftarinnar. Ræsið eða opið er hlaðið úr grjóthellum - tvær á rönd og ein yfir - og er yfirhellan 0,4 metra frá botni lækjarins.. Engin hleðsla er meðfram læknum sjálfum í tóftinni. Í suðurhorni tóftarinnar er mikil grjóthrúga, frá síðari tímum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917


**ST-007:028** tóft hænsnakofi

65°58.517N 21°30.354V

Upp af bæ, á bala í brekkunni, u.þ.b. 70 metra austur af bæjarstæðinu gamla 001, var gæsakofi. Tóftin er á grónum, þurrum bala. Vestan undir balanum er mýri en lægð er austan til, milli hans og Bólsins 006. Brött brekka niður að bæ er suður af tóftinni. Rétt austan tóftarinnar er heimreiðin.

Gæsakofatóftin er 4 x 3 metrar að stærð og snýr austur - vestur. Op er austarlega á norðurvegg. Hæð veggja er 0,5 metrar. Þóra Kristín Guðmundsdóttir frá Naustvík man óljóst eftir gæsakofanum svo hann hefur a.m.k. verið uppistandandi til 1940 eða þar um bil.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar




**ST-007:029** gerði

65°58.528N 21°30.482V

Um 10 metra norðvestan við tóft 025 og 60 metrum norðvestan við bæ 001, er gerði í túninu.

Gerðið er á kafi í grasi og túnið er þýft. Bæjarlækur rennur um 10 metra suðvestar, en tóftin stendur á bakkabrún ofan bæjarlækjar og milli bakka og lækjar er mýrardrag. Um 12 metra norðvestur frá norðvesturvegg er annar lækur sem sker túnið og kemur ofan úr fjalli úr norðri. Gerðið er 12 x 10 metrar og hæð hleðslna mest um 0,4 metrar. Langveggir snúa norðaustur - suðvestur og suðvesturveggur stendur fremst á lækjarbakkannum. Ekkert grjót sést í hleðslum né er op sjáanlegt. Milli þessa garðlags og tóftar 025 er mikil þúfnamyndun sem stendur iðagræn upp úr sinunni. Yngri tóft, súrheysgryfja sem var notuð í tíð síðasta bóndans í Naustvík (1916-1966), er um 6 metra frá vesturhorni gerðisins. Gryfjan er fremst á tungunni þar sem lækimír tveir mætast, 3 x 3 metrar að stærð.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



**ST-007:030** tóft naust

65°58.481N 21°30.529V

Í fjörunni neðan Naustvíkurbæjar 001, um 40 metra suðaustur af nausti 018, er nauststóft.



Tóftin er á grónum, þurrum aflíðandi sjávarbakka, neðan bratrar brekku sem liggur ofan frá bæ 001.

Naustið er 5 x 3 metrar að stærð og það snýr suðaustur - norðvestur. Suðvesturgafli er opin, mót sjó. Hleðslur eru mjög signar en í þeim er grjót. Að utan er hleðsluhæð svotil jafnhá landslaginu í kring en að innan er hún um 0,5 metrar. E.f.v. hefur verið grafið fyrir naustinu og svo veggir að innanverðu grjóthlaðnir. Frá opi tóftarinnar eru u.þ.b. 2 metrar niður í fjöruna (Lendinguna 017).

**Hættumat:** engin hætta

**ST-007:031** garðlag túngarður

65°58.502N 21°30.582V

Um 20 metra norðvestan við naust 018 er garðlag. Það er milli tveggja lækja (eystri lækurinn er bæjarlækurinn) sem renna til sjávar í Naustvík. Garðlagið er 110 metrum vestur af bæ 001, vestan við bæjarlækinn og liggur norðvestur - suðaustur.


Garðurinn er á gróinni tungu milli lækjanna, tungan er þurr og iðagræn. Fjaran (Lendingin 017) er um 3 metrum sunnan við. Garðurinn er skýr milli lækjanna 0,5 metra hár og torfhláðinn. Garðlagið gengur um 60 metra í norðvestur frá eystri læknum, en er orðinn mjög ógreinilegur norðvestast í sinu og þýfi sem þar er. Norðaustan garðsins, hvar hann er skýrastur á tungunni, er gróskumikil þúst sem sker sig úr sinunni í kring, hugsanlega rústabunga 8 x 7 metrar að stærð. Neðst á tungunni, í sjávarbakkannum er önnur hleðsla grjóthlaðinn, sú ber númerið 039.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**ST-007:032** tóft+garðlag

65°38.472N 21°30.452V

U.þ.b. 50 metrum sunnan bæjar 001, í brekkurótum, ofan fjörunnar (Lendingarinnar 017) er hleðsla í litlum grasbolla og garðlag frá honum í suðaustur. Tóftin og garðlagið er í þurrum grasgrónum



hvammi í brekkurótum og á grundinni upp af fjörinni. Tóftin er að hluta til í náttúrulegum smáhvammi. Hún er um 4 x 3 metrar að utanmáli og snýr norðaustur - suðvestur. Suðvesturhlið er alveg opin (og snýr mót sjó). Í suðausturhlið innanverðri er grjóthleðsla og frá suðurhorni tóftarinnar gengur u.þ.b. 20 metra langur torfhlaðinn garður í suðaustur. Garðurinn er vel greinilegur u.þ.b. 7 metra frá bollanum en verður signari

og ógreinilegri er frá líður. Mesta hæð hleðslna er 0,4 metrar. Tóftin gæti hafa verið einhverskonar aðhald og garðurinn aðrekstrargarður.

**Hættumat:** engin hætta


**ST-007:033** tóft heystæði

65°58.882N 21°30.877V

"Á Naustvíkurskórðum var mikið heyjað frá Naustvík. Þar var líka tekinn mór," segir í örnefnaskrá. Nokkrar tóftir heystæða eða móstæða eru við mógrafamýri 010 sem er vestan við stikaða gönguleið yfir Naustvíkurskórð. Ein slík tóft er um 360 metra suðvestan Kaupstaðarvörðu 011 og um 20 metra norðaustur frá tóft 033.

Tóftin er á mýrarsvæði sem hallar mót suðri en er sjálf á þurrum uppbyggðum stalli. Gróðurinn á stallinum er gróskumeiri en í mýrinni í kring en þó sama gróðurflóra, mosi, gras og stór. Mógrafir eru neðan tóftarinnar og innan (vestan) við hana. Lækur rennur 10 metrum sunnan tóftarinnar.

Tóftin er sporöskjulaga, um 6 x 4 metrar og snýr austur - vestur. Hæð er um 0,5 metrar. Veggjapykkt er um 1 metri og bollinn innan í henni um 4 x 2 metra stór. Tóftin er byggð upp úr mýrinni, lag hennar sést vel utan þess að suðurendi er siginn.




**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 4

**ST-007:034** tóft heystæði

65°58.887N 21°30.859V

"Á Naustvíkurskórðum var mikið heyjað frá Naustvík. Þar var líka tekinn mór," segir í örnefnaskrá. Tóftir heystæða eða móþurrkunarstæða eru við mógrafamýri 010 sem er vestan við stikaða gönguleið yfir Naustvíkurskórð. Ein slík tóft er u.þ.b. 350 metra suðvestan Kaupstaðarvörðu 011 og 20 metrum suðaustan við tóft 015.



Tóftin er á þurrum bala á innan mýrarsvæðis sem hallar mót suðri. Gróðurinn á balanum er gróskumeiri en í mýrinni í kring en þó sama gróðurflóra, mosi, gras og stór. Mógrafir eru vestan og norðan tóftina og lækur rennur um 20 metrum sunnan við hana.

Tóftin er sporöskjulaga, 5 x 4 metrar og snýr norðvestur - suðaustur. Tóftin er iðagræn og sker sig úr bleikri mýrinni í kring. Hún virðist ekki upphækkuð eins og aðrar tóftir í grenndinni enda stendur hún á þurrum stað. Bollinn í henni er líka

sporöskjulaga, 1 x 2 metrar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 4

**ST-007:035** náma mógrafir

65°58.945N 21°30.473V

"Á Naustvíkurskórðum var mikið heyjað frá Naustvík. Þar var líka tekinn mór," segir í örnefnaskrá. Mógröf er austan stikaðrar gönguleiðar yfir Naustvíkurskórð, um 300 metra suðaustan Kaupstaðarvörðu 011 og 820 metra norðan bæjar 001.

Í austanverðum Naustvíkurskórðum eru víða mýrardrög og lækjarsytrur. Stór lækur rennur eftir dalnum miðjum og er mógröfin austur af því.

Mógröfin er um 5 x 5 metrar, ferningslaga, dýpt mest 0,6 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 4

**ST-007:036** náma mógrafir

65°58.880N 21°30.075V

"Á Naustvíkurskórðum var mikið heyjað frá Naustvík. Þar var líka tekinn mór," segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru í austurhliðardrögum Naustvíkurskarðs, austan stikaðrar gönguleiðar yfir Naustvíkurskórð. Mógrafasvæðið er um 610 metra suðaustan Kaupstaðarvörðu 011 og um 750 metrum norðvestan við bæ 001.

Grafirnar eru í grónu mýrardragi, fremur þurru. Hlíðinni hallar mót suðri og suðaustri. Hlíðarnar eru stölluðar af stórum þúfum og bökkum með smá bollum og hvömmum á milli. Nokkrar mógrafir sjást á svæði sem er um 50 metrar í þvermál. Þær virðast eldri en mógrafasvæði 010, ógreinilegri og grynri, mest 0,4 metra djúpar. Grafirnar eru flestar reglulega ferningslaga og sumar samfastar á stóru svæði. Grafirnar eru misdjúpar og misgreinilegar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Naustvík, 4

**ST-007:037** gata leið

65°58.602N 21°29.484V

Vestan undir Sætrakleif, framhá Berjalaut, yfir Grænuflöt 003 og til norðurs upp með Sætrafjalli og upp í Katla er djúp fjárgata.

Hún fylgir fjallsrótum að mestu yfir kletta og klungur, læki og mýrar, sína leið.

Gatan, sem er djúp og mikið farin, liggur upp í Katla og gæti tengst aðalleiðinni yfir Naustvíkurskörð norðar í fjallinu. Gatan er 0,2-0,3 metra breið og allt að 1 km að lengd.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-007:038** tóft hæsnakofi

65°58.523N 21°30.374V




*Hæsnakofatóft 038, horft í norðaustur*

Um 60 metra norðaustur af bæ 001 er tóft af hæsnakofa.

Heimreiðin að Naustvík er um 10 metra suðaustan tóftarinnar.

Tóftin er í grasi gróinni brekku sem hallar niður að Naustvíkurbæ

001, mót suðvestri. Kofinn hefur verið grafinn inn í brekkuna og því eru veggir að utanverðu ógreinilegir en grjót sést í innanverðum veggjum. Tóftin er 2,5 x 2 metrar að innanmáli og snýr norðvestur -



suðaustur og er op norðvestarlega á suðvesturvegg. Hæstur er suðausturgafli að innanverðu, rúmlega 1 metra há. Stór steinn er í norðvesturgafli og hann hefur verið notaður í vegginn. Þóra Kristín Guðmundsdóttir frá Naustvík, fædd 1938 man óljóst eftir kofanum, svo hann hefur a.m.k. verið uppistandandi framyfir 1940.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ST-007:039** hleðsla varnargarður

65°58.495N 21°30.594V

Um 10 metra suðvestan við garðlag 031 er hleðsla í sjávarbakka. Hún er á milli tveggja lækja (eystri lækurinn er bæjarlækurinn) sem renna til sjávar í Naustvík. Hleðslan er um 120 metra vestur frá bæ 001 og snýr í norðvestur - suðaustur. Sjávarbakkinn er þurr og grasi gróinn og fjaran (Lendingin 017) með láborðum hnullungum neðan hans. Hleðslan í sjávarbakkanum er um 9 metra löng og 0,5 metra há (3 umför grjóts mest). Hvorki sjást hleðslur í bökkunum austan eða vestan lækjanna tveggja. Hlutverk hleðslunnar í bakkanum eru óvíst en líklega hefur hún gegnt hlutverki einhversonar varnargarðs, t.d. gegn sjávangangi eða e.t.v. gamall vörslugarður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

## ST-008 Kjörsvogur

8 hdr. 1847 og 1706. Yfirleitt nefnt Kjörvogur. Nýbýlið Víganes er talið með Kjörvogi sem og Litlanes sem var í byggð um skamma hríð á 20. öld. Upplýsingar um túnstærð hafa ekki fylgt túnakorti 1917.

**ST-008:001** *Kjörvogur* bæjarhóll bústaður

65°59.255N 21°22.966V

Á túnakorti frá 1917 sést að Kjörvogsbærinn stóð heldur sunnar en í miðju túni. Núverandi íbúðarhús, sem byggt var 1985, er um 100 m norðar en sá staður, þ.e. gamli bæjarhóllinn.



*Bæjarhóll 001, horft í suðaustur*


Bæjarhóllinn er fremst á allt að 10 m háum sjávarbakka sem er nánast þverhníptur niður að sjó. Tún sem er í rækt er kringum hóllinn en hann sjálfur er ósleginn.

Hóllinn er áberandi í annars sléttu túni og mörk hans allsstaðar skýr. Íbúðarhús stóð á honum allt til 1985. Það var brennt þegar nýja íbúðarhúsið var byggt. Það var tvílyft timburhús með kjallara undir. Bæjarhól hefur ekki verið raskað en fyllt var upp í kjallarann með mól eftir að gamla húsið var brennt og rífið. Sárið sést enn, er um 8 x 12 m stórt. Bæjarhóllinn er alls um 45 x 30 m stór frá austri til vesturs og rís allt að 1,5 m yfir túnið umhverfis. Að uppfyllta kjallaranum undanskildum er hann

algróinn. Norðvestast á hólnum stendur lítill timburskúr. Brattur bakki er niður að sjó suður af hólnum, hann er gróinn og mun gróskumeiri neðan hólmsins en annarsstaðar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917



Túnakort Kjörvogs 1917

**ST-008:002** *Slorsatóftir* heimild um fjárhús

65°59.272N 21°23.121V

"Túnið í Kjörvogi skiptist í Ytratún og Innratún, sitt hvoru megin við bæinn. Vestast í túninu rétt innan við túngarðinn á Innratúni voru tóftir af fjárhúsi og hlöðu. Þær hétu einu nafni Slorsatóftir, kenndar við slorakálf sem kallaður var Slorsi. Sagt var að hann hefði kafnað í polli í fjárhústóftinni og gengið síðan aftur," segir í örnefnalýsingu. Í Stundum á Ströndum segir: "Rétt innan við túngarðinn innan við bæinn voru Slorsatóftir - þær voru þar sem fjárhúsin eru núna. Það bar við fyrir löngu að slorakálfur druknaði í polli í gömlu tóftunum og gekk hann aftur. Tóftir þessar voru þannig að hlaðnir torfveggir voru af fjárhúsi og áfast innan við þær var hlaða. Hlaðan stóð fram yfir aldamót." Slorsatóftir hafa verið þar sem fjárhúsin eru nú, rúma 100 m VNV af bæjarhól 001. Þar er sýnt útihús á túnakorti frá 1917 og því ljóst að fjárhús hafa verið reist á gömlu tóftunum.

Stór, steinsteypt fjárhús.

Ekkert sér til tófta.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kjörvogur, 7; HJ, 27; Túnakort 1917

**ST-008:003** tóft útihús

65°59.211N 21°23.009V

Tóft er vestast í Kjörvogshólma, um 15 m austur af lendingu 006.

Kjörvogshólmi er lítið flatt og gróið nes, alveg landfast, sem gengur út í sjó beint niður af bæ. Fremst í því eru klettur. Tóftin er 10 x 7 m stór, snýr NV-SA. Hún er mjög reisuleg, hæsti uppstandandi veggur er um 1,8 m há. Allt að 8 umför grjóts sjást í hleðslum. Norðvesturhlíð er alveg opin, þar gæti hafa verið timburgafl og litlar dyr hafa einnig verið að suðaustanverðu.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Tóftir 003, 004 og 015 í Kjörvogshólma. Horft í suður

990V

**ST-008:004** tóft útihús



Tóft er í syðsta odda

Kjörvogshólma, tæpa 20 m SA af tóft 003.

Kjörvogshólmi er lítið flatt og gróið nes, alveg landfast, sem gengur út í sjó beint niður af bæ. Fremst í því eru klettur.

Tóftin er tvískipt, alls 9 x 7 m stór og snýr NV-SA. Hólfin eru álíka stór og snúa bæði með dyr í suðvestur, að sjónum en aðeins eru um 2 m rúmir að sjávarkamp. Syðra hólfið er signara og grónara, hefur sennilega verið notað skemur en það nyrðra. Veggjahæð á nyrðra hólfi er allt að 1,2 m, hlaðið úr torfi og grjóti.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ST-008:005** *Ból* heimild um kvíar

65°59.222N 21°23.028V

"Lægra er fyrir ofan hann [Kjörvogshólma]. Aðeins innar og upp af honum var Ból. Þar voru kvíar mjólkakar. Fært var frá seinast árið 1936. Neðan við Ból var bátalending, Vör [006]," segir í örnefnalýsingu. Slétt graslendi er upp af Vör, allt að háum og snarbröttum bakka sem bæjarhóll 001 er uppi á. Slétt graslendi. Ekki sér til tófta á Bóli.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kjörvogur, 2

**ST-008:006** *Vör* hleðsla lending 65°59.208N 21°23.032V

"Neðan við Ból [005] var bátalending, Vör. Flúrurnar beggja megin við hana heita Vararveggir. Víkin inn af nefnist Káravík. Roksamt er þar í suðvestan og vestanátt," segir í örnefnalýsingu. Vörin er fast innan eða vestan við Kjörvogshólma, 100 m suðvestur af bæ 001.

Lítið vik milli tveggja lítilla og lágra klettatanga. Vörin er hátt í 10 m löng og 6-8 m breið, áreiðanlega rudd. Upp af henni er malarfjara, nokkuð stórgrýtt næst sjávarkampinum. Hlaðið hefur verið með vörinni að austanverðu. Er það stórgrýti, mest ávalt, 3-4 umför. Hleðslan er 5-6





m löng og allt að 0,7 m há. Upp af vörinni er gamalt spil.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Kjörvogur, 2

**ST-008:007** Nátthagi gerði stekkur

65°59.239N 21°23.403V




*Nátthagi 007, horft í suðaustur*

sjást þó allt að 5-6 umför á köflum. Í suðvesturhorni gerðisins er hlaðin kró, um 2 x 5 m stór frá austri til vesturs, alveg hrunin. Fast norðan við hana hefur verið op, syðst á vesturvegg náthagans. Hlaðið hefur verið til vesturs frá norðurenda opsins og sveigir sú hleðsla til suðurs, að sjávarbakkanum, eftir tæpa 5 m. Hugsanlega hefur það verið önnur kró. Norðan við norðurvegg hennar og upp við vesturhlið náthagans utanverða er iðagræn þúst sem ekkert tóftarlag er á, um 10 x 5 m stór frá norðri til suðurs. Tæpa 10 m vestan við innrekstrarop náthagans er stök grjóthleðsla á sjávarbakkanum, 7-8 m löng frá suðaustri til norðvesturs, væntanlega gerð til að auðvelda aðrekstur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjörvogur, 2



**ST-008:008** Gamlistekkur tóft stekkur


65°59.177N 21°24.467V

"Næst er ónefnd vík, þá Stekkjarnes. Þar var stekkjafyrir aldamót, en mun hafa þótt óhentugt vegna fjarlægðar (u.þ.b. 20 mín gangur). Þar voru tóftarbrot, sem nefndust Gamlistekkur," segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er skammt frá sjávarkamp, 1,1 km vestur frá bæ 001. Gróinn sjávarbakki en upp af honum eru háir bakkar.

Tóftin er greinileg og hefur verið hlaðin, að mestu úr grjóti, um tvo jarðfasta kletta. Hún er 10 x 5 m



*Gamlistekkur 008, horft í suðvestur*



stór frá norðri til suðurs, tví- eða þrískipt. Frá suðurenda ganga svo hleðslur til vesturs og því er heildarstærð tóftar um 10 x 10 m.

Klettur mynda hluta af báðum skammhliðum. Nyrsti hluti tóftarinnar hefur líklega verið lambakró, um

4 x 4 m stór. Engu er líkara en hlaðið hafi verið undir hana því botninn er um 0,5 m hærra en botn syðra hólfinsins. Rekið hefur verið inn í það á vesturhlið og gengur grjóthleðsla útfra tóftinni syðst til vesturs til að auðvelda innrekstur. Frá innanverðum austurvegg syðra hólfins gengur tæplega 2 m löng hleðsla til vesturs og skiptir þannig hólfinu næstum í tvennt. Grjótdreifir eru frá hleðslunni bæði til suðurs og norðurs og hugsanlegt að þarna hafi verið tvö lítil, aðskilin hólf, hvor um sig tæpir 2 x 2 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Kjörvogur, 2-3

**ST-008:009** *Þvottaklöpp* heimild um þvottastað 65°59.250N 21°22.861V  
"Nokkuð innar [en Innri Klimpur] beint niður af Kjörvogsbænum er klöpp við sjó sem nefnist Þvottaklöpp. Við hana og á henni voru sokkaplögg og ytri fatnaður þvegin," segir í örnefnalýsingu. Þvottaklöpp er austan við Kjörvogshólma, 80 m ASA af bæ 001.

Þráðbeinn og mjór klettarni sem byrjar í fjörinni og gengur til suðurs fram í sjó.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Kjörvogur, 2

**ST-008:010** *Dyraberg* frásögn huldufólksbústaður 65°59.169N 21°24.720V

"Rétt innan við hann [Gamlastekk 008] liggur gatan [031] milli tveggja bergstanda, sem nefnast Dyraberg. Þar bjó huldufólk," segir í örnefnalýsingu. Dyraberg er við sjóinn tæpa 200 m vestur af Gamlastekk 008. Bergstandur sem liggur frá norðri til suðurs og gengur ofan úr brattri brekku alveg fram í sjó.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Kjörvogur, 3

**ST-008:011** *Hrafnshamar* heimild um huldufólksbústað

"Ónar heita víkur innan við Vallanesið inn að Ytra Kýrvíkurnesi. Upp af Ónavík er Hrafnshamar, hár kletthjalli, sem vegurinn liggur yfir. Hann átti að vera huldufólkskirkja," segir í örnefnalýsingu. Hamarinn er 2,4 km vestur af bæ 001, fast neðan eða sunnan við Þjóðveg.

Mikill klettur, allt að 20-30 m hár. Þjóðvegurinn liggur yfir hann ofanverðan. Lögun klettsins minnir á kirkju.

**Hættumat:** hætt, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjörvogur, 3

**ST-008:012** *Sætrakofi* þúst 65°58.462N 21°28.249V

"Ytri Kýrvíkurnes klofnar í tvennt af djúpum bás, sem heitir Merarbás. Sú sögn var, að þar hefði hrapað hryssa. Næst er ónefnd vík, síðan Innra Kýrvíkurnes. Innan við það er ónefnd vík inn að Innstugjá, sem síðar getur. Þá tekur við Sætravík inn að Sætratanga, sem er klettanes. Upp af Sætratanga og út að Sætragili, var Sætratún. Það er nú að mestu komið undir veg. Þar var kofi, sem notaður var til viðlegu við heyskap. Hann var kallaður Sætrakofi," segir í örnefnalýsingu. Í örnefnalýsingu Kúvíkna segir: "Gömul munnmælasaga greinir svo frá, að áður fyrr hafi gömul einsetukona búið á Sætrunum, sem eru beint á móti Kúvíkum í norður, í Kjörvogslandi, og hafi hún átt eina kú. Einu sinni féll snjóflóð á kofa hennar með þeim afleiðingum, að allt sópaðist út á sjó, þar með talið konan og kýrin. Kúna á að hafa rekið yfir fjörðinn og eftir það hafi staðurinn verið nefndur Kúvíkur." Sætravík er 4,3 km VSV af



*Dyraberg 010, horft í vestur*


0V



*Neðri hluti Sætratúns 012, horft í suðvestur*

Kjörvogi 001, tæpan kílómetra austur af Sætraleif sem er á merkjum við Naustvík. Sætravík markast að vestan af Sætratanga. Upp og austur af honum er mjög grasgefið. Beint upp af tanganum og aðeins um 10 m sunnan þjóðvegjar eru óljósar þústir. Kafagras er upp af tanganum og vestan við hann, upp af litlum og grýttum vogi. Ofar í brekkunni, ofan vegjar er einnig gróska en nokkuð mýrlent. Líklega eru það leifar Sætratúns.

Engin greinileg rúst sést upp af víkinni og verður að teljast líklegt að kofinn hafi farið undir þjóðveg.



Upp af Sætratanga er reyndar mjög grösugur hóll en erfitt að slá því föstu að um rústir sé að ræða. Greinilega er klettur undir en hóllinn er alls um 15 x 8 m stór 15 X 8 frá NA til SV. Um 10 m vestan við hann er lítil, gróskumikil bunga, um 3 m í þvermál og 10 m vestur af henni er skora upp af sjávarbakkannum, um 8 m löng og 2 m breið, líkist nausti. Það er austan undir kletti sem markar víkina að vestanverðu. Sætraörnefni eru allnokkur á svæðinu: Sætrakofi, Sætratún, Sætratangi, Sætravík, Sætragil og síðast en ekki síst Sætrafjall sem gnæfir yfir öllu saman. Verður að teljast líklegt að allir staðirnir séu kenndir við sætur eða sel sem hefur verið á svæðinu, líkast til í Sætratúni

upp af Sætravík. Annar möguleiki er að Naustvík hafi upphaflega verið selstaða og nöfnin stafi af því.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjörvogur, 3; Ö-Kúvíkur, 1-2

**ST-008:013** *Kaupmannahafnarvogur* tóftir

65°58.388N 21°28.527V

"Innan til á Sætratanga [sjá 012] er Hringvogur. Næst er ónefnd vík, svo Kaupmannahafnarvogur eða Kaupmannahöfn. Lausasagnir eru, að þar hafi tíðkast kaupmennska af skipum. Tóftir eru upp af voginum, sem engar sagnir eru um," segir í örnefnalýsingu. Kaupmannahafnarvogur er tæpa 250 m suðvestur af Sætravík 012, skammt austan við merkin við Naustvík.



Tóft (A) við Kaupmannahafnarvog 013

Vogurinn er fremur klettóttur og grýttur. Smámýri er upp af honum miðjum. Lítið nes markar voginn að vestan, fremst á því eru klettur en upp af þeim er grösugur rani. Á honum eru tvær tóftir.


Syðri tóftin, (A), er nyrst á rananum. Upp af honum er hóll með klettum framan í - þar er nyrðri tóftin, (B). Báðar eru þær gróskumiklar og greinilegar. Tóft (A) er tvískipt, alls 10 x 10 m stór. Vestara hólfíð er aflangt frá norðri til suðurs, um 10 x 5 m stórt en annað

hólf

gengur frá því sunnanverðu til austurs, um 5 x 5 m stórt. Veggir eru algrónir og grjótt sést ekki í þeim, mest um 0,6 m háir. Hvergi sjást dyraop. Tóft (B) er um 20 m norðar. Löggun hennar er óljósari en þó virðist hún skiptast í þrennt, rúmlega 8 x 8 m stór. Nyrst í henni miðri er lítið hólf, um 3 x 2 m stórt frá austri til vesturs, ekki sjást dyr á því. Syðst í tóftinni eru tvö samliggjandi hólf, hvort um sig u.þ.b. 3 x 3 m að innanmáli, bæði opin í suður. Ógreinileg brún skilur þau að en ekki eiginleg vegghleðsla. Tóftin er algróin líkt og (A) og hvergi sér í grjótt. Lækur rennur í grunnu gili vestan við tóftirnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjörvogur, 3-4



**ST-008:014** þúst

65°58.452N 21°28.506V

Um 100 m norðaustur af tóft (B) við Kaupmannahafnarvog 013 er greinileg þúst, 10-15 m sunnan þjóðvegjar.



Þurr bakki en bratt er fram af honum niður að mýri sem er beint upp af Kaupmannahafnarvogi. Þústin sker sig úr landslaginu en lag hennar er þó ekki greinilegt og ekkert grjót sést í henni. Stærð er um 6 x 4 m frá NV til SA. Smáskora sem gengur inn í tóftina á miðri suðvesturhlíð, fram af bakkanum, gætu verið leifar af inngangi. Hæð þústarinnar er um 0,3 m.


**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ST-008:015** tóft útihús 65°59.210N 21°22.987V

Tóft er í Kjörvogshólma, tæpa 10 m norður af tóft 004.

Kjörvogshólmi er lítið flatt og gróið nes, alveg landfast, sem gengur út í sjó beint niður af bæ. Fremst í því eru klettur. Tóftin er 9 x 4 m stór frá norðvestri til suðausturs og skiptist í tvö hólf. Hún er þokkalega stæðileg en þó signari en báðar hinar tóftirnar í Kjörvogshólma, 003 og 004, næstum algróin. Syðra hólfíð er um 4 x 4 m stórt en hið nyrðra eilítið stærra. Hvergi sjást dyr, hvorki á útveggjum né millivegg. Teikning og ljósmynd af tóftinni eru hjá minjum nr. 003 og 004.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**ST-008:016** tóft

65°58.851N 21°26.447V

Tóft er á Ytra-Kýrvíkurnesi, á nefi sem gengur fram austan við Merarbás sem klýfur nesið í tvennt eftir endilöngu. Það er 2,7 km vestur af Kjörvogi 001. Slétt og grasgefið nes en þó mjög takmarkað undirlendi. Nesið er hátt og snarbrattir klettur fram af því niður í Merarbásinn. Einnig eru snarbrattar brekkur upp af nesinu, að þjóðvegi.



Tóft á Kýrvíkurnesi, horft í suður



Tóftin er allgreinileg, alls 7 x 4 m frá norðri til suðurs og skiptist í tvennt. Hólfín tvö eru ámóta stór og sýnast opin í austur nema austurhlíðin sé alveg sigin. Á tveimur stöðum grillir í hleðslugrjót en annars eru veggir algróinir og ekki nema um 0,2 m háir. Ekki er óhugsandi að þriðja hólfíð sé norðan við tóftina en það er mjög óljóst.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-008:017** þúst


65°58.895N 21°26.384V

Rústabunga er um 100 m norðaustur af tóft 016.

Grösugur hvammur. Bratt er fram af honum niður að sjó, um 100 m vegalengd. Klettur eru ofan við hvamminn, milli hans og þjóðvegur. Ekkert húsalag sést á bungunni en hún er áberandi gróin og sker sig úr hvamminum, vaxin háu grasi. Stærð hennar er um 20 x 15 m frá norðri til suðurs, hæð hátt í 1 m.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-008:018** gryfja 65°59.248N 21°23.287V



Dokk, sem er líkast til manngerð, er um 50 m austur af Stekk 007, um 15 norðan við sjó.

Sléttur og grösugur bakki undir brattri og hárrí brún.

Dokkin er bátslaga, um 5 x 2 m frá austri til vesturs, rúmí 0,5 m á dýpt. Smá dæld liggur frá henni miðri til suðurs, lík frárennsli. Grjót sést í syðri bakka,



Gryfja 018, horft í suður

hugsanlega úr hleðslu. Tilgangur með mannvirkinu er óljós, enda er það of langt frá sjávarmáli til að geta verið naust. Um 10 m austur er svipuð dokk en heldur stærri, gæti þó verið náttúruleg. Lækur rennur á milli þeirra tveggja.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-008:019** garðlag

65°59.215N 21°23.055V

Grjóthlaðinn garður er á sjávarbakka 30-40 m vestur af tóft 015.

Grösugur og sléttur bakki. Garðurinn gæti verið hluti af gömlum túngarði en þó gæti tilgangurinn öðrum þræði hafa verið að sporna gegn rofi vegna sjávarágangs. Hann liggur frá austri til vesturs á tæplega 50 m löngum kafla. Hann er alveg hruninn og sumstaðar sjást aðeins undirstöðurnar, virðast hafa verið tvöfaldar. Bæði austur- og vesturendi sveigja upp til norðurs í bláendann.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**ST-008:020** garðlag túngarður

65°59.298N 21°22.957V

Leifar af veglegum túngarði eru norðan við austurenda Kjörvogstúns. Vesturendi hans er 60-70 m norður af bæjarhól 001. Sléttáð tún í rækt er innangarðs en mýrlendir bakkar utan við.

Garðurinn er unglegur að sjá, líklega torfhlaðinn, a.m.k. sér hvergi í grjót. Hann er reglulegur og algróinn, hærri sé staðið innan hans, allt að rúmum 1,5 m vestast. Breiddin er tæpur 1 m. Alls má rekja garðinn í um 60 m. Ekki er ólíklegt að hann hafi verið lengri upphaflega en verið rutt út að hluta vegna túnræktar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ST-008:021** Litlanes tóftir býli

65°59.310N 21°22.571V




*Grunnur íbúðarhúss á Litlanesi, sjá 021 (A).  
Horft í suðvestur*

"Innan við hann [Mólæk] er Litlanes. Þar var um stutt skeið á 20. öld samnefnt býli." Litlanes er skráð hér með fornleifum því þar eru tóftir útihúsa sem byggð hafa verið úr torfi og grjóti. Bærinn Litlanes stóð 300 m austan við bæjarhól 001. Tún í órækt. Fram af því er hár bakki niður að sjó. Túnstæðið er lítið, nálægt 100 x 50 m frá austri til vesturs. Skurður liggur frá austri til vesturs norðan við túnstæðið, sömuleiðis vestan við það en þar hefur líklega verið lækur áður.

Byggingarleifar eru hér merktar með bókstöfum til einföldunar. Steyptur kjallari undan íbúðarhúsi, (A) er vestast í túninu. Hann er 5 x 6 m stór og liggja tröppur upp úr honum í suðausturhorni. Skorsteinnur er upp við austurlanghlið, nú fallinn og liggur uppi á

bakkanum. Steypt plata er á norðurbakka, sömuleiðis eru steypu- og viðarleifar á austurbakka. Tóft, (B), er 8 m norðaustur af grunninum. Hún er einföld, snýr frá norðri til suðurs og er um 5,5 x 8 m stór. Dyr eru á suðausturhorni. Vatnspípa stendur upp úr grasi við vesturlangvegg. Rúma 60 m austan við húsgrunn (A) eru leifar af niðurgrofnu, hringlaga mannvirki, (C), með steiptum innveggjum, hugsanlega súrheystum. Hann er 2-3 m í þvermál og hefur grjóti verið raðað kringum opið. Tæpum 50 m austur af honum eru tóftarleifar, (D), en það mannvirki virðist aðeins hafa verið hlaðið að hluta. Eftir stendur L-laga hleðsla, 8 m A-V og 5 m N-S. Vel má greina brúnir á öðrum hliðum og hefur mannvirkið alls verið um 14 m austur-vestur og 6 m norður-suður. Veggir eru um 0,8 m háir mest.

**Heimildir:** Ö-Kjörvogur, 2




**ST-008:022** gerði kálgarður

65°59.320N 21°22.382V

Tóft, sem nær áreiðanlega er af kálgarði, er fast neðan eða sunnan við austurenda Litlanesstúns 021.



Kálgarðurinn hefur verið byggður á sléttum stalli utan í háum sjávarbakka. Gil er fast vestan við hann. Jarðvegur er mjög sendinn. Tóftin er 6 x 8 m stór frá austri til vesturs, mjög regluleg og ferköntuð. Hlaðið hefur verið á þrjár hliðar en gilið markar garðinn að vestanverðu. Grjót sést ekki í hleðslum. Við vesturenda garðsins er djúp dokk utan í bakkanum, hugsanlega leifar kartöflugeymslu, um 3 x 2,5 m stór og e.t.v. dyr í suðvestur. Hleðslur sjást þó ekki. Gegnt garðinum, hinumegin í gilinu, er mjög regluleg, ferköntuð dæld, gróðurlítill og engar hleðslur sjást um hana. Það gæti einnig hafa verið kálgarður.



**Hættumat:** engin hætta

**ST-008:023** *Mólækur* náma mógrafir

65°59.403N 21°22.493V

"Mólækur, landamerki Kjörvogs og Víganess, á upptök í mýrum og flóum upp í brekkunum sem fellur til sjávar. Við bakka hans neðan til eru mógrafir. Innan við hann er Litlanes [021]," segir í örnefnalýsingu. Mógrafasvæði hefur líklega verið ofan við austurhluta Litlanesstúns, vestan Mólækjar, tæpa 200 m norðan við Litlanes. Mýri í halla mót suðri. Heilar grafir eru hvergi greinilegar en víða sjást regluleg börð í mýrinni, gætu verið brúnir mógrafa á svæði sem er allt að 100 x 100 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Kjörvogur, 1

**ST-008:024** hleðsla fjárhús

65°59.412N 21°23.021V

Fjárhús voru 20-30 m ofan eða norðan þjóðvegjar, um 150 m norðaustan við núverandi íbúðarhús á Kjörvogi. Slétt graslendi, jarðvegur þunnur og sendinn. Ofar eru mosapembur, börð og mýrarblettir. Húsin eru horfin, þau voru rifin og leifum þeirra væntanlega rutt út. Eftir stendur L-laga garðlag, 36 m A-V og 11 m N-S. Húsin voru í krikanum þar sem garðarnir mynda 90° horn. Engar leifar sjást af þeim en þar vex rabbabari. Garðurinn er algróinn en stæðilegur, um 1 m hár. Grjót sést í hleðslunum að utanverðu.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-008:025** *Vígenes* hús býli

65°59.320N 21°21.724V

"Utan við Kjörvog er landlítill jörð, Vígenes á samnefndu nesi. Henni var skipt út úr Kjörvogslandi á 19. öld," segir í Stundum á Ströndum. Vígenesbærinn stendur 950 m austur af bæjarhól Kjörvogs 001. Túnskiki er í kringum húsið, á grösugum sjávarbakka. Vígenes er tvílyft steinhús, um 10 x 10 m í grunninni. Ekki tókst að afla upplýsinga um hvort eldri torfbær hefði staðið á sama stað en hafi svo verið sjást engin merki hans nú. Til er túnakort af Vígenesi frá 1917. Á því sést að útihús stóð rúma 60 m vestur af íbúðarhúsinu. Þar er nú steinsteipt, lágreist fjárhús með hlöðu og sjást engin merki um eldri hús. Túngarður markar túnið að sunnan og vestan. Hann sést fyrst um 60 m austur af íbúðarhúsinu og liggur þaðan rúma 50 m til suðvesturs en sveigir þá í vestur, meðfram sjávarbakkanum og má rekja hann tæpa 100 m til viðbótar. Þá sveigir hann beint í norður en endar eftir um 25 m. Þetta er hálfgróinn grjótgarður, hruninn, um 0,3 m hár. 10 m austan við vesturenda liggur hann yfir uppmokstur úr skurði og bendir það til ungs aldurs. Þess má geta að 5 m sunnan við garðinn, tæpa 30 m suðvestur af Vígenesi 025, er iðagrænn og kúptur hóll frammi á sjávarbakkanum, um 10 x 5 m frá austri til vesturs, hugsanlega leifar mannvirkis. Aðrar minjar sjást ekki í Vígenesstúni en rétt er að geta þess að á túnakortinu sést að um 100 m austur af bænum, utan við túnið, hefur verið tvískipt, afgirt svæði, um 70 x 30 m stórt frá austri til vesturs. Þetta hefur líkast til verið náthagi en alls engin merki sjást um hann nú.

**Heimildir:** HJ, 27; Túnakort 1917

**ST-008:026** heimild um lendingu

65°59.303N 21°21.925V

Lending hefur verið 150 m inn eða suðvestur af Vígenesi 025. Ofan við hana, um 15 m frá sjávarkampinum, er gamalt spil. Lendingin er milli tveggja klettatanga, þar er sandfjara.

**Hættumat:** engin hætta


**ST-008:027** *Smalabúfur* þjóðsaga legstaður

65°59.293N 21°21.986V

"Munnmæli segja að smalarnir á Kjörvogi og Gjögri hafi barist á nesinu [Víganesi] og drepit hvor annan. Þeir voru svo dysjaðir þar sem nú heita Smalabúfur," segir í Stundum á Ströndum. Nesið er tæpa 50 m suðvestur af lendingu 026. Skv. Hávarði Benediktssyni á Kjörvogi voru Smalabúfurnar tvær en fyrrverandi ábúendur á Kjörvogi þekktu aldrei nema aðra. Grasi gróið nes. Áberandi hundabúfa er fremst á nesinu og má segja að hún sé tvískipt, þ.e. á henni eru tvær bungur. Hún er á þurrum, grösugum bakka. Ekkert bendir til að þúfan sé manngerð.

1

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** HJ, 27



**ST-008:028** gerði kálgarður 65°59.324N 21°21.850V  
Kálgarðstóft er 90 m vestur af Víganesi 025, utan við túnið. Hún er utan í sendnum bakka sem snýr mót suðri. Tóftin er hlaðin á þrjá vegu en bakkinn markar hana að norðan, alls 6 x 6 m stór. Hleðslur eru lágar og litlar um sig, algrónar.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-008:029** heimild um verbúð

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Þar er á jörðinni búð ein. Hana bygði í fyrstunni Halldór heitinn Magnússon, síðan fjell hún niður, eftir það ljet Jón Magnússon á Reykjarnesi uppbyggja búðina aftur. Við hana er á vorin Hannes Jónsson í Reykjarfirði með skip sitt til hákalla afla á vorin. Þar fyrir utan er hún í eyði. Vertoll hefur Hannes öngvan goldið nema einu sinni v álnir. Af þessari búð geldst ekkert til ábúanda." Nú er ekki vitað hvar verbúðin var.

**Heimildir:** JÁM VII, 345

**ST-008:030** heimild um verbúð

"Önnur búð hefur þar verið. Við hana hafa í sama máta sjómenn verið á vordag til hákalla afla. Nú er búðin niður fallin. Búðina bygðu Jón Hallvarðsson í Naustvíkum og Guðmundur Sveinbjörnsson sem þá var í Naustvíkum." Nú er ekki vitað hvar verbúðin var.

**Heimildir:** JÁM VII, 345

**ST-008:031** gata leið

65°59.169N 21°24.720V

"Þá tekur við Kleifarvík, sem endar við svokallaða Kleif, sem er klettahryggur í sjó fram, gróinn að ofan. Yfir hana er göngu- og reiðgata. Innan við Kleifina er nafnlaus vík [...] Rétt innan við hann [Gamlastekk 008] liggur gatan milli tveggja bergstanda, sem nefnast Dyraberg [010]," segir í örnefnalýsingu. Gata þessi hefur legið til vesturs frá bæ, væntanlega allt að Naustvík.

Mjög lítið undirlendi er þar víðast hvar, þó sléttir grasbakkar fast við sjóinn.

Víða sést götutroðningur meðfram ströndinni langt vestur fyrir bæ. Hann sést t.d. hjá áðurnefndu Dyrabergi og á bökkunum neðan við bæ 001, t.d. norðan við Náthaga 007.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Kjörvogur, 2-3

**ST-008:032** *Kesvogskot* heimild um býli

Í frásögum af Spánverjavígum 1615 er getið Kesvogskots eða Kjörvogskots: "Eitt sinn þóttust þeir spönsku missa spik nokkuð af einum hvalhaus í myrkri, en að morgni klöguðu þeir sig hér um Pétur og Stepan fyrir sínum heimahafnarbónda er bjó á Kesvogskoti, þar þeir lágu. Hann bara af sér, en þorði þó ei fyrimann þess verks að nefna." Ekki er vitað hvar kotið var og ekki fundust fleiri heimildir um það.

**Heimildir:** Spánverjavígin 1615, 9

## ST-023 Seljanes

8 hdr. 1847 og 1706. Seljanes hefur verið í eyði síðan 1971.  
Tún 2.0 ha 1917. 1/3 slétt.

### ST-023:001 Seljanes bæjarhóll bústaður

66°03.918N 21°39.597V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 og frásögn Péturs Guðmundssonar í Ófeigsfirði stóð gamli bærinn 40-50 m norðar en núverandi bæjarstæði í Seljanesi. Á nýrra bæjarstæðinu er nú gamalt hús í niðurníðslu en skammt sunnan við gamla bæjarstæðið eru skemmur og skúrar.

Gamli bærinn var á hæsta punktur túnsins, hér um bil á miðju Seljanesi þar sem það byrjar að ganga út

til norðurs. Bæjarlækur rennur með hólnum að sunnan og vestan, hefur verið grafinn út að hluta. Greinilegur hóll er í túninu. Skemmur sem nú standa eru syðst á honum, þar sem land er tekið að lækka. Hóllinn er aflangur og liggur norður-suður en ljóst er að hann er að einhverju leyti náttúrulegur, enda gægjast klettaniðbur upp úr honum austarlega fyrir miðju sem og nyrst. Alls er hann um 70 m langur og 40-50 m breiður en ekki fyllilega ljóst nákvæmlega hvar gamli bærinn stóð, enda sjást hans engin merki. Syðsti hluti hans virðist líklegastur til að vera upphlaðinn að einhverju leyti, þar er gróska mest og hvergi sést í kletta. Suðvestast á hólnum er lítil tóft, hugsanlega súrheystóft. Hún er sporöskjulaga, um 5 x 5 m stór og algróin. Innan við 10 m suður af henni er kálgarður, tæplega 10 x 10 m stór. Umhverfis hann er hrörleg girðing úr rekavið og vír. Íbúðarhúsið stendur um 20 m suður af suðurenda hólans, milli hans og hússins rennur bæjarlækur.



Bæjastæði á Seljanesi, horft í norður

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

### ST-023:002 Nónvarða heimild um eyktamark

66°03.670N 21°40.000V

"Nónvarða heitir varða ofan við kletta við hlíðarrætur, heldur sunnar en Skötuvík. Hún var notuð sem eyktamark frá Seljanesi," segir í örnefnalýsingu. Í annarri lýsingu segir: "Þar fyrir utan [Helgaskjól] heitir Skötuvík, og upp af henni Nónvarða." Nónvarða var líklega á klettum skammt neðan eða norðan við veginn sem liggur í Ófeigsfjörð, um 550 m vestur af bæ 001.

Varðan var á klettabelti neðan fjallsróta en neðan við það er mýrarblettir.

Varðan er horfin en ekki ljóst hvers vegna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Seljanes a, 2; Ó-Seljanes b, 1


### ST-023:003 Nátthagi gerði nátthagi

66°03.880N 21°39.781V

"Utan við Skötuvík tekur við mýri upp á bökkum. Hún heitir Nátthagamýri. Utan við hana eru Nátthagaklettur. Þeir liggja niður undir sjó og upp eftir og mynduðu að miklu leyti Nátthaga sem var utan við þá, Hlaðið var upp í skörð í klettunum. Nátthaginn var notaður bæði um sauðburð og þegar fært var frá. Mestur hluti hans var upp af Nátthagavík, sem er utan við klettana," segir í örnefnalýsingu. Nátthagi er við sjóinn, tæpa 200 m vestur af bæ 001.

Grösugur hvammur upp af Nátthagavík. Hann er klettum girtur að austan og sunnan og markast af sjónum að norðanverðu. Innan nátthagans er land þýft en mjög grösugt.

Heildarstærð nátthaga er tæpir 120 m frá austri til vesturs og 90-100 m frá norðri til suðurs. Suðaustast í honum er hlaðin lítil rétt sem að miklu leyti er byggð uppvið kletta. Í henni



hefur verið hlaðið þvert yfir klettaskoru á tveimur stöðum frá austri til vesturs svo úr verður hólf, alls um 14 x 7 m stórt frá austri til vesturs. Norðvestarlega í réttarhólfinu myndar klettur lítið hólf á þrjá vegu og hlaðið hefur verið fyrir það að norðanverðu. Alls er hólfíð um 3 x 3 m stórt en op á því norðaustast. Rekið hefur verið inn í stærra réttarhólfið að norðaustan, þar er allt að 6 m breitt op sem sýnilega hefur verið girt fyrir að hluta því þar standa uppi tveir girðingarstaurar. En aftur að náttaghanum. Hlaðið hefur verið að honum að vestanverðu, enda ekkert náttúrulegt aðhald þar. Sú hleðsla er um 70 m löng en býsna hlykkjótt. Sunnarlega á henni hefur verið op. Garðurinn er úr torfi og greinileg þæla sést meðfram honum að vestan eða utanverðu. Hann er allt að 1 m háur. Að sunnanverðu við náttthagann er mikið og hátt klettabelti og þar hefur verið hlaðið með grjóti upp í gloppur og skorur á 5-6 stöðum. Vestarlega í miðjum nátt Haga er gróin tóft, líklega af útihúsi. Hún er einföld, 8 x 5,5 m stór og snýr frá vestri til austurs. Dyr hafa verið í austur. Veggir eru signir og hlaupnir í þúfur, um 0,5 m háir en aðeins örlar á grjóti í þeim á nokkrum stöðum. 2-3 m norðan við tóftina er þúfnahlaup með dæld í miðju, gætu verið leifar af öðru mannvirki.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Seljanes a, 2

**ST-023:004** hleðsla rétt

66°03.907N 21°39.672V


"Næsta vík [við Náttthagavík 003] heitir Snækollsvík. Hún er alveg við tún. Snækollur heitir gróinn klettur sunnanvert við víkina, innan túns.



Rétt 004 við Snækollsvík, horfi í norður

Mikill snjór safnaðist oft í víkina en Snækollur var oftast auður, því að snjór skóf af honum. Í víkinni var fjárrétt milli kletta," segir í örnefnalýsingu. Réttin er í víkinni beint neðan og norðvestan við gamla íbúðarhúsið sem enn stendur, rúma 100 m VSV af bæjarhól 001. Sjórinn hefur sorfið þrönga og djúpa skorur inn í klettana. Vestan við hana er tvískipt vík, lítil, en upp af henni grösug en stutt brekka upp að íbúðarhúsinu.

Skoran er í sjálfu sér dagott aðhald, aðeins hefur þurft að hlaða fyrir hana



á tveimur stöðum. Alls er skoran um 40 m löng og 6 m breið frá norðri til suðurs en full af stórgrýti nyrst, við sjóinn. Þar markast hún af háum klettaveggjum, meir en 2 m háum. Veggirnir fara lækandi til suðurs og þar hefur verið hlaðið uppi á þeim bæði vestan við skoruna og suðaustan. Vesturhleðslan er um 10 m löng en sú eystri er L-laga og markar SA-hornið, alls um 7 x 7 m. Í hleðslum eru allt að 6-7 umför grjóts, hæð allt að 0,8 m. Hleðslur eru alveg ógrónar. Rekið hefur verið inn í réttina að suðvestan, gegnum náttúrulegt bil milli kletta.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Seljanes a, 2

**ST-023:005** Lending heimild um lendingu

66°03.882N 21°39.508V

"Þá fer að beygja inn til Ingólfsfjarðar. Lending er vík rétt innan við nesið, niður af túni af henni er kollóttur klettur, nefndur Kerling. Ekkert mannslag er á henni. Hlein nefnist klettahlein, sem oft var lent við sunnanvert við Lendinguna. Upp af Lendingu er svonefndur Rimi í túni, uppgróinn malarkambur," segir í örnefnalýsingu. Lendingin er tæpa 100 m suðaustur af bæjahól 001.

Vík sem opnast mót norðaustri, út í mynni Ingólfsfjarðar. Í fjörunni er miðlungsstórt fjörugrjót. Flúrir eru vestan við víkina og töluverður reki í henni. Gamalt bátaskýli úr timbri er upp af lendingu og gamalt spíl þar hjá. Ekki sjást merki um naust.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Seljanes a, 3

**ST-023:006** Stekkur tóft stekkur

66°03.797N 21°39.145V


"Nokkurn spöl innan við tún er Stekkjarnes. Á því er klettur, sem nær upp fyrir það, Stekkjarnesklettur. Innan við nesið er Stekkjarvík. Í henni var Stekkur með kró, notaður við fráfarur, 5-

10 mínútna gang frá bæ. Seinast var fært frá frá 1916 á Seljanesi," segir í örnefnalýsingu. Vegurinn að Seljanesi liggur um Stekkjarvík, skammt fyrir ofan sjávarkampinn. Leifar stekkjarsins eru fast vestan við veginn, um 400 m suðaustur af bæ 001.

Skeifulaga hvammur er upp af vikinni, ofan við veginn. Hann er girtur lágum klettum. Stekkurinn hefur verið skemmdur mikið og rutt úr hleðslum, líklega vegna vegagerðar. Eftir stendur einn hlaðinn veggur og lítill tóft, algróin, áföst honum að utan- eða norðanverðu. Hleðslan er um 6 m löng frá austri til vesturs, úr grjóti, en tóftin er um 4 x 6 m stór, grjóthlaðin en að mestu gróin, frá austri til vesturs fast norðan við hana. Stafli af rekaviði er innan við hlaðna vegginn og sunnan við staflann er grjót- og moldarhrúga, líklega leifar stekkjareggjar. Innst eða syðst í hvamminum, tæpa 20 m suður af hlaðna veggnum, er óregluleg, stök grjóthleðsla sem liggur frá lágu klettabelti og til austurs, rúmlega 6 m löng. Líklega hefur hún átt að koma í veg fyrir að fé stykki upp úr hvamminum og inn fjörðinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Seljanes a, 3



**ST-023:007** *Dysberg* dys legstaður

66°03.551N 21°38.593V

"Innan við Neðrimýrar er Heimri-Bergistangi, klettatangi, og þar innan við klettur eða hamrabelti, einu nafni nefnt Berg, en skiptist í Neðra og Efraberg. Út úr Neðrabergi er þunnur stuðlabergsklettur niður í fjöru. Hann heitir Dysberg. Guðjón [Valgeirsson f. 1903] kannast ekki við þá sögn, að þar hafi verið dysjað fólk frá Miðhúsum í Munaðarneslandi, sem farist hafi í snjóflóði (J.H.J.) [Jóhann Hjaltason], en utanvert við bergið er grjóthruða í krika og sagt, að þar væri dys," segir í örnefnalýsingu. Dysberg er fast vestan við veginn um Ingólfsfjörð, rúma 600 m suður af Stekk 006. Dysberg er 6-7 m há klettur fast ofan við sjávarkampinn. Vegurinn liggur fast vestan við bergið, líklega á uppfyllingu. Dys er í krika fast við Dysbergið norðanvert, er hún gríðarlegt stórgrýti í óreglulegri hrúgu og virðist deginum ljósara að það hafi hrunið úr berginu fyrir ofan, enda sár þar í. Ekkert bendir til að dysin sé manngerð.

**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla


**Heimildir:** Ö-Seljanes a, 3-4

**ST-023:008** þúst

66°03.128N 21°38.000V

Þúst er upp af Bergisvík, rúma 60 m norðvestur af naustlegri tóft 018. Gróin brekka í töluverðum bratta mót austri. Mýrlent er í brekkunni sunnan við þústina, þar rennur lækur. Þústin er fast ofan eða vestan vegarslóðans sem liggur frá Ingólfsfirði út á Seljanes. Ekkert tóftarlag er á henni en hún er iðagræn og stórbýfð, allt að 20 m löng frá austri til vesturs og 10 m breið. Dálítil dæld sést í henni miðri, næstum L-laga. Vegurinn liggur yfir hluta þústarinnar og reyndar er einnig mikil gróska á tanga sem gengur fram í sjó austan vegarins.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar



**ST-023:009** álagablettur

706V


"Valleyri tekur við innan við Byrgisgrundir. Bæði þar og á Byrgisgrundum eru grónar grundir. Smáttjörn er á Valleyrinni. Sögn er um, að Grímur sá, sem á að vera heygður í Grímshaugi í Eyrarlandi hinum megin við fjörðinn, hafi fólgið skip sitt í tjörninni. Sagt er að bærinn á Eyri hafi sýnst brenna, þegar reynt hefur verið að ná því," segir í örnefnalýsingu. Í Frásögum um fornaldarleifar segir, í skýrslu frá 1817: "Síotte Haugur finst á Valleire i Selianeslande, þar seigia menn grafed sie Skip med fiármunum, og eigna þá Hiðnumm Grime og Ejrnium, i þessa Valleire seigia menn ad grafed hafe vered, og þegar ad vidum var komed, hafe fiórdurenn synst i einu bále, og hafe því vered hætt vid verked, og siást enn þá merke til þessa graptrar." Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá tjörninni: "Á Eyri í Ingólfsfirði hér í sókn bjó fyrrum bóndi sá er Grímur hét; kona hans hét Eirný og liggja þau bæði heygð í Eyrardal, og sést þar enn haugur þeirra; liggur dalur sá upp frá bænum að Eyri sunnanvert við Ingólfsfjörð. Bóndi átti skip mikið sem þeim hjónum þótti vænt um. Er svo sagt að þau er þau tóku mjög að eldast hafi flutt skipið norður yfir Ingólfsfjörð gagnvart Eyri og safnað í það mestum fjárhluða sínum, grafið síðan skipið í eyri einni norðanvert við fjörðinn sem heitir Valleyri. Á eyrinni hafa menn oft þókt sjá bláleitan loga eins og væri þar fólgið fé í jörðu. Enda tóku sig saman nokkrir menn jhér fyrir svo sem þrjátíu árum og fóru að graf í Valleyri, en urðu að hætta við eftir fáa daga sökum reimleika." Tjörnin er fast ofan eða vestan við vegarslóða um Ingólfsfjörð, rúma 300 m suður af



beitarhúsatóftum 026. Marflöt og gróin, lítil eyri en grösugir bakkar eru upp af henni. Tjörnin er næstum hringlaga, 8 x 8 m stór. Niðurgrafin rás liggur frá henni í átt til sjávar, um 1 m breið og hverfur undir veginn, líklega ummerki eftir tilraun til að þurrka tjörnina upp.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Seljaness a, 4; FF, 435; ÞJÁ III, 351



Túnakort Seljaness 1917

**ST-023:010** heimild um útihús

66°03.872N 21°39.434V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 140-150 m suðaustur af bæ 001.

Það hefur verið sunnanvert við víkina Lendingu 005. Þar er lítill og lágur klettatangi, grösugur að ofan.

Engar mannvirkjaleifar sjást þar. Af staðsetningu að dæma er líklegast að húsið hafi verið hjallur úr timbri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1917

**ST-023:011** heimild um útihús

66°03.841N 21°39.569V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m suðvestur af fjárhústóft 019. Þar er túnjaðar en mýri utan við hann. Túnið er gljúpt og fremur votlent á þessum stað. Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið í jafri mýrarinnar en þar sjást nú engin merki um byggingar. Hins vegar eru mógrafir 024 fast vestan við og hugsanlegt að húsið hafi tengst þeim, verið mókofi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1917

**ST-023:012** hleðsla rétt


66°03.854N 21°39.421V

Sumarbústaður er á Seljanesi, rúma 150 m suðaustur af bæjarhól 001. Fast austan við bústaðinn eru litlir klettur og milli þeirra 5-6 m breið glufa. Hlaðið hefur verið þvert yfir hana. Glufan er í halla mót norðri, í botni hennar vex gras. Hleðslan nær þvert yfir norðurenda skorunnar, frá austri til vesturs. Hún er 6 m löng, 1 m breið og 0,8 m há, ekki vönduð. Stórir steinar hafa verið látnir neðst og svo minni steinum hrúgað ofan á. Uppi á klettinum sem markar skoruna að austan er einnig hleðsla, næstum í beinu framhaldi af þeirri áður nefndu en liggur þó í suðvestur, alls um 8 m löng. Tilgangur með henni er óljós en sennilega hefur verið aðhald í skorunni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ST-023:013** tóft útihús

66°03.942N 21°39.527V



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 60-70 m norðaustur af bæjahól 001. Þar er nú tóft. Túnjaðar, nánar tiltekið norðausturhorn túns. Fast norðan við tóftina er garðlag 015 en að austanverðu sjávarkampurinn.

Tóftin er einföld og 8 x 7 m stór og snýr norður-suður, alveg opin í suður. Veggir eru staðilegir, úr torfi og grjóti, allt að 1,2 m háir.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:**Túnakort 1917

**ST-023:014** tóft

66°04.030N 21°39.587V

Túnið í Seljanesi er að miklu leyti á nesi sem liggur í norður. Næstum allra nyrst í nesinu, utan garðs sem afmarkar tún (015), er tóft. Austan á nesinu er mjó grasræma en klettur ráðandi að vestanverðu.

Tóftin er af litlu byrgi sem hlaðið hefur verið sunnan við klett. Það er um 2,5 x 1,5 m að stærð og snýr norður-suður, op vísar í suður. Sáraltíð hefur þurft að hlaða að vestan og norðan vegna kletta en þó eru leifar af lágum torfhleðslum á klettunum. Veggir, að klettum meðtöldum, eru 0,5 m háir. Ein stór þakhella



hefur verið lögð yfir innsta hluta byrgisins. Hlutverk þess er óljóst en þó virðist það mátulegt fyrir einn mann að liggja í, gæti verið skotbyrgi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1917



Tóft 014, horft í norður


**ST-023:015** garðlag túngarður

66°03.955N 21°39.531V

Tvöfaldur garður markar túnið í Seljanesi að norðanverðu, þar sem það liggur til norðurs á löngu og mjóu nesi. Austurendi syðri garðsins er fast norðaustan við tóft 013, á sjávarkampinum.

Gróið og fremur flatt nes, mjókkar þegar norðar dregur og klettum fjölgar.

Garðarnir tveir liggja þvert á nesið. Á milli þeirra er um 30 m bil þar sem land er slétt og gróið, líklega náttthagi. Nyrðri garðurinn liggur frá austri til vesturs, alls 25 m langur. Op er á honum miðjum, um 2



m breitt. Hinn garðurinn er eins og áður segir 30 m sunnar. Hann liggur frá sjávarkampinum á vestanverðu nesinu, fyrst rúma 20 m til austurs, samsíða nyrðri garði. Þá kemur 2-3 m breitt bil en eftir það heldur garðurinn til suðausturs, í átt að tóft 013, alls um 40 m vegalengd. Skammt norðvestan við tóftina beygir hann til austurs á ný en endar eftir 10 m frammi á sjávarkampi. Báðir garðarnir eru unglegir að sjá, hlaðnir úr ávölu fjörugrjóti. Þeir ná allt að rúmum metra á hæð og er nyrðri garðurinn sýnu stæðilegri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-023:016** heimild um útihús

66°03.897N 21°39.632V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús við norðvesturjaðar túns, um 40 m vestur af bæjarhól 001.

Húsið hefur verið hér um bil þar sem íbúðarhúsið er nú.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-023:017** tóft útihús

66°03.930N 21°39.528V

Tóftin er í Seljanestúni, 20-30 m SSA af tóft 013.

Túnjaðar, sjávarkampurinn er um 7 m austur.



Tóftin er algróin, 7 x 4 m stór og snýr austur-vestur og ekki ljóst hvort grjóti er í veggjum. Op snýr í austur, niður að sjó. Tóftin hefur verið hlaðin utan í klettahól sem skýlir henni að sunnan. Lag tóftarinnar og staðsetning minnir nokkuð á naust. Þó virðist hæpið að landing hafi verið fram af henni því fjaran er mjög stórgrýtt.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-023:018** tóft naust


66°03.098N 21°37.955V

Í Byrgisvík, 150 m NA af tóft 023, fast ofan eða vestan við veginn, er tóft.

Gróin grund.

Tóftin er nausts- eða bátslaga, um 7 x 1 m að innanmáli, niðurgrafin en hvergi vottar fyrir hleðslum. Hún er grafin inn í fremur mýrlendan bakka og botninn því votur. Austurendinn er opinn og vísar niður að sjávarkampi sem er 6-7 m fær. Fast sunnan við tóftina eru litlar klettanibbur.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar




**ST-023:019** tóft fjárhús

66°03.860N 21°39.477V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 130 m suður af bæ 001. Þar er nú stór fjárhústóft um 20 m vestan við sumarbústað sem stendur í jaðri túnsins

Túnjaðar, skammt ofar og sunnar er mýri. Tóftin er á vesturbarmi aflangs klettahryggjar sem er gróinn að ofanverðu og liggur norður-suður.

Tóftin er 11 x 15 m stór og snýr hér um bil norður-suður. Í henni eru tveir garðar og tvennar dyr, þó ekki út frá króm eins og algengast er heldur til hliðanna nyrst á báðum langveggjum. Syðst í húsinu virðist hafa verið hlaða en hún er ekki niðurgrafin. Sunnan við hlöðuna er ekki eiginlegur veggur heldur upphlaðinn stallur, lægri en veggirnir sem eru allt að 1,1 m háir. Lítil kró er hlaðin við húsið vestanvert, frammi á náttúrulegri brún sem þar er. Hún er um 5 x 3 m frá norðri til suðurs, opin í suður. Víða sér í grjóti, bæði í



gördum og veggjum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-023:020** tóft rétt

66°03.525N 21°38.558V

Víkin innan eða sunnan við Dysberg 007 heitir Bergisvík. Þar, rúman 1 km SA af bæ 001, eru hleðslur við kletta skammt vestan við vegarslóðann sem liggur frá Ingólfsfirði út á Seljanes.

Gróin kvos milli tveggja kletta, um 4 m breið. Út frá norðurenda vestari klettsins hefur verið hlaðið til austurs í boga. Það er um 5 m löng grjóthleðsla sem er hrunin og gróin að mestu, allt að 0,3 m há. Þá er lítið grjóthlaðið byrgi, 2 x 2 m stórt hlaðið upp við eystri klettinn, í skorunni á milli þeirra. Það er algróið og hleðslur mest um 0,3 m háar. Ekki sjást dyr á því. Milli klettanna að sunnanverðu er op en þar er reglulegur kantur sem gætu verið leifar af hleðslu. Hugsanlega hefur verið stíað í tóftinni, litla hólfíð gæti verið lambakró. Undir eystri klettinum að sunnanverðu mótár fyrir reglulegum niðurgrefti, um 5 x 2 m stórum frá austri til vesturs en austurendinn hverfur undir vegarslóða.



**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ST-023:021** tóft heystæði


66°02.804N 21°37.749V

Tóft er 40-50 m suður af tjörn 009 á Valleyri.



Grösug brekka. Tóftin er á stelli í brekkunni. Hún er líklega af heystæði, 7 x 4 m stór frá norðri til suðurs og veggir aðeins 0,2-0,3 m háir, algrónir. Dyr sjást ekki og hvergi sér í grjót. Ekki er ólíklegt að heyjað hafi verið á Valleyri. Þess má geta að beint ofan við tóftina sjást 12 litlir steypustöplar sem mynda ferhyrning, um 11 x 8 m stóran. Þetta eru leifar af grunni undan síldarsöltunarstöð sem var starfrækt á árunum 1916 til 1919, nefnd Valleyrarstöð.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-023:022** hleðsla


66°03.548N 21°38.509V

Leifar af hleðslu eru úti á mjög afgerandi tanga, 50-60 m norðaustur af tóft 020. Lágur klettatangi. Hlaðið hefur verið milli tveggja kletta á sjávarbakknum og er hleðslan einföld, um 2 m löng. Hún er allt að 1 m á hæð, 5-6 umför grjóts. Tilgangur með hleðslunni er óljós, þó gæti hún verið leifar af skotbyrgi.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**ST-023:023** tóft beitarhús

66°03.026N 21°37.856V



*Beitarhúsatóft 023, horft í austur*

Tóft er fast ofan eða vestan við vegarslóða um Ingólfsfjörð, um 50 m norðvestur af beitarhúsatóftum 026. Líttill, gróinn hvammur. Tóftin er af einföldu garðahúsi. Hún er alls 11 x 6 m stór frá suðaustri til norðvesturs, dyr hafa verið norðarlega á SA-skammhlið. Lítilfjörlegar hleðsluleifar eftir garða sjást í miðju. Húsið virðist hafa verið niðurgrafið um 30-40 sm. Veggirnir eru algrónir og ná mest um 0,5 m hæð. Jarðfastur klettur er norðarlega í norðaustur langhlið. Aðeins grillir í grjót, bæði í veggjum og garða. 4 m norðan við tóftina er þúfnabingur sem gæti verið leifar af tóft, um 6 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-023:024** náma mógrafir

66°03.845N 21°39.588V

Syðst í Seljanesstúni er mýri á kafla, um 140 m suður af bæjarhól 001. Kantar hennar eru víða svo jafnt skornir að þar hlýtur að hafa verið tekinn mór eða rist torf. Mýrlendi í túnjaðri. Svæðið er reglulegt, 50 x 30 m stórt frá norðri til suðurs. Dýpt er um 0,3-0,4 m.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-023:025** garðlag vörslugarður  
Um 80 m suðvestan við Nátthaga 003 er garðlag.

66°03.841N 21°40.047V



Vörslugarður 025, horft í norður

Gróinn bakki í halla mót norðvestri. Garðurinn hefur verið hlaðinn til norðvesturs, út frá sömu klettum og nátthaginn er undir og fram á þverhnipta sjávarhamra. Hann er alls tæplega 50 m langur, hlaðinn úr torfi og grjóti að því er virðist en þó er grjót eina hleðslufnið næst klettunum. Hann er mest tæpur metri á hæð. Um miðbik garðsins er op og þar liggja kindatroðningar í gegn. Garðurinn er ekki þráðbeinn heldur smáhlykkir á honum. Skurður hefur verið grafinn samsíða honum að sunnanverðu. Svæðið sem hann afmarkar á móti Nátthaga er víðast hvar mýrlent, ekki útilokað að það hafi verið slægjuland og garðurinn hafi átt að koma í veg fyrir að skepnur færu þar um.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-023:026** Byrgisgrundir tóftir beitarhús

66°02.978N 21°37.818V


Tvær rústir af mjög unglegum beitarhúsum eru á gróinni eyri, austan vegarslóða um Ingólfsfjörð, 2,2 km SA af bæ 001. Í örnefnalýsingu segir: "Aðeins innar [en Breiðavík] er Ytri Byrgislækur og þá Byrgisgrundir, sem beitarhús voru á. Guðjón [Valgeirsson f. 1903] byggði þar hús, en áður voru þar önnur eldri." Í annarri lýsingu segir: "Þar fyrir innan [Breiðuvík] heitir Byrgi og Byrgistangi; er það fjárbyrgi gamalt úr grjóti, og nú lítt notað lengur."

Slétt og gróin grund.

Bæði húsin hafa snúið dyrum niður að fjörunni, í austur. Sjávarkampurinn er



Beitarhúsatóftir 026 á Byrgisgrundum, horft í austur



steinsnar frá dyrum og fé hefur átt greiða leið að beit í fjörunni. Syðri rústin er 11 x 10 m stór frá norðri til suðurs. Í henni sjást tveir grjóthlaðnir garðar og eru þeir hlaðnir óvenju hátt upp eða 1,1-1,2 m. Bendir það til að grindur hafi verið í húsunum og gólfíð því áður verið hærra. Timburbrak er töluvert innan veggja sem eru grjóthlaðnir. Á norðurvegg eru leifar af torfhleðslu efst og nær veggurinn þar allt að 1,5 m hæð. Húsin eru niðurgrafin um 40-50 cm. Steypt plata er undir syðri útvegg og einnig eru leifar af þunnu (10 cm) steypu skilrúmi eftir húsinu endilöngu, í miðju þess, en það hefur væntanlega verið undir grindum. Utan við suðvesturhorn hússins, skammt frá vegarslóðanum inn Ingólfsfjörð, eru leifar af steypu húsi. Veggir þess standa enn vel. Það er um 4 x 3 m stórt frá norðri til suðurs, niðurgrafið. Líklega hefur verið geymt súrhey þar. Hin tóftin er 12 m norður af þeirri syðri. Hún er af einföldu garðahúsi sem snýr ASA-VNV og er alls 13 x 7 m stórt. Krær eru óvenju rúmgóðar. Tóftin er grónari en sú fyrrnefnda, þó stendur nyrðri útveggur vel og sjást allt að 8 umfór af grjóthleðslum í honum innanverðum, hæð 1,5 m. Líklega eru þetta eldri húsin sem getið er um í örnefnalýsingu. Um 25 m austan við húsin og austan vegarslóðans eru leifar af einfaldri grjóthleðslu sem sést á um 20 m kafla frá norðri til suðurs. Líklega eru það undirstöður undan girðingu.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Seljanes a, 4; Ö-Seljanes b, 2



## ST-024 Ófeigsfjörður

24 hdr. 1847 og 1706. Eyðijarðirnar Strandatún og Óskastaðir eru 1805 taldar með. "Herröðr hvítaský var göfugr maðr; ann var drepinn af ráðum Haralds konungs, en synir hans þrír fóru til Íslands ok námu land á Ströndum: Eyvindr Eyvindarfjörð, Ófeigr Ófeigsfjörð, Ingólfr Ingólfsfjörð; þeir bjöggu þar síðan." (ÍF I, 198-199) Ábúð lauk í Ófeigsfirði 1965.

Tún 7.7 ha. 1917. 9/10 slétt.

**ST-024:001** Ófeigsfjörður bæjarhóll bústaður 66°02.987N 21°42.280V

"Suður frá þeim [Naustum 013], milli heimreiðar og túngarðs [084] er Sjávarflöt og nær hún suður að hól þeim sem bærinn stendur á og nefnist Bæjarhóll. Hann mun áður hafa heitið Bænhóll [sjá bænhús 058]," segir í örnefnalýsingu. Gamla íbúðarhúsið í Ófeigsfirði stendur á bæjarhólnum. Hann er fast noðrvestan við bæjarlæk, áberandi og líklega hæsti punktur túnsins. Ekki hefur verið búskapur í Ófeigsfirði frá 1965 og jörðin einkum höfð til sumardvalar. Hóllinn er norðarlega í túni. Heimkeyrslan liggur upp hann úr norðri. Íbúðarhúsið var byggt árið 1914, eftir að gamli bærinn brann. Það er með niðurgrofnum kjallara og hefur líklega þurft að grafa 2-3 m niður í hólinn fyrir honum. Sunnan við húsið sjást hleðslur, leifar kálgarðs, líklega úr grjóti en algrónar. Hann er hlaðinn á þrjá vegu í halla mót suðri, utan í bæjarhólnum, alls 10 x 10 m stór. Gamla íbúðarhúsið stendur á aflöngum hólrana sem liggur austur-vestur, hann gæti verið náttúrulegur að mestu leyti. Fyrir nokkrum árum var grafið fyrir dreni umhverfis það og er ekki vitað til að neinar mannvistarleifar hafi komið upp. 15-20 m vestan við gamla íbúðarhúsið stendur annað íbúðarhús, yngra. Hóllinn rís hæst beint norðan við það, þar sem nú eru snúrustaurar. Alls má ætla að umfang bæjarhóls sé um 50 x 30 m frá austri til vesturs og hallar frá honum til allra hliða. Vafalaust er hann náttúrulegur að einhverju leyti en hæðin nemur alls allt að 2-3 metrum.



Ófeigsfjarðartún, horfi í norður. Gamla íbúðarhúsið er lengst til hægri

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 22

**ST-024:002** Smiðjumýri heimild um smiðju 66°02.980N 21°42.326V

"Ofan við Rimann [sem er milli Skvompubarðs og bæjarhóls 001] er túnið dálítið mýrlent og heitir þar Smiðjumýri. Dregur hún nafn af smiðju er stóð í vestur halla Bæjarhólsins," segir í örnefnalýsingu. Smiðjan sést á túnakorti frá 1917. Hún stóð um 50 m suðvestur af gamla íbúðarhúsinu í Ófeigsfirði, sem er á bæjarhól 001, beint sunnan við girðingu sem umlykur garð fyrir sunnan yngra íbúðarhús sem er suðvestan við bæjarhólinn. Endimörk bæjarhóls, við tekur mýri. Smiðjan er horfin. Á staðnum er nú niðurgrafinn skólptankur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 22; Túnakort 1917



**ST-024:003** Stekkur tóft stekkur 66°03.448N 21°40.519V

"Skammt innan við nafnlausu bríkina er önnur sem nefnist Helgaskjól. Hún skagar fram úr Bökkunum og er allhá en mjó. Rétt neðan við Bakkana er hún skorin af skarði sem er vel gengt. Hún hækkar þó aftur og nær niður í flæðarmál en þar er hún brotin niður svo ganga má fyrir framan hana. Framhald er af bríkinni fram í sjó en er þá aðeins lág bryggja. Upp með bríkinni Ófeigsfjarðarmegin er ágæt skjól fyrir hafátt. Þar var hlaðinn stekkur nokkru fyrir síðustu aldamót og var bríkin önnur hlið hans. Hin hliðin var hlaðinn grjótgardur í hálfhring en að ofanverðu var kró fyrir lömbin. Í daglegu tali er oftast talað um Stekk frekar en Helgaskjól. Rústir þessar sjást greinilega enn. Stekkurinn var notaður uns fráferur lögðust niður um 1908," segir í

örnefnaskrá. Tóftin er um 1,5 km austur af bæ 001.

Alveg niður við sjó, við klettarana sem snýr N-S og liggur niður að sjó, er mjó grasspilda, 30 - 50 m breið, sem er töluvert grýtt. Þar er tóftin. Sunnan við tóftina hækkar landið snögglega, frá hafi.

Tóftin er hlaðin utan í klettavegg sem snýr NV-SA og myndar austurhlíð stekkjarsins. Tóftin er 9 m NV-SA og 7 m NA-SV og er 2 hólf, lokað er á milli þeirra. Efra (suðaustara) hólfíð er minna, 2 m NV-SA og 7 m NA-SV (innanmál). Hólfíð er opið til suðvesturs. Neðra hólfíð (norðvestar) er 7 m NV-AS og 7 m NA-SV og er opið til sjávar, í norðnorðvestur. Veggir eru úr grjóti en milliveggur með torfi ofan á. Mesta hleðsluhæð er um 1,7 m. Suðausturhlíð stekkjarsins er að mestu leyti náttúrulegt grjót. Tóftinni hallar allri nokkuð til norðvesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 8

**ST-024:004** *Tæpagata* gata leið

66°03.352N 21°40.640V

"Stekkjargrund (sbr. stekki 003) er fremur mjó grund sem nær frá Helgaskjóli inn að nafnlausri kletthleini um 100 m innar. Inn af og skammt út af Stekkjargrund er lítill kletthólmur sem Kerling nefnist. Rétt innan við Kerlingu er vík upp í Bakkana og þar gengur aurskriða niður í fjöru. Yfir þessa skriðu er stígur sem menn og skepnur hafa markað í tímans rás og nefnist hann Tæpagata," segir í örnefnaskrá. Gatan liggur um 1,4 km austur af bæ 001.

Gatan liggur um grjótfjöru þar sem smáir klettadrangar ganga fram í sjó.

Undir Bökkunum er gróin brekka niður í fjöru. Um brekkuna liggur gata, einfaldur kindastígur.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 8

**ST-024:005** *Gamli-Stekkur* tóft stekkur

66°03.054N 21°41.316V

"Gamli-Stekkur er niður við sjóinn rétt utan við Sýrá og sjást þar grónar veggjahleðslur. Þessi stekkur er forn og var ekki notaður í tíð þeirra heimildarmanna sem þessi örnefnalýsing styðst við," segir í örnefnaskrá. Tóftin er um 700 m austnorðaustur af bæ 001, á austurbakka Sýrár.



Tóftin er fast suðvestan vegar heim að bæ og fjaran er fast norðvestan vegar. Gróið svæði milli sjávar og hlíðarróta.

Tóftin snýr N-S, 9 m löng og 6 m á breidd. Hólfin eru 2 og hið minna (syðra) er töluvert herra. Austurveggur er myndaður af klöpp, um 1,6 m á hæð, en torf og eitthvert grjót hefur verið sett ofan á syðst. Suður- og vesturveggir eru úr torfi og grjóti en tóftin er alveg opin til norðurs. Suðvesturhorn tóftar er að hluta úr klofinni klöpp.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 10

**ST-024:006** varða

66°02.844N 21°41.170V

"Kúpóttaholt er nokkuð áberandi en lítið kringlulaga holt og er lítil varða efst á því. Það er spólkorn austan við Sýrá móts við efsta fossinn," segir í örnefnaskrá. Holtið er rétt tæpan 1 km austan við bæ 001. Holtið sem varðan stendur á er 30 - 40 m í þvermál, vel afmarkað og hringlaga holt sem er talsvert gróið en jarðvegur þunnur. Varðan er um 1 m í þvermál og um 0,6 m á hæð. Ekki er vitað nákvæmlega um hlutverk vörðunnar, hún gæti þó staðið í sambandi við engjaslátt á Sýrárdal.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 11

**ST-024:007** *Reiðholt* gata leið

66°02.758N 21°41.307V

"Ofan við Áargrund og Króklæk er Lægri-Hjalli og hefst hann örskammt innan Sýrár og fer hann smá hækandi upp í öxl Hádegisfjalls og endar þar. Rétt ofar er annar hjalli sem nefnist Hærri-Hjalli og liggur hann eins og sá lægri frá Sýrá upp í öxl fjallsins. Upp þessa hjalla er farið þegar leiðin liggur upp á Sýrárdal og yfir í Ingólfsfjörð," segir í örnefnaskrá. Rúma 800 m austsuðaustur af bæ 001 sér fyrir götu. Áberandi holt, nokkuð stórgrýtt og er varða á toppnum.

Leiðin liggur fast austan við Réttarholt en þar neðan við er hún talsvert breið á kafla, mest um 2 m og hefur stærsta grjótið verið tínt úr og gatan aðeins verið hlaðin upp. Ofan við holtið er leiðin mun mjórri og ekki vel greinileg.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 13

**ST-024:008** *Fjósengi* örnefni fjós

66°02.386N 21°40.886V

"Reiðholtsmýri er lítill mýri ofan við holtið (Reiðholt) upp að lítilli hæð sem Leiti nefnist. Þar sést fyrst til mannaferða er komið er frá Ingólfsfirði yfir fjallið, en sú leið var kölluð "að fara yfir Brekku" þ.e. Ingólfsfjarðarbrekku. Upp og vestur af Leitinu er Sjónarhóll og er hann lágt holt fremur en hóll. Fyrir framan Sjónarhóll og Leitnið er ónefndur mýrarfláki nema framan til í honum, þar sem hann er einna grasgefnastur og sléttastur. Þar heitir Fjósengi," segir í örnefnaskrá. 700-800 m sunnan (ofar) við Reiðholt, sjá fornleif 007, er mýrarflói.

Mýri fyrir miðjum Sýrárdal, ofarlega (sunnarlega).

Engin ummerki mannvirkja eru sjáanleg í mýrinni en engið er gott þannig að það má hugsa sér að hér hafi verið slegið til að gefa í fjósi.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:**Ö-Ófeigsfjörður, 14

**ST-024:009** *Valtari* varða samgöngubót

66°01.854N 21°40.135V

"Suður og upp frá þessari mýri er allbrött og há brekka sem nefnist Valtarabrekka. Þegar komið er upp á hana tekur við dálítill gróðurlaus háslétta, sem nær að háhrygg leiðarinnar yfir Brekku. Leiðin (sjá fyrri skýrslu, ST-002:011), sem liggur á milli Ófeigsfjarðar og Ingólfsfjarðar, liggur austan við holt sem á er stór varða og heitir það Valtari. Vegurinn er eftir grunu sundi sem Brekkuskarð heitir en það er að mestu í Ingólfsfjarðarlandi," segir í örnefnaskrá. Varðan er 2,7 km suðaustur frá bæ 001.

Varðan stendur á lágu klapparholti fast við Brekkuskarð sem er klettaskarð. Varðan trónir yfir Sýrárdal og fer land að lækka suður til Ingólfsfjarðar handan skarðsins.

Varðan er reisuleg, sennilega upphlaðin til þess að gera nýlega, er um 1,7 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:**Ö-Ófeigsfjörður, 14



*Varðan Valtari. Horft í norður, út á Ófeigsfjörð*

**ST-024:010** *Óskastaðir* heimild um býli

66°02.936N 21°41.773V

"Óskamelur heitir riminn frá Króklæk að túngarði [084] og var honum á seinni árum breytt í tún. Óskamelur nær heim fyrir þær refagirðingar sem enn standa. Utan til á miðjum melnum sást fyrir tóftarbotum, sem nefndir voru Óskastaðir og má ætla að þar hafi einhver Ósk hokrað á hjáleigu. Utan til við Óskamel er lækur, Óskalækur. Utan við hann stóðu fjárhús [011] en Óskastaðir voru heiman til við lækinn. Tóftunum var breytt í matjurtagarð," segir í örnefnaskrá. "Nálægt bænum eru tóftir, kallaðar Óskastader. Hvert þar hefur verið býli vita menn ekki. Kann ómögulegt að byggjast, segir í Jarðabók Árna og Páls." Melurinn er um 400 m austan við bæ 001.

Grasigróinn melur. Ekki sést til fornleifa en þó er örlítill bunga á staðnum og liturinn á grasinu heldur dekkri en umhverfis melinn. Smáar grjótnibbur standa upp úr grassverði. Ekki liggur ljóst fyrir að hverju tóftirnar eru horfnar.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:**Ö-Ófeigsfjörður, 15; JÁM VII, 335

**ST-024:011** heimild um fjárhús

66°02.934N 21°41.595V

"Óskamelur heitir riminn frá Króklæk að túngarði [084], og var honum á seinni árum breytt í tún. Óskamelur nær heim fyrir þær refagirðingar sem enn standa. Utan til á miðjum melnum sást fyrir tóftarbotum, sem nefndir voru Óskastaðir [010] og má ætla að þar hafi einhver Ósk hokrað á hjáleigu. Utan til við Óskamel er lækur, Óskalækur. Utan við hann stóðu fjárhús en Óskastaðir voru heiman til við lækinn. Tóftunum var breytt í matjurtagarð.", segir í örnefnaskrá. Melurinn er um 500 m austan við bæ 001. Grasigróinn melur, örlítill kúfur er á melnum.

Smáar grjótnibbur standa upp úr sverðinum og er gras heldur dekkra en umhverfis melinn.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:**Ö-Ófeigsfjörður, 15

**ST-024:012** heimild um lendingu

66°03.058N 21°42.307V

"Fjaran frá Króklæk og heim undir bæ er nefnd Sandurinn. Fjaran er sléttur sandur og ágætis barnaleikvöllur um fjörur því útfiri er mikið. Við norðvestur enda sandsins taka við flúrir sem fellur yfir að mestu um flóð. Í Sandinum sunnan við flúrurnar er önnur aðalbátalendingin, og upp af henni eru Naustin [013]," segir í örnefnalýsingu. Lendingin er beint neðan við Naustin 013, þar eru nú bátaskýli og skemma um 140 m norður af bæ 001.

Slétt og sendin fjara, laus við grjót.

Lendingin er enn aðallendingarstaður í Ófeigsfirði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Ófeigsfjörður, 15-16

**ST-024:013** *Naustin* heimild um naust

66°03.062N 21°42.322V

"Fjaran frá Króklæk og heim undir bæ er nefnd Sandurinn. Fjaran er sléttur sandur og ágætis barnaleikvöllur um fjörur því útfiri er mikið. Við norðvestur enda sandsins taka við flúrir sem fellur yfir að mestu um flóð. Í Sandinum sunnan við flúrurnar er önnur aðalbátalendingin [012], og upp af henni eru Naustin," segir í örnefnalýsingu. Naustin eru fast norðvestan við lendingu 012. Þar er nú bátaskýli og skemma, 140 m norður af bæ 001. Grösugur bali. Land er lægra á þessum stað en annarsstaðar upp af lendingu og má vera að það hafi gengist niður eða verið lækkað af manna völdum. Dældin er allt að 20-30 m breið.

Engin merki sjást um hlaðin naust og kannast Pétur Guðmundsson ekki við þau. Sjór hefur brotið af bakkanum og má geta þess að stórsér á túngarðinum (084) af þeim sökum en hann stendur tæpt á sjávarkampinum. Því gætu naustin hæglega verið horfin í sjó.


**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ó-Ófeigsfjörður, 15-16

**ST-024:014** mannvirki skemma

66°03.118N 21°42.335V

"Fremst á Túnnesi er fremur langur en mjór vogur sem nefndur er Kattarvogur og stuttu norðar er Hundavogur sem er all djúpur og girtur nokkuð háum klettum á þrjá vegu. Þar mun hafa verið venja að drekkja hvolpum og kettlingum. Í þessum vogi var hákarlaskipið Ófeigur stundum fermt og affermt búvörum þegar ládautt var. Þröngt einstigi er um klettaglufu upp frá voginum og þar varð að bera vörurnar upp í geymsluhús er stóð neðan við túngarð uppi á tanganum," segir í örnefnalýsingu. Grunnur geymsluhússins sést enn vel, fremst á Túnnesi, 240 m norður af bæjarhól 001 og um 4 m norðan við túngarð 084. Grösugur bali en skammt niður á kletta. Fáeinum metrum norðar er Túnnesið klettum girt. Grunnurinn er steinsteyptur, ferkantaður, snýr norður-suður og er 5 x 8 m stór. Í honum er töluvert timburbrak. Á tveimur stöðum sjást þverbitar úr timbri sem liggja þvert á grunninn.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Ófeigsfjörður, 16

**ST-024:015** *Túnneslending* heimild um lendingu

66°03.115N 21°42.394V

"Túnneslending er annar aðal lendingarstaður bæjarins [hinn var 012]. Hún er í lítilli vík, sem skerst inn á milli Túnness og skers norðvestan hennar. Í Túnneslendingunni var hákarlaskipið Ófeigur jafnan sett upp," segir í örnefnalýsingu. Túnneslending er í viki sem gengur inn í landið vestan við Túnness, 120 norðan við aðallendinguna 012 og 250 m NNV af bæjarhól 001.

Fjara með smáum fjörusteinum. Vikið skerst ekki djúpt inn í landið, rúmlega 10 m. Stórir klettar eru við það beggja vegna og þó nokkrir stórir steinar, jarðfastir, í vikinu miðju.


**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ó-Ófeigsfjörður, 16

**ST-024:016** tóft hesthús 66°02.982N 21°42.446V

Hesthús var á Jensholti, rúma 20 m norður af suðvesturhorni túngarðs 084 og 120 m vestur af bæjarhól 001. Þar er tóft. Vesturbrún túns, vestar lækkar land og við tekur mjótt mýrarsund að grýttum en lágum holtum. Húsið hefur verið byggt utan í túngarðinn og þjónar hann sem vesturveggur. Hann er grjóthlaðinn á þessum stað, allt að 0,8 m hár. Tóftin er alls 6 x 5 m stór frá austri til vesturs og gæti op hafa verið á suðurhlið. Hvergi sér í grjót nema í vesturhliðinni og veggir eru ekki hærra en 0,5 m.

**Hættumat:** engin hætta





Túnakort Ófeigsfjarðar 1917

**ST-024:017** *Mógrafirnar á Nónholtinu* náma mógrafir 66°02.814N 21°42.609V  
 "Silungavað [068] heitir bugurinn á Húsá þar sem Lómasund liggur að ánni. Nónholt er allmikið holt eða öllu heldur hjalli með klettabrún mót norðvestri en allangan fláa til suðausturs að Óskahjalla. Þetta holt er skammt suðvestur af Lómatjörn og því er eyktarmark nóns frá bænum séð. Bæjarmegin við Nónholt er mýrarslakkir sem nefnist "Mógrafirnar á Nónholtinu". Þar var tekin mór," segir í örnefnalýsingu. Grafirnar eru 400 m suðvestur af bæ 001. Mýrarslakkir milli lágra klettaholta. Slakkinn liggur frá norðri til suðurs og er ágætlega afmarkaður. Hann er sundurgrafinn og víða í honum djúpar dokkir, fullar af vatni. Á a.m.k tveimur stöðum eru



litlar tóftir þar sem ætla má að mór hafi verið settur upp í hrauka. Önnur er austast í slakkanum, 20-30 m norður af kletti sem skagar fram úr Nónholti. Hún er 3 x 3 m stór, ferningslaga, veggir mosagrónir, líklega torfhlaðnir, og 0,4 m háir. Hin tóftin er 30 m norðvestar, á smáholti í miðju mýrarsundinu. Hún er óreglulegur, iðagrænn bingur, um 5 x 4 m stór. Alls er mógrafasvæðið a m k. 70 x 40 m stórt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 20

**ST-024:018** *Tólfmannaholt* þjóðsaga legstaður 66°02.902N 21°42.468V

"Tólfmannaholt er lítið sporöskjulaga klettaholt fram af norðurenda Lómatjarnar. Gömul sögn er til um að tólf menn, sem farist hefðu á Tólfmannaboða út af Seljanesi, væru dysjaðir þar. Þá átti að hafa rekið upp í Sandinn," segir í örnefnalýsingu. Holtið er rúma 200 m suðvestur af bæjarhól 001, um 100 m suður af túngarði 084. Lómatjörn er starartjörn. Mýrlent er austur og suðaustur af henni en annars klettaholt á alla vegu. Lítið og stakt holt er við norðanverða tjörnina, það er Tólfmannaholt. Holtið er mosagróið en skammt niður á klöpp, líkt og á hinum holtunum í kring. Staðurinn virðist ekki sérlega fýsilegur til greftrunar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 20

**ST-024:019** *Vörðuholt* varða samgöngubót 66°02.755N 21°42.764V

"Vörðuholt er lítið holt norðvestan við Nónholt og á því er fyrsta varðan á veginum um Ófeigsfjarðarheiði," segir í örnefnalýsingu. Fyrsta varðan sem sést á leiðinni um Ófeigsfjarðarheiði (sjá 043), þ.e. næst bæ, er sunnan við Nónholt og 560 m suður af bæ 001. Aflangt klettaholt sem liggur norður-suður. Varðan er hrúgaldsleg og uppmjó, hlaðin úr ávölum steinum. Hún er 1,3 m há og rúmlega 1 m á kant í grunninn. Sé horft frá henni til suðurs sjást margar vörður í framhaldi upp á heiðina. Tvær nafngreindar vörður á leiðinni eru hér skráðar undir sérnúmeri, Víðsýn 044 og Borgarvarða 045.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 20

**ST-024:020** heimild um brunn 66°02.977N 21°42.324V

"Suðvestur halli Bæjarhólsins, frá bænum niður að brunnhúsi og Bæjarlæknum heitir Flóakinn," segir í örnefnalýsingu. Brunnhúsið var við sunnanverðan bæjarhól 001, 30 m suður af nýlegu íbúðarhúsi sem stendur vestan við það eldra. Mörk bæjarhóls og mýrar, Smiðjumýrar (sjá 002). Húsið er horfið. Það stóð 20-30 m vestan við bæjarlækinn. Vatni var veitt úr læknum í skurði í húsið úr suðri. Hann sést enn, liggur fyrst til austurs frá læknum en sveigir svo til norðurs að brunnhússstæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 22

**ST-024:021** *Gamli-Nátthagi* heimild um nátthaga 66°02.993N 21°42.146V

"Gamli-Nátthagi heitir bletturinn frá Bæjarlæknum neðan götu og út að garði [líklega 084]," segir í örnefnalýsingu. Gamli-Nátthagi er nyrsti hluti túnsins, austan við Bæjarlæk en norðan við Húsatún 022. Grösugt tún. Í nátthagnum er nú tjaldstæði og hefur þar verið reistur lítill skúr með salernisaðstöðu. Túngarðurinn 084 markar nátthagann að norðan, er þar hlaðinn á sjávarkampinum eða utan í hann. Land innan nátthagans er allt að 1 m hærra en landið við fjöruna, sem þó er gróið næst hleðslunni. Þannig rís garðurinn ekki yfirborð sé staðið nátthagamegin (sunnan) við hann. Annars markast Gamli-Nátthagi ekki frá túni, er einfaldlega hluti þess.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 22-23

**ST-024:022** *Húsatún* tóft fjárhús


66°02.966N 21°42.215V

"Gamli-Nátthagi heitir bletturinn frá Bæjarlæknum neðan götu og út að garði [líklega 084]. Ofan götunnar frá Bæjarlæk út að garði og upp fyrir fjárhús sem enn má sjá tóftir af, heitir Húsatún," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin sem túnið er kennt við sjást á túnakorti frá 1917 og voru í notkun langt fram eftir 20. öld. Tóftir þeirra eru um 80 m austur af bæ 001. Um var að ræða fjögur



Tóftir á Húsatúni 022, horft í norður

sambyggð hús sem nefndust Heimstuhús, Fremstuhús, Miðhús og Efstuhús. Gróskumikill túnblettur austan bæjarlækjar. Tóftirnar eru umfangsmiklar, alls um 20 x 30 m frá austri til vesturs. Veggir ná mest um 2,4 m hæð, hlaðnir úr torfi og grjóti. Vestast er hólf sem er 7 x 19 m stórt frá norðri til suðurs, opið í suður. Í norðurenda, sem er dýpri en sá syðri, er hlaðinn bálkur sem líkist garða. Dyr hafa verið nyrst á vesturvegg. Austan við er annað hólf sem er næstum nákvæmlega jafnlangt og breitt, einnig opið í suður, en í því sést enginn garði. Frá norðurenda austurlangveggjar liggur vegghleðsla 15 m til austurs en frá suðurendanum samsíða hleðsla um 8 m til suðurs. 2-3 m sunnan við nyrðri vegginn er garði sem liggur frá austri til vesturs, hefur verið rúmir 15 m á lengd. Austast í honum er steipt kindabað en vesturendinn hverfur undir töluvert brak af bárujárni og timbri. 2-3 m sunnan við garðann sjást leifar af litlu fjárhúsi, um 7 x 8 m stóru frá austri til vesturs með einum garða. Í þessum hluta húsanna hlýtur að hafa verið töluvert timburverk sem nú er með öllu horfið.



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 22

**ST-024:023** Beð sáðslétta beð

66°02.975N 21°42.386V

"Framan við Bæjarlækinn er gömul beðslétta frá því um síðustu aldamót [þ.e. 1900]. Sléttan er oddmynduð fram á við eða til suðvesturs og liggja beðin þversum á tunguna. Þessi blettur er nefndur Beð. Milli Beðanna og Bæjarlækjarins er Tunga og hefur verið grafinn skurður milli hennar og Beðanna," segir í örnefnalýsingu. Beðasléttur eru í halla mót norðaustri vestan Bæjarlækjar, um 80 m suðvestur af bæ 001. Grösug og aflíðandi brekka. Slétturnar sjást best ef staðið er vestan við Gíslatún 055. Þær eru þrjár eða fjórar, liggja frá norðri til suðurs, skáhallt á brekkuna. Hver um sig er 4-5 m breið en erfiðara er að segja til um lengdina því endarnir fjara út í túnið. Hún gæti þó hafa verið á bilinu 12-15 metrar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 22

**ST-024:024** Nýju-Nátthagar garðlag

nátthagi

66°02.927N 21°42.128V


"Nýju-Nátthagar eru austan Húsatúns [022] og heiman við Óskatjörn og Óskahjalla. Tjarnarlækur fellur um Nýju-Nátthaga með túninu að austan og þar voru refagirðingar sem enn sjást að nokkru," segir í örnefnalýsingu. Nýju-Nátthagar eru fast norðan og austan við íshústóft 056 og um 130 m suðaustur af bæ 001.



Vesturhluti Nýju-Nátthaga 024, íshústóft 056 í forgrunni

Slétt en deigt graslendi sem hefur sýnilega verið votlent, enda kemur það í beinu framhaldi af Óskatjörn.

Nátthaginn er afmarkaður með garðhleðslum á þrjá vegu en hjalli er með honum að sunnanverðu. Alls er svæðið um 50 x 60 m stórt. Að vestan



gengur torfgarður til suðurs frá suðurenda íshústóftarinnar. 20 m breitt op er norðan við miðbik vesturhliðar. Norðurhlið er að mestu grjóthlaðin, austurhlið úr grjóti norðantil en torfi þegar sunnar dregur. Grjóthleðslan er víðast hrunin en torfhleðslan stæðilegri, allt að tæpum 1 m á hæð. Óskatjörn er við suðausturenda nátthagans og rennur lækur úr honum gegnum hann, út í gegnum norðurhlið. Torfgarður sem skiptir nátthaginum í tvennt, á upptök sín um 20 m austan við íshústóftina 056 og liggur skáhallt yfir nátthagann til norðausturs, alls um 60-70 m á

engd. Syðri hluti svæðisins hefur verið votari en sá nyrðri og hefur verið reynt að þurrka hann upp með skurði sem liggur frá austri til vesturs. Skurður er einnig meðfram torfgarðinum sem skiptir svæðinu. Syðri hluti náttthagans minnir reyndar meira á áveitukerfi en aðhald. Í norðausturhluta náttthagans eru leifar af refagirdingum sem Pétur Guðmundsson (f. 1944) man eftir uppistandandi. Þær hafa að mestu verið úr rekaviði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 23

**ST-024:025** Sel tóftir sel

66°01.325N 21°43.842V

"Sunnan við Þröskuldinn taka við eyrar, Seleyrar. Nokkru frammar eru Húsárdalseyrar og ná þær fram í dalbotn. Leiðin fram allar áður nefndar eyrar liggur stundum yfir ána í einum streng en stundum yfir kvíslar hennar. Í hlíðinni skammt upp af Seleyrum hefir einhvern tíma verið haft í seli og heitir þar Sel.



Sel 025, horft í suður

Þar mótar fyrir vegghleðslum hjá litlum læk sem Sellækur nefnist.", segir í örnefnaskrá. "Selstaða hefur þar verið að fornu á Húsadal, lángrandi aldrei brúkuð, til hennar er langt. Önnur er þar, hún er kostalítill og mjög langt til, og á selveginum ein á kölluð Hvalsá, jafnlega ófær í vatnavöxtum [sjá fornleif 037]," segir í Jarðabók Árna og Páls. Selið er um 3,3 km suðsuðvestan við bæ 001 og um 1,25 km norðan við staðinn þar sem Eystri- og Vestri-Húsár sameinast, um 50 m austan við ána.

Austur hlíðarfótur Hádegisfjalls - hallamýrar og hálfgrónir melhólar til skiptis. Tóftirnar eru tvær, önnur eins og eldri og er hún sunnar. Báðar



tóftir eru talsvert afmyndaðar og erfitt að greina innveggi sem skipta tóftunum. Tóftirnar virðast ekki sambyggðar, 1-2 m eru á milli þeirra. Syðri tóftin er eitt hólf og er um 10 m N-S og 6,5 m A-V. Dyr eru á miðjum austur útvegg og jafnvel austast á suðurvegg þótt ógreinilegt sé. Mesta hleðsluhæð er 0,6 m. Nyrðri tóftin er um 13 m N-S og 7 m á breidd. Norðurveggur er áberandi hæstur, um 1,2 m. Vesturveggur er útflattur og eins vestasti hluti suðurveggjar. Austurveggur er vel greinilegur. Innveggisstubbur liggur 3 m N-S nokk fyrir miðri N-tóftinni og myndar skilrúm þótt hann skipti tóftinni ekki í tvennt, útveggja á milli. Nyrðri tóftin er töluvert mikið hærri en sú syðri, stendur hærra í landinu - sunnanvert í þúfnahæð. Engar dyr eru sjáanlegar á nyrðri tóftinni. Í báðum tóftum eru aðeins nokkrir steinar sjáanlegir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 27; JÁM VII, 325

**ST-024:026** Höfn heimild um lendingu

66°03.139N 21°42.644V

"Áargrund heitir einnig grund sem er norðan Húsár. Hún er nokkuð slétt og var brotin til ræktunar fyrir nokkrum árum. Hún er nefnd Nyrðri-Áargrund til aðgreiningar frá þeirri sem er við Sýrá. Niður af miðri grundinni er allgóður lendingarvogur milli klettatanga við ármynnið og flúða að norðan. Vogurinn heitir Höfn," segir í örnefnaskrá. Tæpa 400 m norðvestur af bæ 001 er vogurinn Höfn. Sand- og klettafjara. Í víkinni ganga nokkrar þaravafnar klappir fram í sjó og mynda voga. Einn vogurinn er áberandi vel afmarkaður og breiðari en hinir, næst Húsárósi. Heitir hann Höfn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 29

**ST-024:027** Stapar frásögn huldufólksbústaður

66°03.370N 21°42.968V

"Við sjóinn miðsvæðis niður af Leitinu eru tveir stuttir kletthjallar sem eru grónir að ofan en lítil lægð á milli þeirra. Þeir nefnast Stapar. Staparnir mynda fremur breitt nes en að sama skapi stutt. Í Stöpunum áttu álfar að eiga bústað. Einu sinni átti að efna til gamlársbrennu á öðrum stapanum og var efni til hennar borið upp á hann. Þá er það að gamla konu á bænum dreymir, að til hennar kemur kona og biður hana að sjá til þess ekki verði brennt á bænum sínum, nóg sé landrýmið annars staðar, enda muni verra af hljótast. Draumurinn varð til þess að ekki var þá né síðar brennt út árið á Stöpunum" segir í

örnefnalýsingu. Staparnir eru vestan Húsár og sjást ágætlega heiman frá bæ. Þeir eru rúma 800 m norðvestur af bæjarhól 001.

Tveir stórir klettastapar með hundabúfum efst.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Ófeigsfjörður, 30

**ST-024:028** *Stapamýri* náma mógrafir

66°03.336N 21°42.979V

"Upp af Stöpunum er Stapamýri og þar var stunginn mór. Neðan til á litlu holti upp af mýrinni stóð móhús í stuttan tíma og var holtið þá nefnt Móhúsholt," segir í örnefnaskrá. Mýrin er fast vestan við Stapa, sjá fornleif 027. Upp af fjörunni tekur við klettaholt, þá mýri og svo aftur holt.

Greinilegar grafir, um 1 m djúpar og blautar á um 200 fermetra svæði. Minni grafir eru vestan- og sunnanmegin - fyrir ofan veg.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Ófeigsfjörður, 30


**ST-024:029** gryfja kolagröf

66°03.782N 21°43.623V

Leifar mannvirkis, líklega kolagrafar, er við vík sem er norðan svonefndrar Sandvíkur, 1,8 km norður af bæ. Þetta er um 750 m norður af Ófriðarvík. Gryfjan er á grösugri tá sem er klettum girt. Austan hennar eru tvö lítil vik, aðskilin með lágu klettanefi. Lítil lækjarsytra rennur vestan við gryfjuna.

Grunn dæld með lágrí hleðslu eða torfkraga umhverfis, um 20 sm háum. Hún er rúmlega 2 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-024:030** *Neðstavað* heimild um vað

66°04.107N 21°44.255V

"Á eyrunum eru þrjú vöð á ánni (Hvalá). Neðst er Neðstavað og þar er gott að fara þegar lágsjávað er og áin ekki í miklum vexti. Næst er Miðvað [031] og er áin þar í einum streng og ófær í vatnavöxtum. Efst er Efstavað [032] og var það talið besta vaðið og oftast farið. Þjóðleiðin gamla liggur að þessu vaði [033]", segir í örnefnaskrá. Neðstavað er um 2,5 km norðvestur af bæ 001, um 370 m neðan við Miðvað 031 og um 480 m neðan við Efstavað 032. Hæðóttir grasgrónir bakkar eru sunnanmegin ár og gróin holt norðan ár. Áin er mjög breið og lygn eftir því. 2-3 litlar eyrar rísa úr ánni á vaðinu. Gata er ekki greinileg við vaðið.

**Heimildir:** Ó-Ófeigsfjörður, 33

**ST-024:031** *Miðvað* heimild um vað

66°04.300N 21°44.294V

"Á eyrunum eru þrjú vöð á ánni (Hvalá). Neðst er Neðstavað og þar er gott að fara þegar lágsjávað er og áin ekki í miklum vexti. Næst er Miðvað og er áin þar í einum streng og ófær í vatnavöxtum. Efst er Efstavað og var það talið besta vaðið og oftast farið. Þjóðleiðin gamla liggur að þessu vaði.", segir í örnefnaskrá. Miðvað er um 140 m neðan við Efstavað 032. Marflöt og gróin grjóteyri, u.þ.b. 500 m N-S og 80 m A-V. Vaðið er heldur norðan við miðja eyri. Áin er fremur breið en heldur straummeiri en við Neðstavað, sjá fornleif 030. Báðumegin ár eru lágir grjótbakkar. Engin gata sést við vaðið.

**Heimildir:** Ó-Ófeigsfjörður, 33

**ST-024:032** *Efstavað* heimild um vað

66°04.347N 21°44.443V

"Á eyrunum eru þrjú vöð á ánni (Hvalá). Neðst er Neðstavað og þar er gott að fara þegar lágsjávað er og áin ekki í miklum vexti. Næst er Miðvað og er áin þar í einum streng og ófær í vatnavöxtum. Efst er Efstavað og var það talið besta vaðið og oftast farið. Þjóðleiðin gamla liggur að þessu vaði.", segir í örnefnaskrá. Vaðið er neðan við foss en göngubrú er rétt fyrir ofan hann. Þar er hamrabelti fast vestan við ána. Þegar því sleppir, til suðurs, verður árbakkinn mun lægri og grónari. Þar er vaðið.

Áin breiðir úr sér þar sem farið er út í, Ófeigsfjarðarmegin (sunnan), og haldið til norðurs yfir ána, upp á grjóthólma og svo aftur út í og yfir á hinn bakkann (nyrðri). Á syðri árbakka vottar fyrir þjóðleiðinni gömlu, einfaldri götu, sjá fornleif 033.

**Heimildir:** Ó-Ófeigsfjörður, 33

**ST-024:033** gata leið

66°04.347N 21°44.443V

"Á eyrunum eru þrjú vöð á ánni (Hvalá). Neðst er Neðstavað [030] og þar er gott að fara þegar lágsjávað er og áin ekki í miklum vexti. Næst er Miðvað [031] og er áin þar í einum streng og ófær í vatnavöxtum. Efst er Efstavað [032] og var það talið besta vaðið og oftast farið. Þjóðleiðin gamla liggur að þessu vaði.", segir í örnefnaskrá. Um 3 km norðnorðvestur af bæ 001 er Efstavað. Leiðin lá á svipuðum slóðum og núverandi akvegur liggur að göngubrúnni yfir Hvalá. Neðan við foss sem



göngubrú er rétt ofan við, er hamrabelti fast vestan við ána. Þegar því sleppir, til suðurs, veður árbakkinn mun lægri og grónari. Þar er vaðið. Áin breiðir úr sér þar sem farið er út í, Ófeigsfjarðarmegin (sunnan), og haldið til norðurs yfir ána, upp á grjóthólma og svo aftur út í og yfir á hinn bakkann (nyrðri). Á syðri árbakka vottar fyrir þjóðleiðinni gömlu, einfaldri götu, nokkurnveginn beint fyrir neðan göngubrúna. Akvegurinn liggur að göngubrúnni.

**Hættumat:** hætta, vegna vatnagangs

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 33

**ST-024:034** *Baðstofugrund* heimild um bústað 66°04.806N 21°43.952V

"Norðan hjallans (við Kálfavík) er slétt grund, Baðstofugrund og út af henni er stór hólmi sem nefnist Baðstofusundahólmi," segir í örnefnaskrá og er um 260 m suðaustur af fornleif 035 og um 3,6 km norðnorðaustur af bæ 001. Grasgrund við sjóinn á milli tveggja klettarana, u.þ.b. 200 m breið NV-SA og um 250 m á lengd. Engin ummerki mannvirkja sjáanleg en þó einhverjar mishæðir sem gætu hugsanlega verið leifar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 36

**ST-024:035** *Strandartún* tóft beitarhús 66°04.902N 21°44.193V

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Í heimalandi hefur verið gamalt býli kallað Strandatun. Þar sjest til




Tóft á Strandartúni, horft í norður

tófta en túngarð ekki. Af því verður ekkert gagn haft og kann ekki að byggjast vegna slægnaleysis og skaða heimajarðarinnar." "Strandartún er nafn á allstórrí grund og hafa þar verið beitarhús frá Ófeigsfirði eins lengi og menn vita. Þar bregst ekki fjörubeit nema í ísalögum," segir í örnefnaskrá. Haukur Jóhannesson minnst einnig á Strandartún í bók sinni, *Stundir á Ströndum*: "Nú standa þarna steinsteypt hús sem muna mega fífil sinn feðri. Þegar tekinn var grunnur að húsinu var komið niður á langeld en ekki var það athugað frekar." Tæpa 4 km norðnorðvestur af bæ 001 og um 200 m austur af uppistandandi, steypum fjárhúsum, er tóft. Suðaustast í gömlu túni undir lágum klapparkletti.

Tóftin er kafloðin grasi. Um eina megintóft er að ræða og eru útveggir miklir. Minni tóft er suðvestan við þá stóru. Megintóftin er um 14 m N-S og um 9 m á breidd og er aðeins eitt hólf. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og er tóftin opin til norðurs. Um 1 m vestan við tóftina, norðanvert, er hlaðið garðlag, 7 m N-S og um 1 m breitt. Litla tóftin, sem hugsanlega eru leifar tveggja lítilla tófta, er um 4 m suðvestan við megintóft. Litla tóftin stendur hærra en sú stærri og á þeim hluta sem snýr að megintóftinni eru dyr til norðurs. Tóftin er 6,5 m N-S og um 5 m á breidd og skiptist í 2 hólf. Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m. Stór steinn, um 1,2 m hár, er fyrir miðjum vesturvegg minni tóftarinnar. Fast austan við tóftirnar rennur lækur. Þótt ekki sjái fyrir garða í stærri tóftinni, þá bendir afstaða húsa, staðhættir allir og fjarlægð frá bæ 001, til að hér hafi verið beitarhús með heytóft.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM VII, 325; Ö-Ófeigsfjörður, 37; HJ, 65



**ST-024:036** heimild um lendingu 66°05.446N 21°44.527V

"Stundum var lent í vikinni sunnan Borgarháls og var það kallað "að fara norður undir Borgarháls". Norðan við hálsinn er breið vík sem nefnist Látur. Þar sem ströndin fer að sveigja aftur til norðausturs frá víkurbotninum er klapparströnd. Sagt var "að fara norður í Látur".", segir í örnefnaskrá. Tæpa 800 m suðvestan við Hróteyjarsel, sjá fornleif 037, og um 4,8 km norðnorðvestur frá bæ 001 er lending. Grjótfjara og gróin holt að hlíðarfæti.

Sunnan undir Borgarhálsi eru flúrur sem standa upp úr sjónum rétt utan við fjöruna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 38



**ST-024:037** *Hrúteyjarsel* tóft sel  
 "Þá tekur við breitt nes sem að mestu leiti er sléttar grundir. Nesið nefnist Sel og yst á því eru gróin tóftarbrot og túngresi í kring og er það nefnt Hrúteyjarsel. Þar hefur verið sel fyrr á öldum og þar var búið um það leyti er galdraofsóknirnar gengu yfir í Árneshreppi.", segir í örnefnaskrá. "Selstaða hefur þar verið að fornu á Húsadal [sjá 025], lánngvarandi aldrei brúkuð, til hennar er langt. Önnur er þar, hún er kostalítill og mjög langt til, og á selveginum ein á kölluð Hvalsá, jafnlega ófær í vatnavöxtum". Í suðsuðaustri sést Ófeigsfjarðarbærinn blasa við í 5,4 km fjarlægð. Selið er um 1,7 km norður af Strandartúni, sjá fornleif 035.

66°05.807N 21°44.021V



*Hrúteyjarnes, seltóftin er skammt vinstra megin við miðju. Horft í norðaustur*



Grasi gróin grund í þríhyrning, frá nesodda og u.þ.b. 300 m sín til hvorrar handar. Frá suðausturhorni tóftar eru um 6 m niður á fjörugamb. Tóftin er fagurgræn og kafloðin. Hún virðist skiptast í 6 hólf og er allt sambyggt. Engar aðrar tóftir er að sjá í námunda við selið. Tóftin snýr N-S, 20 m og er 12 m breiddust. Syðst á vesturhlið er stórt hólf, 9 m N-S og 4 m á breidd, sem er harla djúpt, mun dýpra en önnur hólf tóftarinnar og gæti hafa verið undir hey. Ekki er að sjá dyr á innveggjum en tóftin er nánast opin til austsuðausturs. Á milli syðstu hólfanna tveggja, sem eru þau einu sem eru heil, er ekki innangengt. Ekkert grjót er að sjá í tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Um 30 m sunnan við tóftina er dokk, 0,8 m djúp og 6 m löng A-V og 2 m N-S, gæti hugsanlega verið leifar af tóft.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 39; JÁM VII, 327

**ST-024:038** tóft

Tóft er norðan við Hvalarós, tæpa 300 m norðaustur af lendingunni Höfn 049 og tæpa 1,3 km SSA af beitarhúsum á Strandartúni 035.


Grasigróin grund og falleg, harla slétt.

Tóftin er byggð utan í berggang. Torfgarður liggur samsíða honum - 3 m frá honum - 5 m NV-SA og er hlaðið fyrir endana. Fast suðaustan við hólflið er annað hólf, 3 x 3 m. Ekki er opið á milli hólfanna. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Líklegast virðist að tóftin sé af litlu aðhaldi, e.t.v. stekki.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 39

66°04.275N 21°43.520V



**ST-024:039** *Lendingarbás* heimild um lendingu

66°06.977N 21°45.300V

"Vestan Sauðabólshöfða er innsti básinn, Lendingarbás. Þar er sæmilegur lendingarstaður fyrir árabáta, eins og víðar í Básnum," segir í örnefnalýsingu. Lendingarbás er nafn á víkinni milli Sauðabólshöfða 082 og Álftabúðarhöfða (sjá 083). Bogadregin vík, klettur eru við austur- og vesturenda hennar. Víkin opnast til norðurs út í Eyvindarfjörð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 41

**ST-024:040** *Pétursvað* heimild um vað

66°07.197N 21°45.974V

"Áin (Eyvindará) er allmikið vatnsfall en þó mun vatnsminni en Hvalá. Hún getur orðið lítt fær eða jafnvel ófær á neðri vöðunum. Á henni eru þrjú aðalvöð. Neðst er Pétursvað. Það er skammt ofan við ósinn. Farið er neðan við allstórt og hátt klettaholt og sveigt lítið eitt upp með því að norðanverðu áður en lagt er út í ána. Hún er straumhörd á vaðinu en breiðir nokkuð úr sér á staksteinóttum flúðum. Pétursvað mun vera kennt við Pétur Magnússon á Dröngum sem sagt er að hafi fyrstur notað það. Holtið við vaðið heitir Skollholt.", segir í örnefnaskrá. Eyvindarfjarðará rennur út í sjó í

Eyvindarfjarðarbotni. Breið sandfjara. Nokkur reki er við ósinn. Landið hækkar til norðurs og vesturs. Vaðið er rétt ofan við ósinn, á móts við töluvert stóran hólma, þar sem áin breiðir úr sér áður en hún rennur í sjóinn í 2-3 kvíslum. Hún er um 100 m breið á vaðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 42-43.

**ST-024:041** *Skollholtsvað* heimild um vað 66°07.114N 21°46.095V

"Skollholtsvað er skammt framan við áðurnefnt holt [Skollholt]. Þar er áin á malarbotni og lygn en nokkuð vandfarin því litlu má muna að ekki sé sundreið ef farið er aðeins of ofarlega við syðri bakkann.", segir í örnefnaskrá. Vaðsins er einnig getið í sýslu- og sóknalýsingum 1852: "Neðra vaðið heitir Skollhólsvað, og er það hættulegt vað, þó það sé oftast farið, með því að gljúfur eru báðumegin við vaðið." Skollholt nær töluvert langt norðaustur, ofan við ósinn og er sunnan Eyvindarfjarðarár.

Norðan ár eru ávalar klappir þar sem áin hefur einhvern tíma runnið en gróið á milli klappa. Sunnan ár eru hálfgróin holt.

Áin er breið og lygn á kafla en hyldjúp sunnan við og flúðir að norðan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 43; SS II, 218

**ST-024:042** *Stangarvað* heimild um vað 66°07.142N 21°46.427V

"Stangarvað er á eyrunum framan við Þröskuldana og er það yfirleitt alltaf fært.", segir í örnefnaskrá. Stangarvaðs er getið í sýslu- og sóknalýsingum 1852: "Í tveim stöðum eru vöð á henni, og heitir hið efra Stangarvað. Þar er hún oftast fær yfirferðar, en bæði er þangað nokkur krókur frá veginum, og vegurinn að ánni þar mjög slæmur yfir kletta og klungur. "Rétt tæpa 400 m ofan við Pétursvað, sjá fornleif 040, sem er fast ofan við ósinn er Stangarvað á Eyvindarfjarðará.

Gróið klappaholt - land farið að hækka til vesturs. Vaðið er yfir nyrstu kvíslina sem ekki er breið, út í stóran hólma og svo úr hólmanum yfir næstu kvísl.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 43; SS II, 218

**ST-024:043** *Ófeigsfjarðarheiði* gata leið 66°02.770N 21°42.772V

"Ófeigsfjarðarheiði er gamla þjóðleiðin frá Ófeigsfirði að Hraundal við Ísafjarðardjúp og var hún nokkuð fjölfarin áður. Í daglegu tali var aðeins talað um "Heiðina. Örnefni eru ekki mörg á heiðinni. Eins og fyrr er getið, liggur vegurinn yfir Kjöl og síðan vestur yfir Húsá neðst á Kjöleyrum. Þaðan liggur leiðin um það bil í suðvestur yfir síhækkandi holt og smá hjalla þar til komið er á móts við Krossaxlir sem eru þar skammt frá á vinstri hönd. Þá er eins og komið sé á heiðarbrún og fer að halla lítið eitt til vesturs niður að á sem Krossá heitir. Hún rennur þarna í norður eftir mjög þröngu gljúfri, Krossárgljúfri og fellur í Rjúkanda. Gönguleiðin liggur yfir Krossá ofan við gljúfrið. Eins er stefnan hin sama og hækkar nú landið aftur uns komið er á hæð eina og á henni stendur myndarleg varða. Varðan eða hæðin nefnist Víðsýn." segir í örnefnaskrá. Haukur Jóhannesson segir í riti sínu, Stundir á Ströndum: "Ófeigsfjarðarheiði var talin 10 tíma lestargangur. Vörður og vörðubrot eru á henni víða og voru þær hlaðnar upp í upphafi annars áratugar 20. aldar. Sú varða á leiðinni um Ófeigsfjarðarheiði sem næst er bæ 001 er um 550 m suðvestur af bænum. Lyng- og mosagróin holt og smáklettar í nágrenni bæjar 001 en eftir því sem nær dregur öræfum verða melar stórgrýttir, klappaholt, mosi, vötn og ár áberandi. Leiðin frá bæ 001 og að vörðunni Víðsýn, sjá fornleif 044, er vel vörðuð og vörðurnar standa vel. Sjálf gatan sést ekki alltaf en þó greinilega á köflum. Vörður eru alla leið vestur að Hraundal í Ísafjarðardjúpi en eru heldur strjálí á vestrhluta Ófeigsfjarðarheiði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 44-45; HJ, 64



*Víðsýn 044, horft í norðaustur*

**ST-024:044** *Víðsýn* varða samgöngubót

66°00.945N 21°48.630V

"Ófeigsfjarðarheiði er gamla þjóðleiðin frá Ófeigsfirði að Hraundal við Ísafjarðardjúp og var hún nokkuð fjölfarin áður. Í daglegu tali var aðeins talað um Heiðina. Örnefni eru ekki mörg á heiðinni. Eins og fyrr er getið, liggur vegurinn yfir Kjöl og síðan vestur yfir Húsá neðst á Kjöleyrum. Þaðan liggur leiðin um það bil í suðvestur yfir síhækkandi holt og smá hjalla þar til komið er á móts við Krossaxlir sem eru þar skammt frá á

vinstri hönd. Þá er eins og komið sé á heiðarbrún og fer að halla lítið eitt til vesturs niður að á sem Krossá heitir. Hún rennur þarna í norður eftir mjög þröngu gljúfri, Krossárgljúfri og fellur í Rjúkanda. Gönguleiðin liggur yfir Krossá ofan við gljúfrið. Eins er stefnan hin sama og hækkar nú landið aftur uns komið er á hæð eina og á henni stendur myndarleg varða. Varðan eða hæðin nefnist Víðsýn.", segir í örnefnaskrá. Varðan er rétt rúma 6 km suðvestur frá bæ 001.

Varðan er á klappaholti, eyðilegir melar á allar hliðar.

Varðan er tilkomumikil og vel hlaðin, rétt tæpir 2 m á hæð og rúmur metri á kant, neðst en mjókkar heldur upp. Gat er í gegnum vörðuna, ofarlega, og vísar það NA-SV.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 45

**ST-024:045** *Borgarvarða* varða samgöngubót

"Því næst liggur leiðin yfir svonefnt Borgargil sem er ein upptakavísla Hvalár og er austan undir Borg sem er hár hnúkur upp af Hraundalsdröngum. Þar eru landa- og sýslumörk. Á Borginni er Borgarvarða," segir í örnefnalýsingu. Ekki var farið að Borgarvörðu sumarið 2003. Hún er hér um bil 18 km vestur af Ófeigsfjarðarbænum og mun hafa verið á leiðinni yfir Ófeigsfjarðarheiði (043).

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 46

**ST-024:046** náma mógrafir

66°02.855N 21°41.893V

Mógrafir voru í Óskadal sem er upp (suður) af Óskatjörn, tæpa 400 m suðaustur af bæ 001.

Dalurinn er með ósléttum botni þar sem skiptast á þröng og hlykkjótt mýrasund og litlir, mosagrónir kletthólar. Greinileg merki sjást um mótekju norðarlega í dalnum, þar sjást jafnt skornar grafir, allt að 1 m djúpar á nokkrum stöðum. Erfitt er að segja til um heildarstærð svæðisins en það hlýtur þó að vera a.m.k. 40 x 50 m stórt.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-024:047** gryfja kolagröf

66°06.494N 21°43.540V

Kolagrafir eru í lítilli vík undir Hróteyjarnesmúla, um 300 m norður af tóftum 080.

Dálítið undirlendi er við víkina, girt lágum klettum sem eru sérkennilega stuðlamyndaðir að austan.

Greinilegasta kolagröfin er upp af víkinni h.u.b. miðri, hringlaga dæld með gróinni upphækkun eða kraga umhverfis. Hún er 3,5 m í þvermál. Fast suðvestan við hana er dæld sem er minna áberandi, um 2 x 1 m stór frá norðri til suðurs. 25 m norðar er þriðja gröfin, 3 m í þvermál, gróskumikil og greinileg, lík þeirri fyrstnefndu. Fast norðan við hana mótar hugsanlega fyrir þeirri fjórðu en hún er ógreinileg.


**Hættumat:** engin hætta

**ST-024:048** tóft rétt

66°05.366N 21°44.593V

Tóft er eða hleðsla skammt norðan Hvaláróss, undir kletti sem sést frá staðnum þar sem bílvegurinn endar sunnan Hvalár. Kletturinn er um 2-300 m sunnan Borgarháls og um 10 m vestan við fjöru. Þetta er um 150 m suðsuðvestan við lendingu 036. Fjara og upp af henni hækkar landið upp til fjalla, til vesturs og norðurs. Kletturinn er um 20 m A-V og rís mót suðri u.þ.b. 3,5 m hár. Grunnur skúti er sunnanvert í klettinum. Garðlag er sunnan við klettinn, sem nær 11 m í vestur frá austurenda hans. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Garðurinn er um 1 m breiður og liggur 4 m sunnan við klettinn og er mest úr torfi en þó að einhverju leyti. Að vestan lokast garðurinn, í sveig, að klettinum en er opinn í austur (að sjónum). Þessi hleðsla er eins og lítil krubba í stærra hólfu því við austurenda klettar er lág grjóthleðsla eða ruðningur sem liggur í boga, fyrst austur og svo til suðurs 25 m, niður að fjöru og svo aftur frá fjörunni. Aðeins sést 1 umfar þessarar hleðslu, sér ofan á hana í sverðinum. Vestan við klettinn hækkar landið en við vesturendann er eins og tekið hafi verið úr landinu og þannig myndaður stallur (úr jarðvegi). Sunnan við klettinn er því eins og stórt hólf sem er afmarkað að norðan af klettinum, að vestan af jarðvegsstalli en að austan og sunnan af torf-og grjótgarði. Op eða dyr eru fyrir miðju á suðurskammhlið. Hólfíð er um 30 m langt N-S og um 21 m breitt breiðast.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-024:049** *Höfn* heimild um lendingu

66°04.162N 21°43.799V

"Órskammt norðan við Hvalárós er lítill vogur sem Höfn heitir. Þar er góð bátalending. Austan við lítinn klettatanga utan við Höfn tekur við slétt grund sem Hellisgrund nefnist.", segir í örnefnaskrá.

Lendingin er um 2,5 km norðnorðaustur af bæ 001. Lítil þröngur vogur, rúmur hálfhringur. Mannvirki eru ekki sjáanleg en ofan við fjöru er grasbali og seftjörn þar upp af, u.þ.b. 40 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 35

**ST-024:050** hleðsla hjallur

66°03.105N 21°42.318V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús fast utan við túngarð 084 norðarlega á Túnnesi, rúma 200 m norður af bæ 001. Austurjaðar Túnness sem er lágt og grösugt, með klettum í jöðrum.


Á þessum stað var hjallur. Einn veggur er uppistandandi, um 6 m langur og 1,5 m há, hlaðinn úr torfi og grjóti. Hann snýr NA-SV. Sunnan við hleðsluna er smáklettur og líklegt að hjallur úr timbri hafi verið á milli.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-024:051** tóft fjárhús

66°03.101N 21°42.348V



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús rúma 200 m norður af bæjarhól 001. Þar er fjárhústóft, á miðju Túnnesi. Lágt nes, grösugt og með klettum í jöðrum.

Stæðileg tóft sem snýr norður-suður og skiptist þrennt. Hún er alls um 19 m löng og 6-7 m breið. Nyrsti hlutinn er greinilegastur, lítið fjárhús með garða, um 6 x 8 m stórt N-S. Dyr hafa verið nyrst á austurenda. Veggir eru mjög reisulegir, upp undir 1,5 m á hæð en algrónir þótt líklega sé grjót í þeim. Greinilegt er að þessi hluti hússins er yngri en hinir. Sunnan við fjárhúsið er einfalt hól, einnig með dyr í austur, 5 x 6 m stórt A-V. Að lokum er ógreinilegt hól syðst, norðvestan undir hálfgrónum kletti. Austurveggur þess er næstum alveg horfinn en örlar á vesturvegg. Virðist sem op hafi verið í suður, upp við klettinn og inni í tóftinni mótár óljóst fyrir þúst sem gætu verið leifar af garða.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-024:052** Hesthúsholt þúst hesthús

66°03.035N 21°42.431V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús nálægt túnjaðri, um 150 m vestur af bæjarhól 001. Um það segir í örnefnalýsingu: "Rétt fyrir neðan þetta holt (Áarholt) eða hjalla er hylur í ánni er Berghylur nefnist. Hesthúsholt heitir holtið norðvestan túngarðs [084] og skammt ofan götunnar sem liggur norður og Hesthúsmyri er suðvestan undir því. Bæði ofangreind nöfn munu dregin af hesthúsi sem þar stóð innan túngarðs," segir í örnefnalýsingu. Hús þetta sést á túnakorti frá 1917.

Þar er grösugt tún, á þessum stað í dæld milli aflangs hóls og hryggjar sem túngarður er á.

Húsið var hesthús, sléttað út skömmu fyrir 1960. Græn dæld sést í túninu þar sem það stóð, hún snýr norður-suður og er um 4 x 6 m stór.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Ófeigsfjörður, 19

**ST-024:053** heimild um skemmu

66°03.007N 21°42.329V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 10 m norðvestur af útihúsi 052.

Það hefur verið neðan við ystu brún bæjarhóls. Nú er flaggstöng á brúninni.

Húsið er horfið en þar sem þar var sjást merki um malaruppfyllingu. Húsið var steinhús, eitt það elsta sinnar tegundar í sveitinni. Það var notað sem geymsluskúr en sprakk bókstaflega í óveðri upp úr 1990.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-024:054** heimild um fjós

66°03.003N 21°42.307V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru útihús um 20 m norðvestur af bæ 001.

Þar er nú iðagrænn hóll í framhaldi af bæjarhól. Heimkeyrsla er norðan og austan við.

Á þessum stað voru mörg, sambyggð útihús: fjós, eldiviðarskúr, hænsnahús, kamar, þurrkjallur og dúnhús. Þau eru nú alveg horfin, hafa verið sléttuð út. Nú eru snúrustaurar á hólum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-024:055** Gíslatún þúst býli

66°02.934N 21°42.292V

Smábýli, Gíslatún, var sunnan við Húsatún og um 100 m suður af bæjarhól 001. Á túnakorti

Ófeigsfjarðar frá 1917 sjást nokkur hús þar, líklega íbúðarhús, tvö útihús og garður á milli. Í örnefnalýsingu segir: Holtið suðaustan við Bæjarlækinn heitir Gíslaholt. Það dregur nafn af tveimur Gíslum, feðgum, sem bjuggu á áttunda hluta jarðarinnar frá 1879 til 1928. Bær þeirra feðga stóð í túnparti þeirra er náði nokkuð upp í holtið ..."

Lítill hóll er syðst á Húsatúni þar sem býlið stóð, sunnan hans eru mosagrónir klettur sem marka syðri enda túnsins.


Hóllinn er grösugur og sker sig úr, allt að 20 x 20 m stór. Á honum sjást engar rústir eða hleðslur og hljóta öll hús annaðhvort að hafa verið rifin, stein fyrir stein eða sléttað úr þeim með jarðýtu. Um 20 m beint vestur af hólnum er bungumyndaður, rústalegur hóll, um 10 x 15 m stór. Móðir Péturs Guðmundssonar telur að þar hafi verið útihús frá Gíslatúni. Fast norðaustan við hann er stærri hóll og óreglulegri, gæti verið náttúrulegur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Ófeigsfjörður, 19

**ST-024:056** tóft útihús

66°02.920N 21°42.118V



Tóft af íshúsi er sunnan við Nýju-Nátthaga 024, rúma 170 m suðaustur af bæjarhól 001.

Tóftin er í jaðri mýrar, utan í grýttu holti og því í smáhalla mót norðvestri. Tóftin er mjög stæðileg, 7 x 9 m stór frá norðri til suðurs, dyr snúa mót norðri. Veggir eru geysipykkir, allt að 3 m, algrónir en vafalaust er bæði torf og grjótt í þeim. Enn er töluvert eftir af burðarvirki hússins og leifar af stoðum meðfram útveggjum. Húsið er talið byggt um 1937 og er því ekki fornleif í lagalegum skilningi en byggt skv. gamalli hefð og því skráð hér. Ljósmynd af tóftinni sést með fornleif 024.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-024:057** garðlag vörslugarður

66°02.914N 21°42.119V

Hleðsla liggur frá suðvesturhorni íshúss 056 og til suðausturs, upp í grýtta kletta suðaustan þess.

Næst tóftinni er lág og grýtt bunga, síðan skriðurunnin brekka.

Nyrsti hluti hleðslunnar sem er áfastur tóftinni er úr torfi að mestu, um 2 m langur. Þá kemur um 3 m breið eyða og kindastígur gegnum hana. Svo kemur grjóthleðsla milli jarðfastra kletta, alls rúmlega 20 m löng og liggur upp í bratta hlíðina. Líklega hefur þessi hleðsla átt að girða af graslendi við sunnanverða Óskatjörn, sjá einnig garðlag 061.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-024:058** Bænhóll heimild um bænhús

66°02.984N 21°42.248V

Suður frá þeim [Naustunum 013], milli heimreiðar og túngarðs [084] er Sjávarflöt og nær hún suður að hól þeim sem bærinn stendur á og nefndist Bæjarhóll [001]. Hann mun áður hafa heitið Bænhóll," segir í örnefnalýsingu. Í framhaldinu er sagt frá beðasléttu á bæjarhól: "Þar eru þrjú beð og ná norðvestur endar þeirra alveg að bæjarhlaðinu, en hinir á suðaustur brún hólsins. Ekkert sérstakt nafn er á þessum bletti en giskað hefir verið á að þar hafi verið grafreitir hið forna enda er sagt að bænhús hafi verið í Ófeigsfirði. Víst er að blettur þessi var mjög illþýfður áður en hann var sléttaður og þúfurmar ekki ólíklega til að vera leifar gamalla leiða. Þetta hefir þó ekki verið rannsakað nánar." Umræddar beðasléttur eru greinilegar á austasta hluta bæjarhóls, austan við íbúðarhúsið sem þar stendur nú. Að sögn Péturs Guðmundssonar sást áður til leiða þar. Engar aðrar heimildir greina frá bænhúsi í Ófeigsfirði, aðeins munnmæli. Mjög grösugur hóll, bæjarlækurinn rennur í dragi meðfram honum að austan. Nyrst á hólnum er nú gryfja þar sem rusli er brennt. Enn mótat glögg fyrir beðunum, þremur talsins. Þau snúa austur-vestur, það nyrsta er óglögg en sunnan þess tvö samhliða, hvort um sig 15 m langt og 4-5 m breitt. Þau eru aðskilin með grunnum rásum. Ekki sést til leiða lengur en reyndar var hóllinn á kafi í grasi við vettvangskönnun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ófeigsfjörður, 22-23

**ST-024:059** þúst fjárhús

66°02.957N 21°42.298V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 40-50 m suður af bæjarhól 001, skammt norðan við Gíslatún 055. Þar sést nú þúst eftir fjárhús. Þurr, mjög lágur hóll í Húsatúni, fremst á bröttum bakka en neðan við hann rennur bæjarlækur í dragi. Húsinu var ýtt út en þó mótat fyrir því. Af þústinni að dæma hefur það snúið norður-suður og verið um 10 x 5 m stórt. Önnur smáþúst, óljós, er á bakkanum um 10 m norðar.



**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Túnakort 1917


**ST-024:060** tóft heystæði

66°02.934N 21°42.171V



Tóft er um miðja vegu milli Húsatúns 022 og Nýju-Náthaga 024, tæpa 130 m suðaustur af bæjarhól 001. Þurr blettur en nokkuð mýrlent er í kring, einkum að austan. Tóftin snýr norður-suður og er um 20 x 10 m stór en nokkuð tekin að síga, enda deiglent í kring. Austurhluti hennar er skýrastur. Þar vottar fyrir hólfi nyrst, um 5 x 8 m stóru að innanmáli frá austri til vesturs. Sunnan við austurenda þess er minna hólfi, um 4 m í þvermál en aðrir hlutar tóftarinnar eru alveg komnir í þúfur og hvergi sést í grjóti.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-024:061** garðlag vörslugarður

66°02.892N 21°41.873V

Óskatjörn er tæplega 300 m austur af bæ 001. Hleðsla gengur til suðurs frá austurenda hennar. Mýrartjörn. Heimreiðin liggur meðfram henni að norðanverðu. Að sunnan er hátt klettabelti meðfram henni, Óskahjalli, brattur en gróinn upp í hér um bil miðjar hlíðar. Efst í honum eru þverhníptir hamrar. Milli tjarnarinnar og klettanna er grösug og slétt en nokkuð vot flöt.

Hlaðið hefur verið upp frá tjörninni austast, til suðurs að hömrunum. Hleðslan er tæpir 15 m að lengd, úr torfi næst tjörninni en síðan úr stóru grjóti. Grjóthleðslan er mosagróin og hrunin en þó allt að 0,6 m há. Vafalaust hefur með þessu verið reynt að skapa aðhald, e.t.v. náthaga, við sunnanverða tjörnina. Frá hinum enda tjarnarinnar er einnig hlaðið, sjá 057.

**Hættumat:** engin hætta



*Garðlag 061 við Óskatjörn, horft í norðvestur*

**ST-024:062** hleðsla

66°02.827N 21°42.328V

Óskahjalli nefnist hjalli sem liggur frá Óskatjörn og til suðurs. Undir honum vestanverðum sjást víða garðhleðslur, t.d. um 300 m suðaustur af bæjarhól 001.



*Hleðslur undir Óskahjalla, horft í norður. Til vinstri sjást mógrafir 066.*

Grösugt er undir hjallanum, meðfram honum liggja kindaslóðar í suðurátt.

Hleðslurnar eru vel úr garði gerðar en ekki samfelldar og þjóna engum tilgangi, liggja N-S meðfram rótum hjallans. Þær voru hlaðnar af Vitlausu-Jóni sem bjó í Ófeigsfirði fyrri hluta 20. aldar og átti við geðræn vandamál að stríða. Þegar Jón fór í "maníu" hlóð hann garða til að fá útrás. Hann var látinn fyrir tíð Péturs Guðmundssonar (f. 1944). Nokkrar hleðslur Jóns voru skoðaðar á vettvangi, frá Óskatjörn inn að Brúnahvammi á hátt í 100 m löngu svæði. Hver hleðsla um sig er yfirleitt 15-20 m löng og flestar vel úr garði gerðar, oft með tvöföldum undirstöðum og standa

þokkalega vel.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-024:063** þjóðsaga legstaður

66°02.898N 21°43.470V

"Kjölurinn er talinn ná norður að Húsá þar sem hún steypist í breiðum og fallegum fossi ofan hæðina.

Fossinn nefnist nú Húsárfoss en eldra nafn mun vera Blæja...,“ segir í örnefnaskrá. "Undir fossinum er grjóthólmi nokkuð stór sem áin flæðir kringum og þar á Ófeigur landnámsmaður að vera heygður," segir í Stundum á Ströndum. Í Frásögum um fornaldarleifar segir frá meintum haugum í Árneshreppi, þar á meðal þessum: "Förde Haugur er under Husár fosse i Ofeigsfiardarlande, vel 4a älna á lengd og 3ia älna ä breidd, med audsiäännlegum mannaverikum, af hlóðnum steinum til hlida, enn störbíörgum ad ofann, þar i seigia menn ligge Kista, med fiárhlutum Ófeigs, og er þesse Haugur so nærre fossenumm, ad hann spýter framm á Haugenn, þegar Äenn, er mikel og kvýslar sig kringum allann Haugenn." Hólminn er um 900 m vestur af bæ 001 en þaðan sést fossinn vel.

Umhverfis ána er land gróid og hæðótt, gróin klappaholt. Hólminn, "haugurinn", er um 15 m langur NA-SV og um 8 m á breidd. Stórir steinar eru yst í hólmanum allan hringinn, náttúrulegir að sjá, en gras/sóleyjabrúskur fyrir miðju. Ummerki mannaverka eru ekki sjáanleg.

**Hættumat:** hætta, vegna vatnagangs

**Heimildir:**Ö-Ófeigsfjörður, 21.; HJ, 62; FF, 435

**ST-024:064** *haugur Óskar* þjóðsaga legstaður

Í Frásögum um fornaldarleifar 1817 segir frá meintum fornmannahaugum í Árneshreppi, m.a. þetta: "Fimte Haugur edur Leide er i Öskardal, einig i Ofeigsfiardarlande, og er hann so nálægt Vatne því er þar liggur, ad Haugurenn edur leided tekur fram i Vatned til Austurs i þessumm Haug seigia menn ad Ósk ligge, hvar af plátsed tekur nafn, og kallast Óskardalur." Haugurinn er ekki þekktur lengur og hans var ekki leitað á vettvangi. Örnefni kennd við meinta Ósk eru nú ýmist höfð Óska- eða Óskar, sbr Óskadalur/Óskardalur.

**Heimildir:**FF, 435

**ST-024:065** *Pétursleið* heimild um leið

66°00.697N 21°43.737V

"Þegar farið er upp ú Húsárdalnum er komið upp á Fremri-Húsárdal. Þar rennur Húsáin um gróðurlitlar eyrar, Fremri-Húsárdalseyrrar. Eftir þeim liggur leiðin fyrst og svo upp frá þeim og fyrir framan Tagl og niður í Reykjarfjörð. Þessi leið er nokkuð lengri en leiðin upp með Lýsislæk en liggur lægra og er hægari. Ekki mun hún hafa verið farin, svo vitað sé, fyrr en á þessari öld, er Pétur Guðmundsson í Ófeigsfirði tók að fara hana. Hún hefir því verið kennd við hann og nefnd Pétursleið eða Pétursgata," segir í örnefnalýsingu. Í Húsárdal, 150-200 m neðan (norðan) við þar sem Eystri- og Vestri-Húsár koma saman, austanmegin í dalnum á gatan "Pétursleið" að hafa verið. Austan ár er hallamýri framarlega í Húsárdal. Landið hækkar í stöllum til austurs. Engin gata er sjáanleg en upp úr dalnum til austurs er aflíðandi halli sem er greiðfær fótgangandi manni. Þessi greiðfæri halli er um 300 m norðar en Runkugil.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ófeigsfjörður, 28

**ST-024:066** *náma mógrafir*

66°02.856N 21°42.377V

Mógrafir sjást vestan undir Óskahjalla, rúma 250 m suðvestur af bæ 001. Mýrlend kvos milli lítilla holta. Svæðið er sundurgrafið, alls um 100 x 100 m stórt. Í því sjást hátt í 20 litlar, djúpar holur sem vatn situr í, þær stærstu rúmir 5 m í þvermál. Á litlu holti norðvestan við holtið er lítil tóft, um 2 m í þvermál, líklega móstæði. Hún rís einungis 0,2 m yfir umhverfið. Mógrafirnar sjást á mynd með fornleif 062.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-024:067** *tóft skemma*

66°03.064N 21°42.366V

Hálfrunið torfhús er í túni, fast norðan við veginn sem liggur til vesturs frá bæ, að Húsá. Þetta er 150 m norðan við bæjarhól 001. Húsið stendur á grösugri flöt upp af Naustum 013, allra syðst á Túnnesi. Húsið er nýfallið, þakið er hrunið inn en veggir standa að mestu, allt að 1,5 m háir. Þeir eru úr torfi og grjóti en þakið hefur verið úr járn og tyrft yfir. Tóftin er 5 m breið og 6 m löng, dyr snúa í suður. Síðast var húsið notað sem kartöflugeymsla. Pétur Guðmundsson telur það ekki mjög gamalt, e.t.v. frá því um 1930. Það telst því ekki fornleif í lagalegum skilningi en er skráð hér þar sem það er byggt skv. gamalli hefð - og hugsanlega upp úr eldra húsi.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ST-024:068** *Silungavað* heimild um vað

66°02.972N 21°42.807V


"Silungavað heitir bugurinn á Húsá þar sem Lómasund liggur að ánni," segir í örnefnalýsingu. Sundið liggur að ánni frá Lómatjörn. Vaðið er um 400 m vestur af bæ 001. Áin breiðir úr sér í beygju og er þar grunn. Pétur Guðmundsson kannast ekki við að vað hafi verið á þessum stað og telur nafnið stafa af því að þarna hafi oft mátt sjá silung vaða upp sökum grynninganna. Engir götuslóðar sjást að ánni.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ó-Ófeigsfjörður, 20

**ST-024:069** gryfja kolagröf

66°03.490N 21°43.367V

Vegurinn frá Ófeigsfirði að Hvalá liggur um Sandvík, en það er næsta vík utan (norðvestan) við Ófriðarvík. Þar, fast sunnan við veginn, er torkennileg gryfja, líkast til gömul kolagröf.



Mikill reki er í Sandvík, sem er fremur lítil. Upp af henni, ofan vegarins er lítill hvammur, vaxinn grasi og lyngi. Upp af honum taka við brattir en grónir bakkar.

Vegna lagfæringa á veginum var rutt úr gryfjunni að hluta og kom þá í ljós mikil aska. Ætla má að tæplega helmingur gryfjunnar hafi horfið vegna þessa. Eftir stendur skeifulaga dæld, um 4 x 4 m stór og um 0,6 m djúp. Engar hleðslur eða torfkragar sjást á börmum

hennar en þeir eru algrónir sem og botninn. Lögun er óregluleg.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ST-024:070** Stakkholt tóft heystæði

66°02.777N 21°40.934V




Heystæði 070, horfi í vestur

Ofan við Kúpóttaholt, sjá fornleif 006, og rétt tæpa 300 m austur af Reiðholti, sjá fornleif 007, er Stakkholt sem er um 1 km austsuðaustur af bæ 001.

Stakkholt er slétt og mosagróið svæði en norðan í því eru klappir og brött brekka niður (norður). Í suðri blasir Sýrárdalur við, blautur og breiður, en norðan og vestan við fer landinu að halla nokkuð skarpt til sjávar. Allt er vel gróið.

Á norðurbrún holtins er tóft sem er um 8 m N-S og um 4 m A-V. Torf er mest í veggjum en þó eitthvert grjót.




Op er á suðausturhorni og jafnvel einnig austast á norðurhlíð. Mesta hleðsluhæð er 0,8 m. Sennilegt er að tóftin tengist heyskap í Sýrárdal en þar eru töluverðar engjar. Samkvæmt Pétri Guðmundssyni mun hafa verið drukkið kaffi og etið nesti á Stakkholti þegar heyjað var á dalnum.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-024:071** tóft

66°02.875N 21°41.504V




Um 600 m austan við bæ 001 og um 250 m norðan við Reiðholt 007, er tóft. Mosa- og lynggróið holt sem rís talsvert úr umhverfinu og er eins og bátur á hvolfi í laginu.

Tóftin er grjót- og torfhláðin upphækkun. Innri brún veggja er ekki greinileg. Hún er 4 x 4 m og er mesta hleðsluhæð 0,6 m. Op er austarlega á suðurhlíð, 0,3 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-024:072** tóft

66°03.401N 21°43.104V



Tóft er allra austast við Ófriðarvík, 1 km norðaustur af bæ 001.

Hún er á grasbletti er ofan við sjávarkampinn austast, undir háum klettum.


Tóftin er grjóthláðin og einföld, 5 x 2,5 m stór og snýr NV-SA. Einungis mótur fyrir útlínum hennar og ekki stendur steinn yfir steini. Engar dyr sjást.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-024:073** tóftir

66°03.413N 21°43.229V

Upp af miðri Ófriðarvík, 70 m NNV af beitarhúsatóft 074, eru tvær litlar tóftir. Mikill reki er í víkinni. Upp af henni vestanverðri er lítið undirlendi, rétt svo að vegurinn að Hvalá komist þar fyrir. Vestari tóftin er grjóthlaðin norðan undir lítilli klettanibbu rétt sunnan við vegginn. Hún er um 2 x 1 m stór frá norðri til suðurs og hleðslur alveg hrundar. Hlutverk er óljóst en virðist ekki útilokað að tóftin sé af skotbyrgi. Hin tóftin er 10 m austar, einnig fast sunnan við vegginn og alls ekki víst hún tengist þeirri fyrrnefndu á nokkurn hátt. Hún er 3 x 2 m stór, óregluleg og sporöskjulaga. Gróska er í henni en veggir alveg signir og grónir. Hugsanlega eru þetta leifar af kolagröf.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar**ST-024:074** tóft beitarhús

66°03.378N 21°43.195V




Beitarhúsatóft 074, horft í norðaustur

Tóft af beitarhúsum er í Ófriðarvík, um 1 km norður af bæ 001.

Grösugt dalverpi liggur upp af víkinni, það er vel afmarkað af klettahryggjum að austan og vestan. Lækur rennur fast austan við tóftina.

Tóftin lítur ekki út fyrir að vera gömul en þó er ekki vitað til að hún hafi verið notuð eftir miðja 20. öld. Hún er af garðahúsum með hlöðu. Tóftin snýr norður-suður og er alls 15 x 7 m stór. Veggir hafa talsvert sigið út,



einkum að austanverðu. Hlaðan er um 6 m löng en aðeins 4-5 m breið. Innangengt hefur verið milli hennar og hússins. Veggir eru algrónir og gróska mikil, allt að 1,4 m háir.

**Hættumat:** engin hætta**ST-024:075** Jensínulaug laug bað

66°02.827N 21°43.808V

Jensínulaug er austan við Húsá, skammt ofan við Húsárfoss. Hún var fótabaðslaug Jensínu nokkurrar. Laugin er um 300 m ofan við Húsárfoss og rétt rúman 1 km vestur af bæ 001. Gróinn bakki Húsár og gróin holt lengra frá ánni.

Lítill laug og volg um 2-3 m ofan (austan) við Húsá. Laugin er um 2 m löng N-S og um 0,6 m á breidd. Austurbakkinn er hlaðinn upp með flögugrjóti, 3-4 umför. Lítil stífla, um 0,4 m á lengd, heldur vatni í lauginni en þó seytlar úr henni niður í ána. Vesturbakkinn, á milli laugar og ár, er einnig hlaðinn grjóti. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Útfelling er á steinum við laugina.

**Hættumat:** hætta, vegna vatnagangs**ST-024:076** gryfja kolagröf


66°04.664N 21°43.778V

Í næstu vík sunnan Baðstofugrundar, sjá fornleif 034, um 3,3 km norðnorðvestan við bæ 001, er hringlaga tóft. Ofan við kletta- og grjótfjöru er grasbali. Sunnanvert á grasbalanum er torfhringur, 4 m í þvermál. Engar dyr eru á hringnum og ekkert grjót sjáanlegt. Að öllum líkindum er hér um að ræða kolagröf þar sem rekaviður hefur verið notaður til kola. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m.

**Hættumat:** engin hætta**ST-024:077** tóft naust

66°06.970N 21°45.289V

Í Stundum á Ströndum segir: "Vestan við Sauðabólshöfða er innsti básinn, Lendingarbás [039]. Þar er sæmilegur landingarstaður fyrir árabáta eins og víðar í Básunum. Grund er upp af básum og þar eru merkileg tóftarbrot. Mest ber á skálatóft stórra með sögualdarlagi [sjá 078]. Niður undan ytra báshorninu er fornt naust." Tóft er upp af Lendingarbás, 13 m ANA af tóft 078.





Gróin grund um 10 m suður af sjávarkampi. Tóftin er niðurgrafin, um 5 m löng skora og tæpur 1 metri á breidd, liggur norður-suður. Breiðar bungur sjást beggja megin við skoruna sem er um 0,8 m djúp. Líkast til er tóftin af nausti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**HJ, 66

**ST-024:078** tóft bústaður

66°06.958N 21°45.312V

Í Stundum á Ströndum segir: "Vestan við Sauðabólshöfða [082] er innsti básinn, Lendingarbás [039]. Þar er sæmilegur landingarstaður fyrir árabáta eins og víðar í Básunum. Grund er upp af básun og þar eru merkileg tóftarbröt. Mest ber á skálatóft stórrí með sögualdarlagi." Tóftin er í sunnanverðum Eyvindarfirði, upp af Lendingarbás (039) miðjum. Upp af básnum er lítil, gróin grund. Hún er skeifumynduð um víkina og mjög grösug. Lækur rennur til sjávar um 5 m vestan við vesturenda tóftarinnar, vestast í básinn. Grundin er girt lágum klettum á allar hliðar.



Tóftin er mjög óglögg og sést best móta fyrir henni ef staðið er uppi á klettunum ofan við. Einna gleggstar eru skammhliðarnar. Tóftin liggur frá austri til vesturs og er um 20 m frá henni niður á sjávarkampinn. Gaflarnir virðast beinir en langhliðar lítillaga bogadregnar. Stærð er alls 16 x 6,5 m, breiddin mest um miðbik en aðeins um 4 m til endanna. Grjót sést ekki í veggjum sem ná mest um 0,3 m hæð. Vesturhluti tóftarinnar er skýrari en sá eystri. Svo virðist sem hann hafi verið stúkaður frá meginhlutanum með þvervegg. Þá er hugsanlegt að lítið afhýsi sé sunnan við vesturhlutann, þar vottar fyrir hólfu sem er um 2 x 2 m stórt. Ekki er ljóst hvar dyr hafa verið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**HJ, 66

**ST-024:079** tóftir naust

66°06.331N 21°43.367V



*Austari tóftin 079, horft í norður*

Í bókinni Stundir á Ströndum segir: "Utarlega og sunnan á Hróteyjarnesi er fornt bæjarstæði [080] og tvö naust. Naustin eru um 20-30 m frá núverandi strönd sem bendir til að land hafi eitthvað hækkað og ströndin færst út síðan þar var búið." Hróteyjarnes gengur fram í mynni Ófeigsfjarðar til austurs. Það er 6,3 km norður af bæ 001. Eystra naustið, sem er greinilegra, er 20-30 m suður af tóftum 080. Það er austan undir lágum klettanibbum. Tóftin er 10 m löng dæld með grónum bökku m, allt að tæpleg

á 1 m djúp og rúmlega 1 m breið. Hún snýr norður-suður. Land hækkar framan við tóftina áður en nær dregur sjó og virðist nokkuð óhentugt fyrir naust. 40-50 m vestar er önnur dæld sem gæti verið eftir naust, 10 m löng og allt að 2-3 m breið. Hún er langtum ógreinilegri en sú fyrrnefnda.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**HJ, 65-66

**ST-024:080** tóftir

66°06.362N 21°43.354V

Í bókinni Stundir á Ströndum segir: "Utarlega og sunnan á Hróteyjarnesi er fornt bæjarstæði og tvö naust [sjá 079]. Naustin eru um 20-30 m frá núverandi strönd sem bendir til að land hafi eitthvað hækkað og ströndin færst út síðan þar var búið." Hróteyjarnes gengur fram í mynni Ófeigsfjarðar til austurs. Það er 6,3 km norður af bæ 001. Á nesinu er eitthvert mesta undirlendi á svæðinu. Sunnan á því eru grónar grundir en upp af þeim þurr móaholt. Ekki eru greinilegar tóftir á grundunum þótt þar sé búszældarlegt. Hins vegar eru tvær tóftir uppi á holtinu ofan við þær. Sú eystri er um 5 x 4 m stór og snýr nokkurn veginn norður-suður. Veggir eru lítilfjörlegir og útlattir, 0,2 m háir. Minnir tóftin helst





á heystæði. Önnur tóft er rúmum 20 m vestar og er holtið þar tekið að lækka. Hún er ógreinileg þúst, sporöskjulaga og um 10 m í þvermál. Báðar tóftirnar eru einfaldar og virðast dyralausar, ekki sér í grjóti í þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**HJ, 65-66

**ST-024:081** tóft

66°06.484N 21°43.489V

Um 40 m suðaustan við fornleif 047 og um 6,5 km norðan við bæ 001 er tóft.

Grasi gróið svæði. Vallgróin tóft, 6 m N-S og 3 m á breidd. Tóftin skiptist í 2 hólf en engar dyr eru sjáanlegar. Nokkrir steinar eru nyrst í vesturvegg og er mesta hleðsluhæð um 0,3 m.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-024:082** *Sauðabólshöfði* örnefni fjárskýli

66°07.019N 21°45.206V

"Innan við básinn [Bjarndyrsbás] tekur við tvískiptur höfði og nefnist sá innri Sauðbólshöfði. Milli höfðanna er básinn Drullubás ...." segir í Stundum á Ströndum. Sauðabólshöfði er í sunnanverðum Eyvindarfirði, austan við svonefndan Lendingarbás (039).

Hár kletthöfði, gróinn að ofanverðu.

Engar tóftir sjást á höfðanum og líklegt að hann dragi nafn sitt af náttúrulegu skjóli fyrir sauði, e.t.v. hellisskúta sem er í krika suðaustan við höfðann.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**HJ, 66

**ST-024:083** *Álftabúðarhöfði* tóft

66°07.015N 21°45.498V



Tóft 083, horft í vestur

"Innan við Lendingarbás [039] er Álftabúðarhöfði og er hann innstur þeirra tanga sem ganga fram í fjörðinn sunnanverðan. Hann er rétt við Eyvindarfjarðarsand sem liggur þvert fyrir fjarðarbotninn," segir í örnefnaskrá. Rétt austan við botn Eyvindarfjarðar er Álftabúðarhöfði nokkuð áberandi frá fjarðarbotni séð. Vestan við höfðann er tóft. Grund á milli klettarana, fast austan við Eyvindarfjarðarbotn.

Megintóftin snýr N-S á lengdina, 13 x 6 m stór - breiðust fyrir miðju og er tvískipt. Er syðra hólfíð talsvert hærra en það nyrðra en þau eru



ámóta stór. Að norðan er hólf þvert á megintóftina, 3 m N-S og 10 m A-V. Sunnan við megintóftina er hins vegar lítil tóft, um 2 m á kant, með dyrum til suðurs. Suðvesturhorn megintóftar er sennilega lítillaga skemmt vegna rofs enda á blá-sjávarbakkannum. Dyr eru heldur norðan við miðju á vesturvegg megintóftar. Öll tóftin, 4 hólf, er því um 19 m N-S og um 10 m A-V. Suðurhlíð er greinilega bogadregin. Tóftin er mikið gróin, grófu grasi; næstum sefi, punti og hrossanál.

**Hættumat:** stórhætta, vegna sjávarágangs

**Heimildir:**Ö-Ófeigsfjörður, 41-42

**ST-024:084** garðlag túngarður

66°02.970N 21°42.432V

Túngarður er um Ófeigsfjarðartún að norðan og vestan. Einnig er girt að sunnanverðu, við Óskatjörn en það nefnast Nýju-Nátthagar, sjá 024. Garðurinn liggur utan um grösugt tún. Utan hans að vestanverðu eru mýrar en holt og klappir að norðan. Garðurinn sést t.d. 20-30 m vestur af Gíslatúni 055. Þaðan liggur hann til norðvesturs, niður af Gíslaholti. Þar sem hann fer niður af holtinu er hann tvöfaldur á kafla og má vera að þar hafi verið byggð utan í hann svolítill rétt, þá á að gíska 7 x 10 m stór. Rúma 100 m frá upptökunum sveigir garðurinn til norðurs. Þar er byggð við hann hesthústóft, sjá 016. Þaðan heldur garðurinn áfram um 70 m til norðurs en síðan tekur við vegarlóði til norðurs með ströndinni. Garðurinn er ýmist hlaðinn úr torfi eða grjóti, allt eftir því hvaða byggingarefni hefur verið nærtækast. Þannig er mikið af norðurhlíðinni úr grjóti en sá hluti garðsins sem er undir Gíslaholti virðist að miklu leyti torfhlaðinn, enda er þar mýri utan við. Sá hluti stendur enn vel, allt að rúmum

metra en grjóthleðslurnar eru víðast hvar hrundar. Aftur sjást garðleifar í Túnnesi, vestan við klett sem markar lendingu 015 að vestan. Þetta er grjótgarður, víðast hruninn. Hann liggur með Túnnesinu að austan og sunnan, allt að lendingu 012 en stendur þar víða tæpt á bakkanum og hefur látið á sjá vegna sjávarágangs. Hann sést utan í bakkanum af og til allt norður fyrir Gamla Nátthaga 021 en hverfur þar alveg. Alls má ætla að garðurinn sé upp undir 500 m langur ef allt er talið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Vesturhluti túngarðs084, tvöfaldur á kafla. Horft í suðvestur.*

## ST-025 Drangavík

6 hdr. 1805 er hér sagt frá Einginesi, sem beitarlandi frá Drangavík. "Þorvaldr Ásvaldsson, Úlfssonar, Yxna-Þórissonar, nam Drangaland ok Drangavík til Enginess ok bjó at Dröngum alla ævi." ÍF I, 197 Jörðin var í eyði þegar Jarðabók Árna og Páls var rituð. JÁM VII, 323 Hún hefur þó byggst að nýju en fór endanlega í eyði 1947.

Tún 1.5 ha. 1917. 1/6 þýft. "Jörðin hefur í eyði lagst fyrir harðinda sakir. Kynni aftur að byggjast ef nokkur taka vildi. Af þeirri jörðu hefur nú enginn neitt gagn." JÁM IV, 323

### ST-025:001 Drangavík bæjarhóll býli

66°09.470N 21°44.317V

"Sunnan undir Drangahálsi er lítil vík með smáskerjum og hólmum, sem nefnist Drangavík. Út með henni að sunnan, í lágri klettótttri hlíð fast við sjóinn, stendur bærinn í Drangavík. Þar er mjög lítið tún og lélegt...", segir í örnefnaskrá. Austarlega í Drangavík er bærinn, ofan við Bæjarvík undir Drangavíkurfjalli. Í hánorðri blasa Drangaskörð við. Bærinn stendur skammt ofan við fjörukamb austarlega í Drangavík.




Bæjarhóll í Drangavík 001, horft í austur

Gamalt timburhús hangir uppi, að hrúni komið, á norðausturhluta bæjarhóls sem er ekki greinilega afmarkaður og rís um 1,5 m úr umhverfinu. Frá fjörukambi eru um 15 m þar til bæjarhóllinn rís og er hann um 30 m langur í suður og um 21 m A-V. Fast vestan við bæjarhól seytlar lækur. Húsið sem er tvílyft er um 7 m A-V og um 5 m á breidd, er mestmegnis úr rekaviði, rekasúð og stoðir en bárujárn á þaki, steypurt strompur og

sennilega asbestplötuklæðning að utan. Austast á norðurhlíð húss er steyp bísлаг, um 2 m á kant. Vestan á húsinu hefur verið viðbygging en hún er horfin nema viðarsökkullinn. Þar vestur af er mikill hvannaskógur. Vegna kafgrass er erfitt að greina mannvirki sunnan og vestan við hús en eitthvert rask er þar, annaðhvort timburverk eða torf og grjóthleðslur. Um 3 m sunnan við austurenda húss er veggur úr torfi og grjóti sem snýr A-V og er 2 m breiður. Veggurinn er um 6 m langur, A-V, og um 1,2 m hæstur. Á milli þessa veggjar og húss, og austur af veggnum, liggur timbur á dreif sem greinilegar eru stoðgrindarhlutar. Sunnan og vestan við umræddan vegg er brekka sem hallar til suðurs. Tæpum 1 m vestan við vegginn er um 1 m upphækkun, um 6 m löng A-V og um 2 m breið, úr timburbraki, torfi og grjóti og þakin grasi.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917



### ST-025:002 tóft rétt

66°09.459N 21°44.167V



Upp af syðri enda Bæjarvíkur, undir háum kletti við austurjaðar túns eru leifar af lítilli, hlaðinni rétt. Hún er 115 m austur af bæjarhól 001.

Gróska er undir klettinum sem er allt að 6-7 m hár. Í framhaldi af honum gengur klettabelti til suðurs en réttin er undir norðurendanum. Norðan undir honum liggur nú troðningur heim að bænum.

Réttin er niðurgráfin en veggir hlaðnir upp með grjóti að innanverðu og standa enn vel, allt að rúmum metra. Alls er hún 5 x 5 m stór og hefur verið rekið inn í hana að norðanverðu. Breiðust er hún innst, þar slútir kletturinn fram yfir hana svo úr verður smáskúti.

**Hættumat:** engin hætta

ST-025:003 tóftir beitarhús

66°09.808N 21°45.972V



Beitarhúsatóft 003 fyrir miðri mynd, horft í vestur


og er alls 18 x 5 m stór en alveg ljóst að upphafleg breidd úr grjóti og líklega einnig torfi. Austurveggurinn er svo að segja alveg hruninn fram af bakkanum. Hlaða hefur líklega verið syðst í tóftinni, þar er 0,9 m djúpt hólfi, reglulegt og hefur verið alls um 7 m langt. Þar sem hún endar tekur húsið sjálft við en það er uppfyllt af þakefni, röftum og torfi, sem hrúnið hefur inn svo að ekkert sést af innviðum tóftarinnar, gördum eða jötum. 13 m vestur af suðurenda tóftarinnar eru leifar af einfaldri tóft, hugsanlega hey- eða kálgarði. Hún er á kafi í grasi og sér hvergi í grjót, um 13 x 10 m stór. Aðeins eru hleðslur á þrjár hliðar en rofabakki að vestanverðu. Hleðslur eru litlar um sig og lágar, innan við 0,5 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Drangavík, 2

"Heiman til við hann [Vogsbotn] er lítið nes, sem heitir Landey, þar eru beitarhús og túnblettur í kring," segir í örnefnalýsingu. Tóftir beitarhúsanna eru frammi á sjávarþampi fyrir botni Drangavíkur, skammt norðan við ósa Drangavíkurár og 1,4 km norðvestur af bæ 001. Snarbrattur, um 2 m hár rofabakki er fram af rústunum en nú uppgróinn víðast hvar. Melgresi vex sunnan og austan við tóftina. Upp eða suður af henni er gróin grund en klettabelti vestar.

Tvær tóftir sjást, önnur af beitarhúsum en hin líklega af kál- eða heygarði. Beitarhúsatóftin er austar. Hún er skemmd vegna sjávarágangs, mikið hefur brotið af henni. Hún snýr hér um bil norður-suður hefur verið meiri. Veggir hafa verið hlaðnir



ST-025:004 Kvíaklettur hleðsla kvíar

66°09.421N 21°44.018V



Kvíaklettur 004, horft í norðaustur

örnefnaskrá hlýtur umræddur klettur að vera Kvíaklettur en hleðslur eru mjög svo ógreinilegar. Hlutverk þeirra hleðslna sem sjást er illskiljanlegt í sambengi við kvíar. Norðvestan við klettinn er kargabýfi en þó ekki greinileg mannaverk á. Suðaustan klettur er grjót og torfhleðsla sem nær frá norðaustasta hluta klettans í austur, 12 m, að suðvesturenda túngarðs, sjá fornleif 026. Hleðslan er um 1 m breið og er mesta hleðsluhæð um 0,6 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangavík, 3

"Fyrir utan túnið heitir svo Klif og Fúlavík. Upp af túninu er Heimstíhjalli og Innstíhjalli og niður af þeim Kvíaklettur og Stekkur [026]. Fyrir innan Stekkinn eru víkur tvær, sem nefnast Sandvík og Hvalvík.", segir í örnefnaskrá. Tæpum 50 m heiman við "ytri túngarð" sjá fornleif 026, eru klettur, Kvíaklettur, um 20 m suðvestan við fjöruborð og um 250 m suðaustan við bæ 001.

Suðaustan við klettana er grjótfjara og upp af henni eru grjótskriður. Þar á milli er aflíðandi harla gróið svæði. Norðvestan við klettana er gamalt tún. Kletturinn er norðaustasti hluti lítills klettaholts sem nær frá fjalli og niður í fjöru. Samkvæmt




**ST-025:005** garðlag túngarður

Við túnjaðarinn á Drangavík að austan, þar sem göturoðningur að bænum liggur norður fyrir lágan klett, er garðhleðsla. Grasbali ofan við sjávarkampinn. Fram af honum liggur lágur tangi til norðurs og markar Bæjarvík að austanverðu. Hleðslan er úr grjóti, enn uppistandandi og nær alveg ógróin. Hún liggur um 4 m til norðurs frá áðurnefndum kletti en þá kemur 2 m breitt skarð þar sem gatan liggur í gegn. Þá heldur hleðslan áfram um 10 m til norðurs en beygir þá um 90° í vestur og endar eftir um 10 m frammi á sjávarbakka. Síðustu 6 m sést aðeins eitt umfar af grjóti en annarsstaðar er hún um 0,8 m há. Ekki er ólíklegt að hleðslan hafi einfaldlega þjónað hlutverki túngarðs á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

66°09.465N 21°44.103V



**ST-025:006** Viðbjarnarnaust tóft naust


"Þar fyrir innan [Gathamar] er svo Þorleifsvogur og Viðbjarnarnaust, sést þar rétt aðeins móta fyrir



Viðbjarnarnaust 006, horft í suður

fornum naustum, sem mælt er að vera muni frá landnámsöld," segir í örnefnalýsingu. Í bók sinni, Stundir á Ströndum, segir Haukur Jóhannesson um sama stað: "Utan við Þrælskleif ná urðir ofan í fjöru á allöngum kafla uns komið er að litlu nesi og innan við það er krókur sem nefnist Viðbjarnarnaust. Þar sést óglögg móta fyrir naustum." Naust er undir svonefndri Engjaneshlíð sem er norður og út frá Engjanesi, rúma 1,4 km suðaustur af Drangavíkurbænum 001. Það er sunnan við Gathamarsvík en norðan við Þrælskleif.

Grasi vaxinn hvammur sunnan við áberandi klettatanga sem gengur fram í sjó.



Nauststóftin er í hvamminum miðjum. Hún er um 8 x 5 m stór og snýr með op í suðaustur. Naustið líkist niðurgrafinni skoru, 1-2 m breiðri og 0,6 m djúpri en sáralitlar hleðslur sjást meðfram henni. Frá opinu eru um 4 m fram á sjávarbakkann sem er allt að 80 sm hár. Um 10 m niður og suðvestur af naustinu eru tvær litlar dældir, spísslaga og samhliða, í bakkanum. Hugsanlega eru það leifar nausta sem sjórinn hefur brotið af.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangavík, 3; HJ, 67

**ST-025:007** Engjanes tóftir beitarhús


Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir: "Eingjanes. Jarðardýrleiki iiii c. Eyðijörð lánvarandi. Kirkjujörð frá Stafholti í Borgarfirði....Þetta kot hefur aldrei bygt verið, nema fyrir x árum tók það einn maður og flosnaði upp, síðan hefur það ei bygt verið." "Fram af Kleif er sker eitt, sem kallast Dugga. Þar er mælt að fyrir ca. 100 árum hafi erlent skip strandað í vetrarhríð og náttmyrkri. Þrátt fyrir það komust allir skipsverjar á land en urðu þar allir úti af vosbúð og kulda. Fundu þeir enga mannabyggð, sem ekki var von, því langt er þaðan til næstu bæja, með því að Drangavík var þá í eyði og Engjanes, sem er þar mjög nærri, mun ekki hafa verið í byggð síðan á söguöld," segir í örnefnalýsingu. Haukur Jóhannesson minnst á Engjanes í bók sinni, Stundir á Ströndum: "Á Engjanesi eru miklar rústir. Þar voru beitarhús frá Drangavík allt þar til byggð þar lagðist af. Ekki er vitað um neinn ábúanda þar en jörðin hefur fylgt Drangavík um aldir. Þó má geta þess að þegar Eggert og Bjarni ferðuðust um Strandir árið 1754 var bærinn nýlega farinn í eyði en þá "hafði þjófur einn, sem strokið hafði úr fangelsi á Suðurlandi sett þar að ásamt konu sinni." Þarna getur varla verið um annan að ræða en Fjalla-Eyvind og Höllu fylgikonu hans."

Engjanes skagar fram í norðanverðan Eyvindarfjörð, undir Skerjanesfjalli sem er skriðurunnið og bratt með þverhníptum hömrum efst. Nesið er rúma 3 km suður af Drangavíkurbænum 001. Næst fjallinu eru mýrar en svo lækkar land nokkuð skarpt með bakka. Þar fyrir neðan er fremur þurrilend undirlendisræma upp af bogadreginni vogi. Á henni eru flestar tóftirnar, upp af voginum þar sem ætla

66°07.759N 21°44.748V



má að ágæt lending sé á nokkrum stöðum. Tóftasvæðið markast í grófum dráttum af áðurnefndum bakka eða barði að austanverðu. Það fjara út til suðurs og þar rennur lækur úr fjallinu og fram í sjó. Bakkin hækkar til norðurs og endar í lágu klettabelti sem sveigir á endanum til austurs og markar þannig svæðið að norðanverðu.



Fjöldinn allur af rústum er á svæðinu sem er alls rúmlega 300 x 150 m stórt frá suðvestri til norðausturs. Þær eru hér merktar með bókstöfum til einföldunar. A) Á miðju svæðinu er myndarlegur rústahóll. Hann er gróskumikill og á kafi í sóleyjum þegar vettvangskönnun fór fram, alls 40 x 35 m stór og allt að 2-3 m háar að sunnanverðu. Hóllinn snýr hér um bil austur-vestur. Á honum eru unglegar rústir, greinilega af beitarhúsum. Aðaltóftin liggur austur-vestur líkt og hóllinn og er alls um 17 m löng, 5 m breið vestast. Í miðri tóftinni mótar fyrir garða. Dyr hafa verið vestast á suðurhlið en einnig austast á suðurhlið, við garðahöfuðið, þar er tóftin allt að 7-8 m breið. Tóftin er algróin en vafalaust



Rústahóll (A), horft í suður

grjótt í veggjum. Hlaða hefur verið í austurenda, þar er dýpi allt að 1,6 m. Tota gengur út frá hlöðunni til suðurs, þar hefur verið op, líklega á timburgafla. Sambyggt hólf gengur út frá austurenda hlöðunnar og hefur líklega verið op á milli. Hólfíð er um 3 x 3 m stórt og niðurgrafið. Langs meðfram norðanverðri beitarhúsatóftinni er annað hólf, einfalt en með töluvert miklum veggjum, um 10 x 5 m stórt frá austri til vesturs. Ekki sjást dyr á því. Gróskumikill hryggur gengur frá bæjarhólnum til vesturs. Hann er alls tæplega 60 m langur og um 15 m breiður. Næst bæjarhól (A) er ekkert lag á honum en gróska þó mikil. Rúma 20 m vestan við (A) er niðurgröftur í hólinn. Gryfja þessi er um 5 m breið og skerst í gegnum allan hólinn þveran,

um 12-13 m löng. Hugsanlega eru þetta ummerki efnistöku eða leifar af niðurgröfnum mannvirki. Mannvirki (B) er fast vestan við þennan niðurgröft. Það er mikil og fornleg tóft, allt að 19 m löng og 8-9 m breið, snýr h.u.b. austur-vestur. Veggir eru mjög signir, allt að 2-3 m þykkir og mjög ógreinilegir en á hinn bóginn er greinileg skora eftir miðri tóftinni sem markar vel innra byrði veggja en engar grjóthleðslur sjást. Langveggir virðast lítillaga bogadregnir - einkum er áberandi að vesturendi tóftar er mjórri en miðhlutinn. Dyr gætu hafa verið á tveimur stöðum: Á miðjum suðurlangvegg og vestast á suðurlangvegg. Við vesturenda tóftarinnar heldur hryggurinn áfram. Þar, fast upp við stóru tóftina, er aðskilin tóft (C), 5 x 7 m stór frá austri til vesturs. Hún er tvískipt en dyr sjást hvergi. Við vesturenda hennar eru óljósar rústaleifar (D) á svæði sem er um 12 x 7 m stórt frá austri til vesturs. Ekki sjást þar hólf eða veggjaskil. 20 m beint ofan eða norðan við tóft (C) er gerði sem líkast til er af kálgarði (E). Það er utan í mýrlendu barði, alls 23 x 15 m stór og snýr frá austri til vesturs. Hleðslur eru líklega að mestu úr torfi, 0,8 m háar. Gerðið lítur ekki út fyrir að vera gamalt.

Jarðvegur innan veggja er sendinn en kartöflugörðum var oft valinn slíkur staður. Tóft (F) er uppi á brún 10 m norður af vesturenda bæjarhóls (A). Hún er 10 x 4 m stór, einföld og snýr SA-NV. Veggir eru mjög sokknir og lyngi vaxnir. Dyr gætu hafa verið á syðri skammhlið en tóftin fjarar út til norðvesturs. (G) er rúma 20 m austur af (F). Hún snýr austur-vestur og er alls um 20 x 5 m stór. Er líklega um tvö byggingarstig að ræða. Vesturhluti tóftarinnar lítur út fyrir að vera eldri, þar eru

vegghleðslur fremur signar og rýrar. Þó mótar fyrir þremur hólfulum. Það vestasta er stærst, rúmir 5 x 5 m og með dyr í vestur. Hin tvö eru minni, bæði opin í suður. Tóftin sem hólfen eru í er með lítilliga bogadregna langveggi en þó of rýra til þeir geti talist gerðarlegir húsveggir. Austasti hluti mannvirkisins er vegleg tóft sem líklega hefur verið byggð síðar. Hún er alls um 8 x 5 m stór, algróin og snýr skáhallt á hólfen sem áður var lýst eða SV-NA. Dyr hafa verið á suðvesturhorni. Innan í tóftinni mótar fyrir hlöðnum en algrónum bálki eftir endilöngu, líklega garða. Tóft (H) er 30-40 m austur af austurenda bæjarhóls (A) og um 60 m SA af (G). Hún er



*Tóft (I), horft í vestur*

einföld, fremur ógreinileg og fornleg, um 10 x 5 m stór frá SA til NV og hallar dálítið mót suðaustri. Dyr hafa verið á SA-enda. Vesturveggurinn er lyngi vaxinn en sá eystri grösugur, hæð um 0,4 m en grjót sést ekki. (I) er unleg tóft um 130 m SA af bæjarhól (A). Líklega hafa verið beitarhús þar. Tóftin er alls 12 x 8 m stór, frá austri til vesturs, einföld og veggir mjög stæðilegir, allt að 1,1 m á hæð. Engin hleðsla er að vestanverðu og líklegt að þar hafi verið timburgafl. Spýtnabrak er inni tóftinni sem er vaxin sóleyjum og háu grasi. Tvær samhliða nauststóftir (J) eru austast á svæðinu, við sjóinn, rúma

70 m suðaustur af tóft (I). Klettabelti er við þau að austanverðu. Bæði snúa naustin norður-suður og opnast til suðurs, niður að sjávarborðinu. Eystri tóftin er 15 x 6 m stór, 1-2 m að breið að innanmáli nema innst þar sem hún breiðar svo úr verður hólf, 2 x 4 m stórt að innanmáli. Norðan við naustið eru leifar af dráttarspili. Vestara naustið er 1-2 skemmra en það eystra en að öðru leyti svipað að gerð nema hólfid vantar. Veggir eru mest 0,8 m háir. (K) er tóft sem er uppi á barmi holts, í jaðri mýrarsunds 40 m beint norður af tóft (I). Hún er fremur unleg að sjá, 8 x 5 m stór frá norðri til suðurs með dyr austast á suðurvegg, einföld. Veggir gætu verið torfhlaðnir, ná mest um 0,8 m hæð. Að lokum er rétt að minnst á að beint neðan eða sunnan við bæjarhól (A) er langur hryggur, áberandi gróskumikill en þó ekki rústalag á honum. Í honum, beint framan við (A) er aflöng dæld frá norðri til suðurs, allt 1,3 m djúp og 12 m löng. Það gætu verið leifar af nausti.



*Tóftir nausta (J), horft í suðvestur*

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM VII, 325; Ö-Drangavík, 3; HJ, 66

**ST-025:008** tóft brunnur

66°09.477N 21°44.346V

Fast upp við bæjarhól (001) vestanverðan rennur lækur. Við hann austanverðan má óljóst greina leifar af litlu, samföllnu torfhúsi eða skýli. Slakki með kafagrasi. Ekki er um eiginlega tóft að ræða heldur aðeins torfhrúgald, um 3 m í þvermál, þar sem lækurinn seytlar undir holrými. Leifar stoða og þakefnis úr rekaviði gægjast undan hrúgaldinu og við suðurenda þess er hrúga af stórgrýti, hugsanlega uppfylling í gryfju, t.d. brunn. Brunnhús gæti hafa staðið yfir læknum.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:009** tóft útihús

66°09.477N 21°44.365V

Á túnakorti frá 1917 er sýnt útihús 40-50 m vestan við bæ 001. Þar er tóft.

Gróinn klettaranans eða klöpp gengur niður túnið, N-S. Þar utan í er tóftin.

Utan í þeim hluta klettaranans sem er sléttur og lóðréttur flötur er tóft, 2 myndarlegir veggir hlaðnir að mestu úr torfi og burðargrind úr rekaviði smíðuð sem enn hangir uppi að hluta. Þekjan er hrunin. Tóftin er 5,5 m á kant og dyr hafa verið á þeim vegg sem snýr mót austri en sá veggur er að mestu hruninn. Langveggirnir eru þykkir, um 2 m að breidd og um 1,7 m háir fast við klettinn. Um 6 m sunnan við klettinn er hringlaga dokk, um 3 m í þvermál, ógreinileg. Hleðslur sem slíkar er ekki að sjá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-025:010** tóft fjárhús

66°09.440N 21°44.290V


Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús rúma 30 m suður af bæ 001. Þar er nú tóft.

Tún í órækt, vaxið kafagrasi og þakið miklum breiðum af sóleyjum.

Slakki er neðst í túninu og bærinn er vestast í honum. Þaðan hækkar túnið í átt til fjalls. Tóftin sem hér um ræðir sem og tóft 011 eru uppi á brún ofan við lægsta part túnsins. Tóftin er af fjárhúsum og er um 10 x 10 m stór. Hún snýr með dyr í norðaustur en þar er engin hleðsla fyrir og hefur líklega verið timburgafl. Tveir garðar hafa verið í húsinu og hlaða í syðri enda sem liggur þvert á húsinu og er um 15 m löng og 3-4 m breið. Því er tóftin alls um 13 x 15 m. Í hlöðunni ná veggir allt að 2 m hæð, ekki er hlaðinn veggur milli húss og hlöðu. Líklegt er að húsin hafi verið notuð allt til loka búsetu í Drangavík.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-025:011** tóft fjárhús

66°09.427N 21°44.229V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 30 m SA af fjárhúsi 010. Þar er nú tóft.

Tún í órækt, vaxið kafagrasi og þakið miklum breiðum af sóleyjum. Slakki er neðst í túninu og bærinn er vestast í honum. Þaðan hækkar túnið í átt til fjalls. Tóftin sem hér um ræðir sem og tóft 010 eru uppi á brún ofan við lægsta part túnsins.



Tóftin er alls 17 x 7 m stór og snýr hér um bil austur-vestur. Hún er heilleg, að mestu grjóthlaðin en algróin og sést enn talsvert af timburinnviðum, stoðum og þakefni. Dyr hafa líklega verið á austurskammhlið. Suðurlanghlið er lág um miðbikið. Utan við hana mótast fyrir sporöskjulaga gryfju sem er rúmlega 1 m í þvermál, hugsanlega súrheystóft. Óljóst mótast fyrir garða eftir endilöngu húsinu en þó aðeins í fremri, þ.e.

eystri, helmingi þess. Útveggir ná allt að 1,3 m hæð og líklega hefur húsið verið notað langt fram eftir 20. öld.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-025:012** varða landamerki

66°10.876N 21°44.449V

"Það [holtið] nefnist Göltur eða Drangatangi. Þar er stór landamerkjavarða," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Drangaskörð, hvöss og hrikaleg, marka Drangavíkina að norðanverðu. Göltur er fremsti hluti þeirra. Klappir eru fremst á Geltinum en gróið upp af þeim.

Varðan er rústir einar. Hún hefur verið hlaðin úr stórum steinum. Mosi er tekinn að vaxa á rústinni sem er um 2 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangavík, aths. og viðb. 1


**ST-025:013** tóft

66°09.462N 21°44.314V

Um 15 m suður af bæ 001 er tóft.

Í ósléttu og grýttu túni. Tóftin er um 7 m A-V og um 5 m breið. Veggir eru mest úr torfi þótt eitthvert grjót sé neðst í hleðslum. Dyr eru heldur austan við miðju á norðurvegg og aðrar í suðvesturhorni. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.

**Hættumat:** engin hætta



Túnakort Drangavíkur 1917

**ST-025:014** *Signýjargata* gata leið

66°10.823N 21°44.591V

"Á landamerkjum Dranga og Drangavíkur er Signýjargata niður úr Signýjargötuskarði, og Svæði þar niður við sjóinn," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt riti Hauks Jóhannessonar var Signýjargata nefnd eftir kerlingu sem hét Signý en hún átti að hafa hrapað þar og dáíð. Signýjargata er milli Litlatinds og Kálfsskarðstinds í Drangaskörðum. Greinileg gata sést upp hálfgróna, skriðurunna hlíð. Nafnið Signýjargata virðist aðeins hafa átt við þennan litla hluta leiðarinnar en milli Drangavíkur Dranga voru tvær leiðir færar, annaðhvort að fara fyrir Drangaskörð eða vestur fyrir Skarðafjall um Kattardal.

**Heimildir:** Ö-Drangavík, 1-2; HJ, 68

**ST-025:015** tóft heystæði 66°10.003N 21°45.987V



Tóft er á graslendi nyrst í Drangavík, 360 m norður af beitarhúsum 003. Gróðurlendisræma sem gengur upp af litlum vogi nyrst í víkinni. Hún markast af klettum bæði að vestan og austan. Tóftin er á efsta þurrlendisblettinum í kverkinni en sunnan hennar er mýrlent. Tóftin er alls 13 x 11 m stór og snýr norður-suður. Gróska er mikil og veggir veglegir, algrónir og hvergi sér í grjóti. Hún skiptist upp í 4-5 hólf og eru tvö þeirra allt að 1,5 m djúp. Hvergi sjást dyr á útveggjum né á milli hólfanna. Frá tóftinni til suðurs liggur um 3 m breiður, upphlaðinn stallur, líkur vegi. Alls ekkert túnstæði er í kring. Tóftin minnir nokkuð á heytóftir í eyjum á Mývatni - þar var heyjað á sumrum en heyjað geymt fram á vetur, þá flutt heim á ís. Líklega er ágæt lending í litlum vogi neðan við

tóftina.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:016** Lending heimild um lendingu 66°09.475N 21°44.245V

"Lending heitir vík, þar sem lent er, beint niður af bænum," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Væntanlega er er þetta víkin sem er fast suðaustan við bæ 001, næsta vík norðvestan Fúlúvíkur en þar var einnig lent (sjá 027). Vík með smáu fjörugrjóti, vel afmörkuð að austan og vestan. Dálitlar flúrur eru í henni miðri. Engar leifar nausta eða annarra mannvirkja sjást við lendinguna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangavík aths. og viðb., 3

**ST-025:017** garðlag vörslugarður 66°06.993N 21°44.686V

Í bók sinni, Stundir á Ströndum, segir Haukur Jóhannesson um Engjanes: "Mjög gamlir og sokknir forngarðar afmarka nesið að innan og utan og liggja milli fjalls og fjöru." Garðarnir eru semsagt tveir. Sá nyrðri sést greinilega um 450 m norðaustur af bæjarhól í Engjanesi (sjá 007 A). Því miður fórst



*Garðlag 017, horft í suðaustur*

fyrir að skoða hinn garðinn á vettvangi en hann mun vera sunnan við Engjanes.

Garðurinn liggur um lyngivaxna móa en í þeim er mikið stórgryti úr fjallinu.

Garðurinn er um 65 m langur, 0,5 m hár og víðast hvar um 2 m breiður. Hann er mosagróinn og lyngivaxinn og virðist gamall. Hann sést fyrst um 8 m norðan við sjávarkamp, þar liggur gata fyrir endann á honum. Ofarlega, um 20 m neðan við fjallsrætur, liggja kindagötur yfir garðinn og hafa skilið eftir rof - í því sjást leifar af grjóthleðslum. Líklega hafa garðar þessir átt að girða af tún eða heimaland Engjanes.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** HJ, 66

**ST-025:018** tóft 66°08.079N 21°44.433V

Um 250 m austan við garð, sjá fornleif 017, er tóft. Hún er um 650 m norðaustur af bæjarhólum í Engjanesi (fornleif 007a). Hallandi grund niður að sjó. Lág klettaholt. Tóftin er alls 10 x 7 m stór og snýr NV-SA. Hún skiptist í tvö hólf, hið suðeystra mun stærra, 8 m SA-NV og 5 m á breidd. Vestara hólfíð er 2 m SA-NV og 3 m langt. Hleðslur eru úr torfi. Ekki er opið á milli hólfanna en stærra hólfíð er opið til suðausturs. Litla hólfíð er að öllum líkindum heytóft. Lækjarspræna rennur fast austan við tóftina. Mesta hleðsluhæðin er um 1,4 m.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:019** vegur samgöngubót 66°08.213N 21°44.344V

Vegur hefur verið hlaðinn yfir mýrarsund 250 m norðaustur af tóft 018.

Mýri í halla mót austri. Ofan hennar er skriða í Skerjasundsmúla. Vegurinn liggur í boga nokkurn veginn frá norðri til suðurs, er 1,5 m breiður og 0,3 m hár. Hann er líklega eingöngu úr torfi. Hann sést fyrst á um 50 m löngum kafla en hverfur nyrst við ógróna kleif. Handan hennar má rekja hann að nýju um 40 m til viðbótar. Götutroðningur liggur eftir veginum.



**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:020** gryfja kolagröf  
66°08.341N 21°44.122V

Í vik sem er norðan við Þrælskleif undir Engjaneshlíð, tæpa 300 m NA af upphlöðnum vegi 019, eru tvær reglulegar dældir, líklega kolagrafir.

Reki er í vikinni og töluverð grund upp af henni. Á miðri grundinni er stór klettur sem líklega hefur fallið úr fjallinu fyrir ofan. Dældirnar eru beint norðvestan við hann.

Syðri dældin er um 4 x 3 m stór, næstum ferköntuð með torfkraga á börmum. Sú nyrðri er 3 m fjær, hún er um 3 m í þvermál og allt að 0,6 m djúp, sporöskjulaga og vottar ekki fyrir torfi á börmum. Lækur rennur fast sunnan við staðinn.

**Hættumat:** engin hætta




Vegur 019, horft í suður

**ST-025:021** tóft

66°09.076N 21°43.217V

Undir nyrsta hluta Skerjasundsmúla er talsvert mikil grund sem heitir Skerjasund. Hún er tæplega 1 km suðaustur af bæ 001. Á henni er tóft. Grundin er graslítil en slétt og smágrýtt en helst gróin mosa, lyngi og hreindýramosa. Nesið gengur út mót opnu hafi og er mikið útsýni þaðan; Drangaskörð í norðvestri, opið haf í austri, Munaðarnes, Eyvindar-, Ófeigs- og Ingólfsfjörður í suðri. Grjótfjara og flúrir eru út af grundinni.

Tóftin snýr A-V á lengdina, 13 m og 7 m á breidd og er fast við fjöruborðið.



Megintóftin skiptist í 5 eða 6 hólf en tóftin er talsvert sigin og ógreinileg. Byggingarefnið er fyrst og fremst torf þótt finna megi steina neðst í hleðslum. Einn stór steinn, 1 x 1 m, er í tóftinni, næst sjónum og er þar við op á hleðslunni. Tvær litlar tóftir eru bæði norðan og sunnan við megintóftina. Sú syðri er hringlaga og nokkuð regluleg en sú nyrðri er mjög ógreinileg.



Tóft 021 fyrir miðri mynd, horft í norður

**Hættumat:** hætta, vegna rofs


**ST-025:022** tóft skotbyrgi

66°09.004N 21°43.259V

Tóft af litlu byrgi, líkast til skotbyrgi, er á kletti tæpa 200 m suður af tóft 021 við Skerjasund. Hún er norðan við Gathamarsvík.

Sunnan við klettinn er bogadregin vik en norðan við er grjótfjara. Kletturinn er allt að 5 m háur sé miðað við sjávarborð. Byrgið er hlaðið úr grjóti utan í klettinn á þrjár hliðar, alls um 3 x 2 m stórt NV-SA. Reft hefur verið yfir með flötum hellum og rekaviði og torf sett þar ofan á en þakefni er nú hrunið inn í tóftina. Líklega hefur verið farið inn í byrgið ofan af klettinum, í því sjást engar dyr.

**Hættumat:** engin hætta




**ST-025:023** tóftir

66°09.096N 21°43.198V

Tóftir eru við Skerjasund, 20-30 m norður af tóft 021.

Gróinn sjávarbakkí, mosi og lyng eru áberandi en þó grasvöxtur á tóftunum. Reki er í fjörinni fyrir

neðan. Jarðvegur er þunnur og skammt niður á sjávarmöl.



Úthafið blasir við og ekkert vik í landið, því gæti staðurinn verið erfiður til landingar. Víðsýni er mikið og sér bæði í mynna Ófeigs- og Ingólfsfjarðar. Syðsta tóftin er greinilega af nausti, skýr og heilleg. Hún snýr austur-vestur með dyr í austur, að sjónum. Þó er núverandi sjávarkampur um 15 m fjær. Tóftin hefur verið grafin inn í bakkann, 8 m löng og 1 m breið að innanmáli. Dálítið lausagrjót sést í bökkum. Fast norðan við tóftina, út frá miðbiki hennar, gengur dæld til norðurs, 8 m löng og 2-3 m breið og 0,3 m djúp. Líklega er dældin innra byrði húss en veggir eru þó alveg ógreinilegir. Norðan við austurenda tóftarinnar er dæld, um 1 m í þvermál. 45

m NNA af tóftinni, frammi á bakka, er ólöguleg þúst, um 8 m í þvermál. Gróska er í henni en ekkert rústalag sjáanlegt. Allar þessar minjar eru fremur ógreinilegar og fornlegar að sjá. Kvarðinn á teikningunni er 10 metrar.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:024** gryfja kolagröf

66°09.326N 21°43.786V

Hringlaga dæld, líkast til kolagröf, er upp af lítilli vík um 600 m norðvestur af tóftum 023 á nesinu Skerjasundi. Lítið undirlendi er upp af víkinni sem er norðvestan undir Skerjasundsmúla. Þar er talsverður reki. Gröfin er austast í víkinni, undir kletti. Hún er regluleg, rúmir 3 m í þvermál með torfkrögum á börmum. Götutroðningur er fast neðan við gröfina.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:025** náma mógrafir

66°09.373N 21°43.998V

Mógröf er um 300 m suðaustur af bæ 001, undir Drangavíkurfjalli.

Mýri í halla mót austri. Gröfin er norðan undir klettabelti, rúmlega 10 m neðan við skriðu í fjallinu. Hún er stök, um 10 x 10 m stór, regluleg og ferköntuð. Lægð gengur frá henni niður brekkuna.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:026** Stekkur tóft+garðlag stekkur

66°09.423N 21°43.953V

Þegar komið er úr Ófeigsfirði að Drangavík verður grjótgarður á vegi manns, um það bil er Drangavíkurbærinn sést, tæpa 400 m austsuðaustur frá bænum. Upp við garðinn er hlaðið aðhald, líklega stekkur sem lýst er í örnefnaskrá: "Fyrir utan túnið heitir svo Klif og Fúlavík. Upp af túninu er Heimstihjalli og Innstihjalli og niður af þeim Kvíaklettar [004] og Stekkur."

Norðaustan við garðinn er grjótfjara og svo upp af henni skriður Skerjasundsmúla. Á milli er aflíðandi hálfgróin spilda, um 100 m breið. Norðvestan við garð tekur Drangavíkur tún við, óslétt og grýtt.

Garðurinn er töluvert hruninn, 1,5-2 m breiður breiðastur en er að jafnaði um 1 m breiður. Hann á upptök sín í fjörunni sem og hlaðið gerði sem skiptist í 2 hólf, norðvestan við garðinn. Það er væntanlega stekkurinn. Annað er suðvestar, 4 m breitt (SA-NV) og 5 m langt en hið norðaustara er 8 m NV-SA og 5 m NA-SV og er opið milli hólfanna. Stærri hólfid er eingöngu úr grjóti, fyrir utan garðhliðina sem bæði er úr torfi og grjóti hér. Fyrir miðjum norðvesturvegg stærra hólfis er 2 m rof í vegginn. Einnig er op í norðurhorni sama hólfis. Minna hólfid er bæði úr torfi og grjóti, mesta hleðsluhæð er um 1,1, m. Suðvestan við gerðið heldur garðurinn áfram, 5 m en þá breytist byggingarefnið og garðurinn heldur áfram eingöngu úr stóru grjóti í 16 m en þá er 2 m rof (hlið) en heldur svo áfram í suðvestur í 6 m að stórum steini. Nú verður garðurinn allur lélegri, sennilega eldri, og byggingarefnið er hvortveggja torf og grjót. Garðurinn heldur svipaðri stefnu, heldur meira til vesturs, í um 150 m, í klett. En um 15 m suðvestan við stóran stein er tóft fast heiman við garðinn sem er um 9 m NA-SV og um 3 m breið með túngarðinum. Dyr eru í vesturhorni og mesta hleðsluhæð um 0,4 m. Því næst sveigir garðurinn um 65 m til norðvesturs, þá er um 40 m eyða en birtist svo aftur í um 20 m í sömu stefnu. Garðurinn er hér heldur voldugri en áður (austurhliðin) en nánast eingöngu úr torfi. Þar er lítil torfhleðsla heiman við túngarðinn, 2 m á kant, hringlaga tóft með engar dyr. Þar snarbeygir garðurinn til austurs, um 100 m og heldur áfram í svipaðri stefnu, heldur norðar, í um 70 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangavík, 3

**ST-025:027** heimild um lendingu

66°09.444N 21°44.035V

Fúlavík er norðan við túnið. Þar safnast mikill þari, svo að fýla er af. Góð lending er þar í vestanátt," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Fúlavík er næsta vík fyrir sunnan Bæjarvík.

Í henni er grjótfjara og miklir þarabunkar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangavík aths. og viðb., 3

**ST-025:028** garðlag túngarður

66°09.415N 21°44.203V

Túngarður er umhverfis tún í Drangavík.

Upptök sín nyrst og austast á hann um 30 m norðaustur af fjárhústóft 011. Túnið er í grónum hvammi undir Drangavíkurfjalli.

Garðurinn er algróinn og líklega að mestu úr torfi.

Nyrsti hluti hans er á gróinni syllu.

Þar, innan garðs, er óvenju sléttur stallur, um 15 x 20 m stór.

Sumstaðar sjást í honum reglulegar rákir og gæti þetta hafa verið kálgarður.

Þaðan liggur garðurinn í boga til suðvesturs en sveigir svo hér um bil beint í vestur.

Þar endar hann eftir tæpa 150 m á kletti skáhallt ofan við fjárhústóft 010.

Vestan við klettinn sést garðurinn á ný, liggur fyrst til vestur en svo til norðvesturs og norðurs, í sveig um túnið.

Hann er þó víða ógreinilegur, þannig að hann rís ekki yfir túnið heldur virðist túnbrúin einfaldlega hærri en myrlendið utan við.

Alls er garðurinn hátt í 250 m langur, víðast hvar torfhlaðinn en býsna siginn.

**Hættumat:** engin hætta



*Túngarður 021, horft í suður*


**ST-025:029** náma mógrafir

66°09.397N 21°44.165V

Rétt um 180 m suðaustur af bæ 001 eru mógrafir, skammt innan túngarðs.

Nokkuð slétt svæði og votlent. Mógrafasvæðið er um 5 m N-S og 4 m A-V. Grafirnar eru hálfþurrar og um 0,7 m djúpar að jafnaði.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:030** tóft

66°09.431N 21°44.354V

Lítill tóft er tæpa 80 m suðvestur af bæjarhól 001.

Fast austan við lítinn læk sem rennur niður túnið og 15-20 m innan við túngarð 028. Tóftin er um 3 x 3 m stór, fremur köntuð og rísa veggir allt að 1 m sé staðið utan við hana en hún virðist niðurgrafin um allt að 2 metra. Dyr sjást ekki og veggir eru grónir. Hugsanlega er tóftin leifar af mannvirkri fyrir súrhey.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:031** hleðsla rétt

66°09.464N 21°44.386V

Leifar af rétt eru fast vestan við tún, rúma 50 m vestur af bæjarhól 001.

Lítill, vel afmörkuð vík er fast vestan túnsins. Hún er aðskilin frá Bæjarvík með klettarana sem gengur í sjó fram.


Raninn markar einnig hvamm sem gengur upp af víkinni. Hvammurinn er einnig varinn að vestanverðu af klettum og myndast þannig bás, hið þrýðilegasta aðhald.

Básinn er gróinn og þrengist eftir því sem fjær dregur sjó en lokast þó ekki alveg. Hlaðið hefur verið fyrir hann bæði nyrst og syðst.

Syðri hleðslan er um 8 m löng, algróin en op á henni um miðbikið.

Neðri hleðslan er við sjávarkampinn, úr grjóti og allt að 15 m löng.

Alls er aðhaldið um 24 x 15 m stórt frá norðri til suðurs. Skora klýfur klettana sem marka það að austanverðu og þar virðist hafa verið uppganga, efst í henni vottar óljóst fyrir torfhleðslu.



**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:032** garðlag

66°09.450N 21°44.450V

Stakt garðlag er í Drangavíkurtúni, rúma 70 m suðaustur af bæjarhól 001 og um 30 m norður af fjárhústóft 011.

Grasi vaxið tún. Norðurendi garðsins um 10 m sunnan við Bæjarvík en þar fyrir garðendann liggur gatan heim að bænum. Hann liggur til suðurs, er þráðbeinn og alls 12 m langur. Hleðslur eru algrónar og allt að 1 m háar. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn hefur gegnt.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:033** vegur samgöngubót

66°09.463N 21°44.772V

Upphlaðinn vegur liggur ofan af kletthálsi um 350 m vestur af bæjarhól 001.

Klettarani, að mestu ógróinn, sem liggur norður-suður. Vegurinn sést fyrst þar sem hann liggur ofan af hálsinum til vesturs, niður í mýri sem þar er. Hann er grjóthlaðinn og mjög reglulegur fyrstu 10-15 metrana, um 0,6 m hár og 2 m breiður. Eftir það dregur úr hleðslunni og hún sýnist eingöngu úr torfi. Alls má rekja veginn um 80 m til vesturs en þó með hléum. Um miðja veginn liggur hleðslan yfir læk og myndar torfbrú. Ekki er ljóst hvort hleðslan hefur einfaldlega átt að auðvelda flutning, t.d. á heyi heim að bænum eða hvort hún hefur verið hluti af leið sem lá áfram til norðurs frá Drangavík.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:034** garðlag vörslugarður

66°09.461N 21°44.761V

Við suðurenda vegarhleðslu 033 liggur klettholt þvert á veginn frá norðri til suðurs. Uppi á holtinu, um 10 SA af veginum, eru óljósar leifar af garðlagi.

Hálfróið holt. Garðinum virðist hafa verið hróflað upp því ekki eru hleðslur vandaðar. Alls er hægt að rekja hann á um 45 m löngum spotta, frá holtinu og upp að fjallsrótum. Virðist sem hann hafi átt að mynda aðhald í framhaldi af klettholtinu. Víðast hvar er hleðslan aðeins 1 umfar en þó allt að 3 umför næst fjalli. Ekki er útilokað að girðing hafi verið á hleðslunni.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-025:035** gerði kálgarður


66°09.865N 21°46.073V



*Kálgarður 035, horft í suðaustur*

Norðan við Drangavíkúrá, innst í Drangavík, í víkurbotni, er tóft, um 1,5 km norðvestur af bæ 001. Innst í Drangavík er gróið og fremur slétt dalverpi sem talsvert er skorið af tjörnum og lækjarsprænum.

Tóftin, sem er líkast til af kálgarði, er eins og L í laginu, 22 m NA-SV. Norðausturhlutinn er um 7 m langur en suðvesturhlutinn um 13 m langur. Langhliðar (NV og SA-hliðar) eru mjög greinilegar og er hleðslan hæst 1,1 m. Á stöku stað sér í grjóti neðst í hleðslum en annars er torf ráðandi byggingarefni. Á



norðvesturhlið hafa rekaviðarraftar verið látnir ofan á hleðsluna. Girðingastaurar úr rekaviði standa upp úr hleðslum hér og þar og fleiri liggja hjá.

**Hættumat:** engin hætta



## ST-026 Drangar

12 hdr. 1847 og 1706.

1599: ... [til Arness] liggja til sóknar xxiiij bæir og iiij bænhús; fylgir þeim ekkert, hvorki í föstu né lausu nema j kúgildi bænhúsínu á Draungum. Heyrst hefir þau hafi fylgt því tvö. ... Lbs. 108 4to, bl. 524-25.

1599: ... iiij bænhús og fylger eitt kugilldi (ei)nu þessu bænhuse. eckj neitt fylger þeim annat huorcke j fostu nie lausu. hef eg heyrnt .ij. kugilldi fylgdi þui dranga bænhuse. heyrar það til vatzfirdi. ... Lbs 108 4to, bl. 524-25. „þar er bænhús.“ JÁM VII, 322

1805 er eyðihjáleigan Kragatún talin með. "Þorvaldr Ásvaldsson, Úlfssonar, Yxna-Þórissonar, nam Drangaland ok Drangavík til Enginess ok bjó at Dröngum alla ævi." ÍF I, 197

Stærð túna hefur ekki fylgt túnakorti 1917.

### ST-026:001 Drangar bæjarhóll bústaður

66°11.321N 21°51.446V


Bæjarstæðið á Dröngum er upp af vestanverðri Bæjarvík. Núverandi íbúðarhús á Dröngum var byggt 1911. Það stendur 20-30 m vestur af gamla bæjarstæðinu þar sem bæjarhóllinn er.

Kafgresi og sóleyjar í mitt lær vaxa á hólnum. Hann nær næstum fram á sjávarkampinn þar sem hann teygir sig lengst í norður. Austan við hann rennur lækur til sjávar. Norðan hólsins er túnrækt á dálitlu nesi sem markar Bæjarvíkina að norðan.

Hóllinn er nokkuð greinilegur en hefur verið skemmdur mikið, enda voru reist fjárhús á honum á 6. eða 7. áratug 20. aldar. Rústir þeirra, ásamt fleiri húsum, taka yfir bróðurpart hólsins. Óskar og Sveinn Kristinssynir tóku þátt í byggingu fjárhússins og muna eftir geysilegum mannvistarlögum. Telur Sveinn að öskuhaugur hafi verið þar sem nú gnæfa steypiti



Bæjarhóllinn er skammt vinstra megin við miðju, framan við hann sést Sveinn Kristinsson undir krúgeri. Núverandi íbúðarhús er hægra megin.



r  
veggir súrheysturns vestarlega á hólnum norðanverðum, þar var aska vel á annan metra niður en alls er turninn grafinn niður um hátt í 5 m og er rúmir 5 m í þvermál. Sunnan við turninn eru leifar fjárhúsa sem hafa verið garðahús, alfarið úr steypu og timbri. Hóllinn rís smám saman vestan við súrheysturninn, milli hans og húsa sem enn standa uppi að hluta um 5 m fjær. Þar er skemma og leifar tveggja steinsteyptra húsa, vestan og norðan við hana. Þessi hús eru á suðurbarmi hólsins en alls má ætla að heildarstærð hans sé um 45 x 35 m norður-suður. Væntanlega er hann mjög illa farinn vegna bygginga. Hann fjarar út til austurs, að bæjarlæknum. Á suðurbrún hólsins hafa staðið tvö lítil útihús skv. túnakorti frá 1917.

Þau hafa

væntanlega vikið vegna bygginga, hafa væntanlega verið þar sem áður nefndir skúrar eru núna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

### ST-026:002 Fornasel tóftir beitarhús

66°12.709N 21°55.902V

"Fornasel heitir utarlega við fjörðinn, þar sem nú eru tættur. Eiríkur byggði þar beitarhús 1932. Þegar grafið var fyrir því, var komið



Austari tóftin á Fornaseli 002, horft í norður




niður á staði fyrir langelda, um það bil 8 fet á lengd og 3 fet á breidd," segir í örnefnalýsingu. Í Stundum á Ströndum segir: "Fornasel heitir yst við fjörðinn Drangamegin. Þar eru beitarhús sem reist voru árið 1932. Þegar tekinn var grunnur fyrir húsinu var komið niður á leifar af langeldi og gólfi. Fleiri tóftir eru þarna og því verðugt verkefni fyrir fornleifafræðinga." Fornasel er sunnan við mynni Bjarnarfjarðar þar sem hann tekur að þrengjast, skáhallt á móti Skaufaseli sem er Skjaldavíkurmegin við fjörðinn og um 900 m vestur af Meyjarseli.

Lítill vík sem opnast út í fjarðarmynnið. Sárálitið undirlendi er upp af henni því fljótlega taka við klettur í rótum Meyjarfjalls. Tvær veglegar vörður eru á kleif vestan við selið.

Tvær tóftir sjást, önnur af beitarhúsum Eiríks en hin mun fornlegri. Beitarhúsatóftin er vestar, 14 x 7 m stór og snýr með dyr mót norðri. Hún er skammt ofan sjávarkamps en smáklettur eru fram af, við víkina. Þakefni hefur fallið ofan í tóftina og glittir þar í mæni hússins auk stoða innan um torfbunka.

Hlaða hefur verið syðst í húsinu og að líkindum garði eftir því miðju en hann sést ekki nú vegna hruns. Veggir tóftarinnar eru allt að 1,2 m háir, að mestu úr grjóti, það var í notkun framyfir miðja 20. öld. Hin tóftin er rúmum 30 m austar og neðar, nær víkinni. Ofan eða sunnan við hana er mikið klettabelti. Hún er 14 x 6 m stór og snýr norður-suður. Langveggir eru áberandi bogadregnir og rúmlega 2 m þykkir en rísa allt að 0,4 m. Ekki sést í grjót í þeim. Dyr virðast hafa verið sunnarlega á vesturlangvegg. Innst eða syðst í tóftinni er afstúkað hólfi, um 2 x 1 m stórt, hugsanlega með dyr í suðvestur. Nyrðri endi tóftarinnar sést illa, enda er hann á kafi í



hvönn. Troðningur liggur yfir hann. Staðsetning tóftarinnar svo nálægt sjávarborði bendir til að hún gæti verið af nausti.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Drangar, 2; HJ, 74

**ST-026:003 Réttarvík** mannvirki rétt

66°12.726N 21°55.500V

"Smávík nafnlaust er fyrir utan hann (Fornaselstanga), síðan smátangi innan við Þúfnavík. Upp af henni er hátt holt með stórri þúfu. Hún er nokkurn veginn gengt Skaufaseli [St-027:020] í Skjaldabjarnarvík. Réttarvík er næsta vík. Þar var rétt," segir í örnefnalýsingu. Réttarvík er tæpa 300 m austan við Fornasel 002. Lítill vík, upp af henni miðri gnæfir hár klettur með tveimur hundapúfum.

Engin tóft sést í víkinni, einungis leifar af rétt úr rekavið og ekki ljóst hvort þar hefur verið eldra mannvirki úr torfi og grjóti. Hún hefur verið byggð vestan undir háum kletti en er fallin og sést aðeins brakið. Af því að dæma gæti réttin hafa verið um 10 x 5 m stór. Þrír staurar úr henni hanga enn uppi.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Drangar, 2

**ST-026:004 Meyjarsel** tóftir sel

66°12.696N 21°54.708V


"Í Meyjarseli, sem stundum er aðeins nefnt sel, eru miklar tættur. Það er ofan við Meyjarselstanga...á Meyjarselstanga er slétt grund, Meyjarselsgrund. Þar er klettur, Selklettur, sem veitir gott skjól fyrir sauðfé. Ofan við grundina eru þrjár hólar, Selhólar," segir í örnefnalýsingu. Meyjarsel er sunnan við mynni Bjarnarfjarðar, 3,5 km norðaustur af bæ 001. Tóftirnar eru á litlu nesi undir Meyjarfjalli. Þær voru friðlýstar 1930 og segir í friðlýsingarskrá: "Drangar. Þústir 2 fornar í Meyjarseli, er svo kallast, á milli Skjaldabjarnarvíkur og Dranga. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933."

Nesið gengur út í fjarðarmynnið til norðurs og er fremur berangurslegt og lítið gróðurlendi, nema á því miðju einmitt þar sem tóftirnar eru.

Ekki eru mjög miklar tóftir á Meyjarseli en þær sem sjást eru mjög líklega byggðar á eldri rústum. Aðaltóftin er af litlum kofa, ungleg að sjá, 6 x 6 m stór með dyr á vesturvegg. Veggir eru allt að 1,2 m háir, á kafi í grasi svo að ekki sést í grjót. Rekaviður sést í miðri tóftinni sem og í dyrunum. Lítill viðbygging gengur til norðurs frá tóftinni austast, um 3 x 3 m stór. Greinilegar byggingaleifar, líklega eldri, teygja sig hátt í 12-15 m suður fyrir tóftina, þar syðst vottar óljóst fyrir hólfi sem snýr norður-suður og er um 7 x 5 m stórt. Ytri veggjarbrúnir eru óglöggar og fjara alveg út til norðurs. Tóft af nausti mun vera skammt neðan við selið en hún var ekki skoðuð á vettvangi.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Drangar, 2; Fornleifaskrá, 24




**ST-026:005 Krákutún** tóftir býli  
 Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Í landinu í einum stað sjást tóftir nokkrar, kallaðar Krákutun. Sýnist líklegt þar kunni að hafa verið býli að forngildu, veit þó enginn neitt þar af. Kann ómögulegt að byggjast fyrir slægnaleyssi." Í jarðabók frá 1805 er staðurinn nefndur "Kragatún". Í örnefnalýsingu segir: "Næsti vogur [við Gvendartanga] heitir Þaravogur. Hann ber nafn með rentu, því að í hann safnast mikill þari. Hann liggur inn með Sauðabólshöfða [067]. Þá tekur við Krákutún, stór og falleg vík með rennisléttum grundum fyrir ofan. Þar sjást merki um forna byggð, en ekki hefur verið hróflað við neinu." Krákutún er upp af vík sem er austan við ósa Meyjarár, 2,6 km norðvestur af bæ. Breið vík með ljósum fjörusandi. Upp af henni er gróin grund, vel afmörkuð að austan af háum klettarana en að vestan af lágum klettaholtum. Eftir grundinni endilangri gengur skörp dæld, e.t.v. til vitnis um hærri sjávarstöðu. Reki er í víkinni. Túnstæðið er mjög gróskumikið og fremur slétt frá náttúrunnar hendi. Nokkrar tóftir sjást á Krácutúni, flestar mjög fornlegar. Annars vegar er um að ræða litla rústabyrpingu (A) og hins vegar staka tóft, líklega af nausti, (B). Mestu rústirnar eru sunnarlega í túninu, heldur vestar en fyrir miðju. Þar er geysileg gróska, sóleyjar og ýlustrá áberandi á veggjum en ofan í tóftunum

66°12.162N 21°54.218V



*Krácutún 005, horft í norðvestur. Tóft (B) sést ágætlega framarlega fyrir miðri mynd.*



ber meira á ljónslöpp. Mest ber á skálalegri tóft sem snýr norður-suður. Hún er alls um 16 x 7 m stór og tvískipt. Hún er breiðust um miðjuna, 7 m en mjókkar til beggja enda og er þar 4-5 m breið. Syðra hólfíð er minna, um 4 x 4 m að innanmáli. Dyr hafa verið allra syðst á vesturlangvegg. Ekki sjást dyr á þverveggnum sem skiptir rústinni en fast norðan við hann eru dyr á austurlangvegg nyrðra hólfins sem er um 8 x 4 m að innanmáli. Norðurendi tóftarinnar er fremur óljós, þar tekur við dæld, regluleg og líklega manngerð en þó eru vegghleðslur ekki greinilegar. Hún er 5 x 3 m stór N-S. Hugsanlega hafa verið dyr úr þessu hólf til austurs nyrst. Beint norðan við það er djúp dokk, 2,5 m í þvermál og allt að 1,2 m djúp, vafalaust niðurgrafin. Veggir eru lítt greinilegir en tóftin minnir nokkuð á jarðhús sem oft finnst í námunda við skála. Úr henni virðast hafa verið dyr, um 2 m langur gangur, í norður, í

tóft sem liggur austur-vestur og er 4 x 2 m stór. Innra byrði veggja er mjög greinilegra en hið ytra. Þessi tóft er á barmi dældarinnar sem gengur eftir túninu öllu. Þá er lokið lýsingu á rústaþyrpingunni. 60 m vestan við hana og 40-50 m austur af klettabeltinu sem markar túnið að austan er stök tóft, (B), líklega af nausti. Hún snýr norður-suður og er einnig á suðurbarmi áður nefndrar dældar, alls 10 x 2 m stór. Hún virðist að mestu niðurgrafin því að vegghleðslur sjást litlar sem engar. Tóftin er 30-40 m suður af núverandi sjávarkampi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**JÁM VII, 323; Ö-Drangar, 3; JJ, 212

**ST-026:006** Fauskavík tóft beitarhús

66°12.057N 21°53.530V

"Þar fyrir innan [Krákutún 005] er Fauskavíkurhöfði, hátt holt. Síðan kemur Fauskavík með smátanga eða kletti í miðri vík, Fauskavíkurtanga eða öðru nafni Fauskavíkurkletti. Í Fauskavík eru beitarhús og ræktað og girt tún umhverfis," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsatóftin er við sunnanverða Fauskavík, 2,1 km norðvestur af bæ 001.



*Nýlegir innviðir í beitarhúsatóft 006, horft í suður*


Mjög vel gróin en mjó grund er upp af víkinni, á kafi í grasi og sóleyjum. Tóftin er ungleg og stæðileg með allt að 2 m háum vegghleðslum. Hún er alls 11 x 18 m stór frá norðri til suðurs, opin í norður og nema dyrnar við fjöruborðið. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti en torf er ofan á því á hliðunum, allt að 0,6 m þykkt. Hlaða hefur verið syðst í

húsinu. Tóftin er í sérkennilegu ástandi eftir endurbætur sem voru gerðar á henni fyrir nokkrum árum af fylgismönnum Rudolfs Steiner á Íslandi í þakkarskyni fyrir gestrisni Drangamanna. Hlaðan hefur verið hækkuð upp, að því er virðist með möl, og er nú um 0,7 m hærri en gólf fjárhússins.

Innanverður hlöðugafllinn hefur verið endurgerður með stafla af rekaviðardrumbum. Ekki sjást leifar garða eða þakfnis inni tóftinni og hefur slíkt væntanlega verið hreinsað út við endurbæturnar. Um 5 m sunnan við suðausturhorn tóftarinnar er yfir 2 m djúp gryfja, hugsanlega brunnhús en gæti þó verið súrheystóft. Neðan við hana grillir í vatnsleiðslu og hefur e.t.v. verið leitt vatn í húsin. Þau hafa væntanlega verið notuð fram yfir miðja 20. öld.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ö-Drangar, 3



**ST-026:007** vegur samgöngubót

66°12.053N 21°53.214V



*Vegur 007, horft í suðaustur*

Við norðurenda Vatnshöfðavatns er klettur og fram af honum gengur klettatangi fram í sjó. Vegarslóði liggur norður fyrir klettinn og er hann upphlaðinn á kafla.

Hlaðið er út frá klettinum og niður á fremur þurrt holt við norðurenda vatnsins.

Hleðslan sést á 7-8 m löngum kafla og er vegurinn allt að 3 m breiður. Hleðslan er hæst næst klettinum, 1,2 m en lækkar niður til vesturs. Stórgrýti er í henni en sést aðeins norðan megin. Vegurinn er gróinn að ofanverðu en er unglegur að sjá, gæti vel verið 20. aldar verk. Smámýrarblettur er fast norðanundir veginum, þar vottar fyrir gryfju sem gæti verið mógróf.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:008** *Stóri-Stekkur* tóft+garðlag stekkur 55°11.585N 21°52.775V



*Stóristekkur 008, horft í norðvestur*

"Stórustekksvík er stór og breið vík. Þar er stekkur með allmiklum tóftum, og sést fyrir túngarði. Stórustekksklettur er stór og mikill klettur, sem nær út í sjó," segir í örnefnalýsingu. Tóftin er beint upp af Stórustekksvík, heldur austar en fyrir miðju, 1,1, km VNV af bæ 001.


Gróin, bogadregin grund er upp af víkinni, vel mörkuð af holtum og mýrum ofan við. Mýri er beint ofan við tóftina og liggur í suðaustur.

Á Stórustekki er mikil stekkjartóft og að auki fornleg garðlög. Alls er svæðið um 75 x 45 m stórt. Tóftin snýr austur-vestur, er 20 x 8 m stór og er heldur óvenjuleg af stekki að vera. Mikil gróska er í veggjum sem eru algrónir og eru þeir allt að 1 m háir.

Ekkert aðhald er við tóftina í sjálfu sér, enda er hún á miðri grund. Þrátt fyrir að hún sé ungleg er hún með ótvíræðu skálagi og hefur líkast til verið endurbyggð á eldri tóft. Hún er breiðust um miðjuna en mjókkar til endanna og er þar 4-5 m á breidd. Tóftin er tvískipt og er vestara hólfíð minna, um 6-7 m langt. Ekki sjást dyr á milliveggnum en fast austan við hann eru dyr á stærra hólfínu í norðurátt - að sjó. Tóftin er ekki ýkja vel afmörkuð að austanverðu, þar er engu líkara en tota eða hólf gangi frá henni til austurs, um 4 m breitt og 6 m langt, lægra en aðaltóftin. Um 10 m norðaustan við austurenda tóftar vottar fyrir veigalítilli garðhleðslu í átt að Stórustekkskletti en hún fjarar út eftir um 20 m. Garðurinn er algróinn, um 0,2 m hár og aðeins um 0,3 m breiður. Tæplega 30 m vestur af vesturenda stekkjartóftar er greinileg dæld, um 1,5 m í þvermál og um 0,6 m djúp. Vottar óljóst fyrir mosagrónum veggjum í kring. Um 10 m vestan við hana er garður hlaðinn frá lágu holti til norðurs en fjarar út eftir tæpa 25 m. Hann er 2 m breiður, mosavaxinn og um 0,4 m hár, bæði veglegri og fornlegri en garðurinn austan megin. Hann endar um 10 m sunnan við sjávarkamp. Bæði garðarnir, einkum þessi síðarnefndi, og umfang og lag tóftarinnar benda til að um annað og meira en stekki gæti verið að ræða, jafnvel gamalt býli.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangar, 4-5



**ST-026:009** *Litli-Stekkur* heimild um stekki

66°11.405N 21°52.588V

"Stórustekksker er heiman við lækinn nokkuð frá landi en grunnt rif fram af því, þurrt um fjöru, nema smásund fast við skeríð. Litli-Stekkur er allstórt svæði nokkuð heimar. Þar eru engar tóftir. Garðlönd hafa lengi verið þar, enda velgja í jörð. Í Litlastekki er Laugalækur, aðeins volgur. Hann rennur úr Húsá, sem fellur til sjávar heiman við Litlastekki," segir í örnefnalýsingu. Litli-Stekkur er um 900 m norðvestur af bæjarhól 001 og 360 m suðaustur af Stórustekki 008. Stóralaug 025 er aðeins 40-50 m suðvestar. Töluvert flæmi af grónum hólum en jarðvegur er greinilega sendinn.

Engar stekkjartóftir eru sjáanlegar og hafa hugsanlega verið gerðir kálgarðar á tóftunum. Þeir eru tveir, annars vegar á bakka Laugalækjar og hins vegar 60-70 m norðar. Garðar þessir voru í notkun um 1960 og eru því ekki skráðir sérstaklega.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangar, 4

**ST-026:010** *Efri-Hlein* heimild um lendingu

66°11.389N 21°51.697V

"Reyðarhleinn er langur tangi með sléttum klöppum. Í daglegu tali var hún nefnd Hlein en ekki Drangahlein eins og Jóhann Hjaltason kallar hana. Hún er klofin í miðju í Fremrihleinn og Efrihlein, sem



er ofar. Aðallending á Dröngum var við Efrihleinina," segir í örnefnalýsingu. Erfitt er að sjá hvað "ofar" merkir í þessu samhengi en Sveinn og Óskar Kristinssynir segja að ávallt hafi verið lent vestan við hleinina, upp við hana, þar sem nú er lítil bryggja og bátar geymdir. Sléttar klappir, sumstaðar með smávikum, út í sjó. Vestan við Hlein, þar sem hún mætir landi, er löng fjara með hvítum sandi, nefnd Sandurinn. Vafalaust hefur verið hægt að lenda í honum líka.

**Hættumat:** engin hætt  
**Heimildir:** Ö-Drangar, 4

**ST-026:011** gryfja kolagröf 66°12.723N 21°55.521V  
Kolagröf er 10 m vestur af rétt í Réttarvík 003.  
Gröfin er á gróinni grund í víkinni miðri, 10 m ofan við sjávarkamp.  
Hún er um 1 m í þvermál, 0,4 m djúp og mótar fyrir torfkraga í kringum hana.  
**Hættumat:** engin hætt

**ST-026:012** Stekkur tóft stekkur 66°11.306N 21°50.906V  
"Ytri Lambanesvík er utan við Lambanesið. Stór klettur er á grundinni ofan við hana. Í Lambanesi var Stekkur. Þar rétt fyrir neðan var góð landing [013]. Þar voru lömb látin út í skip, þegar fært var frá," segir í örnefnaskrá. Um 300 m austur af bæ 001 og um 3 m ofan við fjörubambinn er tóft. Aflíðandi og gróin grund niður í fjöru, mót norðri. Þetta er vestan í klettatanga, Lambanestanga.



*Stekkjartóft 012, horft í norðaustur*

Þóftin er mest hlaðin úr grjóti og er um 13 m NA-SV og um 4 m á breidd. Suðausturhliðin er hlaðin inn í brekku en norðvesturhliðin er hlaðin grjóti. Tóftin er opin til suðvesturs og virðist sem hún hafi verið tvískipt, en þó er það ekki óyggjandi því hleðslur eru töluvert hrundar á 2 stöðum. 10 umför grjóts sjáanleg mest en steinar eru fremur flatir. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m.

**Hættumat:** hætt vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Drangar, 5

**ST-026:013** heimild um lendingu 66°11.308N 21°50.929V  
"Heimri Lambanesvík er bæjarmegin við Lambanes. Utanvert í því er langur og stór Klettanestangi, Lambanestangi. Ytri Lambanesvík er utan við Lambanesið. Stór klettur er á grundinni ofan við hana. Í Lambanesi var Stekkur [012]. Þar rétt fyrir neðan var góð landing. Þar voru lömb látin út í skip, þegar fært var frá.", segir í örnefnaskrá. Lendingin er um 3 m norðan við Stekk 012.  
Grjót og klettafjara. Fast norðvestan við Lambanestanga er fremur mjó vík, um 10 m mjóst. Flúrun ganga fram í sjó norðvestan við víkina. Norðvestur af flúrunum er talsvert breiðari vík eða lítill vogur sem hugsanlega gæti hafa verið notaður sem landing.

**Hættumat:** engin hætt  
**Heimildir:** Ö-Drangar, 5

**ST-026:014** Gvendarbrunnur lind brunnur 66°11.256N 21°50.216V  
"Heimrakilif er líttill hjalli fram úr fjallinu. Það byrgir sýn út eftir. Klifjavík er utan við það. Þar ganga skriður í sjó fram. Ytrakilif er utan við víkina. Gvendarbrunnur eða Gvendarbrunnslækur er lækur, sem kemur undan fjallinu og rennur út í víkina. Í honum er sérlega gott vatn. Hann frýs aldrei. Lækurinn á að vera vígður af Guðmundi góða.", segir í örnefnaskrá. Lækurinn er um 100 m austan við hleðslu 017 og tæpa 850 m austur af bæ 001. Niðri við fjöru rennur lækurinn eftir grýtttri grasbrekku.  
Engin uppspretta er sjáanleg við fjallsrætur - lækurinn seytla þar neðanjarðar. Frá því lækurinn kemur upp á yfirborðið og rennur í sjóinn er hann ekki nema u.þ.b. 300 m langur N-S. Lækurinn er breiðastur 1,5 m.

**Hættumat:** engin hætt  
**Heimildir:** Ö-Drangar, 5


**ST-026:015** Kolgrafarvík gryfja kolagröf 66°11.195N 21°49.783V  
"Langur tangi er aðeins utar, Gvendarbrunnstangi. Næst honum er nafnlaus vík, síðan



Kolgrafarvíkurholt og Kolgrafarvík. Víkin skiptist í tvennt af litlum tanga, en Kolgrafarvíkurtangi er utan við hann.", segir í örnefnaskrá. Rétt austan við litla tangann sem skiptir Kolgrafarvík í tvennt, eru 3 samvaxnar kolagrafir. Víkin er 1,2 km austur af bæ 001. Breið og grasi gróin vík þar sem lágur tangi nær fram í sjó að austanverðu. Mikill reki. Nokkuð lárétt og flatt er upp af fjöruborðinu, um 100 m, en þá tekur landið að rísa upp að fjalli. Mýrarpyttir hér og hvar.



Kolagrafir 015, horft í norður



Tveir nyrðri torfkragarnir eru alveg samvaxnir og örugglega kolagrafir. Syðsti kraginn er öllu kantaðri, 4 m á kant en norðvesturhlið vantar að mestu. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Syðri kraginn er hringlaga er um 4 m N-S og um 3 m A-V, 0,3 m djúpur og lokaður, þ.e. ekkert op á hleðslum. Nyrsti kraginn, sem er samfastur þeim syðri, er 4 m í þvermál, 0,4 m djúpur og einnig lokaður eins og vænta má af kolagröf. Lækur rennur fast

sunnan við syðstu tóftina.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangar, 6

**ST-026:016** Byrgistöftir tóftir

66°11.046N 21°49.166V

"Þá er Byrgisárvík. Í henni renna Heimri- og Ytri-Byrgisá til sjávar. Langur og fallegur tangi með kletti utarlega heitir Byrgistöftir og eru á grösugu barði beint upp af tanganum. Hann er utan við Byrgisárvík.", segir í örnefnaskrá. Tanginn er 1,7 km austur af bæ 001. Beint upp af tanganum sem markar austari mörk Byrgisárvíkur er tóft. Á milli tangans úti í sjó og klappahryggja sem teygja sig frá fjalli niður á mitt undirlendi, er tóft á grasgrund, fast austur undir grónum klapparrima sem snýr.



Tóftin er um 8 m NA-SV og um 6 m á breidd og gæti verið tvískipt. Veggir eru að jafnaði fremur háir en hæstir 0,9 m. Dyr eru fyrir miðjum norðausturvegg en þar framan við (norðaustar) er stórþýfð brekka sem hallar mót norðaustri. Tóftin er gróin grasi og sóleyjum. Rúma 20 m norðan tóftarinnar er önnur lítil tóft, um 4 m N-S og um 3 m á breidd. Ekki er hægt að greina dyr á þeirri tóft og lítur hún helst út eins og kolagröf eða heystæði. Óljós hryggur, 1-2 m breiður, liggur frá þessari litlu tóft til suðausturs en hverfur í landið eftir um 80 m. Hryggurinn er mjög lágur en mosi vex á honum en ekki annarsstaðar á svæðinu. Þess má geta að Byrgis-örnefni á Ströndum vísa oftast á beitarhúsatóftir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangar, 6

**ST-026:017** vegur samgöngubót

66°11.235N 21°50.325V

Rúma 700 m austur af bæ 001 eru hlaðnar vegarbætur, skammt utan við Heimraklif. Breið og grunn vík þar sem skriða gengur í sjó fram, vestanmegin í víkinni. Austanmegin er stórgrýttara og lítil gróðurbrekka. Þegar farin er slóðin austur frá Dröngum, upp úr víkinni austanmegin, hefur verið hlaðið undir stíginn norðanmegin (sjávarmegin) til hækunar - smá stallur. 4 umför grjóts sjást mest en stundum aðeins 1 umfar. Slíkar hleðslur sjást af og til á leiðinni upp úr víkinni á 40-50 m kafla.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:018** hleðsla

66°11.314N 21°50.874V

Um 30 m norðaustur af stekki 012, og um 350 m austur af bæ 001 er lítil grjóthleðsla. Grasgrund upp af Lambanestanga, um 10 m ofan (vestan) við sjávarkamb. Lítil grjóthleðsla hlaðin næstum í hring, 2 m á kant. Hleðsluhæð um 0,5 m. Op er á norðvesturhlið. Ekki lítur hleðslan út fyrir að vera gömul, hefur sennilega verið hróflað upp í skyndi.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:019** *Árdalavegur* heimild um leið 66°10.947N 21°49.652V

"Ytri Byrgisá rennur eftir Efri Árdal en Heimri Byrgisá eftir Neðri Árdal. Vetrarvegur er um Árdalina og Kattardal yfir Drangaháls til Drangavíkur. Þessi vegur nefndist Árdalavegur. Hann liggur skammt heiman við Ytri Byrgisá eftir laut skammt frá árgljúfrinu og endar þar í skarði, sem stundum var kallað Árdalaskarð. Þegar komið er upp úr skarðinu, blasir stór steinn við til suðausturs á bingu milli Kattardals og Efri Árdals. Hann nefnist Hvíldarsteinn, og þótti miklu varða að finna hann í vondu skyggni. Sumarvegur, sem nefnist Kattardalsvegur [020], liggur hins vegar sniðhellt upp hlíðina upp í Kattardal. Þegar komið er upp á brúnina, blasir við stór varða. Þar liggja saman vegirnir.", segir í örnefnaskrá. Árdalavegur er um 1,4 km austsuðaustur af bæ 001. Á milli fjalls og fjöru er talsvert undirlendi sem er þónokkuð gróið. Það skiptast á hallamýrar og hálfgróin klettaholt. Engin gata er sjáanleg en Ytri og Innri Byrgisár vísa veginn neðanfrá. Árdalavegur er ekki jafn brattur og Kattardalsleiðin, sjá fornleif 020, en heldur lengri. Árdalsvegur liggur fyrst í suðvestur en sveigir svo upp í hlíðina til suðausturs og sameinast Kattardalsleið á há-hálsinum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangar, 9

**ST-026:020** *Kattardalsvegur* heimild um leið 66°10.818N 21°49.061V

"Ytri Byrgisá rennur eftir Efri Árdal en Heimri Byrgisá eftir Neðri Árdal. Vetrarvegur er um Árdalina og Kattardal yfir Drangaháls til Drangavíkur. Þessi vegur nefndist Árdalavegur [019]. Hann liggur skammt heiman við Ytri Byrgisá eftir laut skammt frá árgljúfrinu og endar þar í skarði, sem stundum var kallað Árdalaskarð. Þegar komið er upp úr skarðinu, blasir stór steinn við til suðausturs á bingu milli Kattardals og Efri Árdals. Hann nefnist Hvíldarsteinn, og þótti miklu varða að finna hann í vondu skyggni. Sumarvegur, sem nefnist Kattardalsvegur, liggur hins vegar sniðhellt upp hlíðina upp í Kattardal. Þegar komið er upp á brúnina, blasir við stór varða. Þar liggja saman vegirnir.", segir í örnefnaskrá. Kattardalsvegur er heldur suðaustur en Árdalavegur 019, rétt tæpa 2 km suðaustur frá bæ 001. Á milli fjalls og fjöru er talsvert undirlendi sem er þónokkuð gróið. Það skiptast á hallamýrar og hálfgróin klettaholt. Vörðuð gata sem kvíslast suðaustur frá leiðinni sem liggur áfram austur að Drangaskörðum. Vörðurnar þjóna enn sínu hlutverki þótt þær séu talsvert farnar að hrynja. Efri hluti leiðarinnar, upp hálsinn, er meira og minna ruddur, þ.e. rótað hefur verið upp grjóti til afmörkunar og hægðarauka. Ekki er þó um hleðslur að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangar, 9

**ST-026:021** varða samgöngubót

66°10.179N 21°47.947V



*Varða 021, horft í austur*

"Sumarvegur, sem nefnist Kattardalsvegur [020], liggur hins vegar sniðhellt upp hlíðina upp í Kattardal. Þegar komið er upp á brúnina, blasir við stór varða. Þar liggja saman vegirnir [Kattardals- og Árdalavegur 019].", segir í örnefnaskrá. Uppi á há-hálsinum, á brúninni, er varðan. Urð og grjót upp í mót. Varðan er rúmlega 1,5 km suðvestur frá því er göturnar kvíslast niðri á undirlendinu. Varðan er hringlaga í grunninn, úr flögusteini með u.þ.b. 0,2 m steini sem er upp á rönd efst. Hún er um 1,5 m há og 1 m breið neðst og mjókkar heldur upp. "Brúnin", fjallahryggurinn, liggur A-V.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangar, 9

**ST-026:022** náma mógrafir

66°11.198N 21°51.562V

Mógrafir voru ofan túns, undir klettum sem eru um 250 m suður af bæ 001. Mýrar í aflíðandi halla mót norðri. Víða eru í þeim smáklettanibbur og holt. Vafalaust hefur víða verið tekinn mór á svæðinu ofan túns, undir Bæjarfjalli. Þó er svæðið hvergi sundurgrafið en sumstaðar sjást grafir, t.d. um 50 m norðvestur af vestari Vörðunni, en svo nefnist klettur þar ofan við. Þar er stök mógröf, um 10 x 7 m stór.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:023** *Móholt* heimild um mógrafir 66°11.182N 21°51.875V

"Húsadalur er dalur vestur frá bænum. Brúarhjalli er lítið holt sunnan við túnið. Oft voru lagðar spýtur sem brú yfir á Brúarhjalla af Móholtsmýri, sem síðar getur, þegar mór var fluttur þangað til þurrkunar. Tveir ókleifir klettur standa neðan við fjallsrætur, ofan við mýrarnar, Fremri-Vörður og Efri Vörður [það eru klettur]. Þar var mikið mótak en heldur lélegur mór," segir í örnefnalýsingu. Ekki er fyllilega ljóst af lýsinguinni hvort átt er við mógrafir við holtið eða við Efri-Vörður en báðir staðirnir voru skoðaðir við vettvangskönnun (sjá einnig 022). Móholt er um 400 m suðvestur af bæ og liggur næstum upp að Bæjarfjalli. Lágt holt en breitt um sig. Undir því nyrst, næst sjó, er stakt hús, líklega sumarbústaður. Á holtinu skiptast á grjóti- og kletthólar og mýrarsund.

Bæði austan og vestan við holtið eru mýrar en hvergi þó augljósar mógrafir. Sveinn Kristinsson taldi þó að mógrafir hefðu verið fremst undir holtinu en þær fundust ekki við vettvangskönnun. Hugsanlegt er að holtið dragi nafn sitt fyrst og fremst af mómum sem var þurrkaður þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangar, 2

**ST-026:024** *Myllulækur* heimild um myllu 66°14.038N 21°57.584V


"Myllumýri er framan við Móholtsmýri. Dálítið holt aðskilur þær. Myllulækur kemur upp undan fjallinu, rennur fyrir framan Myllumýri og í Húsána," segir í örnefnalýsingu. Myllulækur rennur í Húsá fast við mógrafir 063, um 600 m vestur af bæ 001. Lækurinn rennur víðast um grösuga eða mýrlenda hvamma. Ekki er vitað hvort eða þá hvar mylla var við lækinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangar, 10

**ST-026:025** *Stóralaug* laug sundlaug 66°11.392N 21°52.633V

"Löng mýri liggur til norðurs frá ánni, Laugamýrar. Úr henni liggur Laugalækur. Hann var stíflaður um 1919 og búin til sundlaug. Í bakkanum að norðanverðu var heit uppspretta. Þessi laug var 18-20° heit. Hún nefndist Stóralaug," segir í örnefnalýsingu. Leifar laugarinnar sjást enn sunnan við kálgarða í Litlastekk 009 og 200



m suður af rústum móhúss 066. Þetta er um 900 m norðvestur af bæ 001.

Grónir bakkar eru beggja megin við Laugalækinn.

Lækurinn rennur úr suðri en tekur krók til austurs rétt sunnan við kálgarðana. Þar hefur farvegurinn verið breikkaður og sennilega dýpkaður og hlaðið fyrir hann austast. Hleðslan er um 8 m löng, 2 m breið og rúmlega 1 m há, algróin. Alls er sundlaugin um 18 x 10 m stór og ekki alveg regluleg í laginu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangar, 11-12



*Stóralaug 025, horft í austur*

**ST-026:026** náma mógrafir 66°11.498N 21°52.752V

"Stórastekksmýri [sjá stekk 008] tekur við norðan við sundlaugina [025]. Þar var tekinn mór í mörg ár," segir í örnefnalýsingu. Mýrin liggur upp frá Stórastekksvík til suðausturs. Hún er bærilega afmörkuð af klettholti að sunnanverðu og grónum sandhólum að norðan. Mógrafir sjást í mýrinni, sunnan við móhústóft 066. Þær eru á svæði sem er alls um 20 x 15 m stórt.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Drangar, 12

**ST-026:027** *Heimrabyrgi* tóft beitarhús 66°11.900N 21°53.144V

"Nyrðri Vatshöfði er milli Fauskavíkur og Vatshöfðavíkur, síðan Heimri Vatshöfði. Ofan við þá er

Vatnshöfðavatn. Við suðurenda vatnsins er Heimrabyrgi, rústir af beitarhúsum, sem faðir Eiríks [Guðmundssonar, f. 1895] mundi eftir," segir í örnefnalýsingu. Lítil vík er milli Vatnshöfðavíkur og Stekkjarvíkur. Í henni er tóft sem kemur heim og saman við lýsinguna, rúma 600 m norðvestur af Stórastekk 008 og 1,6 km norðvestur af bæ 001. Grösugt er við víkina en ofar klettholt og mýrar. Dálftill reki er í henni. Tóftin er á kafi í grasi og hvönn vex framan við hana, á sjávarkampinum. Hún er ógreinileg sökum gróskunnar, virðist þó um 6 x 9 m stór frá norðri til suðurs og er ienföld. Norðurendinn er ógreinilegur, hugsanlegt að op hafi verið þar. Veggir eru allt að 0,7 m háir en algrónir og ekki sér í grjóti.



**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Drangar, 3

**ST-026:028** gata leið

66°12.189N 21°54.459V


"Gamall vegur liggur þarna upp úr Meyjardal vestur Drangajökul yfir í Skjaldfannardal. Hann var mikið notaður til að flytja við vestur yfir. Stór varða á háu holti skammt frá því, sem farið er á Jökulinn, heitir Jökulvarða [068]," segir í örnefnalýsingu. Um leiðina segir í Stundum á Ströndum: "Víða má enn sjá móta fyrir götunum og feysknum við sem fallið hefur af viðarlestunum. Leiðin var ekki nefnd neinu sérstöku nafni en sagt var "að fara Jökul eða "að fara yfir Jökul"." Af herforingjaráðskorti að dæma hefur verið farið upp með ánni að sunnanverðu. Ekki var farið langt upp með ánni í leit að götunum en a.m.k. mótur ekki fyrir þeim við ána neðanverða. Dalurinn hækkar smám saman í stöllum eftir því sem ofar dregur í dalinn. Uppi á brún, efst í dalnum grillir í nibbur sem gætu verið vörður sem mörkuðu leiðina. Alls eru um 25 km yfir í Skjaldfannardal. Farið hefur verið norður fyrir Kringluvatn og yfir syðstu brún Drangajökuls.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Drangar, 13; HJ, 74

**ST-026:029** tóftir

66°12.648N 21°55.252V

Stóravík er suðvestan við Meyjarsel 004 og tæpa 500 m austur af Fornaseli 002. Á tveimur stöðum ganga smátangar fram í víkina og má því segja að hún sé þrískipt. Allra vestast við víkina eru smátóftir. Tanginn er gróinn að ofan, upp af honum hækkar land smámsaman upp í Meyjarfjall. Reki er í Stóruvík. Tóftirnar eru tvær. Sú nyrðri er næstum fremst eða nyrst á tanganum. Hún er einföld, snýr norður-suður og er 3 x 5 m að stærð. Dyr eru nyrst á austurhlíð. Veggir eru ótrúlega þykkir miðað við stærð tóftarinnar, allt að rúmur metri, svo að aðeins sést mjó skora eftir henni endilangri. Lækur rennur sunnan við hana út í víkina. Hin tóftin er tæpum 10 m suðvestar, 3 x 6 m stór og tvískipt, mjókkar til suðurs. Dyr eru í norðausturhorni nyrðra hólsins en ekki sést op á milli hólfá. Báðar tóftirnar virðast niðurgrafnar. Ekki sést grjót í veggjum þeirra sem eru mest um 0,4 m háir. Vafalaust hefur verið hægt að lenda fast sunnan við tangann.



**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:030** Bænhús mannabein bænhús

66°11.292N 21°51.464V



Súrheystóft 030 er handan við litla, járnklædda kofann. Horft í austur.

599: ... [til Árness] liggja til sóknar xxiiij bæir og iiij bænhús; fylgir þeim ekkert, hvorki í föstu né lausu nema j kúgildi bænhúsínu á Draungum. Heyrst hefir þau hafi fylgt því tvö. ... Lbs. 108 4to, bl. 524-25.

1599: ... iiij bænhús og fylger eitt kugilldi (ei)nu þessu bænhuse. eckj neitt fylger þeim annat huorcke j fostu nie lausu. hef eg heyrtr .ij. kugilldi fylgdi þui dranga bænhuse. heyrar það til vatzfirdi. ... Lbs 108 4to, bl. 524-25.

fram um 1600; (PP, 207) Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir um Dranga: "...þar er bænhús." Í örnefnalýsingu segir: "Rétt við Meyjarnes er kúfóttur klettur, sem heitir Tólfmannaboði. Sagt er að þar hafi farist, tólf menn sem fóru til að sækja messu til Dranga á




gamlársdag. Á Dröngum var bænhús." Nákvæm staðsetning bænhússins er ekki þekkt og engin örnefni til vísbendingar. Eiríkur Guðmundsson, f. 1895, sem bjó á Dröngum á fyrri hluta 20. aldar, sagði frá því að hann hefði komið niður á mannabein þegar hann gerði súrheysgryfju skammt austan við bæjarlæk. Hún er um 40 m beint sunnan við núverandi íbúðarhús og um 50 m SSV af bæjarhól 001.

Gryfjan er á lágum hól eða stalli, dálítið upphleypum og á kafi í grasi. Bæjarlækur rennur nú á milli stallsins og bæjarhóls 001 en hefur að sögn Sveins Kristinssonar verið veitt þangað. Stallurinn er um 6 x 12 m stór og gengur til suðurs út undan súrheystóftinni en snýr austur-vestur. Hann virðist reglulegur þótt ekki sjáist tóftalag á honum. Tóftin er mjög djúp, allt að 2 m en að jafnaði eru veggirnir um 1,5 m háir ef staðið er utan við hana. Hún er alls um 6 x 5 m stór og unleg að sjá.

**Hættumat:** hætta vegna

**Heimildir:**JÁM VII, 322; Ö-Drangar 13



**ST-026:031** tóft útihús

66°11.261N 21°51.409V

Tóft af útihúsi er í túni rúma 100 m ASA af bæjarhól 001 og tæpa 30 m suður af tóft 036. Ekki er sýnt hús á þessum staða á túnakorti 1917 og hefur það líklega verið aflagt þá. Tóftin er í kafloðnu túni. Hún er byggð utan í lágan hrygg, þann sama og tóft 036, en að sunnanverðu. Þetta er í suðurjaðri túnsins, sunnar er mýri allt að klettum í rótum Bæjarfjalls. Tóftin er ógreinileg sökum mikillar grósku en virðist þó einföld, um 10 x 6 m stór og snýr N-S, alveg opin í suður. Hallar frá opinu til suðurs. Veggir eru algrónir, signir og ekki nema um 0,3 m háir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Túnakort 1917

**ST-026:032** heimild um aflraun

Í Frásögum um fornaldarleifar 1817 telur séra Guðmundur Bjarnason grettistösk í Drangalandi til fornleifa: "2, Störer steinar, er nockrer kalla Grettistösk eru tvó ad finna i Dranga lande ä sliettum holltum, þö af mónnumm reister, standande ä volltrum, fullkomnar þriär alner ä hæd, og þar epter ad gilldleika." Staðsetning meintra grettistaka er nú týnd.

**Heimildir:**FF, 436


**ST-026:033** hús reykkofi

66°11.281N 21°51.677V

Uppistandandi kofi með hlöðnum veggjum er 180 m suðvestur af bæjarhól 001 og um 50 m suður af hesthústóft 037.

Grasþýfi utan túns.

Kofinn er 5 x 5 m stór. Hann var notaður sem reykkofi þegar Sveinn og Óskar Kristinssynir muna til. Þak, sem er úr timbri og tyrft yfir, sem og timburgaflar hanga enn uppi. Tóftin sjálf er niðurgráfin um rúmlega 0,5 m en veggir hlaðnir upp. Dyr eru á norðurgafli og allt timbur er rekaviður. Hóll,



um 1,3 m háir er vestan við kofann, uppi á honum mótur fyrir vegghleðslum líkt og þar hafi verið viðbygging, um 6 x 4 m stór og opin í vestur en mjög er það óljóst.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Reykkofi 033, horft í suður


**ST-026:034** tóft fjárhús

66°11.340N 21°51.610V

Tóftir stórra fjárhúsa sem vafalaust hafa verið notuð fram á 7. áratug 20. aldar eru 150 m vestur af bæjarhól 001. Tóftirnar eru fast vestan við göngustíg að bátageymslu og bryggju Drangamanna.

Tún, á kafi í grasi. Fjárhúsin hafa verið garðahús með stórrri hlöðu aftan við. Alls er tóftin 15 x 20 m stór frá austri til vesturs og hefur hlaðan verið vestan til. Útveggir húsanna eru hlaðnir úr grjóti og





standa enn vel. Garðarnir eru þrír talsins, að mestu úr steypu. Í miðjukrónum eru leifar steyptra bálla sem væntanlega hafa verið undir grindum í húsunum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-026:035** heimild um útilegumannabústað

66°11.544N 21°59.878V

Í bók Ólafs Briem, *Útilegumenn og auðar tóttir*, segir frá meintum útilegumannabústað í Bjarnarfirði: "Sú tótt í Strandasýslu, sem nú ber greinilegust merki þess að hafa verið bústaður sakamanns, er í botni Bjarnarfjarðar nyrðra. Um þessa tótt eru engin munnmæli til, því að hún var ókunn, þar til Eiríkur Guðmundsson, er lengi bjó á Dröngum, fann hana eigi alls fyrir löngu. Eiríkur gat þess til, að tóttin væri handaverk Fjalla-Eyvindar frá þeim tíma, er hann fór huldu höfði í Strandasýslu. En áður en farið er út í þá sálma, er rétt að lýsa nokkuð tóttinni og umhverfi hennar. Nálægt botni Bjarnarfjarðar gengur lítið nes að sunnan norður í fjörðinn. Það heitir Langanes. Inn við það eru tvö gil samsíða, og heitir hið innra og meira Langanesgil. Milli giljanna eru mörg klettabelti hvert upp af öðru með flötum syllum á milli allt upp á brún hálendisins. Allhátt í brekkunni undir einu klettabeltinu rétt við Langanesgil er kofarúst. Á bak við hann er kletturinn um 6 m hár, en fast fyrir meðan hana er allbrött brekka. Kofinn er byggður meðfram klettinum, sem er annar langveggurinn. Lengd kofans er frá suðvestri til norðausturs. Vel sást móta fyrir hinum langveggnum, sem var um einn metra frá klettinum og var um 4,20 m langur. En uppistandandi hleðsla kom ekki í ljós fyrir en kofinn hafði verið grafinn upp. Inni í rústinni var mikið af stórum hellum og talsverðar spýtnaleifar, sem voru greinilega leifar af þaki. Ekki sást móta fyrir göflum. 25. júlí 1955 gróf Gísli Gestsson tóttina upp, og kom þá uppistandandi hleðsla í ljós. Meðfram langveggnum suðvestanverðum virðist hafa verið flet kofabúa, og þar voru talsverðar tuskuleifar, sem helzt líktust striga. Í suðvesturendanum var lítið opið eldstæði með ösku, og við hliðina á því botn af trédalli og töluvert af gyrði. Einnig var þar mikið af selsbeinum og einn sauðarleggur. Greinilegt er, að dýrnar hafa verið að norðanverðu. Uppgröfturinn leiddi í ljós, að búið hefur verið í kofanum. Hafa kofabúar aflað sér rekaviðar til að refta yfir híbýli sín og veitt sel til matfanga. En af hvoru tveggja er nóg á Ströndum. Hins vegar er kofinn þannig í sveit settur, að óhugsandi er, að aðrir hafi búið þar en sakamenn. Engin skilyrði eru þar til landbúnaðar, hvorki heyskapar né selstöðu. Staðurinn virðist valinn með það tvennt fyrir augum: að vera góður felustaður, en þó svo nærri sjó, að hafa mætti not af þeim gæðum, sem hann hefur að bjóða. ekki verður sagt með neinni vissu, hvaða sakamaður hefur haft þar bólstað. En ekki getur hjá því farið, að Fjalla-Eyvindur komi fyrst í hugann."

Land er grýtt og gróður mjög strjáll. Hreysi þetta er nú lítilfjörlegt að sjá. Það er á næsthæstu klettasyllunni og lætur lítið yfir sér. Undir lóðréttu klettastáli er mjó sylla og á henni eru nokkrir steinar í hnapp, um 2 m frá klettinum. Önnur ummerki eru ekki greinileg.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ólafur Briem, 67-69

**ST-026:036** tóft útihús

66°11.274N 21°51.387V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús hátt í 100 m austur af bæ 001. Þar er tóft.



Tún með kafagras og sóleyjum.

Tóftin er utan í lágum hrygg í túninu og liggur þannig í dálitlum halla mót norðri og hefur snúið dyrum í þá áttina, að Bæjarvík sem er um 30 m norðar. Tóftin er sigin og algróin og hefur líklega ekki verið notuð undir lok búskapar á Dröngum. Hún er 15 x 7 m stór frá norðri til suðurs og tví- eða jafnvel þrískipt en op sjást ekki milli hólfa. Austan við norðurenda hennar vottar óljóst fyrir hólfi sem hefur verið um 4 x 6 m stórt með dyr í norður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-026:037** tóft hesthús



66°11.297N 21°51.617V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 130 m suðvestur af bæjarhól 001. Þar er tóft af hesthúsi.

Tún á kafi í grasi. Sunnan við tóftina er mýrlendi en vestur af tún, væntanlega nýrækt miðað við mörk túns á kortinu frá 1917. Tóftin er mjög greinileg, 8 x 6 m stór frá norðri til suðurs en erfitt að greina innri veggjarbrúnir þar sem þakefni hefur fallið inn í tóftina. Austurlangveggur er ógreinilegri en sá vestari en vafalaust grjót í þeim báðum. Smáhleðslur sjást á tveimur stöðum út frá tóftinni til vesturs en ekki ljóst hvaða hlutverki þær hafa gegnt. Dyr sjást ekki.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917




Túnakort Dranga 1917



Sveinn Kristinsson stendur ofan í einni nauststóftinni í óvurlæðu hvannstóði. Horft í norðaustur

**ST-026:038** tóftir naust

Um 100 m norður af bæjarhól 001, á litlu nesi sem markast af Túnklettum að vestan en Bæjarvík að austan, eru tóftir þriggja nausta. Um þær segir í Stundum á Ströndum: "Austan við þessar byggingar [hjall og skemmu 049] eru tvö ákaflega stór naust nokkuð frá fjörunni og bendir lega þeirra til að sjávarmál hafi verið herra fyrr á öldum." Nesið er á kafi í hvönn. Klettar eru á því allra fremst og sömuleiðis eru smáklettnibbur fast austan við tóftirnar. Nesið liggur í norður eða því sem næst.



Naustin eru samhliða og liggja öll norðaustur-suðvestur, niðurgrafin en hlaðnir bakkar virðast á milli þeirra. Nær ómögulegt var að lýsa þeim á vettvangi vegna hvannar sem náði fullvöxnum karlmanni í axlir. Þau munu greinilegri á vorin og var því að töluverði leyti lýst eftir tilsögn Sveins Kristinssonar. Nyrsta naustið er stærst og djúpst, 15-20 m langt, rúmir 2 m á breidd að innanmáli og a.m.k. 1,5 m djúpt. Bakinn sem skilur það og miðnaustið að er 2-3 m breiður. Miðnaustið er heldur minna og það syðsta líklega minnst, á að giska um 10 m langt. Við austurenda þess er smáklettur og suðaustan við hann örlar á hugsanlegri rústabungu, um 6 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** HJ, 72


**ST-026:039** tóft 66°12.629N 21°54.843V

Tóft er niður við Stóruvík, 160 m suðvestur af Meyjarseli 004.

Gróið undirlendi upp af hólum girtri vík.

Tóftin er einföld, 5,5 x 7 m stór frá austri til vesturs, algróin. Hún er 5-6 m ofan við sjávarkampinn. Dyr hafa líklega verið á norðvesturhorni. Veggir eru signir og ógreinilegir en gróska mikil í tóftinni líkt og alls staðar í víkinni.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-026:040** vegur samgöngubót

66°11.198N 21°50.061V

Vegarbætur sjást víða undir Drangahlíð, t.d. rúmlega 1 km austur af bæ 001.



*Vegarbætur 040, horft í austur*

Mýri í halla mót norðri.

Vegurinn hefur verið hlaðinn yfir mýrarsund. Hann sést á um 50 m löngum kafla, m.a. myndar hann torfbrú yfir lítinn læk, og er víðast um 2 m breiður, mest 0,6 m hár. Um 300 m austar sést framhald sama vegar á um 100 m kafla yfir annað mýrarsund. Þar er vegurinn torf- og grjóthlaðinn. Hann liggur yfir læk og hafa þar tvær stórar hellur verið lagðar yfir. Enn einnar hleðslu skal hér getið sem tengist veginum, hún er um 600 m austur af Drangabænum. Þar hefur rampur verið hlaðinn upp á berggang sem liggur norður-suður, niður í fjöru. Rampurinn er um 7 m langur og allt að 1,6 m hár, sjást 6-7 umför af grjóthleðslum í hliðum hans.



**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:041** tóft 66°10.865N 21°44.845V

Um 300 m vestur af ysta og minnsta dranganum í Drangaskörðum og um 8 m sunnan við fjörुकamb er tóft. Slétt grund milli Drangaskarða og fjöru, 100-150 m breið spilda.

Tóftin er aðeins 1 hól, 7 m N-S og um 4 m á breidd. Torf er í veggjum en það sér í stóran stein neðst í hleðslu nyrst á austurhlið. Dyr eru fyrir miðjum norðurvegg. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Norðaustan við tóftina er þúfnastykki; stórar þúfur án tóftarlögunar.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-026:042** gryfja kolagröf

66°11.247N 21°50.061V

Í Vestari-Kolgrafarvík 015 og um 120 m austan við Gvendarbrunnslæk 014, er tóft. Um 150 m austar gengur klettur með lítilli hundapúfu uppi á fram í sjó á flóði. Harla breið vík og gróin en votlend.

Vestarlega í víkinni, um 4 m sunnan við fjöruborð, er hringlaga kolagröf, 3 m í þvermál og um 0,3 m djúp.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:043** *Nátthagi* garðlag nátthagi

66°11.346N 21°51.655V

"Heimst á Grundunum var Nátthagi, sem hlaðinn var upp með grjóti," segir í örnefnalýsingu. Nátthaginn sést vel á túnakorti frá 1917. Hann hefur verið hlaðinn út frá vesturhlið túnsins, um 100 m vestur af bæjarhól 001 og afmarkað svæði sem er tæplega 60 x 100 m stórt. Sléttar grundir á kafi í grasi og sóleyjum. Í háu grasinu vottar fyrir leifum grjótgærðs tæpa 200 m VNV af bæ 001 og stefnir hann í suðvestur. Vegna gróðurs er örðugt að rekja hann en hann ku vera greinilegri á vorin. Garðurinn nær a m k. rúma 100 m til suðvesturs og gæti hafa girt af norðurhlið nátthagans. Ekki sjást hleðslur á öðrum hliðum, e.t.v. vegna þess að í seinni tíð hefur túnið verið stækkað og nær töluvert langt vestur fyrir nátthagann.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Drangar, 4; Túnakort 1917**ST-026:044** *Hjallsker* örnefni hjallur

66°11.388N 21°51.607V


"Hjallsker er nokkru nær bænum [en Efrihlein], allstórt, þurr út í það um fjöru. Ekki er vitað um, að þar hafi verið hjallur, en Eiríkur [Guðmundsson sem bjó á Dröngum til 1953] telur sennilegt, að það hafi einhvern tíma verið til þess að ekki maðkaði," segir í örnefnalýsingu. Hér hlýtur að vera átt við sker sem er í lítilli vík austan við Hleinina, um 200 m norðvestur af bæjarhól 001.

Skerið er líkast grjóthól, ekki eru á því sléttar klappir. Það lokar næstum fyrir mynni víkurinnar, a m.k. á fjöru. Engar minjar er að sjá í skerinu. Þrátt fyrir að kenning Eiríks sé ágæt má benda á þann möguleika að skerið hafi verið nefnt eftir hjallinum 049 á Hlein sem enn stendur.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Drangar, 4**ST-026:045** tóft rétt

66°11.583N 21°52.697V

"Þar [í Stórustekksvík] er Stórustekkur með allmiklum tóftum [008], og sést fyrir túngarði. Stórustekksklettur er stór og mikill klettur, sem nær út í sjó. Þar er gömul hleðsla, sennilega eftir fjárrétt," segir í örnefnalýsingu. Tóft sem gæti átt við lýsinguna er um 50 m austan við stekkin 008. Kletturinn gengur fram í sjó og tóftin er ofan við hann, á gróinni grund ofan Stórustekksvíkur og Sandsins. Tóftin er ekki byggð utan í klettinn og líkist ekki aðhaldi. Hún er einföld, 8 x 4 m stór og snýr norður-suður. Dyr eru ekki greinilegar. Veggir eru 0,3-0,4 m háir, algrónir og grjót sést ekki í þeim. Vegarlóði er fast ofan við tóftina. Hugsanlegt er að önnur tóft hafi verið við klettinn en hafi skolað burt í brimi.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Drangar, 4*Refagildra 046, horft í norðvestur***ST-026:046** hleðsla refagildra

66°11.969N 21°53.156V

Refagildra er norðan við Byrgisvík, á fjörükambinum. Gildran er um 1,9 km vestur af bæ 001, um 350 m norðan við skotbyrgi 047 og vestan við miðjan Lægstamúla. Fast við gildruna er lítil varða. Yst í Byrgisvík er eins og smánes þar sem gildran er. Sunnan og vestan við er harla slétt, grösugt svæði en þá taka klappaholt við og svo hliðar Lægstamúla. Að norðan og austan er sjór.

Gildran er hlaðin úr grjóti og er um 2 m N-S og 1,5 m á breidd. Hún er opin mót suðri en annars öll lokuð; einskona grjótstokkur. Innanmálið er 1 m N-S og 0,2 x 0,2 m. Grjóthella sem passar fyrir opið liggur uppi

á stokknum og skagar aðeins fram en annan lokubúnað er ekki að sjá. Hæsti punktur gildru er um 0,6 m. Lítil varða er um 2 m austan við gildru.



**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:047** hleðsla skotbyrgi

66°11.825N 21°52.855V



*Skotbyrgi 047, horft í suður*

Um 1,5 km norðvestur af bæ 001 og um 350 suðaustan við refagildru 046 er skotbyrgi.

Skotbyrgið er á fjörukambi yst á Langanesi. Suðvestan við er slétt grund, um 100 x 150-200 m A-V. Sunnan og vestan við grundina fer land hækkandi upp í hlíðar Lægstamúla. Norðan og austan við er sjór. Skotbyrgið er hlaðið á klapparrima fast ofan við fjöruborðið en er mikið til hrúðið. Veggir eru aðallega úr grjóti en einnig úr torfi. Hluti stoðgrindar úr rekaviði hangir uppi. Tóftin er um 4 m N-S og um 3 m á breidd og er mesta hleðsluhæð um 0,6 m. Náttúrulegar klappir hafa verið notaðar í veggi byrgisins að hluta.

**Hættumat:** hætta, vegna sjávarágangs

**ST-026:048** Dvergasteinar örnefni huldufólksbústaður

66°12.063N 21°53.478V

Um 2 km norðvestur af bæ 001, austast í Vatnshöfðavík eru Dvergasteinar, rétt ofan við götuna í Meyjarsel 004. Gróið, fremur slétt svæði. Dvergasteinar eru lágt klapparholt sem rís hæst um 3 m mót norðri en er afsleppt suður. Það er eins og stórir hausar horfi út á hafið.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:049** hús hjallur

66°11.402N 21°51.692V


Í Stundum á Ströndum segir: "Við Hleinina eru þrjú merkilega mannvirki sambyggð. Neðst er verbúð



*Grútarskemma 049, horft í suður*

og þá hákarlahjallur en efst er sjóarhús. Búið er að gera upp verbúðina og hjallinn. Þegar ábúendaskipti urðu á Dröngum um miðja 19. öld var sagt að þessi hús væru gömul. Því er ekki ólíklegt að þau séu að stofni til frá 18. öld. Hákarlahjallurinn er sá eini í landinu sem stendur heill frá fornri tíð. Austan við þessar byggingar eru tvö ákaflega stór naust [sjá 038] nokkuð frá fjörunni og bendir lega þeirra til að sjávarmál hafi verið hærra fyrir á öldum." Húsin eru fremst eða nyrst á Hlein sem er áberandi klettatangi, 240 m norðvestur af bæ 001. Tanginn er flatur og gróinn að ofan en klettur eru með hliðunum sem og fremst á honum.

Á tanganum eru tvö sambyggð hús en ekki þrjú eins og segir í heimild. Bæði húsin hafa verið gerð upp og eru í mjög góðu ástandi. Þau eru sambyggð. Skemma er norðar, hún er í daglegu tali kölluð grútarskemma. Hún snýr austur-vestur og er 5 x 6 m stór. Timburgaflar eru á bæði austur- og vesturhlið, dyr á þeim eystri. Þeir eru smíðaðir úr rekaviði. Langveggir eru grjóthlaðnir upp í um 1,6 m hæð og er hleðslan vönduð, úr fremur stóru og köntuðu sjávargrjóti. Er hleðslan öllu sléttari að utanverðu og hefur grjótinu sýnilega verið snúið þannig, með sléttu hliðina út. Raftar liggja á langveggjum og hvílir þakið á þeim sem og stoðaröð sem gengur eftir miðju húsinu endilöngu. Stoðirnar eru fjórar alls, sín við hvorn gafl og tvær í miðju. Hátt í 3 m eru frá gólfi upp undir mæni. Sperrur eru úr rekaviði og tyrft yfir. Að sögn Sveins og Óskars Kristinssona hékk skemman uppi þegar þeir muna eftir en var alveg hrúin þegar hafist var handa við að endurreisa hana. Þar var saltað selspik o fl. geymt, var skemman



10 m



heppileg til þess enda gluggalaus og hálfgerð myrkrakompa en ljós veldur því að fita þránar. Hjallurinn er við skemmuna sunnanverða. Hlaðnir hafa verið grjótstöplar við bæði skemmuhornin, jafnháir skemmuveggjunum. Tveir grjótstöplar til viðbótar eru 5-6 m sunnar, undir suðurhluta hjallsins sem að öðru leyti er úr timbri. Hver stöpull er um 1 m í þvermál neðst og ferkantaður en mjókkar upp. Hjallinum er annars best lýst þannig að hann sé veggjalaus stoðgrind með þaki. Á hvorri langhlið fyrir sig eru tvær stoðir milli áðurnefndra grjótstöpla auk stoðaraðar sem er í miðjunni og ber uppi mæninn. Miðjustoðirnar eru fjórar talsins. Alls er hjallurinn 6 x 8 m stór frá norðri til suðurs. Um 2 m eru frá gólfi hans upp í mæni en þakið er úr rekaviðarsperrum og tyrft yfir. Á suðurhlið er timburgafl á efri hluta.

**Heimildir:**HJ, 72

**ST-026:050** hleðsla vörslugarður

66°11.260N 21°50.531V

Rétt um 600 m austur frá bæ 001 er grjótgarður.

Grjótskriður og hallamýri meira og minna frá hlíðarfæti niður (norður) í fjöru.

Grjótgarður sem nær frá hlíðarfæti norður í berggang sem er í fjörunni. Berggangurinn þjónar hlutverki garðs frá því hlaðna garðinum sleppir og alveg niður í fjöru. Hlaðni garðurinn er um 20 m langur og liggur úr norðri í suðaustur en sveigir svo til suðvesturs. Garðurinn, sem allur er fremur stórkarlagur, er um 1 m breiður og er mesta hleðsluhæð um 1,2 m.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:051** hleðsla vörslugarður

66°10.808N 21°45.764V

Um 700 m vestan við tóft 041 er grjótgarður, um 4, 7 km austur af bæ 001.

Undirlendi er ekkert: Brattar skriður, gróinn sjávarbakki og þá grjót- og klettafjara.

Grjótgarðurinn nær frá þverhniptum, háum sjávarbakka um 40 m í suður; upp í hlíðarfótinn og deyr þar út. Garðurinn er harla stórkarlagur, stórum steinum hefur verið rutt saman. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og breiddin mest 1,5 m en er að jafnaði um 1 m.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:052** náma mógrafir

66°10.871N 21°44.888V

Um 30 m norðvestur af tóft 041 eru mógrafir.

Flöt grund milli Drangaskarða og fjöru.

Mógrafasvæðið er um 20 m í þvermál. Grafirnar eru ekki djúpar, 0,3 - 0,4 m, en vatn stendur uppi í þeim. Svæðið er ekki samfellt, eyjur eru á milli grafa.

**Hættumat:** engin hætta




*Mógrafir 052, horft í vestur*

**ST-026:053** tóft

66°10.892N 21°44.903V

Um 60 m norðvestur af tóft 041, undir fjórða dranga Dranga Drangaskarða (talið að utan/norðan) og um 4,9 km austur af bæ 001 er tóft. Efst eru Drangaskriður, þá kemur slétt grund undir hlíðinni og svo brekka niður að fjöru. Undir brekkunni er nokkuð láréttur grasstallur og þar er tóft. Frá tóftinni eru um 5 m niður í fjöruborð.

Tóftin er á litlum hól sem er um 20 m A-V og 11 m á breidd. Lítil lækur liðast fast austan við tóftina sem er um 7 m N-S og 5 m á breidd. Tóftin er 1 hól sem er nánast alveg opið til norðurs, að sjó. Vestan við tóftina er hóllinn aflíðandi til vesturs. Rekaviðardrumbur liggur A-V nyrst við vesturvegg tóftar. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Kæmi ekki á óvart ef um naust væri að ræða.



**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**ST-026:054** náma mógrafir

66°10.882N 21°46.275V

Neðan við Drangafjall, vestan Drangaskarðanna sjálfra, er harla breitt nes sem er mýrlent. Þar eru mógrafir, rétt tæpa 4 km austsuðaustur af bæ 001. Nokkuð breitt, um 40 x 50 m, grösugt og mýrlent nes. Grafirnar eru grunnar, dýpstar 0,4 m, og blautar á svæði sem er um 20 m A-V og um 8 m N-S.


**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:055** tóft

66°10.947N 21°47.357V

Á Breiðanesi er tóft, um 8 m ofan (sunnan) við fjörukamb; 3 km austur af bæ 001.

Eitthvert mesta undirlendi Drangahlíðar, frá skörðunum heim á Dranga, er á nesinu sem er grösugt en óslétt. Tóftin er ógreinileg en hóllinn sem hún er á er skýr. Hóllinn er um 20 m A-V og um 15 m N-S og rís töluvert yfir undirlendið og verður að teljast rústalegur út frá stærðinni. Tóftin virðist skiptast í tvö hólf og dyr eru greinanlegar á innvegg, á milli hólfanna. Vesturúttvegur er greinilegastur, 6 m langur. Dyr eru hér um bil fyrir miðjum austurvegg. Tóftin er um 8 m N-S og einnig um 8 m A-V, hlaðin úr torfi að langmestu leyti. Strax utan við veggina hallar hóllnum snarlega niður til allra átta. Mesta hleðsluhæð er 0,4 m. Framan við dyr, fast austan við tóftina, er smáþýfi í hallanum. Lækur rennur um 4 m vestan



við hóllinn. Ekki er algalið að telja að hér hafi staðið beitarhús.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:056** tóft naust

66°10.941N 21°47.411V




*Nauststóft 056, horft í norður*

Við Breiðanes, um 40 m vestan við tóft 055, er tóft sem er um 3 km austur af bæ 001.

Eitthvert mesta undirlendi Drangahlíðar, frá skörðunum heim á Dranga, er á nesinu sem er grösugt en óslétt. Um 60 m vestur af tóftinni er rofinn berggangur sem gengur fram í sjó og myndar hugsanlega vesturhluta landingar.

Ekki eru miklar hleðslur í tóftinni sem er um 6 m sunnan við fjöruborð. Það er eins og mokað hafi verið upp og torf lagt ofan á, beggja vegna gryfjunnar. Tóftin er um 9 m löng N-S og 5 m breið og gleikkar heldur til norðurs. Tóftinni hallar allri heldur til norðurs, að



sjónum og er galopin í sömu átt. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Beint niður af tóftinni, til norðurs, virðist vera góð landing; 30-40 m breið og varin af háum flúrum eða lágum klettatöngum að austan og vestan. Mikill reki er á milli tóftar og sjávar.

**Hættumat:** engin hætta


**ST-026:057** gryfja kolagröf

66°11.285N 21°50.771V

Rétt rúma 400 m austur af bæ 001 er kolagröf, austast í vík einni, annaðhvort Bæjar- eða Lambavík, um 6 m sunnan við fjöruborð. Nokkuð breið, grösug vík. Stórir steinar standa stakir hér og hvar.

Torfraginn umhverfis gröfina er um 4 m í þvermál (hringlaga) og dýptin um 0,3 m. Innanmálið er um 1 m.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:058** tóft útihús


66°11.342N 21°51.565V

Tóft er í túni, fast austan við slóða sem genginn er niður á Hlein, aðeins rúma 20 m suðaustur af fjárhústóft 034 í Landey. Þetta er tæpa 100 m VNV af bæjarhól 001. Grösugt tún norðvestan undir Túnklettum. Milli tóftanna 034 og þessarar, rennur lækur og er göngubrú yfir hann. Tóftin er sigin, líkust þúst og veggir mjög ógreinilegir. Þrátt fyrir það eru útlínur skarpar og rís hún allt að rúmum metra upp úr túninu. Hún snýr hér um bil norður-suður og er 10 x 7 m stór, einföld og op sést ekkert né heldur grjóthleðslur. Í austurenda hennar eru djúp gryfja, það eru leifar af súrheystóft sem grafin var eitt mikið rigningasumar í kringum 1960. Alls er gryfjan um 3 m í þvermál og hátt í 1,5-2 m djúp.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:059** tóft brunnur 66°11.293N 21°51.471V  
 Brunnhús var yfir bæjarlæknum um 30 m suður af núverandi íbúðarhúsi og um 50 m SSV af bæjarhól 001. Gróskumiklir lækjarbakkar í túni. Húsið hékk enn uppi á 6. áratug 20. aldar. Í því var einnig þurrkaður dúnn. Tóftin sést bærilega, hún er um 7 x 6 m stór frá norðri til suðurs, alveg opin í norður. Austurlangveggur nær norður yfir lækinn en sá vestari aðeins fram á syðri lækjarbakkann. Veggir eru algrónir, tæpur metri á hæð, ekki sér í grjóti í þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Beðasléttur 060, horft í norður. Greinilegt beð er í forgrunni.*

**ST-026:060** sáðslétta beð  
 66°11.303N 21°51.485V

Beðasléttur eru beint sunnan við núverandi íbúðarhús á Dröngum.

Þar er slegin flöt, annars sæjust þær líklega ekki. Sléttur eru þrjár talsins og liggja frá austri til vesturs. Tvær þeirra syðri eru skýrari, um 12 m langar, 4-5 m breiðar, bungumyndaðar og með rásum á milli.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**ST-026:061** tóft  
 66°11.237N 21°53.357V

Um 90 m sunnan við bæ 001, á grónu holti rétt utan við tún, er tóft.

Land er farið að hækka til suðurs, upp Bæjarfjall. Neðan

við hlíðarfótinn eru tún allt niður að sjó. Um er að ræða tveggja hólfa tóft en hólfin virðast frá mismunandi byggingarstigum. Tóftin er úr torfi, 6 m N-S og 4 m á breidd. Stærra og syðra hólfið er 4 x 4 m. Innangengt er milli hólfa. Einnig virðast vera dyr fyrir miðju, bæði á austur- og vesturveggjum beggja hólfa. Lítið op er svo í norðvesturhorni tóftar. Norðan við tóftina hallar landi mót norðri. Gróinn ruðningur, um 2 m breiður, liggur frá norðvesturhlíð tóftarinnar í sveig til norðvesturs. Lækur rennur til norðurs um 20 m austan við tóftina.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-026:062** tóft

66°11.244N 21°51.320V

Um 30 m austur af tóft 061 er þúst sem sennilega er tóft, um 75 m suður af bæ 001. Land er farið að hækka til suðurs, upp Bæjarfjall. Neðan við hlíðarfótinn eru tún allt niður að sjó. Sveinn Kristinsson telur að þústin sé tóft en ekki er beint tóftarlag að sjá því hún er mikið sokkin. Eins og 2 stórar þúfur á örlítilli upphækkun. Svæðið er um 4 m A-V og um 3 m á breidd. Mesta hæð er um 0,7 m en er frekar afmyndun en hleðsluhæð.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:063** náma mógrafir

66°11.212N 21°52.208V

Myndarlegar mógrafir eru á bakka Myllulækjar 024, 600 m suðvestur af bæ 001, skammt frá þar sem lækurinn rennur í Húsá. Grafirnar eru í mýrlendi á norðurbakka lækjarins. Lækurinn rennur í mýrlendu dragi en þurr holt eru ofan við hann. Samfelldar mógrafir, alls 10 x 7 m stórar og mjög reglulega skornar, dýpt allt að 0,7 m. Skurður hefur verið grafinn gegnum vesturbakkann og út í lækinn til að ræsa hana fram.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-026:064** Ból heimild um kvíar

66°11.275N 21°51.528V

"Után við túnið eru sléttar grundir. Þar heitir Ból, sem kvíar voru áður fyrr," segir í örnefnalýsingu. Af þessari lýsingu að dæma mætti vænta þess að Ból hefði verið vestan túns, á Grundunum svonefndu. Það kannast Óskar og Sveinn Kristinssynir ekki við og þar sjást nú engar tóftir. Hins vegar voru kölluð Ból (ft.) fast utan túns rúma 100 m suðvestur af bæjarhól 001 og sagt að þar hefði verið mjólkað. Ekki

munar mjög miklu á staðsetningu Bólanna og líklegt að um einn og sama stað hafi verið að ræða.

Gróið er utan túns en skammt í mýri.

Engin mannvirki sjást á Bólunum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Drangar, 5

**ST-026:065** Þjóðsaga legstaður

66°12.597N 21°54.700V

Í Stundum á Ströndum segir: "Upp af Selinu [Meyjarseli 004] eru Selhólar, þrír að tölu, og segja sagnir að í einum þeirra sé Þorvaldur Ásvaldsson landnámsmaður á Dröngum heygður. Hann var faðir Eiríks rauða." Hólarnir eru beint ofan og austan við seltóftirnar.

Áberandi, hálfgrónir melhólar. Engar leifar mannvirkja sjást á hólunum eða við þá.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** HJ, 74

**ST-026:066** tóft skemma

66°11.501N 21°52.719V





*Móhústóft 066, horft í suður*

Tóft er á holti norðan við Stórustekksmýri 026. Þurrk holti. Tóftin er af móhúsi, geymslu fyrir mó og man Sveinn Kristinsson (f. 1946) eftir því uppistandandi. Tóftin er myndarleg og full af þakfni, m.a.

gægjast þar upp þykkir

rekaviðarraftar.

Hún er 6 x 7 m stór og snýr hér um bil austur-vestur og er opin í austur, þar hefur verið timburþil. Op er einnig á



suðurvegg en má vera að tóftin hafi skemmst þar. Veggir eru allt að 1,2 m háir og algrónir svo að ekki sér í grjóti.

**Hættumat:** engin hættu

**ST-026:067** Sauðabólshöfði örnefni fjárskýli

66°12.321N 21°54.417V

"Meyjará rennur til sjávar í breiðri vík, sem endar í Sauðabólshöfða. Ekki er vitað um sauðaból þar," segir í örnefnalýsingu. Sauðabólshöfði gengur fram í sjó norðan Krákutúns 005 en sunnan Meyjarárósa, 2,9 km norðvestur af bæ 001. Klettahöfði en vel er gróið undir honum beggja vegna. Hann liggur norður-suður. Engar tóftir sjást á höfðanum eða við hann en vafalaust hafa verið þar margir skjólgóðir staðir fyrir fé.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Drangar, 3

**ST-026:068** Jökulvarða varða samgöngubót

66°06.255N 22°01.434V

Í örnefnalýsingu segir: "Gamall vegur [sjá 028] liggur þarna upp úr Meyjardal vestur Drangajökul yfir í Skjaldfannardal. Hann var mikið notaður til að flytja við vestur yfir. Stór varða á háu holti skammt frá því, sem farið er á Jökulinn, heitir Jökulvarða." Ekki var farið að Jökulvörðu sumarið 2004 en hún er vel þekkt og stendur enn uppi.

**Heimildir:** Ö-Drangar, 13; HJ, 74



## ST-027 Skjaldabjarnarvík

6 hdr. 1847 og 1706. 1805 er eyðihjáleigan Skaufasel talin með. "Hella-Björn son Herfinns ok Höllu var víkingr mikill; hann var jafnan óvinr Haralds konungs. Hann fór til Íslands ok kom í Bjarnarfjörð með alskjölduðu skipi; síðan var hann Skjalda-Björn kallaðr. Hann nam land frá Straumnesi til Dranga, ok í Skjalda-Bjarnarvík bjó hann, en átti annað bú á Bjarnarnesi [...]. ÍF I, 197 Tún 2.2 ha. 1917. 4/5 slétt.

**ST-027:001** Skjaldabjarnarvík bæjarhóll býli


66°14.691N 21°57.170V

"Víkin fram undan bæjarhúsunum heitir Bæjarvík og austast í henni er smávík, sem heitir

Lendingarvík, og þar er Lendingin. Ofan við víkina var bærinn Skjaldabjarnarvík eða Skjaldarvík. Gamli bærinn stóð á Bæjarhól, og vestan við hann rennur Bæjarlækurinn. Norðan við lækinn, gegnt Gamla bænum, var fjósið og sambyggð hlaða. Nýi bærinn stendur uppi á melholti ofan við fjósið, og skammt norður af honum var hesthús og reykhus [010]. Milli nýja og Gamla bæjarins var Ytraból [022]," segir í örnefnalýsingu. Eitthvað er málum blandað í lýsingunni því af henni virðist sem Gamli bærinn hafi verið sunnan við bæjarlæk. Rústir af bænum eru norðan við lækinn, um 40 m NNA af rústahól 008, nokkurn veginn í miðju túni Skjaldabjarnarvíkur og ber mikið á þeim. Nýi bærinn var hér ekki skráður sérstaklega en grunnurinn undan honum sést þó ofan við túnið. Samkvæmt lýsingunni var fjósið gegnt bænum, sunnan lækjar, en þar sjást ekki rústir aðrar en 008. Má telja líklegt að fjós hafi verið sambyggt bænum af umfangi rústanna að dæma. Tún á kafi í grasi.



Bæjarrústir 001 lengst til vinstri, horft í suðaustur



Miklar rústir eru á staðnum, alls um 30 x 13 m að stærð en ekki á mjög áberandi hól. Meginhluti tóftarinnar er kantaður grunnur, sýnilega undan húsi og standa skorsteinsleifar upp úr honum miðjum. Hjá honum er vatnskranir úr málm. Grunnur þessi er alls um 15 x 6 stór og snýr frá norðri til suðurs. Meðfram norðurhlíð hans er mikill og allt að 3 m þykkur torfveggur, 2 m hár. Norðan við hann miðjan eru leifar af steiptum súrheysturni. Hlaðnir veggir eru einnig meðfram hússtæðinu að sunnan og vestan en ekki að austanverðu og má ætla að þar hafi verið timburgafl. Vesturveggurinn er geysipykkur og mikill torfbunki, þar sjást leifar af hólfi, dæld sem er um 3 m í þvermál. Útgönguleið hefur verið á norðvesturhorni. Sambyggt hólfi er við tóftina að sunnanverðu, það er 10 x 5 m stórt frá austri til vesturs, opið í austur. Innan veggja er mikið spýtnabrak. Sunnan þessa hólfs eru leifar af þriðja hólfinu, mjög óljósu og sokknu sem gæti einnig hafa verið um 10 x 5 m stórt en líklega fallið úr notkun

löngu á undan hinu fyrnefnda. Vitað er að á þessum stað stóð gamall bær árið 1922 þegar afi Hauks Jóhannessonar kom í Skjaldabjarnarvík.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík a, 4; Túnakort 1917

**ST-027:002** Stekkur tóft stekkur

66°14.922N 21°57.650V

"Miðja vegu milli Grundarhorns og Norðdalsár er Stekkur. Þar var stekkur í eina tíð. Hann er heiman til við Stekkjarvík, en innan við hann er Stóravík og þá Árnæs eða Árnæs. Þá tekur við lítil vík, sem Norðdalsáin fellur í, Árvík eða Áarvík.", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 50 m norðvestan við Norðdalsá og um 5 m vestan (ofan) við fjörubamb.



Stekkurinn er í grasslakka rétt ofan við fjöruna. Ofan við slakkann hækkar land allt til suðvesturs að




Stekkur 002, horft í norðaustur

Norðdal sem er á milli Geirólfsnúps í norðvestri og Nónfjalls í suðaustri. Tóftin er greinileg, tvö hólf sem tilheyra sama byggingarstigi en svo eru utanálíggjandi garðlög, bæði austan og vestan við megingtóftina, sem eru lægri og virðast tilheyra öðru byggingarstigi. Tóftarsvæðið er um 14 m A-V og um 10 m N-S en megingtóftin er um 10 m N-S og um 6 m A-V. Á megingtóft er op syðst á austurvegg. Ekki er opið yfir í nyrðra hólfíð, sem er heldur minna en það syðra. Vestan við hana er garðlag, 10 m N-A, sem rofið er heldur sunnan við miðju. Austan megingtóftar er lítil grjóthleðsla. Suðurendi tóftar gengur inn í gróna brekku sem hugsanlega er gamall fjörुकambur. Hleðslur langmest úr torfi þótt greina megi nokkra steina neðst í hleðslum. Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m. Tóftasvæðinu hallar til norðausturs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík a, 2

Ofan við slakkann hækkar land allt til suðvesturs að Norðdal sem er á milli Geirólfsnúps í norðvestri og Nónfjalls í suðaustri. Tóftin er greinileg, tvö hólf sem tilheyra sama byggingarstigi en svo eru utanálíggjandi garðlög, bæði austan og vestan við megingtóftina, sem eru lægri og virðast tilheyra öðru byggingarstigi. Tóftarsvæðið er um 14 m A-V og um 10 m N-S en megingtóftin er um 10 m N-S og um 6 m A-V. Á megingtóft er op syðst á austurvegg. Ekki er opið yfir í nyrðra hólfíð, sem er heldur minna en það syðra. Vestan við hana er



**ST-027:003** Dvergasteinn hleðsla huldufólksbústaður


66°14.999N 21°57.761V



Dvergasteinn 003, horft í norðvestur

"Miðja vegu milli Grundarhorns og Norðdalsár er Stekkur. Þar var stekkur í eina tíð. Hann er heiman til við Stekkjarvík, en innan við hann er Stóravík og þá Árneseða Árnese. Þá tekur við lítil vík, sem Norðdalsáin fellur í, Árvík eða Áarvík. Grund heitir frá Grundarhorni heim undir Stekk skammt utan við Stekkinn er Dvergasteinn, kantaður steinn, u.þ.b. Axlarhár. Þar áttu dvergar að búa.", segir í örnefnaskrá. Steinninn er um 170 m vestur af stekkjartóft 002.

Steinninn er á votlendu undirlendi



sem hallar lítillega að sjó, á milli fjalls og fjöru. Ofan við fjöruna hækkar land allt til suðvesturs að Nordal sem er á milli Geirólfsnúps í norðvestri og Nónfjalls í suðaustri. Steinninn er um 2,5 m NA-SV og um 2 m SA-NV og er um axlarhár. Fast suðvestan við steinninn er lítil hringlaga hleðsla sem er úr lagi gengin, um 4 m NA-SV og um 3 m NV-SA. Hleðslan er opin við steinninn, í norðaustur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík a, 2

**ST-027:004** heimild um leið

66°15.029N 21°59.535V


"Gatan lá eftir (svo) Norðdalsánni inn dalinn og upp á Sigluvíkurháls eða Skjaldarvíkurháls, sem í daglegu tali var nefndur Háls," segir í örnefnalýsingu. Götunni er ekki lýst nánar en væntanlega hefur hún legið til norðvesturs, yfir í Sigluvík og svo þaðan meðfram ströndinni í Reykjarfjörð. Ekki sést þó áberandi gata í Norðdal. Samkvæmt Hauki Jóhannessyni er ruddur og varðaður vegur upp Vetrarbrekku á Norðdal en ekki var hann skoðaður á vettvangi. Uppgefið hnit er tekið af korti.

**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík a, 3

**ST-027:005** tóft fjárhús

66°14.774N 21°57.396V

"Þá skal aftur tekið til við ströndina innan Norðdalsár. Sunnan við ána er melholt, Skipaholt, og heiman til við það er lækur, Stólpalækur. Undir holtinu eru fjárhúsin, og ofan við þau en undir holtinu er Gvendarbrunnur [006]. Áargrundir hétu frá fjárhúsunum norður að ánni. Túnið norðan við Stólpalækinn hét Norðurtún," segir í örnefnalýsingu. Fjárhús þessi sjást einnig á túnakorti frá 1917. Tóftin er greinileg, tæpa 190 m norðvestur af tóft 008. Mjó túnræma undir Skipholti, milli þess og sjávarkamps. Tóftin er stæðileg en uppfull af timbri og þakefni. Hún er 14 x 14 m stór, einföld, hlaðin úr torfi og grjóti og snýr norður-suður með sjávarbakkanum. Engin hleðsla er að sunnanverðu, þar hefur væntanlega verið timburgafl. Op austast á norðurvegg, þar gengur um 5 m breið tota frá húsinu. Aðeins vottar óljóst fyrir einum garða í húsinu vegna þakefnis en þeir hafa vafalaust hafa verið fleiri af breidd tóftarinnar að dæma. Veggir ná mest rúmlega 1 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík a, 4; Túnakort 1917**ST-027:006** Gvendarbrunnur lind brunnur

66°14.750N 21°57.403V

"Þá skal aftur tekið til við ströndina innan Norðdalsár. Sunnan við ána er melholt, Skipaholt, og heiman til við það er lækur, Stólpalækur. Undir holtinu eru fjárhúsin, og ofan við þau en undir holtinu er Gvendarbrunnur," segir í örnefnalýsingu. Sagnir herma að Guðmundur góði hafi brotið skip sitt við Skjaldabjarnarvík árið 1180 á leið til Noregs. Gvendarbrunnur er 20-30 m suður af fjárhústóft 005. Brunnurinn er lítil uppspretta: Vatn seytlar fram á 2-3 stöðum undan Skipholti og sameinast í einn læk sem rennur til sjávar.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík a, 4**ST-027:007** Lendingin heimild um lendingu

66°14.728N 21°57.061V

"Víkin fram undan bæjarhúsunum heitir Bæjarvík og austast í henni er smávik, sem heitir Lendingarvík, og þar er Lendingin. Ofan við víkina var bærinn Skjaldabjarnarvík eða Skjaldarvík," segir í örnefnalýsingu. Lending er við svonefnt Hjallsker (sjá 013), rúma 100 m norðaustur af bæjarhól 001. Sandfjara er í víkinni, hún markast af kletti að austanverðu.


**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík a, 4**ST-027:008** tóft

66°14.706N 21°57.212V

Rústabunga er vestan undir klettabelti sem er áberandi og gengur eftir túninu endilöngu, 40 m suðaustur af bæjarhól 001. Túnið er grasi vafið og þar vex víða hvönn. Svæðið er vel afmarkað, að sunnan af klettunum en norðan megin af bæjarlæknum. Norðan við eru sléttir balar niður að sjó.



Rústahóll 008, horft í norður. Fjar sést bæjarrúst 001




Töluverð hólmyndun er á staðnum en ekki mjög miklar tóftir. Alls er hóllinn um 40 x 25 m stór frá norðri til suðurs, kúptur og gróska mikil í honum. Áberandi kúptur en lítill hóll er við miðja vestrhlið hans, hjá bæjarlæknum, allt að 10 m í þvermál. Hugsanlegt er að það sé öskuhóll. Syðst í hólnum er hátt í 2 m djúp gryfja, líklega súrheystóft, um 5 x 4 m stór. Norðaustan við hana er hlaðið hólf, á kafi í hvönn. Það virðist um 7 x 6 m stórt með op í suðurátt. Ekki sjást fleiri tóftir á hólnum.

**Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ö-Skjaldabjarnarvík a, 4

ST-027:009 tóft naust

66°14.754N 21°57.384V




Stök tóft er í túni, 20-30 m suður af fjárhústóft 005 undir Skipholti. Hún sést ekki á túnakorti frá 1917.

Mjó túnræma undir Skipholti, milli þess og sjávarkamps.

Tóftin er einföld og sigin, 6 x 6 m stór og snýr með op til norðurs, niður að sjó en sjávarkampurinn er um 10 m norðan við dyrnar. Ekki sér í grjóti. Að innanmáli er hún 5 x 1 m N-S, greinilega niðurgrafin. Veggir eru aðeins um 0,2 m háir utanfrá en hátt í 1 m sé staðið inni tóftinni. Útlit hennar allt sem og staðsetning bendir til að um naust sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta



Túnakort Skjaldabjarnarvíkur 1917


**ST-027:010** tóft hesthús

66°14.713N 21°57.292V

"Nýi bærinn stendur uppi á melholti ofan við fjósið, og skammt norður af honum var hesthús og reykhus," segir í örnefnalýsingu. Líklega hafa hesthús og reykhus verið eitt og sama mannvirkid, þó er ekki útilokað að tóft 028 sé af öðru hvoru húsinu. Lýsingin kemur annars heim og saman við tóft sem er 30-40 m norður af nýja bænum og 60 m austan við tóft 008. Tóftin er uppi á kletti, grónum að ofanverðu, sem er allt að 3-4 m háir. Beggja vegna hans renna lækir sem sameinast í einn farveg neðan við klettinn.



Hesthústóft 010, horft í vestur



Tóftin er 6 x 8 m stór frá austri til vesturs. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og fjörugrjóti, allt að 1,3 m háir. Bratt er fram af klettinum til norðurs en jafnslétt til suðurs og suðvesturs. Tóftin er aðeins hlaðin á þrjár hliðar en opin til vesturs og aðeins sést eystri helmingur suðurveggjar. Viðbúið er að lokað hafi verið fyrir hluta þeim megin með timburþili. Tóftin er nú full af spýtnabraki.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Skjaldabjarnarvík a, 4**ST-027:011** Kvíaból örnefni kvíar

66°14.598N 21°57.234V


"Milli nýja og Gamla bæjarins var Yraból [022]. Upp með Bæjarlæknum var Kvíaból eða Ból; er það melholt," segir í örnefnalýsingu. Holt sem kemur heim og saman við lýsinguna er vestan Bæjarlækjar, 20-30 m austur af Náthaga 012. Grýtt holt en mosagróid, það er undir enda sama klettabeltis og markar náthaga að austanverðu. Engar tóftir sjást á holtinu. Hugsanlega hafa verið færirkvíar þar.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Skjaldabjarnarvík a, 4**ST-027:012** Náthagi gerði náthagi

66°14.579N 21°57.193V

"Ofan við Gamla bæinn er melholt, Kvíabólið [011], og þar fyrir ofan er Náthagi (hlaðinn), og upp af honum er klettaholt, Stórholt," segir í örnefnalýsingu. Náthaginn er norðan undir klettaholti, rúma 200 m suður af Gamla bæ 001.

Grasbelti er undir klettunum en hrjóstrug holt að vestan og norðan. Hlaðið er á þrjár hliðar en klettarnir þjóna sem suðurveggur, allt að 3-4 m háir. Náthaginn er reglulegur og nærri því ferkantaður, alls 32 x 24 m að stærð frá norðaustri til suðvesturs. Vesturhlið er úr grjóti, þar er stór, jarðfastur klettur í hleðslunni. Norðurhlið og meirihluti austurhliðar eru hinsvegar úr torfi, þar er einmitt mýri utan við náthagann og því torf auðfengið hleðslufni. Hleðslur eru víða hátt í 1 m háar. Op er austarlega á norðurhlið, þar hefur verið rekið inn.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Skjaldabjarnarvík a, 4-5**ST-027:013** Hjallklettur heimild um hjall

66°14.721N 21°57.042V

"Efst í Hjallskerinu upp undir Bölunum er Hjallklettur; þar voru hengdar upp trönur og þurrkaður fiskur," segir í örnefnalýsingu. Hjallklettur er um 110 m norðaustur af bæjarhól 001, beint niður af fjárhústóft 023. Tveir smáklettur eru ofan við Hjallsker, tæplega tveggja metra háir. Upp af þeim á grónu nesi við fjárhústóftina er stakur klettur.

Engar mannvirkjaleifar eru sjáanlegar.

**Hættumat:** engin hætta



**Heimildir:**Ö-Skjaldabjarnarvík a, 5

**ST-027:014 Tófuholt** heimild um skotbyrgi

66°14.444N 21°56.318V

"Upp af Girðingum er Tófuholt; þar var skothús og borið út agn. Þar ofar og austan við Sunndalsá er Langholt. Mýrarnar austur af Djúpalæk og upp af honum hétu nafni.", segir í örnefnaskrá. Holtið er 600-700 m vestur frá Þúfunum 016.

Ílangt klapparholt. Engin ummerki skotbyrgis eru sjáanleg. Hugsanlegt að það hafi verið byggt úr rekaviði og sé því horfið með öllu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Skjaldabjarnarvík a, 6

**ST-027:015 Stekkur** tóft stekkur

66°14.518N 21°55.778V



*Stekkur 015, horft í norðaustur*

"Nokkuð innan við Hafnirnar er Stekkur.", segir í örnefnaskrá. Um 130 m vestur af rústahól 043 og um 100 m norðnorðaustur af neyðarskýli er stekkjartóft.

Óslétt og grösug grund upp af (suður) fjörunni. Um 50 m vestan við tóft rennur lækur.

Á fremur litlu svæði eru þrjár tóftir, A, B og C. Sennilega er tóft A af sjálfum stekknunum. Tóft A snýr N-S, 11 m löng og 5 m á breidd og hallar aðeins til norðurs. Hún skiptist í tvö hólf og er hið nyrðra töluvert stærra. Nyrst á



austurvegg eru dyr og einnig er opið á milli hólfra. Byggingarefnið er torf að langmestu leyti og mesta hleðsluhæð er um 0,9 m. Um 2 m vestan við tóft A er lítil hringlaga tóft, tóft B, um 2 m í þvermál og er op á henni til austurs. Hleðslur eru ekki merkilegar en tóftin þó nokkuð djúp, eins og niðurgrafin. Um 7 m suðvestan við tóft A er önnur hringlaga tóft, tóft C, heldur stærri en tóft B. Tóft C er um 5 m í þvermál og er op á henni til norðvesturs. Ógreinilegt garðlag er á milli tóftar C og tóftar A, frá norðausturhlíð tóftar C að suðvesturhorni tóftar A. Strax norðan við tóftir hallar landi nokkuð snögglega til norðurs.

Nyrst á austurvegg eru dyr og einnig er opið á milli hólfra. Byggingarefnið er torf að langmestu leyti og mesta hleðsluhæð er um 0,9 m. Um 2 m vestan við tóft A er lítil hringlaga tóft, tóft B, um 2 m í þvermál og er op á henni til austurs. Hleðslur eru ekki merkilegar en tóftin þó nokkuð djúp, eins og niðurgrafin. Um 7 m suðvestan við tóft A er önnur hringlaga tóft, tóft C, heldur stærri en tóft B. Tóft C er um 5 m í þvermál og er op á henni til norðvesturs. Ógreinilegt garðlag er á milli tóftar C og tóftar A, frá norðausturhlíð tóftar C að suðvesturhorni tóftar A. Strax norðan við tóftir hallar landi nokkuð snögglega til norðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Skjaldabjarnarvík a, 7

**ST-027:016 Þúfurnar** þjóðsaga legstaður

66°14.380N 21°55.349V

Þúfurnar eru meintur legstaður Skjalda-Bjarnar: "Á Þúfunum eru ýmis nöfn, og eru nöfnin á þeirri nyrstu Neðstaþúfa, Dýraþúfa, Hundapúfa, sú næsta Miðþúfa, og sú syðsta Ystaþúfa eða Stóraþúfa. Skjaldabjörn á að vera grafinn í Ystupúfunni með gulli sínu og gripum, en hundar hans í Miðþúfunni, en skip hans í þeirri neðstu," segir í örnefnaskrá. "Þúfurnar" eru norðnorðaustur af Randarfjalli og í háaustur af neyðarskýli. Ysta þúfa er ofan (vestan) við Pétursvog, sjá fornleif 017. Frá neðstu þúfu eru ekki nema um 15 m norður í fjöruborð.



*Þúfurnar 016, horft í suðaustur*

Minnst er á Þúfurnar í Frásögum um fornaldarleifar 1817. Þar segir: "Þrír Haugar finnast á svokölluðu Þufnanese í Skjalldarbiarnarvökur lande, hvör upp undann ódrum, í þeim nedsta seigia menn að sie Skip Skialdar Biarnar, í þeim ödrum Fiärhluter hans grafner, og í þeim esta hann Siälfur heigdur." "Þúfurnar" eru talsvert miklir hólar og mjög brattir niður að sjó (til austurs). Þúfurnar eru brattir melhryggir, sem liggja N-S, með 3 hápunktum, hólum, sem góssið á að vera fólgið í. Hryggurinn rís hæst um 40 m yfir fjöruborðinu sem



hryggurinn er fast vestan við. Á milli efstu og neðstu þúfnanna eru um 270 m í loftlínu. Engin mannaverk eru sjáanleg á þúfunum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Skjaldabjarnarvík a, 8; FF, 435

**ST-027:017** *Pétursvogur* heimild um landingu 66°14.380N 21°55.349V

"Austur af Þúfunum er mjór vogur, Pétursvogur; þar lenti Pétur Magnússon í vestanveðrum.", segir í örnefnaskrá. Fast austan við Ystubuðu, sjá fornleif 016, er lítill vogur, Pétursvogur. Grjót og klettafjara neðan við bratta hlíð þúfnanna, sjá fornleif 016. Lítil vogur með klettaflúrum fram í sjó - ansi vænleg landing að sjá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Skjaldabjarnarvík a, 8

**ST-027:018** *Spónagata* heimild um leið 66°14.265N 21°55.613V

"Frá Þúfunum liggur gata um skriðurnar austan í fjallinu, og heitir hún Spónagata. Ofan við götuna er stakur tindur fremst í fjallinu, Spónagötutindur eða í daglegu máli Tindur; Þar er gjá í fjallið skammt sunnar, Hádegisgjá.", segir í örnefnaskrá. Á milli Þúfna 016 og Spónagötutinds er óljós gata.

Brött skriða Randarfjalls gengur fram í fjöru - undirlendi ekkert. Á milli fjöru og Spónagötutinds er brött hlíð. Aðeins ofan við miðja hlíð sést fyrir götu, á milli fjöru og þess er klettabeltið í fjallinu hefst að neðan. Gatan liggur fyrir norður- og austurenda Randarfjalls yfir í Bjarnarfjörð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Skjaldabjarnarvík a, 8

**ST-027:019** *Vondiflói* náma mógrafir 66°13.991N 21°56.787V

"Neðan við Bulluholt er mýri, sem líklega heitir Þúfnaflói; hann er þýfður mjög. Hann er í kriknum, þar sem áin beygir í norður. Gegnt Augna- og Stangarfloóm er allmikið flóasvæði austan ár, sem nefnist Vondifló, og var þar mótak áður," segir í örnefnalýsingu. Vondifló er í sunnanverðum Sunndal, 1,3 km suður af bæjarhól 001. Mýrlundur og býsna torfær flói. Víða sjást leifar mógrafa í honum en þær eru samansignar og óreglulegar. Alls er svæðið á m k. 70 x 100 m stórt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Skjaldabjarnarvík a, 8

**ST-027:020** *Skaufasel* tóftir sel 66°13.353N 21°56.097V

Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir: "Í landinu í einum stað hefur fyrir minna en xl árum verið brúkuð selstaða kölluð Skaufasel. Þar meina menn til forna hafi verið býli, en veit þó enginn neitt skjallegt þar af. Þar sjest að verið hafi tún og líkindi til túngarðs. Það kann ómögulegt að byggjast fyrir slægnaleysi."

"Þá tekur við bás, sem nefndur er Kráksviður eða Króksviður; að innan lokast hann af klettahaus, Seley. Þarna á nesinu eru tóftir eftir sel eða beitarhús, sem hét Skaufasel eða aðeins sel," segir í örnefnalýsingu. Í riti Hauks Jóhannessonar, Stundir á Ströndum, segir:

"Skaufasel er allstórt nes utarlega við Bjarnarfjörð. Á nesi þessu eru miklar rústir fornar og nýjar. Þar voru beitarhús frá Skjaldabjarnarvík sem nefndust ævinlega Skjaldavíkursel eða aðeins Sel. Lending getur verið erfið í Skjaldabjarnarvík en mun betri í Selinu og þar eru nýleg naust. Mjög tafsammt er að ganga fyrir Bjarnarfjörð og því höfðu bændur á Dröngum og í Skjaldabjarnarvík þann háttinn á, að tvær skektur voru hafðar til taks, sem vegfarendur gátu róið á yfir fjörðinn. Önnur var á Skaufaseli en hin á Meyjarseli


handan fjarðarins." Skaufasel er á nesi sem gengur til suðurs norðan við mynni Bjarnarfjarðar, gegnt Meyjarseli í Drangalandi. Þetta er 2,5 km suður af bænum í Skjaldabjarnarvík 001 í beinni loftlínu. Nesið er mjög grösugt og nokkuð hæðótt. Fremst eða austast gengur klettabrík þvert á nestána og nær út í sjó beggja megin við hana. Vestan við bríkina er vík með flúrum innst, þar er hvítur fjörusandur vafalaust ágæt landing. Víkin opnast út í fjarðarmynnið. Hún markast að vestan af litlum klettatanga með hundabúfu á. Upp af víkinni er nokkurt undirlendi en tóftirnar eru flestar á háhólnum þar austan



*Skaufasel 020, horft í norðaustur*

við. Upp af graslendinu er mýrarsund en síðan kletthólar þegar nær dregur fjalli.

Alls er rústasvæðið um 180 x 110 m stórt. Lýsingin hefst upp af áðurnefndri vík. Þar er tóft (A), upp af vikinni vestanverðri skammt frá sjávarkampinum. Hún er af nausti, grunn, bátslaga og regluleg, snýr með op í suðaustur. Meðfram dældinni vottar fyrir hleðslum, líklega úr torfi. Að utanmáli er hún alls



um 8 x 3 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. 20-30 m vestur af henni, upp af vestari tanganum er ávalur og gróinn hóll sem vel gæti falið í sér rústaleifar. Annar svipaður hóll er um 50 m norðaustur, upp af vikinni heldur austur en fyrir miðju. Ekkert rústalag er á hólum þessum en báðir eru þeir

býsna veglegir, allt að 15-20 m í þvermál. Um 120 m norðaustur af (A) er tóft af unglegu beitarhúsi, (B). Hún er á kafi í grasi og sér hvergi í grjótt en snýr þó greinilega SA-NV og er alls um 15 x 7 m stór. Óljóst mótár fyrir garða eftir miðju. Hlaða hefur verið í nyrðri enda og dyr í suður. Lítil tóft er sambyggð húsunum að austanverðu, snýr eins og þau með op í suður og er um 5 x 6 m stór. Þá vottar fyrir gróinni hleðslu frá norðurenda tóftarinnar í boga til suðvesturs, hugsanlega leifar af hólfí. 40 m sunnar er gerði (C), greinilega ungur kálgarður. Hann er í hvilft þar sem land er tekið að lækka að vikinni. Gerðið er alls 10 x 15 m stórt NV-SA, reglulegt og ferkantað. Hleðslur eru algrónar og ná mest um 0,5 m hæð. (D) er annar kálgarður 10 m norðaustur, hann er 8 x 8 m stór í áberandi halla mót suðri. Hann er einnig algróinn. (E) er lítil tóft um 10 m norðaustur af (D). Hún er dálítið niðurgrafin, algróin og 5 x 4 m stór og snýr hér um bil norður-suður hugsanlega með op í norður. Fleiri heillegar rústir eru ekki sjáanlegar en þó vafalaust miklar mannvistarleifar sem ekki sjást á yfirborði. Kálgarðarnir (C) og (D) eru á grösugum hrygg sem liggur frá norðaustri til suðvesturs. Ofan við hann er dálítil dæld en þar upp af er annar hryggur, samsíða en hærri. Nyrst á honum er hundapúfa en syðst beitarhúsatóft (B). Allur þessi hryggur gæti verið uppsöfnuð mannvistarlög að meira eða minna leyti. Suður af hryggnum er stór og áberandi hóll með hundapúfu, allt að 30 m í þvermál. Í honum sjást víða dældir en engar heillegar tóftir eða vegghleðslur. Geysileg gróska var á svæðinu við vettvangskönnun og því ekki víst að skrásetjari hafi komið auga á allar tóftir á svæðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík a, 10; JÁM VII, 322; HJ, 75

**ST-027:021** tóft

66°14.532N 21°55.889V

Um 15 m vestur af nausti 042 og rétt rúma 200 m vestur af tóftasvæði 043 er tóft.

Tóftin er fast við gróinn sjávarkampinn, ofan við grjóttfjöru. Tóftin er um 13 m N-S og um 4 m A-V og skiptist í 2 hólf. Nyrðra hólfíð er opið til norðurs, sjávar en syðra hólfíð er heldur minna og er op nyrst á austurvegg þess. Ekki er innangengt á milli hólfá. Byggingarefnið er langmest torf þótt sjá megi grjótt neðst í hleðslum. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m. Stór steinn er fast sunnan við syðra hólfíð.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-027:022** Ytraból örnefni kvíar

66°14.685N 21°57.256V

"Milli Nýja og Gamla bæjarins [001] var Ytraból," segir í örnefnalýsingu. Bólið hefur verið rúma 60 m VSV af bæjarhól 001. Íðagræn hæð sunnan við garðbrotið (049) sem liggur suður frá tóft 010.


Engar tóftir eru sjáanlegar á Ytrabóli.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík a, 4


**ST-027:023** tóft fjárhús

66°14.709N 21°57.075V



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús austast í túni, tæpa 80 m austur af bæjarhól 001. Þar er fjárhústóft. Mjög grösugt tún. Tóftin er á nesi sem teygir sig fram milli Bæjar- og Fauskavíkur. Tóftin er heilleg en á kafi í grasi og hvönn, því sér hvergi í grjóti í veggjum. Hún er um 12 x 13 m stór og hefur líklega verið opin til austurs. Vesturveggur er langheillegastur og hæstur, allt að 2 m, bendir það til að hlaða hafi verið í þar. Miklar timbur- og þakleifar eru inni í tóftinni og því sér ekki fyrir gördum en líklega hafa þeir verið tveir eftir stærð hússins að dæma.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Túnakort 1917



**ST-027:024** tóft 66°14.706N 21°57.129V  
 Klettarni, Kórklettur, er austan við bæjarhól 001 og liggur frá norðri til suðurs. Tóft er austan undir klettunum allra nyrst, um 40 m norðaustur af bæjarhól 001.

Grasi vafið tún. Klettarnir skipta sundur túninu en hægt er að ganga fyrir þá nyrst. Tóftin er gróin og sigin, gengur skáhallt út frá klettunum og er alls 6 x 4 m frá norðvestri til suðausturs. Aðeins er hlaðið á tvær hliðar en klettarnir þjóna hlutverki suðausturveggjar. Op er til norðvesturs. Hleðslur ná mest 0,4 m hæð. Tóftin gæti verið af litlu aðhaldi eða kvíum.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-027:025** tóft fjárhús 66°14.668N 21°57.144V


Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús skammt sunnan við tún, rúma 50 m suðaustur af bæjarhól 001. Þar er fjárhústóft. Mólent holt. Tóftin er einföld og stæðileg, 17 x 6 m stór og snýr norður-suður. Dyr eru norðarlega á austurlanghlið. Tóftin er full af timbri og þakefni svo ekki sér í garða. Ætla má að hann hafi verið eftir húsinu endilöngu. Veggir ná allt að 1,4 m hæð, grasi gróinir og sér ekki í grjóti í þeim.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Túnakort 1917



**ST-027:026** tóft útihús

66°14.679N 21°57.156V



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 30 m norðan við fjárhústóft 025. Þar er tóft.

Grasi gróinn höfði. Tóftin er að mestu sigin en þó hefur líklega verið byggt ofan í hana austan til. Alls er hún um 10 x 10 m stór. Vestast er aflangt, sigið hólf sem snýr með op í norður, alls um 10 x 5 m N-S. Norðaustan við það er lítið hólf, um 4 x 4 m stórt, opið í austur og sunnan þess mótur óljóst fyrir tveimur minni hólfum sem einnig virðast hafa snúið dyrum í austur. Svo virðist sem austurhluti tóftarinnar sé yngri en sá vestari, veggir rísa þar hærra eða allt að 1 m en ná aðeins um 0,5 m hæð í vesturhelmingnum. Hvergi sér í grjóti í veggjum fyrir grósku.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-027:027** náma rista

66°14.662N 21°57.422V


Greinileg merki um torfristu eða hugsanlega mótekju eru um 200 m suðvestur af bæ 001, beint ofan við tóft 028. Lítil mýrarblettur milli holta, tæplega stærri en um 30 x 50 m.

Fimm eða sex reglulegar dældir sjást í mýrinni, allt að 5 x 5 m stórar en grunnar, um 0,3 m og fullar af vatni. Þær ná yfir svæði sem er um 50 x 30 m stórt.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-027:028** tóft útihús 66°14.669N 21°57.388V

Tóft er sunnan túns, 110 m suður af tóft 010. Mögulega er þessi tóft annaðhvort af hest- eða reykhusi sem um getur í örnefnalýsingu: "Nýi bærinn stendur uppi á melholti ofan við fjósið, og skammt norður af honum var hesthús og reykhus."






Tóft 028, horft í vestur

suðaustan við hjá fjárhúsunum er Hallvarðsleiði," segir í örnefnalýsingu. Haukur Jóhannesson lýsir staðnum í bók sinni, Stundir á Ströndum: "Upp af Hjallskerinu er Hallvarðsleiði. Það er girt og með legsteini á og nokkrum krossum. Þar er Hallvarður Hallsson, kenndur við Horn í Hornvík, grafinn án yfirsöngs. Hann dó snemma sumars 1799 og mælti svo fyrir að hann skyldi grafinn þar í túninu. Ekki þótti prestinum í Árnesi það við hæfi og vildi færa líkið til kirkju en munnmæli herma að prestur hafi gert nokkrar tilraunir til þess en ávallt villti Hallvarður um fyrir honum. Annars er Hallvarður mörgum kunnur enda hafa gengið af honum miklar sögur jafnvel fram á þessa öld. Nú þykir hann góður til áheita og var skýlið [slysavarnarskýli] í Höfnunum reist fyrir áheitafé. Bændur í Skjaldarvík hugsuðu ávallt vel um leiðið og um aldamótin 1900 var kassi á leiðinu með glerloki og undir því var krans með glerperlum." Leiði Hallvarðs er syðst og austast í túni, um 80 m austur af bæjarhól 001.

Grösugt tún. Girðing hefur verið smíðuð um leiðið. Hún afmarkar svæði sem er 2 x 1 m stórt og snýr leiðið austur-vestur. Girðingin er hvítmáluð, um 80 sm há, nokkuð tekin að flagna en frágangur annars allur til sóma. Legsteinn er á leiðinu vestast, í hann er grafið með hástöfum: HALLVARÐUR HALLSSON F um 1723 D 1799. Tveir trékrossar eru við legsteininn, annar gamall og án áletrunar en á hinum, sem er nýlegri og hvítmálaður, er spjald með áletrun: HALLVARÐUR HALLSSON F. UM 1723 D 20.5.1799. Ekki sjást frekari skreytingar lengur, s.s. glerperlur. Leiðið er í horni túngarðs, sjá 049.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Skjaldabjarnarvík, 5; HJ, 77-78

Mosagróið, þurrt en lágt holt. Tóftin er einföld, 6 x 6 m stór og opin í suðaustur. Mikið spýtnabrak er innan veggja sem virðast að mestu torfhlaðnir, e.t.v. þó með grjótuundirstöðum. Þeir ná allt að 1 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Skjaldabjarnarvík a, 4

**ST-027:029** Hallvarðsleiði þúst legstaður 66°14.691N 21°57.059V

"Efst í Hjallskerinu upp undir Bölunum er Hjallklettur [013]; þar voru hengdar upp trönur og þurrkaður fiskur. Þar skammt



Hallvarðsleiði, horft í vestur

**ST-027:030** náma mógrafir

66°14.789N 21°58.601V

"Niður á dalnum er hamar, sem er sunnan ár. Hann heitir Hamar eða Álfhamar (sjá 037). Gegnt honum eru flóar, sem slegnir voru, og þar var einnig mótak," segir í örnefnaskrá. Nordalur er sléttur dalur og votlendur. Suðvestan við miðjan dal eru mógrafir. Grafir eru grunnar en blautar, næstum myri. Rauðleitar starir þekja grafasvæðið sem er um 200 fermetrar. Grafirnar eru ekki mjög greinilegar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Örnefnaskrá Skjaldabjarnarvíkur a, 3

**ST-027:031** Heiðarskarð gata leið

66°11.749N 22°00.997V

"Ofan hlíðina skerst Langeyrargil. Upp hlíðina innan við Langeyrargilið er farið upp á Heiðarveginn, og þar er efst Heiðarskarð, en vegurinn liggur um "Upp hlíðina innan við Langeyrargilið er farið upp á Heiðarveginn, og þar er efst Heiðarskarð, en vegurinn liggur um Fossadalsheiði niður í Fossadal í Reykjarfirði; það hét að fara í Skarðið", segir í örnefnaskrá. Rétt norðvestan við Bjarnafjarðará, upp úr fjarðarbotninum, er leið sem liggur um Fossadalsheiði. Botn Bjarnafjarðar er fremur þröngur en leirur

með ánni eru miklar og gróðursælar. Slakki eða grunnt skarð er í fjallið sem gín yfir fjarðarbotni að norðvestan. Þar upp með er leið yfir í Reykjarfjörð. Ekki er gatan greinileg á þessum stað og ekki sjást vörður. Skv. Hauki Jóhannessyni eru vörður uppi á Fossadalseiði og sumar enn í góðu ástandi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnaskrá Skjaldabjarnarvíkur a, 11

**ST-027:032 Hjarandaskarð gata leið**

66°12.591N 21°58.607V

Um það bil fyrir miðjum Bjarnarfirði, að norðvestan, er varða niður við sjó sem markar Hjarandaskarðsleið. Gróinn hlíðarfótur Randarfjalls og örlítið undirlendi við sjóinn.

Niðri við sjó er varða. Í norður frá vörðunni, upp með gili eða skarði til norðurs, sjást fleiri vörður. Leiðin um Hjarandaskarð liggur hér um bil úr miðjum Bjarnarfirði, að norðvestan, norður yfir Randarfjall og heim í Skjaldabjarnarvík um Sunndal. Skv. Hauki Jóhannessyni var hún rudd að einhverju leyti.

**Hættumat:** engin hætta


**ST-027:033 tóft naust**

66°12.545N 21°58.697V

Tóft er rétt um 600 m suðvestur frá Kofanesi, sjá tóftir 034. Hún er um það bil fyrir miðjum Bjarnarfirði, að norðvestan; að öllum líkindum í Selsteinavík. Gróin grund milli fjalls og fjöru.

Tóftin er um 3,5 m N-S og um 3 m á breidd og er opin til suðurs, að sjó. Byggingarefnið er torf og er mesta hleðsluhæð um 0,4 m. Um 6 m eru niður í fjöruborð. Fast austan við tóftina eru 2 þúfnaklasar álíka langir og tóftin en heldur mjórri. Ekki ósennilegt að tóftin sé af nausti.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-027:034 Kofanes tóftir**

66°12.783N 21°58.165V

Við Kofanes er vík og þar eru nokkrar tóftir. Þær eru heldur utan við miðjan Bjarnarfjörðinn, norðvestan megin. Í örnefnalýsingu segir: "Í Kofanesi var áður fyrr kofi, sem notaður var, þegar legið var yfir selanetum."


Norðvestanmegin í Bjarnarfirði, heldur utan við miðjan fjörð, er lítil grund undir hlíð Randarfjalls; smá undirlendi.

Leifar fjögurra mannvirkja sjást á staðnum og eru þau hér nefnd með bókstöfum til aðgreiningar. Tóft (A) er vestast á svæðinu, um 12 m ofan við (NNV) fjöruborð. Hún er 5 m N-S og um 4 m breidd og aðeins eitt hólf, opin til suðurs (að sjó). Tóftin er á hól sem er um 10 m A-V og um 8 m N-S. Byggingarefnið er að langmestu leyti torf þótt grjót leynist neðst í veggjum. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Næsta tóft, (B) er um 7 m austar. Hún er um 7 m löng frá austri til vesturs en mesta

breidd er um 4 m. Líklega er um niðurgrafið naust að ræða, þ.e. mokað hefur verið upp og hlaðið með gryfjunni. Dýptin er um 0,4 m og virðist byggingarefnið nær eingöngu torf. Stór, stakur steinn er fast suðvestan við tóftina. (C) er aðeins um 2 m norðaustar, líklega kolagröf. Hún er um 3 m í þvermál, 0,3 m djúp og ekki mjög greinileg. Að lokum er (D) um 10 m ANA af (B). Hún er mjög sigin og ógreinileg, 3,5 m NA-SV og um 3 m á hinn veginn. Op er á suðvesturhlíð og mesta hleðsluhæð er um 0,3 m, hefur líklega verið eingöngu torfhlaðið.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík aths. og viðb. a, 3




Tóft (A)



Tóft (C)



Tóft (D)



Tóft (B)



**ST-027:035** *Kórklettar* huldufólksbústaður

66°14.706N 21°57.129V

"Austan við það [Bæjasund] er Bæjarhöfði eða Höfði. Neðan í Höfðanum eru klettur, Kór eða Kórklettar," segir í örnefnalýsingu. Í Kórklettum átti að búa huldufólk. Klettarnir liggja NA-SV fast austan við bæjarhól 001. Sá hluti þeirra mun þó ekki hafa nefnst Kórklettar heldur syðri endinn. Myndarlegt klettabelti, þrýðilegur huldufólksbústaður.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ó-Skjaldabjarnarvík a, 5**ST-027:036** hleðsla vörslugarður

66°12.813N 21°58.141V

Um 90 m austur af tóftasvæði 034 er garðlag. Norðvestanmegin í Bjarnafirði er smá undirlendi undir hlíð Randarfjalls. Niður við sjó er töluvert mikil og slétt grund. Þar næst hafi er klettur á grundinni, 10 m breiður. Til norðurs og vesturs, út frá klettinum eru sigrin garðlög úr torfi og grjóti. Hið vestara liggur 30 m beint í vestur en sveigir svo til norðvesturs 15 m en þá er 1 m breitt op. Handan þess heldur garðurinn áfram um 45 m en deyr þá út. Gata liggur um opið. Austari garðurinn er völdugri en sá vestari, 1-1,5 m breiður og hæstur um 0,5 m há. Hann liggur fyrst til norðnorðausturs en sveigir svo til norðurs, 50 m, út að holti sem gengur fram úr hlíðarrótum Randarfjalls. Garðurinn myndar aðhald en efri mörkin sjást ekki, ekki nema ef vera skyldi lækur sem rennur með Randarfjalli og gæti myndað nokkurn veginn norðurhlíð aðhaldsins en hann er ekki mikill lækurinn sá. Hlíðarfótur Randarfjalls er varla nægjanlegar hömlur fyrir sauðfé.

**Hættumat:** engin hætta**ST-027:037** *Álfhamar* náttúrumin huldufólksbústaður

66°14.780N 21°58.586V

"Gegnt honum [Álfhamri] eru flóar sem slegnir voru.", segir í örnefnaskrá. Hamarinn er nokkurn veginn fyrir miðjum Norðdal, sunnanmegin. Þetta er 1,07 km vestur af bæjarhól 001. Norðdalur er sléttur, grösugur og blautur. Ávalur klettur sem rís norður úr hlíðarrótum Nónfjalls, alveg niðri við sléttlendið sem er mýri, við klettinn.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ó-Skjaldabjarnarvík a, 3**ST-027:038** hleðsla samgöngubót

66°13.973N 21°57.698V




*Ræsi undir hlaðinn veg 038, horft í norðvestur*

úr grjóti. Leiðin um Sunndal liggur um Hjarandaskarð (032) suður til Bjarnafjarðar. Vafalítið eru vegarbætur víðar á dalnum.

**Hættumat:** engin hætta**ST-027:039** tóft 66°14.537N 21°56.737V


Óljós tóft er upp af Fauskavík austanverðri, milli tveggja lækja sem þar renna. Hún er 430 m suðaustur af bæjarhól 001. Gróskumikill hvammur upp af víkinni. Gróska er í veggjum tóftarinnar en þeir eru signir og lögun tóftarinnar óljós. Veggir ná mest um 0,5 m hæð en algrónir svo að ekki sér í grjót. Tóftin er alls um 10 x 10 m stór og skiptist hugsanlega í 3-4 hólf. Vesturhlutinn er

Fyrir miðjum Sunndal, sem liggur NA-SV, norðanmegin í dalnum eru vegabætur. Þær eru um 2 km suður af fornleif bæ 001. Tiltölulega sléttur dalur og votlendur. Land heldur farið að rísa til norðurs, upp hlíðar Hádegisfjalls. Norðanmegin í dalnum er hlaðin brú yfir tvo litla læk sem renna samhliða til suðurs. Um 4 m eru á milli lækjanna. Suðvestan til hefst brúin og liggur um 11 m til norðausturs. Upphlaðinn vegur heldur áfram í um 20 m í framhaldi af henni. Breidd brúar/vegar er 1-1,5 m og mesta hleðsluhæð vegar er um 0,4 m en brúin er hæst um 0,6 m. Byggingarefnið er mest torf en einnig grjót neðst í hleðslum og þvert á lækina eru hlaðin ræsi



greinilegri en sá austari. Allra vestast er hólf sem snýr austur-vestur og er um 6 x 4 m stórt og suðaustan við það er hólf sem er ámóta stórt en snýr þvert á það eða norður-suður. Norðan og austan við það örlar á tveimur sporöskjulaga hólfum sem eru hvort um sig 4-5 m í þvermál. Hvergi sjást op á tóftinni. Hugsanlegt virðist að um fleiri en eitt byggingarstig sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-027:040** tóft

66°13.985N 21°57.609V

Tóft er í Sunndal norðvestanverðum, fast sunnan við götu sem þar mótar óglöggð fyrir. Hún er 1,4 km suður af bæjarhól 001.

Tóftin er sunnan undir háum bakka í grónum hvammi sem lækur rennur um í átt að Sunndalsá.

Tóftin er sigin og gróin, fornleg að sjá. Hún er 6 x 8 m stór, enföld og snýr NA-SV, dyr eru við norðausturhornið. Veggir eru lyngivaxnir en litlir um sig, aðeins 0,5 m breiðir og 0,2-0,4 m háir. Engar grjóthleðslur sjást í þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-027:041** *Lendingarvík* heimild um lendingu

66°14.540N 21°55.852V

"Heiman við það [Hjallskerid sjá 013] var Lendingin, og var þar lent við Hleinar," segir í örnefnaskrá.

Um 70 m norðvestan við stekk 015 og um 400 m norður af neyðarskýli í Skjaldabjarnarvík er lending.

Grjótfjara. Lendingin er breið: flúrir ná langt fram í sjó til beggja handa en þó lengra að austan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík a, 5

**ST-027:042** tóft naust

66°14.540N 21°55.852V

Á fjörukambinum ofan við lendinguna 041 er tóft, líkast til af nausti.

Grjótfjara og gróinn fjörukambur ofan við.

Tóftin er galopin til beggja enda en langveggirnir eru um 7 m langir N-S og um 1 m þykkir. Rúmir 2 m eru á milli garðlaganna sem að megninu til eru úr torfi þótt grjót sé einnig sjáanlegt, helst til endanna nær sjónum. Litlir steinar liggja á víð og dreif inni í naustinu. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-027:043** tóft verbúð

66°14.520N 21°55.603V




*Tóftaklasi 043, horft í norðvestur*

60-80 m vestan við Neðstúpúfu, sjá fornleif 016, eru tóftir. Frá tóftunum eru um 15 m niður í fjöruborð.

Vestan við Þúfurnar og og norðan við Tind er flatt svæði, um 200 m A-V og 250-300 m N-S, fremur votlent. Nyrst á þessu svæði eru tóftirnar.

Miðað við allar aðstæður verður að teljast mjög líklegt að tóftirnar á svæðinu séu af verbúð þótt ekki sé það óbyggjandi. Tóftin, sem e.t.v. væri betur lýst sem dálitlum rústahól, skiptist í 8-9 sambyggð hólf þótt ekki sé alltaf gott að greina skiptinguna. Tóftarsvæðið er um 22 m N-S og 20 m á breidd. Hólfir eru fremur lítil og virðist sem byggingarefnið sé


torf. Litla upphleðslu er að sjá nema helst nyrst en mesta hækkun, og þá hleðsluhæð, nemur u.þ.b. 2 m. Mesta hleðsluhæð garðlags í sjálfu sér er um 0,5 m og er sú hæð garðlaga nokkuð almenn á svæðinu. Um 10 m vestan við tóftaklasann, fast við fjöruborð, er lítil tóft, (B), sem er 4,5 m A-V og um 4 m N-S. Veggir eru svo þykkir að innanmálið er ekki nema 1 m. Op er til suðvesturs. Í suðvesturhorni tóftasvæðis er kargapýfður blettur, 4 x 4 m. Beint í suður frá þessum þúfnabletti, í um 20 m, eru áfram þúfur en svo tekur við siginn og gisinn garður (hugsanlega gamall fjörukambur) sem sveigir til suðvesturs og svo



vesturs u.þ.b. 70 m þar til hann hverfur.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-027:044** tóft



66°14.668N 21°57.213V

Fornleg tóft er á hæð beint austan við Ytraból 022.

Mörk túnræktar og móaholts. Gróið er norður af tóftinni. Hún er í halla mót norðri.


Alls er tóftin um 10 x 6 m stór frá norðri til suðurs, einföld, dyr hafa líklega snúið í norður. Engin gróska er í veggjum, þeir eru vaxnir lyngi og mosa, um 0,3 m háir. Lítil jarðvegur er í þeim en vottar fyrir grjóti skammt undir sverði á nokkrum stöðum. Norðausturhorn tóftarinnar er orðið máð og ógreinilegt. Áberandi hundapúfa er á suðausturhorni.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-027:045** gerði kálgarður 66°14.595N 21°56.868V  
Hlaðið gerði, greinilega leifar af kálgarði, er upp af Fauskavík, 280 m suðaustur af bæjarhól 001.

Tóftin er um 5 m upp frá sjávarkamp, á sendnum en grónum bakka. Gerðið er alls 12 x 11 m stórt, heldur lengra frá norðri til suðurs en á hinn veginn. Hún er ferhyrmd og mjög regluleg og dálítil gróska í henni. Veggir virðast torfhlaðnir, mest um 0,3 m háir. Töluverðan stall hefur þurft að hlaða undir norðvesturhlið til að ná lárétu yfirborði á garðinn.

**Hættumat:** engin hætta



**ST-027:046** gryfja kolagröf

66°14.581N 21°56.819V

Áberandi dæld er upp af Fauskavík, tæpa 40 m suðaustur af kálgarði 047. Líklega eru þetta leifar af kolagröf. Gróinn bakki. Dældin er 4 x 3 m að stærð, ekki mjög regluleg, dýpt 0,4 m. Á bökkum hennar örlar á uppkasti eða torfkrögum. Tvær minni dældir eru fast suðvestan við og enn ein rúnum 10 m austar, um 3 m í þvermál. Líklegt er að gert hafi verið til kola í Fauskavík, þar er geysilegur reki.

**Hættumat:** engin hætta

**ST-027:047** heimild um mógrafir

Í örnefnalýsingu segir: "Stólpalækur er lækur, sem rennur gegnum túnið. Smiðjumór er í Stólpalæk í bökkunum, og var notaður í smiðju." Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi sumarið 2004.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík aths. og viðb. c, 1

**ST-027:048** Eyvindarhilla heimild um útilegumannabústað

"Úr Nordal var farið inn Eyvindarhillu og yfir fjallið. Þar er hellir, sem Fjalla-Eyvindur bjó í. Farið var líka einstigi upp af tánni," segir í örnefnalýsingu. Sagt er frá staðnum í riti Ólafs Briem, Útilegumenn og auðar tóttir: "Annar staður í þessum landshluta, sem kenndur er við Fjalla-Eyvind, er Eyvindarhilla í Geirólfgnúpi sunnanverðum skammt fyrir ofan bæinn í Skjalda-Bjarnarvík. Henni er lýst á þessa leið í Árbók Ferðafélagsins 1952 (bls. 139): "Að austanverðu í núpnum við sjóinn, þar sem Grundarhorn heitir, er hilla sú uppi í kletthlíðinni, er Eyvindarhilla kallast. Einstigi þröngt er þangað upp að fara. Á hillunni eru rústir af kofa úr grjóti, og hafa til skamms tíma staðið þar út á milli steinanna fúnir raftaendar, sem vera munu leifar af þaki. Almenn er talið, að kofinn hafi verið skýli Fjalla-Eyvindar, sem vitað er, að hélt til um tíma á þessum slóðum." Gizkað hefur verið á, að Eyvindur hafi dvalizt í skjóli Hallvarðar Hallssonar frá Horni, er bjó í Skjalda-Bjarnarvík á dögum hans, og þá gert fylgsmi þetta til að felast í. Í júlí 1954 leitaði ég [Ólafur Briem] lengi dags að rústum þessum ásamt nokkrum mönnum öðrum og gekk þar bezt fram Guðfinnur Jakobsson úr Reykjarfirði nyrðra. En ekki fundum við nein merki um tóttir. Síðar var mér sagt, að rústin hefði alveg horfið í skriðuhlaupi." Ekki var farið að Eyvindarhillu sumarið 2003.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skjaldabjarnarvík aths. og viðb. c, 1; Ólafur Briem, 66

**ST-027:049** garðlag túngarður

66°14.706N 21°57.281V

Sokkinn túngarður liggur meðfram suðurhlið túns í Skjaldbjarnarvík, innan núverandi túnmarka. Garðurinn liggur til suðurs frá tóft 010. Kafagras í túni. Garðurinn sést vel frá tóft 010 en er samt býsna sokkinn og hefur áreiðanlega ekki verið haldið við fram á 20. öld. Hann er 30-40 m langur og liggur frá rötum hólsins, sem tóft 010 er á, og til suðurs, að bæjarlæk. Hann er algróinn, rúmlega 1 m breiður en hæðin er mest um 0,4 m. Leifar af túngarði sjást einnig við Hallvarðsleiði 029. Leiðið er í horni garðsins sem hefur verið hlaðinn um það í 90° beygju og myndar hann því L, um 10 m A-V og 10 m N-S en fjarar út til beggja átta. Þessi hluti túngarðs er sennilega yngri en sá sem áður var lýst, hann er stæðilegri, slagar hátt í 1 m á hæð og er um 1 m breiður en algróinn.

**Hættumat:** engin hætta

*Leifar túngarðs 049 í túni, horft í suður. Hinn hluti garðsins sést á ljósmynd með Hallvarðsleiði 029.*

**ST-027:050** gripir

Í Aðfangaskrá Þjóðminjasafns er að finna upplýsingar um tvær perlur sem bárust safninu frá Skjaldabjarnarvík árið 1892. Ekki er vitað hvar þær fundust. Í skrá safnsins hafa þær númerið Þjms. 3644. Elín Ósk Hreiðarsdóttir, sem vinnur að rannsóknarverkefni um íslenskar perlur, hefur lýst þeim á eftirfarandi hátt: "Báðar eru perlurnar svipaðar, úr rauðleitum steini. Þær eru næstum hnöttóttar, 1,5 cm í þvermál en 1,2 cm á lengd og með op sem er um 0,4 cm. Yfirborð perlanna er alsett tigulmyndaðum flötum. Þær eru rauðleitar og grófgerðar og víða utan á þeim sem og inn í gati þeirra sér í ljósbrúnt yfirborð." Ekki er vitað nákvæmlega um aldur perlanna en þó eru þær klárlega ekki frá Víkingaöld.

**Heimildir:** Aðfangaskrá Þjóðminjasafns; Munnlegar upplýsingar frá Elínu Ósk Hreiðarsdóttur

## V. Fornleifar og byggð

Hér á eftir verður fjallað um helstu minjaflokka á svæðinu.

### *Bæjarhólar og bæjarstæði*

Alls voru skráðir 12 bæjarhólar á jörðunum 13 sumarið 2003 en að auki nokkur bæjarstæði. Skilgreiningin *bæjarhóll* er notuð ef uppsöfnun byggingarefna og ösku er greinilega á yfirborði. Ef hólmyndun sést ekki er hins vegar talað um *bæjarstæði*. Bæjarhólar sjást á öllum bæjum nema í Reykjarfirði. Þar er ástæða til að ætla að bæjarstæði hafi verið flutt á seinni öldum en hefur hugsanlega verið áður þar sem heita „Hólar“ í túninu, að mestu náttúrulegur hólrani en þó er mögulegt að uppsöfnuð byggingarefni séu við hann sunnanverðan (sjá St-006:007). Á flestum bæjunum eru myndarlegir bæjarhólar, þeirra stærstir í Veidileysu (St-003:001) og á Kambi (St-004:001). Á þeim síðarnefnda var reyndar byggt steinhús með kjallara á 20. öld en Veidileysuhóllinn er alveg óspilltur. Afbragðs vel varðveittir bæjarhólar eru að auki í Byrgisvík (St-002:001) og Skjaldabjarnarvík (St-027:001) og heillegar bæjarrústir á þeim báðum. Einnig eru rústir síðasta bæjarins í Kolbeinsvík (St-001:001) vel varðveittar en ekki er áberandi bæjarhóllinn. Sama má segja um Kjós en þar leikur reyndar grunur á að bæjarstæði hafi verið flutt, a.m.k. greinir örnefnalýsing frá Stóruþúfum (St-005:011) neðan bæjarhólsins sem gömlu bæjarstæði. Byggt hefur verið á eftirtöldum bæjarhólum á 20. öld, í flestum tilvikum hús með kjallara: í Naustvík (St-007:001), á Kjörvogi (St-008:001), í Ófeigsfirði (St-024:001), Drangavík (St-025:001) og á Dröngum (St-026:001). Þrátt fyrir það má ætla að hluti bæjarhólanna sé óskemmdur og má þar helst nefna Kjörvog. Á Seljanesi (St-023:001) er gamla bæjarstæðið á náttúrulegum hólrana og erfitt að geta sér til um hversu mikill hluti hólsins er uppsafnaðar byggingarleifar.

Auk bæjarhólanna voru skráð nokkur bæjarstæði sem hafa verið byggð um lengri eða skemmri tíma. Flestra þeirra er getið í Jarðabók Árna og Páls 1706. Á Veidileysu er **Krákutún** (St-003:020) talið eyðiból en eina sögnin sem til er um ábúendur er ærið þjóðsagnakennd. Þar átti að hafa búið kerlingin Kráka sem lagði á að ekkert veiddist í Veidileysufirði á vissu árabili eftir að synir hennar fórust í lendingu við bæinn. Á Krácutúni sjást leifar af fornlegum garði og nokkrar rústir, sú veglegasta þó ung að sjá, líklega af stekki. Kambur var býsna landmikil jörð og þar greina heimildir frá þremur bæjum. Eins þeirra, **Ketilsstaða** (St-004:055), er einungis



getið í Jarðabók 1805 og er hann óþekktur nú. **Hraunstún** (St-004:040) hét lítið býli norðan til í Veiðileysufirði og **Halldórsstaðir** (St-004:079) voru norðan Reykjarfjarðarkambs, utan til við Kúvíkur. Á Hraunstúni sjást greinilegar tóftir og sama má segja um Halldórsstaði, en sá bær var í eyði þegar jarðabók var rituð 1706 en byggðist að nýju 1845. Bærinn fór endanlega í eyði 1933. Ekki er vitað um nein hjábýli á Kjós eða í Reykjarfirði en á Kjörvogi er **Kjörvogskots** (St-008:032) getið í frásögn af Spánverjavígum.<sup>28</sup> Þá er komið í nyrsta hluta hreppsins. Býli á að hafa verið skammt frá Ófeigsfjarðarbænum, nefnt **Óskastaðir** eða **Óskarstaðir** (St-024:010). Þar sjást ekki tóftir lengur. **Gíslatún** (St-024:055) var byggt í heimatúni Ófeigsfjarðar, frá 1879 til 1928. Þar sjást nú engar húsaleifar. Sagnir eru um að býli hafi verið á svonefndu **Strandartúni** (St-024:035) en þar hafa verið beitarhús svo lengi sem elstu menn muna. Þegar þar var grafið fyrir steinsteiptum fjárhúsum á 20. öld segir sagan að komið hafi verið niður á langeld. Ekki er víst hvað hæft er í því en allgott túnstæði er á staðnum og fjörubeit sem sjaldan bregst. Enn norðar er **Hrúteyjarsel** (St-024:037) og sagt er að þar hafi verið búið á tímum galdraofsókna í hreppnum. Miklar rústir sjást á selinu og eru þær vafalítið af litlum bæ. Að lokum ber að minnast á Eyvindarfjörð en Ófeigsfjörður á land í honum sunnanmegin. Þar sjást rústir á tveimur stöðum, annars vegar vestan Sauðabólshöfða (St-024:084). Sú tóft er afar óljós en gæti þó verið með skálalagi, vart meira en eitt byggingarstig. Hin tóftin (St-024:083) er skammt austar, meiri um sig og miklu greinilegri en samt fornleg. Ekkert er hægt að fullyrða um að tóftirnar bendi til bæjarstæða, enda er landrými og undirlendi sunnan megin í Eyvindarfirði af skornum skammti. Hins vegar er hugsanlegt að verbúðir hafi verið þar. **Engjanes** (St-025:007) er norðanmegin í firðinum og heyrir undir Drangavík. Þar eru geysimiklar rústir, enda var haft þar í beitarhúsum frá Drangavík, líklega allt þar til búseta þar leið undir lok. Einhverntíma var byggð á nesinu en árið 1706 hafði það verið langvarandi í eyði. Talið er að einn maður hafi reynt þar búskap eftir það um skamma hríð, nánar tiltekið um miðja 18. öld og hefur getum verið leitt að því að það hafi verið sjálfur Fjalla-Eyvindur.

Drangar eru afar land- og kostamikil jörð og þar er vitað um tvö hugsanleg bæjarstæði, önnur en sjálfan bæjarhólinn. Á öðrum staðnum, **Krákutúni** (St-026:005), sjást raunar mjög fornlegar rústir og er a.m.k. ein þeirra með skálalagi. Er

---

<sup>28</sup> Spánverjavígin 1615, 9

hún í hópi allra fornlegustu rústa sem fyrirfinnast í hreppnum. Tóftir á Stórastekk (St-026:008) eru grunsamlegar. Stóri-Stekkur sjálfur eru óvenjulegur af stekk að vera, stór og aflangur og mjókkar til beggja enda. Ummerki benda til að hann hafi verið byggður á eldri tóft með sama lagi, mögulega skála. Beggja megin stekkjarins vottar fyrir garðlögum sem sumsstaðar eru býsna fornleg. Á **Fornaseli** (St-026:002) eru samskonar munnmæli og á Strandartúni í Ófeigsfirði, að þar hafi menn komið niður á langeld við byggingu beitarhúsa. Torvelt er að sannreyna hvað er hæft í því en þó rétt að geta þess að skammt vestur af beitarhúsatóftinni eru afar fornleg nauststóft með sveigðum langveggjum.

Norðan við mynni Bjarnarfjarðar, í landi Skjaldabjarnarvíkur er **Skaufasel** (St-027:020). Þar hafa menn getið þess til að hafi verið byggð en engar þekktar heimildir staðfesta það. Töluverðar rústabungur sjást hér og hvar á selinu en flestar tóftir svo sokknar að erfitt er að greina lag þeirra ef frá eru taldir nokkrir unglegir kálgarðar.

#### *Kirkjur og legstaðir*

Í fyrri skýrslu var fjallað stuttlega um að engin kuml hafi fundist í Strandasýslu svo vitað sé og er engu við það að bæta hér.

Bænhús var á Dröngum. Þess er fyrst getið 1599 og má ætla að það hafi þá verið lengi við lýði. Húsið virðist enn hafa verið í fullri notkun þegar Jarðabók Árna og Páls var rituð 1706. Ekki er ljóst hvenær það hefur verið aflagt en engin örnefni eða aðrar vísbendingar eru nú til að styðjast við um staðsetninguna. Óstaðfestar heimildir eru þó fyrir því að Eiríkur nokkur, er bjó á Dröngum á fyrri hluta 20. aldar, hafi komið niður á mannabein þegar hann gerði sér súrheysgryfju skammt suðaustan við núverandi íbúðarhús á bænum og sunnan við gamla bæjarhólinn.

Engar þekktar heimildir segja frá bænhúsi í Ófeigsfirði en sagt er að bæjarhólinn þar hafi áður verið nefndur Bænhóll. Ekki er vitað til að mannabein hafi fundist þar við framkvæmdir en hins vegar telur Pétur Guðmundsson að áður hafi mótað fyrir leiðum þar sem síðar voru gerðar beðasléttur utan í bæjarhólnum.

Í túni Skjaldabjarnarvíkur hvílir Hallvarður Hallsson frá Horni, dáiinn 1799. Er leiði hans (St-027:029) afgirt og merkt en hann þótti löngum góður til áheita. Sagan segir að Hallvarður hafi viljað láta grafa sig á þessum stað fremur en í kirkjugarðinum í Árnesi. Ekki er vitað um aðra legstaði utan vígðra grafreita við bænhús. Hins vegar eru til mýmargar sagnir um greftranir á skráningarsvæðinu, flestar afar þjóðsögukennar. Hér að neðan er stutt yfirlit um þessa staði:

Tólfmannaholt (St-024:018)	Dysjaðir tólf menn sem fórust undan Seljanesi, v. Tólfmannaboða
Dysberg (St-023:007)	Heygt fólk sem fórst í snjóflóði handan fjarðarins
Valleyri (St-023:009)	Fólgið skip Gríms nokkurs
Haugur Kolbeins (St-001:031)	Grafinn Kolbeinn landnámsmaður
Strákaskarð (St-001:015)	Heygðir strákar tveir sem börðust til ólífis
ónefnd dys (St-003:022)	Tveir synir Kráku dysjaðir
Smalabúfa á Víganesi (St-008:027)	Heygðir smalar frá Gjögri og Kjörvogi sem börðust og drápu hvor annan
Miðmorgunspúfa (St-005:012)	Ónefndur maður heygður
Þúfur (St-027:016)	Heygður Skjaldar-Björn með skipi og gersemum
haugur Óskar (St-024:064)	Ósk nokkur heygð

Langflestir staðirnir voru kannaðir á vettvangi en enginn þeirra virðist sérlega líklegur greftrunarstaður.

#### *Útihús og túngarðar*

Útihús í tünnum bæja eru einn stærsti minjaflokkurinn í fornleifaskráningu og má þar helst telja fjárhús, hesthús, skemmur, smiðjur, hæsnakofa og fjós. Jafnframt er þetta sá minjaflokkur sem hvað verst hefur orðið úti við jarðabætur og framkvæmdir á 20. öld. Eðli málsins samkvæmt er því sjaldgæft að finna vel varðveittar tóftir útihúsa á bæjum sem enn eru í byggð eða þar sem tún hafa verið sléttuð með jarðýtum. Sumarið 2003 voru fornleifar skráðar á mörgum bæjum sem fóru í eyði um eða eftir miðja 20. öld og því óvenju mörg túnstæði sem ekkert hefur verið hróflað við með vélaafli. Óspillt túnstæði með öllu eru í Byrgisvík, á Kambi, í Drangavík og Skjaldabjarnarvík. Fleiri túnstæði eru að miklu leyti ósnortin, t.d. sjást enn margar útihúsatóftir á Veðileysu, Seljanesi, í Ófeigsfirði og á Dröngum. Þjóðvegurinn hefur verið lagður gegnum bæði Kolbeinsvíkur- og Kjósartún en þau eru enn óskemmd að tölverðu leyti. Algengt var að hús úr torfi og grjóti stæðu á sama stað um aldir og væru endurbyggð þegar þörf var á; því er líklegt að eldri mannvistarleifar leynist undir mörgum tóftanna. Ætla má að slík hús, sem enn voru byggð á 20. öld í Árneshreppi, hafi tekið litlum breytingum gegnum aldirnar og megi því teljast dæmi um forna byggingarhefð. Mjög sjaldgæft er að finna svo margar, vel varðveittar útihúsatóftir á stóru svæði á Íslandi. Ekki er vitað um hlutverk 45 útihúsa en þau sem hafa þekkt hlutverk skiptast á eftirfarandi hátt:

hlutverk	fjöldi
fjánhús	27
hjallur	10
hesthús	6
hænsnakofi	4
íshús	1

Almennt virðast bændur hafa verið duglegir að girða tún sín í Árneshreppi en túngarðar eða leifar þeirra sjást á öllum bæjunum nema í Reykjarfirði. Flestir þeirra eru unglegir að sjá og gætu verið frá 19.-20. öld. Þó vottar fyrir mjög fornlegum túngörðum beggja megin við Engjanes (St-025:017) sem virðast hafa girt nesið af.

#### *Stekkir og kvíar*

Í fyrri skýrslu var þess getið hve ból eru algeng í Árneshreppi og vísar örnefnið oft á kvíatóftir. Útkoman úr síðari hluta skráningar var nokkuð ólík hinni fyrri hvað þetta varðar. Ból finnast reyndar víða, alls á rúmum helmingi bæjanna en ekki fundust tóftir nema á einum stað, þ.e. á Bólbarði í Veiðileysutúni. Í nokkrum tilvikum getur þetta stafað af því að nákvæm staðsetning Bólanna er ekki þekkt í seinni tíð en þó verður að teljast líklegt að víða hafi verið mjólkað á bóllum án þess að þar væru sérstök mannvirki. Þó voru kvíaörnefni og kvíatóftir á mörgum stöðum, þeirra heillegastar í Kolbeinsvík (St-001:024). Aflangar tóftir skammt utan túns, sem líklega eru af kvíum eru í Byrgisvík (St-002:036) og Kjós (St-004:008). Kvíaklettur er milli Kjósar og Reykjarfjarðar. Þar sjást nú engar tóftir og má vel vera að klettarnir dragi nafn sitt af náttúrlegum kvíum (sjálfkvíum).

Stekkjartóftir eru næstum á hverjum bæ en nokkuð misjafnar hvað varðar gerð og staðsetningu. Í Kolbeinsvík er vitað um þrjá stekki: Heimristekki (St-001:008), sem nú er að mestu horfinn undir þjóðveg, Fornastekki (St-001:008), sem er geysivel varðveittur en reyndar ekkert sérlega fornlegur og að lokum nafnlausan stekki (St-001:013) í Nestanga en sjóbúð var byggð upp í honum eftir að hætt var að nota hann. Í Byrgisvík er enginn nafngreindur stekkur en þó sagt að stíað og rúið hafi verið í rétt (St-002:007) á nesinu Snoppu. Af henni sést nú hvorki tangur né tetur og má ætla að brim hafi sópað henni burt ellegar hún hafi verið byggð úr rekavið. Í Veiðileysu er Stekkjarvík (St-003:029) en upp af henni sjást nú einungis tóftir af beitahúsum –

enginn stekkur. Hins vegar er tóft sem líkist stekk á svonefndu Krácutúni, suðaustan bæjar (sjá St-003:020), sýnilega byggð á eldri tóftum. Í landi Kambs er vitað um a.m.k. fimm stekki og helgast fjöldinn af býlunum sem voru í Kambslandi. Frá Kambi sjálfum var stíað í Nátthaga (St-004:009) og Stekk (St-004:010). Á báðum stöðum sjást tóftir og garðlög. Stekkur frá Kúvíkum var í Stekkjarvík (St-004:056) og þar er tóft. Tvær stekkjartóftir eru austan Kúvíkna og hafa þær væntanlega tilheyrt Halldórsstöðum, annars vegar á Stekk (St-004:010) og hins vegar við Stekkjarbás (St-004:030). Í Kjós var Stekkur (St-005:014) á Kjósarnesi og stíað þar fram yfir 1920. Síðar var byggð þar stór rétt, úr timbri að mestu, en leifar af gróinni tóft, líklega stekkjartóftinni, eru fast upp við hana. Reykjarfjörður státar af þónokkrum stekkjum. Ber þar fyrstan að nefna Nátthaga með sambyggðum stekk (St-006:018) sunnan við bæ. Þá er Stekkur (St-006:022) með tveimur tóftum norðan bæjar. Gegnt bæ, við Reykjarfjarðará, heitir Stekkjarbali (St-006:020) en þar sjást mjög óverulegar mannvirkjaleifar. Að lokum er Gamlastekklar getið í örnefnalýsingu og tóft sem gæti komið heim og saman við þá lýsingu sést enn (St-006:016). Í Naustvík eru tvær stekkjartóftir (St-007:005 og 016) og eru báðar nefndar „Stekkur“. Að auki er sýndur stekkur innan túnmarka á túnakorti frá 1917 (St-007:021) en á þeim stað sjást nú engin mannvirki og verður að teljast í hæsta máta ólíklegt að stekkur hafi verið þar. Á Kjörvogi var stíað í Gamlastekk (St-008:008) fram undir aldamótin 1900 en staðsetning stekksins þótti óhentug sökum fjarlægðar (þangað er um 20 mín. gangur). Má ætla að síðar hafi verið stíað í Nátthaga sem er fast neðan við bæ (St-008:007). Á Seljanesi var fært frá bæði í Nátthaga (St-023:003) og Stekk (St-023:006). Nátthaginn er enn mjög heillegur en stekkurinn að mestu horfinn vegna vegagerðar og rasks. Í landi Ófeigsfjarðar er vitað um tvo stekki, annars vegar Gamlastekk (St-024:021) við Sýrá og hins vegar í Helgaskjóli (St-024:003). Rústir beggja sjást enn, báðar sunnan bæjar sem helgast e.t.v. af því að Húsá, sem er töluvert vatnsfall, rennur fast norðan við bæinn og hefur ekki verið hentugt að þurfa að vaða yfir hana til að sinna ám og lömbum um fráfarur. Í Drangavík var stekkur fast heim við tún (St-025:025) og ekki vitað um aðra slíka. Á Dröngum eru bæði Stóri- og Litli-Stekkur. Mikil og harla óvenjuleg tóft (St-026:008) er á fyrrnefnda staðnum, stór og aflöng með ótvíræðu skálalagi og getur verið að hún sé byggð á eldri rústum – til þess benda einnig fornleg garðlög í námunda. Litli-Stekkur (St-026:009) lifir nú einungis sem örnefni, á honum sjást engar tóftir aðrar en af kálgörðum og má vera að einhverjir þeirra hafi verið reistir á stekklarstæðinu gamla. Í Skjaldabjarnarvík sjást tvennar stekkjartóftir,



heiman við Stekkjarvík (St-027:002) og innan við svonefndar Hafnir (St-027:015).

Varla er hægt að ljúka umfjöllun um stekki og kvíar án þess að minnst á náttuga sem voru á hér um bil hverjum bæ og stundum fleiri en einn. Oft er þess getið í örnefnalýsingum að stíað hafi verið í náttögunum og oftast eru ekki eru litlar, tvískiptar réttir sambyggðar þeim. Fæstir náttuganna líta út fyrir að vera mjög gamlir og er líklegt að flestir þeirra hafi verið byggðir þegar umbætur í landbúnaði hófust fyrir alvöru, síðla á 19. öld og í upphafi þeirrar 20. Vegna takmarkaðs landrýmis hafa bændur í Árneshreppi haft minni möguleika til að auka við tún sín en margir aðrir en náttugarnir hafa verið afbragðs lausn, hentug aðhöld fyrir skepnur og áburðurinn úr þeim haldið þeim í rækt. Sumir þeirra eru byggðir fast utan við gömlu heimatúnin, þar sem landrými leyfir, en aðrir hafa verið hlaðnir utan um dálitla grasbletti, yfirleitt nálægt túnnum. Nærtækasta leiðin til að bera á þessi nýju tún hefur verið að nota þau sem aðhöld og náttuga fyrir kvíær og lömb að vori.

#### *Beitarhús og sel*

Tóftir beitarhúsa eru á öllum bæjunum nema á Kjörvogi, í Naustvík og Reykjarfirði. Hugsanlega er skýringin sú að norðurhlið Reykjarfjarðar hafi hentað illa fyrir fjörubeit en undirlendi er þar sáralítið. Í Kolbeinsvík er ein beitarhúsatóft (St-001:016) en tvær í Byrgisvík, nánar tiltekið í Naustvík (St-002:013 og 024). Þrjár beitarhúsatóftir eru í Veiðileysu (St-003:025, 030 og 047). Á Kambi voru einnig beitarhús á þremur stöðum við sjóinn (St-004:006, 017 og 033). Í Kjós voru beitarhús á tveimur stöðum, á Hellisgrund (St-005:015) og svo mun yngri hús á Nesi (St-005:032), skammt frá þar sem áður var stekkur. Þau hafa verið steipt að hluta og hljóta að vera frá síðasta skeiði búsetu í Kjós. Þjóðvegurinn liggur nú á barmi tóftarinnar. Í Ófeigsfirði voru beitarhús á Strandartúni (St-024:035) og er tekið fram í örnefnalýsingu að þar hafi fjörubeit sjaldan brugðist. Önnur beitarhús voru í Ófriðarvík (St-024:071) en upp af henni er dálítið undirlendi. Fremur nýlegar tóftir beitarhúsa eru á Engjanesi (St-025:007) og hefur væntanlega verið haft fé þar frá Drangavík. Önnur beitarhús hafa verið skammt norðan við ós Drangavíkurár (St-025:003) og sést tóftin enn glöggt þótt hluti hennar sé hruninn fram af háum sjávarbakka. Á Dröngum voru beitarhús á Fornaseli (St-026:002) sem enn voru í notkun eftir miðja 20. öld og hafðir í því sauðir. Í Fauskavík er einnig beitarhúsatóft (St-026:006) og sömuleiðis á svonefndu Heimrabyrgi (St-026:027). Í Skjaldabjarnarvík hafa verið beitarhús á Skaufaseli en að

Líkindum hefur verið hætt að nota selstöðuna þegar á 17. öld.

Af öllu þessu má ráða að fjöldi og staðsetning beitarhúsa helgast mest af landrými og landkostum. Landlitlar rýrðarjarðir eins og Byrgisvík og Kolbeinsvík höfðu yfirleitt aðeins ein beitarhús og buðu vart upp á aðra beit en í fjörunni. Athyglisvert er að þar sem landrými er meira, eins og t.d. í Ófeigsfirði og á Dröngum virðast menn samt kjósa að hafa beitarhúsin í fjörunni þrátt fyrir þokkalegt landrými í dölunum upp af. Eflaust hefur fjörubeitin verið öruggari kostur, sjaldan brugðist og minni hætta á að fé fennti þar en uppi í dölunum. Þá voru dalirnir vitanlega gjörnýttir á sumrin, bæði sem beitar- og slægjulönd. Því er hugsanlegt að menn hafi af þeim sökum síður viljað beita þá á veturnum – búið hafi einfaldlega þurft á fjörubeitinni að halda til að ná saman endum. Að lokum má geta þess að beitarhús eða forverar þeirra í Árneshreppi hafa klárlega verið kölluð *byrgi* og þekkjast byrgisörnefni víða í námunda við þau. Má nefna Byrgistöftir og Heimrabyrgi í Ófeigsfirði, Byrgisgrundir á Seljanesi, Byrgisvík á Kambi (og auðvitað bæinn Byrgisvík) og Birgisvöll svonefndan í Kolbeinsvík. Þessi málvenja er þekkt víðar, t.d. í Möðrudal á Fjöllum<sup>29</sup> en ekki ljóst hvort byrgisheitin vísa á annars konar mannvirki en þau beitarhús sem menn hafa notað á 19. og 20. öld.

Vitað er um sel á nokkrum bæjum en eins og við má búast eru það einkum landmestu jarðirnar sem hafa haft rúm fyrir selstöðu. Þess má geta að í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða 1852 kemur fram að þá hafi engir bæir í hreppnum lengur selstöðu og enginn viti lengur hvenær eða hvers vegna þær hafi verið niðurlagðar.<sup>30</sup> Á einum stað bendir einungis örnefni til selstöðu en engar tóftir er þar að finna. Þetta er Seljadalur í Veiðileysu (St-003:026), býsna grösugur og víðlendur dal. Þar sjást nú engar tóftir og engir þeirra heimildamanna sem rætt var við könnuðust við þær. Sel var á Kambi, sunnan megin í Reykjarfirði (St-004:002). Þar eru miklar rústir og hugsanlegt að hafi verið býli um hríð þótt ekki sé þess getið í heimildum. Óveruleg tóft er á Selbala í Reykjarfjarðardal (St-006:025) og hefur þar verið haft í seli frá Reykjarfirði. Mörg sætra- örefni eru í Reykjarfirði norðanverðum. *Sætur* merkir sel í fornu máli en er fyrst og fremst varðveitt í örnefnum. Svæðið sem sætraörnefnin eru bundin við er fast austan við Naustvík, þar voru m.a. Sætrakofi og Sætratún (sjá St-008:012) Kjörvogsmegin við merkin. Þar sjást óverulegar tóftir en meginhluti Sætratúnsins mun hafa farið undir þjóðveginn. Eins og áður hefur verið reifað er ekki

<sup>29</sup> Guðmundur Þorsteinsson 1990, 113

<sup>30</sup> SS II, 229

útilokað að Sætraörnefningin stafi upphaflega frá Naustvík sem gæti hafa byggst upp úr gamalli selstöðu (sjá II. kafla um byggðasögu). Seljanes er vafalítið upphaflega selstaða, líklega frá Ingólfsfirði frekar en Ófeigsfirði. Vitað er um tvær selstöður frá Ófeigsfirði og er þeirra beggja getið í Jarðabók Árna og Páls 1706. Önnur var í Húsárdal (St-024:025) og hafði ekki verið notuð um langa hríð þegar Jarðabókin var rituð. Hin var á Hrúteyjarseli og talin nokkuð torsótt, enda yfir mikið vatnsfall, Hvalána, að fara. Á báðum stöðum sjást tóftir, ívið meiri á Hrúteyjarseli, enda eru sagnir um að þar hafi verið búið um tíma þegar galdrafárið geisaði í Árneshreppi á 17. öld. Á Dröngum má nefna Fornasel (St-026:002) sunnanmegin í Bjarnarfirði en þar hafa verið byggð beitarhús í seinni tíð, líkast til á eldri rústum. Þar sést þó enn tóft af nausti, afar fornleg. Meyjarsel (St-026:004) er skammt austar, við mynni Bjarnarfjarðar og mörg seljaörnefni þar í kring. Þar er ungleg kofatóft en greinilega reist á eldri tóftum. Gegnt Meyjarseli er Skaufasel (St-027:020) í Skjaldabjarnarvíkurlandi. Þar var haft í seli fram á 17. öld en hafði ekki verið um nokkra hríð er jarðabókin var rituð 1706. Ekki er vitað hvort selstaðan var endurreist eftir það en beitarhús, sem voru notuð þar fram á 20. öld frá Skjaldabjarnarvík voru ævinlega nefnd Skjaldavíkursel eða Sel.

### *Mótekja*

Mótekja hefur verið mikil á skráningarsvæðinu þrátt fyrir góðan reka víðast hvar. Eins og getið var í fyrri skýrslu hefur mór verið tekinn lengi í hreppnum eða allt framundir 1970. Mógrafir eru þekktar á öllum bæjum í hreppnum og á langflestum jörðum finnast þær á fleiri en einum stað. Einna mestar hafa þær verið í Reykjarfirði (St-006:023) þar sem svæði uppundir 300 x 300 m stórt er sundurgrafið.

### *Leiðir*

Í fyrri skýrslu var ekki fjallað sérstaklega um leiðir og hér verða því nefndar stuttlega leiðir í öllum hreppnum. Samgöngur í fjörðum með bröttu fjalllendi, líkt og því sem er ráðandi í Árneshreppi, hafa verið nokkuð erfiðar á landi. Annarsvegjar hefur verið farið milli bæja með ströndinni en hins vegar yfir heiðar og fjöll þar sem þess var nokkur kostur. Verður ekki fjallað sérstaklega um strandleiðir hér utan þriggja sem voru skv. heimildum býsna torfarnar. Að öðru leyti liggur lega strandleiðanna oftast í augum uppi.

Í fyrsta lagi er það leiðin um Drangaskörð, milli Drangavíkur og Dranga. Hún

liggur um stórgrýtisurð norðan megin í Drangavíkinni og þá upp brött og hrikaleg skörðin. Þarf helst að sæta sjávarföllum ef komast á þurrum fótum þessa leið og hlýtur að teljast glapræði að fara hana með hross eða aðrar skepnur. Signýjargata nefndist gata sem enn er sjáanleg niður úr einu skarðinu, Signýjargötuskarði (St-025:014). Til að komast hjá því að fara fyrir skörðin voru tveir vegir færir milli Drangahlíðar og Drangafjalls og liggja á svipuðum slóðum: Árdala- og Kattardalsvegur (St-026:019 og 020).

Í öðru lagi skal hér nefnd til sögunnar leiðin um Sætrakleif (St-007:002), austan Naustvíkur. Þar var illfært með hesta og mun alfaraleiðin hafa legið beint upp til norðurs frá bænum, um Naustvíkurskörð (St-014:017) og yfir í Trékyllisvík.

Þriðja illfæra strandleiðin var milli Veiðileysu og Byrgisvíkur. Þótt hún virðist ekki torfær nú greina heimildir frá því að hún hafi ekki verið fær nema á sumrum með vana hesta, þar hafi verið mörg illfær klif.

Þá skal greint frá helstu heiða- og fjallvegum á skráningarsvæðinu, öðrum en þeim sem þegar hafa verið nefndir. Hefst upptalningin syðst í hreppnum og síðan haldið norður á bóginn. Upp úr Veiðileysufirði mátti fara beint upp hlíðina, um Vegaskarð yfir á kaupstaðinn Kúvíkur (St-003:051). Þar hefur í seinni tíð verið lagður reiðvegur sem enn sér móta fyrir Veiðileysumegin. Frá Kúvíkum var vörðuð leið til suðvesturs, um Trékyllisheiði (St-004:038) og niður í Steingrímsfjörð. Komið var niður hjá Bólstað í Selárdal. Inn á sömu leið var hægt að komast frá Kjós (St-005:043) en þá var haldið upp á Brúnir, en þær eru utan í fjallinu sem markar Kjósardal að sunnan. Úr botni Reykjarfjarðardals lá hestavegur um svonefnd Þrengsli allt yfir í Ófeigsfjörð (St-006:024). Yngri leið milli fjarðanna tveggja var nefnd Pétursgata (St-024:065). Einnig var hægt að fara niður í Ingólfsfjörð, líkast til af sömu leið, og var þá farið vestan við Eyrarfell (St-021:021). Milli Ófeigsfjarðar og Ingólfsfjarðar var hins vegar farið hjá Mjóuvötnum og hét hluti leiðarinnar Biskupsgata Ófeigsfjarðarmegin (St-022:008). Einnig var hægt að fara Brekkuna eða Ingólfsfjarðarbrekku en það þótti illur vegur (St-022:011).

Auk áðurnefndra Naustvíkurskarða var hægt að fara Göngumannaskörð (St-014:014) milli Reykjarfjarðar og Árnesdals, en sú leið lá nokkru vestar, upp úr Reykjarfirði um miðja vegu milli Naustvíkur og Reykjarfjarðar. Milli Fells og Munaðarness mátti krækja fyrir svonefndar Urðir með því að fara um Fellsdal og Skalladal (sjá St-019:012). Milli Munaðarness og Norðurfjarðar lágu Götur (St-020:003) um Eiðið svonefnda sem tengir Krossnes við land. Hægt var að stytta sér

leið frá Ingólfsfirði með því að fara „milli Strýtna“ (St-021:009) en sú leið var ekki oft farin. Alfaraleið milli Ingólfsfjarðar og Mela lá upp frá Hvalhamri og yfir fjallið, síðan um Meladal (St-021:013). Frá Ófeigsfirði var hægt að fara um Sýrárdal yfir í Ingólfsfjörð (St-024:007). Leiðin um Ófeigsfjarðarheiði (St-024:043) mun hafa verið fjölfarin áður en hún liggur allt vestur að Hraundal í Ísafjarðardjúpi. Hún var vörðuð. Gamall vegur lá upp úr Meyjardal, yfir Drangajökul og yfir í Skjaldfannardal (St-026:028). Hann mun hafa verið mikið notaður til að flytja rekavið áður og ku enn sjást til feyskins viðar sem fallið hefur af lestunum. Upp úr Bjarnarfirði, norðan við mynni Bjarnarfjarðarár, lá brattur vegur upp á Fossadalsheiði og yfir í Reykjafjörð nyrðri (St-027:031). Eilítið utar úr firðinum mátti komast upp, yfir í Sunndal og þaðan niður í Skjaldabjarnarvík um Hjarandaskarð (St-027:032). Úr Skjaldabjarnarvík lá gata um Norðdal, yfir Skjaldavíkurháls og niður í Siglúvík og væntanlega þaðan í Reykjafjörð nyrðri.

Merki sjást um upphlaðna vegi á nokkrum stöðum og skal hér getið um þá helstu. Er ljóst að vegagerð hefur verið allnokkur í Árneshreppi og munu flestir vegirnir hafa verið lagðir í hreppsvinnu allt fram á miðja 20. öld.<sup>31</sup> Suðvestan Kolbeinsvíkur, norðan við svonefndan Spena, sjást leifar upphlaðins vegar utan í brattri skriðu (St-001:023). Reiðvegur upp frá Veiðileysu liggur í hlykkjum upp hlíðina ofan bæjar (St-003:009). Vegurinn milli Veiðileysu og Kambs hefur einnig verið upphlaðinn að einhverju leyti og sjást merki hans á nokkrum stöðum sunnan undir Reykjarfjarðarkambi (St-004:067). Einnig er upphlaðinn vegur norðan Kambsins, býsna tilkomumikill í brattri skriðu (St-004:027). Töluverðar vegarbætur eru norðan Engjaness, hafa þar jarðbrýr verið hlaðnar yfir mýrasund (St-025:019). Sömuleiðis hafa vegir verið hlaðnir víða yfir sund sunnan Dranga (St-026:040). Einna veglegastar vegahleðslur sjást þó á Sunndal, vestan Skjaldabjarnarvíkur, víða með tilkomumiklum ræsum (St-027:038).

---

<sup>31</sup> Munnl. upplýsingar frá Hauki Jóhannessyni.



## VI. Niðurstöður

### *Tölfræði og hættumat*

Með þessari skýrslu er lokið skráningu fornleifa í Árneshreppi. Ætla má að með skýrslunni fáiist mjög gott yfirlit um dreifingu og ástand fornleifa á svæðinu. Ekki er þar með sagt að skýrslan sé tæmandi, enda leynast fornleifar víða. Gengið var á langflesta þekktu minjastaði og við þá yfirreið fundust margir minjastaðir sem áður voru óþekktir. Heildarfjöldi skráðra minjastaða reyndist 1092 í öllum hreppnum. Hér á eftir fylgja nokkrar staðreyndir um eðli og ástand þessara minja, þ.e. þeirra sem á annað borð var unnt að flokka. Fjöldanum er skipt í tvo dálka, annars vegar þær minjar sem skráðar voru 2002 og hins vegar þær sem skráðar voru 2003:

hlutverk	fjöldi 2002	fjöldi 2003	samtals
áfangastaður	0	2	2
áveita	0	3	3
beitarhús	5	20	25
brunnur	4	9	13
bústaður	11	14	25
býli	13	12	25
bænhús	1	2	3
eyktarmark	2	1	3
fjánhús	20	25	45
fjár sjóður	0	1	1
fjárskýli	0	2	2
fjós	5	6	11
hesthús	3	6	9
heygryfja	0	2	2
heystæði	18	15	33
hjallur	5	10	15
huldufólksbústaður	5	13	18
hænsnakofi	1	4	5
íshús	1	1	2
kálgarður	2	9	11
kirkja	2	0	2
kolagröf	1	13	14
kvíar	6	15	21
lambhús	2	2	4
landamerki	0	1	1
legstaður	0	12	12
leið	10	32	42
lending	16	26	42

mógrafir	20	41	61
mylla	1	2	3
naust	11	19	30
nátthagi	11	14	25
refagildra	0	2	2
rétt	3	17	20
torfrista	2	5	7
samgöngubót	0	17	17
sel	4	8	12
sjóbúð	1	3	4
skemma	4	2	6
skotbyrgi	4	7	11
smiðja	1	1	2
stekkur	11	25	36
sundlaug	1	1	2
traðir	0	1	1
tröll	1	3	4
túngarður	10	14	24
uppsátur	3	0	3
útihús	37	45	82
útilegumannabústaður	0	2	2
vað	1	15	16
varnargarður	0	2	2
verbúð	17	3	20
vörslugarður	1	14	15
þingstaður	0	1	1
þvottastaður	0	2	2
öskuhaugur	1	1	2

Í fyrri skýrslu var fjallað um hættumat fyrir staði sem skráðir voru sumarið 2003. Af þeim 628 sem bættust í þessum áfanga reyndist hættumatið skiptast á eftirfarandi hátt:

<b>hættumat</b>	<b>fjöldi</b>
engin hætta	484
hætta	131
stórhætta	13

Staðir sem eru ekki í hættu eru yfirleitt fjarri bæjum og í þessu tilviki næstum allir á svæðum sem búskapur er ekki lengur stundaður á. Allir staðir sem eru í heimatúnum þar sem enn er búið eða nærri hugsanlegum framkvæmdum teljast í hættu en í stórhættu eru einungis þær fornleifar sem eru í næsta námunda við stórframkvæmdir eða á barmi eyðileggingar. Helstu hættuorsakir eru eftirfarandi:

<b>hættuorsök</b>	<b>fjöldi</b>
vegna ábúðar	56
vegna vegagerðar	50
vegna rofs	28
vegna skriðufalla	6
vegna rasks	2
vegna trjáræktar	1

Þessi skipting er athyglisverð, enda óvenjulegt að næstum jafnmargar minjar séu í hættu vegna vegagerðar og ábúðar. Þetta stafar einkum af því að búskapur er nú mjög lítil á skráningarsvæðinu og svo eðli og dreifingu minjastaða. Eðli málsins samkvæmt er dreifing minjastaða þéttust á láglandi við ströndina, einmitt þar sem best hefur hentað að leggja akvegi. Því er ekki óalgengt að sjá tóftir í námunda við vegarstæðið og jafnvel hafa vegir verið lagðir gegnum túnstæði og yfir tóftir, t.d. í Kolbeinsvík og Kjós. Víða þarf því að hafa varann á ef farið verður í lagfæringar á þjóðveginum um Árneshrepp.

#### **Eftirfarandi fornleifar teljast í stórhættu:**

##### **Kolbeinsvík:**

- Tóft með óþekkt hlutverk norðan Kolbeinsvíkur en vestan þjóðveggar (St-001:018) Hún er fast við umrót sem hefur orðið við vegagerð, munar þar aðeins um tveimur metrum.

**Byrgisvík:**

- Tóft sem gæti verið af sjóbúð (St-002:025). Hún er undir brattri hlíð sem skriður falla úr og orðin hálf full af grjóti.

**Kjós:**

- Ungleg beitarhúsatóft á Nesi (St-005:032). Þjóðvegurinn liggur á barmi hennar og má mjög lítið út af bera til að tóftin skemmist við lagfæringar á honum.
- Bátslaga dæld, líklega leifar af nausti (St-005:035), undir svonefndri Snoppu. Hluti dældarinnar virðist horfinn undir veg nú þegar.

**Reykjarfjörður:**

- Tóft, líklega af kálgarði (St-006:006). Hún er smám saman að hrynja fram af sjávarbakka.

**Naustvík:**

- Stekkjartóft í fjöru framan við Kolluhrygg (St-007:005). Hún er óðum að hverfa í sjó.
- Kirkjuklettur, huldufólksbústaður (St-007:007). Hann er fast ofan við þjóðveg og hefur verið skemmdur töluvert við vegagerð. Þarf að gæta þess að hann verði ekki skemmdur meira í framtíðinni.
- Stekkur vestan við Stekkjarlæk (St-007:016). Sjór hefur brotið af hluta hans.

**Ófeigsfjörður:**

- Fornleg tóft við Álftabúðarhöfða (St-024:083). Hún er frammi á sjávarbakka og er sjór farinn að brjóta af einu horni hennar.

**Drangavík**

- Beitarhúsatóft (St-025:003) skammt norðan við ósa Drangavíkurár. Hún er frammi á bröttum bakka og annar langveggur hennar þegar hruninn í sjóinn.

***Verndun og kynning minja***

Árneshreppur í heild sinni er einstakt minjasvæði og erfitt að gera upp á milli minjastaða. Mörg tústæði eru varðveitt í heild sinni með bæjarhólum og fjölda útihúsatófta. Þrátt fyrir að víða hafi verið framkvæmdir kringum bæi í seinni tíð og tún sléttuð, sérstaklega í Trékyllisvík er undantekning ef minjar fjarri bæ eru ekki varðveittar, s.s. stekkir, sel og beitarhús, enda hefur túnrækt utan heimatúns ekki verið stunduð í miklum mæli. Því er það minjaheildin sem vegur þyngst, enda einstök á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Örðugra er að tína út einstaka minjastaði sem skara fram úr en þó skal hér gerð tilraun til þess, einkum með tilliti til rannsókna og kynningar fyrir almenning. Í þessum samtíningi

er minjastöðum skipt í þrennt og einkum lögð áhersla á staði sem þykja líklegir til að varpa ljósi á upphaf og þróun búsetu á svæðinu og henta að auki allflestir til kynningar fyrir ferðamenn.

**1) Bæjarstæði sem hefur lítið eða ekkert verið raskað:**

Undir þetta falla flestöll bæjarstæði á skráningarsvæðinu: Kolbeinsvík, Byrgisvík, Kambur, Veðileysa, Seljanes, Ófeigsfjörður, Drangavík, Drangar og Skjaldabjarnarvík.

**2) Staðir sem gætu hentað til rannsókna og kynningar:**

Skaufasel (St-027:020) í Bjarnarfirði: Þar var selstaða fram á 17. öld og talið að búið hafi verið á selinu. Þar sjást töluverðar rústabungur og misgamlar minjar.

Fornasel (St-026:002) á Dröngum: Þar sjást ekki miklar tóftir nú, enda voru beitarhús byggð á selinu á 20. öld. Þó er eftir ein tóft, fornleg með sveigðum langveggjum, hugsanlega af nausti.

Krákutún (St-026:005) á Dröngum: Engar sagnir eru um hvenær eða hvort búið var á Krákutúni. Þar sjást mjög fornlegar tóftir á grösugu túnstæði.

Stóri-Stekkur (St-026:008): Á Stóra-Stekk var stíað frá Dröngum, líkast til fram á 20. öld. Löggun stekkjans og fornleg garðlög í námunda við hann vekja grun um að hann hafi verið reistur á eldri tóftum.

Engjanes (St-025:007) í Eyvindarfirði: Nesið er eitt mesta rústasvæði í öllum Árneshreppi og sjást þar mikil merki misgamalla rústa. Að auki girðir mjög fornlegur og sokkinn garður nesið af að norðanverðu (St-025:017) og annar slíkur mun einnig sjáanlegur að sunnan.

Skerjasund (St-025:021, 023) sunnan Drangavíkur. Á Skerjasundi eru tvö rústasvæði sem engar ritaðar heimildir eru til um. Byggingarleifarnar virðast fornlegar og umfangið það mikið að þær vekja grun um hugsanlega búsetu eða útgerð.



Sel (St-024:025) í Húsadal, líklega aflagt í upphafi 18. aldar. Þetta eru einu þekktu selrústirnar á skráningarsvæðinu sem ekki eru við strandlengjuna. Þær eru vel varðveittar og gætu hentað vel til kynningar og rannsókna.

Hrúteyjarsel (St-024:037), selstaða frá Ófeigsfirði: Þar eru töluverðar rústir, líkast til af litlum bæ en talið er að búið hafi verið á selinu á tímum galdraofsókna í hreppnum.

Rústir í Eyvindarfirði (St-024:078 og 083): Á tveimur stöðum sunnan megin í Eyvindarfirði sjást fornlegar rústir, misgreinilegar. Engar heimildir eru um þær en örnefnið Álftabúðarhöfði vekur grun um búðsetu.

Sel norðan undir Kambi (St-004:002). Umfang rústanna er óvenjumikið og gefur tilefni til að ætla að þar hafi verið föst búseta um hríð.

Kúvíkur (St-004:086), verslunarstaður á tímum einokunar. Að auki var búskapur á Kúvíkum og túnstæði er þar varðveitt, bæði með landbúnaðar- og verslunarminjum. Staðurinn er einstök minjaheild.

### **3) Staðir sem eru tilvaldir til kynningar fyrir ferðamenn, auk rústanna í lið 2:**

Hallvarðsleiði (St-027:029) í túni Skjaldabjarnarvíkur. Þar var Hallvarður Hallsson, sem talinn var fjölkunnugur, grafinn árið 1799. Leiðinu er vel við haldið og sögur af Hallvarði eiga tvímælalaust erindi við ferðalanga.

Stóralaug (St-026:025) á Dröngum. Laug sem var búin til með því að grafa út og stífla læk snemma á 20. öld. Í henni var kennt sund.

Refagildra á Dröngum (St-026:046). Heilleg refagildra, sú eina sem þekkt er á skráningarsvæðinu, hlaðinn stokkur sem refir voru ginntir inn í.


Vegarbætur (St-004:027) norðan undir Kambi eru gott dæmi um þær ótrúlegu framkvæmdir sem íbúar Árneshrepps réðust í til að auðvelda samgöngur.

## **Fornleifakort**

**Minjastaðir eru merktir inn á Spot-5 gervitunglamyndir frá Landmælingum Íslands.**

**Á öllum kortunum sjást skyggð svæði umhverfis bæi. Þau tákna útlínur túna eins og þau voru árið 1917.**


**Landamerki eru birt án ábyrgðar.**



Kolbeinsvík og Byrgisvík



Veidileysa



Kambur, vesturhluti, umhverfis Kúvíkur





Kambur, austurhluti. Nyrsta merkjalínan skilur sundur land Kúvíkna og Kambs




Kjós

232




Reykjarfjörður




Naustvíkur





Kjørvogur





Seljanes




Ófeigsfjörður - suðurhluti




Ófeigsfjörður - norðurhluti






Drangavík



Drangar - suðurhluti






Drangar - norðurhluti




Skjaldabjarnarvík






Dreifing minja og landamerki. Minjastaðir eru merktir inn með gulum depli. Skyggði reiturinn sem nær yfir Ingólfsfjörð, Trékyllisvík og Gjögur táknar svæði það sem skráð var árið 2002. Gerð hefur verið grein fyrir því í fyrri skýrslu.



Helstu leiðir í Arneshreppi, sbr kafla á bls 218. Bæir eru merktir með grænum punkti.





Leið yfir Trékyllisheiði í Steingrímsfjörð



## Heimildaskrá

Aðfangaskrá Þjóðminjasafns Íslands.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

Birna Lárusdóttir, Oddgeir Hansson og Uggi Ævarsson. *Fornleifaskráning í Arneshreppi I: Fornleifar frá Gjögri til Ingólfsfjarðar*. FS221-02052. Fornleifastofnun Íslands.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*. 1853-1976. Kh. og Rv.

**FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II*. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík.

*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ólafur Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands.

*Grímnir*. Rit um nafnfræði, 1. bindi. Þórhallur Vilmundarson ritstýrði. Örnefnastofnun Þjóðminjasafns, Reykjavík.

Guðmundur Þorsteinsson. 1990. *Horfnir starfshættir og leiftur frá liðnum öldum*. 2. útg. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Ingi Guðmonsson. 1981. „Eyðibýlið Kolbeinsvík.“ *Strandapósturinn* 15, 98-103.

**ÍF I:** *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*. 1968. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

**ÍF VII:** *Íslenzk fornrit VII. Grettis saga*. 1936. Guðni Jónsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

**ÍF XIV:** *Íslensk fornrit XIV. Kjalnesinga saga*. 1959. Jóhannes Halldórsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

**HB:** Hjálmar Bárðarson. 1993. *Vestfirðir í máli og myndum*. Reykjavík.

**HJ:** Haukur Jóhannesson. 2001. *Stundir á Ströndum*. Ferðafélag Íslands.

**JÁM IV:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV*. Kh. 1913-14; 12-13 Rv. 1990.

**JJ:** *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppnum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

McGovern, Thomas & Thomas Amorosi. 1992. *Archaeological Investigations in Arneshreppur, Northwest Iceland: A Preliminary Report of Results of the 1990 Field Season of the Icelandic Paleoecology Project* [Áfangaskýrsla].

- Ólafur Briem. 1959. *Útilegumenn og auðar tóttir*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Ragnar Edvardsson. 2002. Fornminjar í Árneshreppi á Ströndum. FS174-02051. Fornleifastofnun Íslands.
- SS II: *Sýslu- og sóknalýsingar Vestfjarða II*. Ísafjarðar og Strandasýslur. 1952. Samband Vestfirzkra áththagafélaga, Reykjavík.
- Spánverjavígin 1615. Sönn frásaga eftir Jón Guðmundsson lærða og Víkinga rímur*. 1950. Jónas Kristjánsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Spot-5 gervitunglamyndir frá Landmælingum Íslands.
- Sturlunga saga I-II*. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Sturlunguútgáfan, Reykjavík.
- ÞJÁ** III: *Þjóðsögur og ævintýri*, 3. bindi. 1958. Safnað hefur Jón Árnason. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Ö-Byrgisvík: Örnefnalýsing Byrgisvíkur, Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Drangar: Örnefnalýsing Dranga, ? skráði [vantar aftan á ljósrit]. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Drangavík: Örnefnalýsing Drangavíkur, Jóhann Hjaltason skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Drangavík aths. og viðb.: Athugasemdir og viðbætur við Örnefnalýsingu Drangavíkur. Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Kambur: Örnefnalýsing Kambs, Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Kjós: Örnefnalýsing Kjósar, Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Kjörvogur: Örnefnalýsing Kjörvogs, Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Kolbeinsvík: Örnefnalýsing Kolbeinsvíkur, Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands. Ingi Guðmonsson skráði, Guðrún Magnúsdóttir yfirlýf.
- Ö-Kúvíkur: Örnefnalýsing Kúvíkna, Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Naustvík: Örnefnalýsing Naustvíkur, Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Ófeigsfjörður: Örnefnalýsing Ófeigsfjarðar, Haukur Jóhannesson tók saman. Ófeigur, Reykjavík, 1988.
- Ö-Seljanes a: Örnefnalýsing Seljaness. Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.

- Ö-Seljanes b: Örnefnalýsing Seljaness. Jóhann Hjaltason skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Skjaldabjarnarvík a: Örnefnalýsing Skjaldabjarnarvíkur, uppkast, Haukur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Skjaldabjarnarvík b: Örnefnalýsing Skjaldabjarnarvíkur. Jóhanna Hallvarðsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Skjaldabjarnarvík c: Örnefni í Skjaldabjarnarvík, skráð eftir frásögn Herdísar Samúelsdóttur af Þórarni Ólafssyni.
- Ö-Skjaldabjarnarvík aths. og viðb. a: Athugasemdir og viðbætur Eiríks Guðmundssonar við lýsingu Jóhanns Hjaltasonar. Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Skjaldabjarnarvík aths. og viðb. b: Athugasemdir og viðbætur Jóhönnu Hallvarðsdóttur við eigin örnefnalýsingu. Guðrún Magnúsdóttir skráði.
- Ö-Skjaldabjarnarvík aths. og viðb. c: Athugasemdir og viðbætur Friðriku Hallvarðsdóttur við upptalningu Jóhönnu Hallvarðsdóttur. Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Veiðileysa: Örnefnalýsing Veiðileysu, Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Reykjarfjörður: Örnefnalýsing Reykjarfjarðar, Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.

### Heimildamenn

- Elín Elísabet Guðmundsdóttir f. 1919
- Haukur Jóhannesson f. 1948
- Hávarður Benediktsson f. 1941
- Óskar Kristinsson f. 1958
- Pétur Guðmundsson f. 1944
- Skúli Alexandersson f. 1926
- Sveinn Kristinsson f. 1946
- Valgeir Benediktsson f. 1949
- Þóra Kristín Guðmundsdóttir f. 1938
- Þórður Magnússon f. 1935